Lagafrumvörp feld.

1. Hjúalög.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til hjúalaga (stjfrv., A. 9).

Á 3. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Undanfarin ár hafa komið fram óskir um það, oftar en einu sinni, sjerstaklega í þessari hv. deild, að hjúalögin yrðu endurskoðuð af stjórninni og nýtt frv. samið. Á þingi 1922 samþykti þessi háttv. deild þál. þess efnis, og því var það, að jeg flutti þetta frv. í fyrra. Í raun og veru hefði frv. átt að leggjast þá fram hjer í deildinni, en svo einkennilega stóð á, að flestöll stjfrv. í fyrra varð samkvæmt eðli þeirra eða beinum fyrirmælum þingskapanna að leggja fyrir þessa hv. deild. Því var það, að jeg lagði frv. fyrir hv. Ed. Var því þar vísað til hv. allshn., og gat nefndin ekki fallist á, að þörf væri á nýjum heildarlögum um þetta efni. Hjelt hún því fram, að nægilegt myndi að gera nokkrar breytingar á gildandi lögum. Nú væri ástandið svo breytt orðið, að vel mætti una við almennar reglur um samninga, ásamt hjúatilskipuninni gömlu og nokkrum breytingum á henni, er nefndin flutti. Þegar svo var komið, þótti mjer ekki ástæða til að halda í frv., og var það felt við 2. umr. með jöfnum atkv.

Þó að svo hafi farið, tel jeg heppilegast, enda nauðsynlegt, að endurskoða þessa tilskipun, sem er nær 60 ára gömul og raunar eldri, því að tilskipunin frá 1866 er sniðin eftir dönsku hjúalögunum frá 1854 og ákvæði hennar þannig 70 ára. Þar sem svo mikil breyting er nú orðin á öllu síðan og með því að þessi hv. deild hefir óskað eftir endurskoðun á lögunum, taldi jeg rjett að leggja þetta frv. fyrir deildina, svo að hún ætti kost á að íhuga málið og framfylgja ósk sinni um endurbætur í þessu efni. En vilji þessi hv. deild ekki heldur sinna málinu, verður auðvitað engin stjórn til þess að ónáða þingið með þessu máli í bráðina.

Það er að vísu satt, að breyting mikil er orðin á hjúahaldi. Árshjúin eru víðast að hverfa, og í stað þeirra koma sumar- og vetrarhjú, og í kaupstöðum er jafnvel títt, að hjú ráði sig til mánaðar í senn. Þar er og sjaldgæft, að nokkur samningur sje gerður, heldur ráða menn sig upp á ákveðið mánaðarkaup,

og er þá hægt að nota reglur um almenna samninga. En þó tel jeg, að í sveitunum sje þörf á sjerstökum reglum, sem sjeu í samræmi við hugsunarhátt nútímans, en ekki þann, sem rjeð fyrir 60—70 árum. Nú er breytt frá því, sem áður var, þegar patriarkasamband var milli húsbænda og hjúa. Jeg álít og rjett að færa lögin um þetta efni í eina heild. Hitt þykir mjer fráleitt, sem hv. allshn. Ed. vildi halda fram í fyrra, að ákvæðin um þetta efni mættu vera í þrennu lagi: lögum um almenna samninga, hjúatilskipuninni gömlu og í breytingum, sem nefndin áleit rjett, að gerðar væru.

Mjer þykir því vel við eiga, að þessi hv. deild, sem knúð hefir fram frv., fái tækifæri til að athuga það, og legg jeg til, að því verði vísað til allshn., að umræðunni lokinni. Jeg skal svo ekki fjölyrða um málið að sinni, einungis geta þess að lokum, að í athugasemdum við frv. er gerð grein fyrir þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á því síðan í fyrra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., mánudaginn 3. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 57).

Frsm. (Jón Kjartansson): Eins og sjest á nál. á þskj. 57, þá hefir allshn. ekki getað orðið á eitt sátt um frv. Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) vill leggja til, að frv. gangi fram, þó með breytingum, en sjerstakt nál. er þó ekki fram komið frá honum. Aðrir nefndarmenn leggja það til, að frv. verði felt.

Jeg býst við, að það, sem komið hefir hæstv. stjórn til þess að leggja þetta frv. fyrir hv. deild, sje það, að á þinginu 1922 var samþ. till. til þál. frá þáverandi 1. þm. Árn. (EE), um að skora á hæstv. stjórn að endurskoða landbúnaðarlöggjöfina. Þar var m. a. minst á hjúalöggjöfina, en aðalefnið var hin önnur landbúnaðarmál, ræktunar- og ábúðarlögin. Það verður því varla sagt, að slík krafa hafi komið fram um þetta, frá þeim aðiljum, sem mál þetta snertir aðallega, sem sje bændum og vinnuhjúum, að það geti talist ástæða til þess að fara að breyta vinnuhjúalöggjöfinni. En einmitt slík krafa, sprottin af því, að gildandi lög þættu ófullnægjandi, væri eðlileg ástæða fyrir því, að þau yrðu endurskoðuð.

Jeg hefi átt tal um þetta mál við ýmsa bændur, og hefir þeim öllum borið saman um það, að ónauðsynlegt sje að breyta lögum þeim, sem hjer er um að ræða, og að það sje sjerstaklega óheppilegt, þar sem nú sjeu miklir erfiðleikar á því að fá vinnuhjú í sveitum. Og ekki verður það heldur sjeð, að óskir hafi komið fram um breytingar á þessari löggjöf frá hinum aðiljanum, vinnuhjúunum. Samband þeirra og húsbænda byggist nú að mestu á fullkomnu samningafrelsi, og verður það að teljast bæði eðlilegast og báðum aðiljum hagkvæmast. Það er rjett, sem hæstv. atvrh. (KlJ) hefir tekið fram, að hjúatilskipunin sje orðin gömul, en það stendur líkt á með hana sem mörg önnur lög frá sama tíma, að til þeirra hefir verið óvenjulega vel vandað. Þessvegna hefir henni heldur ekki verið breytt síðan, því jeg tel ekki til verulegra breytinga

ákvæðin í fátækralögunum, sem eru nokkru fyllri. Það bendir og á það, hvað skýr og glögg ákvæði þeirrar tilsk. eru, hvað örsjaldan hafa fallið dómar í málum milli húsbænda og hjúa út af þeim.

Það er ekki svo að skilja, að meiri hl. allshn. hafi ekki sjeð, að einhverjar breytingar á hjúatilsk. 1866, og sem frv. þetta hefir fram að færa, mættu leiða til bóta, en hún taldi þær allar þess eðlis, að ástæðulaust er að fara að koma með sjerstakar brtt. Það er t. d. gott að lögfesta vistráð hjúa í kaupstöðum, missirisvistráðin, að þau skuli lúta ákvæðum hjúalaganna, en í sjálfu sjer óþarft ákvæði, þar sem alment mun talið, að þessi vistráð falli undir ákvæði hjúatilsk. 1866. Hvað viðvíkur 8. gr. frv., sem nefndin telur til bóta, þá er víst venjan sú, að samið er um mánaðarkaup í kaupstöðum, og þá víst talið, eftir almennri reglu, að það falli í gjalddaga við lok hvers mánaðar, ef ekki er öðruvísi um samið. Hinsvegar gæti jeg hugsað mjer, að óheppilegt væri að lögfesta, hvenær greitt skuli hjúakaup í sveitum. Það mun eflaust vera frjálst samningamál milli húsbænda og hjúa, hvenær kaupið skuli greitt, enda er það venjulegast besta úrlausnin og ekki kunnugt, að það hafi rekið sig á hagsmuni hjúanna, þar sem húsbændur munu fá hjúi sínu það fje, sem það þarf með í þann og þann svipinn; en hinsvegar er verslun bænda oft svo varið, að illa getur komið sjer að binda greiðslu kaupsins við ákveðna daga með lögum.

Þá get jeg ekki varist því að finnast sum ákvæði frv. á hinn bóginn miða til hins verra frá því, sem nú er. Skal jeg þar sjerstaklega tilnefna 30. gr. frv., sem kveður svo á, að með mál milli húsbænda og hjúa út af vistarráðunum skuli farið sem með venjuleg einkamál. Samkv. tilsk. 1866 eiga þau mál að sæta meðferð einkalögreglumála. Þar sem hjer er aðallega um að ræða hjú innan 21 árs aldurs, og þurfa því sjerstakrar verndar bæði fyrir aldurs sakir og oft fátæktar, þá liggur í augum uppi, að óheppilegt er, að þau þurfi að hefja málsókn til þess að ná rjetti sínum. Eins og nú er, þurfa þau ekki annað en snúa sjer til hlutaðeigandi lögreglustjóra til að fá mál sitt rjett, sjer að kostnaðarlausu. Þá eru enn ákvæði frv., sem miða til þess að bæta kjör hjúa, svo sem ákvæðið í 7. gr., sem áskilur þeim rjett til að krefjast að sofa eitt sjer í rúmi o. s. frv. Í sjálfu sjer er þetta gott og virðingarvert, en þó mun víða húsnæði enn þá vera svo háttað í sveitum, að þetta er lítt framkvæmanlegt, eða að minsta kosti valda oft talsverðum erfiðleikum. Hefir það líka tíðkast frá alda öðli, að hjú hafa verið látin sofa tvö saman í rúmi, og má ætla, að það sje ekki svo varhugavert, að banna þurfi það með lögum, með því hreinlæti, sem gera má ráð fyrir að alment sje gætt nú orðið.

Eins og jeg vjek að í byrjun, þá hafa enn þá ekki komið fram neinar brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. (JBald). En það er augljóst, að þar sem hann hefir ekki getað orðið samferða meirihl. nefndarinnar, þá sjeu þær þannig vaxnar, að meirihl. geti ekki verið með þeim. Vil jeg svo ekki orðlengja þetta frekar, en vænti þess, að hv. deild taki ástæður meirihl. allshn. til greina og felli frv.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Það er rjett, sem hv. frsm. meirihl. (JK) sagði, að frv. þetta er fram komið samkv.

þeirri þál., sem þingið 1922 samþykti. Jeg býst líka við, að hefði stjórnin ekki neitt sint vilja þingsins í þessu efni, þá hefði hún hlotið ákúrur fyrir það tómlæti sitt á þinginu í fyrra. En vandlifað má vera fyrir stjórnina, þegar hún hefir gert vilja að þingsins, með talsverðri fyrirhöfn, og komið fram með frv., sem það hefir óskað eftir, að það skuli þá snúast á móti því, raunar ekki fyrir þær sakir, að það sje óheppilegt, heldur vegna þess, að það sje ótímabært. En við þessu er auðvitað ekkert að segja, þar sem þetta er ekki annað en það, sem stjórn hvers lands getur átt von á.

Hv. frsm. meirihl. (JK) taldi ekki heppilegt að láta þetta frv. ganga fram nú að sinni, en jeg verð að játa, að jeg fæ ekki skilið, hvað sje óheppilegt við það að koma fram með frv., sem sumpart tekur upp gildandi lagaákvæði og sumpart hefir í sjer fólgna viðauka, sem viðurkent er, að sumir hverjir að minsta kosti miði til mikilla bóta. Og einustu rökin, sem færð voru gegn frv., voru þau, að nú væri erfiðleikar á því að fá hjú í vist í sveitum, en þess er ekki gætt, að það er nákvæmlega sama rjettarsamband milli hjúa og húsbænda eftir tilsk. 1866 og hjer er gert ráð fyrir.

Hv. þm. (JK) gat þess, að engar óskir hefðu komið fram um breytingar á núgildandi hjúalöggjöf frá húsbændum eða hjúum. En jeg get þó gefið þá skýringu, að þál. 1922, sem jeg nefndi áður, var borin fram af þáverandi 1. þm. Árn. (EE), sem af mörgum var skoðaður sem nokkurskonar formælandi bænda og framsögumaður í landbúnaðarmálum á þingi. Og þar kom fram óskin um endurskoðun þessarar löggjafar. Frá hjúum hinsvegar er varla þeirrar framtakssemi að vænta, að frá þeim komi háværar kvartanir í þessa átt.

Jeg tók það sjálfur fram í Ed. í fyrra, að það hafi verið vandað óvenjulega vel til hjúatilsk. á sínum tíma, og að mjög fáir dómar hafi fallið í málum milli húsbænda og hjúa út af vistráðum. En þetta er engin sönnun fyrir því, að tilsk. sje enn góð og gild nú, eftir svo langan tíma og eftir að svo gagngerðar breytingar hafa orðið á sambandi milli húsbænda og hjúa.

Enginn efi er á því, að 8. gr. frv. er talsverð rjettarbót fyrir hjúin, því samkvæmt ákvæðum þeirrar gr. geta þau vitað, hvenær þau mega ganga að kaupi sínu, en meðan jeg var þessum málum kunnugur, fyrir 20 árum, vissi jeg til þess, að oft voru miklir misbrestir á því, að hjúum væri goldið umsamið kaup, og að minsta kosti oft ekki fyr en seint og síðar meir, og stundum í misjöfnum gjaldeyri. Það er því ekki svo lítill hagur fyrir þau að þessu ákvæði.

Loks skal jeg minnast á eitt atriði í frv., sem hv. allshn. þykir sjerstaklega miða til hins lakara. Það er ákvæði 30 gr., sem mælir svo fyrir, að um mál milli húsbænda og hjúa út af vistráðunum skuli farið sem um venjuleg einkamál, í stað þess að sæta meðferð einkalögreglumála. En satt að segja er mjer ekki kunnugt um nein ákvæði í íslenskum lögum um einkalögreglumál. Hvað þau snertir, þá hefir lengst af verið farið með þau eftir danskri venju, og Hvað þau snertir, þá hefir lengst af verið breytt, má gera ráð fyrir því, að þau sjeu framkvæmd á mismunandi hátt, eftir því, hvar hver sýslumaður hefir numið. Hjá þeim, sem lært hafa hjer við háskólann, mætti kanske ætla, að meira samræmi væri ríkjandi í þessu efni. En

það er alveg víst, að tilsk. 15. ágúst 1832, um rjettarfarið í hjeraði, var ætlað að ná yfir öll einkamál hjer á landi. Það mun líka hafa verið gert fyrst í stað, en svo hafa sýslumenn tekið að fara eftir dönskum lögum frekar en íslenskum, af því að hjúamál í Danmörku sæta meðferð einkalögreglumála.

Hvað viðvíkur því, hvort heppilegra sje, að dómari eða sáttanefnd leiti sátta í málum sem þessum, þá er jeg í engum vafa um það, að sáttanefndir reynist betur og sýni meiri þolinmæði í slíkum smámálum. Jeg fæ því ekki sjeð, að þessi breyting um málsmeðferðina miði til hins verra, en hinsvegar er hún ekki svo mikið stórmál í mínum augum, að jeg geti ekki felt mig við, að hún verði numin úr frv., ef ekki stendur á öðru.

Nefndin leggur til að fella frv. Þetta álít jeg miklu hreinlegra heldur en að fara að lappa upp á þessa úreltu tilsk. frá 1866.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, enda býst jeg við, að forlög frv. sjeu þegar ákveðin. En vel má þess minnast, að ekki þótti Dönum ótímabært að endurskoða sína löggjöf, en það gerðu þeir 1920, og er frv. það, sem hjer liggur fyrir, að miklu leyti sniðið eftir þeim lögum, og það er mín spá, að þetta frv. verði grafið upp, við tækifæri, og samþykt á Alþingi.

Jón Baldvinsson: Þegar þál. kom fram á þinginu 1922 frá þáverandi 1. þm. Árn. (EE), þess efnis, að skora á stjórnina að endurskoða löggjöfina um landbúnaðarmál, þá man jeg, að sjerstök atkvæðagreiðsla var látin fara fram um niðurlag hennar, en þar var óskað eftir því, að hjúalöggjöfin væri tekin til nýrrar yfirvegunar og að heildarlög um þau efni yrðu lögð fyrir þingið.

Þessum lið þál. man jeg, að jeg var mótfallinn þá, því jeg bjóst satt að segja ekki við því, þó að farið væri að breyta löggjöfinni um þessi efni að einhverju leyti, að þær breytingar myndu verða að verulegu gagni. En þegar frv. til hjúalaga var lagt fyrir þingið í fyrra, þá sá jeg þó strax, að ýms ákvæði þess leiddu til talsverðra rjettarbóta. Enda hefir, eins og vitanlegt er, margt breyst síðan vinnuhjúatilsk. var gefin út 1866, svo að nú eru ýms ákvæði hennar úrelt orðin, en önnur, sem vantar í hana, og aðrir hættir um vistráð nú en þá. Því hefi jeg heldur ekki getað fylgt hv. meðnefndarmönnum mínum í allshn. í því að fella frv. niður, því þó mjer sje þetta ekki mikið kappsmál, þá sje jeg, að ýmislegt er þar, sem miðar til hins betra frá því, sem áður var. Svo er t. d. um lögfestingu þess, hvenær kaup hjúa skuli teljast vera fallið í gjalddaga, þó jeg á hinn bóginn geti hugsað mjer, að frjálsir samningar um það efni og samþyktir stjettafjelaga gætu komið í þess stað. Að jeg ekki kom með sjerstakar brtt. við frv. kemur til af því, eins og jeg ljet getið bæði við skrifstofustjóra og einhverja meðnefndarmenn mína í allshn., að jeg vildi sjá til fyrst, hvernig frv. reiddi af við þessa umr. í hv. deild, því jeg sá ekki, að það þýddi neitt, ef frv. fengi sömu undirtektir sem á þinginu í fyrra. Ákvæðin í 7. og 8. gr. tel jeg til mikilla bóta, þegar þess er gætt, að lögin taka aðeins yfir hjú yngri en 21 árs — og til eldri hjúa tekur aðeins 29. gr. — þá er auðsætt, að þau hafa í fæstum tilfellum þann þroska, sem þau þurfa að hafa til að geta samið fyrir

sig, og kemur þeim þá vel að hafa laga-ákvæði til að styðjast við.

Hjer er 6. gr. ný grein, með sjerstökum ákvæðum, sem eiga að gilda bæði í kaupstöðum og sveitum um þau hjú, sem eru ráðin til skemri tíma en árs. En hjer finst mjer að ætti að gilda það sama, sem segir í 5. grein um hjú, sem ráðin eru í ársvist, að húsbóndinn sje skyldugur að sækja hjúið. Í kaupstað eiga menn að vísu mjög oft hægt með flutning, en í sveitum getur það verið mjög örðugt hjúum að komast í vistina. En það er gefið, að húsbóndinn á hægra með að sækja eða láta sækja hjú heldur en hjúið að flytja sig sjálft, oft máske langa leið, og ætti að breyta frv. í þá átt. Þá er önnur breyting, sem jeg tel rjett að komist í frv., að samningar, sem stjettafjelög gera, gildi jafnhliða lögunum.

Jeg get fallist á það hjá háttv. frsm. (JK), að það sje ekki hentugt, að misklíð út af vistarráðum sje útkljáð sem einkamál. Yfirleitt mun fólk á þessu reki síður vilja standa í stefnum, enda bæði einfaldara og kostnaðarminna að bera sig upp við yfirvaldið, enda mundi þannig fást skjótari úrskurður. Finst mjer jeg verði að telja þá aðferð rjettari, að lögreglustjóri eða sýslumaður kæmi á málamiðlun í slíkum tilfellum, heldur en að mál út af þessu sjeu rekin sem í frv. segir.

Jeg þarf annars ekki að svara neinu hjá háttv. frsm. meirihlutans (JK). Hann taldi, að frv. væri ekki komið fram eftir kröfu bænda. Um það má deila, en þó verður að telja þingmenn rjetta umboðsmenn bænda á þingi. En málið er komið frá þm. í bændakjördæmi, og stjórnin hefir tekið málið fyrir samkvæmt vilja þingmanna. Mikill meirihluti þessara laga er tekinn upp úr þessari ágætu tilskipun, sem frsm. talaði um, og ætti það ekki að spilla.

Þá taldi frsm. ákvæði 7. gr. ekki til bóta. En jeg verð að líta svo á, að þau sjeu mjög til bóta. Því fólk á þessum aldri á ekki eins gott með að bera hönd fyrir höfuð sjer eins og eldra og reyndara fólk. Eins er ákvæði um rjett til hreinlætis til bóta.

Jeg ætla svo ekki að segja meira um málið að sinni; mjer er það ekki neitt sjerstakt kappsmál, en tel það þó betur fram komið og til bóta í heild sinni.

Frsm. (Jón Kjartansson): Aðeins fá orð. Hæstv. atvrh. (KlJ) taldi örðugt fyrir stjórnina að haga sjer, er ein deild feldi það, sem hin samþykti. Það er auðvitað rjett, að það er ilt fyrir eina stjórn að framfylgja til hins ítrasta öllum þingsályktunum, sem samþyktar eru á Alþingi. Enda eru sumar slíkar ályktanir þannig, að ómögulegt er að framfylgja þeim, enda oft meira til þess að sýnast en að þeim fylgi alvara. Má t. d. nefna þál. um bygging landsspítala, að þótt ályktunin hefði verið samþ., er það vitanlegt, að ekki er hægt, vegna fjárhagsörðugleika, að framkvæma hana. Hjer er heldur ekki um brýna nauðsyn að ræða, því eins og tekið hefir verið fram, eru öll aðalatriði laganna tekin upp úr gömlu tilskipuninni. Krafa frá aðiljunum hefir ekki komið fram. Er því engin nauðsyn á þessu frv. nú. Enda er sumt hjer óheppilegt, eins og jeg hefi rökstutt. Jeg get t. d. enn bent á 29. og 30. gr. Samkvæmt hjúatilskipuninni lúta öll hjú, sem hafa ráðið sjer vist, ákvæðum hennar. En eftir þessu frv. gilda ákvæði þess ekki fyrir hjú eldri en 21 árs, nema engir samningar sjeu.

En altaf má gera ráð fyrir, að einhverjir samningar sjeu, þótt þeir sjeu ekki skrifaðir, og því mjög óheppilegt, að útiloka hjú yfir 21 árs aldur frá vernd hjúalaganna.

Jeg skal ekki deila við hæstv. atvrh. (KlJ) um mismuninn á meðferð einkamála og lögreglumála. Jeg veit, að hæstv. ráðh. (KlJ) þekkir hann eins vel og jeg. Kostnaðurinn eykst gífurlega. Það er ekki nóg að kæra, það þarf að stefna, halda fram málinu til dóms o. s. frv., í stað þess að snúa sjer til lögreglustjóra og skýra honum frá kæruefni, sem hann leggur síðan úrskurð á að kostnaðarlausu.

Jeg skal ekki fara út í ræðu háttv. 2. þm. Reykv. (JBald). Hann taldi breytingar frv. til bóta, en þær eru allar þess eðlis, eins og jeg hefi bent á, að ekki þarf að breyta hjúatilskipuninni þeirra vegna. Annaðhvort eru þær löghelgaðar af venju eða þá svo smávægilegar, að ekki tekur tali.

Hitt álít jeg ekki rjett, sem háttv. þm. mintist á, að blanda hjer inn í samningum stjetta. Það verð jeg að álíta mjög óheppilegt.

Magnús Torfason: Jeg vil geta þess, að í mínu kjördæmi hefir einmitt verið lögð áhersla á það, að hjúalögunum yrði breytt. Sjerstaklega er það eindregin ósk bænda, að þeim yrði breytt þannig, að settir yrðu 2 hjúaskildagar, í staðinn fyrir einn. Er það mjög eðlilegt eins og nú er komið atvinnuháttum og vistum. Sum hjú hafa mikla atvinnu í sveit á sumrum, en í kaupstöðum á vetrum, og hafa margir bændur litið svo á, að hjúum til sveita mundi fjölga, ef hjúaskildagar væru tveir, eins og virðist eðlilegt. Gætu hjú þá ráðið sig á sumrum í sveitum, en í kaupstöðum á vetrum. Auk þess er enginn vafi á því, að vistarákvæðum hjúalaganna yrði betur hlýtt, ef skildagar væru tveir. Lögreglustjórar og hreppstjórar kinoka sjer eðlilega við því að framfylgja þessum ákvæðum eins og þau nú eru í hjúatilskipuninni.

Jeg skal líka geta þess, að jeg hygg að það sje lítið talsvert öðruvísi á þetta mál í sveitum en kaupstöðum. Það er ekki að marka, þó það hafi ekki komið mjög alment í ljós. Það er eins og gengur og gerist um mál eins og þetta, ef það er ekki borið sjerstaklega undir sýslu- eða hreppsnefndir, þá getur varla myndast hugur fyrir því í fásinninu í sveitunum; til þess er það of smátt. En annars kann jeg ekki við það, að mál eins og þetta, sem komið er fram eftir tillögu frá þinginu, sje hreint og beint drepið. Jeg hefði heldur kosið, að frv. væri eitthvað breytt og látið ganga í gegn. En þar sem mjer virðist að það muni ekki verða, þá finst mjer þó sæmilegra, að málinu sje vísað til stjórnarinnar, og leyfi jeg mjer því að afhenda forseta svohljóðandi rökstudda dagskrá:

Í trausti þess, að stjórnin leiti umsagnar bæjarstjórna og sýslunefnda um frumvarp það til hjúalaga, sem nú er til umræðu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Jeg vil taka það skýrt fram, að að mínu áliti mundi málið græða mikið á því, ef þessi leið yrði farin. Frv. stjórnarinnar mætti þá senda til sýslunefndanna, og sýslumenn gætu leitað aðstoðar og álits manna í sveitunum um einstök atriði frv. En það er áreiðanlega ekki nægilega undirbúið.

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg vildi segja örfá orð út af ummælum háttv. 1. þm. Árn. (MT). Hann taldi það almenna ósk manna í sveitunum, að endurskoða hjúalöggjöfina. Það hefi jeg ekki orðið var við. Mjer vitanlega er sú ósk ekki svo almenn, að hún sje kunn meginþorra þingmanna. Jeg hefi talað um þetta við bændur hjer á þingi, og töldu þeir það óþarft. Hitt mun vera rjett hjá háttv. þm. (MT), að tveir hjúaskildagar munu ekki vera viðurkendir til sveita samkvæmt hjúatilskipuninni. En hjúaskildagi 1. okt. mun nú vera orðinn venja í kaupstöðum, og jeg tel sjálfsagt, að vistráð til sveita, sem eru bundin við þennan dag, að þau lúti ákvæðum hjúatilsk. með lögjöfnuði (analogie). Hjer er því engin breyting nauðsynleg. En hvað því viðvíkur, að vísa málinu enn til stjórnarinnar, þá tel jeg það mjög þýðingarlítið. Meirihluti nefndarinnar telur ekki þörf á breytingum á hjúatilsk. Og þá er auðvitað óþarfi að vísa því til stjórnarinnar, og býst jeg við, að meirihlutinn sje mjer samdóma um það atriði, að leggja til að dagskráin verði feld.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg hefi ekkert að athuga við það frá stjórnarinnar hálfu, þótt rökstudda dagskráin verði samþykt.

Pjetur Ottesen: Jeg vildi aðeins gera stutta athugasemd út af þessari einkennilegu tillögu, sem hjer hefir komið fram. Jeg veit ekki, hvernig á að skilja það, að fara nú að vísa þessu máli enn til stjórnarinnar, sem hún hefir nú flutt á tveim þingum, svo hún geti leitað álits sýslunefnda um það. Mjer finst þetta ekki svo flókið löggjafarmál, að þingið ætti ekki að geta ráðið fram úr því án þess að leita álits sýslunefnda um það. Það hefir reyndar verið stundum gert að leita álits sýslunefnda um mál, sem alveg eru sjerstaks eðlis, en hjer er um alment löggjafarmál að ræða, sem einskis frekari undirbúnings krefst og jeg sje engum vandkvæðum bundið að greiða nú þegar atkv. um. (**Trþ:** Hvernig var það með korneinkasöluna?). Eins og kunnugt er, er það almennur vilji að spara, og hafa ýmsar tillögur komið fram í þá átt. En það er sannarlega enginn sparnaður að því, að láta nú prenta fleiri hundruð eintök af þessu frv. og senda út um land. Því jeg býst ekki við, að stjórnin hafi haft upplagið svo stórt, að það hafi verið miðað við slíka ráðstöfun.

Magnús Torfason: Jeg get ekki sjeð neitt einkennilegt við það að bera fram slíka tillögu sem þá, er felst í dagskránni. Mjer finst ekkert einkennilegt, þó þingið vilji fá að vita vilja almennings í máli, sem snertir svo að segja hvern einasta fullorðinn mann í landinu. Jeg verð að segja, að mjer virðist málið alls ekki svo óflókið. Hjer er um talsverðan lagabálk að ræða, þar sem eru mýmörg ákvæði, sem skiftar skoðanir hafa verið um hjá lagamönnum, hvernig bæri að skilja. Hjer er því ekki að ræða annaðhvort um já eða nei, heldur það, að fá að vita vilja manna, í hverja átt hann gangi. Mjer finst alls ekki gustuk að tala um sparnað í þessu atriði, og það því heldur sem prentstillinn mun ekki vera feldur niður, og því sáralítill kostnaður við að margfalda frv.

Pjetur Ottesen: Jeg vil benda á það í sambandi við þessa tillögu um að leita álits sýslunefnda í þessu máli, að eins og tekið hefir verið fram, lá málið fyrir á síðasta þingi. Nú hafa farið fram nýjar kosningar milli þessara þinga, og því gefist ágætt tækifæri til þess fyrir kjósendur að láta til sín heyra um þetta mál, ef sjerstakur áhugi hefði verið fyrir því. En mjer er ekki kunnugt um, að neinar tillögur hafi komið fram í þá átt á þingmálafundum, hvorki fyrir kosningar nje síðan, að hjúalögunum yrði breytt.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. Árn. (MT) feld með 13: 11 atkv.

1. gr. **feld** með 14: 9 atkv.

---

2. Fiskiveiðar í landhelgi.

Á 6. fundi í Nd., föstudaginn 22. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um undanþágu frá lögum nr. 33, 19. júní 1922, um rjett til fiskiveiða í landhelgi (þmfrv., A. 31).

Á 7. fundi í Nd., laugardaginn 23. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Flm. (Ágúst Flygenring): Ástæðurnar fyrir þessu frv. er að finna í greinargerðinni, og eru þær svo skýrar, að jeg vonast til, að flestir háttv. þm. geti sjeð af þeim, hver nauðsyn er á þessu máli. En sökum þess, að ýmsir munu vera meðal háttv. þm., sem ekki þekkja vel til í Hafnarfirði, þá vil jeg nú skýra það litlu nánar.

Það eru nú 30 ár síðan útlendingar tóku að reka fiskiveiðar í Hafnarfirði, og hafa einhverjir jafnan stundað þær síðan. Var það enskt fjelag, sem fyrst reið hjer á vaðið. Hafði það eitt skip við veiðarnar, og það var fyrsta skipið, sem veiddi í botnvörpu hjer við land, er jafnframt lagði upp aflann. En tap varð á rekstrinum, og varð fjelagið að hætta hjer. En það tap varð aðeins fyrir eigendur skipsins. Hafnarfjörður hlaut gróða af því fyrirtæki, eins og öllum atvinnurekstri útlendinga þar. Bæði nutu bæjarbúar nokkurrar atvinnu á meðan það starfaði, og auk þess lærðu þeir að fara með þetta veiðarfæri, botnvörpuna, sem síðan hefir dregið okkur drýgst til framfara fiskiveiðanna. Nokkru síðar hófu Norðmenn fiskiveiðar úr Hafnarfirði. Leigðu þeir stöð þar og hafði bærinn mikinn hagnað af verslun þeirra og viðskiftum. Þjóðverjar og Hollendingar hafa einnig rekið þar fiskiveiðar. Hafa viðskifti þessara útlendinga ekki einasta verið vatn á mylnu Hafnfirðinga, heldur fjölda annara manna, er sóttu atvinnu til Hafnarfjarðar, og einnig ríkissjóðsins. Það er nú, að öllu þessu athuguðu, engin furða, þegar kipt er með löggjöf fótunum undan aðalatvinnurekstri kaupstaðarins, eins og gert var 1922, það er engin furða, segi jeg, þótt menn fyllist gremju og óvild til þings og stjórnar út af slíku. Hjer eru þúsundir manna sviftir atvinnu sinni án þess að þeim sje veitt nein önnur atvinnuhjálp í staðinn. Jeg er og fullviss um, að þær nefndir, sem höfðu þetta mál til meðferðar, þeim hefir ekki verið allskostar ljóst, hvað þær voru að gera, nfl. sjávarútvegs-

nefndir þingsins. Hefi jeg talað um þetta við tvo af þeim mönnum, sem þá áttu sæti í Nd.-nefndinni, og hafa þeir játað, að nefndin hafi ekki búist við, að lögin yrðu „praktiseruð“ á þennan hátt. Myndi nefndin aðallega hafa haft síldveiðarnar í hyggju, er hún gaf út nefndarálit sitt. (PO: Hvaða nefnd er það, sem háttv. flm. á við?). Sjávarútvegsnefnd Nd. 1922. Er jeg viss um, að þessir menn, sem jeg talaði við, gengu þess duldir, hvað af þessum lögum mundi leiða. En nú er komið sem komið er. Eitt er víst, og það er það, að einhver ráð verður að finna til að bæta úr ástandinu í Hafnarfirði. Og þau einu ráð, sem að gagni koma, eru aukin atvinnubrögð og þar með peningar. Er jeg að vísu sannfærður um, að stjórn og þing hafa svo stórt hjarta, að þau vilja eigi sjá menn falla niður úr hungri án þess að gera eitthvað að. En hvað sem um það er, þá verð jeg hins vegar að benda á, að það væri vanráðið að ætla sjer að bjarga Hafnarfirði með hallærisláni. Sæmilega stöðug atvinna er það eina, sem bygt verður á og vit er í. Jeg hefi nú komið fram með þetta frv. í þessari mynd, til þess að bæta úr vandræðum bæjarbúa, án þess þó að skerða fiskiveiðalöggjöfina. Þótt þetta frv. verði samþykt, er samt sem áður alls ekki opnuð sú leið fyrir útlendum peningastraum, sem ýmsir hafa máske ótta af, að oss geti orðið til ills. Tel jeg sjálfsagt og nauðsynlegt, eins og ástatt er, að stíga þetta spor, þar til við erum sjálfir orðnir svo öflugir, að við höfum bolmagn til að hrinda af stað nægum atvinnurekstri. En það er fjarri því, að svo sje ennþá. Peningamagn okkar er svo lítið, að við getum ekki aukið útgerð okkar svo sem þyrfti til þess að geta lifað og komist úr skuldum; en aukning og efling atvinnuveganna er þó eina ráðið til þess að auka velmegun þjóðarinnar.

Því hefir löngum verið veifað, að við Hafnfirðingar ættum að vera sjálfum okkur nógir. Það kysum við líka langhelst. En við erum ekki svo staddir peningalega, að við getum komið okkur upp nægilegum skipastól. Og hjer er ekki nein stofnun, sem fær er um að leggja það fje fram. Bankarnir segjast hafa ráðstafað svo fje sínu, að þeir hafi ekkert aflögu til nýbygginga eða nýkaupa fiskiskipa. Og annarsstaðar er svarið það sama. Víðast aðeins góð orð, en getan engin. Með öðrum orðum: peningarnir eru ekki fáanlegir, af því að búið er að brúka þá til annara hluta.

Jeg og margir aðrir, sem grandskoðað hafa þetta mál, hafa að lokum komist að þeirri niðurstöðu, að eina hagkvæma leiðin yrði að nota það fje, sem býðst þarna frá útlendingum, til að auka rekstur þessa atvinnuvegs. Fyrst við erum ekki færir um að gera þetta sjálfir, þá erum við knúðir til að bjarga okkur á þennan hátt, þar til okkur vex sjálfum fiskur um hrygg. Við eigum að fara að dæmi annara þjóða í þessum efnum. Höfum við til þessa ekki verið svo tregir að elta útlenda siði, að við ættum að þurfa að fyrirverða okkur, þótt við tækjum þá upp í þessu efni, síst þegar um þjóðhagslega nauðsyn er að ræða. Skulum við nú til dæmis virða fyrir okkur, hvernig Englendingar fara að í þessu efni. Setjum svo, að jeg vilji reka fiskiveiðar frá Grimsby eða Hull. Hafi jeg einungis nægilegt fje á boðstólum, þá er ekkert til fyrirstöðu að jeg geti keypt heila skipakví í þessum bæjum og gert út svo stóran skipaflota

sem mjer sýnist. En vilji jeg aftur á móti leita mjer atvinnu sem sjómaður á togurum þeirra, þá aftaka þeir það þegar í stað, segjast ekki hafa of mikla atvinnu fyrir sína eigin landa og benda mjer á dyrnar. Hjá okkur Íslendingum er þetta algerlega á hinn veginn. Við höfnum auðmanninum, þótt fátækir sjeum, en hirðum hinn, sem ekkert hefir að færa, til að auka á atvinnuleysið, rjett eins og það væri það eina, sem okkur vanhagaði um. Mjer finst þetta ekki eiga allskostar við, eins og sakir standa hjer á landi nú, og held, að það sje mál til komið að breyta því. Vænti jeg þess, að háttv. þm. hugsi sig tvisvar um áður en þeir fella frv. þetta og kjósa þar með heldur þá leiðina, sem stefnir beint til meiri fátæktar.

Jeg vænti þess, að hv. þm. gefi einnig gaum að þessu, þegar þeir íhuga fjármál landsins, og hugsi sig sem sagt tvisvar um, áður en þeir loka alveg fyrir fje úr þessari átt.

Ef 3—6 útlend skip fengju leyfi til að stunda fiskveiðar frá Hafnarfirði, mundu þau veita miklum fjölda manna atvinnu, þau mundu færa bæjarfjelaginu stórfje, lyfta undir allar framfarir, skapa líf þar, sem nú er dauði. Hvert skip mundi greiða 30—40000 kr. í opinber gjöld, og mundi það koma ríkissjóði og bæjarsjóði í góðar þarfir. Mjer finst ógerningur að spyrna á móti að færa sjer þetta í nyt, þar sem það verður gert án þess að skerða vora dýrmætu! fiskveiðalöggjöf á nokkurn hátt.

Sumir menn munu ef til vill telja óviðfeldið að gefa Hafnarfjarðarkaupstað einum þessa undanþágu, að hjer sje farið fram á að veita þeim bæ sjerrjettindi, sem fleiri ættu að njóta góðs af. Þetta getur rjett verið, en jeg hygg, að lítil líkindi sjeu til þess, að aðrir kaupstaðir en Hafnarfjörður geti fært sjer þetta í nyt. Þess er að gæta, að þetta hefir áður verið talið frjálst, en útlendingar hafa þó aldrei neytt þessa nema í Hafnarfirði og að litlu leyti í Reykjavík.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál. Vona jeg, að hv. þm. telji það varhugavert að kasta þessu litla frv. fyrir borð, heldur telji reynandi að samþykkja það, ef það kynni að koma að gagni, sem má telja nokkurnveginn fullvíst. Til ills getur það á engan hátt orðið. Jeg skal því leyfa mjer að mælast til, að málinu verði hraðað eftir megni, því að ekki er loku fyrir það skotið, að það geti þá komið að gagni þegar á þessu ári. Jeg vildi óska, að það þyrfti ekki að orka mjög tvímælis, að þessi leið er útgjaldaminst fyrir oss til að firra kaupstaðinn vandræðum, þar sem ekkert fje er lagt fram og engu teflt í voða, hvorki fiskiveiðalöggjöfinni nje öðru.

Pjetur Ottesen: Mjer þykir ræða hv. flm. (ÁF) gefa allverulegt tilefni til, að hún sje tekin til athugunar. Það verður ekki sagt, að hún hafi verið flutt æsingalaust, heldur var þar talsverð undiralda að baki. Það var þó ekki þetta, sem kom mjer til að hefja máls, þó að rök hv. flm. (ÁF) væru þannig vaxin, að full ástæða væri til að athuga þau. Málið var flutt mjög einhliða, með bráðabirgðahagsmuni eins kaupstaðar fyrir augum, sem brýtur í bág við hagsmuni landsins í heild sinni.

Jeg skal þó ekki fara út í ræðu hv. flm. (ÁF) að þessu sinni, en aðeins benda á, að þar sem hann vitnaði í ummæli ýmissa nefndarmanna úr sjávarútvegsnefnd 1922, þá kemur það í bága

við það, sem þeir sögðu þá og bókfest er í Alþingistíðindunum. Skal jeg fyrst benda á ræðu þáverandi fjrh., hv. 1. þm. Skagf. (MG), þar sem haldið er fram því gagnstæða við það, sem hv. flm. (ÁF) sagði. Ræða frsm. í Nd. styður og ekki ummæli hv. flm. (ÁF), heldur þvert á móti, og ræða frsm. í Ed. er einnig gagnstæð því, sem háttv. flm. (ÁF) hjelt fram. Sje rjett haft eftir umgetnum nefndarmönnum, hlýtur þeim að hafa snúist hugur frá því, sem var á þingi 1922. Þetta, að enginn hreyfði andmælum gegn fiskveiðalögum þá, sýnir, hversu einhuga þingið var þá um nytsemi þessara laga. Það er einnig misskilningur, að hjer sje að ræða um ný lög, heldur eru hjer skýrð og tekin upp í eina heild gömul lagaákvæði frá ýmsum tímum.

Jeg skal aðeins benda á, að allir eru sammála um það, að landbúnaður og sjávarútvegur sjeu fjöregg þessarar þjóðar. En þá hljóta allir líka að vera á einu máli um það, að það sje heilög skylda þings og stjórnar að vernda þessa atvinnuvegi, þetta fjöregg þjóðarinnar, sem best. Þetta frv. fer fram á undanþágu frá lögunum frá 1922, um rjett til fiskveiða í landhelgi, og þar sem það er vitanlegt, að þessi lög eru einhver besta vernd og trygging fyrir þetta fjöregg þjóðarinnar, tel jeg sjálfsagt, að frv. verði athugað gaumgæfilega, eins og allar tillögur, er draga úr þessari vernd og brjóta í bág við þessa stefnu. Nú skildist mjer það vera tilætlun hv. flm. (ÁF), og er það alveg í samræmi við þann mikla móð og ákafa, sem kom fram í ræðu hans, að svo verði hrapað að þessu máli, að það verði undanskilið þeirri almennu reglu að athugast í nefnd. Hann gerði að minsta kosti enga tillögu um það. Jeg fyrir mitt leyti vildi óska, að þetta frv. hefði aldrei komið fram. En þar sem það er fram komið og sú er venjan að leyfa málum að fara til nefndar, vil jeg leyfa mjer að leggja til, að frv. verði vísað til sjútvn., ef það á að komast lengra.

Flm. (Ágúst Flygenring): Jeg skal ekki orðlengja um þetta frv., því að svo lítur út, sem tækifæri verði til að ræða það betur síðar. Nú skal jeg einungis víkja að því, er hv. þm. Borgf. (PO) vildi vefengja það, sem jeg sagði, að nefndarmenn í sjútvn. 1922 hefðu búist við öðrum afleiðingum af þessum lögum en orðið hafa. Því til sönnunar vitnaði hann meðal annars í ræðu frsm. í Ed., en hann tók þar einmitt fram, að hann byggist við, að lögunum yrði beitt á sama hátt sem áður, er kemur til fiskveiða, þannig að kaupmenn fái að kaupa afla úr erlendum fiskiskipum. Honum farast svo orð, með leyfi hæstv. forseta (**MG**):

„Jeg stend hjer upp út af því, að mjer virðist kenna nokkurs misskilnings um það, hvernig beri að skilja 3. gr. Það er bannað öðrum en íslenskum ríkisborgurum að flytja í land og selja síld. Er það hið sama og kemur fram í tilsk. 1872. Hinsvegar hefir það verið skilið svo, að útlendingum sje eigi bannað að flytja í land síldina og selja hana fastakaupmönnum. Þessu hefir eigi verið breytt. Nefndin lítur svo á, að þó að gerður sje fastur samningur af útlendum kaupmönnum um að kaupa alla veiðina, þá verður eigi skoðað sem þeir hafi fast aðsetur hjer, og falla þeir því eigi undir fyrri part greinarinnar. Hefir þannig verið litið á og því þannig framfylgt um þorskveiði, en ekki síld-

veiði. Tek jeg þetta fram til þess að fyrirbyggja misskilning um þetta atriði.“

Það var einmitt þetta, sem jeg hjelt fram, að nefndarmenn hafi álitið, að lögin mundu ekki breyta því, sem venja hafði verið áður um þorskveiði. Tveir þeirra, hv. 2. þm. Reykv. (JBald) og Einar Þorgilsson, þáverandi 1. þm. G.-K., hafa báðir tjáð og lýst yfir því á fundi, að þeim hafi komið á óvart, að lögunum yrði framfylgt sem gert hefir verið að því er þorskveiðarnar snertir. Þeir litu svo á, að þar sem lögin væru í raun og veru hin sömu sem áður, mundi engin breyting verða á um þorskveiðar. En þetta er smáatriði, úr því að svo er komið, sem nú er. Stjórnin hefir skýrt lögin á sinn hátt, og enginn heldur því fram, að sú skýring sje röng. Í þessu felst einungis afsökun Hafnfirðinga á því, að þetta skyldi koma þeim alveg á óvart.

Jón Baldvinsson: Það er alveg rjett hjá hv. þm. Borgf. (PO), að lögin frá 1922 eru í raun og veru ekki ný, heldur eru þar eldri lagafyrirmæli dregin saman í eina heild. Umræður urðu þá óvenjulega litlar, en af þeim má þó ráða, að frsm. í Ed. ætlaðist að minsta kosti ekki til neinna breytinga á gamla fyrirkomulaginu, enda minnist jeg þess, þó að ef til vill sje ekki rjett að vitna í ummæli á nefndarfundum — og líka erfitt að muna slíkt löngu seinna —, að í sjútvn. Nd. var um það rætt, að ákvæðum laganna yrði sjerstaklega beitt gagnvart síldveiðum útlendinga, en um þorskveiðar gilti sama sem áður. Jeg minnist og, að jeg hlýddi á viðtal, þar sem þáverandi þm. Vestm. og frsm. í Ed. skýrði frá því, að hann hefði, að gefnu tilefni í embættisfærslu sinni, rannsakað hvaða lagafyrirmæli giltu í þessu efni, og hafi hann komist að þeirri niðurstöðu, að ekki væri lögum samkvæmt að leyfa útlendum skipum að leggja hjer afla á land, en vegna gamallar venju hefði það verið látið óátalið.

Síðan 1922 hefir því verið tekin upp ný og óvænt framkvæmd á gömlum lögum, og kemur það nú hart niður á einstaka stað. Það má vera, að menn hafi litið öðruvísi á þetta 1922, menn hafi þá verið bjartsýnni á atvinnuhorfur hjer á landi en nú. Atvinna er nú miklu rýrari en áður, og það er ljóst, að þau atvinnutæki, sem vjer eigum nú og fáum í nánustu framtíð út á lánstraust vort, geta ekki nægt.

Sú breyting er og á síðustu 20 árum orðin á atvinnubrögðum manna til sjávarins, að nú þarf meira fje en áður. Atvinnutækin eru orðin stórkostlegri og dýrari, en hin smærri horfin. Þess vegna er ástæða til að rýmka svo ákvæði fiskveiðalöggjafarinnar eins og þau eru skýrð nú, að þau verði ekki strangari í framkvæmdinni en tilskipunin frá 1872.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg bjóst ekki við miklum umræðum að þessu sinni, en þó hafa komið fram nokkur ummæli, sem jeg get ekki látið ósvarað.

Það virðist svo sem þinginu 1922 hafi ekki verið það vel ljóst, hvað þá var á ferðinni. Því þó að sjaldnast sje mikið að græða á umræðum um eitthvert frv. fyrir þá, sem síðar vilja skýra lögin og ráða í vilja löggjafans, þá er það þó alveg sjerstakt, hvað lítið maður græðir á því að lesa umræðurnar um þetta mál í Þingtíðindunum 1922. Annaðhvort hefir þinginu ekki verið málið ljóst, eða

þá litið svo á, sem einungis væri verið að draga eldri, gildandi lög saman í eina heild og ekki annað.

Þó að nú komi fram yfirlýsingar frá einstökum nefndarmönnum, efast jeg um, að þeim sje þetta mál svo minnisstætt, að mikið sje á því að græða, er þeir halda nú fram um skilning nefndanna á hinum og þessum atriðum. Lögin frá 1922 ber að mínu áliti aðallega að skoða sem codification af þágildandi lögum. Nú eru þessi lög rifin niður, eins og heill lands og þjóðar sje í voða. Því var neitað í Hafnarfirði, að þau nái til annars en síldveiða, eins og þorskveiðar sjeu ekki fiskveiðar. Það er vitanlegt, að lögin eiga við allar fiskveiðar. En því er haldið fram, að framkvæmd laganna frá 1922 sje önnur en á samskonar lagafyrirmælum áður, og því hafi menn ekki búist við. Þetta er gersamlega rangt, að lögunum sje nú beitt á annan hátt en áður, er kemur til þorskveiða. Það er gömul krafa frá útlendingum, einkum Frökkum, að fá að reka veiðar úr landi. Það var á sínum tíma farið fram á það af þeim, að þeir fengju að reisa stöðvar á Dýrafirði og á Austfjörðum, en þess var jafnan synjað. Þvílík tilmæli hafa altaf verið að koma um marga áratugi, og jeg minnist að hafa sjeð, að um 1860 var slíkri beiðni vísað á bug; svo gömul er þessi krafa. Útlendingum hefir því jafnan verið meinað algerlega að reka fiskveiðar úr landi, og er þessari löggjöf því ekki beitt öðruvísi en áður. Ef nokkur breyting er á þessu orðin, er það frekar á hinn veginn, að lögunum er beitt vægar og til hags fyrir þá, sem berjast nú fyrir því, að útlendum skipum sje leyft að hafa bækistöð hjer, og á þetta jafnt við þorskveiðar og síldveiðar. Tvö undanfarin ár hefir nokkrum útlendum skipum, sem stunduðu veiðar fyrir utan landhelgi, verið leyft að selja afla sinn í Reykjavík, og mætti segja, að þeim hefði verið gefinn meiri rjettur með þessu en lögin heimila. Jeg verð því að neita, að lögunum sje harðara beitt en áður.

Frv. þetta er flutt vegna þeirrar miklu neyðar og atvinnuvandræða, sem nú eru í Hafnarfirði, sem mjer er fullkunnugt um. Jeg þykist vita, að hv. þm. muni vilja firra þennan kaupstað og aðra, sem líku máli gegnir, vandræðum. En það má gera án þess að samþykkja þetta frv., t. d. með almennum heimildarlögum fyrir stjórnina, um að hún megi veita undanþágu frá þessum ákvæðum laganna, ef henni þykir lífsnauðsyn bera til.

Jeg býst við meiri umræðum um þetta mál við 2. umr. og skal þá skýra nánar frá afstöðu minni til málsins. Aðeins vil jeg bæta því við, að fyrir skömmu komu hingað ítalskir menn, sem hugðust að kaupa eða leigja stöð í Hafnarfirði, ef þeir gætu fengið leyfi til að leggja afla þar á land. Þeir áttu tal við stjórnina, og var þeim sagt, hvað lögin mæltu fyrir í þessu efni. Nú hafa þeir nýlega ritað stjórninni alllangt brjef um þetta mál, er jeg hefi látið þýða á íslensku og mun leggja fyrir hv. sjútvn., þegar hún fer að íhuga þetta frv.

Forsætisráðherra (SE): Jeg ætla aðeins að taka það fram, að jeg mun ekki að þessu sinni ræða þá hlið þessa máls, sem að mjer snýr, sem sje utanríkishliðina. En jeg óska að eiga tal um það við hv. sjútvn., sem væntanlega fær málið til meðferðar.

Jón Auðunn Jónsson: Mjer er yfirleitt illa við, að langar umræður sjeu hafðar um mál áður en það fer í nefnd. En frv. það, sem hjer liggur fyrir, er þó að ýmsu leyti svo vaxið, að jeg vil ógjarnan láta það fara lengra án þess að fylgja því með nokkrum orðum, sem jeg ætlast til að sjeu til athugunar fyrir hv. sjútvn., sem væntanlega fær þetta mál til athugunar og umsagnar.

Jeg skal strax taka það fram, að jeg undrast það, að frv. þessa efnis skuli vera fram komið. Ástæðan er atvinnuleysi í Hafnarfirði. Það er rjett, að atvinnuleysi er þar nokkurt, þó hygg jeg að afkoma manna þar sje yfirleitt engu lakari en víðast gerist við sjávarsíðuna bæði vestanlands og austanlands. Hvað ástandinu vestanlands viðvíkur, skal þess eins getið, að þar hefir verið óvenjulega aflalítið undanfarin þrjú ár, svo annað eins hefir ekki þekst þar síðan á árunum 1884—87, og er mjer kunnugt um það, að hlutir manna á mótorbátum í sjávarþorpunum þar hafa ekki numið meira en 800 kr. á ári, og síðastliðið ár ekki yfir 700 kr. til jafnaðar yfir alt árið. Þetta eru nú árstekjur sjómanna þar undanfarin ár, og tekjur verkafólks í landi hlutfallslegar. En samt mundi Vestfirðingum aldrei hafa komið til hugar að fara fram á undanþágur eða breytingar á fiskiveiðalöggjöf vorri til atvinnubóta um stundarsakir. Og jeg er nærri viss um, að Hafnfirðingum mundi aldrei hafa komið til hugar að fara þessa á leit, hefði atvinnuvegur þeirra verið bygður á þjóðlegum grundvelli. En aðalatvinnuvegum þeirra hefir um langan aldur verið haldið uppi af fiskiveiðum erlendra manna. Og jeg get tæplega hugsað mjer, að á meðan svo er í garðinn búið verði hægt að girða fyrir atvinnuleysið þar nema í bili. Því þó að þessi undanþága yrði veitt, er hættan alt af á, að gamla sagan endurtaki sig, sú, að útlendingarnir haldi burt strax, ef illa árar og útgerðin hættir að bera sig, og þannig geta ár og jafnvel áratugir liðið svo, að Hafnfirðingar verði atvinnulausir, þó þeir hafi undanþágur fyrir fiskiveiðar útlendinga sjer til handa. Frá mínu sjónarmiði er atvinnuvegur, rekinn af útlendingum með útlendum skipum, aldrei hollur til að byggja á, hvorki fyrir bæjarfjelag eða þjóðfjelagið, og síst heillavænlegt að draga til hans verkafólk frá hinum smærri atvinnuvegum annarsstaðar af landinu. Væri haldið langt á þeirri braut, mætti vel fara svo, að síðari villan yrði verri hinni fyrri. Á kröfum til undanþágu myndum vjer altaf eiga von, bæði þeim, sem kæmu innan frá, nefnilega frá fólki, sem væri atvinnulaust, og við þær yrðum vjer að ráða, og eins utan að, frá útlendingum, og þær gætu orðið okkur erfiðari, jafnvel svo, að við gætum ekki við þær ráðið. Og hvar stæðum vjer svo, þegar illa áraði og útlendingarnir hættu að koma, en skildu eftir bæina yfirfylta af atvinnulausu verkafólki? Hitt vitum vjer líka, að ekki eru þess fá dæmi, að smáþjóðir hafa mist sjálfstæði sitt fyrir það eitt að hafa veitt erlendum þjóðum helst til rúman atvinnurjett. Og þó sumar stórþjóðirnar takmarki hann ekki mjög mikið, einkum þegar um menn er að ræða, sem peningaráð hafa, þá gerir þeim það minna til, þegar það eru þegnar smærri þjóðar, sem minna má sín. En smáþjóðunum er það alls ekki hættulaust, að veita útlendum þjóðum, einkum stórþjóðunum, of víðtæk atvinnurjettindi, því það gefur viðkomandi

stórþjóð ástæðu til að fara að gæta hagsmuna þegna sinna hjá smáþjóðinni og skerast í atvinnumál smáþjóðarinnar. Og eins og jeg tók fram, þá miðar þetta fyrirkomulag, með undanþágu á undanþágu ofan, síst til þess að gera atvinnulíf vort þjóðlegt eða heilbrigt. Og athugandi er það líka, að fæst sjávarpláss geta notið góðs af undanþágunni. Allviðast verður útgerðin rekin aðeins með smærri skipum, mótorbátum. En sje hjer rekin togaraútgerð erlendra manna í stórum stíl, er hætt við, að smábátaútgerðin leggist niður, en það álít jeg heilbrigðast, að sem flestum landsins börnum gefist kostur á að reka sjálfstæðan atvinnurekstur þó í smáum stíl sje. Það má þó enginn skilja þessi orð mín svo, að jeg vilji amast við togaraútgerð, þar sem sjerstaklega er hægt að koma henni við og hægt er að reka hana með innlendum skipum, svo sem í Reykjavík og líklega í Hafnarfirði. En jeg er hinsvegar sannfærður um það, að öllum þorra landsmanna muni hitt reynast affarasælla, að halda við gamla útveginum og leggja þá samtímis meiri rækt við landhelgisgæsluna. Það sem jeg óttast er það, að ef vjer göngum inn á að fara að veita undanþágur frá fiskveiðalöggjöf vorri, þá geti orðið erfitt fyrir oss að stöðva oss á þeirri braut, og að vjer gætum þannig ekki til lengdar varist því að leggja niður innlenda og þjóðlega atvinnuvegi vora, sem eftir öllum staðháttum eru nauðsynlegir, og afleiðingin þá fyrr eða síðar sú, að land vort yrði erlend fiskistöð.

Jeg ætla mjer ekki að fara inn á einstök atriði frv. við þessa umræðu, en fæ væntanlega síðar tækifæri til þess. En eitt er það, sem jeg þó vildi sjerstaklega leiðrjetta hjá hv. flm. (ÁF) nú þegar, sem sje það, að þm. þeir, sem að fiskiveiðalögunum stóðu, hafi ekki vitað fyllilega, hvað þeir voru að gera, eða yfirleitt ekki hugsað lengra en að fella saman í eitt (codificera) eldri lagaákvæði um þessi efni. Jeg tel vafalaust, að þetta sje rangt, og veit að svo er að því er sjálfan mig snertir og marga fleiri. Áreiðanlega var flestum þm. það fullljóst, að mjög strangar gætur þurfti á því að hafa, að rjettur vor til fiskiveiða hjer við land væri sem best trygður, og hvað það snertir, að lögin hafi aðeins átt að ná til síldveiða, þá nær það engri átt. — Hæstv. atvrh. (KlJ) hefir nú skýrt frá því, að erlendar þjóðir hafi þegar reynt að fá undanþágu á hinni eldri fiskiveiðalöggjöf, en stjórnin staðið á móti því, og er vonandi að svo verði áfram.

Það mun rjett vera, sem hv. flm. (ÁF) skýrði frá, að eigi væru nægir peningar fyrir hendi í Hafnarfirði til að koma af stað þeim atvinnubótum, sem með þyrfti. En jeg held þó, að ef Hafnfirðingar hefðu hugsað fyrr um þetta atvinnuástand þar, þá hefðu þeir getað að mjög miklu leyti bætt hagi sína í þessu efni. Í því sambandi minnist jeg þess, að ýmsir góðir mótorbátar hafa verið seldir hjer frá Suðurlandi til Norðurlands, til þess að stunda á þeim fiskveiðar aðeins um sumartímann. Jeg held að hyggilegra hefði verið að festa þá hjer, því slíkir bátar veita æðimörgum atvinnu hjer við Faxaflóa. Og það er leitt til þess að vita, að skip, sem aflað hafa vel og veitt hafa fjölda manns góða atvinnu á vetrarvertíðinni, hverfi hjeðan, til þess að verða aðeins notuð um hásumarið; slíkt er ekki búhnykkur fyrir atvinnulíf þjóðar-

innar. Þetta er engin ásökun til Hafnfirðinga, en það gefur bendingu um það, hvernig fer, þegar menn til lengdar hafa vanist því að kasta áhyggjum sínum á erlent fje og erlendan skipastól og hætta að hugsa um að koma upp innlendum atvinnuvegum. Háttv. flm. (ÁF) gat þess, að bankarnir hefðu ekki sjeð sjer fært að leggja fje til kaupa á togurum handa Hafnfirðingum. Hvað Landsbankann snertir, þá get jeg ímyndað mjer, að ástæðan hafi verið sú, að hann var á síðasta hausti að leita fyrir sjer um lántöku erlendis. En nú mun það lán fengið. Mjer þætti því ekki ósennilegt, að hann væri nú fús til þess að hlaupa undir bagga með kaup á einum eða tveimur botnvörpungum, því fremur sem hann á stóra og dýra fiskveiðastöð í Hafnarfirði. Í Hafnarfirði mun nú vera lagt upp af 4 botnvörpungum, og ef 2 bættust við, þá mætti fullyrða, að atvinna væri þar meiri en í flestum bæjum landsins, því ætlað er, að um 300 eða jafnvel 400 manns lifi á hverjum togara hjer í Reykjavík. Að þessu vil jeg styðja, jafnvel með ábyrgð ríkissjóðs, ef skynsamlega er til kaupanna og útgerðarinnar stofnað. En jeg get ekki verið með í því að veita þeim þessa undanþágu, sem er ekki nema vafasamur stundarhagnaður fyrir bæjarfjelagið, en til stórskaða fyrir alla landsmenn og stórhættulegt sjálfstæðu atvinnulífi landsmanna, bæði á því sviði, sem jeg nú hefi frá skýrt, og þá ekki síður að því er snertir fiskimarkað okkar erlendis. En um það ætla jeg ekki að fjölyrða nú við þessa umræðu.

Svo vil jeg að lokum gera örstutta fyrirspurn til hæstvirtrar stjórnar. Mjer hefir nefnilega verið tjáð, að ráðuneytið hafi þegar veitt undanþágu fyrir 6 erlenda leigutogara til fiskiveiða frá Hafnarfirði. Jeg hefi aðeins sögusögn annara um þetta og vildi gjarnan vita, hvað hæft væri í því.

Flm. (Ágúst Flygenring): Hæstv. atvrh. (KlJ) hjelt því fram, að með fiskiveiðalögunum hefði í raun rjettri engin breyting orðið á um þetta efni. En það er ekki rjett. Þegar lögin komu út, þá voru þau þegar birt í þeim tímaritum og blöðum nágrannaþjóðanna, sem um þessi mál fjalla, og Englendingar voru ekki seinir á sjer og gerðu þegar fyrirspurn til enska ræðismannsins hjer um það, hvernig skilja bæri 3. gr. laganna. Og skýringin var á þá leið, að útlendingum væri óheimilt að hafast við í landi eða á höfn um lengri tíma í þeim tilgangi að reka fiskiveiðar hjeðan. Og auðvitað er það, að ef lögin hefðu enga breytingu gert í þessum efnum, þá væri frv. það, sem hjer liggur fyrir, ekki fram komið. Og hvað því viðvíkur, að útlendingum hafi aldrei verið þetta heimilt, þá er því að svara, að um 12 ára skeið hefir firmað Bookless Bros. rekið útgerð frá eigin stöð í Hafnarfirði óátalið, og er þar þó bæjarfógeti og öll skjöl viðvíkjandi yfirfærslum og kaupum þess þinglesin þar.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) hafði ýmislegt við frv. að athuga, en væntanlega tekst honum þó ekki að gera það að þeirri grýlu, sem hann sýnilega vildi. En sumt var þó ekki órjettmætt, sem hann tók fram, þar á meðal það t. d., að ef undanþága sem þessi gæti orðið Ísfirðingum að verulegum notum, þá bæri líka að veita þeim samskonar ívilnun. Ekki skyldi mjer þá vera óljúft að styðja að því, að þeir yrðu hennar líka aðnjótandi. En að frv. var ekki rýmra, kom til af

því, að þeir, sem hjer á landi reka útgerð með togara, reka hana eingöngu frá stöðvum við Faxaflóa, og má í því sambandi minna á, að þeir togarar, sem Vestfirðingar hafa haldið úti, hafa annaðhvort lagt upp í Reykjavík eða Hafnarfirði. En að öðru leytinu hafa togararnir stöðvar annaðhvort í Hull eða Grimsby; má segja, að þeir sjeu gerðir út þaðan helming ársins.

Um hitt atriðið, sem þingmaðurinn gerði mikið úr, að það sje óheilbrigt að byggja eingöngu á atvinnurekstri útlendra manna, þá er jeg því auðvitað fyllilega samdóma. En hann getur verið bjargráð um stundarsakir, þegar annað þrýtur, og að svo miklu leyti sem innlendi atvinnureksturinn fullnægir ekki atvinnuþörfinni. Það var þetta, sem fyrir oss, flm. frv., vakti. Það er eitt út af fyrir sig stórhagnaður, ef hægt væri nú að selja fiskverkunarstöðina fyrir ½ milj. kr., í stað þess að hún er nú arðlaus eign og eigendum sínum til byrði. Hinu þarf varla að gera ráð fyrir, að vjer af þessum ástæðum stöndum uppi með fulla bæi af atvinnulausu fólki. Svo mikið hafa Hafnfirðingar aldrei bygt á þessum atvinnurekstri. Allar þesskonar spár eru með öllu ástæðulausar grýlur. En sem sagt, jeg tel heppilegt, að vjer notfærum oss sem best þann hagnað, sem vjer getum haft af versluninni við útlendinga, og þar sem atvinnuleysið er annarsvegar, þá ættum vjer líka að geta mætt þeim á þeirri leið, ekki einungis og beinlínis vegna fjárskorts okkar, heldur vegna hins, að vjer þurfum einnig að leita til þeirra í sömu erindum, og er mjer ekki ljóst, hvernig slík viðskifti ættu að geta gert atvinnulífið óheilbrigt. Það er heldur ekkert smáatriði, að vjer verðum jafnan margt að læra af útlendingum, ef vjer eigum ekki að dragast aftur úr. Vjer höfum að minsta kosti hingað til orðið að leita til þeirra í þeim efnum, og jeg geri ráð fyrir, að svo verði eftirleiðis. Vjer lítum þannig á, að þegar útlendingar sækja um leyfi til þess að setjast hjer að, gera þeir það oft af einskonar æfintýralöngun, sem þeir jafnaðarlega hafa ekkert upp úr. En því á þá að spilla þessu og banna þeim að koma?

Þá talaði háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) um það, að vjer ættum að hlynna að smábátaútgerðinni, vegna þess, að hana stunduðu flestir, og svo til þess, að atvinna hjeldist og skiftist á sem flestar hendur. Þetta er ágætt, svo langt sem það nær og er framkvæmanlegt. En vjer verðum að athuga, að fiskimið vor hafa gengið mjög úr sjer hin síðustu ár, þ. e. a. s. öll grunnmiðin. Fyrrum voru auðug fiskimið svo að segja inni á hverjum firði, en nú eru þau eydd, vegna þess að innlendir og erlendir botnvörpungar hafa tæmt þau og fiskur helst þar eigi lengur við. Fiskur gengur nú eigi lengur eins langt upp á grunnmiðin sem áður, en það eru mið opinna báta og smærri mótorskipa, og þegar þessi mið bregðast, verða stóru skipin að koma til. Auk þess hefir þessi atvinnuvegur smábátanna eigi reynst betur en svo, að hann gefur eigi trygga atvinnu eða arð, enda er hann að miklu leyti á sama stigi í ár og hann var fyrir þúsund árum síðan.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg ætla mjer ekki að blanda mjer inn í deilur háttv. 1. þm. G.-K. annarsvegar og háttv. þm. Borgf. og þm. N.-Ísf. á hina hlið. Háttv. 1. þm. G.-K. heldur því fram, að fiski-

löggjöfin frá 1922 hafi orsakað mikið atvinnutjón í Hafnarfirði, en hinir halda því fram, að hagsmunir alls landsins í heild sinni megi eigi vera án þessara laga. Ástæðan til þess, að jeg nú tek til máls, var eitt atriði, sem háttv. þm. N.-Ísf. vakti athygli sjútvn. á. Jeg vil einnig vikja því til sömu nefndar, að hún athugi vandlega í sambandi við þetta frv. það, sem jeg nú vil minnast á. Jeg hefi hjer fyrir framan mig nál. tollmálanefndarinnar norsku. Þar stendur meðal annars það, sem jeg nú ætla mjer að lesa upp, að þar til fengnu leyfi hæstv. forseta:

„I skrivelse av 11te august 1922 til Handelsdepartementet har fiskeridirektören gjort opmerksom på at Island har vedtatt en ny fiskerilov, som kan sies i förste rekke å være rettet mot nordmennene, og at denne lov kan komme til å virke meget generende for de norske fiskerier på Island. Da på den annen side den forhöjede kjött-told kan tenkes å virke generende for Islands export af saltet fårekjött til Norge mente fiskeridirektören at der kunde tenkes forhandlinger om gensidige lempninger av den nevnte fiskerilov og kjött-tolden forsåvidt det islandske fårekjött angår."

Þar á eftir kemur yfirlýsing nefndarinnar um, að hún vísi því til norsku stjórnarinnar, að reyna samninga við stjórn Íslands um að lækka kjöttollinn að því er tekur til ísl. saltkjöts, gegn ívilnunum til handa Norðmönnum í fiskilöggjöf vorri. Það er ljóst af þessu, eins og jeg vjek að í gær, að Norðmenn álíta fiskilögin frá 1922 stíluð gegn sjer, og þar sem þetta, sem jeg las upp, kemur fram rjett eftir tollhækkunina, er mjög líklegt, að hún stafi að einhverju leyti frá þessum lögum frá 1922.

Það var þetta, sem jeg vildi vekja athygli sjútvn. á, og þar sem háttv. þm. Borgf. sagði, að hagsmunir alls landsins væru mjög svo bundnir við þessa löggjöf frá 1922, vil jeg leyfa mjer að biðja sjútvn. að taka þetta til athugunar ásamt öðru, sem hún gerir. Þessvegna bið jeg nefndina að athuga einnig þetta, sem jeg las upp.

Jeg vil taka undir með háttv. þm. Borgf. í því, að landbúnaður og sjávarútvegur eru fjöregg þjóðarinnar, sem allir vilja vernda, og því vænti jeg, að háttv. sjútvn. vilji hafa hagsmuni beggja þessara atvinnuvega í huga.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Gagnvart háttv. flm. þessa frv. verð jeg að halda því fram, að lögin frá 1922 hafi verið „praktiseruð", að því er snertir þorskveiðar, alveg eins nú og jafnan hefir verið áður. Þetta getur stjórnarráðið auðveldlega sannað skjallega. Mál þetta hefir oft komið þar fyrir og verið ítarlega rannsakað. Um 1904, þegar er vjer höfðum fengið vora fyrstu innlendu stjórn, kom málaleitun til stjórnarinnar, sem gaf tilefni til þess að þetta mál var ítarlega rannsakað. Það gerði þáverandi skrifstofustjóri dómsmálaráðuneytisins, Jón Magnússon. Komst hann að þeirri niðurstöðu, að útlendingum væri alveg óheimilt eftir gildandi lögum að reka hjeðan fiskiveiðar. Þessu áliti var jeg alveg sammála, og þessu hefir verið haldið fram af stjórninni alt til 1917, að því er jeg veit til, og jeg hygg einnig síðar. Þetta er, eins og jeg sagði, hægt að sýna með skjölum. Hitt er annað mál, að það getur verið, að það hafi liðist á stöku stað, að erlendur

maður ræki hjer þessa atvinnu; en um það er mjer þó ókunnugt. Ef svo hefir verið einhversstaðar, var það verk sýslumanns eða bæjarfógeta að taka þar í taumana og tilkynna stjórnarráðinu, ef hann var í vafa í einhverju atriði. Jeg hefi eigi orðið var við, að bæjarfógeti Hafnarfjarðar hafi gert neinn málarekstur viðvíkjandi Bookless. Jeg hefi ávalt skoðað starfsemi hans hjer á landi nokkuð svipaða og þá, sem Mr. Ward rak hjer fyrir nokkru, nefnilega fiskikaup, en ekki að hann væri hjer heimilisfastur eða ræki hjer beinlínis útgerð.

Háttv. þm. N.-Ísf. spurði, hvort það væri satt, að undanþága hefði verið veitt fyrir 6 togara frá Hafnarfirði. Því skal jeg stuttlega svara með einu nei-i. Jeg hefi enga undanþágu veitt, hvorki einum nje fleiri. En jeg hefi lýst því sem minni eigin skoðun, að innlendum mönnum væri heimilt að taka erlend skip á leigu til fiskiveiða. Það kom fram fyrirspurn um þetta atriði áður en Hafnfirðingar fóru fram á að fá undanþágu undan lögunum, og þessu svaraði jeg þá. Þetta er aðeins minn skilningur á lögunum, en raunar heyrir málið undir dómstólana. Jeg get gefið skýrslu um það hvenær sem er, á hverju jeg byggi þennan skilning minn á lögunum, en jeg tel rjettara að geyma það til 2. umr. þessa máls.

Pjetur Ottesen: Það er mín meining að halda mjer aðeins við þá hlið þessa máls, að vara við öllum undanþágum og undanhaldi í fiskiveiðalöggjöfinni, vara við þeim háska, sem í því er fólginn að veita undanþágu frá fiskiveiðalögum, þó í smáum stíl sje og eigi ekki að vera nema handa einni þjóð, því ef það er gert, verður trauðla viðnám veitt eða staðið í móti kröfum annara til hins sama. Skal jeg því eigi fara langt út fyrir þetta atriði, en vil aðeins taka það fram, að háttv. flm. þessa frv., sem ætlaði að vinna máli sínu gagn með því að vekja tortrygni á skilningi þingsins 1922 á lögunum, sem hjer um ræðir, hefir algerlega mistekist. Það er fullvíst, að þeir, sem þá sátu á þingi, höfðu fullan skilning á þýðingu laganna og hver nauðsyn þjóðinni væri á að slíkri löggjöf væri framfylgt til verndar hagsmuna landsmanna. Þingið hafði óbifanlega trú á gagnsemi þessara laga, og á bak við þá trú var samhuga vilji manna, að einskis yrði látið ófreistað til að framfylgja lögunum. Og einmitt þess vegna var lagt kapp á að koma þeim í gegnum þingið. Það er því alveg rjett, sem hæstv. atvinnumálaráðh. sagði, það er ekki hægt að ávíta stjórnina fyrir annað en ef hún hefir eigi fylgt lögunum nógu fast fram Það er alment viðurkent, að það hefir verið farið kringum lögin, og á síðasta þingi aflaði jeg mjer gagna um það mál, sjerstaklega um framkvæmd fiskiveiðalaganna fyrir Norðurlandi 1922, og í sambandi við umræður þær, sem urðu um fyrirspurn mína til stjórnarinnar á síðasta þingi um framkvæmdir í landhelgisgæslumálum, skoraði jeg á hæstv. forsrh. (SE) að láta rannsaka það mál, og ef hann vildi gefa yfirlýsingu um, að lögunum yrði betur framfylgt eftirleiðis, kvaðst jeg mundu láta niður falla að því sinni að birta gögn þau, er jeg hafði í höndum um þetta. Forsætisráðherrann lofaði því þá og lýsti því yfir í þinginu, að þetta mál skyldi verða rannsakað, og dettur mjer alls ekki í hug að rengja hann um, að það hafi

verið gert; því þó enn sje eigi fram komin nein skýrsla frá stjórninni um það mál, getur hún vel komið ennþá. Það, sem gera ber í þessu máli, er að herða á framkvæmd laganna og gera alt, sem við orkum, til þess að þau nái tilgangi sínum á þeim grundvelli, en forðast að víkja þar í nokkru frá settu marki.

Háttv. flm. sagði, að við ættum að líkja eftir stórþjóðunum. Já, þetta höfum við einmitt gert. Fiskiveiðalöggjöfin frá 1922 er samhljóða gildandi lögum um þetta efni í Noregi. Vjer höfum í þessu efni farið að dæmi Norðmanna, og var það ofur eðlilegt, þar sem svo líkt hagar til þar og hjer hvað fiskiveiðarnar snertir. Vilji háttv. flm., að við förum að dæmi stærri þjóða, bendi jeg honum hjer með á það, að við höfum gert það einmitt í fiskiveiðalöggjöfinni.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) er að fóðra undanhald sitt í þessu máli síðan 1922. Þá gerði hann engan ágreining um þessi lög. Nú tilfærir þm., að þá hafi verið bjartara yfir öllum atvinnuvegum en nú, og því sje öðru máli að gegna. Jeg lít alt öðruvísi á þetta mál; eftir því sem útlitið er skuggalegra eigum við að halda fastara í þessi verndarlög, því að viðreisn þjóðarinnar er fyrst og fremst undir okkur sjálfum komin.

Háttv. flm. kvartaði undan því, að verið væri að gera úlfalda úr mýflugu. Það hygg jeg að hann hafi einmitt sjálfur gert. Háttv. flm. sagði í framsöguræðu sinni, að þetta frv. sitt væri ofur saklaust; það færi að eins fram á að leyfa Hafnfirðingum að hleypa að 6 togurum. Nú hefir hann lýst því yfir, í tilefni af ummælum háttv. þm. N.-Ísf., að hann sje eigi aðeins fús til að veita Ísfirðingum sama háttar hlunnindi!!, heldur sje hann meðmæltur undanþágu fyrir hvern, sem hafa vill. Þar með er háttv. þingmaðurinn búinn að lýsa því yfir, að þessi litla og saklausa undanþága, sem hann kallar svo, mundi brátt verða sá mistilteinn, sem hinni íslensku þjóð stafaði mikil hætta af. Þá sagði háttv. flm., að það gerði ekki mikið til fyrir Hafnfirðinga, þótt þessi erlendi útgerðarmaður þar færi á höfuðið. Segjum að útgerðarfjelag þar yrði gjaldþrota eftir árs starfsemi. Það hefir veitt mönnum atvinnu í eitt ár, en hvernig fer nú fyrir þeim, sem bygt hafa vonir sínar um atvinnu á þessu fjelagi næsta ár? (ÁF: Kannske betur!) Kannske betur, segir hv. flm. Nei, endurbóta á þessu er ekki að vænta í öðru en því, að það verði breyting á þeim hugsunarhætti, sem nú virðist vera ríkjandi í Hafnarfirði, að varpa allri sinni áhyggju upp á útlendinga. Þá gerði hv. flm. mikið úr því, sem vjer höfum lært og gætum lært af útlendingum, og taldi það til meðmæla með þessu frv. Það er vitanlega satt, að við höfum lært margt það af útlendingum, er til framfara hefir orðið hjá okkur viðvíkjandi fiskiveiðum og fleira. (ÁF: Alt!). Þetta er fljótfærnislega mælt og ályktað og rangt í þokkabót. Það er margt gott og nýtilegt í atvinnuvegum okkar, sem vaxið er upp með þjóðinni og okkur hefir gefist betur en það, sem aðfengið hefir verið. Að vísu höfum við sótt margt gott og nýtilegt til útlendinga, því ber ekki að neita, en einnig líka margt ilt, sem orðið hefir til skaða öllu því, sem var gott, gamalt og þarflegt í fari okkar. Síldveiðar Norðmanna og annara útlendinga hjer við land hafa komið mörgu illu og óheilbrigðu inn í þjóð-

fjelag vort. Jeg vil ekki kaupa þessa erlendu fræðslu of dýru verði, enda stendur og önnur leið opin fyrir okkur, það er að senda menn utan til þess að kynnast framförum á atvinnusviðinu, og þurfum vjer þá ekki að stofna hinum helgustu rjettindum vorum í voða fyrir það, og erum við þá lausir við þá hættu, sem af því stafar, að hleypa siðferðissneyddum óaldarlýð inn í landið. Háttv. flm. sagði, að það sæti ekki á okkur að láta mikið um að vernda rjett vorn; framfarirnar væru ekki það miklar eftir 1000 ár. Þetta er eigi sanngjarnlega mælt, því framfarir hafa þó þrátt fyrir alt orðið talsverðar hjá okkur, og ef við verjum ekki sjálfir rjett vorn, þurfum vjer eigi að vænta þess, að aðrir geri það.

Mjer þykir mjög miður, að þetta frv. er fram komið. Bæði af því að það sýnir, að til eru menn hjer á landi, er misskilja svo og gera svo lítið úr þýðingu fiskiveiðalaganna, að þeir skuli freista að rjúfa þennan varnarmúr um fjárhagslegt sjálfstæði landsins, og svo af því, að nú stendur einmitt svo á, að við eigum í höggi við aðra þjóð, Norðmenn, í verslunarviðskiftum, og þá er mjög óheppilegt, að við sýnum í orði eða verki vott um veiklun eða undanhald í þessu máli, því það gæti leitt til þess, að Norðmenn krefðust tilslakana af okkar hálfu á fiskiveiðalöggjöfinni, enda þótt mjer þyki ólíklegt, að þeir geri það, er þeir hafa samskonar lög og við um þessi efni. (Trþ: Þeir hafa þegar gert kröfur til ívilnunar.). Háttv. þm. Str. hefir verið að ympra á því hjer í umræðunum um þetta mál, og hann hefir haldið því fram í blaði sínu, „Tímanum“, að kjöttollur Norðmanna stafaði frá fiskiveiðalöggjöf okkar frá 1922. En þessi tilgáta hans hefir við engin rök að styðjast. Það er upplýst um upphaf þess máls í Noregi, að Norðmenn höfðu íslenska saltkjötið alls ekki í huga, er þeir hækkuðu kjöttollinn. Kjöttollshækkuninni var beinlínis stefnt á nýja kjötið frá Danmörku og öðrum nágrannalöndum, sem var að verða stórhættulegt kjötframleiðslu Norðmanna sjálfra. Verður því alls eigi sjeð, að Ísland hafi þar komið til greina. Og þegar athuguð er atkvæðagreiðslan í norska þinginu, er hækkunin á kjöttollinum var samþykt, kemur í ljós, að hún var samþykt með 84: 58 atkv., og þeir, sem mótatkvæði greiða, eru fulltrúar verkamanna og útgerðarmanna, einmitt fulltrúar þeirra stjetta, sem helst ættu að hafa haft óhag af fiskiveiðalöggjöf okkar. Þessi tilgáta háttv. þm. Str. hefir því alls ekki við rök að styðjast. Kröfur Norðmanna, ef nokkrar eru, um tilslökun á fiskiveiðalöggjöfinni, eru því fyrir það eitt fram komnar, að hjer heima hafa heyrst raddir um, að til mála geti komið að slaka til á fiskiveiðalöggjöfinni, og það hefir jafnvel verið gengið svo langt í þessu, að þeim hafi verið boðið upp á þetta.

Jeg endurtek það, að jeg tel óheppilegt, að mál þetta er nú fram komið og að farið var að draga Norðmenn og kjöttollsmálið inn í þessar umræður. En úr því að það hefir verið gert, vil jeg benda hjer með á, að það er nauðsynlegt, að þau verði afdrif þessa máls, að þingið sýni svart á hvítu, að það þvertaki fyrir allar tilslakanir á fiskiveiðalöggjöfinni og felli þetta frv. Og ef það reynist satt, að Norðmenn ætluðu að gera okkur þungar búsifjar í viðskiftum, þá er okkur önnur leið opin til að svara slíkri rangsleitni

og ágengni af þeirra hálfu í okkar garð. Norðmenn hafa hjer mikil viðskifti og njóta mjög góðra kjara hjá okkur. Hvað er þá því til fyrirstöðu, að við grípum til okkar ráða á þeim sviðum, til þess að ná rjetti okkar á þeim og sviftum þá þeim hlunnindum, sem þeir nú njóta hjer í ríkum mæli. Það er rjetta svarið.

Magnús Jónsson: Jeg ætla ekki að leggja hjer mörg orð í belg, en úr því margir háttv. þm. eru farnir að lesa væntanlegri nefnd textann um, hvað hún eigi að athuga í sambandi við þetta mál, vil jeg nefna eitt atriði, sem í mínum augum er hið stærsta í þessu máli. Með þessari undanþágu undan fiskiveiðalöggjöfinni er útlendingum heimilað að leggja hjer á land afla sinn, verka hann hjer og flytja hann út aftur sem íslenskan fisk. Íslendingum hefir nú tekist að gera fisk sinn að ágætri vöru, og tel jeg mjög varhugavert að hleypa útlendingum þar að. Jeg býst að vísu við, að menn vilji segja, að ekki muni svo ýkjamikið um eina 6 útlenda togara. En bæði er, að ekki munar svo lítið um þetta, þegar miðað er við vora litlu framleiðslu, og auk þess er hætt við, að haldið verði áfram með undanþágurnar, ef þingið færi á annað borð inn á þá braut. Finst mjer að Spánarmarkaðurinn hafi nú orðið oss svo dýr, að vjer ættum að hugsa oss vel um áður en vjer látum hann svo ljettilega af hendi. Jeg skal játa, að það gerði ekkert til, þótt vjer ljetum útlendinga fá hlutdeild í markaðinum, ef hann væri ótakmarkaður. En það er síður en að svo sje, og verðum vjer því að gæta allrar varhygðar í þessu efni.

Jeg skal svo ekki fjölyrða þetta meir, en vonast til að háttv. nefnd taki þetta atriði til rækilegrar íhugunar, ásamt öðru, sem fram hefir komið í málinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 2 atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 31, n. 52).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Ágúst Flygenring): Jeg þarf ekki að vera fjölorður að þessu sinni, þar sem jeg hefi áður við 1. umr. skýrt greinilega frá ástæðum þeim, er til frv. lágu. Þær voru í einu orði sagt það megna atvinnuleysi, sem nú er ríkjandi í Hafnarfirði, en sem aftur er afleiðing þess, að fótunum hefir verið kipt undan aðalatvinnuvegi bæjarins með því að hamla útlendingum að reka fiskiveiðar þaðan. — Sjútvn. hefir nú haft mál þetta til meðferðar á nokkrum fundum, eins og sjá má af þskj. 52, og er skemst frá því að segja, að hún hefir ekki getað orðið sammála. Hafa þrír nefndarmanna tjáð sig ósamþykka frv., en tveir eru því fylgjandi, að það nái fram að ganga. Þess skal þó getið, að einn af þeim þremur, sem á móti frv. eru, er ekki andvígur frv. að efni til, heldur formi. Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) vildi láta samþykkja heimildarlög til handa stjórninni til að veita undanþágur í líka átt. Hann telur þetta nauðsynlegt, með því að víðar muni þörf atvinnubóta en í Hafnarfirði. Jeg hefi í sjálfu sjer ekkert á móti því, að

þetta væri gert, en jeg held aðeins, að það gæti ekki komið að neinum notum nema hjer við Faxaflóa, og þá aðeins á tveim stöðum, Hafnarfirði og Reykjavík. Annarsstaðar frá myndi varla emnþá, fremur en áður hefir verið, verða stundaðar þorskveiðar á togurum að vetri til. Og jeg á líka bágt með að skilja, að þeir, sem „principielt" eru mótfallnir undanþágum sem þessari með frumv., geti aðhylst þær í enn víðtækari mynd. Í öðru lagi má gera ráð fyrir, að eigi fyrst að veita undanþágurnar, þegar hallærið er alveg yfirvofandi, þá komi hún ekki að notum, svo seinfært sem þetta er. Það má nefnilega ekki búast við því, að útlendingar mæni eftir því að komast hjer að, því hefði svo verið, hefðum vjer ekki getað spornað við því.

Jeg skal þá koma að ástæðum háttv. tveggja meðnefndarmanna minna, þeirra hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), sem hv. deild mun kunnugt um frá 1. umr. Þessir hv. þm. segja, að með því að gefa þessa undanþágu, sem í frv. felst, þá sje leiðin opnuð fyrir fleiri samskonar undanþágur, og þá geti þetta orðið til þess að veikja afstöðu vora til annara mála og annara þjóða. Hafa þeir í þessu sambandi minst á kjöttollinn og síldveiðar Norðmanna hjer við land. Ennfremur taka þeir fram, að ef útlendur skipastóll settist hjer að til að reka hjeðan fiskiveiðar, þá gæti afleiðingin orðið sú, að eftirspurn eftir fiski minkaði, og þá auðvitað líka verð hans, vegna of mikils framboðs, og enn halda þeir því fram, að að þessu geti aldrei orðið mikil atvinnubót til frambúðar. Og þá ástæðu get jeg, út af fyrir sig, fallist á, enda aldrei hugsað mjer, að þetta yrðu bjargráð nema til bráðabirgða. Hinar ástæðurnar eru að mínu áliti veigaminni. Fyrst er þess að gæta, að útlendingar setjast hjer ekki að öðruvísi en sem æfintýramenn og um stundarsakir. Á hinn bóginn finst mjer, að vjer getum illa staðið oss við að hrinda frá oss þeirri hjálp, sem þetta gæti veitt oss til að greiða fram úr hinum erfiðu ástæðum vorum og sem ekki þarf að kosta oss annað nje meira en lítilfjörlega tilhliðrun á ómerkilegum pappírslagaákvæðum. Og muna mundi oss um þau erlend viðskifti, sem koma myndu með útvegi útlendinganna.

Því var skotið fram um daginn, að þar sem þetta væri ekki neitt til að byggja á til frambúðar, þá væri lítið gefandi fyrir það, málefnið ekki þess vert, að gefandi væri undanþága frá lögum fyrir það. En þetta er þó það, sem gæti bjargað Hafnarfirði um næstu 2—3 ár, einasta ráðið, sem hægt er að benda á í því skyni, og talsverður styrkur að því líka fyrir Landsbankann, sem með þessu móti gæti selt eign, sem honum er nú arðlaus, fyrir ½ milj. kr. Og ef við eigum ekki völ á því besta, þá verðum vjer að sæta því næst besta. Það besta er, eins og jeg hefi áður tekið fram, að við gætum verið sjálfum okkur nógir. Kringumstæður vorar eru svo, að oss er um megn að ráðast í ný stórfyrirtæki; alþjóð manna vantar tilfinnanlega fje, og þó eitthvað fengist að láni, þá er það óvenjulega dýrt, vextir 8—9%, og þar við bætist hið hörmulega gengi krónunnar íslensku, sem aldrei hefir verið eins hrapallegt. Þannig verðum vjer að kaupa hvert sterlingspund tvöföldu verði við það, sem var fyrir stríð, meðan okkar króna gekk ennþá sem gullkróna. Að þessu öllu samanlögðu

og athuguðu ætti mönnum að geta skilist, að það er ekki að nauðsynjalausu og út í bláinn, að vjer höfum gripið til þess að leita þeirrar undanþágu, sem frv. fer fram á.

Mjer væri það auðvitað óljúft að raska fiskiveiðalöggjöf vorri, en það er eins og hugboð segi mjer, að ekki verði langt að bíða, að hún verði endurskoðuð og þörfin knýi menn til að breyta henni. Nú siglum vjer til Englands með fisk vorn og fáum þar samskonar afgreiðslu sem innlendir værum. Hvað gætum við nú gert, ef Englendingar óskuðu að gjalda oss líku líkt og meinuðu oss að leggja þar upp fiskinn. Jeg segi ekki að til þess komi, m. a. vegna þess, að þeir vilja ekki vera hjer, þurfa ekki á því að halda.

Því hefir verið haldið fram, tæpast þó líklega í alvöru, að ef undanþágur sem þessi yrðu veittar, myndi svo fara, að landið fyltist af útlendum skríl. Það þarf meira en lítið fjörugt hugmyndalíf til að gera ráð fyrir slíku. En hitt tel jeg víst, að þetta geti að miklu leyti komið í veg fyrir þá leppmensku, sem nú mun orðin tíð að minsta kosti á Norðurlandi, og þó jeg segi ekki, að Hafnfirðingar myndu sjerstaklega gera sig seka í þessu, þá er það þó ekki annað en það, sem altaf má gera ráð fyrir, þegar óeðlileg og „ópraktisk" lög eru annarsvegar. En eins og jeg tók fram, þá er jeg ekki að spá neinu um þetta, en dæmi aðeins út frá því, sem átt hefir sjer stað annarsstaðar.

Jeg skal svo að endingu taka það fram, að óhætt er að fullyrða, að ekkert annað en það, sem nú hefir verið talið, liggur að baki frv., hvorki frá hálfu flm. þess eða annara, sem að því standa. Og jeg er að því leyti til alveg sammála því, að komið geti til mála að veita öðrum stöðum en Hafnarfirði samskonar undanþágu, ef möguleikarnir til að færa sjer hana í nyt væru þar aðeins fyrir hendi. Vona jeg svo að engin of sterk landvarnarstefna geti orðið þessu frv. að falli, en vil fela það á hendur hv. deild með þeirri ósk, að hún sjái, hversu rjettmætt það sje og hversu sterk rök og mikil nauðsyn mæli með því, að það fái óhindrað að ganga fram.

Sigurjón Jónsson: Hv. flm. frv. þessa (ÁF) hefir nú lýst því, hvernig sjútvn. klofnaði í málinu. Við, sem erum í meirihluta, leggjum til, að frv. verði felt, en það, sem jeg hefi nú á móti frv. að segja, tala jeg þó aðeins fyrir eigin munn og á minn kostnað.

Jeg skal þá fyrst taka það fram, að frv. þetta er ekki rjett orðað, því það hefði átt að vera frv. til laga um heimild handa stjórninni til að veita undanþáguna, og á þeim grundvelli tel jeg mjer óhætt að ræða um frv., en stjórnin mun telja sjer skylt að veita hana samkvæmt yfirlýstum vilja þingsins.

Markmið fiskiveiðalöggjafarinnar frá 19. júní 1922 var það, að vernda þessa atvinnu fyrir oss sjálfa og tryggja oss nokkra sjerstöðu gagnvart erlendum þjóðum, sem reka hjer við land samskonar atvinnuveg. Og það var ekki að ástæðulausu og út í bláinn, að þau lög hafa verið sett, því að þau eru endurtekning af eldri lagaákvæðum um þessi sömu efni og sprottin af langri reynslu. Og það mun mála sannast, að hefðum vjer haft allar dyr opnar, þá hefði oss aldrei tekist til lengdar að halda uppi samkepninni við aðrar þjóðir. Enda gengu lögin frá 1922 gegnum þingið

með almennu fylgi háttv. þm. þá, svo sýnilegt er, að þeim hefir verið ljós nauðsynin á að grípa hjer í taumana. Og sú hefir raunin orðið á, að vinsælust hafa lögin orðið meðal þeirra manna, sem annast láta sjer um þennan atvinnuveg, útgerðina, en það eru útgerðarmenn. Og þó lögin hafi mestmegnis tekið upp eldri lagaákvæði og fyrirmæli, þá hafa þau orðið þar skýrari og ákveðnari og almenningi um leið kunnari.

Viðvíkjandi því, sem tekið hefir verið fram, að hv. þm. þeim, sem þá sátu á þingi, hafi varla verið ljóst, hvað þeir voru að gera með lögunum, þá get jeg ekki farið að taka það alvarlega, því jeg er þess fullviss, að allflestir þm. hafi alls ekki verið í neinum vafa um, til hvers lögin tækju, þó jeg hinsvegar vilji ekki bera neinar brigður á játningu hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að honum hafi verið það óljóst. Það sem hjer með þessu frv. er farið fram á, er þá það, að slegið verði af þessum verndarlögum, og jeg vænti, að flestir háttv. þm. sjeu sömu skoðunar og jeg í því, að ekki sje um að ræða neina lítilfjörlega tilslökun á ómerkilegum pappírslagabókstaf, eins og hv. flm. (ÁF) var svo óheppinn að láta sjer um munn fara, heldur sje með þessu verið að rýra í stórum stíl mikilsvarðandi verndarlög, sem mjer er fullljóst, að standa á heilbrigðum grundvelli og sem fjárhagslegt sjálfstæði vort á í eina sína veigamestu stoð.

Jeg get heldur ekki gert lítið úr afleiðingum þeirrar stefnu, sem þetta frv. felur í sjer. Háttv. flm. sagði, að hjer væri aðeins um lítilfjörlega tilhliðrun að ræða. En sjeum við einu sinni komnir inn á þá braut, verður erfitt að láta staðar numið. Færi svo, að við sýndum þá tilhliðrunarsemi við Hafnfirðinga, að við veittum þeim þessa undanþágu, býst jeg við að aðrir komi á eftir, og verður þá erfitt að neita þeim um það, sem Hafnfirðingum var leyft. Í öðru lagi segir heilbrigð skynsemi oss, að ef vjer veitum borgurum einnar þjóðar, sem vjer njótum „bestu kjara“ hjá, einhverjar ívilnanir, verður oss óhægt að neita borgurum annarar þjóðar, þar sem eins stendur á, um samskonar hlunnindi. Jeg tel sjálfsagt, að hæstv. stjórn gefi upplýsingar um þetta atriði, að því leyti sem það viðkemur viðskiftum vorum við erlend ríki. En mjer sjálfum er það fullljóst, að erfitt muni að stöðva sig á þessari braut; því er svo varið um þetta, að ef vjer rjettum út litla fingurinn, er þegar tekið í alla höndina. En ef svo fer, eru verndarlög annars aðalatvinnuvegar þjóðarinnar orðin að hjegóma. Jeg lít svo á þetta mál, að hjer sje um raunverulegt sjálfstæðismál þjóðarinnar að ræða, og jeg vitna til þess, sem hv. þm. Str. (TrÞ) sagði í einni ræðu sinni í gær, að þá væri eigi verið að ræða um raunverulegt sjálfstæðismál. Skil jeg því ekki í öðru en að bæði háttv. þm. Str. og aðrir, sem hafa svipaðan hugsunarhátt og hann, áliti þetta mál, sem hjer ræðir um, raunverulegt sjálfstæðismál. Efa jeg því ekki, að þeir menn, sem meta mest fjárhagslegt sjálfstæði í atvinnuvegum sem öðru, sjeu mjer sammála um þetta. Þá sýnist mjer sem háttv. flm. þessa frv. slái niður sín eigin rök með greinargerðinni fyrir frumvarpinu. Þar stendur, að atvinnuleysisvandræði Hafnfirðinga stafi af því, að erlendir menn hafi rekið þar atvinnu um alllangt skeið, en síðan horfið þaðan á braut, og standi því vinnulýður bæjar-

ins eftir atvinnulaus. Þykir mjer það vera að slá niður sín eigin rök, að háttv. flm. leggur til með þessu frv., að haldið sje aftur inn á þá sömu braut, sem svona hefir gefist. Jeg hygg, að heppilegra væri að taka alveg nýja stefnu í þessu máli og sporna heldur við því, að erlend togaraútgerð kæmi þar aftur. 6 togarar í viðbót við það, sem þar er, hlýtur að þurfa fleira verkafólk en Hafnfirðingar geta látið í tje, og afleiðingin yrði sú, að ennþá fleira verkafólk flyktist þangað að úr nærsveitum og ef til vill víðar að, og að síðustu mundi það enda með því að standa atvinnulaust eftir, eins og nú hefir átt sjer stað. Því eigi munu Hafnfirðingar geta ráðið því, hversu lengi þessi atvinna varir, fremur en hingað til. Háttv. flm. tók það rjettilega fram, að nú væru erfiðir tímar til þess að byrja ný atvinnufyrirtæki, en þó þurfi þeirra með, til þess að bjargast úr þessum vandræðum. En jeg lít svo á, að með því að veita þessa undanþágu, tefjum vjer fyrir því, að stofnað verði þar til nauðsynlegra framkvæmda á þjóðlegum grundvelli. Komi þessir 6 erlendu togarar, dregur það dug úr mönnum að byrja á innlendum fyrirtækjum. Það er að vísu satt, að tímarnir eru erfiðir, þegar peningar eru í jafnlágu verði og þeir eru nú, en rentur háar. Samt vil jeg segja það sem mína sannfæring, að svo hefir þó lýst framundan, að nú væri ekki óálitlegt að hefjast handa, ef unt væri. Hinsvegar vona jeg, að eitthvað muni rætast úr fyrir Hafnfirðingum, þó þetta frv. verði felt. Hefi jeg dálitla ástæðu til þeirrar vonar, enda þótt jeg eigi geti eða hafi heimild til að segja hv. þingdeild frá því, á hvern hátt það megi verða. Það er svo langt fjarri öllum sanni, að fiskiveiðalögin frá 1922 sjeu ómerkilegir pappírsbókstafir; öllu fremur eru þau hornsteinar undir sjávarútvegi okkar og skilyrði fyrir því, að þessi atvinnuvegur dugi okkur og komi þjóð okkar að fullum notum. Þess vegna hika jeg eigi við að leggja það til við hv. þingdeild, að þetta frv. verði felt.

Ásgeir Ásgeirsson: Eins og nál. ber með sjer, er jeg þeirrar skoðunar, að fella beri þetta frv. Þó hefi jeg þá sjerstöðu við aðra hv. samnefndarmenn mína, að jeg hefði fremur kosið, að frv. hefði sumpart verið víðtækara en það er. Það er ekki viðfeldið að veita Hafnfirðingum einum sjerrjettindi umfram aðra þegna ríkisins. Ef Hafnfirðingar fengju þau sjerrjettindi að hleypa inn hjá sjer 6 erlendum togurum, ættu Siglfirðingar eins rjett á að fá t. d. undanþágu fyrir 50 erlend síldarskip, Seyðfirðingar undanþágu undan skipagjaldi, Vestmannaeyingar sjerrjettindi til að flytja inn steinolíu án íhlutunar landsverslunarinnar o. s. frv. Jeg tel yfir höfuð hættulegt að fara inn á slíka sjerrjettindabraut. Ein og sömu lög eiga að gilda um land alt og allir eiga að vera jafnir fyrir þeim. Þetta frv. er fram komið vegna yfirvofandi hallæris, og ef þessi undanþága verður veitt, eiga allir aðrir íslenskir þegnar sama rjett til bjargráða, ef hallæri bæri víðar að, því allir eiga að vera jafnir fyrir lögunum og allir jafnbundnir af þeim. Heppilegra væri þó að hjálpa Hafnfirðingum á þann hátt að veita stjórninni heimild, í eitt skifti fyrir öll, til þess að veita þessa eða aðrar slíkar undanþágur, vegna yfirvofandi hallæris á einhverjum stað. Þingið á eigi eins hægt með að dæma um, hvort slík neyðaróp eins og þessi

eigi við rök að styðjast; fámenn stjórn á hægra um vik og er færari um að komast eftir þess háttar hlutum. Sumpart er þó frv. of víðtækt. Þó að yfirvofandi hallæri sje orsök þessarar hjálparbeiðni Hafnfirðinga, mega þeir ekki „spekulera“ í vandræðum sínum, en það kalla jeg að „spekulera“ í neyðinni, ef heimila á að bæta við Hafnfirðinga 6 erlendum togurum, við 3—3½ innlenda, sem þar eru fyrir. Eigi að bæta úr brýnni atvinnuþörf Hafnfirðinga, munu 3 togarar í viðbót nægja þeim. Það mun alment álitið, að einn togari veiti um 300 manns atvinnu. Sjö togarar alls framfleyta þá yfir 2000 manns, og það ætti að nægja Hafnfirðingum til að forða þeim frá hallæri. Hinsvegar er mjer fullkunnugt um, að ástandið er alls-kyggilegt í Hafnarfirði. Jeg talaði við einn af þektari borgurum þar nýlega, og sagði hann, að jeg mætti hafa það eftir sjer sem satt, að þar væri mikil vandræði meðal verkafólks, sem stöfuðu af langvarandi atvinnuleysi; fólkið yrði að lifa á lánum, og ef svo færi, að kaupmenn hættu að lána, væri sultur fyrir dyrum hjá fjölda manna — með öðrum orðum, yfirvofandi hallæri. Þessi sami maður sagði einnig, að eigi mundi líða á löngu áður en kaupmenn yrðu að kippa að sjer hendinni, — gætu ekki lánað fólki takmarkalaust. Það er því full ástæða til að eitthvað verði gert til þess að þessu ástandi linni; það er fullseint að fara að skifta sjer af sliku, þegar fólkið er fallið úr hor.

Þetta vandræðaástand stafar af því, að Hafnfirðingar hafa bygt á óheilbrigðum grundvelli að því er atvinnu þeirra snertir. En það er óheilbrigt atvinnulíf að byggja alla sína von á starfsemi erlendra manna, sem kippa að sjer hendinni óðar en varir, ef eitthvað ber út af. Nú stendur að vísu á sama, hver orsökin er. Þessu verður að kippa í lag. Það er og víðar en í Hafnarfirði, sem ástandið er iskyggilegt, og án þess að það sje útlendingum að kenna. Innlend útgerð stendur allvíða höllum fæti eða hefir algerlega brugðist, svo hallæri mun víðar fyrir dyrum en í Hafnarfirði. Má vel vera, að í ýmsum öðrum sjávarþorpum búi menn við svipaðar ástæður, þótt minna hafi kvartað. Það hefir látið hæst í Hafnfirðingum. Þeir eru og næstir Reykjavík, og það hefir þótt bera við, að þeir, sem næstir eru höfuðstaðnum, hafi best lært að kvarta. Þinginu ber jafnt skylda til að líta á hag hinna, sem þegja, þótt þeir búi við harðan kost.

En sje nú svo, að víða sje yfirvofandi hallæri, hvernig á þá ríkið að hjálpa? Jeg býst við, að ríkisstjórnin hafi ekki mörg önnur ráð fyrir hendi en að veita einhverjar undanþágur undan gildandi fiskiveiðalöggjöf, og jeg er alls eigi hræddur um, að stjórnin, þó henni væri veitt heimild til þess, mundi misbrúka hana á nokkurn hátt. Nú standa stjórnarskifti fyrir dyrum, og þó að það sitji illa á mjer að lýsa trausti á væntanlegri stjórn, ber jeg þó fult traust til hennar og hverrar stjórnar í þessum efnum. Jeg mun treysta hvaða stjórn sem er til þess að fara vel og gætilega með þesshátt heimildarlög. Á öllum stjórnum hvílir mikil ábyrgð, og verður því að treysta þeim til að fara með þessa ábyrgð sem aðra, er á þeim hvílir, svo sem að gefa út bráðabirgðalög o. s. frv. Vjer höfum hallærissjóð, sem veitt er úr, ef þörf krefur. Nú er ekki ríkari ástæða til að væna stjórn um, að hún muni ekki kunna að fara með undanþáguheimild frá gildandi fiskiveiðalög-

gjöf en til hins, að gruna hana um að vilja veita hallærislán til þess að kaupa fyrir pell og purpura. Jeg skal þó á engan hátt gera lítið úr rjetti þjóðarinnar til þess að ráða yfir landinu og verja landhelgina fyrir útlendingum. En þegar svo fer, að þessi rjettur verður til þess að innlendir þegnar verða að svelta — og það getur komið fyrir, að vjer verðum þessa rjettar vegna lögskyldaðir til þess að svelta — þá vil jeg heldur slá af þessum rjetti í svip. Það er og mikilsverður rjettur að mega leyfa erlendum mönnum afnot af landinu í þágu þjóðarinnar, þegar hún er í nauðum stödd og það eitt getur hjálpað. Neyðin brýtur lög og lætur oft af hendi það, sem menn annars mundu halda í. Jeg skal á engan hátt draga úr gildi fiskiveiðalöggjafarinnar frá 1922. Fiskiveiðalöggjöfin er mjög mikils verð, þó ekki sjerstaklega vegna þess, sem hátt er látið um, að hún eigi að vera varnargarður um hátt verð á fiskafurðum vorum, heldur miklu fremur vegna hins, að hún á að skapa festu í viðskiftalífinu og vernda rjett hinnar íslensku þjóðar til þess að njóta arðsins af atvinnuvegunum. Lögunum er stefnt gegn því, að Ísland verði að selstöð erlends auðskrils. Samt sem áður er jeg eigi hræddur við að gefa stjórninni þessa heimild til að veita undanþágur. Ef batinn kemur skjótt, verður heimildin ekki notuð, og það skaðar aldrei að vera viðbúinn því versta. En verði lagaheimildar þörf, þá er betur farið en heima setið. Þó mun jeg ekki bera fram frv. til slíkra heimildarlaga, þar sem það stendur öðrum nær, en komi þess háttar frv. frá hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), mun jeg veita því mitt atfylgi.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vænti, að eigi þurfi mjög langar umræður um þetta mál úr þessu, því jeg hygg, að hv. þm. hafi þegar fengið staðfesting á ummælum mínum um, hver hætta stafar af því, ef þessi undanþága verður veitt, einmitt frá þeim mönnum, sem besta hafa þekkingu á þessu máli og öðrum utanríkismálum. Álit þessara manna er, að við munum ekki einráðir um, hvar staðar verður numið á undanþágubrautinni, ef þetta frv. er samþykt. Þetta vona jeg að hv. þdm. athugi. Það er víst, að ef útlendingum er veitt undanþága líkt og hjer er farið fram á, og sem þá er ekki hægt að neita öðrum þjóðum með bestu kjörum um, þá safnast hingað á næstu árum tugir erlendra togara, sem vilja reyna, hvort ekki sje hjer arðvænlegra til atvinnurekstrar en heima fyrir, því kunnugt er, að mesti fjöldi togara, einkum í Englandi, eru nú ekki gerðir út, af því útgerðin hefir borið sig svo illa síðustu ár.

Okkur, háttv. flm. og mjer, kom saman um það, að þessi atvinnugrein gæti eigi orðið til frambúðar og væri enda óholl báðum aðalatvinnuvegum landsins, — landbúnaðinum og sjávarútveginum. Jeg hygg, að allir hv. þdm. sjái, að það mun eigi holt atvinnuvegum vorum, að fólk safnist í þúsundatali til Hafnarfjarðar og Reykjavíkur fram yfir það, sem orðið er. Það mundi hafa hinar verstu afleiðingar. Við skulum athuga þau áhrif, sem þetta mundi hafa t. d. á sjávarútveginn utan Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Jeg vona, að allir geti verið mjer sammála um það, að svo stórkostlega aukin framleiðsla á saltfiski, sem 15—20 erlendir togarar fiskuðu, hlyti að lækka verð á fiskafurðum vorum. Það mun og öllum kunn-

ugt, að fiskverðið hefir farið hækkandi nú undanfarið og ástæðurnar til þess hafa verið þessar:

1) Að talsvert minna hefir borist að á aðalmarkaðinn fyrir ísl. fisk á Spáni og Ítalíu, vegna aflaleysis við Newfoundland. Samkv. innflutningsskýrslum er talið, að til Spánar hafi flust á síðasta ári 3000 smál. minna af Newfoundlandsfiski en árin á undan. Vjer höfum fengið viðtækari markaði en áður, bæði af því, að minna barst að af fiski frá öðrum löndum, svo og af því, að fiskverðið lækkaði svo afskaplega á síðasta ári. Á þessu sama ári höfum við selt fullverkaðan saltfisk sama verði í enskri mynt og árin 1913—14. Þetta hefir orðið til þess, að miklu fleiri hafa keypt íslenskan fisk en áður.

2) Í öðru lagi er ástæðan fyrir hækkuninni á fiskverðinu undanfarið sú, að erlendir kaupendur hafa lagt óvenjumikla áherslu á að afla meiri markaðs fyrir íslenskan fisk, bæði á Spáni og á Ítalíu. Þessir erlendu fiskkaupmenn hafa legið með afarmiklar birgðir af íslenskum fiski alt síðan 1920 og hafa tapað svo miljónum skiftir á því. Ber þeim því brýn nauðsyn til að auka markaðinn fyrir íslenskan fisk sem mest. Jeg býst við því, að við höldum einhverjum af þessum aukna markaði, sem við höfum fengið á síðasta ári, en hitt er jafnvíst, að það, sem unnist hefir á í þessu, vegna minkandi framboðs annara þjóða og óeðlilegrar verðlækkunar, tapast aftur, og þá þolir okkar markaður ekki stóraukna framleiðslu á íslenskum fiski, og afleiðingin verður mikið verðfall frá því, sem nú er. Af þessu leiðir, að ef vjer aukum fiskframleiðsluna um sem svarar 5—7 þús. tonnum, lendum vjer við sama skerið, markaðsvöntun, og við vitum, að það gæti orðið sá hnekkir fyrir þennan atvinnuveg, að það gerði meira en vega á móti þeirri atvinnu, sem við fengjum hjá erlendum útgerðarmönnum hjer á landi nú í svip.

Jeg skal að vísu játa, að gott væri, ef við gætum notið þessarar atvinnu, ef við þyrftum lítið að gefa fyrir hana, en svo dýru verði er hún ekki kaupandi. Það er og víst, að fiskverðið má engu lægra vera en nú er, ef reksturinn á að borga sig. Því þess verður að gæta, að kol, salt og fleira, sem til rekstrarins þarf, kostar nú um helmingi meira að sterlingspundatali heldur en fyrir stríðið. Jeg er yfirleitt sannfærður um, að við græðum ekki á því að framleiða stórum meira af saltfiski en nú gerum við; þó tel jeg, að aukning um 2—3 þúsund tonn lækkaði verðið ekki að mun frá því, sem nú er, en 5—7 þúsund tonn hefðu stórkostleg áhrif til lækkunar.

Hv. frsm. (ÁF) sagði, að útlendingar hefðu augsýnilega ekki hugsað sjer að nota þau hlunnindi á þessu sviði, sem þeim voru heimiluð til 1922, að mega hafa fiskistöðvar í landinu. En jeg býst nú við, að honum og öðrum hv. þm. sje kunnugt um það, að til skamms tíma var þessi atvinnuvegur þeirra rekinn alt öðruvísi en nú er. Þá stunduðu útlendingar hjer línu- og handfæraveiðar, í stað þess sem botnvörpuveiðar eru nú því nær eina veiðiaðferðin hjá þeim. Mjer er kunnugt um það, að Englendingar vildu gjarnan á síðastliðnum vetri selja fisk hjer við land. Voru sumir kaupmenn svo skammsýnir, að þeir reru að þessu öllum árum. Hefi jeg sjálfur átt tal við tvo útlendinga, sem vildu gjarnan selja afla sinn hjer talsvert lægra verði en landsmenn gerðu,

enda er þeim það hægðarleikur aðstöðu sinnar vegna.

Háttv. frsm. ljet það á sjer heyra, að Englendingar myndu, ef þeir vildu, hafa ráð á því að fá framgengt vilja sínum í þessum efnum. Jeg vil aftur á móti fullyrða, að Englendingar muni aldrei reyna að fara þá leið. Tel jeg það mjög ámælisvert að hafa slík ummæli í þessum sal, og mun lítill hagnaður að því, að útlendingar heyri eða sjái slík ummæli frá löggjafarþingi þjóðarinnar.

Hv. frsm. kvaðst í lok ræðu sinnar vonast eftir því, að hjer yrði ekki farið að koma með nýja landvarnarstefnu eða innilokunarstefnu í þessu máli. Vilji hann kalla það því nafni, þá ætla jeg að lýsa því yfir, að jeg að minsta kosti er fylgjandi þeirri landvarnarstefnu.

Jeg held, að háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hafi gert heldur mikið úr yfirvofandi hallæri. Við, sem eldri erum, munum vel eftir, að oft hafa komið aflaleysisár án þess hallæri yrði. Minnist jeg sjerstaklega áranna 1883—87. Þau ár var því nær aflalaust á öllum Vestfjörðum, einkum þó innfjarða. Á þeim árum krepti auðvitað talsvert að landsmönnum, en þó ekki svo, að hallæri yrði af. Fjöldi fólks flutti á þeim árum frá sjónum upp til sveitanna og nokkrir fóru til Vesturheims. Hinar illu afleiðingar þessara ára voru horfnar 1894. Það var annars undarlegt, að þessi háttv. þm. (ÁÁ) kvartaði undan því, að undanþágan væri ekki nógu víðtæk, og þó þótti honum hún í öðru of víðtæk. Var ekki allskostar gott að henda reiður á, hvað háttv. þm. vildi leggja til þessa máls; brestur hann sennilega þekkingu á því, þó viljinn sje góður. En það vil jeg segja honum, að ef hann vill líta til kjördæmis síns, þá hefir það engan hag af því, að undanþágan sje víðtækari, því þó einhverjir hefðu hag af því, að leigutogarar væru reknir í kjördæminu, þá myndi smábátaútvegur hjeraðsbúa verða fyrir meiri hnekki en sem næmi gróða hinna einstaklinganna. Þá mátti skilja ummæli háttv. þm. svo, sem hann vildi gefa útlendingum leyfi til afnota landhelginnar. Hann komst að þessari niðurstöðu út af þessu „yfirvofandi hallæri". Þeir, sem ekki vita það, að misbrestur er ávalt í atvinnuvegunum, aflaleysi, grasbrestur eða óhagstæð veðrátta, því nær árlega í e i n h v e r j u m h j e r u ð u m l a n d s i n s, þeir, og þeir einir, geta talað um hallæri í Hafnarfirði. Jeg vil ráða hv. þm. (ÁÁ) til að kynnast afkomu manna í Vestur-Ísafjarðarsýslu og víðar á Vesturlandi.

Læt jeg svo útrætt um þetta mál af minni hálfu, enda vænti jeg þess, að hv. deild skeri úr því á einn veg.

Forsætisráðherra (SE): Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) skaut því til mín áðan, hvort jeg teldi líklegt, að unt væri annað en að veita öðrum þjóðum líka undanþágu, ef þessi væri veitt. Jeg er þeirrar skoðunar, að það yrði mjög erfitt að standa á móti líkum beiðnum frá öðrum þjóðum, ef stjórninni á annað borð er gefið vald til slíkrar undanþágu. Er þegar auðsjeð á því, hve fast er knúið á hurðina á þessari fjárhirslu okkar, hversu mikil auðæfi menn telja að þar sjeu fyrir. Jeg stend ákveðið á móti þessum heimildarlögum. Jeg veit að vísu, að það er rjett hermt hjá hv. frsm. (ÁF), að Hafnarfjarðarkaupstaður sje í mikilli þröng. Er mjer best kunnugt um það, þar sem bæjarbúar fóru þess á leit við stjórnina skömmu fyrir þing, að hún með

bráðabirgðalögum veitti undanþágu frá fiskiveiðalöggjöfinni í líka átt og hjer er farið fram á. Vorum við ráðherrarnir á fundi hjá Hafnfirðingum um mál þetta, og urðum við þess áskynja, með hve miklum þunga málinu var fylgt. Við vorum báðir sammála um, að ekki kæmi til mála að veita þessa undanþágu.

Nú liggur þetta mál hjer fyrir Alþingi. Mjer virðist það vera mjög varhugavert að stíga slíkt spor sem þetta. Og sömu skoðunar hafa ýmsir menn með sjerþekkingu verið um þetta, enda litið svo á, að ef undanþágan væri veitt, þá gæti borist svo mikill fiskur hjer á markaðinn, að af því yrði mikill óhagnaður, þar sem það mundi draga úr fiskverðinu.

Jeg skal annars ekki fara langt inn á málið, en vil aðeins endurtaka það, að ef einni þjóð yrði veitt slík undanþága, þá yrði ekki gott að neita öðrum um það sama. Og hins er líka að gæta, að hætt er við að okkur veittist erfiðara að koma á banninu aftur, eftir að við einu sinni værum búnir að veita leyfið; það er jafnan hægara að taka úr stíflu en að stífla á ný. Má yfirleitt fara varlega í því að láta stundarhagnað rjúfa þá múra, sem reistir eru um sjálfstæði þjóðarinnar. Ef neyðin knýr mjög í Hafnarfirði, þá verður að leita ódýrari ráða til þess að bæta úr henni.

Jón Baldvinsson: Jeg þarf ekki að beiðast afsökunar á því, að jeg stend nú upp, því flestir hinir nefndarmennirnir eru nú búnir að tala. Virðist helst svo, að hver og einn þeirra hafi sjerstöðu í málinu.

Jeg vil að þetta mál gangi sem fljótast í gegn. Þó er jeg ekki samþykkur orðalagi frv., því jeg vildi, að undanþágan væri almenn. En vel er hægt ennþá að koma að brtt. og fá því kipt í lag.

Jeg verð að líta svo á, að andmæli þau, sem fram hafa komið í þessu máli, sjeu ufarlitils virði. Er og hægt að heyra af orðum andmælenda, að þeim er fjarri því ljóst, hvar þeir standa. Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) kveður ekki fært að auka fiskiframleiðsluna hjer, sökum þess, að þá muni fiskur falla í verði. Aftur vilja aðrir af háttv. andmælendum frv. ráða bót á atvinnuleysinu með því að útvega nýja togara, sem innlendir menn eigi. Þeir virðast því ekki vera allskostar á sama máli um þetta efni. Það virðist þó svo, að sama hættan yrði fyrir hendi hvað snertir aukna fiskframleiðslu og verðfallið, hvort sem togararnir, sem við væri bætt, væru eign Íslendinga eða eigi. Það er því greinilegt, að ástæður hv. andmælenda frv. eru hjer hver upp á móti annari.

Annars vil jeg leyfa mjer að halda því fram, að ef verð fiskjarins stendur svo glögt, eins og háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) lætur í veðri vaka, þá væri eftir því rjettast að fara að setja reglur um það, hve mikið hver togari mætti veiða af fiski.

Það vantar ekki, að nógu fallega sje um það talað, hve sjálfsagt það sje að bæta úr vandræðaástandinu, sem er á þessum stað, sem frv. vill bæta úr fyrir. En hver ráð eigi að hafa til þess önnur en þau, sem í frv. er farið fram á, um það er vandlega þagað. Þótt jeg sje ekki kunnugur Hafnarfirði, þá er mjer kunnugt um það, að ástandið þar er miklu verra en látið hefir verið í ljós hjer. Þar hefir verið svo mikið atvinnuleysi síðastliðin 2 ár, að sennilega hefir hvergi verið verra á þessu

landi í því efni. Menn safnast í hrönnum á sveitarsjóðinn og hann er nú að þrotum kominn. Það er, ef þessu heldur áfram, aðeins tímaspursmál, hvenær bærinn er neyddur til að leita til ríkissjóðs. Og þá verður ríkissjóðurinn auðvitað að hirða alt saman, því sú verður óhjákvæmilega afleiðingin, ef ekki verður úr þessu bætt.

Það er nú víst, að bankarnir hjer hafa margsagt það, að þeir hafi ekki fje til nýrra skipakaupa. Eiga þeir fult í fangi með að halda við þeirri útgerð, sem fyrir er. Þótt nú útgerðarmenn og ríkisstjórn gætu knúð þá til að leggja fram fje til eins togara, þá er ekki úr miklu bætt með því. Það eina, sem nú hjálpar, er, ef hægt er að fá erlent fje í þessi fyrirtæki. Jeg geri lítið úr þessari ástæðu, sem virðist svo rík hjá hv. þm., að þetta muni hafa slík áhrif á markaðsverðið, og einkum verður hún veigalaus í munni þeirra, sem eru þess engu að síður fýsandi, að bæta við íslenskum skipum.

Það duga engin hálf svör um að bjarga þessu einhvern veginn, því að úr þessari neyð verður áreiðanlega ekki bætt, nema með því að grípa nú þegar til þeirra ráða, sem duga. Jeg hefi ekki heyrt um neitt, sem gefi ástæðu til þess að vænta, að úr atvinnuleysinu rakni. Einu bjargráðin, sem nú eru fyrir hendi, væri að ná í erlend skip, sem rækju veiðar hjeðan, ef það gæti tekist. Önnur leið væri hugsanleg, ef innlendir menn gætu útvegað svo marga togara, að það nægði til atvinnubóta. En svo sem alkunnugt er, treysta bankarnir sjer ekki til að leggja fram fje til þessa.

Mjer er kunnugt um, að það hefir komið til orða í bæjarstjórn Hafnarfjarðar, að bæjarfjelagið keypti eða leigði skip. Þetta væri auðvitað besta ráðið og hið eina til frambúðar. Ef jeg fengi skýlaus loforð frá hæstv. stjórn og mikilsmegandi mönnum í hinum nýstofnaða íhaldsflokki, að þeir vildu veita allan sinn styrk og áhrif til þess að útvega svo mörg skip, að það bætti úr atvinnuleysinu, skyldi jeg með ánægju falla frá að samþykkja þetta frv. En hjer hefir ekkert komið fram, sem gefur ástæðu til að ætla, að nokkuð eigi að gera til þess að bæta úr vandræðunum, einungis fella þessi bjargráð.

Jeg skil það vel, að ýmsir hinna stærri útgerðarmanna sjeu á móti þessu. Þeir muni telja sig geta betur bjargast af með sín stórskuldugu atvinnutæki, ef útlend skip fá ekki að hafa bækistöð hjer í landi. En hinu verð jeg að mótmæla, að vilji allra þeirra, sem sjávarútveg stunda, sje þessu mótsnúinn. Jeg veit með vissu, að mikill fjöldi íslenskra sjómanna mundi telja það mikið happ, ef þeir gætu komist á erlend skip. Þegar mikill hluti þeirra gengur atvinnulaus mestan hluta ársins, er það augljóst, að skipunum þarf að fjölga. Það er því ekki nema um tvent að velja. Annaðhvort samþykkja að leyfa undanþágu fyrir ákveðna tölu erlendra skipa, og vissa er fyrir því, að skipin munu koma, eða ef hæstv. stjórn vildi stuðla að því af alefli að útvega t. d. bæjarstjórn Hafnarfjarðar fje til svo margra skipa, að það nægði til þess að bæta úr atvinnuleysinu.

ATKVGR.

1. gr. **feld** með 23 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TrÞ, ÁF, HK, JBald.

nei: ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BJ, BL,

HStef, IngB, JakM, JAJ, JK, JS, JÞ, JörB, KlJ, MJ, MT, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, MG.
Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

3. Klassisk fræði.

Á 6. fundi í Ed., þriðjudaginn 26. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um afnám kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands og að flytja núverandi dócent í grísku og latínu að mentaskólanum (þmfrv., A. 45).

Á 7. og 8. fundi í Ed., dagana 28. og 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Ed., fimtudaginn 6. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Mál það, sem hjer liggur fyrir samkv. frv. á þskj. 45, hefir oft verið rætt hjer í þinginu í ýmsum myndum. Vil jeg minnast nokkuð á eldri aðdraganda þessa máls. Hann er sá, að fyrir rúmum 20 árum var maður sá, er hjer um ræðir, Bjarni Jónsson frá Vogi, kennari við latínuskólann hjer í Reykjavík. Herma skilorðir menn, sem þá voru kunnugastir í þessum bæ, og þá einkum nemendur hans, að hann hafi verið mjög góður kennari. Hafi verið sjerlega laginn á að vekja áhuga nemenda sinna fyrir náminu. En það þótti skorta á, að reglusemi hans um vinnautn væri slík sem skyldi, og fór svo að lokum, að honum var vikið frá embætti og var síðan nokkur ár atvinnulaus. Ekki þýðir að dylja það, að orð hefir leikið á, að hann hafi verið rangindum beittur í þessu efni. Hann hafi verið besti kennari skólans — og að hin raunverulega ástæða til frávikningarinnar hafi verið pólitískar ofsóknir. Er og alþjóð kunnugt, að þeir gallar, sem þóttu í fari hans, hafa verið og eru mjög algengir meðal fjölda starfsmanna þjóðarinnar, án þess að þeir hafi verið látnir valda brottrekstri.

Þetta er ein meginástæða fyrir því, að embættið, sem ræðir um í frv. þessu, var stofnað handa Bjarna Jónssyni árig 1914. Þörf háskólans krafðist þess ekki og því síður þörf þjóðarinnar. Það tókst að fá samþykki Alþingis til stofnunar embættisins svo að segja eingöngu vegna þess, að það stóð í sambandi við þennan mann, sem menn vildu fá eitthvert starf í hendur, eins og til að reyna að afmá þennan gamla skugga. Er mjög ósennilegt, að embættið hefði verið stofnað handa honum, ef hann hefði ekki áður verið beittur þessum rangindum, borið saman við þann „moral", sem hefir gilt hjer í þessum efnum.

Og eftir að embættið var stofnað, komu strax fram hávær mótmæli gegn því, bæði innan þings og utan. Hjer í þessari hv. deild sýndi t. d. landlæknir með ljósum rökum fram á, hversu embætti þetta væri þýðingarlaust. Síðan hefir það verið títt umræðuefni og öllum þorra manna komið saman um að embættið væri óþarft og eingöngu stofnað fyrir ákveðinn mann. Auðvitað hefir almenningsálitið að mestu gleymt því, að hjer hafði þingið sterka afsökun, sem sje hin gömlu rangindi.

Til að rökstyðja enn frekar vilja kjósenda í þessu máli má geta þess, að

margir hinna nýju þingmanna slógu mjög á þá strengi, að þeir vildu afnema þetta embætti með öllu. Einn þeirra, núverandi hv. þm. V.-Sk. (JK) notaði þetta meira að segja sem aðalkosningaagnið, af því að keppinautur hans hafði einhverntíma greitt atkv. á móti því að fella niður embættið, eins og sakir stóðu þá.

Jeg segi þetta til að undirstrika, hvað einstakir hv. þm. álíta, að þjóðinni liggi mjög á hjarta afnám embættisins. Í hv. Nd. hefir verið borið fram frv. um afnám, en einungis um afnám embættis þessa. En ekki var það nú samt hv. þm. V.-Sk. (JK), sem bar það mál fram, heldur varð ekki betur sjeð en að hann vildi heldur hindra framgang þess. Þá er annar hv. þm. í hv. Nd., sem fyrir kosningarnar í haust lagði aðalátthersluna á afnám allrar heimspekideildar háskólans, til viðreisnar fjárhagnum. Jeg á við hv. 1. þm. Reykv. (JÞ). En nú, þegar á þing er komið, verður ekki betur sjeð en að honum hafi snúist hugur. Að vísu ber hann fram frv. um breytingar á fyrirkomulagi háskólans. En samkvæmt því á ekki að leggja alla heimspekideildina niður, heldur sameina hana annari deild — og það embætti, sem hjer um ræðir, á að vísu að hverfa úr sögunni, ásamt fleirum öðrum, en ekki fyr en einhverntíma, að samkomulag fæst við hlutaðeigandi um flutning milli embætta. Ef t. d. Bjarni Jónsson neitar því samkomulagi, þá verður engin breyting frá því sem nú er, að því er hann snertir.

Hjer virðist eins og hv. þm. sjeu að „gefa selbita í vasann", lofa sparnaði, en gera svo ekki neitt, og síst það, sem strax má að liði verða.

Með þessu frv. mínu er stigið spor í aðra átt. Samkvæmt því á að leggja embættið niður, í samræmi við vilja þjóðarinnar, en um leið er litið á, hvernig það varð til, og bætt úr gömlu misrjetti með því að flytja mann þennan aftur að mentaskólanum og fá honum þar starf í hendur, sem hann að allra dómi er manna færastur að inna af hendi.

Ef það kæmi fyrir, að Bjarni Jónsson vildi ekki taka við hinu nýja starfi, þá fellur niður hin siðferðilega skylda þjóðarinnar að sjá honum fyrir lífsstarfi. Hjer er honum boðið jafnlaunahátt embætti sem hitt, er hann nú gegnir, og má hann þar vel við una, auk þess sem honum er uppreisn að því, að koma aftur að þeim skóla, er honum áður var vikið frá fyrir sakir, sem annars eru látnar óátaldar.

Því hefir verið hreyft, að formlega væri óhugsandi að flytja mann til á þann hátt, er í frv. segir. Það gæti ráðherra aðeins gert. Jeg býst við, að þeir allralærðustu vitni í þriskiftingu valds þjóðfjelagsins í löggjafar-, framkvæmda- og dómsvald, og mun rödd hafa heyrst í þessa átt frá hv. þm. V.-Sk. (JK), einmitt þeim manni í þinginu, sem álítið er að hafi einna minst til brunns að bera allra sinna núverandi starfsbræðra af þekkingu og gáfum. En jeg fæ ekki betur sjeð en að þessi skoðun styðjist við algerða hugsunarvillu. Þetta embætti er í raun og veru stofnað og v e i t t þessum manni jöfnum höndum af þinginu sjálfu. Veiting konungs eða ráðherra var hjer aðeins formsatriði, með því að öllum var ljóst, handa hverjum embættið var stofnað. Enn betur sýnir embætti próf. Guðm. Finnbogasonar, sem er stofnað með lögum á hans nafn, hvert vald Al-

þingi hefir í þessu efni. En eins og Alþingi getur stofnað og í raun og veru veitt ákveðnum mönnum embætti, þó að formleg veiting fari síðar fram á venjulegan hátt, þá er óskiljanlegt, að það hafi ekki vald til að flytja mann á milli embætta, svo sem frv. mitt gerir ráð fyrir.

Jeg þykist ekki þurfa að fjölyrða frekar um þessa hlið málsins, því að meðferð þingsins, bæði fyr og síðar, á prófessorsembættinu í hagnýtri sálarfræði við háskólann sýnir fyllilega, að það er á valdi þingsins að stofna og afnema embætti þegar þurfa þykir, og það hlýtur að hafa vald til að flytja menn milli embætta, þegar þess gerist þörf. Er því ekkert frá þessari hlið málsins því til fyrirstöðu að flytja þennan mann, sem hjer er um að ræða, frá háskólanum að mentaskólanum.

Það er ef til vill óþarfi að taka það fram, að gert er ráð fyrir, að með færslu þessari sparist laun eins kennarans við mentaskólann. Því að gert er ráð fyrir, að kennarastóllinn í klassiskum fræðum við háskólann verði alveg afnuminn, því að þjóðin bað aldrei um að fá hann, þar sem mjög auðvelt var fyrir þá kennara háskólans, sem voru, að bæta við sig hinni litlu grískukenslu, sem dócentinn hefir haft á hendi. Aftur á móti hefir mentaskólinn aukist svo mjög, að stjórnin og fjárveitinganefnd neðri deildar hafa búið til við hann embætti, sem þingið hefir aldrei samþykt. Og mjer mun óhætt að fullyrða, að þau sjeu nú orðin ein fjögur, embættin, sem þannig eru til orðin. Það liggur nú í hlutarins eðli, að það hlýtur að vera miklu auðveldara fyrir þjóðfjelagið að segja upp þeim mönnum, sem þannig eru ólöglega ráðnir, heldur en núverandi grískudócent háskólans. Og þegar þess er ennfremur gætt, að maður þessi var af öllum talinn ágætur kennari, mælir það mjög með flutningnum. Er þetta ekkert last um þá menn, sem nú skipa hinar ólöglegu kennarastöður mentaskólans, þó að þeir sjeu jafnvel ekki taldir standa Bjarna Jónssyni á sporði í þessum efnum. Væri líka með flutningi þessum um leið bætt úr þeirri ávirðingu, sem gerð var í garð þessa manns, er hann var sviftur stöðu sinni við mentaskólann.

Því hefir verið haldið fram, aðallega þó utan þings, að Bjarni Jónsson gæti ekki tekið að sjer kenslu í öðrum greinum við mentaskólann en þeim tveimur, er hann hefði tekið sjerstaklega háskólapróf í. En jeg býst ekki við, að honum eða stofnuninni sje gert rangt til, þó gert sje ráð fyrir, að hann geti tekið að sjer kenslu í fleiri námsgreinum, og nægir þar að benda til þess, sem tíðkast hefir og tíðkast enn við mentaskólann, að margir af kennurum hans kenna fleira en það, sem þeir hafa tekið háskólapróf í sem aðalnámsgrein. Er þetta verkefni fyrir nefnd þá að athuga, sem fær málið til meðferðar.

Að síðustu vil jeg taka það fram, að jeg tel það óhyggilegt að fella þetta frv. frá nefnd, eins og hjer hefir átt sjer stað um ýms nýmæli til góðra hluta, sem fram hafa verið borin, þó aldrei nema menn sjeu málinu ekki samþykkir í öllum atriðum. Annars býst jeg við, að þetta frv., sem hjer er til umræðu, sje eitt hið auðveldasta sparnaðarfrv., sem ennþá hefir komið fram á þessu þingi. Eftir eðli sínu tel jeg, að það eigi að fara til mentamálanefndar, og legg jeg til, að því verði vísað þangað að umræðunni lokinni.

Jón Magnússon: Jeg skal þegar taka það fram, að jeg ætla ekki að fara mikið út í einstök atriði í ræðu hv. 5. landsk. þm. (JJ), en aðeins taka það fram, að mjer er með öllu óskiljanlegt, hvernig hann getur haldið því fram, að fráviknin þess kennara við mentaskólann, sem hann nefndi, hafi verið af pólitískum ástæðum, því að jeg býst við að engum núlifandi manna sje kunnugra um það en mjer. Og jeg býst líka við, að fám sje kunnugra en mjer, hver atvik lágu til stofnunar embættis hans við háskólann, og mig minnir ekki betur en háskólinn legði líka til, að það væri stofnað. (**JJ:** Það hefir þá verið pantað!). Já, hv. 5. landsk. þm. (JJ) veit altaf svo mikið um rökin, sem liggja til hlutanna, en þetta var nú svona samt.

En það var ekki aðallega til að gera þessar athugasemdir, að jeg kvaddi mjer hljóðs, heldur til að láta það álit mitt í ljós, að jeg tel óþarfa að vera að taka frv. það, er hjer er um að ræða, til meðferðar nú, þegar komin eru fram tvö frv. í Nd. um að leggja embætti þetta niður, og má því búast við, að þau komi hingað í einhverri mynd, og ætti þá að vera nógur tími til að athuga þessa leið, sem frv. gerir ráð fyrir, þó að hún komi að vísu í bága við 16. gr. stjórnarskrárinnar. Finst mjer því óþarfi fyrir háttv. deild að vera að eyða tíma í að ræða þetta mál nú, og vil því skjóta því til háttv. flm. (JJ), hvort hann sjái sjer ekki fært að taka málið út af dagskrá nú og bíða með það, þangað til útsjeð er, hvað háttv. Nd. gerir við frv. þau um þetta embætti, sem fyrir hana hafa verið lögð. Treysti háttv. flm. sjer ekki til þess, mun jeg greiða atkvæði á móti frv. nú, hvaða afleiðingar sem það kann svo að hafa fyrir mig.

Ingvar Pálmason: Frv. það, er hjer liggur fyrir, er um fækkun embættismanna við háskólann. Um það skal jeg ekkert sjerstaklega tala, heldur um stefnur þær, er það markar meðal almennings.

Það er orðin mjög almenn skoðun manna úti um land, að hinar æðri mentastofnanir okkar Íslendinga sjeu að verða og sjeu þegar orðnar okkur ofjarl. Er þetta ekki aðeins skoðun almennings úti um land, heldur og eigi allfárra hjer í Reykjavík. Sje nú þetta rjett hjá mjer, sem jeg hygg að fæstir hv. deildarmenn geti dregið í efa, þá liggur það í augum uppi, að þingið getur ekki á nokkurn hátt komið sjer undan að athuga þetta rækilega.

Þegar nú athuga skal það spursmál, hvort þjóðinni sje með mentastofnunum þessum, þ. e. Hinum almenna mentaskóla og Háskóla Íslands, reistur hurðarás um öxl, með því fyrirkomulagi, sem nú er, þá ber fyrst og fremst að líta á fjárhagshliðina, en hún verður venjulega fyrst fyrir mönnum, þegar um þetta mál er rætt.

Til þessara tveggja stofnana mun nú vera varið úr ríkissjóði um 350 þús. króna árlega. Þegar svo þar við er bætt námskostnaði allra nemenda við skóla þessa, sem þjóðin verður einnig að greiða, og ekki mun of hátt áætluð álika upphæð, þá virðist þetta vera allþungur baggi á þjóðfjelaginu, og því mjög stórt spursmál, hvort þjóðinni er þetta heillavænlegt ráðlag. Að því er snertir háskólann sjerstaklega, ber þess að gæta, að mjög margir, og þar á meðal margir meðal mentamanna vorra, líta

svo á, að okkur Íslendingum, sem ekki höfum nema 50—60 þúsund vinnandi menn, eða ekki fleiri menn en stór verksmiðja í iðnaðarlöndunum, sje með öllu ofvaxið að halda uppi háskóla, er staðið geti á sporði samskonar stofnunum í nágrannalöndunum. Jeg fyrir mitt leyti skal játa, að jeg aðhyllist þessa skoðun, og það er rjett að taka það fram, að skoðun þessi er ekki ný, heldur jafngömul háskólahugmyndinni. Hitt er annað mál, að okkur er nauðsynlegt að halda uppi sjerfræðiskólum í guðfræði, læknisfræði og lögfræði, og það höfum við gert um langt skeið. Og þó að það sje ein stofnun, sem allar þessar deildir sjeu sameinaðar í, ætti ekki að þurfa að verða okkur miklu dýrara, ef þess er gætt, að setja ekki á fót nýjar námsdeildir, og stofna svo við þær dýr embætti, sem þá aðeins eru tildur og prjál.

En aftur á móti vil jeg geta þess, að jeg tel rjett, sökum hinnar sjerstöku aðstöðu okkar, að hafa fræðslu í norrænum fræðum við háskólann.

Þá kem jeg að hinu atriðinu, sem jeg tel, að ekki skifti minna máli.

Þegar athuga skal, hvort hinar æðri mentastofnanir sjeu að verða okkur ofjarl, ber fyrst að athuga, hvort þjóðfjelaginu sje holl hin afarmikla mentamannaframleiðsla. Ömmur okkar og afar sögðu, þegar feður okkar og mæður gáfu sig, að þeirra dómi, of mjög að bóklestri eða því um líku, að þeim væri nær að halda áfram að prjóna sölusokkinn sinn en liggja alt af í þessum bannsettu bókaskruddum, því að „bókvitið yrði ekki látið í askana". En þetta breyttist; hinir námfúsu menn og mentamenn þjóðarinnar hjeldu því einmitt fram, að „bókvitið yrði látið í askana". Og nú á síðustu tímum hafa menta- og lærdómsmennirnir sýnt þjóðinni, þó í spjespegli sje, „að bókvitið verður látið í askana". Já, svo áþreifanlega hafa þeir sýnt það, að askar hinna lærðu manna eru nú, þó máske ekki alveg fullir, þá því sem næst, þegar aftur á móti askar þeirra, sem sitja við sölusokkinn, og þeirra, er yrkja jörðina, eða þeirra, sem með daglegri lífshættu reyna að draga gull úr greipum hins mislynda Ægis, eru aðeins með sleikju í botninum. Það er því ofur eðlilegt, að hin uppvaxandi kynslóð líti hýru auga til fullu askanna, og reyni því að komast að þeim.

En eins og jeg tók fram áðan, er þetta aðeins spjespegill, sem þjóðinni er hjer sýndur. Því hin sanna velferð þjóðarinnar byggist á framleiðslunni og hinni sönnu menningu. Það mun því vera í þessu máli, eins og svo mörgum öðrum, að sannleikurinn mun liggja hjer öfganna á milli.

Mjer virðist sannleikurinn í þessu máli vera sá, að hjá okkar smáu og fámennu þjóð sje of mikil framleiðsla mentamanna óholl og skaðleg, og jafnvel skaðlegri en oflítil framleiðsla á því sviði, sem líka gæti óneitanlega verið skaðleg, því að það gæti leitt til þess, að embættismenn vorir yrðu að meira eða minna leyti útlendingar, en því munum við fæstir óska eftir.

Það virðist því vera skylda þingsins að fyrirbyggja það, að þjóðin lendi á glapstigum í þessu máli, hvort heldur er fjárhagslega eða menningarlega, og mjer virðist geta verið hætt við því, að svo geti farið að því er menningu snertir með of mikilli mentamannaframleiðslu.

Jeg ætla mjer ekki að rökstyðja þetta frekar nú, en geta vil jeg þess, að ekki

koma allir hinir æðri mentamenn þjóðfjelagsins að fullum notum, og ekki munu þeir allir búa við glæsileg lífskjör.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir, stefnir í þá átt að fækka kennurum við háskólann, og það tel jeg rjetta stefnu. Annars gerir frv. þetta ráð fyrir, að maður sá, er nú skipar það embætti, er leggja á niður, verði fluttur að mentaskólanum, og mjer finst ekkert geta verið við það að athuga, því jeg tel víst, þótt jeg þekki það eigi af eigin reynd, að maður þessi sje vel til þess starfs fallinn, sem hann á að vinna þar.

Jeg vil minnast á það í sambandi við þetta mál, að mjer finst ástæða til, að þingið taki til alvarlegrar athugunar, hvort eigi væri hægt að finna heppileg ráð til að draga úr kostnaði við starfsmannahald ríkisins, einnig á öðrum sviðum.

Frv. það, er hjer liggur fyrir, er áreiðanlega spor í rjetta átt, spor í þá átt að draga úr kostnaði við starfsmannahald ríkisins. Að vísu er það ekki mikið, sem sparast við þetta, og því tel jeg, að svipað væri æskilegt víðar, en þess ber að gæta, að ef vjer hugsum til að spara, þá verðum vjer einhversstaðar að byrja, og vjer verðum að spara, þó upphæðirnar sjeu ekki allar stórar, því þá mun það, sem sparað verður, geta skift miljónum á endanum.

Jeg tel því þá ástæðu einskisvirði, að þetta sje nart, aðalatriðið er, að þetta er byrjun á rjettri stefnu, stefnu, sem vjer verðum að mynda og halda fast á, þar til takmarkinu er náð.

Hv. 4. landsk. (JM) benti á, að samskonar frv. lægi fyrir Nd., og fanst honum því ófært að vísa málinu til nefndar, en vildi láta taka það út af dagskrá. En til þess finst mjer engin ástæða.

Jeg ætla ekki að tala neitt sjerstaklega um rjettmæti flutnings þessa starfsmanns á milli embætta, en vil þó geta þess, að mjer finst það eigi lítilsvert atriði, hvernig við tökum nú á því máli. Lögfræðingum finst að vísu, að slíkt sje ekki hægt að gera lögum samkvæmt, og vilja því vísa málinu frá. Jeg skal játa það, að jeg er ekki lögfróður maður, og get því eigi fyllilega dæmt um það atriði, en jeg vil benda á það, að mörgu hefir verið vel til lykta ráðið á þessu landi af ólögfróðum mönnum, og jeg ber það traust til þjóðarinnar, að svo megi enn verða.

Jeg tel ekki rjett að vísa málinu frá. Eg álít, að það væri fordómur, og sá fordómur væri eigi á rökum bygður.

Hinsvegar finst mjer engu tapað við að vísa málinu til nefndar, og jeg mun greiða atkvæði með því að vísa málinu til mentamálanefndar.

Flm. (Jónas Jónsson): Hv. 4. landsk. (JM) mælti á móti þessu frv. og kvaðst mundi greiða atkvæði á móti því, að því yrði vísað til nefndar, og vildi að það yrði tekið út af dagskrá. Jeg vil aðallega víkja að þeirri undarlegu viðkvæmni, er kom í ljós hjá honum í sambandi við þetta mál. Jeg fann það nú, eins og jeg raunar bjóst við, að sumum er það mjög viðkvæmt, að byrjun þessa máls sje rakin, nefnilega það, hvernig í raun og veru stóð á því, að Bjarni Jónsson frá Vogi var rekinn frá mentaskólanum.

Þeir, sem óljúft er að rifja upp gamlar endurminningar, vilja ekki fara lengra út í það en að segja, að hann

hafi verið sviftur embætti sökum þess, að hann hafi eigi verið reglumaður um vín. En það vita hinsvegar allir, að eigi voru bornar neinar brigður á það, að hann væri vel hæfur kennari, og meira að segja mun það hafa verið alment álitið af nemendum hans, að hann væri besti kennarinn við skólann. En nú vill svo til, að hann var algerlega á annari skoðun í landsmálum en sú stjórn, sem þá sat við völd. Það virðist því dálitið grunsamlegt, að sú stjórn skyldi svifta hann embætti, þótt hann væri eigi reglumaður á vín, einkum þegar þess er gætt, að það hefir eigi verið venja hjer að setja embættismenn af, þótt þeir væri brotlegir í þeim efnum. Því jeg veit ekki betur en að hjer hafi verið fordruknir prestar, læknar og jafnvel dómarar, og hafa þó fengið að sitja í friði í embættum sínum. Jeg þekki líka ekkert annað dæmi um röggsemi stjórnarvalda hjer gagnvart drykkfeldum embættismönnum en þetta eina, þá er þáverandi stjórn vjek andstæðingi sínum, Bjarna Jónssyni frá Vogi, frá embætti hans við mentaskólann. Og þetta virðist sjerstaklega undarlegt, þegar þess er gætt, að saman fóru dugnaður og vinsældir þessa kennara, en hinsvegar hafa ljelegir embættismenn verið látnir sitja, þótt drykkfeldir væru. Og stjórn, sem eigi hefði viljað láta koma til greina pólitíska afstöðu manna, hefði varla gert þetta, því hefði hún viljað taka einn, þá átti að taka alla.

Ef á að reka þá, sem nota vín, en standa þó ágætlega í stöðu sinni að öðru leyti, þá á auðvitað því fremur að reka þá, sem drekka og eru þar að auki óhæfir embættismenn.

Mjer finst að vísu eðlilegt, að það komi óþægilega við hv. 4. landsk., að leitt sje í ljós, að það hafi verið af pólitískum ástæðum, sem B. J. var vísað frá mentaskólanum, þar eð hann var stuðningsmaður þeirrar stjórnar, sem þá sat að völdum, og líklega mikið við þetta mál riðinn sem skrifstofustjóri í stjórnarráðinu.

Það er því eðlilegt, að honum finnist það koma óþægilega við sig, enda ómögulegt fyrir hann að færa fram neinar varnir gegn því, nema því aðeins, að hann gæti sýnt fram á, að sama hafi verið fylgt gagnvart öðrum, en svo hefir aldrei verið.

Griskudócentsembættið var því síðar stofnað, til þess að bæta B. J. þetta upp, án þess nokkur þörf væri á því embætti, enda hefir þinginu verið mjög hallmælt fyrir stofnun þess.

Því hefir að vísu verið haldið fram, að háskólinn hafi óskað eftir þessu embætti. Mjer er nú ekki vel kunnugt um, hvernig það hefir verið, en þó er það svo, að þegar minst er á við prófessora háskólans, að óþörf embætti sjeu þar, svo sem griskudócentinn og prófessorsembættið í hagnýtri sálarfræði, þá segja þeir sem svo: Já, þetta er það, sem þingið hefir gefið okkur. Við höfum ekki óskað eftir þessu. Þeir hafa því ekki sóst eftir þessu, þó að máske eitthvert meinlaust vottorð hafi verið gefið, máske pantað vottorð. Enda vita allir, að hægt hefði verið fyrir guðfræðisprófessorana að kenna griskuna.

Þá er því haldið fram, að þetta sje stjórnarskrárbrot. Það er altaf þetta sama; það hefir verið svo á þessu landi síðasta mannsaldurinn, að hafi eitthvað átt að gera nýtilegt til embættasparnaðar, þá hefir það altaf verið talið stjórnarskrárbrot. Menn hafa gengið með stjórnarskrána í lúkunum eins og

einhvern brothættan hlut, sem varla væri þorandi að snerta á.

En ef vjer nú gætum betur að, munu vera mörg stjórnarskrárbrotin, og það þau, sem menn láta sjer vel líka. Það er t. d. vafalaust stjórnarskrárbrot, að hafa ekki nema 2 ráðherra, því eftir orðum stjórnarskrárinnar mega þeir ekki vera færri en 3. En háttv. 4. landsk. þm. hefir ekkert sagt við því, enda verið besta samkomulag um að hafa það svo.

En af hverju hafa menn þolað þetta? Af því að það hefir þótt gott og sparnaður.

Jeg álít því, að það sje hreinn og beinn barnaskapur að koma með slíka mótbáru, og jeg veit líka, að háttv. þm. meinar ekki þetta. Háttv. þm. veit vel, að það rifnar hvorki himinn nje jörð, þótt þetta væri gert. Aðalatriðið er, að þessi breyting virðist mjög heppileg, því með þessu móti er þó dálitið sparað, en embættismaður sá, sem um er að ræða, fær atvinnu eftir sem áður. Og mjer finst þingið hafa fult vald til þessa. Þingið getur bæði leyst og bundið. Það getur bæði afnumið embætti, sem það einusinni hefir stofnað, og það á líka að geta ákveðið, að tilteknum manni skuli veitt embætti.

Annars vil jeg biðja þá, sem vilja að málið sje tekið út af dagskrá, að gæta þess, að frv. þetta er í alt öðru formi en frv. það, sem liggur fyrir Nd. Er í raun og veru alt annað. Þetta frv. er fyr fram komið en frv. það, sem liggur fyrir Nd., og á því að ganga fyrir. Enda er þessi deild ekki nein undirdeild Nd., heldur eiga þær að starfa hliðstætt, og málið má því jafnt ganga fram í þessari deild og Nd. Jeg get því alls ekki orðið við tilmælum háttv. þm. um að taka málið út af dagskrá.

Þá er næst það atriði, að vísa málinu til nefndar. Mjer finst vel mega vísa málinu til nefndar, þótt svipað frv. sje í nefnd í Nd. Mjer finst einmitt, að það gæti verið mjög heppilegt, að nefndirnar störfuðu jafnhliða að málinu. Það er því alls ekki af umhyggju fyrir málinu, að hv. þm. (JM) vill ekki vísa því til nefndar, því að hann mun helst vilja, að það falli eða verði svæft, líklega af því, að með þessu móti má spara nokkur þúsund krónur.

Ætli mótstaðan og hótanirnar um að fella málið geti ekki hinsvegar stafað af því, að það sje með því verið að ýfa upp gamalt sár, 20 ára gamalt sár, þegar talað er um að flytja B. J. frá Vogi aftur að mentaskólanum.

En það er betra, að þingið skipi svo fyrir, að maðurinn skuli fá embætti við mentaskólann, heldur en ef stjórninni væri aðeins veitt heimild til þess.

Það gæti vitanlega verið heppilegt fyrir stjórnina að hafa einn þm. þannig í hengingaról, að geta hótað honum að kasta honum út á gaddinn, ef hann væri ekki algerlega að hennar vilja. Einkum gæti slíkt verið hentugt fyrir minnihlutastjórn, sem væri að útvega sjer síðasta atkvæðið, að hafa þannig tangarhald á einum þingmanni.

Annars er það einkennilegt, að þeir þingmenn, sem vilja ganga það langt í sparnaði, að þeir vilja hætta að láta prenta þingtíðindin, skuli vilja drepa þetta fyrsta sparnaðarmál, sem kemur fram í deildinni.

En ætli það sje af eintómum sparnaði, sem þessir hv. þm. vilja láta hætta að prenta þingtíðindin. Skyldi það ekki líka

vera það, að þeir vilja fela gerðir þingsins, og jeg mundi vart trúa því, að svo væri, ef ekki hefði meirihluti deildarmanna skjallega sannað það, að svo væri.

Ef þeim væri svo mikið áhugamál að spara, þá ættu t. d. tveir af þeim hv. þm., sem flytja frv. um að prenta ekki Þingtíðindin, heldur að gefa sínu fátæka landi, annar 8 þús. og hinn 6 þús. kr., með dýrtíðaruppbót, sem þeir hafa í eftirlaun. Einkum þegar þess er gætt, að það er alkunnugt, að þessir menn eru með efnuðustu mönnum þessa bæjar.

Það virðist því vera nær að spara þar, heldur en hætta að prenta Þingtíðindin, sem við höfum þó alt af gert, þrátt fyrir alla okkar fátækt, alt frá árinu 1845. Og það er undarlegt, að þykjast vilja spara, en vilja þó fella frv., sem gengur út á að spara 7000 kr. á ári strax.

En það er ekki af því þeir vilji spara, sem þeir vilja láta hætta að prenta Þingtíðindin. heldur er það af því, að þegar þm. hafa vonda samvisku, þá er gott að fela verk sín fyrir augum kjósenda. Sparnaðurinn er því aðeins vesöl yfirskinsástæða. (**Forseti HSteins:** Þetta mál er ekki á dagskrá núna, en það kemur til umræðu hjer í deildinni, og það er nógur tíminn þá að ræða um það). Jeg veit það, en jeg vil benda mönnum á, hve fráleitt það er að vilja hætta að prenta Þingtíðindin og kæfa með því rödd þingsins, en vilja hindra, að unt sje að leggja niður alóþarft embætti og spara með því 7000 krónur á ári.

Eggert Pálsson: Jeg ætla mjer ekki að fara út í líkræðu þá, sem háttv. flm. þessa frv. hjelt yfir Hannesi sáluga Hafstein, því að sú líkræða stendur á ábyrgð hans. En sem gamall flokksbróðir Hannesar get jeg hinsvegar fullyrt það, að eigi var um neina pólitík að ræða í sambandi við frávikningu Bjarna Jónssonar frá mentaskólanum, enda gat eigi verið um neina pólitíska ofsókn að ræða, því B. J. var þá ekki orðin nein pólitísk stærð, þótt allmikið hafi að honum kveðið seinna í stjórnmálunum.

En þetta skal jeg ekki fara frekar út í, en það er aftur á móti mergurinn málsins, sem sje niðurlagning gríska-dócentsembættisins, sem jeg vildi minnast lítið eitt á. En þar um er það að segja, að jeg hefi altaf verið á móti þessu embætti. Jeg var á móti því embætti, þegar það var stofnað, sökum þess, að jeg taldi það algerlega óþarft og áleit, að prófessorar guðfræðisdeildarinnar gætu hæglega kent það, sem dócentinum var ætlað að kenna. Og sömu skoðunar er jeg enn, og mundi því síst vera á móti því, að embætti þetta yrði felt niður.

En jeg er hinsvegar hissa á því, að háttv. flm. skuli ekki vilja verða við þeim tilmælum, að taka málið út af dagskrá, heldur vilja leggja kapp á að brjóta þá venju, sem altaf hefir verið fylgt á þingi, að báðar deildir hefðu ekki sama mál til meðferðar í einu. Þessi gildandi regla — og enda þingskapaákvæði — er nauðsynleg eins í þessu máli sem öðrum. Ef t. d. þetta mál væri sett í nefnd hjer í Ed. og það er þegar komið í nefnd í Nd., þá gæti þetta hæglega orðið til þess að kæfa það algerlega. Það gæti orðið til þess, að nefndirnar ætluðu hvor annari að verða fyrri til að afgreiða málið, og biðu þannig hvor eftir annari, uns eigi

yrði neitt úr neinu. En vilji hinsvegar flm. endilega flytja mann þann, sem hefir griskudócentsembættið á hendi, yfir að mentaskólanum, þá liggur beinast við að skora á stjórnina með þingsályktun að gera það samkv. ákvæðinu í 16. gr. stjórnarskrárinnar. Að endingu skal jeg ítreka það, að jeg vil aftaka þetta umrædda embætti, en mjer finst við vel geta beðið þar til Nd. hefir afgreitt málið. En eins og sakir standa hjer nú, verð jeg að greiða atkvæði á móti því, að frv. sje vísað til nefndar, en styð þá tillögu, að málið verði tekið út af dagskrá.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg hefi ekki ástæðu til að bæta miklu við það, sem jeg hefi áður sagt í þessu máli, sjerstaklega þar sem engin ný rök hafa komið fram frá þeim hv. þm., sem mælt hafa á móti frv. Hinsvegar virtist mjer gæta misskilnings hjá hv. 1. þm. Rang. (EP), þar sem hann heldur því fram, að jeg hafi í fyrri ræðu minni ráðist á Hannes Hafstein. Jeg mintist eigi á hann persónulega, en aðeins á það, sem gerst hafði í stjórnartíð hans, sem mjer að vísu virtist einn af hv. deildarmönnum vildi eigna sjer. — Jeg vildi aðeins taka það fram, að mjer þykir það æði-undarlegt, að það er eins og mönnum standi það á sama, þó að hjer á landi sjeu bæði druknir prestar, læknar og sýslumenn. Það er ekki verið að ónáða þá menn, þó að þeir geri sig seka um slíkt athæfi. Jeg vildi í þessu sambandi leyfa mjer að beina þeirri spurningu til hv. deildarmanna, hvort þeir taki fyrir góða og gilda vöru þá skoðun, að engir fleiri embættismenn þjóðarinnar en mentaskólakennarinn eigi skilið að vera settir af fyrir ofdrykkju. Jeg veit, að það eru til þeir menn hjer á landi nú, sem vilja láta kaupa sig dýrum dómum úr embætti sínu, en eru þó druknir daglega. Og mjer er kunnugt um embættismann einn á Austurlandi, sem hefir verið fullur svo að segja daglega um margra ára skeið og gaf bæði drukkinn og veikur í rúminu vottorð, sem bygð var á kosning eins þm. í þessari hv. deild. En honum er ekki vikið frá embætti.

Þá er það einnig misskilningur hjá hv. 1. þm. Rang. (EP), að það þurfi ekki nema þingsályktun til þess að fá landsstjórnina til þess að flytja menn úr einu embætti í annað. Slík uppástunga sýnir aðeins hina fáránlegu vanþekkingu þessa hv. þm. Ef einhver af hinum 4 ólöglegu kennurum við mentaskólann er látinn fara, er það hægt skaðabótalaust, og má spara heilt embætti með því að flytja griskudócentinn í hans stað.

Frv. mitt er því í raun og veru aðeins trygging fyrir því, að slíkur flutningur geti átt sjer stað. Jeg veit vel, að til eru margir menn, og það menn í flokki hv. þm., sem halda því fram, að ekki megi svifta Bjarna Jónsson styrk þeim, sem hann hefir til Faustþýðingarinnar, þó að þeir viti það, að verk það er tilgangslaust. Jeg skal játa það, að jeg álít eigi hægt að leggja niður dócentsembættið, nema maður sá, sem í því situr, fái eitthvað í staðinn, vegna ranglætis þess, er maðurinn var beittur upprunalega. En jeg álít á hinn bóginn alveg nauðsynlegt að leggja embættið niður.

Þar sem þetta mun vera síðasta ræða mín í máli þessu, þá vil jeg að endingu áskilja mjer rjett til stuttrar athugasemdar, ef hv. þm. Seyðf. skyldi bera

brigður á orð mín um lækninn á Seyðisfirði.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vildi aðeins leyfa mjer að mótmæla ummælum háttv. 5. landsk. um hjeraðslækninn á Seyðisfirði. Eru það bæði ódrengilegar og svívirðilegar aðdróttanir um fjarstaddan heiðursmann, sem ekki getur borið hönd fyrir höfuð sjer, og þinginu til vansæmdar. Furðar mig á því, að forseti skuli eigi hafa vítt þessa framkomu þm. Og jeg skal taka það fram, að maður sá, er þm. þessi á við, er drengur mun betri en þm. sjálfur, og jeg efast ekki um, að hann gefur aðeins þau vottorð, sem hann getur staðið við.

Jón Magnússon: Jeg ætla mjer ekki að halda langa tölu að þessu sinni, enda álít jeg það ófyrirsynja að tefja tímann með máli þessu. Hv. flm. (JJ) mintist á það, að jeg hefði komið með frv. um að feila niður prentun þingtíðindanna. Það er alveg rjett, og jeg skal játa það, að jeg tel það alveg nauðsynlegt, þó eigi væri nema vegna þessa stöðuga, óþarfa og langa skrafs hv. 5. landsk. Hv. þm. talar svo mikið, að það er þjóðinni stór kostnaður.

Þá talaði hv. þm. um afskifti mín af þessu frávikningarmáli mentaskólans. Jeg skal bjóða hv. þm. að skoða till. mínar um það mál í stjórnarráðinu 1904, og geri jeg það óhræddur. Það er ennfremur misskilningur hjá hv. þm., að frávikning kennarans hafi verið af pólitiskum ástæðum, því eins og öllum mun kunnugt, var maður þessi ekkert verulega kominn út í pólitík um það leyti; kom fyrst út í hana alvarlega 1908. Er því það, sem hv. þm. hefir sagt um þetta atriði, reykur einn. — Skal jeg svo eigi tefja tímann með því að vera að elta ólar við misskilning þm. og rangfærslur.

Jóhann Jósefsson: Jeg ætla mjer ekki að blanda mjer inn í deilur manna í máli þessu, en vildi aðeins leyfa mjer að bæta við tilmælum frá mjer til hv. flm. (JJ) um það, að hann taki málið út af dagskrá að sinni. Skal jeg með nokkrum orðum skýra ástæðurnar fyrir þessum tilmælum mínum.

Mjer væri það mjög kært, að embættaskipun þessa lands væri færð í það horf, að við það sparaðist fje, en þó því aðeins, að eigi væri brotin lög á mönnum þeim, sem hlut eiga að máli. Jeg fyrir mitt leyti hefi eigi tilhneigingu til þess að nota vald þingsins til þess að brjóta rjett á mönnum. Jeg fæ ekki betur sjeð en að þeim flokki, sem að landsstjórninni stendur, hefði átt að vera það innanhandar að fá stjórnina til að koma með undirbúnar tillögur til sparnaðar að því er þetta embætti og fleiri af líku tæi snertir. Það væri ólíkt heppilegra heldur en að demba þessum tillögum óundirbúnum inn á þingið, og eyða svo fleiri dögum til gagnslausra umræðna um málið. Álít jeg því hyggilegast, eins og nú er komið málum, að láta landsstjórnina gera samning við þá menn, sem hlut eiga að máli, en eyða ekki tíma þingsins í að þrátta um þessi mál. Nú hefir komið fram í hv. Nd. frv., sem gengur í sömu átt og frv. það, sem hjer liggur fyrir, og mun það vera gengið til nefndar þar. Vona jeg, að nefnd sú finni sæmilega lausn á málinu, og sje því eigi nauðsyn á að ræða það hjer nú. Getur það aðeins orðið til þess að tefja málið.

Jeg vona, að hv. 5. landsk. (JJ) sjái

sjer fært, þar sem þrír aðrir hv. deildarmenn hafa óskað þess, að taka málið út af dagskrá að svo stöddu.

Einar Árnason: eg hefi ekki miklu við umræðurnar að bæta. Jeg stóð aðeins upp út af uppástungu þeirri, er fram er komin um það að taka málið út af dagskrá, þar sem nú væri verið að ræða svipað mál í hv. Nd.

Hv. 1. þm. Rang. (EP) taldi það nýtt í þingsögunni, að samskonar mál væri rætt í báðum deildum í senn. En jeg vil upplýsa hv. þingmann um það, að þetta er alls ekki nýtt í þingsögunni. Dæmin eru mörg. Á síðasta þingi t. d. voru 2 frv. um breytingar á vörutollsl. flutt sitt í hvorri deild samtímis og sett í nefndir á svipuðum tíma. Efrideildarnefndin geymdi sitt frv. þar til sjeð voru forlög neðrideildarfrumvarpsins. Sje jeg því enga ástæðu til þess að láta ekki þetta frv. ganga til 2. umr. og nefndar.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg skil það mæta vel, að hv. þm. Seyðf. vilji leggja lækninum á Seyðisfirði liðsyrði sitt, þar sem hann hefir gefið hv. þm. 30 seðla til að fljóta á inn á þing. Alt annað væri vanþakklæti. Jeg skil það vel, að þeir sjeu vinir, og tek það ekki illa upp fyrir hv. þm., þó margir staðlausir stafir hafi komið yfir varir hans. En viðvíkjandi samanburðinum á mjer og lækninum, þá er það mjög leitt, að gamall dómari skuli hafa svo litla dómgreind, að bera saman mann, sem máske hefir drukkið 2 staup af víni alla æfina, og landskunnan drykkjumann. En hjer sannaðist máltækið: Sannleikanum verður hver sárreiðastur. Hv. þm. Seyðf. veit, að skjólstæðingur hans hjer og verndari við þingkosningar hefir verið magnaður ofdrykkjumaður um mörg ár, og að rjettu lagi hefði fyrir löngu átt að vera búið að svifta hann embætti þessvegna. Nú í haust, þegar hann var að hjálpa vini sínum, dómaranum í Rvík, inn í þingið, var hann svo illa fyrirkallaður, að hann varð að vera heima og gefa sjálfum sjer vottorð um, að hann gæti ekki mætt á kjörfundi. En í rúminu gaf hann út ávísanir um heilsufar fólks úti um bæ, sem hann gat ekki litið á. Svona eru þeir embættismenn, sem fá að vera í embætti.

Hvað snertir þingtíðindin og hv. 4. landsk. (JM), þá skal jeg taka það fram, að jeg tel ummæli hans hið mesta hrós um mig. Hv. andstæðingar Framsóknarflokksins hjer í þessari deild eru svo hræddir við dóm almennings, að þeir vilja fela sig í lokuðu þingi. Jeg þori aftur á móti að leggja hvert orð mitt undir dóm kjósenda. Það sýnir aðstöðumuninn til málefnanna. En hvað það snertir, að umr. í dag sjeu orðnar langar, þá má hv. þm. ekki gleyma því, að það er hans sök, en ekki mín.

Hv. þm. Vestm. (JJós) beindi þeirri ósk til mín, að jeg tæki málið út af dagskrá. Jeg vildi alt gott fyrir þann hv. þm. gera, en þetta væri vondur hlutur, því vil jeg það ekki. Auk þess hefir það verið rjettilega tekið fram, að það er ekki einsdæmi hjer á þingi, að sama mál hafi verið rætt samtímis í báðum deildum. Það gætir nokkurs misskilnings hjá væntanlegum stuðningsmanni væntanlegrar stjórnar, er hann vildi, að stuðningsmenn fráfarandi stjórnar ljetu hana koma þessu í gegn. Jeg hefi fyrst og fremst ekki stutt stjórnina mikið, og ef jeg hefði óskað eftir því, að hún kæmi þessu fram, þá hefði það verið ómögulegt án þingssamþyktar.

ATKVGR.

Frv. felt frá 2. umr. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJ, EÁ, GÓ, IP, JJ.

nei: SE, BK, EP, HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, HSteins.

4. Veð.

Á 11. fundi í Nd., föstudaginn 29. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum um veð, nr. 18, 4. nóv. 1887 (þmfrv., A. 65).

Á 13. fundi í Nd., mánudaginn 3. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg held mjer sje óhætt að fullyrða það, að það hafi verið einhver almennasta krafan á þingmálafundum fyrir kosningar í haust og í vetur fyrir þing í mínu kjördæmi, að vextir hjá lánsstofnunum yrðu lækkaðir og bændur fengju hagkvæmari lánskjör. En eins og öllum er kunnugt, hækkuðu lánsstofnanirnar hjer vextina 15. f. m., sama dag og þing var sett. Báðar lánsstofnanirnar heilsuðu því þinginu með því að hækka stórkostlega vexti sína. Og ber það ekki sjerstakan vott um það, að bankarnir hafi litið svo á, að þingið mundi ráða mikið fram úr fjármálavandræðunum. Það virðist því harla lítil von um, að bændur muni fá hagkvæmari lánskjör en áður.

Eins og öllum er vitanlegt, eiga bændur feikilega erfitt uppdráttar. Sjerstaklega kemur fall krónunnar ver niður á bændum en sjávarútvegsmönnum. Frv. þetta er því fram komið sem eilítið hænuspor í þá átt að bæta lánskjör bænda. Einkum verður það til þess að bæta lánskjör sjálfseignarbænda, ef það verður samþykt. Því samkvæmt frv. getur bóndinn veðsett ekki aðeins jörðina, heldur líka áhöfnina að einhverju leyti. Eigi bóndinn t. d. 8 kýr, 200 fjár og 20 hross, ætti að mega lána honum út á 5 kýr, 100 ær og 10 hross með jörðinni. Þetta yrðu 9000 kr. með núgildandi verðlagi. Og ef bankinn lánaði út á það að ⅓, mundi veðgildi jarðarinnar hækka um 3000 kr., og væri það ósmá bót. — Þetta er aðaltilgangurinn með frv., og vænti jeg, að háttv. þdm. verði ekki á móti því. Hjer er ekki um annað að ræða en aðeins að heimila bönkunum að taka slíkt veð ásamt með jörðunum. En bankarnir ráða auðvitað sjálfir, hvað mikið þeir taka á hverjum tíma af áhöfn með hverri jörð. En að sjálfsögðu verður farið mjög varlega meðan reynsla er að fást um þetta.

Slík lög sem þessi hafa það ennfremur til síns ágætis að auka bústofn jarðanna smátt og smátt. En eins og menn vita, gengur oft upp og ofan um jarðir, er stórbændur sleppa þeim og smábændur taka við. Þá hafa jarðirnar oft níðst niður, vegna of lítillar áhafnar, er ábúðarskifti urðu, en ef áhöfn fylgdi jörðinni, væri komið í veg fyrir þetta. Og þetta ætti að verða til þess, að niðurníðsla jarða við ábúendaskifti yrði ekki eins hrakleg eins og nú á sjer oft stað, og yfir höfuð yrðu þessi lög þá til þess að fyrirbyggja úrræktun jarða. Sjerstaklega ættu þau að fyrirbyggja, að smábýli falli í eyði, því það mun auðveldara að fá menn til þess að taka smákot á leigu, ef einhver áhöfn fylgir. Jeg veit til þess, að oft hafa

menn, sem hafa átt kot, sett einhverja áhöfn á þau, til þess að fá þau fremur bygð. Ennfremur yrðu þessi lög til þess að fyrirbyggja tjón af ábúðarskiftum á jörð. Fráfarandi getur hafa selt allar skepnur sínar af jörðinni, svo aðkomandi verður að kaupa skepnur að úr öllum áttum, og hefir því verri not af fjenu fyrstu árin,

Að slík lög hafa ekki áður verið sett, kemur aðallega af hræðslu við horfellinn, en svo er guði fyrir þakkandi, að sú hætta hefir stórum minkað á síðari árum. Vitaskuld geta borið að vandræði, sem eigi verður við ráðið, svo sem eldgos, öskufall, jarðskjálftar, langvinn ísalög o. s. frv. En við því er ekki hægt að gera í lögum á annan hátt en að stofna tryggingarsjóði gegn slíkum áföllum. Hjer sem annars staðar, er náttúruöfl gera usla, fellur slíkt sínum herra, og verða eigendur að bera það eða veðhafar. Ennfremur leyfi jeg mjer að benda á það, að ef skepnur verða teknar með í veðunum, mundi það verða til þess að gera viðskiftalífið tryggara. Margir bændur skulda nú út á bæði jörð og bústofn, en samkvæmt lögum um lausafjárveð er nær ómögulegt að nota veð í lausafje. Ábyrgðarmenn bænda, sem treyst hafa á veð í kvikfje, hafa oft orðið illa úti; menn hafa oft verið búnir að lóga skepnunum áður en varði. Þessvegna tel jeg tryggara fyrir alla, að lánsstofnanirnar hafi veð í skepnunum líka. En það, sem mælir einna mest með þessum lögum, er það, að þau munu verða til þess að ýta undir betri meðferð á skepnum. Það er enginn vafi á því, að lánsstofnanirnar munu ganga eftir því, að bændur fari vel með skepnur sínar, og miða lánskjörin við það.

Viðvíkjandi þessu frv. er um tvær nefndir að ræða, fjhn. eða landbn., og geri jeg það ekki að deiluatriði, til hvorrar þeirra því verður vísað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 16 : 3 atkv.

Á 20. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 65, n. 91).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Allshn. hefir nú athugað þetta frv. og leggur til, eins og nál. ber með sjer, að það verði samþykt óbreytt. Breyting sú á núgildandi lögum um veð, sem frv. fer fram á, er í því falin, að mönnum gefist kostur á að veðsetja nokkuð af búpeningi með jörðum, þegar óskað er eftir fasteignaláni. Eftir núgildandi lögum er það mjög takmörkum bundið. En ef þessi breyting nær fram að ganga, ætti að vera unt að veðsetja bústofn, ef óskað er, og að því leyti sem banki telur ráðlegt.

Nefndin hefir leitað álits manna, er um peningamál fjalla, og er það álit þeirra, að það sje hagur fyrir bændur, að lögunum sje breytt í þessa átt. Jeg held, að það leiði engin óþægindi af þessari breytingu, heldur sje það til bóta, og er það tillaga nefndarinnar, að frv. verði samþykt óbreytt. Fjölyrði jeg svo ekki um þetta. Málið liggur svo ljóst fyrir, að það er óþarft.

Magnús Guðmundsson: Jeg er satt að segja dálitið hissa á háttv. allshn., að hún skuli leggja það til, að þetta frv. verði samþykt óbreytt. Frá mínu sjón-

armiði eru það aðallega tvær ástæður, sem mæla á móti frv. eins og það er. Í fyrsta lagi er það frá lagalegu sjónarmiði óviðkunnanlegt að leyfa veðsetningu á öllu, sem sjálfseignarbóndi á, og láta fylgja reglum um fasteignalán. Í öðru lagi verður þetta ekki heppilegt í framkvæmd. Það verða ekki peningastofnanir, sem þetta nota mest, heldur braskarar. Þeir geta haft þá aðferð að taka 3., 4. og 5. veðrjett í jörðinni, og í búi bóndans aftur 1. veðrjett. Og svo á þetta að fara eftir fasteignalögunum. Jeg get ekki skilið, að þetta bæti fyrir bændum. Jeg er hræddur um, að þessum ákvæðum verði misbeitt þeim í hag, sem síst skyldi. Hjer er talað um, að menn geti veðsett jörð með ákveðinni áhöfn. Það er því ekkert því til hindrunar, að bóndi veðsetji alt sitt bú. En það má teljast mjög varhugavert, því á þann hátt getur hann veðsett alla eigu sína: jörð, hús, allan búpening, innanstokksmuni og heyforða. Jeg held bændur eigi ekki meira yfirleitt. Jeg hygg, að yfirleitt geti það frekar spilt lánstrausti en aukið að hafa svona ákvæði. Jeg skal játa, að svipuð ákvæði þessu eru til hjá Dönum. En þar er öðru máli að gegna. Þar er það venja, að áhöfn fylgi t. d. herragörðum, þegar þeir eru seldir. En þeir hafa líka þar samfara öryggisráðstöfun, sem er ekki nefnd á nafn í frv. En jeg legg aðaláhersluna á það, að það verða ekki bankar eða lánsstofnanir, sem þetta nota, heldur alt aðrir.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg hygg, að hv. 1. þm. Skagf. (MG) geri of mikið úr þeim göllum, sem honum virðast vera á þessu frv. Þetta er ekki svo ýkjamikil breyting frá gildandi lögum. Þau heimila veðsetningu á lausafje og að kúgildi megi fylgja með jörðunum til veðsetningar. Jeg held, að undir ýmsum kringumstæðum geti það orðið til bóta, að nokkur áhöfn fylgi með jörðunum, og á þetta frv. að stuðla til þess. Jeg held sem sagt, að það fyrirkomulag verði fremur til bóta. Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Skagf. (MG) hjelt fram, að með þessu væri bröskurum og öðrum harðdrægum kaupsýslumönnum opnuð leið til þess að ná veði í eignum bænda, umfram það, sem nú er, þá geri jeg ekki svo mikið úr því. Eins og nú er ástatt, geta bændur veðsett megnið af lausafje sínu, þótt önnur lög gildi um þær veðsetningar. Jeg tel ekki ástæðu til að óttast þetta þessvegna. Aftur á móti er ekki hægt að segja fyrirfram neitt ákveðið um það, hversu mikil áhrif þetta mundi hafa á lántökur manna; það verður mest undir lánsstofnunum komið, hversu mikið lán þær veita út á lausafje, og kemur það auðvitað til álita í hvert sinn. Jeg tel rjettmætt t. d., að maður, sem á jörð, sem er lágt metin, segjum 4 þús. kr., og svo á hann búpening, er nemur 10—15 þús. kr., þá tel jeg sanngjarnt, og gæti verið á margan hátt hagkvæmt, að hann fengi nokkru hærra lán en jörð hans stæði fyrir út á eitthvað af bústofninum. Það er því beinlínis tilgangur þessa frv. að gera mönnum mögulegt að fá hærri lán út á jarðeignir sínar með þessu móti. Jeg býst ekki við því, að það þurfi að óttast, að bankarnir mundu hætta meiru fje vegna þessarar breytingar á veðsetningarlögunum en þeim væri óhætt; því undanfarið hefir það verið reglan hjá þeim, að starfsfje þeirra hefir því nær eingöngu farið til annars en landbúnaðar.

Yfirleitt finnast mjer andmæli háttv. 1. þm. Skagf. (MG) ekki svo veigamikil, að þau ættu að verða frv. þessu að falli, og breytingar þær á lögunum um veð, sem frv. fer fram á, álít jeg að muni miklu fremur verða bændum til gagns en ógagns.

Flm. (Magnús Torfason): Mjer kom það allmjög á óvart, að háttv. 1. þm. Skagf. (MG) skyldi snúast á móti þessu litla og saklausa frv. mínu. Jeg fæ alls ekki skilið aftöðu hans í þessu máli á annan veg en þann, að hann hljóti að vera orðinn allókunnugur kjörum bænda yfirleitt. Í lögunum frá 1887, um veð, má veðsetja með jörðum, auk kúgilda, öll hús á jörðinni, öll húsgögn og búsáhöld og allan heyforða; það eina, sem ekki má veðsetja, eru skepnurnar. Mjer þótti þetta allmerkilegt atriði í lögunum, að bóndi mætti veðsetja nær alt, sem hann á og eignast kann, hey og annan forða búsins, en alls ekki bústofninn. Það er rjett, sem háttv. 1. þm. Skagf. (MG) drap á, að erlendis eru skepnur veðsettar með jörðunum, og er það að skoða sem tryggingarráðstöfun til þess að tryggja jörðunum áhöfn. En aftur á móti held jeg að það sje ekki venja þar, að afrakstur jarðanna, svo sem heyforði, korn og þesshättar, fylgi með til veðsetningar. Hingað til hefir eigi borið svo mjög á því, að braskarar hjer á landi hafi tekið veð í áhöldum, búsgögnum eða heyforða, og held jeg því, að vart muni vera hætta á því, þó að rýmkað sje á leyfinu til veðsetningar, að braskararnir leggist hjer eftir meira á lifandi en dautt fje bænda. Ekki síst nú, er braskarar og okrarar eru nær hættir að lána út fje, vegna þess, að þeir eru búnir að fá þau afhroð undanfarið, að þeir hafa sjeð sjer vænst að draga inn uggana. Af þessu stafar það að nokkru leyti, að þrátt fyrir öll peningavandræði og illt ástand manna á meðal, hafa inneignir manna í sparisjóðum heldur aukist á síðari árum heldur en hitt. Þess vegna held jeg, að það sje engin ástæða til þess að óttast braskarana, enda get jeg ekki betur sjeð en að þeir geti notast við lausafjárveðin til þess að ná í eignir bænda, ef þeir ætla sjer það á annað borð. Veð í lausafje er aldrei veitt nema til eins árs í senn; en braskarar lána aðeins til skamms tíma, til þess að geta fremur náð veðunum, og til þess að veðsetja fje til aðeins eins árs duga reglur um lausafjárveð fullkomlega. En til þess að geta veðsett skepnur með jörðunum þarf slíka lagabreytingu sem þessa, er frv. fer fram á. Jeg tel því aldrei vera betra tækifæri en nú til að koma þessu í lög, er peningavelta braskaranna er senn þrotin. En það er ekki aðeins það, að braskarahættan er nú orðin hverfandi, heldur á þessi lagabreyting að verða til þess að hægra verði að hafa hendur í hári allra braskara. Nú sem stendur geta menn ekki veðsett skepnur sínar með jörðunum; jarðirnar eru nú í háu verði, en búast má við að þær falli í verði síðar, og því verða veð í þeim verri. Þegar ungir bændur eru að koma sjer upp búi, er það alsiða, að þeir veðsetja jarðir sínar með 1. og 2. veðrjetti og með ábyrgðarmönnum, en ábyrgðarmennirnar hafa eigi átt veð í skepnunum. Þetta hefir orðið til þess, að þegar þessir ungu bændur hafa komist í peningalegt öngþveiti, hafa þeir oft veðsett skepnur sínar öðrum en ábyrgðarmönnunum eða farið til braskara og fengið lán út á þær þar, og þegar ábyrgð-

armenn bænda hafa ætlað að ganga að sínu, hafa þeir alls ekkert fengið. Þetta ætti því að verða til þess að koma því sama á, sem bankarnir hjer komu á eftir peningaekluna 1908. Fram að þeim tíma höfðu þeir ekki hirt um veð í fasteignum með öðrum veðrjetti, en ljetu sjer nægja með ábyrgðarmennina. Þetta varð til þess, að ábyrgðarmennirnir, sem áttu að sjá um að ganga eftir tryggingunum, urðu oft allhart úti. Eignir voru þá stundum veðsettar alt öðrum með 2. veðrjetti eða lausafje þeirra hafði verið lógað á annan hátt. Eftir þetta fóru bankarnir einnig að taka veð í jörðum með 2. veðrjetti, með sjálfskuldarábyrgðarmönnum bænda. Þessi lagabreyting, sem frv. fer fram á, er sú, að þetta sama verði látið gilda um áhafnir jarðanna sem jarðirnar sjálfar. Jeg held því, að þessi breyting verði miklu fremur til bóta en til skaða fyrir bændur.

Þá benti hv. 1. þm. Skagf. (MG) á það, að ekki væri tekið neitt fram í frv. um þinglestrarreglur um þessar veðsetningar. Þess álít jeg eigi vera þörf, þar eð þetta heyrir undir lögin um veð, og er því óþarft að taka það fram í frv., enda hjer um samningamál milli lántakanda og lánveitanda að ræða, sem þeir haga eftir ástæðum. Að öðru leyti kann ýmislegt að vera til í því, sem hv. 1. þm. Skagf. (MG) hefir sagt, en jeg sje ekki, að það hafi mikla þýðingu í þessu máli. Það er vitanlega hægt fyrir jarðeigendur, ef þeim sýnist svo, að setja ótakmarkaðan kúgildafjölda á jarðirnar og koma þeim þannig undir veðlögin um fasteignir. En eftirgjaldið eftir jörð og bústofn samlagt verður aldrei hærra en sæmilegir vextir af verði þeirra fjárstofna samlagt.

Skal jeg svo enda mál mitt með því að þakka háttv. nefnd fyrir góðar undirtektir í þessu máli og skal að síðustu geta þess, að þessa hugmynd, um að breyta lögunum um veð í þessa átt, fjekk jeg meðan jeg stýrði Landsbankaútibúinu á Selfossi. Þar komst jeg að raun um, að ákvæði um þetta vantaði tilfinnanlega í lögin og að talsvert tjón hefði orðið að því.

Magnús Guðmundsson: Háttv. frsm. allshn. í þessu máli (JörB) og háttv. flm. (MT) hafa báðir tekið það fram, að frv. stefni að því að tryggja fasta áhöfn á jörðunum. Fæ jeg ekki sjeð, að það sje á rökum bygt. Ef sala fer fram á veðsettri jörð ásamt áhöfn, er ekkert því til fyrirstöðu samkvæmt þessu frv., að viðtakandi jarðarinnar eftir söluna, eða kaupandinn, komi með jafnmargar skepnur með sjer og þær, er voru þar fyrir, og skifti þannig um áhöfn á jörðinni. Áhafnarskifti geta því altaf orðið, þrátt fyrir þetta. Þá hefir hv. flm. (MT) haldið því fram, að braskararnir gætu látið sjer nægja með lausafjárveðin, en það vita allir, sem nokkuð hafa við slík mál fengist, að þau veð eru svo gölluð, að nær liggur að telja þau alónýt. Auk þess er erfitt að búa svo um þau veð til sveita, að þau verði vel trygg, og veit hv. flm. (MT) þetta fult eins vel og jeg. Ennfremur kemur þetta ljóst fram við gjaldþrot manns, sem hefir veðsett eigur sínar; þá liggur það í augum uppi, hve geysimikill munur er á því, hvort þar er um lausafjár- eða fasteignarveð að ræða; það eru mýmargar kröfur, sem ganga fyrir lausafjárveði. Hinu neita jeg þó alls ekki, að það gæti fengist meira lánað út á jarðirnar, ef alt væri

veðsett með þeim, en jeg er samt hálfhræddur um það, að bankarnir verði allvarasamir í þessum efnum og þyki veðin í búfje ekki vera vel trygg. Þeir hafa fussað og sveiað við þesshättar veðum hingað til. Þá er jeg og hræddur um, að ákvæðin í lögum um veðdeild Landsbankans banni, að tekin verði þesshättar veð og hjer er farið fram á. Þá get jeg heldur eigi orðið háttv. flm. (MT) sammála, er hann segir, að engin hætta sje á því, að óttast þurfi braskarana, þar eð þeir sjeu nú fjelausir orðnir. Þessu er því að svara, að þegar lög eru sett um eitthvert efni, eru þau eigi aðeins sett fyrir nútímann eða þá líðandi stund, heldur einnig fyrir framtíðina. En þegar búið er að veðsetja jörð með 1. og 2. veðrjetti, verður fjelitlum mönnum það oft, þótt þeim sje það ilt, að veðsetja einnig með 3. og jafnvel 4. og 5. veðrjetti í eignum sínum, en skepnur og bústofn, eftir þessu frv., þá áður bundnar af 1. veðrjetti; sjest þá ljóst, hver ágætis trygging, eða hitt þó heldur, þetta er þeim, sem lægsta veðrjettinn eiga; bönkunum er aftur á móti óhætt með fyrstu veðrjettindin.

Þá sagði háttv. flm. (MT) ennfremur, að þetta frv. ætti að verða til þess að hafa höndur í hári braskaranna, en það tel jeg þó illmögulegt, þar eð ekkert er því til fyrirstöðu, að bændur veðsetji t. d. jarðir sínar með 3. veðrjetti og lausafje með 1. veðrjetti, hvorttveggja fyrir sömu skuldinni. Slíkt veð mundu braskarar taka en ekki bankar, og hlynnir frv. þetta því einmitt að bröskurunum, en hefir ekki hendur í hári þeirra.

Um þinglestrarreglurnar sagði háttv. flm. (MT), að þyrfti eigi að taka neitt fram í frv., þar eð þetta heyrði undir fasteignaveðlögin og þinglestur þeirra, en jeg er því einmitt mótfallinn, að ekki sje fylgt reglunum um lausafjárveðsetningu og þinglestur samkvæmt þeim reglum. Slíkt verður til þess, að fasteign verður höfð með í veðinu sem yfirskin, til þess að komast með lausafjeð undir fasteignareglurnar. Enn sagði háttv. flm. (MT), að sama tilgangi mætti ná með ótakmörkuðum kúgildafjölda á jörðunum; en það má hann sjálfur vita, að kúgildi þekkjast eigi lengur í lagamáli og eru aftekin fyrir góðum tíma síðan. En fyrrum mátti ekki setja fleiri kúgildi á jörð en svaraði einu kúgildi fyrir hver 5 jarðarhundruð, ef þau áttu að vera laus undan tíund, og datt engum í hug að bregða út af þessu. Þó má vel vera, að meiri hluti háttv. deildar sjái eitthvert gagn í þessu frv., en jeg sje fleiri ókosti en kosti á því, og mun því greiða atkvæði á móti því.

Flm. (Magnús Torfason): Tilgangurinn með þessari lagabreytingu er meðal annars sá, að sú áhöfn, sem lánveitandi vill hafa með jörðunum að veði, sje föst við jarðirnar. Þegar ábúendaskifti verða á slíkum jörðum, verður búfjeð tekið út á sama hátt og innstæðukúgildi nú. (MG: Þetta stendur hvergi í frv.). Það er satt, þetta stendur ekki í frv., en að sjálfsögðu semja bankarnir um, hvað mikið fylgi jörðunum að veði í hvert sinn, sem slík veð eru tekin, og munu þá brátt myndast um þetta fastar reglur, og er enginn vafi á því, að þá verða gefin út fyrirmyndareyðublöð til útfyllingar, um það, hversu þessu skuli haga. En einmitt með þessu, að áhöfn-

in verður tekin út með jörðinni við ábúendaskifti, verður áhöfnin föst við jörðina.

Að því er snertir lausafjárveðrjett, þá er mjög lítið gert að því að veðsetja lausafje, þar sem slíkar veðsetningar geta aðeins gilt fyrir eitt ár. Jeg hefi annars borið þetta undir bankastjórn fasteignabankans hjer, og kvað hún þetta frv. vera til mikilla bóta. Hjer er aðeins um heimild að ræða, sem bændur geta notað, og geta þeir farið svo varlega sem þeim sýnist. Jeg hefi einnig borið þetta saman við veðdeildarlögin, og er það í fullu samræmi við þau.

Þá sagði háttv. 1. þm. Skagf. (MG), að ekki ætti að gera þessi lög fyrir líðandi stund, heldur framtíðina. Það er einmitt svo um þessi lög. Það er ætlast til þess, að áhafnirnar við jarðirnar festist smátt og smátt. Er þess full þörf fyrir bændur, sem eiga yfirleitt mjög erfitt með að borga skuldir sínar. Auðvitað verður altaf eitthvað verðgildi eftir óráðstafað, en þessi lög verða þó altaf til þess að minka það.

Að því er snertir skattfrelsið í tíundar- og lausafjárlögunum, þá kemur það ekki þessu máli við. Það voru oft fleiri kúgildi með jörðunum en svaraði 1 fyrir hver 5 hundruð jarðar, enda altaf hægt að fjölga þeim. Þegar skepnuleiga tíðkaðist mest, þá borgaði sig vel að leigja upp á gamla mátann. En það er nú að leggjast niður. Það opinbera hefir gengið á undan í því að breyta afgjaldinu af jörðunum til peningagjalds, enda er það vel farið. Það verður bara undantekning, ef braskarar græða á þessum lögum. En það verður aldrei hægt að búa til lög fyrir undantekningarnar.

Björn Líndal: Háttv. flm. (MT) sagði, að frv. þetta væri mjög saklaust. Jeg skal játa, að það lítur svo út í fljótu bragði, en eftir því sem jeg hugsa betur um það, því betur sannfærist jeg um það, að það er ekki eins saklaust og virðast kann í fljótu bragði. Það er svo langt frá, að jeg geti greitt þessu frv. atkvæði mitt, að jeg vildi þvert á móti helst banna mönnum með lögum að veðsetja búpening sinn. Það hefir oft orðið til stórtjóns fyrir menn, er það hafa gert, og hefir jafnvel stundum leitt til þess, að heiðarlegir menn hafa komist í kast við hegningarlögin. Jeg vil taka eitt dæmi til skýringar: Jeg hefi veðsett kú, en verð þess var skömmu síðar, að hún er kálflaus og því einskis virði til mjólkur. Hagsmunir mínir krefjast þess, að jeg slátri kúnni þegar í stað, en jeg má það ekki vegna veðsetningarinnar, svo framarlega sem jeg á ekki að eiga það á hættu að komast í klandur. Það er auðsætt, að bændur gætu varla hreyft sig, ef búpeningur þeirra væri veðsettur allur, en þeir eru nú þegar orðnir svo fjötraðir í takmarkalausar sjálfskuldarábyrgðir og aðra skuldafjötra, að á það er sannarlega ekki bætandi.

Bernharð Stefánsson: Jeg gat vel fallið frá orðinu, eftir að háttv. þm. Ak. (BL) hafði talað, því jeg vildi einmitt taka það sama fram. Jeg tel mjög vafasamt, að þetta frv. verði til bóta. Háttv. flm. (MT) hjelt því fram, að þetta frv. ætti að tryggja betri meðferð á jörðunum, en það efast jeg stórlega um, að svo verði. Hann kvað tilganginn vera þann, að festa áhöfnina við jarðirnar. En það er mjög vafasamt, að það verði til bóta. Hitt þætti mjer líklegra, að það

yrði einmitt oft til ills. Jeg skal að vísu játa, að ef sjálfsábúð væri alment ríkjandi, þá mætti færa þetta til sanns vegar. En það eru mjög margar jarðir í leiguábúð, og er þetta ákvæði vafalaust til ills fyrir leiguliða, að hann taki við áhöfn, sem jarðareigandi á. Það yrði oft til fyrirstöðu því, að hann eignaðist sjálfur skepnur, því jarðirnar þola oft ekki nema mjög takmarkaða áhöfn. Þar, sem jeg þekki til, er því svo varið, að þeir leiguliðar, sem hafa nokkur ráð, vilja helst hafa sem fæst kúgildi. Að vísu finst oft byrjendum þægilegra að hafa þau, en sú mun oftast verða raunin á, að þau verða þeim til bölvunar. Er leiguliðinn yfirleitt nægilega háður landeiganda, þó að þetta bætist ekki við, að jarðeigandi eigi alt, sem hann býr við.

Jeg mun því greiða atkvæði gegn þessu frv. Ekki einasta vegna þess, sem jeg hefi nú drepið á, heldur og líka af því, að jeg held, að bændum sje hollast að vera ekki í hærri skuldum en svo, að jarðir þeirra sjeu nægileg veð fyrir þeim. Það er takmörkum bundið, hve mikilla skulda má stofna til fyrir hvaða rekstur sem er. Er oftast heppilegra að fara ívið hægara í framkvæmdum en að hlaða á sig skuldum upp fyrir eyru.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg vil fyrst svara hv. þm. Ak. (BL) nokkrum orðum. Mjer þykir það mjög leiðinlegt að heyra það, hve vondum mönnum hann hefir kynst þarna fyrir norðan, og er það líka sannast að segja, að hann gefur þeim ekki góðan vitnisburðinn.

Jeg vil annars halda því fram, að það sje aldrei hægt að girða fyrir það, að menn brjóti lögin. Lögin eru ekki gerð fyrir eintóma lögbrjóta og misindismenn, heldur fyrir þjóðfjelagið í heild sinni. Verður einstaklingurinn að beygja sig undir það og reyna að halda almennar reglur. Háttv. þm. (BL) tók það fram, að ef þetta kæmist á, þá gætu bændur ekki skift um skepnur, þótt þeim bráðlægi á. Þetta er misskilningur. Hjer er aðeins um tiltekna áhöfn að ræða, en sama, hvernig skepnan er lit. Jeg veit, að í Danmörku er þetta venja, og er það gert í því skyni, að girða fyrir það, að menn lendi í hegningarhúsinu, þótt þeir skifti um skepnur.

Þá skal jeg snúa mjer að hv. sessunaut mínum (BSt). Hann sagði, að frv. þetta myndi fyrirbyggja það, að menn eignuðust sjálfir skepnur. Mjer hefir aldrei dottið í hug, að leiguliðar tækju við stærri áhöfn en svo, að hún væri aðeins nokkur hluti þess, sem jörðin getur borið. Hinsvegar sje jeg ekki, að áhöfnin þurfi að vera þeim nein plága, því þar er þá um lán að ræða, sem þeir njóta altaf bestu vaxtakjara af. Það er annars undarlegt, hvað þm. af Norðurlandi virðist illa við kúgildi. 1919 kom þm. þaðan með frv. um að fella þau niður, og varð jeg þá ásamt öðrum þm. til þess að fella það frv. Og nú er svipað hljóð að heyra hjá hv. 2. þm. Eyf. (BSt). Mjer finst það annars dálítið skrítið, ef menn eru svo mjög á móti því að fá áhöfn með svo hægu móti. Því eins og menn vita, þá stendur það mörgum efnilegum, ungum manni í vegi fyrir, að hann fái reist bú, hve erfitt er að fá góðar skepnur með hæfilegu verði.

Þá kem jeg að því atriði, sem mestur kostur fylgir, en það er, að fylgi bústofn jörðinni, þá verður það til þess

að greiða mjög fyrir flutningi til sveitanna.

Að því er snertir þetta, hve háður leiguliði verði jarðeiganda, þá vil jeg benda á það, að nú er gersamlega horfin sú gamla kúgun í þeim efnum, sem áður ríkti.. Nú er þessu fyrir komið eins og hverjum öðrum peningaviðskiftum manna á milli.

Jeg er sammála hv. þm. (BSt), að það væri heppilegast, ef bændur þyrftu ekki að skulda meira en svo, að jarðirnar hrykkju að veði. En það er nú svo í reyndinni, að margir bændur skulda miklu meira en því nemur. Út af því verða þeir oft að sæta okurvöxtum, og fer stundum svo, að menn verða af með stórfje af þeim sökum, og er þetta til þess að bæta úr því.

ATKVGR.

Frvgr. **feld** með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÞ, JörB, KlJ, MJ, MT, SvÓ, TrÞ, HStef, JakM, JAJ, JBald, JK.

nei: MG, PÞ, SigurjJ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HK, IngB, JS, PO.

Tveir þm. (BSv, BJ) fjarstaddir.

5. Einkasala á saltfiski.

Á 21. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um einkasölu á saltfiski (þmfrv., A. 96).

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 14. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., mánudaginn 17. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þetta frv. bar jeg einnig fram hjer á síðasta Alþingi; það fann þá eigi náð fyrir augum þingsins. En nú hafa síðan farið fram nýjar kosningar um alt land, og auk þess hjer komnir til margir nýir fulltrúar; áleit jeg rjett að láta nú þetta mál koma aftur fram í þinginu og til atkvæða hinna nýkjörnu fulltrúa, þar eð fjöldi manna um land alt telur þetta mál, að ríkið taki að sjer einkasölu á einni aðalútflutningsvöru landsins, vera mjög mikilsvert mál. Það er þetta, sem um er að ræða, að ríkið taki að sjer og fari með fisksöluna; fiskurinn er aðalútflutningsvara landsmanna og langmestur hluti af þeim erlenda gjaldeyri, sem vjer eignumst, fæst fyrir þessar vörur. Þessvegna er það alls ekki þýðingarlaust mál, hvernig þessari verslun er varið og fyrir komið. Fyrir þennan erlenda gjaldeyri, er fengist hefir fyrir þessar vörur, sem íslenskir verkamenn hafa aflað, kaupum vjer, eða eigum að kaupa, nauðsynjavörur þær, er vjer þurfum; er því skiljanlegt, að þeir muni eigi vera svo fáir, sem óska þess, að þessi verslun fari sem best úr hendi, en einmitt á því hefir talsverður misbrestur verið undanfarin ár. Hefir þetta því orsakað það, að eigi hefir fengist það verð fyrir fiskinn, sem telja mátti vera rjett eða sanngjarnt. Nú hafa það einmitt verið einstakir menn eða fjelög, sem við þessa fiskverslun hafa fengist hingað til, og mikill hluti hennar hefir verið í höndum erlendra manna og fjelaga. Og vitanlega hefir um mjög litla eða enga samvinnu milli fiskútflytjenda verið að ræða. Hver hefir þar skar-

að eld að sinni köku og oft gert hvor öðrum stórskaða, sem svo hefir bitnað á öllum landsmönnum á eftir. Hin eina samvinna, sem um hefir verið að ræða milli þeirra, er sú — og það hafa þeir stundum gert — að mynda stóra hringi, samtök, sem hafa miðað að því, að þrýsta niður fiskverðinu hjá hinum smærri framleiðendum og græða þannig á þeim og halda verðinu óeðlilega háu gagnvart kaupendum. Frægastur af öllum þesshättar samtökum, var „Fiskhringurinn" svokallaði, sem hjer starfaði fyrir nokkrum árum, og tapaði svo miljónum skifti, sem síðar var eftir gefið. Þeir menn, sem að slíkum samtökum standa, hafa eigi hag landsmanna fyrir augum, heldur hafa þeir aðeins viljað græða sem mest fyrir sjálfa sig og hluthafa sína, og þessvegna hafa þeir stundum bent bogann svo hátt, að hann hefir brostið, en skaðinn, sem af því hefir hlotist, hefir þá auðvitað komið jafnt í koll öllum landsmönnum. Það getur því engum blandast hugur um, að þetta er óheilbrigt ástand. Margir útgerðarmanna hjer hafa fundið þennan misbrest og reynt að koma á milli sín betra samkomulagi að því er fiskverslunina snerti. Kom þetta einna greinilegast í ljós 1921, er síldarútvegsmenn vildu láta Alþingi lögbjóða samtök um útflutning á síld. Nú hafa saltfisksútflytjendur hjer verið að athuga þetta mál undanfarið, aðallega fyrir frumkvæði Landsbankans, um skilyrði fyrir samvinnu sín á milli, og hafa þeir leitað til stjórnarinnar í þessu efni, að hún styrkti væntanlegan fjelagsskap fiskútflytjenda með lögum. En úr þessu hefir þó ekki orðið, mest fyrir samtakaleysi og sundurlyndi útflytjendanna sjálfra. Enda eru það og margir, sem vantrúaðir eru á það, að samtök slíkra manna mundu geta komið lagi á fiskverslunina. Meðferð fisksölunnar hefir oftlega verið vítt opinberlega í blöðunum, og einn af bankastjórum Landsbankans gerði sjerstaklega að umtalsefni fyrir tæpu ári síðan ólag það, sem væri á fiskversluninni; og þó hann ekki benti á ríkiseinkasölu sem úrlausn þessa máls, en æskti heldur eftir frjálsum samtökum manna á meðal, sem nú er þegar sýnt, að eigi munu geta tekist, þá styður þetta alt þessa tillögu mína og viðleitni til þess að koma betra skipulagi á fiskverslunina. Það sjá allir, að þegar fiskurinn með ríkiseinkasölunni er kominn á eina hendi, kemur ekki til þess, sem nú tíðkast, að einstakir útflytjendur bjóði fiskinn út í mörgu lagi og á mörgum stöðum í senn, og felli verðið hver fyrir öðrum. Framboðið verður jafnara við einkasöluna og fer eftir neysluþörf kaupenda, en verðið verður stöðugra. Mun þetta verða til þess að gera allan útveg áhættuminni en verið hefir undanfarið og því til stórra bóta fyrir þennan atvinnuveg. En sjerstaklega hygg jeg, að hinir smærri útgerðarmenn og framleiðendur muni njóta góðs af þessu skipulagi á versluninni. Munu þeir betur njóta þess raunverulega verðs, sem fyrir fiskinn fæst á erlendum markaði, og geta því fremur aukið útveginn; enda er það eðlilegast, að arðurinn af árlegu striti almennings skiftist jafnara niður með þjóðinni, en lendi ekki allur hjá fáeinum hákörlum, sem síður hafa verðskuldað hann að rjettu lagi.

Nú sem stendur er verslunarjöfnuður vor óhagstæður að menn ætla, en þar eð skýrslur vantar um þetta, verður þó eigi fullyrt neitt um það, en alllíklegt er þó, að

inn- og útflutningur standist nokkurnveginn á, og er það álit margra, að verðfall hinnar íslensku krónu sje mjög óeðlilegt. Hafa margir þá trú, að þetta stafi af því, sem og á sjer stað víða annarsstaðar, að það fje, sem flutt er út úr landinu sem íslenskar afurðir, gangi alls eigi til þarfa landsmanna sjálfra. Það hefir því vaknað sú spurning hjá allmörgum, hvort vjer í raun og veru fáum aftur alt það fje, sem greitt er fyrir íslenskar afurðir á erlendum markaði, til okkar eigin afnota. Jeg minnist í þessu sambandi brjefs frá stjórn Landsbankans, sem hjer var nýlega lesið upp, og var þar vikið að ýmsum gjaldeyrisráðstöfunum, t. d., að fje, sem fæst fyrir innlendar afurðir, gangi til þarfa landsmanna sjálfra, að vörur verði eigi fluttar út þannig, að verð þeirra verði alt lagt inn í erlenda banka. Þetta hefir átt sjer stað undanfarið, og er lítt til bóta fallið á hag landsmanna, eða til þess að efla gengi peninga vorra. Með einkasölufyrirkomulaginu er komið í veg fyrir þetta, að fje sje flutt út úr landinu á þennan hátt, en ríkið fær sjálft gjaldeyri til umráða. Einnig kemur einkasalan í veg fyrir það, sem og hefir átt sjer stað hjer í gjaldeyrisvandræðunum, að erlendir fjesýslumenn hafa flutt inn erlendar vörur, en keypt innlendar afurðir hjer í staðinn og selt þær erlendis, og þannig tekið allan hagnaðinn af verði þeirra. Ennfremur er annað, sem eigi er minna vert, er leiðir af ríkiseinkasölunni, þ. e. ef hjer verða innleidd innflutningshöft aftur í einhverri mynd, að ekki verði þá brallað með erlendan gjaldeyri, eins og hjer var gert síðast, er innflutningshöftin voru lögð á, en bankarnir höfðu þá erlendan gjaldeyri mjög af skornum skamti. Hverfur þá og freisting útflytjenda — enda hafa þeir þá og síður tækifæri — til að „spekúlera" í verði íslenskrar krónu, ef útflutningurinn er allur í höndum ríkisstjórnarinnar. Hvar, sem til er litið, sjest því eigi annað en hagnaður af þessu skipulagi fyrir ríkissjóð og alt landið. Þá er enn eitt atriði, og mjög þýðingarmikið í þessu máli, en það er markaðsleitin fyrir íslenskan saltfisk erlendis. Svo er til ætlast með þessu frv., að ríkið fái talsvert fje til umráða í þessu skyni, og verður það þá krafa af þingsins hálfu, að stjórnin geri alt, sem í hennar valdi stendur, í þessu efni. Hvað hefir verið gert í þessu efni undanfarið? Eiginlega ekkert nema það, sem gert hefir verið af ríkisins hendi. Og fiskútflytjendurnir hafa alls ekki notfært sjer þær leiðbeiningar, sem að opinberri tilstuðlan hafa fram komið í þessu máli. Af Norðmanna hálfu hefir mikið verið unnið til að útvega nýja markaði, og þeir hafa, bæði ríkið og útflytjendur, miklu til þess kostað. En hjer hafa útflytjendur ekkert gert, enda brestur þá sennilega fje til þess. Með einkasölunni verður ríkinu trygt fje til þessara hluta, og ætti málinu þá að vera betur borgið.

Jeg geri ráð fyrir, að þá muni og frv. verða fundið það til foráttu, að erfitt muni veitast að finna þá menn, sem væru hæfir eða á annan hátt færir um að veita forstöðu slíkri stórverslun sem þessari. Jeg er ekki svo vantrúaður á þetta eins og háttv. andstæðingar mínir. Jeg er ekki vantrúaður á það, að til sje nóg af góðum og heiðarlegum mönnum, og jeg efast ekki um, að ríkið mundi geta grafið upp fjölda af slíkum mönnum til þess að fara með þessi störf og að þeir mundu vinna eins vel í þágu

ríkisins og þeir ynnu fyrir sjálfa sig. Jeg geri því ekki svo mikið úr þessari grýlu, að ríkiseinkasalan sje eigi framkvæmanleg vegna skorts á hæfum mönnum. Ríkið hefir einmitt á undanförnum árum haft stórfeldan atvinnurekstur með höndum, landsverslun o. fl., og hefir haft þar mjög margt starfsmanna, og jeg veit eigi til, að nokkur hafi borið þeim mönnum, sem þar starfa, á brýn, að þeir hafi farið illa að ráði sínu eða hafi brugðist því trausti, sem þeim hefir verið sýnt með því að fela þeim þessi störf á hendur. Þá getur það verið, að einhverjir láti blekkjast af því, hversu útlitið er nú gott með söluhorfur á íslenskum fiski erlendis, og álíti, að ástandið sje nú svo ágætt, að engin ástæða sje til þess að gera ráðstafanir til ríkiseinkasölu á fiskinum og segi, að það megi ekki miða við það, sem skeð hafi á undanförnum árum. En þó þetta sje nú svo, og jeg óska, að það geti haldist sem lengst, getur þó svo farið, að hið háa verð breytist áður en varir til hins verra. Slíkar verðsveiflur eru því miður tíðar. Verðið getur fallið snögglega; og ef eitthvert afturkast yrði á fiskmarkaðinum, munu fiskútflytjendur eigi verða ófúsir á að leita í einhverju aðstoðar löggjafarvaldsins eða ríkisstjórnarinnar. Þessvegna ættu þeir ekki að láta blekkjast af hinu góða útliti í svipinn, en ættu að vera fúsari til þess að fá ríkinu í hendur aðal-útflutningsvörur landsins og tryggja sig þannig gegn skakkaföllum, sem sýnilegt er af reynslunni, að þráfaldlega koma fyrir vegna skipulagsleysis á fisksölunni í einstakra manna höndum. Með þessu fyrirkomulagi á fiskversluninni væri og annað unnið, að menn losnuðu fyr undan því, sem víða um heim er kallað einveldi bankanna yfir peningamálunum. Ef þessi ríkiseinkasala yrði stofnuð, fengi ríkið nægan erlendan gjaldeyri til umráða, og þá gæti stjórnin, fyrir hönd þjóðarinnar, haft hönd í bagga með bönkunum um gengi íslensku krónunnar, að þeir ráði því ekki alveg upp á eigin spýtur, eins og undanfarið hefir átt sjer stað hjer. Þetta er enn ein ástæðan, sem ætti að gera það að verkum, að þetta frv. mitt fengi góðar undirtektir hjá háttv. deild, og vænti jeg því, að hún sýni þessu máli þann sóma, að samþ. það til 2. umr., og að lokinni þessari umræðu geri eg það að till. minni, að frv. verði vísað til sjútvn. Það gæti að vísu orðið álitamál, hvort heldur það skyldi fara til fjhn. eða sjútvn., en jeg held jeg kjósi það heldur í hendur þeirri síðarnefndu.

Ágúst Flygenring: Allir útgerðarmenn vita það vel, að tilgangur þessa frv. er eigi að bæta hag þeirra eða atvinnuvegsins yfir höfuð, enda hefir ekkert komið úr þessari átt, sem líklegt hafi verið til þessara hluta. Tilgangurinn er auðvitað sá, að þetta eigi að vera fyrsta sporið í áttina til algerðrar þjóðnýtingar á atvinnuvegunum. Enda veit jeg, að háttv. flm. (JBald) ætlast til þessa. Ef þetta frv. næði að verða að lögum, yrði næsta sporið að þjóðnýta fiskiveiðarnar, útgerðina, sem þá ætti að verða rekin eingöngu af ríkinu. Mundi og fleira á eftir fara, verslunin, peningamálin o. fl. o. fl. Jeg ætla ekki að fara að lýsa afleiðingum slíks atvinnurekstrar, enda þykist jeg vita, að allflestir geti gert þetta reikningsdæmi upp í huga sjer. Það voru aðeins hinar formlegu ástæður háttv. flm., sem

jeg ætlaði mjer að athuga lítilsháttar. Það var þá fyrsta aðalástæðan, að þetta ætti að verða til þess að fyrirbyggja mistök á fiskversluninni og tryggja verðið. Önnur ástæðan var að auka erlendan markað fyrir íslenskan fisk með ríkiseinkasölunni, og í þriðja lagi, að ríkið átti að taka þann erlenda gjaldeyri, sem fyrir fiskinn fengist, í sínar hendur og nota hann til þess að rjetta við gengi íslensku krónunnar og draga um leið taumana úr höndum bankanna, sem mestu hafa ráðið áður um skrásetning gengisins. Viðvíkjandi þessu er það að segja, að mjer skilst sem stjórnin hafi nú, eða geti haft, bein afskifti af því, hvernig bankarnir ráðstafi erlendum gjaldeyri, og þurfi því ekki að koma fram óbeint ákvæði um það í þessu frv.

Verðið á fiskinum er ekki hægt að festa eða tryggja á annan hátt, það veit hv. flm. (JBald) eins vel og jeg. Hinar snöggu breytingar á fiskverðinu eiga rót sína að rekja til þess, að fiskurinn þolir ekki ótakmarkaða geymslu. Í öðru lagi er fiskframleiðslan meiri breytingum undirorpin en á flestum öðrum neysluvörum. Auk þess eru ýmsar aðrar neysluvörur seldar á sama markaði, við hliðina á fiskinum, sem eru mjög mismunandi í framboði. T. d. hefir það mikil áhrif á fiskmarkaðinn á Spáni, fyrrihluta vetrar, hvernig uppskeran af „tómötum“ hefir hepnast. Þá er enn ein höfuðástæða gegn frv., sem hv. flm. hefir alls ekki minst á. Fiskframleiðslan í hinum ýmsu löndum, sem keppa við okkur á markaðinum, er mjög mismunandi mikil, en víðast hvar miklu meiri en hjá okkur. Ennfremur er fiskframleiðsla hjá okkur, sem öðrum, mjög svo háð ýmsum náttúruöflum, svo sem veðráttu, hafstraumum o. fl. o. fl., sem við alls eigi getum ráðið við, allra síst, þegar litið er til þess, hversu lítið við höfum að segja í hlutfalli við aðrar fiskframleiðsluþjóðir. T. d. er fiskframleiðslan í Noregi 10 sinnum meiri en hjá okkur, og á Bretlandi er hún 30 sinnum meiri en hjá okkur. Við erum því aðeins sem dropi í hafinu, í samanburði við aðrar þjóðir, sem flytja fisk á heimsmarkaðinn. Það kemur oft fram í blöðunum hjer, ef fiskverðið fellur eitthvað, að það sje þeim að kenna, sem fiskinn selja á Spáni. Þetta er mjög ósanngjarnt og gersamlega fjarri öllum sanni. Hjer þurfa engin mistök að hafa átt sjer stað, og er æði ranglátt að bregða mönnum um slíkt. Sölunni hefir einmitt stundum verið áfátt á undanförnum árum vegna fjeleysis bankanna hjer, sem hafa ekki getað greitt fyrir henni sem skyldi, vegna fátæktar, en það er oft talsverður kostnaður því samfara að koma fiskinum á markað. Ennfremur vita t. d. allir það, að það var ekki með vilja gert, þó fiskhringurinn svonefndi spilti um hríð fyrir sölu á íslenskum fiski, síður en svo, að það væri viljandi gert af fiskhringnum að valda sjer sjálfum og öðrum því tapi, sem varð. Það voru lítt viðráðanlegar ástæður, sem voru þess valdandi. Og þess ber vel að gæta, að það tap, sem hringurinn varð fyrir, hefði væntanlega borið að hvort sem var, en bara í dálitið annari mynd. Verðið undanfarinn tíma hefði þá yfirleitt verið lægra, og hefði almenningur orðið að sæta því. Tapið hefði með öðrum orðum færst til, þannig, að það hefði ekki verið einstakir menn og þessi banki, sem varð fyrir því, heldur allur þorri smærri fiskframleiðenda. Þetta verðfall var líka

ekkert einsdæmi hjá okkur. Aðrar þjóðir fengu einnig að kenna á því. Slíkt getur altaf komið fyrir í stærri viðskiftunum við öll lönd, og er því oft þannig farið, að ómögulegt er að sporna við því.

Jeg skal ekki hafa neitt á móti samvinnu í því að selja afurðir landsins. Í því efni get jeg verið samþykkur háttv. flm. En jeg er gersamlega mótfallinn því, að þeirri samvinnu sje hagað þannig, að alt sje sett í hendur stjórnarinnar. Það væri líka einsdæmi, og veit jeg ekki til þess, að það hafi verið gert í nokkru öðru landi með svipuðu stjórnarfyrirkomulagi og hjer er hjá okkur. Það væri þá líka langsanngjarnast að leggja veiðarnar í hendur stjórnarinnar líka, enda myndi það sjálfgert, því fáir myndu vilja reka fiskiveiðar, ef stjórnin ætti að taka við afurðunum og hafa söluna á hendi.

Að því er snertir söluna nú, þá verð jeg að taka það fram, að Íslendingar hafa aðallega haft hana á hendi. Gerir háttv. flm. of mikið úr því, að útlendingar gíni þar yfir okkur, því í rauninni kemur það í sama stað niður, hvort vjer seljum Englendingum fiskinn og fáum pund fyrir, eða látum landann annast söluna til Spánar. Í báðum föllum fer salan fram gegn erlendri mynt.

Mjer þykir það annars helst til þung ásökun, sem háttv. flm. bar hjer fram, að þeir menn, sem ekki vildu aðhyllast þetta frv., vildu gera þjóðinni skaða. Jeg er til í að snúa þessu við og fullyrða, að misverknaðurinn er þeirra megin, sem bera annað eins fram. Hv. flm. sagði, að ríkið hefði haft stóran rekstur með höndum, sem hefði gengið prýðisvel. Jeg veit að vísu um það, að hjer er bæði tóbaks-, vín- og olíueinkasala, en sú verslun er svo ný, að ekki er hægt að dæma um hana ennþá. Hv. flm. kvað þetta verða til þess að hindra það, að einstakir menn brölluðu með gjaldeyrinn. Jeg hefi nú, sannast að segja, litla trú á því, að slíkt brall hafi getað átt sjer stað í stórum stíl, því það hafa, mjer vitanlega, engar gullhrúgur verið erlendis, sem Íslendingar hafa getað „spekúlerað“ með. Það mun vera tóm ímyndun, að íslenskir kaupmenn nú á dögum „spekúleri“ með fje sitt í útlöndum.

Jeg get vel fallist á það með háttv. flm., að gott sje að leita markaðs fyrir afurðir landsins, enda hefir það verið gert. En sáralítill árangur hefir ennþá orðið af þeirri leit. Lít jeg svo á, að fyrst um sinn muni okkur nægja sá markaður, sem við höfum á Spáni og Ítalíu. En þegar þar að kemur, að hann verði ónógur, þá verðum við auðvitað að reyna að færa út kvíarnar. En þess ber vel að gæta, að það er ómögulegt að búa til markað, þar sem engin skilyrði eru fyrir hann. Skal jeg t. d. benda á það, að enska stjórnin gerði sem hún gat á stríðstímunum til þess að síld yrði notuð til manneldis á Bretlandi. Hún ljet lærða prófessora fara um landið þvert og endilangt og prjedika það, hve holl fæða saltaða síldin væri. Óteljandi rit voru um þetta samin og fjöldi sýnishorna var sendur um land alt. En ekkert dugði. Þeir höfðu nú einu sinni ekki list á síldinni og hafa það ekki enn. Nei, við hljótum aðeins að halda okkur við þær þjóðir, sem vilja neyta þessara fæðutegunda. Býst jeg við, að þegar markaður Spánverja verður okkur ónógur, þá höfum við ekki annað að flýja en til Suður-Ameríku. En það

kostar bæði fje og fyrirhöfn að tryggja sjer slíkan markað. Skal jeg í því tilliti benda á það, að Englendingar, sem senda mikinn fisk til Rio de Janeiro, Santos og Buenos Aires hafa í öllum þessum stöðum ekki einasta konsúla og verslunarerindreka, heldur hefir líka hvert verslunarfjelag sinn prívat-erindreka og alt, sem með þarf, til þess að greiða fyrir fiskversluninni. Þetta geta stórþjóðirnar, en við getum það ekki, af því að þessi rekstur er í svo smáum stíl hjá okkur.

Jeg verð að lokum að taka það fram, að jeg hefi ótrú á því, og tel það harla óráðlegt, að þeir menn, sem mesta æfingu hafa í því að reka þennan atvinnuveg og selja afurðir hans, að þeir láti af að stjórna honum og aðrir menn taki við, lítt vanir eða óvanir þeim störfum. Veit jeg líka, að það kemur ekki til mála, að slíkri byltingu í viðskiftalífinu verði nú komið á. Tel jeg gersamlega óþarft að sýna þessu máli þá hæversku að láta það ganga til nefndar, og legg því til, að það verði felt tafarlaust.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg á ef til vill að skilja það svo, að hv. þm. (ÁF) vilji láta frv. sigla nefndarlaust gegnum þingið. Sje svo, þá er það fjarri mjer að vera á móti því, að það sigli svo góðan byr.

Háttv. þm. (ÁF) byrjaði annars á því, að þetta frv. væri ekki borið fram í því skyni að bæta hag fiskveiðanda, og kvað það ljóslega hafa komið fram í flutningsræðu minni. Jeg skal játa, að það yrði til þess, að fáeinir fiskeigendur biðu tap eða óhag við þetta, en öllum þorra hinna yrði það til hags, en það er einmitt á hag fjöldans, sem jeg vil líta, en ekki á hag fárra einstakra manna. Háttv. þm. leit svo á, að engin leið væri til að ætla það, að þessi leið yrði frekar til þess að fyrirbyggja mistök við söluna. Reynslan sker hjer úr. Við höfum þegar næg dæmi þess, hvernig þetta hefir farið í höndum einstakra manna, og við höfum líka reynslu fyrir því, hvernig verslunin með sjávarafurðirnar úr hendi ríkisins hefir farið. Gefur sú reynsla hinar bestu vonir um framtíðina, ef sú aðferð yrði tekin upp, en hinsvegar lítur svo út, að ef sama fyrirkomulagi verður haldið áfram með þessa verslun, þá fari alt í hund og kött.

Háttv. þm. kvað ríkisstjórnina geta haft nægileg áhrif á bankana eins og nú stæði. En jeg vil bara spyrja: Hvar er þau áhrif að finna? Við verðum að láta reynsluna tala hjer sem annarsstaðar.

Jeg skal játa það með háttv. þm., að verð þessarar vöru hlýtur altaf að vera nokkrum breytingum háð. En það þarf ekki að vera háð svo miklum breytingum eins og nú á síðustu árum. Það er að minsta kosti hægt að girða fyrir þann breytileik, sem stafar af því, að einstakir menn eru að „spekúlera“ með vöruna — geyma hana og halda henni í afarverði, þangað til einn góðan veðurdag að alt brestur. Það fyrirkomulag, sem frv. þetta fer fram á, yrði undir öllum kringumstæðum tryggara. Háttv. þm. játaði það líka, að menn væru of sundurlyndir og ósamtaka í þessum efnum, svo það er auðsjeð, að hann veit sjálfur af göllunum, sem þessu gamla fyrirkomulagi fylgja. Munurinn á skoðunum okkar er því ekki svo ýkjamikill, (ÁF: Jú!) því jeg fer aðeins fram á það, að ríkið prýsti mönnum til þessarar samvinnu, sem hv. þm. (ÁF) þráir, að komist á.

Háttv. þm. játaði, að stórfje hefði tapast við fiskikaupin um árið, en hann kvað það tap aðallega hafa komið niður á fáum mönnum. Jeg held því fram, að þetta hafi einnig komið hart niður á almenningi. Bankinn tapaði stórfje við þetta og gat því síður fullnægt viðskiftaþörfinni á eftir. En það er beint tap fyrir fjöldann. Að því er snertir þá röksemd háttv. þm., að „Fiskhringurinn" hafi þó altaf orðið til þess að veita mönnum aukna vinnu, þá vil jeg svara því, að það er betra, að vinnan sje jöfn og stöðug en að ofvöxtur hlaupi í hana um stuttan tíma, til þess að alt fari svo á eftir í kalda kol.

Þá er það misskilningur hjá háttv. þm., að enginn muni treystast til að reka veiðar, ef stjórnin taki að sjer sölu-na. Allir smærri útvegsmenn myndu telja þetta happ. Myndi það gera þá öruggari og ötulli og myndi því aðeins verða til þess, að þeir rækju veiðarnar af meira kappi en áður og mundu auka útveg sinn.

Þá talaði háttv. þm. um það, að skakt væri, að fiskisalan hjer væri að talsverðu leyti í höndum útlendinga. Jeg verð að halda því fram, að þessu sje svo varið í raun og veru. Veit jeg líka, að háttv. þm. muni sem öðrum vera kunnugt um þá útlendinga, sem hafa komið hingað til landsins í þeim erindagerðum að kaupa fisk, og að þeir hafa ekki farið erindisleysu. Einnig er það kunnugt, að margir Íslendingar hafa verið millilíðir fyrir erlenda menn í þessum efnum.

Háttv. þm. játaði, að rjett væri að gera eitthvað fyrir markaðinn, en það var jafnframt á honum að heyra, að menn mættu yfirleitt vera ánægðir með hann eins og hann væri nú. En jeg verð að halda því fram, að það sje fjarri því, að menn sjeu alment ánægðir með hann. Fyrir skömmu síðan kröfðust Spánverjar þess, að við breyttum innanlandslögum okkar, svo framarlega sem við vildum njóta bestu kjara við saltfisksöluna hjá þeim. Við urðum undan að láta og breyta þessum lögum, sem ef til vill hafa haft mest siðferðislegt gildi allra íslenskra laga. Veit jeg, að mörgum þykir hart við þetta að búa og eru óánægðir með að hafa ekki markað nema í þessum eina stað. Óttast þeir að vera framvegis svo háðir annari þjóð sem við erum nú Spánverjum. Er það og orsökin til þess, að svo mikið fje er ætlað til markaðsleitar í frv. þessu.

Þá drap háttv. þm. á ríkisverslunina. Gerði hann sig þar fáfróðari en hann er í raun og veru, því hann kvaðst ekki þekkja aðra ríkisverslun en tóbaks-, vín- og olíuverslunina. Man háttv. þm. virkilega ekki eftir landsversluninni, sem rekin var á stríðsárunum? (ÁF: Það var bara bráðabirgðaráðstöfun.) Háttv. þm. var þá einn af stjórnendum þeirrar verslunar, og á hann þakkir skilið fyrir þá starfsemi sína. Sú reynsla sýndi ljóst, að það er hentugra, að ríkið hafi hönd í bagga með versluninni, og því skyldi það ekki einnig vera svo framvegis? Get jeg hugsað mjer, að mikið af þeim örðugleikum, sem við eigum nú við að búa, stafi af því, að við höfum ekki slíka verslun. Mun og innan skamms reka að því, að þetta verður almenn krafa, að landsverslunin verði færð í það horf, sem hún var í á stríðsárunum.

Jeg vil að endingu endurtaka það, að í rauninni er ekki svo mikill munur á skoðunum okkar í þessum efnum. Hv. þm. (ÁF) viðurkennir, að ólag sje á

fiskisölunni og óskar jafnframt eftir betri samvinnu. En hann er bara á móti því, að ríkið knýi menn til þeirrar samvinnu. Hann nálgast mjög skoðun mína á göllunum, en vill bara bæta úr þeim á þann hátt, sem ekki er hægt.

Ágúst Flygenring: Jeg ætla að byrja á þessu, sem hv. flm. (JBald) endaði á, að jeg hefði játað, að það væri ólag á fisksölunni. Jeg stend við það, að jeg teldi frjálsa samvinnu æskilega, en tek það jafnframt fram, að þetta er ekkert einsdæmi um okkar fiskverslun. Um þessar mundir er ólag á verslun og viðskiftum víða í heiminum. Veit jeg t. d. ekki, hvort við stöndum nokkuð að baki Norðmönnum í þessum efnum, hvað fiskverslunina snertir. Þeir versla með fisk sinn í sömu löndum og við, og jeg veit ekki betur en að þeir hafi líka orðið að kenna á verðfallinu hjer um árið, sem ljek okkur harðast. Annað eins og þetta er oft óviðráðanlegt og sama, hvort við eigum hlut að máli eða einhver önnur þjóð. Jeg skal hinsvegar endurtaka það, að það væri æskilegt, að við hefðum viðtækari sambönd og betri samtök um söluna. Jeg skal taka það fram, að með því á jeg ekki við samtök til okurs, eins og háttv. flm. talaði um, heldur samtök til þess að reyna að draga úr áhættunni. En það er ekki hægt að mynda slík samtök, nema þau sjeu bygð á vilja meirihluta þeirra manna, sem stunda þennan rekstur. Má og geta þess, að tilraun meðal útgerðarmanna og fiskútflytjenda um að hafa samvinnu í verslun með sjerstakri nefnd, sem skipuð yrði úr þeirra hóp, strandaði á því, að meirihluti þeirra áleit slíkt fyrirkomulag vera ofmjög haft á umráðarjetti einstaklingsins. Fyrir mitt leyti var jeg þessu mjög fylgjandi og áleit, að slík nefndarskipun gæti orðið til hagsmuna, eða í öllu falli afstýrt óhöppum í ýmsum tilfellum. En það fekst nú ekki meirihluti fyrir þessu, og sýnir þetta best, að menn vilja umfram alt algert frjálsræði í þessum efnum. Hvað, sem síðar kann að verða, þá er tíminn áreiðanlega ekki enn þá þroskaður hjer fyrir hitt fyrirkomulagið, sem farið er fram á í frv.

Er því augljóst af þessu, að þótt gott og hagkvæmt kunni að vera, að menn hafi samtök sín á milli um sölu afurðanna, þá er það ekki hægt að koma þeim fram, nema meirihluti hallist á þá sveifina. Væri það hreint og beint ósvífið af löggjafarvaldinu, ef það tæki sjer vald til þessa, gegn vilja meirihluta þeirra manna, sem mest eiga hjer í húfi.

Hvað snertir rannsókn sölustaða, þá vil jeg segja háttv. flutningsmanni það, að við þekkjum möguleika og skilyrði fyrir saltfisksölu í Suður-Ameríku, en það hefir hingað til ekki verið talið borga sig að senda fisk þangað. Um engin bein sambönd er að ræða, heldur verður að fara í stóra króka, annaðhvort til Bretlands eða Noregs, og umskipa fiskinum þar. Tefur það ekki að eins flutninginn, heldur skemmist oft varan og umbúðirnar svo mikið, að þau vandkvæði gera þá leiðina næstum ófæra. Þar að auki er markaðinum þar svo hagað, að ekki er hægt að vita neitt fyrirfram um söluna, því varan kemst ekki fyr á markaðinn en hlutaðeigandi heilbrigðisstjórn hefir lýst hana góða og gilda. Helst þarf maður að eiga þar sína eigin verslun til að koma vörunni út. Er því málinu svo háttað, að ekki myndi meir en svo borga sig að senda þangað fisk, þó gert væri ráð fyrir, að ekkert skemdist og um bein sambönd

væri að ræða og jafnframt tekið tillit til þess, hve verðið er hátt.

Skal jeg svo ekki fara meir inn á það mál, þó auðvitað væri æskilegt, að við ættum þar verslun, þegar okkur vex svo fiskur um hrygg, eftir mörg ár, að framleiðslan er orðin máske helmingi meiri en nú.

Jeg sje ekki ástæðu til að draga Spánarvínið nje Spánarsamninginn inn í þessar umræður; hann byggist á því, sem venjulegt er í öllum millirikjasamningum, að aðalframleiðsluvörurnar sjeu gagnkvæmilega frjálsar.

Þess má geta viðvíkjandi fiskverslun útlendinga á síðustu 10 árum, þá hefir það aðallega verið eitt danskt „Konsortium", sem keypt hefir hjer fisk. Hefir þetta fjelag, sem kunnugt er, tapað stórfje, mörgum miljónum, sem þó ekki voru lánaðar í íslenskum bönkum; það var alt útlent fje, sem þeir unnu með. Og ekki var tap þess fjelags því að kenna, að það væri ókunnugt slíkri verslun, því það hafði rekið hana í Miðjarðarhafslöndunum um 40 ár. Er það sönnun þess, að þeim getur mistekist, sem öflugri eru en við Íslendingar og slungnari í verslunarmálum. Gæti það og hent, að tap yrði, þó stjórnin hefði verslunina.

Mjer virðist, að dæmi hv. flm. (JBald) um okurhringinn mætti snúa upp á stjórnina. Menn myndu krefjast af henni, að hún fengi sem mest verð, og gæti það orðið til þess, að hún hjeldi of lengi í vöruna, eins og okrararnir, og færi svo á rassinn eins og þeir — eins og hann komst að orði.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það væri náttúrlega ekki rjett að segja, að óhugsandi væri, að mistök gætu komið fyrir hjá landsversluninni. En það má slá því föstu, að reynslan gefur ekki ástæðu til þess að ætla, að þau mistök yrðu jafnmikil og hjá einstaklingunum. Því fyrir hvert mistak hjá ríkisversluninni er óhætt að gera ráð fyrir 100 mistökum hjá einstaklingunum, enda hefir ríkisverslunin enga aðra hvöt en þá að fá sem best verð fyrir vöruna, og enga ástæðu til að bralla.

Háttv. 1. þm. G.-K. (ÁF) sagði, að Norðmenn hefðu betri markað fyrir sína vöru en við, og stæðu því betur að vígi, og sannar það, að meira þarf að gera en gert hefir verið til að afla nýrra markaða. Hefir lítið verið gert til þess, en það þó verið styrkt af ríkinu, t. d. einn maður farið til Suður-Ameríku, og er mjer ekki kunnugt um, að útgerðarmenn hafi viljað eða getað notfært sjer árangurinn af þeirri för.

Háttv. þm. (ÁF) játaði, að gott væri fyrir fisksöluna að koma á samvinnu meðal hinna ýmsu útflytjenda, og sannar það rjettmæti þess, sem frv. fer fram á, að besta fyrirkomulagið sje einkasala ríkisins. Því eins og hv. þm. (ÁF) tók fram, þá þýðir ekki að ætlast til, að menn bindist frjálsum samtökum í þessu efni.

Jeg mótmæli því, að með frv. þessu sje skert persónufrelsi manna, frekar en með öðrum lögum. Og það er enginn skaði talinn, að leggja höft á einstaklingana til þess að þeir noti ekki frjálsræði sitt þjóðfjelaginu til óhagnaðar.

Það skín í gegnum ræðu háttv. þm. — eins og við var að búast af svo reyndum manni — að hann telur aukna samvinnu nauðsynlega. Hann kemur fyllilega auga á gallana, og ætti því að fara þá leið til bóta, sem frv. leggur til, fyrst

hann játar, að samvinnan fáist ekki með frjálsri samkepni. Og því frekar ætti að grípa til þessa ráðs, þar sem hv. þm. (ÁF) viðurkendi, að ekki er hægt að afla sjer markaðs í Suður-Ameríku nema með samtökum. Myndi ríkissalan því eiga þar góða aðstöðu.

ATKVGR.

Frv. **felt** frá 2. umr. með 13 : 8 atkv.

6. Einkasala á síld.

Á 21. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld (þmfrv., A. 97).

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 14. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., mánudaginn 17. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg veit ekki, hvort rjett er að leggja þetta frv. líka undir hnífinn, eins og hið fyrra. Háttv. þdm. virðast hafa í huga að láta ekki þessi frv., sem eru til hagsbóta þjóðinni, ná fram að ganga.

Jeg vil þó fara nokkrum orðum um málið, þó grundvallarástæðurnar sjeu þær sömu og málsins næst á undan, um saltfiskseinkasöluna.

Að því leyti ætti þetta frv. að fá betri viðtökur en hitt, að mönnum er það vitanlegt, að síldarútvegsmenn hafa undanfarið haft áhuga á því, að ríkið hefði hönd í bagga með sölu og útflutningi síldarinnar. Og 1921 kom fram og var samþykt hjer í hv. Nd. viðtækt frv. um að lögfesta samtök þeirra og annað, sem þeir töldu nauðsynlegt viðvíkjandi sölunni og útflutningnum. Er það nokkur trygging þessa máls, því þó frv. þetta gangi ekki nákvæmlega í sömu átt, þá er það þó til þess að koma betra fyrirkomulagi á söluna og útflutninginn en verið hefir.

Jeg ætla mjer ekki að fara út í mistök þau, sem urðu, þegar einstaklingarnir tóku síldarsöluna í sínar hendur; þau eru öllum kunn. En þegar ríkið hafði hann 1918, gekk hún ágætlega, og voru smærri framleiðendur sjerstaklega ánægðir með framkvæmdir ríkisins í því efni og einnig nokkrir hinna stærri. Síðar, er einstaklingarnir tóku við henni, töpuðust miljónir, ef til vill tugir miljóna kr., á örstuttum tíma.

Þótt nú síldarútvegurinn sje ekki eins stór atvinnuvegur og fiskiveiðarnar, þá er hann samt svo mikilsvarðandi, að fullkomin ástæða er til að ríkið láti hann sig miklu skifta. Ekki síst af því, að það er álit þeirra, sem kunnugastir eru, að háskalegast sje fyrir söluna, að of mikil veiði sje, að menn megi ekki veiða nema sáralítið af þeim ógrynnum af síld, sem streymi meðfram landinu, ef hægt eigi að vera að selja aflann.

Í frv. eru engin ákvæði um takmörkum veiðinnar, en með því er stungið upp á fyrirkomulagi, sem gerir mögulegt að selja alt, sem við getum veitt.

Menn vita hvernig einstaklingunum gengur að afla sjer nýrra markaða, að þeir hvorki hafa dug nje efni til þess. En í frv. er farið fram á, að ríkið fái dálitlar prósentur af andvirði seldrar

síldar, í því skyni að afla nýrra markaða. Ætti það að vera auðvelt fyrir ríkið, þegar það hefir fje til þess handa á milli að senda menn og afla upplýsinga, þar sem helst væri söluvon fyrir síld, og á jeg þar sjerstaklega við Eystrasaltslöndin og Rússland. Gæti það og gert tilraunir með vörusendingar, sem einstaklingunum er um megn. Myndi það ekki muna litlu fyrir þjóðina, ef þetta gæti komist á og hægt væri að selja takmarkalaust síld, eða jafnmikið og útvegsmenn gætu aflað með nokkru móti. Og er því þessi einkasala ef til vill brýnni en á öðrum vörutegundum.

Jeg ætla mjer ekki að fara fleiri orðum um frv.; býst við, að örlög þess sjeu ráðin fyrirfram. Geta má þó þess, að á síðasta þingi náði slíkt frv. að ganga til nefndar, þó það yrði ekki útrætt. Vil jeg því vænta þess, að frv. verði nú vísað til hv. sjútvn. að þessari umræðu lokinni. Jeg vil ekki þurfa að búast við, að sama skammsýnin ráði í þessu máli og því undanfarna. Því þó sumir kunni að halda, að skipulagsleysið sje best, hefir reynslan sýnt annað. Það er sýnt, að einstaklingarnir eru ekki færir um að fara með söluna nje útvega nýja markaði, og er því eðlilegt, að ríkið taki málið í sínar hendur og tryggi þennan atvinnuveg landsmanna. Því hann er ekki eingöngu fyrir útvegsmenn og örfáa gróðabrallsmenn, heldur fyrst og fremst til lífsviðurværis verkalýðnum og landsmönnum í heild, og rjettlætir það fullkomlega, að ríkið taki söluna í sínar hendur.

Trúi jeg því ekki, að þetta mál fari í sömu gröfina og hið fyrra, að svo blind ofstæki ríki hjer í velferðarmálum þjóðarinnar, að menn láti einstaklingana fara lengur með þetta, eftir að þeir eru búnir að sýna sig ófæra til þess.

ATKVGR.

Frv. **felt** frá 2. umr. með 12 : 10 atkv.

7. Samvinnufjelög.

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 14. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufjelög (þmfrv., A. 117).

Á 26. fundi í Nd., þriðjudaginn 18. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., fimtudaginn 20. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Pjetur Ottesen): Eins og greinargerð frv. þessa ber með sjer, þá var flutt hjer á þinginu í fyrra samskonar frv., samkv. áskorun fulltrúafundar Kaupfjelags Borgfirðinga. Auðnaðist því frv. ekki að ganga fram, og hafa nú á ný borist tilmæli um það, frá stjórn Kaupfjelags Borgfirðinga, að flytja málið aftur; því er þetta frv. fram komið.

Það er farið fram á þá einu breytingu, að þau fjelög, sem skiftast í deildir með sameiginlegri ábyrgð í hverri deild, njóti sömu ívilnana, þ. e. skattfrelsis, og fjelög með sameiginlegri ábyrgð. Breytingin er því ekki önnur en að aukið sje við 3. gr. laganna ákvæði um þetta.

Að Kaupfjelag Borgfirðinga fer fram á þetta kemur til af því, að það hefir reynt hvorttveggja fyrirkomulagið, bæði sameiginlega ábyrgð fjelagsins í heild og svo sameiginlega ábyrgð aðeins innan hverrar deildar. Reynslan hefir orðið sú, að hið síðarnefnda fyrirkomulag hefir sannast að vera heppilegra, og vill Kaupfjelag Borgfirðinga því ekki hvika frá því. Er það sannfæring þeirra Borgfirðinganna, að hyggilegast sje að byggja verslun sína á þeim grundvelli samvinnufjelagsskaparins, enda hefir það fengið viðurkenningu á því, að sú skoðun sje rjettmæt, því fjelagið nýtur fulls lánstrausts út á við.

Finst því þar af leiðandi sanngjarnt, að fjelag, sem bygt er á þessum grundvelli, fái að njóta sömu ívilnana og hin samvinnufjelögin, þ. e. skattfrelsis.

Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um málið, en vænti þess, að hv. deild taki því vel og vísi því að lokinni þessari umræðu til allshn.

Ingólfur Bjarnarson: Áður en frv. þetta fer lengra, sem er nokkurskonar afturganga frá síðasta þingi, vildi jeg láta í ljós skoðun mína á því með fáum orðum. Jeg tel, að það myndi spilla mjög fyrir samvinnulöggjöfinni, ef frv. þetta næði fram að ganga, og að það væri mjög varhugavert fyrir kaupfjelögin um land alt, að svo yrði.

Jeg sje ekki annað en að það hlyti að hafa það í för með sjer, að viðskiftatraust eða lánstraust þeirra kaupfjelaga minkaði, sem breyttu fyrirkomulagi sínu í þá átt, sem hjer er bent til, þannig, að sameiginleg ábyrgð væri aðeins innan hverrar deildar, en ekki á milli deildanna. Við það myndu fjelögin algerlega missa þann stuðning, sem þau hafa af ábyrgðinni út á við. En eins og allir vita, sem nokkuð þekkja til samvinnufjelagsskapar, þá er samábyrgðin sterkasta aflið til þess að tryggja lánstraustið út á við, og sömuleiðis hjálpar hún mjög til þess að treysta eftirlitsskipulagið innbyrðis.

Því má nú máske halda fram, að frv. þetta sje ekki hættulegt fjelögunum yfirleitt, þar sem aðeins sje um heimild fyrir þetta eina fjelag að ræða, nefnilega Kaupfjelag Borgfirðinga, en mjer finst samt vera hætt við því, að einhver fjelög önnur kynnu að vilja breyta skipulagi sínu í þessa átt, sem hjer er bent til, ef þetta fyrirkomulag fengi þann stuðning löggjafarvaldsins, sem hjer er farið fram á. Sjerstaklega má óttast þetta, þegar litið er til þess, sem alkunnugt er, að mikið kapp hefir verið lagt á það undanfarið, og eins nú, að gera samábyrgðina tortryggilega og hættulega í augum almennings. Og þar sem fjárhagurinn er nú alstaðar örðugur, þá er því meiri ástæða til að óttast, að þetta ákvæði kynni að valda glundroða og óánægju innan kaupfjelaganna, sem væri illa farið.

Það er þetta, sem mjer virðist dálítil hætta vera á, að þessi undanþága geti náð til fleiri fjelaga en Kaupfjelags Borgfirðinga. Jeg vil taka það fram, að mjer kemur ekki til hugar, að Kaupfjelag Borgfirðinga hugsi sjer, með þessu frv., að spilla samvinnulöggjöfinni, þó sú yrði afleiðingin eftir minni skoðun. Jeg hygg þetta frekar sprottið af ókunnugleik Kaupfjelags Borgfirðinga á eðli málsins, sem skiljanlegt er, þar sem fjelagið mun aldrei hafa haft samábyrgð gildandi, hvorki innan deilda eða í fjelaginu. Þó að hv. flm. (PO) hafi lýst yfir, að kaupfjelagið

hafi reynt hvorttveggja, deildaábyrgð og ótakmarkaða ábyrgð allra fjelagsmanna, þá hygg jeg, að það sje eitthvað málum blandað. Jeg hefi mjög góða heimild fyrir því, að þetta kaupfjelag hafi aldrei haft sameiginlega ábyrgð í lögum sínum. Jeg vil einnig benda á, að það væri varla til mikilla bóta, þó að samábyrgðin næði aðeins til deildanna innbyrðis, að því er snertir það atriði, að þær mundu þá fara varlega um úttekt sína. Það mundi sýnilega enga óvarkárni skapa eða hirðuleysi um að standa í skilum, þó að sameiginleg ábyrgð væri milli deildanna, því að vitanlega yrði hin sameiginlega ábyrgð innan deildarinnar notuð til hins ítrasta, áður en vanskil hennar lentu á hinum deildunum.

Jeg ætla annars ekki að fara að hefja deilur um mál þetta, en læt nægja að gera þessar fáu athugasemdir, og mun vitanlega greiða atkvæði gegn frv.

Flm. (Pjetur Ottesen): Jeg skal fyrst víkja að þeim orðum hv. þm. S.-Þ. (IngB), er hann vildi draga það í efa, sem jeg sagði, að Kaupfjelag Borgfirðinga hafi haft samábyrgð í lögum sínum og starfað um tíma á þeim grundvelli. Misskilningurinn er hans megin, því að fjelagið starfaði í 5—7 ár með þessu fyrirkomulagi. (**Trþ:** Nei, nei!). Þetta er **ar**eiðanlegt, því að jeg hefi það eftir mönnum, sem eru í fjelaginu og hafa verið lengi í því, og ætti þeim að vera öðrum kunnugra um þetta. Það er því ekki ofmælt, að fjelagið hefir reynt að starfa á hvorttveggja þessum grundvelli, bæði með sameiginlegri ábyrgð fjelagsmanna og með ábyrgð innan hverrar deildar. Jeg þarf ekki að endurtaka það, að vegna þess, að fjelaginu hefir reynst síðarnefnda fyrirkomulagið tryggara á þeim erfiðu tímum, sem verið hafa nú um hríð, vill það halda áfram á þeirri braut.

Það kom í ljós, meðan fjelagið hafði samábyrgðarfyrirkomulagið, að ýmsum óreiðumönnum stóð opnari leið til þess að vinna fjelaginu fjárhagslegt tjón, heldur en þegar samábyrgðin var takmörkuð svo sem nú er. Með því að takmarka samábyrgðina við hverja deild, er reynsla þeirra, að þá sje svo vel trygt, sem nokkur kostur er á, að einstakir meðlimir stofni ekki til meiri skulda en þeir geti staðið í skilum með á ákveðnum tíma. Það næst einmitt með því, að ábyrgðin sje ekki víðtækari en svo, að menn viti, að hver deild verður að greiða skuldina, ef eitthvað brestur á um skilsemi manna, en geti ekki skotið henni yfir á aðrar deildir. Þetta veitir það aðhald innan hverrar deildar, að ekki verði tekið út óvarlega, en af því leiðir aftur, að viðskifti fjelagsins haldast á öruggari grundvelli. En það er vitanlega æðsta boðorð allra viðskifta, að þeim sje hagað svo, að ekki verði tap af þeim. Reynslan hefir sýnt Borgfirðingum, að þetta fyrirkomulag er tryggara, og að því leyti sem góð afkoma og hagsæld hjeraðsins byggjast á verslunarfyrirkomulaginu, telja þeir henni best borgið með þessu. En það er bersýnilegt, að það, sem skapar heilbrigt viðskiftalíf inn á við, getur ekki veikt út á við, heldur styrkir það. Enda sýnir reynslan, að Kaupfjelag Borgfirðinga nýtur fullkomins trausts út á við.

Þar sem háttv. þm. S.-Þ. hjelt því fram, að þetta mundi rýra traust fjelaganna út á við, er þau þyrftu að leita nauðsynlegra lána, þá er það gagnstætt reynslu Borgfirðinga í þessu efni,

eins og jeg tók fram. Það virðist því ekki nema sanngirniskrafa, að fjelag, sem rekið er á þessum samvinnugrundvelli, njóti einnig verndar samvinnulaganna og hlunninda þeirra, er þau veita, og sje jeg satt að segja enga ástæðu fyrir samvinnumenn að setja sig upp á móti þessu, því að altaf verður að taka tillit til reynslunnar. Eins og jeg gat um í upphafi, skerðir þetta ekki grundvöll samvinnulaganna, og getur því ekki spilt fyrir þeim fjelögum, sem telja hagkvæmara að starfa á þeim grundvelli, sem samvinnulögin gera nú ráð fyrir.

Háttv. þm. S.-Þ. taldi hættu á því, að önnur fjelög mundu einnig vilja breyta til og taka upp þetta fyrirkomulag, ef frv. yrði að lögum, en það mundu þau auðvitað ekki gera, nema þau sæju sjer hag í því. En telji þau hag sínum betur borgið á þennan hátt, yrði því ekki afstýrt með löggjöf, að þau breyttu til, því að þau mundu gera það alt að einu, þó að lögunum verði haldið í sama horfi sem nú. Það er reynslan og framþróunin, sem kemur þar til greina, og verður þá lagastafurinn að víkja.

Þá mintist hv. þm. á, að þessi beiðni mundi fram komin vegna ókunnugleika á eðli málsins, en svo tel jeg ekki vera. Kaupfjelag Borgfirðinga er með elstu kaupfjelögum á landinu og hefir starfað í full 20 ár, og hygg jeg, að kaupfjelagsmenn þar efra skilji þetta mál engu síður en aðrir.

Loks gat háttv. þm. S.-Þ. þess, að þó að sameiginleg ábyrgð væri innan fjelagsins, mundu vanskil bitna á hverri deild, og ekki gripið til ábyrgðar heildarinnar, fyr en gjaldþol deildarinnar væri þrotið. Jeg hygg, að þetta sje ekki í samræmi við anda samvinnulaganna. Verði einhver deild fyrir skakkafalli, verður eftir samvinnulögunum að jafna því niður á alt fjelagið, en má ekki gersamlega tæma gjaldþol hverrar deildar áður.

Jeg hefi nú svarað mótbárum hv. þm. S.-Þ., og vænti jeg þess, að frv. fái að fara til nefndar, og jeg hefi þegar gert það að tillögu minni, að því verði vísað í allshn.

Halldór Stefánsson: Mjer virðast ástæðurnar fyrir þessu frv. vera bygðar á misskilningi eða ekki fullkomlega rjettri hugsun. Menn verða að gæta þess, að ábyrgð kaupfjelaganna er tvíþætt. Annar þátturinn er, hvernig fjelagið er bygt inn á við, hvernig fjelagsmenn ábyrgjast skuldir hver annars gagnvart fjelaginu sjálfu. Hinn þátturinn er ábyrgð fjelagsins gagnvart óviðkomandi mönnum. Þegar litið er á þessa breytingu, sem hjer liggur fyrir, virðist hún vera þess eðlis, að hún snerti aðeins ábyrgð fjelagsins inn á við, fyrirkomulagsatriði um það, hvernig fjelagsmenn ábyrgist skuldir sínar gagnvart fjelaginu sjálfu, hvort heldur þeir ganga til þess saman í smáflokka (deildir), eða þeir gera það í einni heild. En jafnframt því sem gert er ráð fyrir, að fjelagsmenn ábyrgist í flokkum, er ætlast til, að ábyrgðin verði takmörkuð út á við. Jeg sje ekki rjetta hugsun í því, að þó að fjelagsmenn ábyrgist skuldir sínar gagnvart fjelaginu í flokkum, þurfi það að hafa áhrif á það, hvernig ábyrgð fjelagsins er varið út á við. Má ráða af ræðu hv. flm. (PO), að honum hefir ekki verið þetta ljóst. Hann sagði, að þessi tilmæli Kaupfjelags Borgfirðinga bygðust eingöngu á því, að fjelagið gæti notið þeirra sömu hlunninda um

takmarkaðar skattaálögur sem önnur kaupfjelög. En jafnframt er þó ætlast til, að þetta hafi meiri áhrif, sem sje þau, að ábyrgð fjelagsins á um leið að vera takmörkuð út á við, en það er mál fyrir sig, sem fjelaginu er í sjálfsvald sett, ef það vill fá að njóta skattverndar samvinnulaganna.

Hv. flm. (PO) sagði, að hvort sem ábyrð fjelagsins inn á við væri í deildum eða samábyrgð allra fjelagsmanna, mundi það ekki rýra álit fjelagsins út á við. Jeg get fallist á, að það mundi verða litið í reyndinni, en þá á heldur ekki að setja það fram á þennan hátt, að af því leiði takmörkun ábyrgðarinnar út á við. Því virðist þetta frv. ekki bygt á rjettri hugsun, og ef þessi er hugsun þeirra, er að því standa, þá er málið áreiðanlega ekki rjett undirbúið eða sett fram á rjettan hátt.

Ingólfur Bjarnarson: Það eru aðeins tvö atriði, sem jeg vil drepa á. Þar sem hv. flm. (PO) skýrði frá samábyrgðarfyrirkomulagi Kaupfjelags Borgfirðinga, skildist mjer sem hann þekti það ekki af eigin reynd, heldur hefði þetta eftir öðrum. Eins er um mig, að vísu. En jeg hefi það eftir gömlum og góðum fjelagsmönnum Kaupfjelags Borgfirðinga og einum framkvæmdastjóra fjelagsins, þó ekki þeim, sem nú er, að aldrei hafi þar verið fullkomin samábyrgð. Jeg hefi einnig sjeð lög fjelagsins, sem voru í gildi fyrir 4 árum, og er þar engin samábyrgð. Jeg tel því ósannað, að fjelagið hafi nokkurntíma starfað með því fyrirkomulagi.

Hitt atriðið er það, hvernig deildaábyrgð sje notuð í þeim fjelögum, sem hafa deildafyrirkomulagið, en ótakmarkaða samábyrgð, og hvern lagaskilning beri að leggja í það atriði. Í því efni verður mest bygt á reynslunni. Vil jeg í því sambandi upplýsa, að í elstu kaupfjelögunum, svo sem í 3 þingeysku kaupfjelögunum, sem nú hafa starfað undir þessu fyrirkomulagi 30—40 ár, hefir sá skilningur altaf verið lagður í þetta og framkvæmdinni hagað þar eftir, að fyrst er hver deild krafin um fulla skilsemi, áður en til þess getur komið, að aðrar deildir þurfi að svara til. Verð jeg að telja þetta fullkomna sönnun þess, hvernig skilja beri samábyrgðarákvæðið og framkvæma það, þar sem um deildaskipulag er að ræða með fullkominni samábyrgð.

Tryggvi Þórhallsson: Mjer þykir vænt um að geta komist að, áður en hv. flm. (PO) talar í 3 sinn, því að jeg þykist vita, að hann muni vilja svara því, sem jeg ætla að segja.

Jeg vil ítreka það, sem hv. þm. S.-Þ. (IngB) sagði um Kaupfjelag Borgfirðinga. Jeg hef sjálfur verið fjelagsmaður í því um hríð og fylgst með starfsemi þess jafnan síðan jeg flutti úr hjeraðinu. Mjer er því kunnugt um tilhögun fjelagsins, og hefir hún aldrei verið á þann veg, í raun og veru, að fullkomin samábyrgð væri milli allra fjelagsmanna. Það var að vísu reynt að koma því skipulagi á, og komst það inn í lögin. Voru þá sendir út menn til að safna undirskriftum, en gekk treglega, svo að jafnskjótt var hætt við þetta. Þó að þetta fyrirkomulag hafi því staðið um stund á pappírnum, hefir það í raun og veru alls ekki verið tíðkað í Kaupfjelagi Borgfirðinga.

Þá er annað atriði í ræðu hv. flm. (PO), sem jeg vil víkja að. Hann kvaðst ekki sjá neina ástæðu fyrir samvinnu-

menn, að leggjast á móti þessu frv. Jeg vil skjóta því til hans, hvort honum þyki það ekki undarlegt, að þeir, sem unnið hafa fyrir samvinnufjelagsskapinn, skuli standa sem einn maður á móti honum í þessu máli, en mótstöðumenn samvinnustefnunnar eru nálega allir með honum í því. Hjer sannast málshátturinn: Sýndu mjer, hverja þú umgengst, þá skal jeg segja þjer, hver þú ert. Samvinnumenn vilja sem einn maður vernda þá löggjöf, sem þeir hafa borið gæfu til að bera til sigurs gegnum þingið. Þeir vilja sporna við því, að inn í þau lög verði settur fleygur, sem geti haft óþægilegar afleiðingar fyrir samvinnumálin. Þeir vilja hafa frið í löggjöfinni, svo að þeir geti unnið óáreittir af henni, þó að þeir sjeu að vísu áreittir af öðrum. Jeg veit, að hv. flm. (PO) muni ekki ganga ilt til að vilja setja þennan fleyg í lögin, en mjer er ekki grunlaust um, að honum fylgi ýmsir þeir menn, sem sjá, að hjer er fleygur, sem gæti skaðað þessa stofnun.

Jeg vil benda háttv. flm. á, hverjar afleiðingar það gæti haft, ef þetta frv. yrði að lögum. Hann vill samábyrgð innan hverrar deildar, en ekki í öllu fjelaginu, og liggur þá nærri að segja, að þá verði einungis deildasamábyrgð út á við. Nú gæti hugsast, að hinir efnaðri bændur færu saman í sjerstaka deild, en fátæklingar einir í aðra deild, og ef sú deild stendur ekki í skilum, verða það ekki fjelagsmenn, sem standa saman um lífsnauðsynjar sínar, heldur verða þeir fyrir tjóni, sem hafa lánað fjelaginu af góðum hug. Þetta getur legið við. En samvinnumenn vilja ganga svo frá löggjöfinni, að fjelagsmenn skuli sjálfir standa við skuldbindingar fjelagsins. Hjer er því búinn til fleygur, er menn gætu misnotað, ef þeir vildu, til þess að draga úr ábyrgð fjelaganna. Því segi jeg eins og þeir 2 ágætu forystumenn samvinnustefnunnar, sem nú hafa talað, annar af Norðurlandi, en hinn af Austurlandi, að jeg treysti mjer ekki til að greiða þessu frv. atkvæði.

Flm. (Pjetur Ottesen): Jeg skal fyrst víkja að því, sem enn er haldið á lofti, að menn vilja draga í efa, að Kaupfjelag Borgfirðinga hafi nokkurntíma haft sameiginlega ábyrgð. Háttv. þm. S.-Þ. sagði sem rjett var, að jeg mundi ekki vera í fjelaginu, því að jeg er þannig settur, að jeg get ekki náð til þess. En hitt er engu að síður rjett, sem jeg hjelt fram, að fjelagið hafi starfað á nefndum grundvelli 5—7 ár. Nú vill svo heppilega til, að hv. þm. Mýra. (ÞÞ) er í þessu fjelagi, og get jeg skotið til hans, hvort jeg fer hjer ekki með rjett mál. Hann getur því rekið endahnútinn á það, að kveða niður þann draug, sem andstæðingar frv .eru að burðast við að vekja hjer upp. Hann tók það einmitt fram á síðasta þingi, að meðan haldið var við víðtæku ábyrgðinni, hallaði undan fæti, en síðan núverandi fyrirkomulag var tekið upp, hefir aftur færst til rjetts horfs. Ef menn vilja fá úrskurð á þessari deilu, er handhægt að fá hana í þessum stað, sem jeg hefi nú bent á. Þar sem hv. þm. Str. (TrÞ) gat um, að þegar hann hefði verið þar efra, hefði þetta komist á pappírinn og verið gengið meðal manna til að safna undirskriftum, en gengið treglega, þá hygg jeg, að hann eigi við, þegar sú breyting varð uppi, að fjelagið skyldi ganga í Samband íslenskra samvinnufjelaga. (**TrÞ:** Þetta er misskilningur). En þá er það líka áreiðanlega, vægast sagt, misskiln-

ingur hjá hv. þm., að fjelagið hafi aldrei starfað á grundvelli víðtæku samábyrgðarinnar, nema á pappírnum.

Þar sem hv. 1. þm. N.-M. (HStef) var að tala um, að jeg hefði verið að draga eitthvað undan um tilgang þessa máls, þá hefi jeg lýst því áður, að tilgangur fjelagsins er einungis sá, að það njóti verndar samvinnulaganna á þessum grundvelli, og því aðeins flyt jeg þetta frv., að jeg er sannfærður um það, eins og kaupfjelagsmenn í Borgarfirði, að fjelagið muni ekki verða miður fært um að standa við skuldbindingar sínar út á við. Og það byggja þeir á reynslu sinni. Það leiðir líka af sjálfu sjer, að það fyrirkomulag, sem tryggir skilsemi fjelagsins innbyrðis, það tryggir það jafnframt, að fjelagið geti staðið í skilum út á við og þar af leiðandi notið fulls trausts. Mál þetta er því sett fram á rjettan hátt og bygt á rjettri hugsun og rjett undirbúið. Alt tal hv. 1. þm. N.-M. um hið gagnstæða, er fjarstæða einber, meinloka í hans eigin hugsun.

Út af því, sem hv. þm. S.-Þ. (IngB) sagði um deildafyrirkomulagið og hvernig það hefir verið „praktiserað" í Þingeyjarsýslu, þá er það náttúrlega alveg rjett, að áður en samvinnulögin komu til, var hægt að fara þannig að og nota þar með þá tryggingu, sem slíkt fyrirkomulag veitir öruggum viðskiftum, en ákvæði samvinnulaganna taka alveg af um þetta, því samkv. þeim er ekki hægt í slíku tilfelli að tæma gjaldþol hverrar deildar fyrir sig, heldur er skylt að færa tapið yfir á alla heildina. Þar með er vikið frá því öryggi, sem deildafyrirkomulagið, eins og Kaupfjelag Borgfirðinga notar það, veitir. Starfi þau fjelög, sem gengið hafa undir samvinnulögin, á öðrum grundvelli eða hyggist gera það, þá fellur það um sjálft sig, ef á bjátar, því lögin taka af skarið um það.

Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að það væri einkennilegt, að allir samvinnumenn stæðu á móti mjer í þessu máli, en andstæðingar samvinnunnar væru með. Þetta er nú fyrst alveg rangt, að allir samvinnumenn sjeu á móti þessu máli, það eru ýmsir ágætir samvinnumenn einmitt með málinu, en það eina einkennilega við þetta er, að nokkur samvinnumaður skuli vera á móti þessu máli, sem ótvírætt miðar að því að auka og bæta samvinnuna og bygt er á því, að viðskiftunum sje haldið á þeim grundvelli, sem tryggastur er og bestur. Annars er það nú svo um hvert mál, að gildi þess er í því sjálfu fólgið, en ekki því, hverjir eru með því eða móti. Það má segja Borgfirðingum fremur til lofs en lasts, að þeir hafa lært af reynslunni og fært sjer hana í nyt, og í því ættu aðrir samvinnumenn ekki síst að taka þá sjer til fyrirmyndar.

Það er alveg rangt hjá hv. þm. Str., að hjer sje um nokkurn fleyg að ræða til tjóns fyrir samvinnu í landinu. Hjer er hvorki um skerðingu nje lögboð að tala. Menn mundu heldur ekki hallast eins að þessu fyrirkomulagi og þeir gera, ef það væri ekki til bóta og þeir sæju sjer hag í því.

Pjetur Þórðarson: Jeg hefði ekki búist við slíkum deilum um þetta mál við 1. umr. sem nú er raun á orðin og síst, að jeg mundi kvaddur til að skera úr þessu, þótt mjer sje ljúft að gera það, eftir því sem jeg get. Í raun og veru hefir Kaupfjelag Borgfirðinga starfað um eitt skeið á þessum svokallaða sam-

ábyrgðargrundvelli. En starfsemi þess er nú söm og áður fyr. Það hafði sem sje fyrst, og lengi vel, takmarkaða ábyrgð út á við, sem bundin var við eignir manna í fjelaginu, bæði sjereignir, stofnsjóð og sameignarvarasjóð. Kaupfjelagsstjóra þótti þetta örðugt við að eiga og vildi fá sameiginlega ábyrgð, og það fjekst líka, eftir margendurteknar umleitanir. Eins og hv. 1. þm. N.-M. sagði, getur samábyrgðin verið tvennskonar, inn á við og út á við. Ábyrgðin inn á við getur verið trygg, þótt hún sje ekki til. Það er því að vissu leyti rjett, sem hv. þm. Borgf. sagði, að í fjelaginu var samábyrgð út á við, að minsta kosti í 5 ár, uns reynt var að setja því lög, sniðin eftir samvinnulögunum, og er til þess kom, varð það ljóst, að mörgum stóð stuggur af hinni ótakmörkuðu samábyrgð, enda voru þá erfiðleikar miklir og byltingar í viðskiftum. Það kom og í ljós, að sumar deildir voru töluvert skuldugri fjelaginu en aðrar, eftir þetta samábyrgðartímabil, og varð fjelagið að taka á sig þær misfellur. Niðurstaðan varð því sú, að fjelagið gekk ekki undir samábyrgðarlögin að þessu leyti út á við, en tók upp aftur takmörkuðu ábyrgðina. Mjer er ekki fjarri að halda, að Kaupfjelag Borgfirðinga hafi ekki skilið til fulls, hversu skyldi aðgreina ábyrgðina inn á við og út á við. Jeg er að vísu ekki lögfræðingur og því ekki fær að dæma um það, en tel hæpið, að lánardrotnar gerðu sjer það að góðu, ef einhver deild gæti ekki staðið í skilum, að ganga ekki að fjelaginu með þann hluta sameiginlegrar skuldar, er fjelli á gjaldþrota deild. En á slíkt hefir ekki reynt enn og gerir ekki, fyr en ef fjelagið yrði sjálft gjaldþrota. En hræddur er jeg um að þetta losi ekki fjelagið við ábyrgðina. Eins og lög fjelagsins eru nú, mundi í tæka tíð verða gengið að hverri deild fyrir sig. En við því er að vísu ekki neitt að segja hjer, hvað þetta kaupfjelag snertir, ef það eða helstu menn þess ætla, að þetta skipulag komi að haldi.

Björn Líndal: Jeg hefi lengi átt bágt með að skilja framkomu samvinnuforkólfanna á landi voru og á ekki hægara með það eftir þennan daginn. Jeg hefi haldið, að aðalhlutverk samvinnufjelaganna væri að gera bændur fjárhagslega sjálfstæða, en nú þykja þeir óalandi og óferjandi, sem á nokkurn hátt vilja reyna að takmarka ábyrgðirnar. Háttv. þm. Str. ætti að vita, að fyrsta skilyrðið til að standa í skilum er að geta staðið í skilum, og sannarlega ættu þeir herrar, forkólfar samvinnumanna hjer, ekki að vera stórorðir um ástandið í landinu eða að vera gera sig breiða. Sami hv. þm. (TrÞ) flaggar með því, að allir andstæðingar samvinnunnar sjeu með frv. þessu. Þetta er gömul venja ofstækismanna og svipuð því, þegar menn af ofstæki í trúmálum hatast meira við siðbótamennina en heiðingja. Af því að skipulag kaupfjelaganna hefir reynst illa, viljum við bæta úr því á sem heppilegastan hátt, og fyrir það verðum við að þola ofsóknir forkólfanna. Samvinnubændurnir eru neyddir til þess að taka á sig allar þær kvaðir og takmarkalausar ábyrgðir, sem forkólfunum þóknast að leggja á þá, og mega ekki ráða, hvað þeir leggja sjer til munns eða klæðast í. Þeir eiga að vera eins og púlshestar, sem engu ráða um það, hvað á þá er lagt, eða hvernig þeir eru fóðrað-

ir. Jeg fyrir mitt leyti tel það ekki happaspor, að gera íslenska bændur að ánauðugum mönnum.

Bernharð Stefánsson: Jeg ætla ekki að fara út í neinar deilur um mál þetta. Mjer skilst, að í samvinnulögunum sje um tvö meginatriði að ræða. Í fyrsta lagi, hvaða rjettar fjelögin njóti innan þjóðfjelagsins, og í öðru lagi, hvaða skipulag eigi að vera innan fjelagsins sjálfs. Þjóðfjelagið hefir hið fyrra í hendi sjer. En hvað hitt snertir, þá er þar um að segja, að skipulagsákvæði samvinnulaganna voru sniðin eftir því, sem fjelögin sjálf höfðu komið á hjá sjer, eftir því sem reynslan kendi. Ef á annað borð ætti að fara að hrófla við skipulagsgrundvellinum, þurfa því að koma fram um það ríkar og ákveðnar óskir frá fjelaganna hálfu, því löggjafarvaldið byrjaði áður á grundvelli þeim, er fjelögin sjálf höfðu lagt. Nú hafa aðeins komið óskir um þetta frá einu fjelagi, og ef ætti að taka þær til greina, þyrftu að vera brýnar ástæður fyrir þeim. En þær ástæður hefi jeg ekki heyrt, enda þótt jeg hafi hlustað á háttv. þm. Borgf. Hann segir í framsöguræðu sinni, að með samábyrgð í öllu fjelaginu hefðu óreiðumenn átt hægara með að vinna fjelögunum tjón, en deildir hefðu betra eftirlit með slíku. Má vel vera, að svo sje, enda er ekkert því til fyrirstöðu samkvæmt samvinnulögunum, að deildarábyrgð sje innbyrðis, enda hefir það átt sjer stað víða í samvinnufjelögum. Það er því aðeins ábyrgðin út á við, sem hjer er um að ræða, og reynslan hefir sýnt, að fjelögunum er það nauðsynlegt vegna lánstraustsins, að hún sje fyrir alt fjelagið. Væri þessi breyting gerð á samvinnulögunum, má búast við, að sum fjelögin noti sjer hana, og þá einkum þau verst stæðu. Því það er nú einu sinni svo, að þeir, sem lent hafa í kröggum, vilja gjarnan reyna nýjar leiðir, í þeirri von, að þeim muni farnast betur næst, jafnvel þó sú von sje veik og á litlu bygð. Þetta gæti orðið til þess, að skuldir fjelagsins, er fyrir voru áður en breytingin er gerð, yrðu innheimtar allóvægilega, og gæti það haft alvarlegar afleiðingar. Hv. flm. (PO) hjelt því fram, að frv. rýrði ekki lánstraust fjelaganna. En jeg vil halda hinu gagnstæða fram. Jeg hygg, að sameiginleg ábyrgð sje altaf fyrsta og fremsta skilyrðið fyrir góðu lánstrausti.

Jeg skal ekki fara langt út í það, sem hv. þm. Ak. (BL) sagði, en vildi þó í fám orðum minnast á það helsta, sem mjer fanst athugavert í ræðu hans. Hann fann samvinnufjelögunum ýmislegt til foráttu og taldi þau hafa orðið til þess að auka mjög skuldir bænda og gera þá ósjálfstæðari og hefðu yfirleitt bundið þeim þyngri byrðar en svo, að þeir gætu undir þeim risið. Til þess nú, að þessi kenning hans fái staðist, er ekki nóg að benda á, að bændur í samvinnufjelögunum og fjelögin sjálf sjeu skuldug, heldur þarf að bera efnahag þeirra bænda, sem í samvinnufjelögunum eru, saman við efnahag þeirra bænda, sem fyrir utan þau standa, og sýna fram á, að hann sje yfirleitt lakari. Hitt er út af fyrir sig engin sönnun. Eins og menn vita, þá hafa nú undanfarið gengið alveg óvenjulegir tímar, svo mjög mörgum hefir veist það erfitt að komast skuldalaust yfir mestu erfiðleikana. Og þó jeg hafi engar skýrslur fyrir hendi um skuldir bændanna, þá þori jeg að fullyrða, að efnaleg afkoma bænda í samvinnufjelögum er síst lak-

ari en hinna. Og í minni sveit, þar sem jeg er kunnugastur þessum efnum, þá mun hagur þeirra fáu, sem utan við kaupfjelagið þar standa, vera yfirleitt verri en hinna, sem í þeim fjelagsskap eru.

Þá skildist mjer sem hv. þm. (BL) teldi sig vera samvinnumann. Vil jeg ekki efast um, að hann sje það, hvað hugarfarið snertir. Líka talaði hann um, að hann og hans skoðanabræður vildu bæta samvinnufjelagsskapinn. Jeg trúi því einnig, að honum gangi gott eitt til, hvað það snertir, enda er mjer ótamt að ætla öðrum illar hvatir, þó þeir hafi aðra skoðun en jeg á einhverju málefni. En eitt hefir mjer jafnan fundist einkennilegt við slíka samvinnumenn, nefnilega það, að fæstir þeirra eru í nokkru fjelagi með samvinnusniði. Ef þeir hefðu áhuga fyrir þessum málum, þá fyndist mjer liggja næst, að þeir stofnuðu með sjer samvinnufjelag, sniðið eftir þeirra eigin hugmyndum, og sýna okkur hinum, hver fyrirmynd það geti orðið. Því það er nú einu sinni svo, að menn sannfærast betur af því að sjá hlutinn sjálfan og ákveðnar staðreyndir, heldur en af tómum hugmyndum og spádómum um það, hvernig þetta og þetta gæti orðir, ef því væri hagað svo og svo.

Jeg vil nú ekki orðlengja þetta frekar, en vil að lokum undirstrika það, sem jeg tók fram í upphafi ræðu minnar, að því aðeins ætti þessi breyting rjett á sjer, að mikill hluti þeirra, sem hlut eiga að máli, hefðu óskað hennar.

Halldór Stefánsson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar mikið frá því, sem orðið er. Jeg vildi aðeins koma í veg fyrir, að fyrri ræða mín yrði skilin svo, að jeg teldi óheppilegt með öllu, að fjelögin skiftust í flokka eða deildir til ábyrgðar innbyrðis. Jeg vildi aðeins reyna að gera það skiljanlegt, að ekkert eðlilegt samband væri í milli ábyrgðarskyldunnar út á við og hvort fjelagsmenn skiftust í deildir eða ekki til að ábyrgjast skil einstaklinganna gagnvart fjelaginu sjálfu, heldur væri þar um tvö óskyld atriði að ræða. En hinsvegar felst jeg á það, sem háttv. þm. Borgf. (PO) hjelt einnig fram, að deildaskiftingin ætti ekki að þurfa að verða til að rýra neitt verulega traust fjelaganna út á við, og þar af leiðandi engin þörf eða rjett rök til þess að láta deildaskiftinguna valda nokkru um það, hvort fjelögin hafa takmarkaða eða ótakmarkaða ábyrgð út á við.

Orð hv. þm. Ak. (BL) mátti skilja svo sem hann teldi þá, sem breytingunni væru mótfallnir, vera að mæla með skuldasöfnun. Það segir sig nú auðvitað sjálft, að þetta er fáránleg firra. En við vitum, hvernig fjelögin eru stofnuð. Venjulega er ekkert stofnfje fyrir hendi, en þau þurfa ekki aðeins þess með, heldur einnig rekstrarfjár. Þeim er því þegar af þeirri ástæðu þörf lánstrausts. Þetta vita fjelögin vel, og því byrja þau jafnskjótt og þau taka til starfa að safna hvorttveggja. En sje gert ráð fyrir, að fjelagsmenn skuldi fjelagi sínu, þá er enn meiri þörf á því en ella, að þau geti notið sem mests lánstrausts, og á krepputímum, eins og nú er, er hættulegt að gera nokkuð, sem rýrt getur lánstraust þeirra.

Þar sem jeg þannig álít breytingu þessa annarsvegar óþarfa til þess að Kaupfjelag Borgfirðinga geti notið verndar samvinnufjelagalaganna um skattaálögur, og hinsvegar varhugavert að breyta skipulagsgrundvelli samvinnu-

fjelaganna — ekki síst á þessum krepputímum — þannig, að það verði til þess að veikja lánstraust fjelaganna, þá hlýt jeg að verða á móti þessu frumvarpi.

Pjetur Þórðarson: Jeg vil nú ekki verða til þess að lengja umræður mikið. En jeg vildi aðeins í fám orðum skýra frá því, hvernig máli þessu er háttað, svo mönnum verði hægara að átta sig á því.

Kaupfjelag Borgfirðinga starfar nú sem stendur undir slíkum samþyktum, að það kemst hvorki undir ákvæði samvinnufjelagalaganna eða hlutafjelagalaganna. En þessar samþyktir þess eru nú svo, að ekki vantar nema það eitt til, að það komist undir samvinnufjelagalögin, að það megi hafa takmarkaða ábyrgð út á við. Inn á við mun það ekki ætla sjer að breyta neitt samþyktum sínum, enda eru þær í samræmi við það, sem gerist í öðrum samvinnufjelögum, og í því samræmi sækist fjelagið eftir að fá að starfa eftirleiðis. Og ávinningurinn, sem fjelagið hygst að ná með þessari breytingu, sem hjer liggur fyrir, er sá, að það gerir ráð fyrir að þurfa ekki að gjalda eins hátt útsvar og ella. Jeg get auðvitað ekki sagt um, hvað mikið fjelagið vinnur við þetta árlega. Jeg býst við, að það verði ekki nein stórupphæð, en þó svo, að fjelagið komi til að muna um það.

Það, sem menn því nú þurfa að leggja niður fyrir sjer, er þá það, hvort þeir meta meir þessa einhliða hagsmuni þessa fjelags annarsvegar, eða röskun þá, sem búast má við að þetta geti haft í för með sjer á því fyrirkomulagi, sem nú er á samábyrgð flestra annara samvinnufjelaganna út á við. Þetta tvent þurfa menn að leggja á metaskálarnar, þegar þeir ætla að gera sjer grein fyrir afstöðu sinni til málsins.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. þm. Mýra. (PÞ) fyrir það, hvernig hann skar úr deilunni milli okkar háttv. þm. Borgf., og var það á þann veg, sem jeg bjóst við. En það upplýsti enn betur, að þetta samábyrgðarákvæði Kaupfjelags Borgfirðinga hefir aðeins verið gildandi á pappírnum, en aldrei haft raunverulega þýðingu. Fjelagið hefir tekið lán gegn ábyrgð einstakra manna innan fjelagsins, enda myndi samábyrgðin aldrei hafa lognast út af af sjálfu sjer nje bankarnir látið hana niður falla, hefði hún nokkurntíma átt sjer stað annarsstaðar en á pappírnum. Því þarf algerlega að fitja upp á nýtt, ef hún á að takast upp aftur.

En þetta var nú aðeins aukaatriði.

Þá þarf jeg að beina orðum mínum í aðra átt, og finn jeg þá ástæðu til að óska háttv. þm. Borgf. til hamingju með þann ágæta samherja og aðstoð, sem hann hefir fengið hjá hv. þm. Ak. (BL). Eftir að hjer hafa talað sumir hinir ötulustu forvígismenn samvinnustefnunnar á Austurlandi, í Þingeyjarsýslu og Eyjafirði, þá leyfir þessi háttv. þm. (BL) sjer að rísa upp til andmæla, sá maður, sem í kosningunni 1919 gerði mjög svæsna árás á eitt kaupfjelagið, þó honum yrði raunar sú för til lítillar sæmdar. Það verður raunar ekki sagt, að hann hafi ráðist á garðinn, þar sem hann var lægstur, enda reyndist hann hærri en svo, að hann kæmist yfir hann eða gegnum hann, og sá hann sjer líka þann kost vænstan að reyna ekki til

þess í næsta skifti, er honum gafst tækifæri til svipaðrar árásar.

Háttv. þm. Ak. dró ýmislegt fleira inn í þetta mál en beint kemur því við, og þar sem honum hefir leyfst að kasta hnútum að samvinnufjelagsskapnum, þá vænti jeg þess, að hæstv. forseti meini mjer ekki að svara þeim að nokkru.

Hv. þm. (BL) fór að tala um ástandið yfirleitt, og svo, að á honum mátti skilja, að hann teldi ástandið verst hjá bændum í samvinnufjelögunum. Mjer komu þessi ummæli í sjálfu sjer ekki á óvart, því samskonar hljóð hafa áður komið úr fleiri hornum. En hvað því viðvíkur, að bændafjelagsskapurinn sje því valdandi, hvernig ástandið í landinu er nú, þá er ekki ófróðlegt að líta á nokkrar staðreyndir, ef þær gætu gefið einhverjar upplýsingar um þau efni.

Og jeg vil þá fyrst og fremst spyrja hv. þm. Ak. (BL) þessarar spurningar: Eru það bændur, sem hafa fengið gefnar upp skuldir svo miljónum króna skiftir? Og hvenær hafa þeir ekki staðið við sínar skuldbindingar? Það, sem háttv. þm. Ak. flaskar á, er það, að hann leggur að jöfnu samábyrgð bænda um kaup á brýnustu nauðsynjavörum og samábyrgð útgerðarfjelaga í „spekulations"-augnamiði. Bændurnir eru hin sparsamasta stjett þjóðfjelagsins. Þeir hafa í fjelagsskap sínum undirdeildir, þar hefir hver gát á öðrum, og svo rammlega er um hnútana búið sem mögulegt er, til þess að varna því, að nokkrir misbrestir eigi sjer stað. Og það er þessi viðleitni bændanna, sem hv. þm. Ak. leyfir sjer að líkja við braskarafjelagsskap. En munurinn er samt auðsýnilegur, eins og munurinn á svörtu og hvítu. Það er himinvítt haf á milli þessara tveggja fjelagsskapa.

Þá ljet sami hv. þm. (BL) sjer um munn fara, að samvinnufjelagsskapurinn miðaði að því að gera bændur ánauðuga. En jeg get frætt hann um það, að sá ótti er alveg ástæðulaus. Það er einmitt sjálfstæðisveiðleitni bænda, sem er að ryðja sjer braut með þessum fjelagsskap. Enda er hann reistur á eins traustum „demokratiskum" grundvelli og hugsast getur.

Jakob Möller: Jeg hlustaði á þrjár umr. um þetta mál í fyrra, og langar mig satt að segja ekki að ganga í gegnum þann hreinsunareld aftur.

En loks eftir langar og miklar ræður hefir nú verið upplýst um hvað þetta mál í raun og veru snýst, og virðist það vera það, hvort Kaupfjelag Borgfirðinga skuli borga hærra eða lægra útsvar!

Svo mörg eru þau orð.

Jeg fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að engin ástæða sje til að veita kaupfjelögum nokkra ívilnun með útsvar, fram yfir önnur verslunarfjelög. Því er jeg líka á móti frv. þessu og tel viðkunnanlegast, að það sje felt strax. Ástæðurnar, sem fyrir því liggja, eru hvort sem er svo smávægilegar, að jeg er alveg hissa á því, að það skuli vera fram komið.

Björn Líndal: Hv. þm. Str. (TrÞ) var miklu hógværari í ræðu sinni en jeg hafði búist við. En nokkur atriði í ræðu hans þurfa þó nokkurrar lagfæringar við.

Jeg vil þá fyrst og fremst leiðrjetta þann misskilning hjá hv. þm. (TrÞ), að jeg hafi sagt, að bændur hefðu þegar tapað miklu fje vegna samvinnufjelagsskaparins. En hinu hjelt jeg fram,

að fjelögin hafi ekki reynst vel, og það er alkunna.

Það mun satt, að upphaflega hafi verið til þess ætlast, að samtök bænda um vörukaup næðu aðeins til lífsnauðsynja. En á síðari árum hefir verið farið alllangt út fyrir þetta mark, og það einmitt í „spekulations"-augnamiði, og afurðasalan hefir oftast ekki tekist betur en svo, að jafnhátt verð hefir fengist hjá kaupmönnum.

Heiður þykir mjer í því að vera bendlaður við síldarútveg. Það er atvinnuvegur, sem löggjafarvaldið hefir lagt í einelti og sem „Tíminn", þetta stórveldi meðal blaðanna, hefir jafnan haft á hornum sjer. Og þó hefir hann gert mjer það mögulegt að laga nokkuð kotið mitt á Svalbarði og kanske öllu meira en sumir samvinnukapparnir í landinu hafa bætt sínar jarðir.

Þar sem allflestir bændur eru þegar í samvinnufjelögum, þá er auðvitað ekki auðvelt að gera nákvæman samanburð á efnahag þeirra og hinna, sem fyrir utan hann standa. En þröngt mun ýmsum bændum þykja um sig í þessum fjelagsskap, enda mun ekki einsdæmi, að þeir sjeu farnir að kaupa sig lausa úr honum.

Flm. (Pjetur Ottesen): Jeg verð að segja, að það er ekki í mína þágu, að alt er nú komið í bál og brand út af þessu máli, en þær umræður eru algerlega fyrir utan þetta frv., sem hjer liggur fyrir. En það er eins og ekki sje hægt að minnast svo á þetta mál, að alt sje ekki komið í bál og brand.

Hv. þm. Str. (TrÞ) þóttist ekki geta skilið, hver hagnaður væri að því fyrir okkur að fylgja fram þessu máli. En þá verð jeg að segja það, að mjer er engu síður óskiljanlegt, hvaða ávinning samvinnumenn sjá sjer í því, að snúast í móti þessu máli, sem miðar áreiðanlega, eins og jeg hefi þrásinnis sýnt fram á, til þess að auka samvinnufjelagsskapinn, tryggja hann og færa hann út á víðara svið. En út af orðum háttv. 2. þm. Eyf. (BSt) um það atriði, að þjóðfjelagið hefði rjett til þess að miða þau rjettindi, er það veitti þessum fjelagsskap, við ákveðið skipulag, þá er auðvitað, að þjóðfjelagið veiti því fyrirkomulagi styrk og rjett, sem hefir reynst að miða til bestra þrifa fyrir fjelagsskapinn, og það er einmitt það fyrirkomulag, er hjer um ræðir.

Háttv. þm. sagði ennfremur, að sameiginleg ábyrgð væri nauðsynleg til að tryggja lánstraustið út á við, en þessu er alls ekki svo varið með Kaupfjelag Borgfirðinga. Það nýtur fullkomins lánstrausts, þrátt fyrir það, þó ábyrgðirnar sjeu ekki nema fyrir hverja deld, en hitt er vitanlega aðalatriðið, að viðskiftin sjeu rekin á hyggilegum grundvelli.

Háttv. þm. Str. (TrÞ) vildi draga það út af orðum háttv. þm. Mýra. (PÞ) um fyrirkomulag Kaupfjelags Borgfirðinga, að ákvæðið um samábyrgð hefði aldrei verið annað en pappírslög. Það er undarleg þrákelkni þetta, þegar búið er að lýsa því ótvírætt yfir þrásinnis, að fjelagið starfaði í 5 ár undir þessu fyrirkomulagi. Háttv. þm. Str. sagði, að ef þetta hefði ekki verið tómt pappírsákvæði, þá hefðu bankarnir ekki látið samábyrgðina lognast út af. En bankarnir hafa aldrei haft yfir neinu að klaga, því fjelagið hefir altaf staðið í skilum. Það, sem hallaði undan fæti fyrir fjelaginu um tíma, meðan það

starfaði á grundvelli hinnar sameiginlegu ábyrgðar, er nú fullkomlega jafnað, og nýtur fjelagið óskoraðs trausts.

Hv. þm. Mýra. (PÞ) var að benda á það, að menn yrðu í þessu máli að gera upp með sjer, hvort væri meira virði, þessi ívilnun og það hagræði, sem henni fylgdi, eða glundroðinn, sem hún kynni að valda fyrir samvinnufjelögin. Það virtist nú sem þessi hv. þm. (PÞ) væri ekki alveg ugglaus um, að þetta gæti leitt til glundroða á samvinnulögunum. En á þingi í fyrra tók hann það skýrt fram, að þetta gæti ekki valdið neinum glundroða, og á það vitanlega alveg eins við nú og þá, og hygg jeg, að þar liggi aðrar orsakir til, að hann er nú ekki svo skeleggur í þessu máli eins og hann var á síðasta þingi.

Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) gekk í gegnum hreinsunareldinn í fyrra í þessu máli, og getur verið, að það hafi vakið hjá honum einhverjar óþægilegar endurminningar nú.

Tryggvi Þórhallsson: Aðeins örstutt aths. út af orðum hv. þm. Ak. (BL), sem sannast að segja urðu mjer vonbrigði. Það eina, sem gaf mjer ástæðu til þess að mótmæla, var það, að hann sagði, að samvinnufjelögin hefðu ekki reynst bændum vel. Til þess að gera sjer grein fyrir þessu, þarf maður að setja sjer fyrir sjónir, hvernig bændur væru nú staddir, ef ekki hefðu verið samvinnufjelögin. Jeg hefi oft rætt um það atriði við menn, og við höfum gert okkur mjög ljósa hugmynd um ástandið. Það er engum vafa bundið, að nú væri ákaflega ömurlegt umhorfs hjer á landi, ef bændur hefðu á stríðsárunum verið ofurseldir kaupmönnunum. Jeg vil ekki fara út í þær ömurlegu myndir af því ástandi, sem nú ríkti, ef kaupmannavaldið hefði ráðið hjer þau erfiðu ár, þó jeg gæti það vel. Jeg vil ekki misbeita leyfi hæstv. forseta eins og sumir aðrir hafa hjer gert, til þess að fara langt út fyrir það mál, sem fyrir liggur.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg skal taka það fram, þegar í byrjun, viðvíkjandi þessu frv., sem hjer er borið fram eftir ósk Kaupfjelags Borgfirðinga, að jeg hefði helst kosið að greiða atkvæði með því. Ef þetta sveitarfjelag, þar sem kaupfjelagið starfar, misbeitir heimild sinni til þess að leggja útsvar á fjelagið, þá vildi jeg gjarnan, ef mögulegt væri, losa fjelagið undan ásælni þessa sveitarfjelags..

Háttv. þm. Borgf. (PO) segir, að fjelagið hafi haft ástæðu til þess að kvarta, og þá þykir mjer fyrir að geta ekki greitt frv. atkvæði. Breyting á þessari löggjöf verður að koma frá þeim samvinnumönnum, sem lengi hafa búið undir þessu fyrirkomulagi. Jeg get búist við því, að þessum lögum verði breytt innan skamms. En sú breyting verður að koma frá þeim, sem mesta reynslu og þekkingu hafa á málinu. Og jeg get ekki unnið það til að hjálpa þessu fjelagi, ef breytingar þær, sem gerðar væru á samvinnulögunum, yrðu til skaða. Jeg verð að vænta þess, að þetta sveitarfjelag, sem hjer á hlut að máli, gæti hófs í álögum sínum framvegis, þó fjelagið verði ekki undanþegið þeim með lögum.

Sem sagt, þá tel jeg það heppilegra, að brtt. komi frá rjettum aðiljum, því þó það sje ekki sjálfsagt, að þessi breyting verði til ills, þá vil jeg samt ekki eiga neitt á hættu.

Þá vil jeg víkja örfáum orðum að þeim umræðum, sem hjer hafa orðið í háttv. deild. Einkum voru það ummæli, sem fram komu í ræðu háttv. þm. Ak. (BL), sem jeg vildi andmæla, af því, að hann fór ekki með rjett mál. Að vísu var ýmislegt í ræðu háttv. þm., sem ástæða hefði verið til að athuga, en jeg sleppi því að mestu; háttv. þm. Str. hefir líka vikið að því nokkrum orðum. Jeg læt því nægja að víkja aðeins að einu atriði.

Háttv. þm. Ak. (BL) sagði, að hann hefði verið bendlaður við síldarútveg, og tæki hann það ekkert nærri sjer og teldi slíkt engan vansa. Jeg er háttv. þm. (BL) sammála um, að ekki sje ástæða til þess. Þegar sá atvinnuvegur er rekinn með dugnaði og forsjá, þá er enginn vansi að stunda hann, og getur verið til mikils góðs. En þegar háttv. þm. (BL) drap á það, að löggjafarvaldið hefði ekki haft fullan skilning á því máli, og frekar lagt þessa atvinnugrein í einelti heldur en stutt hana, þá er það rangt með farið og órjettmætt með öllu. Það getur verið, að löggjafarvaldið hafi um stund lagt heldur hátt útflutningsgjald á innlenda síldarútvegsmenn, samanborið við útlenda. Útlendir síldveiðamenn gerðu mikið tjón, og hefði verið ástæða til þess að beita við þá harðari lagaákvæðum en gert var. Jeg býst nú við því, að háttv. þm. Ak. (BL) hafi ekki átt við ósanngirni gagnvart útlendum síldveiðamönnum heldur innlendum. En ummæli hans um þetta tel jeg alveg ómakleg. Jeg skal ekki neita því, að 3 kr. útflutningsgjald af tunnu hafi verið fullmikið. En jeg held, að það sje rjett, að nokkuð af því gjaldi hafi verið endurgreitt innlendum síldarútvegsmönnum. Nú er gjald þetta lækkað, og getur ekki talist ósanngjarnt. En jeg vil minna háttv. þm. Ak. (BL) á það, að á þingi 1918 ábyrgðist ríkið þessum atvinnurekstri um 6 miljónir kr. fyrir síld, hvort sem hún seldist eða ekki. Síldarútvegurinn stóð þá mjög höllum fæti. Allmiklar birgðir af tunnum og salti voru til í landinu, en horfurnar hinar verstu, að nokkuð yrði flutt út, vegna hins illa ástands, sem þá ríkti í heiminum. Þá leituðu útgerðarmenn til þingsins, að það trygði þeim nokkurt verð fyrir veiði þess sumars. Jeg var þá á þingi og ljeði því það lið, sem hægt var. Þarna lá við borð, að þessi atvinnuvegur yrði að hætta. En það má segja til hróss þinginu, að það tók þessari málaleitun vel.

Mjer virðist, að það komi því úr hörðustu átt, þegar því er slegið fram af síldarútvegsmanni, að löggjafarvaldið hafi lagt í einelti þessa atvinnugrein. Jeg held löggjafarvaldið hafi aldrei lagt nokkurntíma eins mikið fje í hættu fyrir nokkra atvinnugrein. Jeg er ekki að telja það eftir. En það sýnir skilning og frjálslyndi mikils meirihluta þingsins, hvernig það tók í þetta mál. Á það vildi jeg minna, úr því hreyft var við þessu.

Forseti (BSv): Jeg vildi óska þess, að háttv. deildarmenn haldi sjer betur við efnið hjer eftir. Háttv. þm. Mýra. (ÞÞ) hefir bent skilmerkilega á það, hvað sjeu höfuðatriði málsins, svo að það liggur ljóst fyrir.

Bernharð Stefánsson: Það var eitt atriði í ræðu háttv. þm. Ak. (BL), sem jeg get ekki látið ómótmælt. Hann sagði, að samvinnufjelögin hefðu ekki reynst vel, og bændur, sem í þeim væru, væru

reyrðir skuldum. Og dæmi væru til þess, að menn hefðu keypt sig lausa úr slíkum fjelögum. Það þekki jeg ekki. Og eins og háttv. þdm. munu hafa fundið, þá voru þetta tómar staðhæfingar (BL: Jeg skal nefna nöfn!), en engin rök. Og þó jeg kæmi nú með aðrar staðhæfingar á móti, þá mundi það lítið skera úr. Það yrði þá með okkur háttv. þm. Ak. (BL) eins og kerlingarnar, sem sögðu: Klipt var það! Skorið var það! En þetta mál þori jeg óhræddur að leggja í dóm sögunnar, sem úr öllu sker, svo að eigi verður um deilt.

Jeg ætla nú í stað staðhæfinga að benda háttv. þm. Ak. á staðreynd. Við þekkjum báðir mjög vel eitt kaupfjelag. Háttv. þm. (BL) hefir átt í brösum við ýmsa menn, sem að því standa, og jeg vænti, að hann telji það með þeim samvinnufjelögum, sem reynst hafa illa. Nú vil jeg benda á það, að þó einstaklingar í fjelaginu skuldi eitthvað, þá er heildarútkoman sú, að sjóðeignir fjelagsins og inneignir einstakra fjelagsmanna í því eru eins miklar og fjelagið skuldar út á við, eða því sem næst. Jeg hefi enga trú á því, að skuldir bænda hefðu verið nokkru minni, þó þeir hefðu verið án kaupfjelagsins. En munurinn er þá sá, að allar eignir fjelagsins eru græddar vegna fjelagsskaparins. Þetta er meira en staðhæfing, þetta er staðhöfn. Þeir, sem standa utan við fjelagið, skulda eins mikið, en eiga enga hlutdeild í tilsvarandi eign, sem fjelagsmenn eiga í fjelaginu. Þetta mál vil jeg óhræddur leggja í dóm sögunnar.

ATKVGR.

Frv. **felt** frá 2. umr. með 12 : 12 atkv.

8. Umræðupartur Alþingistíðinda.

Á 12. fundi í Ed., fimtudaginn 6. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um að fella niður prentun á umræðuparti Alþingistíðindanna (þmfrv., A. 82).

Á 14. fundi í Ed., laugardaginn 8. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Magnússon): Á Alþingi 1909 báru þessir þingmenn úr Sjálfstæðisflokknum: Björn Jónsson, Björn Kristjánsson, Hálfdán Guðjónsson, Sigurður Gunnarsson og Bjarni Jónsson frá Vogi fram frumvarp, nokkuð svipað því, er hjer er nú á ferðinni. Jeg skal láta þess getið, að jeg var þá fremur andvígur frumvarpinu, og jeg má segja yfirleitt aðrir Heimastjórnarmenn á þingi. Það hafði jeg þá sjerstaklega á móti málinu, að gert var ráð fyrir, að sumt af umræðunum væri prentað, en sumt ekki, og að þær væru stundum prentaðar og stundum ekki, og jafnvel, að umræðurnar væru alls ekki skrifaðar.

Meðmælendur frumvarpsins þá, fyrst og fremst Björn Jónsson, hjeldu því fram, að ástæða væri til að ljetta af kostnaðinum við prentun umræðupartsins, og jafnvel láta hætta að skrifa ræðurnar. Kostnaðinn við prentunina töldu þeir allmikinn, einar 9000 krónur, og væri rjett að spara þennan kostnað og gera eitthvað þarfara með fjeð. Skýrði Björn Jónsson frá því, að heyrst hefðu raddir almennings í þá átt, að rjettara væri að spara þennan kostnað, ein 5 eða 6 kjördæmi hefðu samþykt ályktun um að fella niður prentun umræðna, og áskoranir komið frá mörgum merk-

um mönnum í þá átt. Hafði málinu verið hreyft hjer á þingmálafundi þann vetur, og síðan leitað hófanna meðal ýmsra nafnkendra manna út um land. Svörin flest á eina leið, að spara umræddan kostnað, og það gefið í skyn, að menn leituðu helst í þingtíðindunum að skömmum.

Af mótstöðumönnum málsins var þá einkum haldið fram, að það hefði talsverða þýðingu fyrir sögu vora, að umræðurnar væru prentaðar, einnig til skýringar lögunum, og að kjósendurnir, þjóðin, ætti rjett á að fá að heyra, hvað gerðist hjer í þinginu, ætti í raun inni heimting á því, að missa ekki það færi, sem þingtíðindin gefa, til þess að fá að vita, hvað í þinginu gerðist. Þótt allmikill meirihluti virtist vera málinu fylgjandi, náði það þó ekki fram að ganga.

Aftur var málið borið fram 1919, og þá af Einari Arnórssyni, aðalflutningsmanni, og 10 öðrum þm. Var ástæðan enn aðallega sú, að kostnaður við prentun væri mikill, of mikill í samanburði við gagnið við að fá umræðurnar prentaðar. Annars svipaðar ástæður með og móti. Gegn þeirri ástæðu, að þjóðin ætti heimting á að fá í þingtíðindunum fregnir af þinginu, var það þá tekið fram, að það væri þá sennilega átt við sannar fregnir, en ræðurnar í þingtíðindunum væru einatt nokkuð á annan veg en þær væru fluttar í þingsölunum. Þingtíðindin ættu að vera spegill þingsins, en væri spjespegill. Frv. var breytt í Nd., þannig, að fresta skyldi prentuninni, og þannig samþykt þar með 13 atkv. gegn 12, en felt í Ed. með 7 : 7 atkv.

Enn var borið fram frv. um að fella niður prentun umræðnanna á þingi 1922, af Einari Þorgilssyni og 10 öðrum þingmönnum. Frv. var endanlega samþykt í Nd. með talsverðum atkvæðamun, en felt við 3. umr. í Ed.

Það er sannast að segja, að í þessu máli hefir oltið á ýmsu fyrir allmörgum þm., bæði mjer og öðrum.

Fyrst, þegar tillagan kom fram um að fella niður prentunina á þingtíðindunum, fanst mjer þetta afar athugavert, en eftir því sem jeg hefi farið að athuga þetta mál betur, hefi jeg komist að þeirri niðurstöðu, að þingtíðindin sjeu ekki þess virði, umræðurnar, að rjett sje að verja til prentunar þeirra svo miklu, sem hún nú og í fyrirsjáanlegri framtíð kostar. Vegna sögu landsins hygg jeg þess þurfi ekki; það er gert ráð fyrir því að skrifa umræðurnar, og geyma þær í svo sem fjórum eintökum, eitt eintakið þá í Þjóðskjalasafninu, til afnota fyrir þá fáu, er athuga vilja þær fyrir sögu landsins. Til þess, að lögfræðingar eigi hægra með að skýra lögin, tel jeg ekki nauðsynlegt að prenta þær, því síður sem mjer finst oftast nær fremur lítið að græða á umræðunum í þessu efni, altaf minna og minna. Þar að auki altaf hægt að ná í eitthvert hinna skrifuðu eintaka, ef mikils þykir við þurfa. Þá er loks þessi ástæða, að þjóðin eigi heimtingu á að sjá umræðurnar prentaðar. Jeg efast um, að þjóðin kæri sig svo afarmikið um það nú orðið. Að minsta kosti bendir ekki á það kaupendatalan. Hún er nú aðeins tæpir 70, og 25 þar af í Reykjavík. Árið 1922 voru þeir 115, og þar af 25 í Reykjavík. Fækkaði því kaupendum, er verðið hækkaði.

Það er að vísu svo, að talsvert er sent út um land gefins af þingtíðindunum. En yfirleitt er það venjan, að

menn lesa minna þær bækur, sem þeir fá gefins, heldur en þær, sem þeir kaupa. Auðvitað er þetta misjafnt, og jeg skal játa, að þingtíðindin eru sumstaðar lesin. Þó skal jeg leyfa mjer í þessu sambandi að geta þess, að einn hv. þm. sagði mjer fyrir skömmu, að hann hefði um 20 ára skeið verið hreppstjóri og oddviti, en aðeins 2 sinnum verið beðið um þingtíðindin hjá sjer. Nú er mikið hægra en áður að fella niður prentun þingtíðindanna, þegar af þeirri ástæðu, að blöð koma nú út daglega og geta þingmenn fengið þau til þess að flytja ræður sínar, ef þeim þykja þær þess verðar. Geri jeg ráð fyrir, að fáir þingmenn sjeu svo heillum horfnir, að þeir fái eigi inni hjá neinu blaði með ræður sínar. Annars tel jeg eigi nauðsynlegt að halda langa ræðu um þetta mál, heldur ætla jeg að fara sviparað að og Sturla Þórðarson eftir fundinn við Hvítárbrú, er hann var beðinn um að inna mál sitt, þá kvaðst hann eigi inna nema eitt mál, en það var víg Snorra. Eins ætla jeg aðeins að geta þess eins, að með þessu máli eru sparaðar 20 þús. krónur.

Forsætisráðherra (SE): Jeg skal þegar taka það fram, að jeg hefi altaf verið á móti þessu máli. Jeg get játað, að það sje rjett hjá hv. flm. (JM) hvað snertir sögulegar rannsóknir, að hægt sje að nota þingtíðindin, þó þau sjeu ekki prentuð. Hvað snertir aðgang lögfræðinga að þingtíðindunum, þá má vel vera, að þeir græði heldur lítið á þeim, en þó getur það komið fyrir. En fyrir mjer er hvorugt þetta aðalatriði þessa máls, heldur hitt, að ef hætt verður að prenta umræðupart þingtíðindanna, þá er þar með þinginu lokað fyrir þjóðinni. Hún getur þá ekki lengur haft vitneskju um það, sem fram fer á Alþingi. Á móti þessu má segja það, að þjóðin noti lítið þennan rjett sinn, að lesa Alþingistíðindin. Hv. flm. nefndi sem dæmi þess, að einn þm. hefði verið hreppstjóri og oddviti í 20 ár, og hafi aðeins 2 sinnum þurft á þingtíðindunum að halda. Þetta má vel vera. En mjer er sjálfum kunnugt um það, síðan jeg var sýslumaður í Skaftafellssýslu, að þar var um enga bók meira spurt en þingtíðindin. Annars skiftir það mestu í þessu máli, að allir leiðandi menn í þessu landi þurfa að lesa þingtíðindin, til þess að afla sjer þekkingar á því, sem gerst hefir í stjórnmálalífi þjóðarinnar; og til þess að skapast geti heilnæmt almenningsálit í þeim efnum, má eigi loka þinginu fyrir þjóðinni, eins og hjer er reynt að gera með frv. þessu. Almenningsálitið hefir mikla þýðingu hvað stjórnmálin snertir, en til þess að það verði reist á rjettum grundvelli, verður þjóðin að fá að vita hvað fulltrúar hennar segja á Alþingi. Það kom einu sinni fram till. um það á Alþingi, að atkvgr. skyldi þar leynileg um ýms stórmál. Jeg var á móti þeirri till. þá, af því að hún gekk í sömu átt sem þetta frv., sem sje að loka Alþingi fyrir þjóðinni. Það var einnig þá sagt, að til væru blöð, sem flyttu mönnum þingsöguna. Það er alveg rjett, blöðin voru til og eru það ennþá, en þau eru lokuð öðrum mönnum en þeim, sem að þeim standa. Það er undantekning, bæði hjer og erlendis, að blöðin minnist nokkuð á það, sem þeir menn gera, sem að engu blaði standa, — nema þá helst til þess að niðra þeim. Þeir menn, sem yfir engum blöðum ráða, standa því mjög illa að vígi í hinni pólitísku baráttu, ef

prentun Þingtíðindanna verður lögð niður. Jeg get hjer talað af reynslu. Jeg hefi nú verið forsætisráðherra í 2 ár, en þó ekki haft neitt blað við að styðjast. Það, að þjóðin veit, hvað jeg hefi viljað, á jeg því að þakka, að Þingtíðindin hafa verið prentuð. Þingtíðindin eru að þessu leyti dýrmætasta gullnáma, ekki einungis fyrir þjóðina heldur og fyrir þingmenn sjálfa. Og þó að prentun Þingtíðindanna hafi eigi mikla þýðingu fyrir sögurítunina sjálfa, þá hefir hún þýðingu um það, hvaða saga verður sköpuð með þjóðinni. Er það að mínu viti alveg nauðsynlegt, eftir að kjósendum hefir verið veittur víðtækur rjettur til þess að ráða úrlausn stórra mála, að almenningur geti fylgst sem best með öllu því, sem gerist á því sviði, og að honum þannig sje gefið tækifæri til að mynda sjer sem óhlutdrægasta skoðun á mönnum og málefnum, en reisi eigi dóma sína í því efni á moldviðri misjafnlega vandaðra blaða. Þjóðin þarf að eiga sjer öruggan stað, þar sem hún getur leitað að sannleikanum um málefni sín. Með því að fella niður prentun Þingtíðindanna er Alþingi lokað fyrir þjóðinni, einnig að þessu leyti.

Mig langar til að beina þeirri spurningu til þessarar hv. deildar, og þá sjerstaklega til hv. flm., hvort það eigi sjer stað í nokkru öðru landi hins mentaða heims, að þingtíðindi sjeu eigi prentuð. Mjer dettur eigi í hug að halda það, að hv. flm. hafi flutt þetta mál í því skyni að taka frá þjóðinni möguleikann til að fylgjast með fulltrúum sínum og stjórnmálastarfsemi, heldur aðeins í sparnaðarskyni. Jeg neita því ekki, að það er lofsvert að vilja spara, en jeg vil þó taka það fram aftur, sem jeg sagði í ræðu minni, er Ingólfslíkneskið á Arnarhólstúni var afhjúpað nú fyrir skömmu, að það er gömul þjóðtrú, að þegar slæðingur sje í kringum menn, þá eigi þeir ekki að hlaupa, heldur fara hægt. Eins er því farið nú með okkur Íslendinga, sem höfum skuldadraugana alt í kringum okkur, við eigum ekki að hlaupa, heldur athuga vandlega, hvað við erum að gera. Jeg tel það óheppilegt og rangt að spara með því að svifta þjóðina besta möguleikanum til þess að hún geti fylgst með því, sem fram fer á Alþingi. Það hefir oft viljað brenna við í þessari hv. deild, er slík mál sem þetta hafa fram komið, að þau hafa siglt hraðbyri fyrst í stað. Og oft hefir blásið byrlega fyrir þessu máli áður hjer á þingi, en reynslan er þó sú, að þegar liðið hefir á þingin og menn hafa haft tíma til þess að átta sig, þá hefir mikill meirihluti verið á móti því, og svo mun verða reyndin nú á þessu þingi. Það veit jeg.

Jónas Jónsson: Hæstv. forsrh. (SE) hefir nú í snjallri ræðu tekið fram mörg af aðalatriðum þessa máls, og læt jeg mjer nægja að bæta aðeins við nokkrum atriðum, er snerta sögulega hlið málsins, eins og hún kom fram í ræðu hv. flm. (JM). Eftir því hafa komið fram á Alþingi 3 till. um málið, fyrst árið 1909, þá 1919 og loks 1922. Má af meðferð málsins í öll þessi skifti nokkuð sjá, hvernig því var farið. Fyrst, 1909, ber það fram leiðandi maður stærsta meirihluta, sem verið hefir á þingi. Samt verður endirinn sá, að þessi maður verður að gefast upp við að koma málinu fram. Samhliða því, að hann tekur við stjórn með mikinn meirihluta að baki sjer, verður hann

þó í minnihluta í máli þessu og getur ekkert í því gert. Bendir þetta á það, að þegar flokksmenn þessa manns, sem sje Björns heitins Jónssonar, fóru að athuga málið, þá treystust þeir ekki að fylgja honum í því. Jeg skal geta þess, að það, sem kom flm. þá til þess að flytja málið, var eigi eingöngu sparnaður, heldur mun hafa ráðið töluverðu þar um annað, nokkurskonar prentsmiðjustyrjöld, en um það atriði skal jeg eigi tala nánar að þessu sinni. Næst kemur málið fram á þingi 1919, en einmitt á því ári er ausið út miljónum úr landssjóði, og þá verða launalögin miklu til. En hver ber svo mál þetta fram þá? Það er maður, sem var oltinn úr ráðherrasessi, maður, sem hafði algerlega mist alt fylgi sitt. Get jeg vel skilið, að hann hafi ekki haft mikla umhyggju fyrir því, að þjóðin fylgdist með í stjórnmálunum á þingi. Maður þessi hafði klofið Sjálfstæðisflokkinn, gengið síðan ofan í sjálfan sig og orðið fyrir það að skotspæni almenningsálitsins. Hann misti því eigi mikils í, þó að prentun Þingtíðindanna fjelli niður. Í þriðja skiftið er mál þetta borið fram af þm. G.-K., sem eigi á sæti á þingi nú, manni, sem aldrei í þingsögunni mun verða talinn með stærri ljósunum. Í þetta sinn verður endirinn sá, að þingið sjer sig um hönd á síðustu stundu og fellir málið. Á þingi 1922 er sparnaðurinn áætlaður 15—16 þús. krónur, eða töluvert minni en nú er gert, en þó var prentun dýrari þá en nú. Bendir það til, að eitthvað sje bogið við útreikninginn. Jeg geri enganveginn lítið úr hinum áætlaða sparnaði nú, en vildi aðeins leyfa mjer að beina þeirri spurningu til hv. flm. (JM), hvernig það má vera, að sparnaðurinn er meiri nú en fyrir 2 árum, þegar öll prentun var dýrari. Þá var, eins og nú, gert ráð fyrir nokkrum þús. kr. í kostnað við fjölritun ræðanna, og hið sama mun hafa vakað fyrir flm. þá sem nú, hvað geymslu handritanna snertir. Það minnir mig reyndar á gamla bók, frá 12. öld, sem jeg sá í Englandi fyrir nokkrum árum. Hún var járnbent og hlekkjuð föst í múr til varnar móti þjófum. Nú á 20. öldinni erum við á Íslandi að komast í nokkuð svipað ástand með því að gera Þingtíðindin að sjaldsjeðu handriti. Dálítil ónákvæmni er það hjá hv. flm. (JM), þó það skifti ekki miklu máli, er hann segir, að Þingtíðindin hafi kostað 5 kr. út um land. Einn hv. þm. hefir tjáð mjer, að hann hafi orðið að borga fyrir þau 10 kr. Ef það er rjett, að svo fáir kaupendur sjeu að Þingtíðindunum, sem í skýrslu þeirri greinir, er málinu fylgdi, þá er það ofurskiljanlegt, að svo sje, þegar þess er gætt, að um 600 eintökum er dreift út um landið ókeypis. Jeg tek undir það með hæstv. forsrh. (SE), enda er mjer það persónulega kunnugt, að á mörgum svæðum landsins eru Alþingistíðindin lesin með mestu ánægju, og jeg veit, að það yrði álitið hið mesta hermdarverk úti um land, ef frv. þetta yrði samþykt. Hv. flm. (JM) gat þess, að blöðin flyttu nú bæði almennar þingfrjettir og einstakar ræður þm. Jeg er samdóma hæstv. forsrh. (SE), að eins og blöðin eru nú, þá taka þau aðallega svari sinna flokksmanna, enda væri fjarstæða að gera ráð fyrir því öðruvísi. Jeg vil ennfremur leyfa mjer að undirstrika það, sem hv. sami ræðum. (SE) tók fram um blöðin, því að ilt er að þurfa að treysta þeim einum í þessu efni, þegar af þeirri ástæðu, að ríkustu flokkarnir gætu gefið mest út og þann-

ig haft besta aðstöðuna til þess að ná til fólksins. Stærsti flokkurinn í þinginu styðst nú við 10 blöð, sá flokkurinn, sem er næstur, en í honum eru 15 menn, styðst við 2 blöð, sem þó eru aðeins vikublöð, hin 10 sum dagblöð. Það er því eigi nema eðlilegt, að þeir flokkar, sem fá eða engin blöð hafa að baki sjer, kæri sig eigi um það, að þjóðin verði að sækja vitneskju sína um það, sem á þingi er gert, í andstæðingablöðin ein, því að eins og menn vita, er það ekki altaf undir málstaðnum komið, hverjir fá þar inni. Og jeg skal geta þess, að ef svo væri, að einhver blöð tækju peninga fyrir málaflutning sinn, þá gæti það hjálpað mikið þeim flokki, sem mestu fje hefði úr að spila.

Án þess að fara nokkuð út í þá almennu hlið þessa máls, þá vildi jeg leyfa mjer að bæta enn nokkrum orðum við ræðu hæstv. forsrh. (SE). Jeg tel það hneyksli og ósamboðið þjóðinni, eftir að búið er að gefa út þingtíðindin síðan 1845, að leggja þau niður nú, enda þótt tímarnir sjeu erfiðir. Skil jeg ekki hvernig hv. flm. (JM) getur litið framan í samtíð sína og eftirtíð, þegar hann hugsar um það, hvernig ástatt var fyrir íslensku þjóðinni fyrir 1874, þegar hún var eins og hreppur í Danmörku, en tókst samt að gefa út þingtíðindin. Þá datt engum í hug að ympra á því að kæfa rödd þingsins eins og nú er gert. Og það er alment álitið, að á tímabilinu frá 1874 til aldamóta hafi verið gætt mjög mikillar varúðar um fjárhag landsins, en þó kom aldrei til mála að hætta prentun þingtíðindanna, ekki einu sinni milli 1880—90, þegar landsmenn voru að deyja úr hungri og eymd og flúðu til Ameríku þúsundum saman. Það er fyrst eftir að þjóðin hefir fengið stjórnina inn í landið, og þegar fullveldið er fengið, að það fer að bóla á þessari kyrkingartilraun við Alþingi.

Að endingu vil jeg, alveg gremjulaust, beina þeirri spurningu til hv. flm. (JM), hvort hann sjái ekki það sorglega í því, að hann, sem var stjórnarformaður, þegar landið varð fullvalda ríki og mun telja sig eiga einhvern þátt í því, að landið varð sjálfstætt ríki á pappírnum, og hann, sem stjórnaði landinu fyrst á eftir, skuli vera flutningsmaður að frv., er gengur í þá átt að loka þinginu fyrir þjóðinni.

Og jeg fæ engan veginn sætt mig við, að nú sje gripið til þeirra örþrifaráða, sem áður þektust ekki, jafnvel ekki, þegar fátækt og hörmungar hrjáðu landið meira en nokkru sinni og það var þar að auki undir yfirráðum annars ríkis. Og hvernig getur hv. flm. (JM), sem var svo heppinn eða óheppinn að stýra landinu, þegar fjárhag þess hrakaði mest, hann, sem ljet eyða 600 þús. krónum við eitt einasta tækifæri, að mestu leyti að þarflausu, hann, sem hefir látið sóa 20 þús. kr. í fánýta krossa, hann, sem ljet byrja á byggingu prestsetursins á Mælifelli og eyddi þar 30—40 þús. kr. o. s. frv. o. s. frv. — hvernig getur hann látið sjer detta í hug að hefja sparnað sinn með frv., sliku sem hann nú berst fyrir? Hver tilraun hans til sparnaðar af þessu tæi hlýtur að varpa bergmáli á fjármálaóstjórn hans og þeirra, sem honum standa næst, hlýtur að bregða nýju ljósi yfir það öngþveiti, sem þeir hafa komið fjárhag landsins í. Jeg hefði ekki minst á þessi atriði nú, ef þau stæðu ekki í beinu sambandi við þetta mál, og því fremur hefi jeg drepið á þetta, að sömu hv. þm., sem flytja frv. þetta,

neituðu hjer í gær rannsókn á því, hvort ekki mætti spara nokkra tugi þús. með því að nota húseignir ríkissjóðs í Rvík fyrir opinberar skrifstofur. Sömuleiðis vísuðu þeir í gær þál. um að skipa sparnaðarnefnd til nefndar, rjett eins og það væri eitthvert sjerlegt vandamál, — og ekkert er líklegra en að þeir drepi þá þál. seinna á þinginu. Og um daginn feldu sömu hv. þm. að leggja niður embættið í klassiskum fræðum við háskólann og flytja kennarann að mentaskólanum, sem þó hefði gefið 7 þús. kr. sparnað. Nei, það verða komin mörg kurl til grafar, þegar þetta „sparnaðar"frv. hefir gengið í gegnum 6 umr. hjer í þinginu.

Ennþá er eftir sú ástæðan, sem jeg tel langveigamesta gegn frv. þessu. Hún er sú, að þetta úrræði hjálpar stórum allskonar óheilbrigði að gróðursetjast í stjórnmálalífi voru. Og taki menn eftir! Er ekki merkilegt samræmi í því að fækka ráðherrum, lengja kjörtímabilið og hætta að gefa út þingtíðindin? Það er engu líkara en að allar þessar till. sjeu bornar fram með það fyrir augum að drepa vísvitandi hið frjálsa lýðræði í landinu, sem stjórnskipulag þess byggist á. Það á að veikja stjórn landsins, en um leið styrkja embættismannavaldið. Hætta að prenta þingtíðindin, svo að þjóðin fái ekki sjeð framkomu fulltrúa sinna og jafnframt lengja kjörtímabil þeirra, til þess að þeir þurfi sjaldnar að standa reikningsskap gjörða sinna. Það er mjer óblandið sorgarefni að þurfa að horfa upp á allar þessar fyrirætlanir, sem mjer finst bera vott um þá spillingu í voru pólitíska lífi, sem jeg hefi ekki sjeð fyr svo átakanleg merki um.

Það dettur engum í hug, að telja þeim, sem hafa verið riðnir við hina mestu eyðslu, sem sögur fara af hjer á landi, svona sparnað til dygða. Þeir þurfa að sýna alvarlegri sparnaðarviðleitni og stinga niður á líklegri stöðum, ef þjóðin á að trúa þeim. Ef jeg vildi óska hv. flm. ills, þá vildi jeg óska að þeir sigruðu í þessu máli, því að sá sigur þeirra væri rjettnefndur Pyrrusarsigur.

Flm. (Jón Magnússon): Jeg vil fyrst svara hæstv. forsrh. (SE) nokkrum orðum, enda þótt ræða hans gefi varla tilefni til mikilla orðalenginga, því að hann hjelt þar fram hinu sama og hann hefir áður gert í þessu máli og hinu sama, sem andstæðingar þess hafa yfirleitt haldið fram, hvenær sem það hefir verið rætt. Aðeins færði hann andmæli sín í fallegri búning en títt er. Sagði hann, að með því að hætta að prenta umræðupart þingtíðindanna væri Alþingi lokað fyrir þjóðinni, og að það væri tilraun til að hindra það, að heilbrigt almenningsálit gæti skapast um þingið. Þeta eru orð, sem láta vel í eyrum, en það eru heldur ekkert nema orð. Því það, sem skapar almenningsálitið — því miður, má segja — eru blöðin. Hæstv. forsrh. (SE) segir það satt, að þau lita oft frásögn sína um störf þingsins, en sami litblær er einmitt oft yfir þingtíðindunum, og enda er alþýða manna búin að drekka í sig frásögn blaðanna, þegar þingtíðindin koma út, og fá þau því venjulega litlu um breytt, með því líka að svo sárafáir lesa þingtíðindin, en margir blöðin. Þá fá menn og þingfrjettir á leiðarþingum og svo á margan annan hátt. Sem sagt, þjóðin fær allar þær þingfrjettir, sem nokkru skifta, að langmestu leyti utan

Þingtíðindanna og langtum fyr en þau koma út. Ef nokkrir sakna Þingtíðindanna, mun það einkum vera vegna þess, að þeim gefst síður færi á að kasta framan í þm. hinu og þessu úr þeim.

Jeg sagði, að þeir þm. væru fremur fáir, sem eigi ættu kost á því að fá birtar í blöðum landsins þær ræður sínar, sem þeim þætti máli skifta, að kæmust fyrir augu alþjóðar. Og þegar hæstv. forsrh. (SE) segist ekki hafa ráðið yfir neinu blaði í 2 ár, þá verð jeg að draga það í efa, að þau hafi neitað honum að birta ræður hans. Það mun að vísu satt vera, að hann hafi engin blöð haft beint til umráða, en um leið verður að geta hins, að jeg minnist þess ekki, að blöð landsins hafi yfirleitt nokkurntíma verið eins vinsamleg í garð nokkurrar stjórnar og einmitt þetta tímabil, svo að jeg hygg, að hann hafi engu tapað og þurfi síst að kvarta.

Hæstv. forsrh. (SE) spurði, hvort jeg vissi til, að annarsstaðar væri hætt að prenta þingtíðindi, eða umræðupart þeirra. Jeg er þessu ekki vel kunnugur, nema hvað jeg veit, að þau eru ennþá gefin út á Norðurlöndum.

Hitt veit jeg, að nákvæmar og óhlutdrægar þingfrjettir koma í öllum helstu blöðum þessara þjóða, og munu því sjálf þingtíðindin ekki lesin nema af grúskurum. Að vísu er satt, að þar eru blöðin mun stærri en okkar blöð, en við verðum að sætta okkur við smæð okkar, jafnt í þessum efnum sem öðrum.

Hæstv. forsrh. (SE) sagði, að það væri gömul og góð regla að fara hægt, þegar slæðingur væri á ferðum. Jeg fæ ekki sjeð, að við höfum farið svo hart í þessu máli. Það hefir nú verið á döfinni öðru hvoru í 15 ár, og hefir þó ekki miðað betur áfram.

Ekki er heldur hægt að segja með neinum sanni, að með þessu frv. sje gripið til óþektra örþrifaráða. Jeg man ekki betur en að flestir hinna eldri hv. þm., sem nú eiga sæti á þingi, hafi einhvern tíma greitt atkvæði með þessu máli, — og sumir ýmist með eða móti.

Jeg skal ekkert um það segja, hvort frv. þetta kemst í gegnum hv. Ed. Er mjög örðugt að spá líklega um afdrif svona mála. En reynslan hefir sýnt, að það hefir oftast fengið meirihl. í hv. Nd., og stundum jafnvel alls þingsins, enda þótt það hafi ekki sloppið enn í gegn.

Jeg get látið það, sem jeg nú hefi sagt, nægja til andmæla hæstv. forsrh. (SE).

Þá vil jeg svara hv. 5. landsk. (JJ) nokkru, enda þótt ræða hans hafi mátt heita býsna óþörf, þar sem hann andmælti í engu málinu sjálfu öðru en því, sem hæstv. forsrh. (SE) hafði áður gert. En ræðan hefir sjálfsagt verið tilbúin og hv. þm. þurft að koma henni frá, því annars er ekki gott að vita, nema hann hefði sprungið.

Það var svo sem auðvitað mál, að hv. þm. brygði ekki vanda sínum, heldur kæmi með ástæðulausar getsakir í garð þeirra manna, sem mál þetta hafa borið fram á ýmsum tímum. Fyrst tók hann fyrir Björn sál. Jónsson ritstjóra, og kvað honum hafa gengið til prentsmiðjudeila, að hann vildi láta fella niður prentun umræðupartsins. (JJ: Það var sannleikur). Nei, það er bara „Tíma"-sannleikur. Jeg held, að það sje alveg ranglega borið á þetta látna mikilmenni. Og hvernig gat prentsmiðjustyrjöld gefið honum tilefni til þess, löngu fyrir þing, að spyrjast fyrir um það, meðal ýmissa merkustu manna þjóðarinnar um land alt, hvort þeir álitu um-

ræðupart þingtíðindanna svo mikils virði, að eigi mætti hætta að gefa hann út. Þó að hv. 5. landsk. (JJ) hafi verið flokksmaður Björns Jónssonar (JJ: Nei.) — og þykist því máli þessu kunnugur, þá verð jeg samt að mótmæla þessum áburði. Svo vel þekti jeg Björn sál., enda þótt við værum alt af pólitískir andstæðingar. En ekki veit jeg, hvernig á því hefir staðið, að mál þetta hefir ekki komist í gegnum þingið. Hygg jeg þó, að nokkru hafi um ráðið, að menn hafa ekki viljað taka verkið af prentsmiðjunum. Vill oft verða svo, að umtölur einstakra manna hafa áhrif á úrslit mála á þingi.

Þá kom hv. þm. (JJ) að Einari Arnórssyni og gaf þær upplýsingar, að honum hafi eingöngu gengið illar hvatir til, að hann barðist fyrir því að fella niður prentun umræðupartsins. Sagði hann (JJ), að Einar hafi ekki þorað að láta afskifti sín af þingmálum koma fyrir augu almennings.

Það hefir oft verið talað um, að þær væru fremur ógeðslegar, þessar sífeldu getgátur um fjarverandi menn. Þetta, að vera alt af að gera mönnum upp illar hvatir að ástæðulausu, því að alt er þetta gripið úr lausu lofti. Jeg veit ekki til, að framkoma þessa manns, Einars Arnórssonar, hjer á þingi, hafi verið nokkurntíma á þann hátt, að hann hafi þurft að fela hana. Þvert á móti. (JJ: En orðheldni hans við fyrri undirskrift sína?) Mjer er ómögulegt að vaða með hv. þm. (JJ) um alla heima og geima. Jeg verð að láta mjer nægja að taka það blátt áfram fram, að jeg man ekki eftir neinu því í þingsögu Einars Arnórssonar, sem hann þarf að skammast sín fyrir. Væri gott, ef hægt væri að segja hið sama um hv. 5. landsk. (JJ). Annars á hjer ekki við að ræða um Einar Arnórsson. Hv. 5. landsk. (JJ) tók sig til hjer á árunum og ritaði um hann hið ógeðslegasta rit, sem sögur fara af hjer á landi. Mun svo hafa verið til ætlast, að rit þetta riði Einari að fullu, en jeg býst við, að áhrifin hafi orðið öfug, sem betur fór.

En jeg verð að segja, að þegar hv. 5. landsk. er að dæma alla þá, sem stutt hafa mál þetta, fyr og síðar, þá heggur hann nokkuð nærri sínum eigin flokksbræðrum, því að þeir hafa, sumir hverjir, greitt því atkvæði á fyrri þingum. (JJ: Hverjir?) Jeg get nefnt til dæmis þá hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) og hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ). Jeg veit ekki, í hvaða tilgangi þeir hafa greitt málinu atkv. sitt, en hann mun víst ekki vera fagur, eftir kenningu hv. 5. landsk.

Þá sagði hv. þm. (JJ), að Einar Þorgilsson, sem var aðalflm. máls þessa síðast, þegar það var hjer til umr., hafi ekki verið mikilsvirði og því viljað fela sig fyrir eftirtímanum. Þetta er dómur háttv. 5. landsk. þm., en ekki annara; órökstuddur dómur hans, og rangur eins og vant er. En Einar Þorgilsson var ekki einn flm. málsins. Þeir voru 10 talsins og þar á meðal ýmsir, sem nú prýða flokk hv. 5. landsk. þm. Verður því að dæma þá alla jafnt. Enginn þeirra hefir víst þorað að líta framan í eftirtímann, eins og hv. þm. (JJ) komst að orði. Nei, þegar hv. þm. telur okkur frv. þetta til minkunar, þá knjesetur hann mjög marga fleiri þingmenn, sem setið hafa á þingi síðustu árin, og meðal þeirra afarmarga, sem honum hefir þótt til koma.

Hv. þm. (JJ) þótti eitthvað bogið við útreikninginn á sparnaðinum, sem af frv. hlytist. Jeg hefi áður getið þess, að

það er ágiskun. Er ómögulegt að segja, hvernig kostnaðurinn verður í næstu framtíð. Árið 1922 var kostnaðurinn um 18 þús. kr., fyrir utan pappír, en 1923 hljóp hann yfir 32 þús. kr. Að vísu var þingið 1922 óvenju stutt, en þó mun þingið 1923 ekki hafa staðið nema ½ mán. lengur, þegar þess er gætt, að það tók í seinna lagi til verulegra starfa vegna þess, að þingmenn voru ekki allir komnir til þings þegar í upphafi. Að þingtíðindin 1923 hafa bólgnað svo mjög, mun að ekki svo litlu leyti koma af því, að þá kom þessi hv. þm. (JJ) fyrst til þings. Því að ekki er nóg með það, að hann heldur sjálfur alveg ódæma langar ræður, heldur gefur hann öðrum tilefni til að tala meira en ella, því að ekki er alt af rjett að ganga framhjá ómótmæltu, öllu því, er hann segir. Nú býst jeg við, að hann sitji á þingi til ársins 1930, og verður því a. m. k. að hætta að prenta umr. þingsins til þess tima, því að enginn ríkissjóður endist til lengdar til að bera kostnaðinn af öllu málæði þessa hv. þm.

Hv. þm. (JJ) kvartaði um, að blöðin væru ekki áreiðanleg. Jeg skal fúslega viðurkenna það, að þau eru mjög bág sum. (**JJ**: Sjerstaklega þó Moggi). Hv. þm. (JJ) hefir eigi ástæðu til að segja slíkt um Morgunblaðið, því að það er blaða frjálslyndast og sanngjarnast, og ræðir einatt málin frá öllum hliðum. Öðru máli er að gegna um Tímann. Það blað getur bókstaflega aldrei sagt öðru vísi en ósatt um mótstöðumenn sína og rangfærir alt, er þeim viðkemur. Annars er hv. 5. landsk. vel settur til þess að afflytja mótstöðumenn sína. Hann hefir stórt og útbreitt blað, en honum þykir þetta ekki nóg. Hans yndi og eftirlæti er að ausa auri á sjer betri menn og drita á leiði látinna mikilmenna. Og hann hefir ekki nægilegt rúm í Tímanum til þess arna, heldur þarf hann að hafa þingtíðindin líka. En alveg varð jeg hissa, þegar hv. þm. fór að koma með Björn sáluga Jónsson inn í þessar deilur, og svo spyr þm., hvernig við, flm. þessa máls, förum að líta framan í þjóðina eftir þetta. En jeg vil spyrja: Hvernig lítur þjóðin á mann eins og Björn Jónsson? Það eru víst allir sammála um, að hann hafi verið mikilmenni. En þó leyfir hv. þm. sjer, þetta það, að fara að knjesetja Björn Jónsson, sem gnæfir svo hátt yfir hann eins og himinhátt fjall yfir hundaþúfu.

Hv. þm. spyr mig ennfremur, hvernig jeg fari að bera fram svona mál; jeg, sem hafi eytt 600 þús. kr. í veisluhöld.

Það er eins og vant er. Þm. er alt af að hampa þessu, hvar sem er, bæði á fundum og í blöðum og á þingi. Jeg veit, að þetta var mikill kostnaður, en það var vitanlega ekki frekar jeg, sem rjeð þessu, en aðrir í stjórninni, og forsetar Alþingis, sem allir í sameiningu kusu nefnd til að sjá um móttöku konungs. Mjer þykir að vísu æra í því, að hv. þm. skuli kenna mjer þetta einum, því að það er ekki hægt að skilja það öðruvísi en svo, að hann telji mig svo mikinn mann, að jeg hljóti að ráða öllu, þar sem jeg á annað borð er með.

En mjer dettur ekki í hug að deila frekar við hann um þetta; mjög ógeðslegt að deila um slíkt, enda ólíkt hinu gestrisna íslenska lundarfari að vera að sjá eftir, þótt nokkuð fari til risnu. En þess er raunar að gæta, að hv. þm. er í mörgu mjög óíslenskur.

En þó svo, að þetta væri nú alt saman mjer að kenna, sem ekki er, frekar en það, að mjer sje um að kenna, að stríð-

ið byrjaði, og það, sem af því leiddi fyrir oss. En þó svo væri, þá yrði samt að taka hlutina eins og þeir eru. Ef nú er þörf á að spara, af hvaða orsökum, sem það er, þá er sjálfsagt að spara það, sem sparað verður.

Þá mintist hv. þm. (JJ) á krossana og kostnaðinn við þá. Það er nú eitt atriðið, sem hv. þm. er alt af að tyggjast á og saka mig um. En jeg var nú svo heppinn um daginn að rekast á atkvæðagreiðsluna um þetta mál í þinginu. Jeg hefi blaðið að vísu ekki með mjer nú, en jeg gæti síðar sýnt hv. þm. það, ef hann vildi, og gæti hann þá sjeð, hversu margir af hans flokksmönnum voru þessu samþykkir. Og um leið getur hann þá sjeð, að það var ekki jeg einn, sem ákvað þetta, heldur þingið alt. Og úr því að einu sinni var búið að stofna orðuna, þá var ekki hægt að búa krossana til fyrir ekki neitt, nema því að eins, að þeir, sem áttu að fá þá, hefðu verið látnir borga. (JJ: Það er gert sumstaðar erlendis). Það getur verið, og það hefði kanske mátt, en bæði er, að það er, að mjer finst, hálfleiðinlegt, og svo datt okkur, sem í stjórninni vorum, ekki sá búhnykkur í hug.

En svo sýnir það brjóstheilindi hv. þm., að hann hamast eins og hann sje að verða vitlaus, ef jeg fæ kross, en þegir eins og steinn, þegar hans eigin stjórn kræki í krossa. (JJ: Ekki satt; það hefir verið talað um það í Tímanum). Það er víst ósatt. Að minsta kosti hefir sama sem ekkert verið um þetta talað, er hans stjórn hefir átt í hlut.

Þá er það þetta með Mælifellshúsið. Það er satt, að húsið var dýrt, en það vildi svo til, að gamla húsið brann, og það varð einhvernveginn að hjálpa.

Annars finst mjer mjög heimskulegt að blanda slíku inn í umræður um þetta mál. En það er eins og vant er með þennan hv. þm. Hann þarf að fara út í alla skapaða hluti og blanda öllu saman, svo mjer dettur í hug vísan um gamla Satan:

Satan vitt
veður títt, o. s. frv.

Svo á það, að hætta að prenta Þingtíðindin, að verða til þess að skapa óheilbrigt pólitískt líf í landinu. Að þm. skuli koma með þvílíka vitleysu! En það gæti verið mikilsvert að finna ráð gegn blöðunum. Það er víða kvartað undan blöðunum, en það hefir þó ábyggilega ekkert blað spilt þjóðinni eins og Tíminn hefir gert nú á síðari árum.

Það er leiðinlegt að þurfa að fara út í atriði, sem liggja fyrir utan málið, en hjá því verður ekki komist, því þm. veður um alla heima og geima, en þó tekur út yfir, þegar hann þarf að fara að halda ræðu um stjórnarskrárbreytingar í sambandi við þetta mál; mál, sem þó verður rætt um bráðlega, svo það virðist óþarft að fara út í það núna. Og mjer finst sannarlega, að það hljóti að vera óheilbrigður heili, sem getur sett prentun Þingtíðindanna í samband við fækkun ráðherra og lenging kjörtímabilsins.

Og svo á það, að lengja kjörtímabilið og gjöra það eins og það var hjer á landi fyrir 1915, það á að verða til þess að skapa pólitíska spillingu í landinu. Jeg er svo undrandi yfir þessari staðhæfing hv. þm. (JJ), að jeg á ekki nokkurt orð til, og skal líka alls ekki svara því, því að það er ekki svaravert.

Að því er verð Þingtíðindanna úti um land snertir, þá er það rjett, að það er 10 kr., þar í innifalið flutningsgjald.

Hvað gangi málsins annars viðvíkur,

þá býst jeg við, að málið fari í gegnum hv. deild, því jeg býst við, að við flm. þess stöndum jafnupprjettir, þrátt fyrir orð hv. 5. landsk. En hvernig því kann að lykta í hv. Nd., veit jeg auðvitað ekki.

Jónas Jónsson: Mjer er það mikið ánægjuefni, einkum sökum þess, að jeg hefi valið mjer kenslu að lífsstarfi, að sjá það, hversu vel kensluhæfileikar mínir koma að notum, þegar jeg tala við hv. 4. landsk. Hann hefir vaxið af samvistunum við mig. Þegar jeg hefi lesið honum pistilinn, kemur stundum fram í orðum hans og látbragði einskonar dugnaður, kraftur og manndómur, sem annars verður lítið vart við. Það er mjer óblandin ánægja að hafa þannig bætandi áhrif á hann.

En það er nú einu sinni svona, að við erum aldrei sammála og þurfum alt af að deila, nema þá þegar hann tekur upp mínar hugmyndir. En hv. þm. verður að afsaka það, þótt jeg sje ekki orðinn eins reiður og hann, enda hefi jeg minni ástæðu til þess.

Hv. þm. (JM) finst jeg fara út í nokkuð margt í sambandi við þetta mál, en það er mikill misskilningur hjá þm. að halda, að það komi ekki málinu við, hvaða orsakir lágu til þess, að komið hefir verið fram með till. um að hætta að prenta þingtíðindin. Skuldir landsins valda þessu. En hvað veldur skuldunum? Óhæfileg eyðsla kaupmanna og embættisstjetta landsins. Annars þykir mjer það sjerstaklega væmið, að þessi þm. (JM), sem allir vita, að gaf út blað, sem svívirti Björn Jónsson mjög árum saman og átti mikinn þátt í heilsuleysi hans hin síðustu missiri, skuli nú koma, eins og prestur ofan úr stól, og segja, að ekki megi minnast á Björn Jónsson í sambandi við þetta mál.

Hvernig stendur á því, að hv. þm. (JM) dettur þessi vitleysa í hug, eða er þm. svo minnislaus, að hann muni ekki hvað Lögrjetta sagði um hann, Lögrjetta, sem allir vita, að var gefin út af honum (JM) og hans nánustu fylgifiskum.

Þá hjelt hv. þm. því fram, að jeg hefði skrifað ógeðslega grein um Einar Arnórsson. Einar Arnórsson var þá ritstjóri Morgunblaðsins og hafði skrifað margar svæsnar og rógburðarkendar árásargreinar á mig fjarverandi. En þegar jeg kom til bæjarins aftur, svaraði jeg honum með því að taka hann þeim tökum, að hann valt úr embættinu að skrifa fyrir kaupmenn, steinhætti að fást við pólitík og hefir látið mig og mína samherja í friði síðan. Sú útreið, sem Einar Arnórsson fjekk þá, er ein hin rjettmætasta hirting, sem nokkur þjónn embættis- og kaupmannavalds hefir fengið hjer á landi.

Þá vildi hv. þm. (JM) telja þingmann þann, er bar fram frumv. um að fella niður prentun Þingtíðindanna 1922, gáfaðan, og vil jeg unna honum þess dómsorðs.

Þetta voru nú allar röksemdirnar, sem hv. þm. hafði fram að færa, og sjá allir, hve lítilfjörlegar þær eru.

Þá vill þm. (JM) blanda saman tilraun til þess að lækka kostnaðinn við prentun Þingtíðindanna og algerðu afnámi prentunarinnar.

Jeg veit það vel, að þm. A.-Húnv. var einn af þeim, sem vildi lækka útgjöldin við prentun Þingtíðindanna, og því greiddi hann atkvæði með því að fella niður prentun Þingtíðindanna á meðan stóð á samningum við prentarafjelagið og reynt var að þrýsta niður kostnaðin-

um. En annars var hann algerlega á móti því að láta hætta að prenta þau, og þannig var það með Framsóknarflokkinn yfirleitt.

Loks er hv. flm. (JM) svo spaugsamur að kenna mjer um, að hætt verði við prentun Þingtíðindanna, mjer, sem berst á móti því af alefli. En nú skulum við athuga þetta nokkuð nánar. Jeg og hv. 4. landsk. erum andstæðingar. Við erum sjaldan á sama máli, og aldrei nema þá, er jeg styð mál, sem hann hefir tekið upp eftir mjer. Og hann reynir venjulega að áfella mig með stóryrðum og illyrðum. Út yfir hvern gengur það því, ef jeg talaði bjánalega í þinginu eða væri sífelt að skifta um skoðun. Það yrði auðvitað mjer sjálfum til minkunar. Það gengi út yfir mig, en hv. 4. landsk., sem alt af er á móti mjer, mundi skina þeim mun skærara, er hann svaraði mjer, og mundi vaxa af sigurvinningum sínum. Nei, þetta er ekki nein orsök til þess, að þeir vilja láta hætta að prenta Þingtíðindin. Það er áreiðanlega ekki gert af umhyggju fyrir mjer. En máske er Íhaldsflokkurinn það barnalegur, að honum megi segja svona sögur.

Sá flokkur, sem skammast sín fyrir gerðir sínar á þingi, hann er hræddur við að láta prenta Þingtíðindin og leggja gerðir sínar undir dóm þjóðarinnar. En hinir, sem halda því fram, að það eigi að prenta Þingtíðindin, eru ekki hræddir, af því að þeir vita, að þeir hafa ekkert að fela. Þetta er mjög augljóst mál. Hverjir eru það, sem leggja á flótta, þegar á hólminn er komið? Það eru bleyðurnar, ragmennin og hinir sakfeldu, sem vita á sig skömmina. Hverjir eru það, sem fela sig og fara huldu höfði, er lögregluþjónar nálgast? — Það eru þjófarnir, því það er hjer eins og endranær, að sök bítur sekan.

Og ef hv. 4. landsk. (JM) væri það alvara, að nauðsynlegt sje að losna við mig, hví vill hann þá lengja mitt kjörtímabil um 4 ár? En eftir lýsingu þessa háttv. þm. á mjer, gengi það næst landráðum. Þótt honum hinsvegar máske finnist það bót í máli, að hans kjörtímabil lengist þá líka um þriðjung, og sömuleiðis hv. 6. landsk. (IHB), sem hefir löngum verið honum fylgispakur fjelagi á hinum pólitísku villigötum hans.

En þá nægði ekki að hætta að prenta Þingtíðindin til 1930, heldur yrði það að vera að minsta kosti til 1934. Og þá yrðu hinar góðu ræður Íhaldsins grafnar allan þann tíma, og þar með ræður hv. 4. landsk. og 6. landsk., og þjóðin fengi því ekki tækifæri til að sjá alt vit þeirra og drengskap! Samt ætti að vera hægt að prenta ræður okkar, þó aldrei nema það kostaði 20 þús. kr. á ári, ef ekki kæmi neitt 600 þús. kr. „bit“ fyrir ríkissjóð á næstu árum.

Þá var hv. þm. (JM) að tala um blöðin, og þá er það eins og vant er, að það er aðeins eitt blað, sem hann man eftir, sem sje Tíminn, og það sýnir best, hve Tíminn er voldugur, að það þarf að halda margar og langar ræður um hann á hverju þingi, án þess að minst sje á nokkurt annað blað. — En það var eitt blað á Seyðisfirði — Austanfari, — sem talinn var launkrakki háttv. 4. landsk. (JM). Í því blaði var venjulega ekkert annað, árum saman, en skammir og illyrði um mig. Og þótt hv. 4. landsk. hafi heyrst sverja fyrir þennan launkrakka sinn, þá er þetta þó, — fyrir utan Lögrjettu meðan hún skammaði Björn heit-

inn Jónsson mest — eina blaðið, sem hv. 4. landsk. hefir verulega lagt sál sína inn í að styðja.

Þó vill hv. þm. reyna að setja sig á háan hest, þegar hann mintist á önnur blöð. En það situr illa á þeim manni að gera harðar kröfur til dagblaða, sem hefir gefið út annað eins sorpblað og Austanfara, svo ekki sje nefnt nema það aumasta af blöðum spiltra kaupmanna og þjóna þjóðfjelagsins. En þjóðin hefir dæmt Austanfara-pólitíkina að makleglleikum. Blaðið og aðstandendur þess var alstaðar fyrirlitið og að engu haft.

Framsóknarflokkurinn hefir einungis 2 blöð, og það að eins vikublöð, en Íhaldsflokkurinn hefir eitthvað 10—12 blöð, og þar af sum dagblöð, og þó minnist enginn á þau í þinginu. (JM: Hver var að tala um Morgunblaðið?) Það var af því, að hv. þm. gaf mjer tilefni til að minnast á blöðin í landinu, að eg gaf þetta yfirlit um blaðakost Íhaldsflokksins. Hann er mikill. En enginn Framsóknarmaður virðir þann blaðhóp þess að svara þeim í þingsalnum.

Svo eru það þessi stóryrði, svo sem að kasta saur o. s. frv. Þetta er munnsöfnuður eins og í Eastend hjá kjaftakerlingum. Það eru leiðinlegir blettir á hv. 4. landsk., að þegar hann verður reiður, þá hættir hann að tala eins og mentaður maður.

Lögrjetta sagði einu sinni um mann, nákominn Birni Jónssyni, að það væru limdir stolnir bankaseðlar við bert bakið á honum. (JM: Það var ekki um Björn Jónsson, sem það var sagt). Það var um son hans. Og svo vill þessi hv. þm. (JM), sem einmitt var þá útgefandi Lögrjettu, fara að „docera“ mjer blaðamóral, og heldur því fram, að Lögrjetta hafi talað vægilega um Björn Jónsson. Því óviðurkvæmilegra er alt þetta ádeiluskraf um Tímann, þegar þess er gætt, hve hóflega þar er talað um menn og málefni, borið saman við það, sem tíðkaðist um blöð hjer á blómaárum Sjálfstæðis og Heimastjórnar, og blöð Íhaldsflokksins núverandi.

Ritstjóri Lögrjettu fór einu sinni að ámæla mjer fyrir, að Tíminn væri harðorður. Jeg bauð honum opinberlega að bera stíl Tímans saman við hans eigin ritháttt í Lögrjettu, en hann treystist ekki til að þola þann samjöfnuð. Og það var þessi maður, sem á sínum tíma varði garðinn fyrir Heimastjórn, m. a. á þeim tíma, þegar Björn Jónsson misti heilsuna í viðskiftum við þáverandi flokksbræður hv. 4. landsk.

Annars var það gott, að hv. þm. kom loksins að aðalatriðinu í þessu öllu saman, nefnilega því, hver ber ábyrgðina á fjárhagslega hruninu. Og í sambandi við það vil jeg geta þess, að það var engin þörf á að eyða þessum 600 þús., sem fóru við konungskomuna. Hver maður veit nú, að það var bruðl og bjánaskapur. Allur blærinn á þeim tildursveislum var hinn sami og á vinafagnaði ómentaðra snápa (snobs). Það var vitlaus eyðsla, yfirborðsfálm, en ekki hin hlýja, gamla, einfalda, íslenska gestrisni.

Svo segir hv. 4. landsk. að síðustu: Gerir það nokkuð til, hverjum það er að kenna, að sú neyð ríkir í landi, sem raun er á. Í hans augum gerir það máske ekkert til, þó að þjóðin verði að hætta við sum sín elstu og helstu menningarverk, eins og að prenta Alþingistíðindin, sem alt af hafa verið gefin út frá 1845 — alla tíð Jóns sál. forseta og baráttuárin frá 1874—1904. Jeg verð

að álíta, að því meira sem neyðin kreppir að, því harðar verði að ganga að þeim, sem hafa leitt þetta ólán yfir þjóðina. Þeir, sem hruninu valda, verða að standa fyrir reikningsskilum. Við vitum vel, hverjir tóku enska lánið, það svívirðilegasta lán, sem tekið hefir verið og komandi kynslóðir munu stynja undir.

Sparnaðurinn er heldur ekki alt af jafn hjá þessum hv. þm. (JM). Það var hann — sá sem nú tímir ekki að prenta Þingtíðindin — sem rjeð bankastjóra með 40 þús. kr. launum á ári. Hver lagði frv. um stofnun hæstarjettar fram? Sami hv. þm. (JM), sem nú vill rífa það niður, af því Framsóknarflokkurinn er búinn að sanna, hver missmíði eru á rjettinum. Hann (JM) hefir altaf verið potturinn og pannan í því að koma upp þeim dýru embættum, sem nú ætla að sliga þjóðina. Og nú kemur hv. þm. (JM) með þennan lúsasparnað, með Þingtíðindin, ekki til að spara, nei, til að reyna að hylja framferði sitt í þinginu. Vill með því kefla þing og þjóð, svo að hún viti minna um eyðslu hans á almennafje.

Flm. (Jón Magnússon): Jeg geri ráð fyrir, að hv. 5. landsk. þm. (JJ) geti litið dæmt um minni mitt eða minnisleysi, en það ætla jeg að standa við, að það, sem fram kom í baráttunni milli Sjálfstæðis- og Heimastjórnarmanna, hafi verið ólíkt drengilegra en sú gerist af hálfu Tímans.

Háttv. þm. (JJ) er, eins og vanalega, altaf að bendla mig við ýms blöð, en hann veit ósköp vel, að jeg var ekkert riðinn við Lögrjettu á þeim tíma, sem hann nefndi. Því eins og jeg hefi áður sagt, þá slepti jeg öllum afskiftum af blaðamensku, er jeg varð bæjarfógeti í Reykjavík, áleit rjett að bendla mig ekkert við þau þá. Jeg veit svo sem, að háttv. þm. trúir ekki þessu; þeir, sem eru ósannsöglir sjálfir, halda altaf, að aðrir segi ósatt. En ekkert átti jeg í Lögrjettu frá 1. jan. 1909. Jeg man ekki, hvort hv. þm. „citeraði" rjett það, sem hann hafði eftir ritsjóra Lögrjettu um Björn Jónsson. En þann vitnisburð hygg jeg að sá ritstjóri (Þ. G.) fái hjá þjóðinni, að hann komi ekki ósæmilega fram í blaðamálum. Getur varla óhlutdrægari ritstjóra, enda hefir sumum fundist hann jafnvel of sanngjarn við mótstöðumennina. Enda hygg jeg, að hann standi jafnrjettur fyrir svigurmælum hv. þm. (JJ).

Jeg sagði, að skrif hv. þm. (JJ) um Einar Arnórsson hefðu verið ógeðsleg. Minnist jeg þess ekki, að leitað hafi verið að skemdarsögum um þm. frá æsku- eða stúdentsárum þeirra, fyr en í þeirri sögu.

Annars var það, sem hv. þm. (JJ) sagði, svo ómerkilegt, að jeg get varla svarað því orði til orðs. En vel get jeg talað um Björn heitinn Jónsson og get vel dæmt um hann, því jeg átti daglega samvinnu við hann allan þann tíma, sem stjórnmálabaráttan stóð sem hæst. Var hann ekki altaf sanngjarn við mótstöðumenn sína og skýrði oft rangt frá málum þeirra, en það er jeg viss um, að hann sagði aldrei annað en það, sem hann trúði sjálfur. Er það meira en hægt er að segja um hv. þm. (JJ).

Ekki er það rjett, að jeg hafi stolið hæstarjettarfrv. frá hv. þm. (JJ), heldur kom það fram hjá sparnaðarmönnum 1922, þó með öðru móti, því að þá var hæstarjetti blandað saman við lagadeildina. Það hefi jeg forðast.

Háttv. þm. var enn að stagast á Austanfara og að jeg hafi lagt í hann, sem jeg hefi hvað eftir annað borið á móti.

En háttv. þm. trúir því ekki, að neinn geti verið svo heiðarlegur, að hann segi altaf satt, hann skilur ekki í því, að nokkur vilji ekki vinna til að segja ósatt jafnvel í smámáli. Er það skapgalli hv. þm. En hann veit, að jeg átti ekkert í blaðinu og var ekki vitundarögn við það riðinn. Enda gat jeg það ómögulega, því ritstjóri þess blaðs hafði áður farið þeim orðum um mig, að jeg hefði hlotið að skoða það skerðing á virðingu minni, ef jeg hefði nokkuð við hann átt.

Að Heimastjórnarmenn hafi ekki altaf talað vel um Björn Jónsson er að vísu rjett; hrukku auðvitað ýms orð á báða vegu, og kipti enginn sjer upp við. Það snertir mig ekki heldur, hvað háttv. þm. segir um mig — jeg sakna þess meira að segja, þegar jeg er ekki skammaður í Tímanum. En að það hafi verið Heimastjórnarmönnum að kenna, að Björn Jónsson misti heilsuna, hefi jeg aldrei heyrt fyr. En það skapast nú svo margt í heila háttv. þm., sem engum hefir dottið í hug. Auðvitað bilaði heilsa Björns Jónssonar af því, að hann hafði unnið svo ákaft og ákaflega — það er það einfalda í því efni. Um ofsóknir ætla jeg ekki að tala, hygg jeg að þær hafi verið svipaðar á báða bóga og flestum fundist sem Björn Jónsson hafi getað svarað fyrir sig.

Hv. þm. (JJ) var enn að tala um þessa 600 000 kr. eyðslu. Jeg hirði ekki um að taka upp það, sem jeg hefi um hana sagt. Háttv. þm. má tyggja upp ósannindin, en þau verða ekkert sannari fyrir það, en hann trúir nú svo mikið á endurtekningarnar. Fylgir þeim að vísu stundum kraftur, en oft geta þær slegið sinn eigin herra.

Háttv. þm. sagði, að jeg hefði mælt, að það gerði ekkert til, hverjir kæmu eyðslunni á og ástandinu. Það gerir til, þegar verið er að leggja dóm á það, sem skeð hefir, en ekki, þegar verið er að ræða um, hvernig eigi að ráða bót á því vandræði, sem er. Jeg veit ekki, hvort háttv. þm. skilur það — allir aðrir gera það. En skynsemi háttv. þm. er svo götótt, hann er svo óskýr á mörgum sviðum, að hann kann ekki að greina á milli hlutanna. En það er þó fyrsti prófsteinn á mentun manns að kunna að greina sundur óskild efni. En það heyrist í öllum ræðum hv. þm. (JJ), að hann er ekki fær um það. Er það ilt um kennara, en jeg heyri svo sagt, að þeir hæfileikar slitni ekki mikið, því þeir sjeu lítið notaðir. (JJ: Meira en gríska dósentsins.) Rjett svo.

Hv. þm. (JJ) var að veifa 600 000 kr. eyðslunni, en jeg gæti mint hann á 800 000 kr. eða 600 000, sem hann í fyrra vildi kasta til aukagjalda á hverju ári. Nei, það þýðir ekki fyrir háttv. þm. að tala svona meðal hv. þm. Þeir meta allir orð hans að verðleikum, og er jeg fullviss um, að flokksmenn hans kunna ekki síður en aðrir að virða þetta hjal.

Svo var hv. þm. (JJ) að tala um enska lánið. Jeg fer ekki mikið út í það mál, býst við að hæstv. forseti fari nú að þreytast á, að hv. þm. (JJ) dragi inn í hverja umræðu fjarskyld efni, fari úr einu í annað og um alla heima og geima. En ekki var enska lánið verra en það, að bankarnir tóku við því og notfærðu sjer. Og sjálf hæstv. stjórn hv. þm. (JJ) tók meira lán en fv. fjármálaráðherra hafði ætlast til.

Og ekki hefir enska lánið veikt meira lánstraust vort en það, að greiðlega mátti fá þar meira fje og á fleiri stöðum í vetur en á þurfti að halda. Ef eitthvað væri satt í því, sem háttv. þm.

segir um sparnað minn, ætti hann nú að gleðjast yfir, að jeg er farinn að sjá að mjer. En alt tal hans um eyðslu mína er ósatt. Jeg hefi aldrei sem ráðherra eða stjórnmálamaður verið ósparsamur. Er ekki tími til að fara út í það mál hjer, en kemur ef til vill síðar.

Svo kemur hv. þm. (JJ) enn með það, að jeg hafi ráðið bankastjóra fyrir 40 000 kr. Háttv. þm. veit, að jeg rjeð hann aðeins fyrir 20000 kr. fast, og er ánægjulegt að heyra, að í þessu efni bætir hann aðeins helming við. (JJ: En dýrtíðaruppbótin?) Það er undir bankaráðinu komið, hvert ár, hvort bankastjórinn fær meira en 20 000 kr. Þetta veit háttv. þm. Annars ætti hann ekki að tala um há laun, hann hefir sjálfur greitt atkvæði með, að laun þriggja bankastjóra væru hækkuð meir en nauðsynlegt var. Skal jeg ekki metast við hann um sparnað, en trúi ekki öðru en er til lengdar lætur muni jeg verða talinn meiri sparnaðarmaður en háttv. þm. (JJ).

Það er óskaplega leiðinlegt að þurfa að taka í svona ræður í hv. deild. En í þetta skifti hefi jeg þóst til neyddur að svara háttv. þm. móti vilja mínum. En lofa mun jeg því að reyna að láta vera að svara, þó að hv. þm. (JJ) fari aftur svona út fyrir málið. Er það ósæmilegt fyrir þessa hv. deild að standa í svona erjum, og hefir ekki komið fyrir, áður en hv. þm. (JJ) kom hingað.

Ingibjörg H. Bjarnason: Það er ekki í fyrsta skifti, sem hv. 5. landsk. (JJ) hefir reynt að komast í kallfæri við mig, en það hefir reynst árangurslítið og mun reynast. Jeg sagði hv. þm. (JJ) það á götu í vetur, að hversu miklu rúmi og svertu sem Tíminn eyddi í að manninskemma sig á mjer, myndi jeg ekki skattyrðast við hann. Háttv. þm. ljet sjer á ýmsa lund ant um mig og framkomu mína í þinginu í fyrra, og gerir það enn, enda gamall siður, að karlmenn sýni konum þann riddarahátt, sem þeir eru færastir um. En þegar hv. þm. (JJ) fer að blanda því inn í þessar umræður, hve fylgispök jeg sje hv. 4. landsk. þm. (JM), get jeg ekki varist andmæla.

Frá því að jeg kom til vits og ára hefi jeg altaf haft ráð á því að hafa mínar eigin skoðanir og eigi verið „kaupakona“ eða „kaupamaður“ annara manna í nokkru máli, og hvað sem Tíminn eða önnur blöð segja, er þetta öllum kunnugt.

Jeg hefi aldrei gengið í samvinnuskólann og hefi því hvorki skap nje kunnáttu til að þrefa og þrasa um hvað eina, þótt jeg hinsvegar hafi oft þurft að taka á stillingu minni til að geta setið undir vaðli hv. þm. (JJ).

Jónas Jónsson: Háttv. 4. landsk. þm. (JM) gleymdi að taka það fram í ummælum sínum um ritstjóra Lögrjettu, að nú hefir honum verið sagt upp, af því hann þykir ekki nógu deilugjarn við Framsóknarflokkinn. En meðan hv. 4. landsk. þm. var riðinn við blaðið, var það mjög ósanngjarnt, og var það ekki ritstjóranum að kenna, heldur eigendunum, sem eins og nú með Morgunblaðið þykir aldrei nóg af persónulegum árásum um andstæðingana. Dugir hv. þm. (JM) ekki að vera með neinn Pílatusarþvott í sambandi við Björn Jónsson. Hv. 4. landsk. þm. stóð altaf framarlega í flokki þeim, sem ofsótti hann.

Ekki þýðir háttv. þm. að vera að

draga inn seglin í eyðsluseminni og þykjast sparnaðarmaður. Það vita allir, að hann hefir staðið fyrir bruðlun þeirri, er fjárhagshruninu veldur. Fjárhagur landsins hefir komist í það hörmungarástand, sem nú ríkir, á árunum frá 1916—1922, þegar hv. 4. landsk. þm. var stjórnarformaður. 1919 voru með hans ráði sett launalög og embættum fjölgað stórkostlega. En svo kom enska lánið vegna braskaranna í kaupstöðunum, 600 þús. í veislur o. s. frv. Alt þetta eru hans góðu gerningar.

Misminni er það hjá háttv. þm., er hann kveður hæstarjettarfrv. sitt lánað frá sparnaðarnefndinni 1922. Hún lánaði það frá Tímanum, var þar fyrst skrifað um það mál nokkru áður, og gerði jeg það.

Háttv. þm. var að sverja fyrir öll blöð, en vitanlegt er, að hann er studdur af eitthvað 10 blöðum íhaldsflokksins, sem altaf hafa vopn á lofti fyrir hann, og má mikið vera, ef ekkert kemur á móti frá hans hálfu. Og altaf barðist Austanfari fyrir flokksmann hans, hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), fyrir utan það, sem ritstjórinn sagði um mig og aðra Framsóknarmenn til að gleðja „launföður" blaðsins.

Það eru gömul ósannindi, að brennivínsgróðinn sje 800 000 kr. Er þar altaf flaggað með eins árs tekjum, eins og þær voru áætlaðar það ár, sem gerð voru upptæk nokkur skip, sem smygluðu. Og alt annað virtist það vera að eyða þeim gróða til mentunar þjóðinni, vísinda og lista en í óþarfar veislur, einkum þegar þær eru aðeins þeim til leiðinda, sem þær eru haldnar fyrir. Annars væri gaman að fá skýrslu frá hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), sem er í fjárveitinganefnd og hefir væntanlega yfirlit um hag verslunarinnar, hve mikill gróðinn er. Skilst mjer, að síðastliðið ár hafi aðeins komið örlítið inn fyrir spönsku vínin.

Seinast vill háttv. þm. (JM), auk þess að skera niður þingtíðindin, neyða hæstv. forseta (HSteins) til að hindra mig frá umræðum, af því að jeg fari út fyrir málið. En hver hafi byrjað á því að fara út fyrir efnið, sjest greinilega á þingtíðindunum í fyrra, er fyrirspurn mín um utanfarir ráðherra kom fram. Tók þá hv. 4. landsk. hvern slaginn á fætur öðrum út um alla heima og geima.

Sannsögli hv. 4. landsk. sjest vel á hinum frægu Claessenslaunum. Hann kveðst hafa ákveðið sjálfur 20 þús., en bankaráðið hitt — en þar á hann sjálfur sæti og var formaður bankaráðsins og rjeði bæði launum sem ráðherra og uppbótum sem bankaráðsmaður. Sjálfur samdi hann og við þennan bankastjóra. Laun landsbankastjóranna eru ekki nema rúmur helmingur á við laun Claessens. Þótti mjer og öðrum þm. í fyrra leitt, að forstöðumenn þjóðbankans væru minna en hálfdrættingar á við trúnaðarmenn útlendu hluthafanna. Átti það sjerstaklega illa við, þar sem Landsbankinn hefir undir stjórn þessara manna verið hjálparhella þjóðarinnar um öll fjármál. En sama verður varla sagt um hlutabankann.

Hv. 6. landsk. (IHB) talar svo undarlegt mál, að það vekur eftirtekt hjer í deildinni. Ef til vill hefir hún reynt að komast í „kallfæri" við einhverja menn, fyr eða síðar, en jeg hefi aldrei reynt að komast í slíkt færi við þennan hv. þingmann. Annars má hún ekki kippa sjer upp við það, þótt hún þurfi að standa fyrir máli sínu, úr því hún ljet velja sig

til þings. Konur hafa nú jafnrjetti, og sú kona, sem gengur út í baráttu stjórnmálalífsins, hefir þar sömu skyldur og rjettindi eins og karlmenn, en engin sjerrjettindi. Atkvæði konu, sem er greitt til að hlynna að víndrykkjumóguleikum í landinu eða til að hindra aukna mentun kvenþjóðarinnar, er jafnþungt á metunum eins og atkvæði karlmannanna. Þessvegna standa allir þingmenn jafnt til reikningsskila fyrir dómi þjóðarinnar. Hv. 6. landsk. var kosin á sjerstökum flokkslista. Ýmsar konur gerðu sjer von um, að hún mundi bæta „tóninn" í þinginu, standa utan og ofan við flokkadeilur, væntanlega geta fylgt málefnum fremur en mönnum. En hver hefir orðið raunin á? Háttv. 6. landsk. hefir gleymt kynsystrum sínum og áhugamálum þeirra, en elt Íhaldsflokkinn, og þó einkum hv. 4. landsk. (JM) út á allar hans pólitísku villigötur.

En það má hv. 6. landsk. vita, að kunnugt mun þjóðinni um, hversu sjálfstæð sannfæring hennar er, því jeg hefi við margar atkvæðagreiðslur gert háttv. 6. landsk. þann grikk að biðja um nafnakall, svo sjást mætti, hversu leiðitöm hún er sessunaut sínum og forsjármanni í landsmálum, hv. 4. landsk.

Ingibjörg H. Bjarnason: Það er eins og fyrri daginn, að það er tæpast hægt að svara háttv. 5. landsk. (JJ). Það, sem hann sagði, voru ekki einungis fullyrðingar út í bláinn, heldur einnig persónulegar skammir, eins og vant er hjá honum. En hvað sem hann segir, mun jeg hvorki blikna nje blána fyrir framkomu mína hjer á Alþingi, þrátt fyrir það, þó að hv. þm. hafi róið undir því úti um land að fá fram ósannar sögur um starfsemi mína hjer. (**JJ:** Þetta er lýgi!) (**Forseti (HSteins)** hringir: Þetta er ekki þinglegt orð.) Jeg þekki ekki þetta orð. Eins og t. d., er hann síðast liðið vor fjekk því til leiðar komið á fundi norðlenskra kvenna, að kona ein, utan fjelagsins, fjekk komið inn á dagskrá máli, sem ekkert kom fundinum við. (**JJ:** Tóm ósannindi.) Þetta er sannanlegt, og mun jeg standa við það.

Hafi hv. 5. landsk. (JJ) ekki ástæðu til að blikna fyrir framkomu sína hjer á Alþingi, þá hefi jeg það ekki.

Flm. (Jón Magnússon): Jeg hefi tæplega löngun til að karpa meira um þetta mál nú. En vil taka það fram, að það er upplýst, að það eru ósannindi, sem stóð í Tímanum, að föst laun Claessens bankastjóra væru 40 þús. krónur. Eru þau ekki nema 20 þús. En það skaðar ríkissjóð ekkert, hve há sem þau eru, því að þau eru greidd af bankanum, en ekki landsfje, eins og laun bankastjóra Landsbankans.

Hvað snertir gróðann af áfengissölunni, þá tók jeg það fram, að hann hefði verið áætlaður 800 eða 600 þús. kr. Það er því sama upphæð, sem háttv. þm. vildi kasta út árlega til útgjalda, er ekki voru óhjákvæmileg, eins og hann er altaf að liggja mjer á hálsi fyrir að hafa eytt, í eitt skifti fyrir öll, við konungskomuna síðustu.

Annars hefi jeg ekki skap til að deila við þennan háttv. þm., en mjer finst oft mega segja um hann:

„Fátt hann getur gert vel,
gengur þó með spert stjel."

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 : 4 atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 17. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 82, n. 110 og 138).

Frsm. meirihl. (Eggert Pálsson): Hvorugt nál., meiri- eða minnihlutans, um mál þetta er langt. Umr. við 1. umr. voru langar mjög, og munu þar hafa verið tekin fram flestöll rök beggja málsparta. Það er því frá sjónarmiði mínu ekki ástæða til langrar framsögu, nje heldur þörf á löngum nál.

Eins og tekið er fram í greinargerð sjálfs frv., þá var það sparnaður, sem vakti fyrir flm. þess. Þeir álíta ekki nema gott og eðlilegt að prenta Þingtíðindin, þegar ekki eru sjerstakar ástæður til sparnaðar, en álíta hinsvegar, að ekki sje nema rjett og sjálfsagt á þessum erfiðu tímum, þegar alt verður að spara, sem hægt er, að þá sjeu feld niður þau útgjöld, sem hægt er að komast hjá. Og prentun Þingtíðindanna var og er eitt af því, sem vjer flm. frv. álítum, að hægt væri að vera án. Eins og mönnum er kunnugt, er prentunarkostnaðurinn mjög mikill, og lítum vjer flm. svo á, að með því að fella niður prentunina mundi sparast um 20 þús. krónur eða vel það, og er það alls ekki svo lítið fje. Það er upplýst í málinu, að Alþingistíðindin eru keypt af rúmum 100 mönnum, og bendir það óneitanlega ekki til þess, að menn sjeu mjög fíknir í að lesa þau. Alþingistíðindin eru að vísu mun dýrari nú en áður, eins og aðrar bækur, líklega um 10 kr. En áður en dýrtíðin byrjaði voru þau mjög ódýr, eða 3 kr., en þá voru þau ekki keypt meira en nú. Það er vitanlegt, að hreppstjórar og oddvitar fá 1 eintak hver, og eru þau eintök yfirleitt, að jeg held, lítið notuð. Virðist því eftir öllum atvikum ekki nema rjett og sjálfsagt, þar sem svo þröngt er í búi hjá oss, að sparnaðurinn komi einnig fram í þessu efni. Og því fremur sem ekki er hægt að segja, að nokkur bíði verulegt tjón við þann sparnað. Ef svo fer — sem vonandi er — að úr greiðist örðugleikunum, þá má altaf taka prentunina upp aftur, ef svo sýnist. Annars er óþarfi að eyða að þessu mörgum orðum nú. Það hefir hver fyrir sig myndað sjer sína skoðun á málinu og atkv. manna sýna það. Jeg býst því ekki við, að fleiri eiginleg rök komi fram í þessu máli en þegar hefir verið bent á, þótt deilunum um það verði haldið lengur áfram.

Frsm. minnihl. (Jónas Jónsson): Við 1. umr. þessa máls stóð nokkur deila um það, hverjar ástæður hefðu legið til þess, að mál þetta kom fyrst fram á þingi 1909. Vil jeg leyfa mjer að koma hjer fram með nokkrar skýringar á því atriði, sem mjer voru eigi kunnar þá, en jeg nú hefi aflað mjer.

Eins og hv. deild er kunnugt, var það Björn heitinn Jónsson, sem flutti málið á þingi 1909. Jeg sagði við 1. umr., að því hefði að nokkru valdið prentsmiðjustyrjöld. Var þessu mótmælt af einum háttv. þm. Skal jeg því leyfa mjer að gera nánari grein fyrir fullyrðing minni. Frá 1885 til 1903 hafði Ísafoldarprentsmiðja haft á hendi prentun Alþingistíðindanna, ef ekki að öllu leyti, þá að miklum hluta. 1905 og 1907, á þeim árum, er Heimastjórnin ríkti hjer á landi, var Ísafoldarprentsmiðja svift þessari atvinnu við prentun tíðindanna, en Gutenberg fengin hún í hendur. Þegar nú flm. málsins 1909 var eigandi þess fyrirtækis, sem þannig var svift þessari atvinnu, þá er eigi óskiljanleg óánægja

hans, nje það, að einmitt hann verði til þess að flytja fram þetta mál.

Viðvíkjandi ræðu hv. 1. þm. Rang. (EP) skal jeg leyfa mjer að færa fram mótsögn, sem verður æðiþung á metunum í máli þessu, sem sje skoðun háttv. 4. landsk. (JM) á því 1909, en hann var þá, sem kunnugt er, þm. Vestmannaeyja. Háttv. þm. var þá mjög eindregið á móti því að fella niður prentunina; og þó að jeg sje ekki altaf sammála þessum hv. þm., þá er jeg í öllum atriðum samþykkur skoðun hans um mál þetta 1909. Vona jeg, að hæstv. forseti leyfi mjer að lesa upp fáeinar línur úr ræðu hv. þm. (JM) um þetta mál 1909, sem er svar við ræðu Björns Jónssonar. Talsmaður minn segir meðal annars:

„Það er að vísu lofsvert og fagurt að spara landsfje, en slíkur sparnaður og hjer ræðir um er ekki rjettmætur."

Litlu síðar undirstrikar hann þá miklu þýðingu, sem þingtíðindin hafi fyrir sögu landsins. Um það kemst hann svo að orði:

„Fyrir sögu landsins hefir það mikla þýðing, að umræðurnar á Alþingi sjeu prentaðar; því verður alls eigi neitað, vjer værum nú miklum mun ófróðari um sögu landsins síðan um 1850, ef við hefðum ekki Alþt. Fyrir hvern þann, er rannsaka vill sögu landsins eftir þann tíma, eru þingtíðindin, ekki síst umræðuparturinn, óþrjótandi auðsuppspretta. Það má máske segja, að fyrir sagnfræðingana nægi, að umræðurnar sjeu skrifaðar og geymist í handriti, en fyrst er nú það, að slíkt handrit er ekki svo vel aðgengilegt fyrir marga, og svo er hitt, að þá sparaðist ekki borgunin til ritaranna. Og að segja það, að blöðin gætu flutt tíðindin af þinginu, það er ekki til neins, því að það er vitanlegt, að blöð vor eru eigi fær um, enn sem komið er, að flytja nema mjög ófullkomnar frjettir af þingi, svo að segja með höppum og glöppum."

Og hvað lögfræðingana snertir, þá segir ræðumaður ennfremur:

„Við skýringar þeirra laga, er frá þinginu koma, er það mjög mikilsvarðandi að hafa þingtíðindin, ekki síður oft og einatt umræðurnar en skjölin; það vita allir þeir, er nokkuð hafa þurft að eiga við lögskýringar."

Ennfremur segir hv. ræðumaður:

„Jeg tel það afturför, ef hætt yrði að prenta Alþt., þótt ekki væri nema fyrir þá sök, að þau eru mörgum til fróðleiks og skemtunar. — — —"

Og enn bætir ræðumaður við:

„Þjóðin á rjett á að sjá, hvað hjer gerist, enda þótt fáir lesi mikið af því."

Þetta eru aðalatriðin í ræðu háttv. 4. landsk. (JM), þá þm. Vestm. Þó vil jeg leyfa mjer að lesa upp ennþá einn kafla úr ræðu hans, þar sem hann kemst svo að orði:

„Á hinn bóginn virðast menn hafa lagt ótrúlega mikið kapp á þetta; það hafa verið gerð afbrigði frá þingsköpunum til þess að koma þessu máli á dagskrá í dag. Mætti ætla, að hjer lægi eitthvað það á bak við — ef til vill — er ekki er gert opinskátt."

Nú urðu miklar umræður um þetta mál, og til þess að sanna, að jeg hafi eigi á röngu að standa, ef jeg segi, að á bak við málið hafi legið prentsmiðjustyrjöld, þá skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp lítið eitt úr ræðu Björns Jónssonar. Hann segir í svarræðu sinni til þm. Vestm. þáverandi (JM):

„Að öðru leyti vil jeg vísa frá mjer þeim aðdróttunum háttv. þm. Vestm.

(JM), að hjer liggi eitthvað á bak við annað en málið sjálft.“

Og síðar, í annari ræðu, segir sami ræðumaður:

„Háttv. 1. þm. Rvk. (Jón Þorkelsson) beindi þeirri spurningu til háttv. forseta, hvort búið væri að lofa annari prentsmiðju prentun á umræðuparti Þingtíðindanna. Mjer kemur ekki við að svara því; en jeg leyfi mjer að mótmæla því, að það sje gert, án þess að spyrja aðrar prentsmiðjur um það, hvort þær fáist til að gera verkið fyrir minna verð. Á síðasta þingi var prentunin falin einni prentsmiðju, án þess að aðrar fengju tækifæri til þess að bjóða í hana. Jeg þykist vita, að það hafi verið gert, ekki af því að þingforsetarnir þá hafi verið hluthafar í þeirri prentsmiðju, svo sem jeg hefi heyrt fullyrt, en sel ekki dýrara en eg keypti.“

Kemur í þessum orðum ræðumanns skýrt fram, hvernig á því stóð, að máli þessu var hreyft þá á þinginu.

Þá segir þáverandi þm. Vestm. (JM) í einni ræðu sinni um þetta sama mál þessi hárrjettu og eftirtektarverðu orð:

„Fyrir mjer er það mikilsvert, að það, sem gerist hjer á Alþingi, verði alþjóð kunnugt. Mjer finst það undarlegt, ef hjer á að ríkja þingræði og þjóðræði, að gera kjósendum ómögulegt að kynna sjer framkomu þingmanna sinna á Alþingi. Því er heldur ekki hægt að neita, að margur hefir fengið mikinn „pólitiskan“ fróðleik úr Alþingistíðindunum, og við gerum alt of lítið úr þm., ef það er alt einskisvert, sem þeir segja. Hjer á Alþingi eru þó saman komnir alla jafna þeir menn, er eigi eru sístir meðal þjóðarinnar, og oft hafa þar verið bestu menn hennar.“

Þá kemur enn pukursmálið inn í umræðurnar í ræðu Jóns Ólafssonar. Hann segir meðal annars:

„Jeg er samþykkur háttv. flutnm. um það, að óviðurkvæmilegt sje að laumast til að prenta Þingtíðindin í kyrþey, án þess að öðrum prentsmiðjum sje gefinn kostur á að bjóða í prentunina. En því kynlegra er, ef satt er, að hv. þm. Barð. (B. J.) skuli sjálfur hafa laumast til í kyrþey að taka undir sig prentun skjalapartsins. Annars vil jeg ekki fara nánara út í þetta atvinnuspursmál, því að það er, eins og jeg tók fram áðan, málinu alveg óviðkomandi.“

Þarna kemur enn skýrar fram en áður, hvernig á máli þessu stóð 1909. — Og að lokum segir þáverandi þm. Seyðf. (JóhJóh), sá hinn sami hv. þm., er nú situr í þessari hv. deild fyrir sama kjördæmi:

„Hinsvegar hefir hann sjálfur (þ. e. B. J.) í dag komið fram með aðdróttun um það, að forsetar síðasta þings hefðu einmitt í þessum efnum misbeitt valdi sínu, og úr annari átt er gefið í skyn, að jafnvel einnig núverandi forsetar hafi eigi farið sem best með þetta vald sitt. Þetta gerir mig, sem fylgdi frumv. við 1. umr., nokkuð hikandi í máli þessu, því jeg vil ekki auka vald forsetanna til þess, að enn meiri misbeiting geti átt sjer stað.“

Jeg vil ennþá einu sinni undirstrika það, að 1909 hefir hv. núverandi aðalflm. frv. fært fram allar þær ástæður, sem fyrir því eru, að sjálfsagt er á öllum tímum að prenta Alþingistíðindin. Endirinn varð sá á málinu 1909, að það náði ekki fram að ganga, og jeg þykist vita, að svo fari einnig nú. Jeg býst við, að hv. flm. sje svo minnugur á fyrri rök sín í máli þessu, og að hann

gangi eigi á móti þeim nú, sjerstaklega þar sem rök hans nú eru mjög veigalítil. Jeg skal benda á það, að eina skynsamlega ástæða hv. flm. fyrir því að vera á móti prentun Alþt. væri sú, að honum fyndist Alþt. ekki auka veg sinn í augum þjóðarinnar. Það er ekki nema eðlilegt, að þeim, sem skifta algerlega um skoðun í hinum helstu þjóðmálum, þyki það leiðinlegt og óþægilegt, að slíkt skuli vera prentað og hægt er að sanna með upplestri, eins og jeg nú hefi gert, algerð skoðanaskifti þeirra.

Hv. 6. landsk. (IHB) vjek að einu atriði í ræðu sinni, er stendur í nánu sambandi við prentun Alþt. Hv. þm. hafði sem sje orðið fyrir vantrausti norðlenskra kvenna út af afskiftum sínum af máli einu hjer á þingi í fyrra. Kemur þetta vantraust til af því, að landslýður vissi, vegna Alþt., hvað hjer gerðist á þinginu. Og þegar það frjettist, að hv. þm. hafði lagst á móti húsmæðraskólamálinu, þá þótti kvenþjóðinni það svo óskynsamlegt, að hún gaf hv. þm. þetta vantraust.

Fyrir þá þingmenn, sem komast í mótsögn við sjálfa sig, er það óneitanlega þægilegt, að Þingt. sjeu eigi prentuð. Vona jeg, að þó að frv. verði samþ. hér í þessari hv. deild, þá verði það felt með miklum meirihl. í hv. Nd. Málið er í eðli sínu hið sama og 1909, og það var rækilega tekið fram þá af þáverandi þm. Vestm. (JM), núverandi hv. 4. landsk., að sparnaðurinn við að fella niður þrentunina verður aldrei svo mikill, að óhagnaðurinn við það vegi eigi upp á móti honum. Og lítið finst mjer samræmi í því, að sömu menn, sem fyrir fáum dögum feldu frá nefnd frv., er gekk í þá átt að sameina tvö embætti, menn, sem hafa svæft í nefnd till. um að skipa sparnaðarnefnd, — að þeir sömu menn skuli nú standa sem einn maður að þessu frv. Bæði frammistaða hv. flm. í sparnaðarmálunum og rök hv. 4. landsk. (JM) 1909, sem enn þá eru í gildi, sanna það, að það á að halda áfram að prenta Alþt.

Jón Magnússon: Jeg get ekki neitað því, að mjer þótti mjög gaman að hlusta á ágæta ræðu eftir mig 1909, og tek jeg mjer til inntekta lofsamleg ummæli hv. 5. landsk. um mig. En eigi þurfti hv. þm. að flytja þetta erindi vegna þess, að jeg sagði honum þegar við 1. umr. málsins, að jeg hefði verið á móti því 1909 og sömuleiðis í Nd. fyrir nokkrum árum. Við hv. þm. Dala. (BJ) áttum tal um þetta mál þá, og vorum við hvor á sinni skoðun um það. Jeg hefi átt tal um þetta mál við sögufróðan mann, og hefir hann sagt mjer, að Alþt. sjeu á seinni árum miklu minna virði fyrir sögulegar rannsóknir en áður. Enda er það skiljanlegt, þar sem blöðin eru eigi sambærileg nú og áður, þar sem þá þektust eigi dagblöð, en nú eru þau 3 hjer í bænum. Annars held jeg, að það hafi oltið á ýmsu hjá þingmönnum í máli þessu frá því fyrsta, og eigi hvað síst hjá þingmönnum Framsóknarflokksins. Annars þýðir ekki að vera að deila um þetta mál. Jeg býst við, að niðurstaðan breytist lítið fyrir það. Hvað það snertir, að jeg var fyrst á móti þessu máli, þá er það rjett, en er jeg fór að hugsa meira um það, þá sannfærðist jeg um, að hjer væri um útgjaldalið að ræða, sem mætti spara, ef þörf gerðist. Jeg veit það, að hv. þm. hefir sagt það í spaugi, að þeir, sem bæru þetta frv. fram, gerðu það af því þeir væru hræddir við að láta þjóðina sjá athafnir

sinar á þingi. Jeg býst við, að um slíkt sje ekki að ræða, hvorki hjá hv. 5. landsk., nje 4. landsk.; býst við, að þeir þykist báðir góðir fyrir sinn hatt.

Jeg skal svo eigi orðlengja þetta. Jeg hefi að eins fært fram þau rök, að hjer sje um sparnað að ræða, og það tel jeg aðalatriðið. Hitt verða menn sjálfir að meta, hvort svo mikils sje í mist við þetta, að eigi sje vert að samþykkja frv. Er það hið sama og um hæstarjett. Hæstv. forsrh. (SE) segir, að við það frv. missist mikið, en hv. 5. landsk. (JJ) segir, að lítið missist. Eins og jeg hefi áður tekið fram, álít jeg þýðingarlaust að deila um þetta, enda býst jeg við, að langar ræður hafi engin áhrif á mat manna á máli þessu.

Forsætisráðherra (SE): Jeg hefi áður lýst afstöðu minni til þessa máls. Jeg vildi aðeins taka það fram, að það er eigi alt af nóg að spara, heldur verður einnig að athuga, hvort sparnaðurinn borgar sig. Jeg álít rangt að loka þinginu fyrir þjóðinni. Jeg mundi hlýða óánægður á það, að mörg atkvæði yrðu greidd þessu máli hjer í hv. deild, ef jeg eigi vissi, að það strandar í hv. Nd. Skoða jeg það sem sjúkdóm á hv. Ed., að mál þetta skuli hafa fengið hjer svo góðan byr, en jeg veit, að heilbrigð skynsemi hv. Nd. mun taka í taumana. Og hvað sparnaðinum viðvíkur, þá kosta óþarfa umræður, eins og hjer hafa átt sjer stað um þetta mál, miklu meira fje.

Sigurður Jónsson: Háttv. 4. landsk. kveðst hafa talað við mann á Suðurlandi, sem fengið hafi Þingtíðindin, og hafi sá hinn sami verið beðinn um þau að láni að eins einu sinni á 20 árum. Jeg veit ekki, hvað háttv. þm. hefir viljað sanna með þessu. Jeg hefi haft Þingtíðindin undir höndum í yfir 30 ár, og hefir eftirspurnin eftir þeim verið mjög mikil og þau mikið lesin.

Talað hefir verið um skrifuð eintök fyrir þingið sjerstaklega, og býst jeg ekki við, að þau verði kostnaðarlaus, og varla mun almenningur fá aðgang að þeim. Háttv. frsm. gat um, að Þingtíðindin væru lítið keypt. Má vera. En taka verður tillit til þess, hve mörg eintök eru send út og lesin á þann hátt. Og fyrst og fremst lesa þeir þau, sem mestan áhuga hafa á stjórnmálunum og mest áhrif hafa í þeim málum innan síns kjördæmis.

Talað er um, að sparnaðurinn, sem yrði með því að fella niður prentun umræðupartsins, sje nálægt 20 þús. kr. Þetta er mjög óviss upphæð. Á síðasta þingi, þegar mál þetta var þar til umræðu, var talað um, að þetta næmi um 15 þús. kr. Finst mjer, að nánari greinargerð hefði þurft að fylgja frv. Þótt jeg vilji fylgja þeim að málum, sem vilja spara, þá finst mjer, eins og nú horfir við, að þessi sparnaður sje ekki þess virði, sem hann yrði keyptur fyrir.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg ætla ekki að verða langorð að þessu sinni. Jeg var ein af átta, sem frv. þetta flutti. Hefir háttv. 5. landsk. (JJ) beint því til mín, að jeg myndi vera meðal þeirra, sem kæmi betur, að Þingtíðindin væru ekki prentuð. Hann vitnaði, máli sínu til stuðnings, til ummæla í ársriti norðlenskra kvenna (Hlín), þar sem lýst sje yfir óánægju yfir framkomu fulltrúa kvenna á þingi 1923, sökum þess, að hann hafi verið því mótfallinn, að Staðarfellsskólanum yrði komið á fót þá þegar. Vitanlega án alls undirbúnings! En hvað gerir það svo sem til? Og enn-

fremur vegna þess, að kvenfulltrúinn hafi greitt atkv. með undanþágunni frá bannlögunum. Þetta eru nú syndir mínar í þessu falli. En þótt mjer sje borið þetta á brýn, get jeg tekið því með stillingu. Og vil jeg taka það fram, að þótt jeg ætti kost á að greiða atkv. á ný um þessi mál, þá mundi jeg gera það á sama veg og áður.

Síðastliðið sumar, á landsfundi kvenna hjer í Reykjavík, hafði jeg tækifæri til þess að skýra frá afstöðu minni í Staðarfellsskólamálinu og framkomu minni í því á þingi. Rakti jeg þar á fjölmennum fundi í Bárubúð allan gang þessa máls, og virtist fundarkonum það þá fyllilega ljóst, að ekki var hægt að hrapa að jafnmikilsverðu máli undirbúningslaust.

Síðan hefir ekkert gerst í þessu máli. Viðvíkjandi atkvgr. um undanþáguna frá bannlögunum vil jeg geta þess, að jeg varð þá, eins og svo margir góðir og gildir bannmenn í þinginu, að beygja mig fyrir nauðsyninni. Fann enga hvöt hjá mjer til þess að skerast úr leik eingöngu í því augnamiði að látast. Í Nd. greiddi aðeins einn maður atkv. á móti undanþágunni og í Ed. ekki heldur nema einn. Fann jeg eigi, að vegur minn myndi á neinn hátt vaxa, þótt jeg hefði greitt atkv. öðruvísi en jeg gerði. — Álít jeg, að ásökununum í minn garð sje þar með svarað.

Guðmundur Ólafsson: Manni verður oft á að taka til máls, þegar margir tala.

Þar eð meira en helmingur þessarar háttv. deildar er flytjandi þessa frv., er auðsætt, að örlög þess eru fyrirfram ákveðin. Var því óþarfi að eyða öðrum tíma í það en til nefndarstarfa og atkvgr. Mig undrar, að flm. frv. skuli eigi sjá, að því lengri sem umræðurnar verða, því betur kemur í ljós, hve frv. þetta er fráleitt, og því stærri og dýrari verða þingtíðindin. Vita allir, að langar umr. eru og síst fallnar til þess að skýra málin vel, og hefir fyrir löngu verið sagt um þetta mál alt, sem sagt verður um það, og reyndar talsvert meira.

Háttv. frsm. sagði, að ekki væru keypt nema, að mig minnir, um 100 eint. af þingtíðindunum; síðar sagði hann, að þau væru um 150. (**JM:** Ekki nærri hundrað.) (**EP:** Nú seinast voru keypt 115 eint.) Má vel vera, að fá eintök sjeu keypt, en 2 eint. eru send í hvern hrepp. Þar, sem jeg er kunnugur, eru eintök hreppstjóra og oddvita alveg útslitin af útlánum. Háttv. frsm. vildi spara með þessu, a. m. k. um tíma. Með því að segja þetta, viðurkennir hann nauðsynina á þingtíðindunum. Jeg þyki ekki þingmanna ósparsamastur, en jeg get ekki talið mjer það til gildis, að jeg hafi nokkurntíma viljað spara prentun þingtíðindanna. Jeg get ekki sagt sem háttv. 4. landsk., er hann taldi sjer til tekna, að hann væri nú orðinn sjálfum sjer ósamkvæmur, og hefði skoðun þverófuga við þá, er hann hafði 1909. Vitaskuld er langur tími liðinn síðan, og margir þm. hafa nú breytt skoðun á skemri tíma. Jeg gæti best búist við því, að meirihluti þessara háttv. flm. þessa frv. komi áður en þessu þingi lýkur með frv. um að stofna nýtt, feitt embætti, sem æti upp meira en helming þess, er hjer á að sparast. Man jeg eftir því, að slíkt hefir komið fyrir áður, og verið borið fram af þessum sama flokki og drifið af með miklu ofurkappi og afbrigðum frá þingsköpum í þinglokin.

Frsm. minnihl. (Jónas Jónsson): Jeg er sammála háttv. 4. landsk. (JM), um að ræðan hans frá 1909 var ágæt, og miklu betri en margar ræður hans á þingi í vetur. Hann hafði því fullkomna ástæðu til þess að telja sjer ræðuna til tekna. En tekjur hans hefðu orðið ennþá meiri, ef hann hefði haldið við þá sannfæringu, sem hann hafði þá, og aldrei snúist í málinu. Jeg held, að enginn maður hafi nokkurn tíma reynt að tæma allar röksemdir þessa máls, bæði með og móti, eins og háttv. 4. landsk. (JM) hefir reynt á þingi 1909 og nú. Háttv. flm. hjelt því fram, að nú yrði að spara fyrir hvern mun. En hví hleypur eigi sparnaðarnefndin af stokkunum? Hví ýtir ekki sparnaðarmaðurinn undir flokksbræður sína, háttv. þm. Seyðisf. (JóhJóh), svo að hann láti sparnaðarnefndina koma úr umbúðunum? Háttv. flm. þessa frv. eru í rauninni engir sparnaðarmenn. Verður því varla fundin önnur ástæða líklegri fyrir því, að þeir bera fram frv., en sú, að þeim komi illa, að almenningur fái vitneskju um, hvað þeir aðhafast á þingi og segja. Þessir menn knúðu fram stofnun embættist við bankaeftirlit í fyrra, með háum launum, en ósýnilegu verkefni. Svona var sparnaðurinn þá, og svona er hann enn.

Gremja háttv. 6. landsk. (IHB) yfir þessum atburði, sem jeg mintist á, verður ekki skilin öðruvísi en svo, að háttv. þm. þyki fyrir, að kjósendur hans hafa vitað svo vel um framkomu hans alla á þingi. Samhengið verður þá ofurskiljanlegt og eðlilegt, að kjósendur hafi breytt skoðun á háttv. þm., er þeir fengu frjettir af þinginu. Og ef jeg man rjett, er ritstj. tímaritsins, sem jeg gat um, kona, sem einnig var á landkjörslista kvenna og bar þann lista fram til sigurs. Aðstaðan er jafnan erfið, og óþægilegt fyrir þann, sem snúist hefir frá góðum málstað til verri málstaðar. **(IHB:** Jeg hefi ágætan málstað). En kunnugleiki kjósenda af þingmálum mun hafa valdið framkomu vantraustsins.

Háttv. 6. landsk. (IHB) kom því upp við 1. umr., að eitthvert samband mundi vera milli vantraustsins og umræðuparts þingtíðindanna. En þau ráð vil jeg gefa háttv. 6. landsk. (IHB) og bræðrum hans, að vera eigi svo hörundssárir, en sætta sig við það, þótt þingið sje opið og dæmd verði frammistaða þeirra. Þingmenn geta, ef verkast vill, fengið vantraustsyfirlýsingu, rjett eins og ráðherrar, og verður þá að eiga það á hættu.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg er yfirleitt mjög á móti því að nota um of mælgi á þingi. Jeg er ein af átta, sem fer fram á þann sparnað, sem verður, ef umræðupartur þingtíðindanna er ekki prentaður. Annars vil jeg leiðrjetta þann leiða misskilning hv. 5. landsk. (JJ), að það er sitthvað að láta í ljósi óánægju sína og að lýsa vantrausti sínu á einhverjum. Veit jeg líka, að hv. 5. landsk. þm. er það kunnugt, að jeg vildi frestun til undirbúnings í Staðarfellsskólamálinu, en var, eins og þingtíðindin einmitt bera með sjer, málinu að öðru leyti hlynt. Vona jeg, að hv. 5. landsk. væni mig ekki um það, að jeg vilji ekki hlynna að bættum rjetti kvenna og aukinni mentun þeirra.

Frsm. meirihl. (Eggert Pálsson): Hv. 5. landsk. (JJ) las kafla úr umr. á Alþingi 1909 um þetta mál. Þykir mjer lestur sá verða honum ljelegt vopn. Er

hagur landsins ólíku verri nú en þá var hann, og allar ástæður aðrar orðnar. Er frv. þetta nú borið fram í hreinu og beinu sparnaðarskyni, en þá (1909) var eigi þörf slíkrar sparneytni. Þá var oftast frekar um tekjuafgang en tekjuhalla að ræða, en nú er tekjuhalli fjárlaganna talinn 1½—2 milj. kr. Gat hv. 4. landsk. (JM) þá vitanlega verið á móti slíku frv. með jafngóðri samvisku sem hann nú er því fylgjandi. Það breytist margt á skemri tíma. Fyrir nokkrum árum greiddi t. d. jeg atkv. með því að hafa í hæstarjetti 5 dómendur, en nú greiði jeg aftur á móti atkv. með því að hafa þar aðeins 3 dómara, án þess að nokkur geti talið slíkt ósjálfstæði eða hringlandaskap. Valda þessu vitanlega breyttar aðstæður. Hv. 5. landsk. (JJ) kvað okkur ekki hafa viljað spara með því að flytja gríslukdósentinn að mentaskólanum, eins og hann stakk upp á. Jeg mundi hafa verið með því, hefði hann komið með það á þeim tíma og í því formi, sem hægt hefði verið að fylgja. En því var ekki að heilsa. Frv. um að leggja griskudósentsembættið niður var þegar komið fram í Nd., og var því tilgangslaust hjer. En að flytja til í annað embætti mann þann, sem hefir griskukensluna við háskólann á hendi, var ekki efni í frumvarp, heldur eingöngu þingsályktun. Auk þess var einnig sá galli á, að embætti við mentaskólann, sem flytja átti manninn í, var alls ekki til, svo alt var þannig algerlega ómögulegt.

Þá gat hv. 5. landsk. (JJ) um það, hve afaráríðandi mönnum þætti að fá Alþingistíðindin og hve víða þeim væri slitið upp á örskömmum tíma. Jeg efast um þenna áhuga manna, en hitt veit jeg, að á skammri stund má slíta alveg upp óinnbundinni bók, þótt ekki sje mikið lesin eða gangi mjög margra milli.

Hv. 5. landsk. (JJ) mintist á vantraustsyfirlýsingu í tímaritinu Hlín, til hv. 6. landsk. (IHB). En mjer er spurn: Voru Þingtíðindin þá komin út, þegar sú vantraustsyfirlýsing var borin upp eða samþykt? Jeg býst við því, að þær þingfregnir, sem vantraust þetta á að hafa verið bygt á, sjeu öðru vísi til komnar heldur en beint eftir sjálfum Alþingistíðindunum. Þetta sýnir ekki annað en að forsprakkar þessa vantrausts, eða hvað sem það skal kallast, þykjast ekki hafa þurft sjálfra Alþingistíðindanna til að byggja á. (JJ: En í Þingtíðindunum er heimildin!).

Hæstv. forsrh. (SE) kvað þetta frv. mundu verða drepið í Nd., þótt það næði samþykki þessarar hv. deildar. Veit jeg ekki, hvort þessi spádómur muni rætast; það leiðir tíminn í ljós, eins og annað. En það verð jeg að segja, að mjer finst hæstv. forsrh. (SE) ekki vera sjerlega spámannlega vaxinn. Spámenn eiga, samkvæmt þjóðtrúnni, að vera lágir menn og kubbaralegir að útliti, alls ólíkir forsætisráðherranum.

Jóhann Jósefsson: Jeg sá mjer ekki fært að gripa fram í við 1. umr. þessa máls. Þá lifðu hv. deildarmenn mestmegnis í gömlum endurminningum, sem þeir hafa reyndar gert aftur í dag, og vildi jeg því ekki trufla þá, enda þótt full ástæða sje fyrir okkur, sem ráðist höfum í það stórræði að flytja frv. þetta, að taka til máls um það. Fundið hefir verið að því, að við skyldum flytja frv. — og jeg mun ekki hirða um að endurtaka öll þau stóru orð, sem fallið hafa í okkar garð.

Það er sjerstaklega ein röksemd, sem

tveir hv. andmælendur frv. hafa vegið að því með. Þeir hafa sagt, að með frv. væri gerð tilraun til að loka þinginu. Það, að þessir örfáu menn, sem nú lesa Þingtíðindin, fá ekki haldið því áfram, á að vera hið sama og að þinginu sje lokað fyrir þjóðinni.

En hvað er það svo, sem þessir fáu menn lesa í umræðupartinum? Þar lesa þeir ekki nærri því altaf það, sem hv. þm. hafa sagt, heldur hitt, hvað þeir vildu sagt hafa. Það þýðir sem sje ekkert að leyna því, að þm. laga ræður sínar eftir eigin geðþótta, svo að það, sem prentað er, er einungis það, sem þeir eftir á komast að raun um, að þeir vildu sagt hafa. Svo það er eiginlega ekki þingið, sem lokað verður, ef um lokun er að ræða, heldur hugur þeirra, sem þar tala, eftir að þeir hafa ráðið við sig, hvað þeir vildu hafa sagt.

Það er sagt, að þjóðin fái ekki að vita, hvernig vjer höfum skipað oss í hinum ýmsu málum, hv. deildarmenn, ef frv. þetta nær fram að ganga. En þetta er ekki rjett. Það á eftir sem áður að gefa út skjalapart Þingtíðindanna með atkvgr., — og á því verður meira að græða fyrir landsmenn en ræðum, sem máske eru eingöngu fluttar fyrir kjósendur, til þess að kitla eyru þeirra.

Jeg veit ekki betur en nú sje einmitt talað um að gera alt, sem er „praktiskt“ og miða má til sparnaðar. Og gert hefir verið alt mögulegt, og jeg vil segja ómögulegt, í þessa átt. Nú er t. d. búið að gefa út reglugerð um innflutningsbann á ýmsum vörum, sem ekki nær nokkurri átt að banna. Frv. liggja fyrir þinginu um gífurlegar tollhækkanir o. s. frv. — og samt er talinn ósómi að bera fram þetta frv. Hv. 5. landsk. (JJ) sagði, að eina skynsamlega ástæða okkar, sem ekki viljum láta prenta umræðupart Þingtíðindanna, sje sú, að við þyrftum að fela eitthvað fyrir þjóðinni. Þetta er harður dómur, ekki síst þegar þess er gætt, að hann er ekkert annað en getsakir og órökstuddur sleggjudómur.

Það er vitanlegt, að kjósendur geta fengið að vita, hvað við höfumst að hjer á þingi, þó að hætt verði að prenta umræðupartinn, því að enda þótt blöðin hafi ekki verið nægileg 1909, þá er það ástand nú gerbreytt. Við sjáum blöðin flytja daglega mjög ítarlegar þingfrjettir, stundum nærri orðrjettar ræður þm. Það er því enginn ósómi, þó að ráðist verði í að spara hjer nokkra tugi þús. og sjá, hvernig fer. Að vísu efaðist hv. 2. landsk. (SJ) um, að sparnaðurinn að frv. þessu væri þess virði, sem hann væri keyptur. Hann er keyptur því verði, eins og jeg tók áður fram, að nokkrir menn geta ekki lengur lesið orði til orðs það, sem þingmenn vildu sagt hafa. Ef því þessi sparnaðartilraun er keypt of dýrt, þá hygg jeg, að sama megi segja um aliar hinar, sem fram hafa komið. Þetta er því út af fyrir sig engin röksemd.

Talað hefir verið um skoðanir hv. 4. landsk. (JM) í máli þessu fyr á tímum. Hann hefir að vísu svarað fyrir sig, en jeg held satt að segja, að ástæður þjóðarinnar hafi breytst svo mjög á síðari tímum, að þeir, sem stöðugt „citera“ í skoðanir manna frá fyrri tímum, haldi á nokkuð tæpum röksemdum, og ef mikill sparnaður er að öllum þeim lestri, þá fer nú flest að verða sparnaður.

Það er eitt atriði í ræðu hv. þm. A.-Húnv. (GÓ), sem jeg vildi undirstrika. Hann sagði, að langar umræður hefðu

sjer sist þótt fallnar til að skýra málin. Ef þetta er rjett, sem jeg hygg, þá ætti afleiðingin af því að vera sú, að hv. þm. stuðluðu sem mest að því að tefja ekki þingið um of með óþörfum ræðuhöldum. Og ef það mark verður sett, þá mun því betur verða náð með því að hætta að prenta umræðupartinn en ella, því að margar ræður myndu sparast, ef þm. vissu, að þær yrðu ekki prentaðar.

Forsætisráðherra (SE): Háttv. frsm. meirihl. (EP) gat þess, að jeg hefði sagt hið sama og jeg hefði svo oft sagt áður. Þetta sama hefir hv. 4. landsk. (JM) tekið fram um mig í sambandi við önnur mál. Jeg verð að játa, að þetta er satt. Skoðanir mínar í þessum málum hafa ekkert haggast, og fæ jeg ekki betur sjeð, en það sje mjer fremur til lofs en lasts.

Hv. þm. Vestm. (JJós) sagði, að landsmenn gætu af skjalapartinum og atkv.-gr. sjeð afstöðu þm. til mála þeirra, sem fyrir koma. En því er til að svara, að flestar atkvgr. fara fram án nafnakalls, svo að ómögulega verður af þeim sjeð afstaða hvers einstaks þm.

Hitt, að ræður þm. í Þingtíðindunum sjeu alt öðruvísi en þær eru fluttar, mun langt frá því að vera í samræmi við sannleikann. Jeg hygg, að þm. geri yfirleitt lítið að því að breyta ræðum sínum og að þjóðin fái því mjög rjetta mynd af því, sem haldið er fram á þingi. Jeg vil ekki segja neitt um okkar góðu þingskrifara, en þó verð jeg að segja, að ekki er jeg hrifnari af ræðum mínum eins og þær koma frá þeim, heldur en þær eru fluttar. Og jeg held, að flestir kjósi að fá ræður sínar eins og þeir halda þær, og vilji þar engu breyta.

Það má segja hið sama um allar þessar till., sem bornar eru fram í hinu heilaga nafni sparnaðarins, að enda þótt sumar þeirra sjeu góðar, þá mega menn ekki halda, þó að þær verði allar samþyktar, þá muni þær nokkuð stuðla að því að lækna fjárhag landsins í augnablikinu. Til þess þarf miklu víðtækari og alvarlegri ráðstafanir. Hitt er sjálfsagt, að við þurfum að laga embættastakk þjóðarinnar, svo að hann verði við hennar hæfi, vegna framtíðarinnar.

Það eru ein rök, sem jeg hefi altaf haldið fram gegn þessu máli, og þau eru óhrekjandi. Ef hætt verður að prenta umræðupart Þingtíðindanna, þá hættir þjóðin að fylgjast með störfum þingsins. Móti þessu þýðir ekkert að mæla. Þingið verður lokað fyrir þjóðinni. Það þýðir heldur ekkert að halda því fram sem rökum, að fáir lesi Þingtíðindin. Allir leiðandi menn úti um land lesa þau, og það skiftir einmitt svo miklu máli.

Þá hefir verið talað um, að umræður hafi enga þýðingu hjer á þingi, yfirleitt. Kanske næsta sporið verði að ákveða með þingsköpum, að enginn megi halda hjer ræðu, heldur að eins greiða atkv., en þá verður væntanlega ákveðið, að nafnakall skuli viðhafa við allar atkvgr. — Nei, þrátt fyrir allan sparnað, þá eru vissir hlutir, sem þar má ekki draga undir, og þar á meðal er einmitt prentun Þingtíðinda. Þar sem kjósendur hafa svo mikið vald í stjórnmálum sem hjer, væri slíkt ósæmilegt.

Jeg skal svo ekki lengja umr. frekar, og það því fremur að jeg veit, að frv. þetta nær aldrei að komast í gegn um

hv. Nd., enda þótt jeg sje ekki spámannlega vaxinn að dómi hv. frsm. meirihl. (EP).

Frsm. minnihl. (Jónas Jónsson): Ræða sú, eftir hv. 4. landsk., sem jeg las upp úr áðan, er slíkur brunnur af röksemdum gegn frv. þessu, að ausa mætti þar úr hverri fötunni af annari, yfir stuðningsmenn þess. Vænti jeg, að fyrverandi þm. Vestm. (JM) gangi svo frá málstað hv. 4. landsk. og skoðanabræðra hans, að jeg þurfi þar litlu við að bæta.

Hvort kvennfundurinn norðlenski hafi lýst yfir vantrausti eða bara óánægju gagnvart hv. 6. landsk. (IHB), verða rjettir aðiljar að koma sjer saman um. En jeg vona, að fundarkonurnar norðlensku fái þessar skýringar hv. 6. landsk. (IHB) einmitt í gegn um Þingtíðindin — og er hjer ein ástæða m. a. til þess, að haldið verði áfram prentun þeirra. Þar sem hv. 6. landsk. notaði tækifærið til að lýsa hinum mikla áhuga sínum á skólamálum kvenna, þá vil jeg minna hv. þm. (IHB) á það, að hann studdi að því á síðasta þingi, að till. minni um stofnun húsmæðraskóla var vísað til stjórnarinnar og hinn eini skóli í Rvík í þeirri grein, með 12 „plássum", látinn nægja húsmæðraefnum vorum.

Hv. frsm. meirihl. (EP) sagði, að hinar almennu ástæður fyrir máli þessu hefðu gerbreytst frá 1909. Þær ástæður, sem núverandi hv. 4. landsk. (JM) bygði á mótmæli sín gegn því að fella niður prentun umræðupartsins, eru óbreyttar. Þingtíðindin eru sami liðurinn í hinu pólitíska uppeldi þjóðarinnar nú sem þá. Hin sama er þörf þeirra fyrir sögurannsóknir, hin sama fyrir dómara og aðra lögskýrendur. — Og þá átti líka að fella niður prentunina í sparnaðarskyni. Barlómurinn var engu minni þá en nú. Sami hv. þm. (EP) segir, að þar, sem hann þekki til, sjeu Þingtíðindin lítið lesin. Aftur á móti segja aðrir hv. þm., að þeir viti til, að þau sjeu mikið lesin. Hvað sýnir þetta? Ekki annað en að kjósendur hans vita hjer um bil, hvað mikið af skemtilegu efni þessi hv. þm. (EP) muni leggja til í Þingtíðindin. Þeir þekkja sína heimamenn og hafa fengið nóg af því ræðuglundri. Aðeins önnur ástæða er til um stuðningsmenn hv. 1. þm. Rangæinga, að þeir sjeu svo óþroskaðir í stjórnmálum, að þeir vilji ekki fylgjast með störfum þingsins. Sami hv. þm. (EP) segir ennfremur, að ekki sje merkilegt, þó að hv. 4. landsk. (JM), sem er í stjórn flokks hans, hafi snúist hugur í máli þessu. Þetta er alveg rjett. En þá getur hann sjálfur alveg eins snúist, því að eftir höfðinu dansa limirnir.

Þá slapp hv. þm. (EP) ekki eins vel frá griskudósentinum og hann vildi. Er engin ástæða til að ætla, að það mál hefði dagað uppi, þó að því hefði verið vísað til nefndar. Það hefði að sjálfsögðu farið til allshn., og þar á hann einmitt sæti sjálfur, svo að hann hefði getað ráðið því, að nefndin legðist ekki á málið, ef honum er svo ant um afnám embættisins sem hann lætur. Sjerstaklega var ástæða fyrir hann að drepa ekki það frv., þar sem æðsti maður flokks hans hafði í hv. Nd. borið fram frv. um háskólann, sem m. a. gerði ekki ráð fyrir afnámi embættisins í bráð. Jeg læt hjer staðar numið, en treysti því, að hin þungu rök hv. 4. landsk. (JM) gegn hans eigin frv. verði því að bana.

Frsm. meirihl. (Eggert Pálsson): Hin stutta aths,. sem hv. 5. landsk. (JJ) fjekk leyfi til að gera, varð brátt að langri ræðu, eins og hann á vanda til. Jeg ætla mjer ekki að eltast við hana alla, heldur að eins minnast á griskudósentinn. Hv. þm. (JJ) vildi meina, að frv. hans hafi verið felt af því, að meirihlutinn — og þar á meðal jeg — hafi viljað halda hlífiskildi yfir embættinu. Þetta er algerlega rangt, og vil jeg gersamlega vísa slíkri aðdróttun á bug, hvað mig snertir. Því hvenær sem frv. um afnám þessa embættis kemur fram á formlegan hátt, mun jeg greiða því atkv. mitt.

Háttv. þm. (JJ) gat þess, að málinu mundi hafa verið vísað til allshn., þar sem jeg á sæti. En fyrir því er engin vissa. Það gat alveg eins komið til mála að vísa því til hv. mentmn., og enda þótt hv. 5. landsk. (JJ) eigi sæti í þeirri nefnd, er engin sönnun fyrir því, að hún hefði ekki svæft frv. Því vel má vera — og enda sennilegast — að hv. þm. (JJ) hafi borið frv. fram eingöngu til þess að sýnast. Því að ef nokkur alvara hefði legið á bak við, er ótrúlegt, að hann hefði ekki getað fært málið í sæmilega frambærilegt form. En, eins og jeg áður hefi sýnt fram á, var frv. hans sá óskapnaður, að engum manni með fullri skynsemi var unt að greiða því atkv. í alvöru.

Guðmundur Ólafsson: Jeg vil taka í sama streng og hæstv. forsrh. (SE) um það, að enda þótt ræður þm. kunni að vera prentaðar í þingtíðindunum með nokkuð öðrum orðum en þær eru talaðar, þá kemur þó sú skoðun, sem þm. hefir haldið fram, skýrt í ljós. Um það er jeg ekki í nokkrum vafa.

Þá hefir verið talað um, að kjósendur gætu sjeð afstöðu þingmanna til þeirra mála, sem fyrir koma, af skjalapartinum. Nokkuð mun hæft í þessu, en ekki er það einhlítt. Tökum t. d. mál það, sem nú er verið að ræða um og telja má stórmál. Lítið verður á skjalapartinum að græða í þessu máli. Nefndarálitin eru ekki lengri en 3½ lína annað og 2½ hitt, og þó eru nál. venjulega greinilegri, er nefndir klofna. Auk þess verður þm. gert mun óhægra fyrir, ef hætt verður að prenta umræður, því að þeir nota þingtíðindin mjög mikið. Þá er ekki víst nema þeir, sem mest tala, taki upp á því að skrifa löng nál., kannske 2—3 arkir í sínum áhugamálum, svo þar verði sjeð, hverju þeir halda fram, og nafnakall við flestar eða allar atkvæðagreiðslur, ef hætt verður að prenta umr., og verður sparnaðurinn þá minni, ef til vill sama sem enginn.

Eins og jeg hefi áður sagt, er bæði ófært og mjög óviðkunnanlegt að fella niður prentun þingtíðinda, en ef þm. vildu stytta ræður sínar, þá væri mikið unnið.

Hv. þm. Vestm. (JJós) vildi halda því fram, að þm. myndu tala minna, ef hætt væri að prenta umr., en það hygg jeg fjarri sanni. Virðist reynslan, sem fæst á lokuðum fundum þingsins, síst benda í þá átt. Aldrei er talað meira en einmitt þá — og þó eru þær umr. ekki prentaðar.

Jeg skildi ekki vel, hvað hæstv. forsrh. (SE) fór, þegar hann virtist halda því fram, að enginn sparnaður, sem þingið kynni að gera, kæmi að notum. (**Forsrh.:** Það voru ekki mín orð). Já, jeg veit ekki hvernig skrifararnir hafa tekið þessi orð hæstv. forsrh. (SE), en mjer virtust þau helst hníga í þessa átt.

Að minsta kosti mátti skilja á honum, að hann áliti embætta- og starfsmannastakk þjóðarinnar ekki of stóran, heldur færi hann dálítið illa, en væri annars góður. Mjer dettur ekki í hug að halda því fram, að alls enginn sparnaður verði að því að fella niður prentun umr.partsins, en þó er jeg á móti því, vegna þess meðal annars, að mjer finst svo margt eiga að ganga á undan, sem lítil eða engin eftirsjá er að.

Forsætisráðherra (SE): Ummæli hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) um tveggja og þriggja lína nefndarálitin voru fyndin, því þau sýndu, hve fróðleikur sá er djúpur, sem menn oft og einatt mundu ausa úr skjalapartinum. Hv. þm. (GÓ) misskildi ummæli mín um sparnaðinn. Auðvitað veit jeg, að gott er að spara 70 þús. kr. á óþörfum embættum eða hverju sem er, en sá sparnaður, þó von væri á honum, sem ekki er, mundi ekki lausn á fjárhagsörðugleikum vorum. Á honum mun krónan eða gengi hennar ekki velta. Til þess þarf dýpri ráð. Og því er það, eða ætti ekki að vera nóg, til þess að friða hina fjárhagslegu samvisku, að rita á blað um niðurlagningu embætta, sjerstaklega ef það svo ekki verður lagt niður. En þrátt fyrir það, vegna framtíðarinnar, þá skiftir það miklu fyrir þjóðina, að embættastakkurinn sje sniðinn efir vexti hennar, því að óþörf embætti eru illgresi í akrinum. Annars hefir barátta um sum embættin verð brosleg. Að gríslkudósentinum er gerð hríð á hverju ári, og allir vita þó, að hann verður ekki lagður niður, meðan þessi maður er í embættinu. En einhverja tröllatrú hafa menn að ráðast á hann á hverju ári, þó að sú barátta kosti mörg þús. kr.

En eiga menn nú vissa von á náð hjá þjóðinni, þó að þeir standi í þessari vonlausu, dýru baráttu árlega? **(JJ:** Íhaldið bjargaði því núna). Já, og gerir það vonandi að ári.

Guðmundur Ólafsson: Mjer skildist hæstv. forsrh. (SE) halda því fram, að 60—70 þús. kr. sparnaður hefði engin áhrif á fjárhag þjóðarinnar nú, eða gengi hinnar íslensku krónu. Máske svo sje, en mjer þætti þá gaman að vita, hversu mikill tekjuhalli mætti vera á fjárlögunum, til þess að það hefði nokkuð að segja í því máli, að hans áliti. En hvernig sem annars er á þetta mál litið, þá finst mjer þó, að það væri góð byrjun að spara 60—70 þús. kr. á fyrsta þinginu, sem fyrir alvöru vill leggja inn á sparnaðarbrautina.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, JJós, JóhJóh, JM, BK, EP, HSn, HSteins.

nei: IP, JJ, SE, SJ, EÁ, GÓ.

2. gr. samþ. með 8 : 4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 : 4 atkv.

Á 23. fundi í Ed., miðvikudaginn 19. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 82).

Frsm. minnihl. (Jónas Jónsson): Mjer finst það ekki hlýða, að þetta mál fari svo úr deildinni við 3. umr., að ekki sje enn minst á, hve óviðurkvæmileg þessi ráðstöfun er, sem hjer er farið

fram á. Jeg vil sjerstaklega benda á, að gera mætti ráð fyrir, að núverandi meirihl. hv. deildar vildi spara í þinghaldi alt sem spara má, þar sem sá sami hv. meirihl. grípur nú til þess óyndisúrræðis, sem það er, að fella niður úr útgáfu Alþingistíðindanna umræðupartinn, verk, sem út hefir komið síðan Alþingi var endurreist. En það er einmitt sá sami meirihl., sem ræður því, að mörgum þús. kr. er eytt að óþörfu í þinghaldið. Hefði þessum hv. meirihl. verið alvara með að spara, hefði hann átt að athuga, hvort ekki væri hægt að hverfa til gamalla og góðra siða, sjerstaklega hvað starfsmannahaldið snertir. Það var þessi sami hv. meirihl., sem rjeð kosningu forseta og gat þannig haft ráðin í hendi sjer um þessi mál. Jeg vil benda á, að síðan kaup var svo hátt sem það er nú, var sjálfsagt að halda ekki fastlaunaða þingskrifara, heldur gera þingskriftirnar að samningsvinnu. Það er öllum kunnugt, að í fyrra höfðu þingskrifararnir í Ed. ekkert að gera langt fram eftir þingi. Vitanlega á þingið að haga sjer eins og hver hagsýnn vinnuveitandi mundi gera, og reikna út, hve langan tíma miðlungs þingskrifari er að vinna úr og ganga frá hálftíma ræðu. Eftir því á að greiða fyrir það. Sýnir best aðsóknin að þessu starfi, að auðvelt hefði verið að fá nógu marga til þess, þótt þessi leið hefði verið farin. En jeg er sannfærður um, að með þessu hefði sparast helmingur af kaupi skrifaranna. Eru stöðugt að hrúgast upp fleiri og fleiri embætti hjer. Árið 1900 voru aðeins 2—3 þingsveinar. Nú má varla þverfóta fyrir þeim. Má jeg síst skilja, hver er þörf á þessum fjölda, því að starf þeirra ætti ekki að þurfa að vera mikið annað en að hlaupa á milli prentsmiðjanna og þinghússins. Og jeg geri ráð fyrir því, að við kæmumst af án flestra þeirra, og munum við ekki vanir því að hafa marga þjóna hversdagslega. Teldi jeg fullnóg þótt þingsveinar væru ekki fleiri en um aldamótin. Við talsímann hjerna eru hafðir tveir verðir, sem hafa hátt upp í þingmannskaup. Mundi duga að hafa þar dreng með lítið kaup, en nú eru þar 2 stúlkur. Smátt og smátt hefir á skrifstofunni verið fjölgað mönnum meira en þörf var á. Auk þess hefir skrifstofustjórastarfið verið gert að föstu embætti. Skjalavörður er nú sjerstakur maður, og á lestrarsal eru nú tvær stúlkur. Jeg vil skjóta þessu til forsetanna tveggja, sem hjer eru í deildinni, að það eru ekki síst hinir mörgu starfsmenn Alþingis, sem nú halda uppi þinkostnaðinum. Dettur mjer í hug: „maður líttu þjer nær.“ Það hafa heyrst raddir um það, að þessi störf bæri að skoða sem sjerstaka atvinnugrein fyrir Reykjavík. Og verður ekki sjeð, að hinn sparsami meirihl. hafi fallist á skoðun þessa.

Svo jeg víki að frv., er eitt, sem enn hefir ekki verið athugað. Það er gert ráð fyrir, að ef hætt yrði að prenta umræðupart Þingtíðindanna, þyrfti að hreinskrifa nokkur eintök af ræðunum. Mundi það eitt kosta nokkur þúsund krónur. Þótt feld yrði niður útgáfa Þingtíðindanna nú, yrði það að eins um stundarsakir. Þau yrðu prentuð aftur eftir skamma stund, og væri þá öllu því fje kastað á glæ, sem eytt yrði til að afskrifa ræðurnar, því að til prentunarinnar þarf ekki nema eitt eintak. Þessir sömu menn og konur, sem standa að þessu sparnaðarfrv., sýna enga sparsemi í starfsmannahaldi við þingið, þar sem

þó auðveldlega mætti spara stórmikið fje.

Við 1. umr. þótti það goðgá, er því var hreyft, að það hefði ekki verið merkilegra atriði en prentsmiðjustyrjöld, sem komið hefði þessu máli af stað 1909. Þetta er staðreynd. En jeg tek það sem dæmi, að það hafa aldrei verið nema lítilfjörlegar ástæður, meira að segja auðvirðilegar, sem hafa valdið því í hvert skifti, að menn hafa viljað loka þinginu og leyna kjósendur því, sem þar fer fram.

Jeð vildi óska þess, að þessi fjórða tilraun yrði sú síðasta, og að þetta mál kæmi aldrei framar á dagskrá þingsins.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil að eins leyfa mjer að mótmæla þeirri ásökun háttv. 5. landsk. (JJ) á okkur forseta Alþingis, að við höfum ekki sýnt sparsemi við ráðningu starfsmanna þingsins. Því að fyrst og fremst hefir kaup þeirra allra verið lækkað frá því í fyrra, og auk þess hafa þeir aldrei verið jafn fáir og nú, síðan þingmönnum var fjölgað í þá þingmannatölu, sem nú er.

Frsm. minnihl. (Jónas Jónsson): Jeg vil þá nota tækifærið til þess að mótmæla þessari röksemdafærslu háttv. þm. Seyðf. (JóhJóh), því að jeg hefi berlega sýnt fram á, að þessa sparnaðar hefir ekki verið gætt. Og síðan þingmönnum var fjölgað úr 36, hefir starfsmönnum verið fjölgað að miklum mun, þó að störfin hafi ekki aukist að sama skapi. Þar með hefir þó ekki aukist skjalavarsla o. fl., sem beinlínis hefir þó verið aukið við síðan.

Jeg vonast nú eftir, að þessar athugasemdir mínar verði teknar til greina á næsta þingi.

Ingvar Pálmason: Það má ef til vill segja, að það sje að bera í bakkafullan lækinn að fara að auka frekar á þær umræður, sem þegar eru orðnar um þetta mál hjer í þessari háttv. deild. En þar sem jeg hefi alt af verið á móti þessu máli við allar umr. þess, og verð enn, vil jeg með nokkrum orðum skýra afstöðu mína.

Skal jeg þá fyrst leyfa mjer að mótmæla þeirri staðhæfingu, sem háttv. flm. frv. þessa hafa notað sem eina aðalástæðuna með því, sem sje þeirri, að þingtíðindin sjeu ekki lesin alment úti um land. Því að jeg veit, að í mínu kjördæmi og annarsstaðar, sem jeg þekki til, eru þau lesin alment. Og svo hygg jeg að muni vera þar, sem kjósendur hafa náð nokkurn veginn andlegum þroska.

Þá hefir því verið haldið fram, að þau hlytu að vera lítið lesin, af því að svo fá eintök af þeim bærust út um land. En þess ber að gæta, að þau tvö eintök, sem send eru í hvern hrepp á landinu, eru skoðuð, eins og þau líka eru, almenningseign, og ganga því milli sveitarmanna, oft og tíðum þangað til lítill urmull er eftir af þeim. Þetta er því alt öðru máli að gegna, en ef einstakur maður í sveitinni kaupir bók, t. d. Faust. Þá eru slíkar bækur lítið lesnar, af því að þær eru einstaklings eign, og almenningur telur sig engan rjett hafa á þeim.

Mjer dettur ekki í hug að bera brigður á það, sem háttv. 1. þm. Rang. (EP) lýsti yfir, að þingtíðindin væru lítið lesin í kjördæmi hans, því að það er eflaust satt. En mjer datt í hug málsháttur: „Oft má satt kyrt liggja," því að slík yfirlýsing sannaði ekkert annað en það, að kjósendur hans væru ekki um of andlega þroskaðir, og má vel

vera, að hann hafi síðastliðið haust notið þessarar pólitísku vanþroskunar að einhverju leyti.

Þá vil jeg aðeins minnast á sparnaðarstefnu þá, sem frv. markar. Stefnir hún einungis að því að spara á landsmönnum utan Reykjavíkur. Hefðu því háttv. flm. ef þeir hefðu viljað vera sjálfum sjer samkvæmir, átt að leggja til, að eyrendapöllunum hjer væri einnig lokað. Því að það væri líka sparnaður fyrir Reykvíkinga að þurfa ekki að tefja sig með því að vera að hlusta á umræðurnar. Í því væri líka fólgið meira jafnrjetti, því að úr því að þinginu er lokað fyrir nokkrum hluta landsmanna, má alveg eins loka því fyrir öllum.

Jeg skal nú ekki láta fara fyrir mjer, eins og fyrir hæstv. forsrh. (SE) við 2. umr. þessa máls hjer í deildinni, að fara að spá um afleiðingar þessa máls, enda færist mjer það ekki, því að þó jeg sje að miklum mun minni vexti en hæstv. forsrh., þá mun jeg þó tæplega vera nægilega væskilslegur til þess að verða úrskurðaður af hv. 1. þm. Rang. (EP) „spámannlega vaxinn". Skal jeg því engu spá. En það er trú mín — og jeg hefi ekki heyrt getið um, að menn þyrftu að hafa neinn sjerstakan vöxt eður vaxtarlag til þess að geta talist góðir trúmenn — að þó aldrei nema samþykt verði nú að fella niður prentun umræðuparts Alþingistíðindanna, þá verði það ekki lengi, sem kjósendur líða slíkt. Ennfremur er það trú mín, að háttv. flm. hafi með frv. þessu lagt til efniviðinn í sína eigin pólitísku líkkistu.

Frsm. meirihl. (Eggert Pálsson): Mjer fanst vera búið að ræða mál þetta allmikið við 1. og 2. umr. í þessari háttv. deild. Bjóst jeg því ekki við því, að nú yrði farið að ræða það enn að nýju, því að umræður um mál á þessu stigi fá venjulega litlu um þokað, og ekki síst þegar svo stendur á, sem hjer, að meira en helmingur deildarmanna eru flm. Eru því slíkar umr. sem þessar ekkert annað en helber eyðsla, þar sem fyrirsjáanlegt er, að málið kemst í gegn um þessa háttv. deild, hversu langar ræður sem haldnar eru á móti því.

Skal jeg þá nú ekki heldur, til þess að komast ekki í mótsögn við sjálfan mig, fara að halda langa ræðu. Heldur með örfáum orðum svara háttv. 2. þm. S.-M. (IP). Háttv. þm. fann sig knúðan til, af einhverri innri hvöt, að fara að standa hjer upp og halda langa ræðu um þetta mál, og notaði sjer fyrir ræðutexta þau ummæli mín, að Þingtíðindin væru yfirleitt lítið lesin, og þá að sjálfsögðu einnig í Rangárvallasýslu. Þó honum kunni nú undarlegt að þykja, stend jeg enn við það, að jeg tel þau alment lítið lesin, nema þá lítið eitt af hreppstjórum og oddvitum, sem fá þau sjer ókeypis send. Er þetta ofurskiljanlegt og getur ekki öðruvísi verið. Í hreppana koma ekki nema þessi 2 eintök til hreppstjóra og oddvita, og þar sem þetta eru bækur óbundnar, þá mundu þær fljótlega detta í blöð, þegar þær fara að ganga margra á milli. — Út af þessum ummælum mínum dró háttv. þm. svo þá ályktun, að kjósendur mínir myndu ekki vera um of pólitískt þroskaðir. Það getur nú vel verið, að svo sje — um það skal jeg ekki deila — en jeg býst við, að sama megi þá líka segja um flesta kjósendur hjer á landi, nema ef vera kynni kjósendur í Suður-Múlasýslu. Þeir eru máske orðnir of pólitískt þroskaðir af Alþingistíðindalestri, og orðnir þar af leiðandi ofvitar. En eigi

nú þessi ummæli háttv. þm. að vera einhverskonar sneið til mín og Rangæinga um, að þeir hafi sýnt pólitískt þroskaleysi í því að kjósa mig á þing, ber þm. að gæta þess, að hún nær þá einnig til ráðherra Framsóknarflokksins, sem Rangæingar kusu samhliða mjer. Hlýtur því hin pólitíska vanþroskun Rangæinga að hafa lýst sjer eins í vali 2. þm. þeirra, sem 1. þm. En telji háttv. þm. það pólitíska vanþroskun af Rangæingum að kjósa ráðherra hans eigin flokks á þing, læt jeg hann alveg um þá skoðun.

Þá þóttist háttv. þm. (IP) engu vilja spá, en sagði, að þetta og þetta væri trúa sín. En jeg sje engan mun á spádómi og trú, í þessu efni. Meðal annars sagði hann, að þetta myndi verða fyrsti naglinn í hina pólitísku líkkistu flokks okkar flutningsmanna frv. Hvað er þetta, ef það er ekki spádómur? Hvort þessi spádómur hans rætist eða ekki, skal jeg ekkert um segja. En ef nú svo yrði, hvort myndi hann þá ekki frekar gleðjast en hryggjast í hjarta sínu. Jeg hygg það. Það getur tæplega verið meining hans, að hann sjái svo mjög eftir því, þótt okkur, mótflokksmönnum hans, fækkaði. En ef hann væri í raun og veru jafnsannfærður, og hann hefir gefið í skyn, um ófarir okkar íhaldsmanna í framtíðinni, út af þessu máli, þá mætti ætla, að sjá mætti frekar gleði- en sorgarsvip á andliti hans.

Forsætisráðherra (S. E.): Út af þeim ummælum háttv. 1. þm. Rang. (EP), að ekki væri ástæða til að ræða þetta mál, af því að svo margir væru flutningsmenn þess, vil jeg taka það fram, að við andstæðingar þess viljum gera alt, sem í okkar valdi stendur, til þess að reyna að koma því fyrir kattarnef. Gæti því vel verið, að einhver hinna 8 flm. snerist, eftir að hafa heyrt okkar skýru rök gegn því. Og þann mann teldi jeg meiri eftir en áður. Og ennþá er tími til að láta samviskuna vakna, svo að mál þetta verði drepið hjer nú þegar, því að það væri sparnaður, því að jeg er viss um, að það verður gert, er það kemur til Nd.

Jóhann Jósefsson: Við flm. frv. þessa megum án efa vera þakklátir hæstv. forsrh. (SE) fyrir að benda okkur á, að náðartíminn væri ekki úti enn, og því hægt að iðrast. En hvað mig snertir, þá mun jeg þegar orðinn svo forhertur, að jeg get ekki hagnýtt mjer þessa aðvörun hans. Annars er það næsta undarlegt af háttv. andmælendum frv. að vera altaf að neyða okkur út í þessar umræður.

Það er næsta broslegt að gera ráð fyrir, að því verði tekið svo mjög illa út um land, þó að við flm. frv. þessa leggjum til, að prentun umræðuparts Alþingistíðindanna verði frestað. Og jeg er sannfærður um, að aðrar miklu óþægilegri frjettir berast út um land frá þessu þingi, þó ekki væri nema hin mikla tollhækkun og hinar ýmsu álögur, sem þingið verður að leggja á þjóðina nú. Þær frjettir er jeg sannfærður um, að eru þjóðinni miklu ógeðfeldari en þó að við gerum tilraun til að spara 20 þús. kr. á prentunarkostnaði Þingtíðindanna. Er því ekki rjett að nota þetta tækifæri til þess að hella botnlausum getsökum yfir okkur, sem höfum hreyft þessu sparnaðarmáli.

Háttv. 2. þm. S.-M. (IP) sagði margt, og sumt af því mjög merkilegt, eins og t. d., að kjósendur hans í Suður-Múla-

sýslu læsu Þingtíðindin alment. Jeg verð að segja, að þetta sje mjög aðdáanlegt fólk, því að þessi orð háttv. þm. skil jeg svo, að það sje að eins undantekning, ef til er maður í kjördæmi hans, sem ekki les þau. Þvílíkri lestrarfikn og lærdómslöngun er sannarlega vert að halda á lofti.

Svo sterk var rjettlætistilfinning þessa háttv. þm., að honum fanst sanngjarnt að loka áheyrendapöllunum hjer fyrir Reykvíkingum, ef hætt yrði að prenta umræðupartinn. En jeg vil nú spyrja, hvað á þá að gera við Sunnmýlinga, ef þeir skyldu einhverjir koma hingað og vildu t. d. fá að hlusta á þennan háttv. þingmann sinn? Á þá ekki einu sinni að opna pallana fyrir þeim? Að draga slíka ályktun út af þessari sparnaðarviðleitni okkar, er næsta barnalegt.

Þá komst hann meðal annars að þeirri niðurstöðu, að við flm. frv. þessa værum með því að leggja til efniviðinn í okkar pólitísku líkkistu. Það er ekki nema eðlilegt, að hann segði þetta, því að „svo mæla börn sem vilja“. Hann sagði, að þetta væri sín trú. Jæja, jeg vona, að hann verði talinn af flokksbræðrum sínum rjetttrúaður í þessu efni.

Ingvar Pálmason: Háttv. andmælendur mínir hafa ekkert gert annað en misherma orð mín, og það er ekki á mínu valdi að kenna þeim að taka rjett eftir, úr því að þeim hefir ekki frá forsjónarinnar hendi verið gefinn sá skilningur, sem til þess þarf.

Annars hefir hæstv. forsrh. (SE) svarað flestu því, sem svara hefir þurft, af því, sem fram kom í ræðum þeirra.

Háttv. 1. þm. Rang. (EP) taldi það mestu goðgá, að jeg skyldi voga mjer að standa upp og tala í þessu máli, af því að það gæti engin áhrif haft á úrslit þess. Er það slík harðstjórn, eins og sagt er, að áður hafi verið beitt við börnin, er þau voru látin kyssa á vöndinn sjálf. Þá reyndi þessi sami háttv. þm. að hártoga þau ummæli mín, að jeg taldi það ekki lýsa þroska kjósendanna að lesa ekki Þingtíðindin, og það, sem hann sagði þar um, voru ekki mín orð, og læt jeg hann því einan um þann útúrsnúning sinn.

Um skilgreining á orðunum „spádómur“ og „trú“ skal jeg ekki deila við hann, því að þar tel jeg hann mjer færari stöðu sinnar og lærdóms vegna. Jeg beygi mig því fyrir honum þar.

Háttv. þm. Vestm. (JJós), sessunautur minn, fór svipað að og háttv. 1. þm. Rang. (EP) með það að hártoga orð mín. Átti jeg þess síst von af honum. Hann vildi meðal annars teygja þau orð mín svo, er jeg sagði, að jeg teldi Þingtíðindin alment lesin í Suður-Múlasýslu, að þá hlyti hver einasti maður að lesa þau. En það tel jeg alment lesið, er flest heimili lesa. Um þetta ætti mjer að vera kunnara en honum, sem altaf hefir verið úti í Vestmannaeyjum og aldrei stigið fæti sínum í Suður-Múlasýslu. Það er sagt, að það þýði ekki að deila um keisarans skegg. Hið sama er hjer. Það þýðir ekkert fyrir andmælendur okkar að vera að reyna að hrekja það, sem við segjum um lestur Þingtíðindanna. Nema þá því aðeins að þeir segi: „Þú ferð með ósannindi, góði minn“

Meðal annars, sem jeg sagði, var, að jeg teldi, að það gæti verið sanngjarnt að loka áheyrendapöllunum hjer, ef hætta ætti að prenta Þingtíðindin, ef jöfnuð ætti að gera meðal allra landsmanna í þessu efni. Þessum ummælum

minum gátu háttv. andmælendur látið sjer sæma að snúa við. Læt jeg þá alveg um það, því að eins og jeg hefi áður tekið fram, get jeg ekki gefið þeim skilninginn. Snúi þeir því út úr og misskilji, sem menn eru til þess. En jeg sje enga ástæðu til að þegja, þó aldrei nema að víst sje, að mál þetta komist út úr deildinni.

Út af þeim ummælum háttv. 1. þm. Rang. (EP), að jeg hefði staðið hjer upp og haldið langa ræðu, vil jeg geta þess, að jeg veit engan mælikvarða fyrir ræðulengd, en eflaust er þeim fjölfróða manni kunnugt um það, eins og svo margt annað.

Jón Magnússon: Jeg veit engan mælikvarða fyrir ræðulengd. En það veit jeg, að jeg ætla ekki að halda langa ræðu nú, því að jeg tel það engan verksparnað að taka alt upp við 3. umr., sem búið er að segja við 2. umr. En jeg vil aðeins mótmæla því, sem háttv. 5. landsk. (JJ) hefir haldið fram, að það hafi verið prentsmiðjustríð, er hafi valdið því, að frv. þessu líkt kom fram á þinginu 1909. Slíkt er alveg ósannað. En það var þáverandi þm. Barðstrendinga, Björn Jónsson, sem bar frv. fram, af því að hann taldi, að þetta fje mætti spara með góðu móti. Og jeg er viss um, að það hefir verið sannfæring hans. Því að jeg hefi alt af haldið því fram um þann mann, þó að stundum kastaðist í kekki milli okkar Heimastjórnarmanna og hans, að hann hafi þó aldrei haldið öðru fram en því, er hann taldi satt og rjett.

Því hefir verið haldið fram, að þetta mál gæti orðið hættulegt fyrir Íhaldsflokkinn. Það má vel vera, að svo verði. En jeg gæti þá búist við, að það yrði þá líka hættulegt fyrir Framsóknarflokkinn, því að formaður hans, Þorleifur Jónsson, hefir altaf greitt atkv. með því að fella niður prentun umræðupartsins, og fleiri úr þeim flokki hafa áður fylgt því máli.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 : 6 atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 82).

Á 30. fundi í Nd., laugardaginn 22. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. **felt** frá 2. umr. með 14:9 atkv.

9. Hagnýt sálarfræði.

Á 6. fundi í Ed., þriðjudaginn 26. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um að sameina kennarastarf í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands við forstöðu Landsbókasafnsins (þmfrv., A. 44).

Á 7. og 8. fundi í Ed., dagana 28. og 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 24. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Þetta mál hefir beðið, sökum þess, að fyrir Nd.

liggja till., sem fara í svipaða átt. En þar sem enn er ósjeð um framgang þeirra, hefir þess verið óskað, að þetta mál yrði tekið hjer á dagskrá, og að því síðar yrði vísað til nefndar. Er hjer um tvent að ræða. Hið fyrra er að fella niður embættið í hagnýtri sálarfræði við Háskólann. Hitt er að fá hæfan mann til þess að veita forstöðu Landsbókasafninu.

Það hefir mikið verið deilt um það, hvort embættið í hagnýtri sálarfræði væri nauðsynlegt. Hitt verður ekki deilt um, að maðurinn, sem í þeirri stöðu situr, er mjög merkilegur rithöfundur. Jeg hefi jafnan litið svo á, að embættið væri til þess til orðið, að hann gæti fengið tækifæri til þess að gefa sig við ritstörfum. En nú er ljóst, að það er óvíst, að þingið geti lagt niður þetta embætti, þótt það vildi, af því að það er bundið við nafn ákveðins manns. — Og þótt það væri hægt, álít jeg það enga búmensku að kasta burt úr þjónustu landsins ágætum og afkastamiklum starfsmanni. Aftur á móti er ekki hægt að gefa honum víðara starfssvið, nema með sjerstökum samningi við hann. Ennfremur álít jeg, að slíkur samningur eigi að fara fram milli landsstjórnarinnar og þess manns, sem færður er til í embætti. Er þó óvíst, hversu langt stjórnin kynni að ganga í þessu efni, ef hún hefði ekki yfirlýstan þingvilja að baki sjer. Og jafnvel þótt svo væri, er ekki full trygging fyrir því, að hún verði við þeirri ósk, og einnig getur mál þetta fallið niður, ef hlutaðeigandi maður neitar samningum. Hjer í deildinni hefir verið deilt um það, hve mikið væri vald þingsins til þess að skifta sjer af starfrækslu embætta. Sumir líta svo á, að þótt embætti sje illa rækt, eigi þingið aldrei að tala um það. Hlýt jeg að vera annarar skoðunar. Öllum bæjarbúum, sem eitthvað vita, er kunnugt, að stjórn Landsbókasafnsins hefir verið mjög áfátt í mörg ár. Liggja fyrir þessu áþreifanlegar sannanir. Eftirlitsnefnd safnsins lagði niður starf sitt árið 1919, þar eð hún ekki treystist til þess að vinna með forstöðumanni safnsins. Í nefnd þessari áttu sæti 3 kennarar háskólans, einn úr hverri þessara þriggja deilda, lækna-, guðfræðis- og lagadeild. Eru þetta alt þjóðkunnir og mikilsmetnir menn. Taldi nefndin forstöðumanninn ófæran til að standa fyrir safninu. Var því skylda landsstjórnarinnar að hlutast til um, að breytt yrði um stjórn. Var ekkert gert í þessu máli þar til í vetur, að hv. 1. landsk. (SE), þáverandi forsrh., mun hafa sjeð, að við svo búið mátti ekki standa. Mun hann hafa skrifað háskólaráðinu og farið fram á, að það kysi nefnd að nýju til þess að fullnægja fyrirmælum laganna. En háskólaráðið neitaði að verða við tilmælum stjórnarinnar og sendi henni harðort brjef. Vona jeg, að hæstv. forsrh. (JM) vildi skýra frá því, hversvegna landsstjórnin gerði ekkert í þessu máli 1919.

Þetta frv. gerir ráð fyrir þeirri skyldu stjórnar og þings að sjá um, að hið megna óstand, sem nú er í Landsbókasafninu, verði ekki látið haldast. Landsbókasafnið hefir að geyma dýrmæta fjársjóði og handrit. Það má ekki vera í því ástandi, að háskóli vor, sem lögum samkvæmt ber skylda til þess að hafa eftirlit með því, neiti að framkvæma umsjónina sökum vanrækslu landsstjórnarinnar um stjórn safnsins. Jeg býst við, að einhverjir sjeu hjer í þessari hv. deild, sem ekkert vilja heyra um þetta, en enginn mun þó efast um,

að hjer er rjett skýrt frá. Enginn efast heldur um, að hjer verði að breyta til. Þrátt fyrir þetta get jeg eins vel búist við því, að frv. þetta verði felt, því að síst er Landsbókasafninu vandara um en smyglurunum í fyrra.

Tillaga mín, að láta hinn miður hæfa forstöðumann safnsins sem fyrst láta af stjórn þess, en við taka duglegan og merkilegan rithöfund, miðar að því, að Landsbókasafninu verði komið í gott lag, og endurbætt það, sem aflaga fer. Jeg tek það fram, að jeg kippi mjer ekki upp, þótt frv. verði felt. Það er á ábyrgð þeirra, sem það gera, og munu þeir fá óskertan heiðurinn af því að láta hið gamla vandræðaástand haldá áfram. Fyrir mjer vakir það eitt með þessu frv. að fá að Landsbókasafninu hraustan, duglegan, vel færan mann, í staðinn fyrir heilsubilaðan mann, sem eftirlitsnefnd safnsins hefir sýnt alveg óvenjulegt vantraust.

Forsætisráðherra (JM): Út af fyrirspurn hv. 5. landsk. þm. (JJ) um, hvað hafi gerst í þessu máli árið 1919, skal jeg geta þess, að það er satt, að þá kom kvörtun, en ekki harðort brjef, frá eftirlitsnefnd safnsins til landsstjórnarinnar. Var síðan bæði þetta brjef og svar landsbókavarðar lagt fyrir mentmn. Nd., en hún sá ekki ástæðu til að gera neitt frekar í þessu máli. Sje jeg ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þetta mál. Annars stendur eins á með þetta frv. og frv. um griskudósentinn. Annað frv. er komið fram í Nd. og er komið lengra en þetta, og teldi jeg verksparnað að bíða eftir því og sameina þetta alt.

Annars hefi jeg aldrei heyrt getið um, að nokkurt þing ljeti sjer detta í hug að leggja niður prófessorsembætti, sem var stofnað fyrir sjerstakan mann, og hefir þingið í því gengið lengra en dæmi eru til, þar sem það hefir sett nafn mannsins inn í lögin.

Sigurður Eggerz: Jeg stóð gegn stofnun þessa embættis, en hinsvegar er jeg sömu skoðunar og hæstv. forsrh. (JM), að jeg álít það ósamboðið virðingu þingsins að fella það niður, þar sem það er bundið við nafn ákveðins manns. Fyrv. stjórn bar fram frv. um samsteypu Landsbókasafnsins og Þjóðskjalasafnsins, og hygg jeg, að ekki sje hægt að færa nein gild rök gegn þeirri samsteypu, enda vona jeg, að hún nái fram að ganga. En hinsvegar yrði það alt of mikið starf fyrir landsbókavörðinn að vera jafnframt kennari í sálarfræði við háskólann. Þó að nú í augnablikinu mætti fá mann, sem gengt gæti báðum þessum embættum, þá er hinsvegar sýnilegt, að í framtíðinni eru engar líkur til þess, að sami maður hafi báða þá eiginleika að geta verið landsbókavörður og kennari í hagnýtri sálarfræði. Þessi störf eru svo ólík í eðli sínu.

Alt annað mál er að nota tækifærið, ef landsbókavarðarstaðan losnaði, til þess að bjóða Guðmundi Finnbogasyni hana, og ef hann vildi taka boðinu, þá færi vel á því, því að þá væri óþarfa embætti langt niður.

Um eftirlitsnefndina er það að segja, að jeg bað háskólann í vetur og aðra hlutaðeigendur að tilnefna menn í hana. Háskólinn neitaði því með tilvísun til fyrri brjefaviðskifta. En eftir mínum skilningi er háskólinn skyldugur að tilnefna þessa menn, og á hinsvegar engan rjett á því að ráða, hver er landsbókavörður í hvert skifti.

Það hefir komið til mála, þegar fyrir tveimur árum, að landsbókavörður beiddist lausnar. En hann mun ekki hafa sjeð sjer það fært, þar eð þau eftirlaun, sem hann á tilkall til, eru svo lítil, að ómögulegt er fyrir hann að lifa af þeim. Býst jeg við, að hann mundi gjarnan vilja beiðast lausnar frá starfinu, ef Alþingi veitti honum hæfileg eftirlaun.

Flm. (Jónas Jónsson): Mjer þykir mikið mein, að hæstv. forsrh. (JM) hefir ekki getað tekið ítarlegan þátt í umr. Tel jeg þá skýringu, sem hann gaf, vera ófullnægjandi. Játaði hann þó, að lögskipuð nefnd hafi neitað því árið 1919 að vinna með landsbókaverði. Gerði hún það vafalaust af því, að hún áleit hann ófæran til þess að gegna þessu starfi sökum heilsubilunar.

Hæstv. forsrh. (JM) segist hafa lagt brjef þetta fyrir þingnefnd, en hún ekki sjeð ástæðu til að gera neitt í þessu efni. Af ummælum hæstv. forsrh. (JM) má glögt sjá, að hann er mjer samdóma um, að þingið hefir í raun og veru fult vald til að skifta sjer af sliku og þvíliku, en ekki varð betur skilið, en að hann teldi rjettmætt, að stjórnin hirti ekkert um framkvæmd laga, ef þingmenn skiftu sjer ekkert af því. Nefndin skilaði að vísu engu áliti, að því er sjeð verður, en það er fullkominn kisuþvottur hjá þeim stjórnum, sem með völd hafa farið síðan, að afsaka eftirlitsleysi sitt með því, að einstakir þm. hafi máske fremur latt þær en hvatt til framkvæmda í þessu máli. Háttv. 1. landsk. (SE) viðurkendi meira að segja, að hann hefði ekki veitt því athygli, að umrædd nefnd væri til, fyr en það hefði borist í tal í hv. Nd. á síðasta þingi. Síðan hefir hann þó snúið sjer til háskólans og mentaskólans með tilmælum um, að þær stofnanir skipuðu hvor sinn manninn í nefndina. En hvað skeður? Háskólinn neitar að verða við þeim tilmælum og ber fyrir sig, að hann vilji ekki skifta sjer af safninu, fyr en skift sje þar um stjórn. Hjer rís hvert valdið móti öðru. Háskólinn gerir verkfall, eins og hann hafði áður gert 1919. Þá fengust við málið frá hans hálfu Lárus H. Bjarnason, Guðm. Hannesson og Haraldur Níelsson. Þarna eru því þrír af þektustu kennurum háskólans — og einn þeirra er nú orðinn hæstarjettardómari. Má gera ráð fyrir, að hann að minsta kosti sje betur að sjer í lögum en svo, að hann stofni til verkfalls, nema rjettmætt sje. Jeg hefði a. m. k. ekki verið með því að fækka dómendum í hæstarjetti, ef jeg gengi ekki út frá því, að þá hendi ekki slík fásinna að brjóta landslögin.

Hv. 1. landsk. (SE) hjelt því fram, að starf nefndarinnar ætti eingöngu að vera fólgið í því, að reyna að leiðbeina í einhverju um stjórn safnsins. En þegar nefndin neitar að vinna með núverandi stjórnanda þess, þá er skýlaus skylda landsstjórnarinnar að grípa til sinna ráða og gera þær breytingar, sem til heilla horfa. Því hvernig getur hæstv. stjórn búist við því, þegar prófessorar háskólans, sem eru safninu allra manna kunnugastir, neita að viðurkenna stjórn þess, að því sje þá forsvaranlega stjórnað. Jeg hefi nú fengið tvo hæstv. ráðherra, bæði núverandi og fyrverandi, til að viðurkenna ólagið á safninu. En samt hafa þeir látið við svo búið standa um mörg ár, þrátt fyrir mótþróa háskólans gegn því að nota löglegan eftirlitsrjett sinn vegna þess, að hann vildi ekki viðurkenna stjórn safnsins eins og

hún hefir verið. Stjórninni bar því skylda til að taka í taumana, og það því fremur, sem landsbókavörður hefir játað vanmátt sinn, að því er háttv. 1. landsk. þm. (SE) hefir upplýst, og jafnvel haft á orði að segja af sjer embættinu. (SE: Hann hefir ekki játað neinn vanmátt.) Ekki var annað að heyra á hv. 1. landsk. (SE), og enda ekki óeðlilegt, eins og málavöxtum er háttað.

Þá verð jeg að biðja hv. þingdeildarmenn vel að athuga, að hæstv. forsrh. (JM) er á móti frv. því, sem liggur fyrir hv. Nd. um afnám embættis Guðm. Finnbogasonar við háskólann. Verður því eigi að vænta neinna framkvæmda í hans tíð, að því er þann hluta verksins snertir. Þessi hv. deild á því ekki önnur ráð en að vísa frv. mínu til mentmn., að lokinni þessari umr., til þess að hún reyni að ráða fram úr málinu. Jeg hygg, að það orki ekki tvímælis, að hæstv. stjórnir hafa undanfarið of lítið skeytt aðvörunum háskólakennaranna í þessu efni. Er því ekki nema sjálfsagt, að þingið láti sig það einhverju skifta.

ATKVGR.

Frv. **felt** frá 2. umr. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÍP. JJ, SJ, EÁ, GÓ.
nei: IHB, JJós, JóhJóh, JM, SE, BK, EP, HSn, HSteins.

10. Stjórnarskrárbreyting.

Á 3. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. febr., var útbýtt:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands (þmfrv., A. 21).

Á 5. fundi í Ed., föstudaginn 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Magnússon): Það er hvorttveggja, að hjer þarf ekki langa framsögu, enda treysti jeg mjer ekki til að halda langar ræður í dag. Aðalatriði þessa máls eru kunn frá fyrri tímum, og ekki síst frá síðasta þingi. Fækkun þinga og ráðherra eru aðalatriði þessa frv., og að því er sparnað snertir er þingafækkunin aðalatriðið. Því hefir verið haldið fram, að enginn sparnaður væri í því að hafa reglulegt þing aðeins annaðhvert ár, því að reynslan hefði sýnt, að aukaþing voru haldin á hverju ári fyrir því. Þetta er ástæða, sem hefði mikla þýðingu, ef rjett væri. En aukaþing hafa aldrei verið haldin nema af sjerstökum ástæðum, einungis þegar brýn nauðsyn hefir krafið. Og síðan innlenda stjórnin kom, hafa engin þing verið haldin á árunum 1904—6—8 og 10. En 1912 og 1914 voru aukaþing, og þá vegna stjórnarskrárbreytinga. En svo kom ófriðurinn, sem ruglaði þessu, ekki síður en öðrum athöfnum. En nú má búast við, ef eitthvert framhald verður á þeirri sparnaðarviðleitni, sem nú virðist byrjuð, að aukaþing verði ekki haldið, nema brýna nauðsyn beri til. Annars hefir reynslan líka sýnt, að þingin voru ekkert lengri, meðan þau voru aðeins haldin annaðhvert ár, en þau eru nú, þegar þau eru haldin á hverju ári. Ef gera ætti róttækan sparnað við þinghaldið, gæti vel komið til greina að fækka þingmönnunum, því að við höfum miklu fleiri þingmenn en líklega öll önnur lönd, miðað við fólks-

fjölda. Ef hjer ætti t. d. sami fólksfjöldi að koma niður á hvern þingmann eins og í Englandi, ættum við ekki að hafa nema einn þingmann heilan og brot úr öðrum. Jeg segi nú ekki, að rjett sje að miða eingöngu við fólksfjölda, en vel mætti fækka þingmönnum hjer.

Þá er annað aðalatriði frv. þessa, að hafa aðeins einn ráðherra, og jafnframt landritara, sem jeg álít, að þurfi að vera, til þess að fá meiri festu í stjórnina. Landritaraembættið var í raun og veru framhald af landshöfðingjaembættinu.

Þá er ráðherrunum var fjölgað, var það aðallega gert vegna ýmissa örðugleika, sem að okkur steðjuðu vegna ófriðarins mikla. Annars skal jeg taka það fram, að jeg er þeirrar skoðunar, að ráðherrarnir eigi ekki að vera tveir. Ef þörf þykir að hafa þá fleiri en einn, tel jeg rjettara, að þeir sjeu þrír. Sparnaður við breyting í þessu efni er ekki sjerlega mikill, einar 10 þús. kr. En það, sem jeg legg mestu áhersluna á, er að fá landritara eða landshöfðingjaembættið aftur.

Um önnur atriði frv. skal jeg ekki fjölyrða, því að þau eru að mestu fólgin í því að hverfa að því er áður var, og þá sjerstaklega að því, er var áður en stjórnarskránni var breytt síðast og ráðherrunum fjölgað. Þó er eitt nýmæli, er jeg vil minnast á, og það er, að hæstirjettur dæmi um, hvort þingmenn sjeu rjettkosnir. Jeg tel það engan skaða fyrir þingið, þó að það losni við þetta, því að oft hefir það verið sakað um, að úrskurðir þess væru hlutdrægir. Jeg segi ekki, að ásakanir þessar hafi verið rjettmætar. Þegar komið hefir til orða áður að láta dómstólana skera úr þessu, þá hefir því einatt verið haldið fram, að engin kosning myndi standast fyrir dómstólunum, svo mjög sem þær væru oft gallaðar. En þetta er hreinasti misskilningur á störfum dómara, því að þeir dæma ekki altaf eftir bókstaf laganna, eins og margir halda.

Legg jeg svo til, að frv. þetta sje látið fara í nefnd, og þá gjarnan í allsherjarnefnd, en ef nauðsynlegt þykir, þá má bæta við mönnum. — Þyki rjettara að kjósa sjerstaka nefnd, þá er jeg fyrir mitt leyti ekkert á móti því.

Jónas Jónsson: Jeg styð till. háttv. 4. landsk. (JM), um að láta frv. þetta fara í allsherjarnefnd, með því skilyrði, að við hana verði þá bætt tveim mönnum.

Forsætisráðherra (SE): Jeg skal strax geta þess, að aðstaða mín til þessa máls er hin sama og á síðasta þingi. Og nú er ástæða sú, sem háttv. 1. þm. Skagf. (MG) færði þá fram fyrir breytingunni, sem sje sú, að kosningar lægju fyrir dyrum, og því væri hægt að koma breytingunni á, án sjerstaks kostnaðar, með öllu fallin í burtu.

Jeg vil taka það fram og leggja sjerstaka áherslu á það, að stjórnarskráin er aðeins fárra ára gömul, en orðin til gegnum margar eldraunir. Þau aðalatriði, sem nú eru borin fram fyrir stjórnarskrárbreytingu þessari, eru fækkun þinga og fækkun ráðherra. Þótt nú þessar kröfur sjeu ekki fleiri nú, þá er það alveg víst, að þær koma fram miklu fleiri, ef fara á að breyta stjórnarskránni á annað borð, ekki einungis frá þinginu sjálfu, heldur og líka frá allri þjóðinni. Því er nú mjög haldið fram, að þetta sje gert af sparnaðarástæðum. En það hefir sýnt sig, að á

þeim tímum, sem þing átti aðeins að vera annaðhvert ár, var það venjulega á hverju ári, og jeg er sannfærður um, að þó að nú verði gerð sú breyting á, að þing skuli háð aðeins annaðhvert ár, þá verður það á hverju ári fyrir því. Hefði t. d. ekki átt að vera þing í ár, er jeg sannfærður um, að engin stjórn hefði getað annað en kallað saman aukaþing nú, fyrst og fremst vegna kjöttollsmálsins, og í öðru lagi vegna fiskiveiðalöggjafarinnar. Jeg er því sannfærður um, að þessi sparnaður sje meira í orði en á borði.

Hitt atriðið, að hafa aðeins einn ráðherra og landritara, verð jeg að telja miður heppilegt, því að í fjarveru ráðherra erlendis færi þá ábyrgðarlaus maður með æðstu völdin í landinu. Rjettast hygg jeg vera að hafa ráðherrana þrjá. Því að mál þau, sem undir þá liggja, eru svo þýðingarmikil fyrir þjóðina, að úrslit þeirra verði að fá sem ítarlegasta yfirvegun. Ef hinsvegar ætti að gera róttækan sparnað á þinghaldi, þá gæti jeg miklu betur sætt mig við, að þingmönnum væri fækkað, en þing hinsvegar haldið á hverju ári.

Annars tel jeg, að sist ætti að gera leik að því, þegar búið er að fá stjórnarskrá, sem í flestum atriðum er óaðfinnanleg, að hrapa að því að breyta henni. Jeg vil því spyrja, hvort nú sjeu þeir tímar, að rjett sje að kasta þjóðinni inn í nýjan kosningaeld, einmitt þegar kosningar eru nýafstaðnar. Jeg spyr þessa í fullri alvöru, því að hjer standa að þeir menn, sem framarlega standa í tveimur aðalflokkum þingsins. En jeg tek það fram fyrir mitt leyti, að jeg mun enga ábyrgð taka á slíkri ráðstöfun.

Flm. (Jón Magnússon): Því hefir verið haldið fram, að ekki væri rjett að stofna til nýrra, almennra kosninga nú, svona alveg eftir nýafstaðnar kosningar. Jeg skal vitanlega játa það, að heppilegra hefði verið, ef breyting þessi hefði verið samþykt í fyrra. Mjer finst þessi ástæða samt ekki fyllilega á rökum bygð. Í því sambandi hefir verið haldið fram, að nýjar kosningar hefðu svo mikinn kostnað í för með sjer, að ógerningur væri þess vegna að samþykkja stjórnarskrárbreytingu nú þegar. Jeg get ekki enn fallist á, að það sje nægileg ástæða. Fyrir ríkissjóð er kostnaðurinn ekki mikill. Að vísu kosta alþingiskosningar í kaupstöðum talsvert, en svo er um bæjarstjórnarkosningar einnig; og er hvorttveggja borgað af einstökum mönnum. Í sveitum er kostnaðurinn við alþingiskosningar ekki ýkjamikill, að jeg hygg.

Þá er sú ástæðan, sem mjög var notuð gegn stjórnarskrárbreytingunni í fyrra, sú, að stjórnarskráin væri ung og hefði fengist eftir mikla baráttu. En þar til er því að svara, að sú barátta stóð aðallega um sjálfstæðismálið, en ekki um stjórnarskrána sjálfa í raun og veru. En nú er það úr sögunni.

Annars veit jeg ekki betur en að aðrar þjóðir breyti stjórnarskrám sínum, þegar þeim þykir þess þörf. Þannig hafa t. d. Norðmenn breytt stjórnarskrá sinni fyrir eitt atriði, og fleiri þjóðir hafa gert svipað. Nei, spurningin verður einungis sú: er þetta þarft eða ekki? Sje þörf á breytingunni, er sjálfsagt að framkvæma hana, hvort sem kosningar eru nýafstaðnar eða ekki.

Þá hefir mjög verið talað um, að óhæfilegt væri að hafa ábyrgðarlausan

landritara, er gegni störfum ráðherra í fjarveru hans. Sje nú litið á sögu annara þjóða, er það ekki vanalegt, að ráðherrar sjeu látnir sæta ábyrgð fyrir gerðir sínar. Eru því fá dæmi þess, að hin sjerstaka ráðherraábyrgð sje framkvæmd. Annars lít jeg svo á, að lítill munur sje í framkvæmd á hinni pólitísku ábyrgð ráðherra og ábyrgð þeirri, sem hvílir á embættismönnum yfirleitt. Vitanlega hefði landritari embættisábyrgð.

Þá kem jeg aftur að því atriði, að ekki megi breyta stjórnarskránni, af því að hún sje svo ung. En því skyldi ekki mega breyta henni fyrir þá sök? Væri kannske meiri ástæða til að breyta henni, ef hún væri gömul og hefði reynst vel? Jeg held ekki. Þess ber nú að gæta, að þeir tímar, sem við lifum á, eru svo breytilegir, að varla eru dæmi slíks í hinni pólitísku sögu þjóðanna. Gæti þetta út af fyrir sig verið nægileg ástæða til að breyta þyrfti stjórnarskránni.

Þá vil jeg, að gefnu tilefni, geta þess, að jeg ber einn ábyrgð á þessari stjórnarskrárbreytingu, sem jeg ber fram. Stendur þar enginn flokkur á bak við, eins og virðist vera bak við hitt frv., sem fram er komið.

Þá vil jeg enn geta dálítillar breytingar, sem frv. mitt gerir ráð fyrir, en jeg gleymdi að minnast á í framsöguræðu minni. Breyting þessi gengur í þá átt, að forsætisráðherra geti komist af með að fara eina ferð utan á ári hverju. Hún er því sú, að hann megi fela öðrum að bera fram fyrir konung lög, lagafrumvörp og meiri háttar málefni. Það hefir vitanlega verið venja, að forsætisráðherra færi utan og gerði þetta sjálfur. En jeg tel engan skaða, þó að öðrum væri falið þetta, sem ekki bæri beinlínis pólitíska ábyrgð.

Að lokum vil jeg undirstrika það, að það fyrirkomulag, sem áður var, að hafa einn ráðherra og landritara, mun reynast fult eins trygt og þó að ráðherrarnir væru fleiri en einn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 11 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., laugardaginn 15. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 115).

Frsm. meirihl. (Jón Magnússon): Um þetta mál tel jeg óþarfa að tala mikið nú, því að fyrst og fremst er það vel kunnugt frá þinginu í fyrra, og ennfremur var það rætt allmikið við 1. umr. hjer í þessari hv. deild nú. Ætla jeg því lítlu að bæta við álit meirihlutans, en aðeins drepa á það, sem þar er ekki sjerstaklega minst á, og er það aðallega 13. gr. Er hún aðeins til þess að segja með berum orðum það, sem jeg tel, að sje fyrir í stjórnarskránni, að ekki megi veita fje efir þingsályktunartillögum. Þetta hefir komist á, eftir ákvörðun þingskapanna. Þá er 10. gr. frv., um að fella niður síðari málsgrein 30. gr. stjórnarskrárinnar. Því að sú breyting hefir komist inn í stjórnarskrána 1915, að dómendur, sem ekki hefðu umboðsstörf á hendi, mættu ekki eiga sæti á Alþingi. Þetta tel jeg álitamál, og er ekki viss um, að rjett sje að halda þessu ákvæði, ef ekki er þá gengið lengra í þessu efni. Annars geri jeg þetta atriði ekki að neinu kappsmáli.

Þá vil jeg með nokkrum orðum snúa mjer að áliti minnihlutans. Þar er tekið svo til orða, sem ekki er beinlínis rangt, en getur valdið misskilningi, að allir Framsóknarflokksmenn í Ed. hafi borið fram stjórnarskrárbreytingu í þingbyrjun, og jeg borið fram um leið samskonar frv. og fjell í Nd. í fyrra. Við þetta er það að athuga, að jeg afhenti mitt frv. tveimur sólarhringum fyr en Framsóknarmenn sitt. En það munu hafa verið fyrstu málin, sem þingmenn báru fram á þinginu.

Um það skal jeg ekki deila, hvort þriggja ráðherra stjórn hafi í upphafi veirð sett mín vegna, því að það skiftir litlu máli. En hafi svo verið, tel jeg það sóma fyrir mig.

Þá kem jeg að þingafækkuninni. Um hana virðist ekki þurfa að deila, því að þar erum við hv. 5. landsk. (JJ) samdóma. Um tölu ráðherra sje jeg ekki heldur ástæðu til að fara að tala mikið um nú, því að það var gert allmjög við 1. umr. þessa máls hjer í deildinni. Hvort rjett sje að hafa þá einn eða fleiri, verður hver og einn að gera upp við sjálfan sig. En það vita þó allir, að lengi var hjer aðeins einn ráðherra, og þing þá annaðhvert ár. Og úr því að það hefir verið, hefir það þó getað verið. Og jeg get ekki viðurkent það, að sú breyting að fækka ráðherrum, sje nokkuð í einveldisáttina, eins og haldið hefir verið fram í nál. minnihl.

Það er rjett, sem háttv. frsm. minnihl. heldur fram í nál., að þetta frv., sem jeg ber hjer fram, er að nokkru leyti hið sama og frv. það, sem borið var fram í hv. Nd. í fyrra. Þetta frv. er bara miklu ákveðnara.

Þó að hjer yrði aðeins einn ráðherra, þá get jeg ekki sjeð, að það þyrfti að taka svo mikið tillit til veislulífs hans, eins og háttv. frsm. minnihl. virðist halda fram, nema ef vera kynni, að þyrfti að veita honum eitthvað meiri laun sökum þess.

Annars er lenging kjörtímabilsins það, sem jeg býst við, að verði aðalágreiningsatriðið. Og það er að vísu ekkert óeðlilegt, þó að svo geti verið. En jeg vil benda þeim hv. þm., sem þykir 6 ár of langt kjörtímabil, á það, að eftir þeirra röksemdum væru 4 ár einnig of langt kjörtímabil. En það munar hinsvegar svo litlu, hvort það er 4 ár eða 6, að það má segja, að það sje hreint álitamál, hvort rjettara sje. Það er styttra hjá sumum þjóðum, en aftur lengra hjá öðrum, og það hjá þjóð eins og Englendingum, sem meta þingræðið mjög mikils; þar er kjörtímabilið lengra, jeg hygg venjulega talið 5 ár. (JJ: Það eru líka mjög oft aukakosningar í Englandi.) Já, það er sjaldan, að líði svo langur tími milli kosninga í Englandi, og svipað mundi líka sjálfsagt verða oft hjer, ef kjörtímabilið væri 6 ár.

Það, sem aðallega gerir, að jeg vil lengja kjörtímabilið, er það, að mjer finst nokkuð lítið, að þingmenn sitji aðeins tvö þing, eins og verða mundi, ef þingum væri fækkað, án þess að kjörtímabilið væri lengt, en ef það verður 6 ár, þá situr þó hver þingmaður 3 þing, og úr því að lengt er kjörtímabil hinna kjördæmakjörnu þm., þá fanst mjer eðlilegt, að kjörtímabil hinna landskjörnu sje einnig lengt um þriðjung, sem sje úr 8 árum í 12. Hvað því viðvíkur, að það sje illa viðeigandi, að þeir landsk. fari sjálfir að útvega sjer lengra kjörtímabil en nú er, þá sje jeg ekki ástæðu til að fara að deila um það. Það verður að vera komið undir atkv. háttv.

deildarmanna, hvort það fær fram að ganga. Og þótt þeir landsk. vildu, þá gætu þeir ekki ráðið þessu einir, enda ólíklegt, að þeir hafi mikla tilhneigingu til að gera slíkt í hagsmunaskyni, því að það er að minsta kosti ekki mikill fjárhagslegur hagnaður að því að sitja á þingi.

Þótt háttv. frsm. minnihl. þyki 12 ár óhæfilega langt kjörtímabil, þá finst mjer það vera hreint álitamál, hvort betra sje að hafa það 8 ár eða 12. Og þótt háttv. flm. finnist ekki mega lengja kjörtímabil þeirra manna, sem á þingi sitja, þá finst mjer, að það mætti engu síður gera en stytta það, og taka þannig tímann frá þm., en það var gert, þegar þetta ákvæði var sett, að kjörtímabilið skyldi vera 8 ár, því áður var það 12 ár.

Jeg er því samdóma, að á kostnað ríkissjóðs beri ekki að líta í þessu sambandi, því hann er svo hverfandi lítill. Öðru máli er að gegna um kostnað einstakra manna við alþingiskosningar, en það getur þó ekki ráðið úrslitum þessa máls.

Því er haldið fram, að kjósendur hafi ekki beðið um þetta, en mjer finst yfirleitt vera örðugt að segja um það, hver sje hinn eiginlegi vilji kjósenda í einstökum málum. Kjósendur hafa yfirleitt ekki tíma til að setja sig inn í öll mál, og skoðanir þeirra fara því oft eftir því, hvernig málin eru túlkuð fyrir þeim.

Jeg skal svo ekki fara frekar út í þetta mál. Það er ekki rjett, að jeg hafi frv. þetta, eða hugmyndina til þess, að nokkru leyti frá hv. Framsóknarflokksmönnum, það er svipað frv. því, sem borið var fram í fyrra í þinginu og hefði komist í gegnum þingið, ef það hefði ekki einmitt strandað á mótstöðu frá Framsóknarmönnum. Annars finst mjer ekki þýða að vera að halda langar ræður um þetta mál. Hv. þm. verða að gera það upp með sjálfum sjer, hvort þeir vilja þessa breytingu eða ekki.

Frsm. minnihl. (Jónas Jónsson): Jeg get verið hv. frsm. meirihl. sammála um það, að langar ræður hafi hjer yfirleitt ekki mikið að þýða, því að þær breyta ekki afstöðu manna til málsins. En að því leyti, sem hjer koma fram ólíkar skoðanir, verður ekki hjá því komist að gera grein fyrir þeim frá báðum hliðum.

Við höfum búið við það fyrirkomulag frá því Alþingi var endurreist, að hafa þing aðeins annaðhvert ár. Altaf varð samt við og við að halda aukaþing. En eftir 1910 var altaf haldið þing á hverju ári, og einusinni tvisvar á ári, og að síðustu var það lögfest, að þing skyldi vera á hverju ári. Mjer finst þetta koma nokkuð þessu máli við, einkum að því er snertir suma hv. meðdeildarmenn mína, þá, er sátu á þingi, þegar þessi venja myndaðist.

Og hvað ráðherrafjölguninni viðvíkur, finst mjer það koma töluvert þessu máli við, að það var einmitt háttv. 4. landsk. þm. (JM), sem var einna mest við hana riðinn, því að það var hann, sem myndaði stjórn, þegar ráðherrum var fjölgað, og það var þá ekki hægt að mynda stjórn öðruvísi en með 3 ráðherrum. Og síðan hafa ráðherrar ætíð verið annaðhvort 2 eða 3, og það jafnt síðan stríðið hætti, og háttv. 4. landsk., sem manna mest hefir mótað meðferð þessara mála á síðari árum, af því að hann hefir verið stjórnarforseti, hefir ekkert hugsað um að breyta því, fyr en nú, þótt hann haldi fram, að þetta hafi

verið aðeins bráðabirgðaráðstöfun. Er það líka sannarlega engin ástæða til að breyta þessu, því að ástandið er þannig nú, að þau störf, sem ráðherrar þurfa að inna af hendi nú, eru engu minni eða einfaldari en þau hafa verið, síðan ráðherrum var fjölgað, og ráðherraefni munu ekki vera svo mikið efnilegri nú en áður, að ástæða sje til að ætla, að þeir geti unnið meira en eins eða tveggja manna verk.

Hvað þingflokkana snertir, þá veit jeg ekki betur en það hafi verið jeg, sem fyrstur kom fram með þá hugmynd á seinni árum, að hafa þing annaðhvert ár. Að minsta kosti kom það fyrst fram í því blaði, sem jeg hefi skrifað mikið í, nefnilega Tímanum.

Þegar frv. um þetta efni kom fram í þinginu í fyrra, var því almenn ánægja yfir því í Framsóknarflokknum, og flokkurinn samþykti að styðja að því, að þingafækkunin næði fram að ganga, svo framarlega, að ekki væru gerðar neinar aðrar verulegar efnisbreytingar á stjórnarskránni, en þá var komið fram með ýmsa „fleyga", sem sýnilega voru til þess ætlaðir að drepa frv., og urðu líka til þess. Jeg skal geta þess, að það er ekki rjett í minu nál., að það hafi staðið í stjórnarskrárfrv. hv. 1. þm. Skagf. (MG) í fyrra, að landritaraembættið skyldi stofna. En þessi breyting var undirskilin.

Og jeg get getið þess, úr því jeg er farinn að kalla brtt. „fleyga", að það var einmitt sú brtt., um að taka upp aftur landritaraembættið, sem varð frv. að fótakefli, og jeg er hræddur um, að raunin verði hin sama nú. Og mjer finst það mjög óheppilegt að leggja svo mikla áherslu á atriði, sem enginn sparnaður getur orðið að, eins og það að hafa landritara í staðinn fyrir ráðherra.

Ef vjer lítum á þessi tvö frv. til breytinga á stjórnarskránni, sem hjer liggja fyrir á þskj. 21 og 22, þá finst mjer að mætti tákna þau þannig, að annað frv., það frv., sem aðeins fjallar um þingafækkunina og að ráðherrar skuli vera tveir, sje frv. til breytingar á stjórnarskránni. En hitt finst mjer mætti vel nefna frv. til aukningar skrifstofuvaldsins á Íslandi, eða um minkun kjósendavaldsins í landinu. Það er þar horfið inn á þá braut að breyta undirstöðunni undir valdinu í landinu. Því hefi jeg farið fram á það í nefndinni að fella burt úr frv. á þskj. 21 allar breytingar aðrar en þær, sem eru í frv. á þskj. 22. Jeg vildi sjá, hvort ekki væri hægt að ná samkomulagi um þingafækkunina, því að að því getur orðið mikill sparnaður, og það er samkvæmt óskum kjósenda yfirleitt, að þingum sje fækkað. En um hitt, að lengja kjörtímabilið og taka upp aftur landritaraembættið, hefir ekki komið fram nein krafa frá þjóðinni, og því ekki ástæða til að vera að gera slíkar breytingar, enda má segja, að það sje að fara aftan að þjóðinni að gera slíkt að henni fornspurðri.

Jeg skal líka geta þess, að jeg hefi fallið frá kröfunni um að lögbinda tölu ráðherra. Það er ekki vegna þess, að mjer hafi snúist hugur, heldur til þess, að frekar verði hægt að ná samkomulagi, svo að hægt væri að sameinast um aðalatriðið, sem er fækkun þinganna. Sú venja er nú þegar komin á, að ráðherrar sjeu 2, og þótt stjórnarskráin hefði ekki neitt ákvæði um það, þá býst jeg þó við, að sú venja mundi haldast og verða óskrifuð lög. Og jeg fyrir

mitt leyti hefði ekkert á móti því, þó að sú venja myndist, að eitthvað af okkar stjórnarlögum yrði óskrifað. Og mjer finst, að slíkt mætti vel vera, því að í sjálfu móðurlandi þingræðisins er einmitt stjórnarskráin óskrifuð lög, sem myndast hafa með venju.

Jeg þykist nú hafa gert nægilega grein fyrir því, hversvegna jeg hefi fallið frá því að fækka ráðherrum með breytingu á stjórnarskránni. Það er nefnilega vegna þess, að það hefir þegar myndast sú venja, að þeir væru aðeins tveir. Aðalatriðið fyrir mjer er að spara á þinghaldinu. Það gæti vel verið, að jeg gæti síðar orðið með þinghaldi á hverju ári, ef fjárhagurinn batnaði, og einkum ef vinnubrögðum þingsins yrði hagað svo, að þingið stæði ekki nema mánuð eða sex vikur. T. d. ef þingið yrði flutt til Þingvalla árið 1930, þá gæti vel verið, að jeg yrði með því að hafa þing á hverju ári, því að það er líklegt, að kostnaðurinn yrði minni þar. Yfirleitt vil jeg, að alt sje gert, sem hægt er, til þess að minka kostnað við þingið og hafa það sem styst. Því hefi jeg hugsað mjer að bera fram till. til breytingar á þingsköpunum, þannig, að fjárveitinganefnd sje kosin í lok hvers þings fyrir næsta þing á eftir, og svo komi hún saman og taki til starfa nokkru fyr en þing byrjar, svo að þingið gæti orðið sem styst. Og fleiri ráð en þetta eina mætti sjálfsagt finna til að stytta þingið, og það er sjálfsagt að gera eins og hægt er, jafnt þó að það sje háð aðeins annaðhvert ár.

Hæstv. forsrh. (SE) benti á, að það mundi verða þing á hverju ári, þó að lögákveðið væri, að það skyldi heyja annaðhvert ár, því að aukaþing mundi oft verða kvatt saman. Jeg skal játa það, að það er mjög líklegt, að aukaþing mundu verða stundum, en aukaþing eru venjulega nokkru styttri en fjárlagaþing.

Mjer skildist á hæstv. forsrh., að hann mundi hafa kvatt þingið saman nú, þótt ekki hefði verið skylda til þess, og mjer finst líka, að full ástæða hefði verið til þess, og það mundi nú á þessum tímum oft vera ástæða til að kveðja þingið saman, þótt ekki væri skylt að halda það nema annaðhvert ár.

Jeg tek þetta fram til að sýna það, að jeg tel alls ekki víst, þótt þingum væri fækkað að lögum, að ætíð yrði hægt að komast af með þing annaðhvert ár.

Í frv. háttv. 4. landsk. eru þrjú meginatriði fyrir utan þingafækkunina. Og um eitt þeirra, það, að hæstirjettur skuli skera úr um gildi kosninga, skal jeg taka það fram, að mjer finst það ekki skifta mjög miklu máli, en jeg vil þó ekki greiða atkvæði mitt með því, ef það stofnar í hættu aðalbreytingunni. Um hitt, fækkun ráðherra ásamt stofnun landritaraembættisins og lenging kjörtímabilsins, er aðal meiningarmunurinn. Með þessari breytingu finst mjer vera verið að stíga spor aftur á bak og koma á aftur fyrirkomulagi, sem ekki á hjer lengur við. Enda eru brtt. þessar betur til þess fallnar að tefja málið en verða þjóðinni til gagns.

Jeg vil leiða nokkur rök að því, að ekki sje holt að minka áhrif þjóðarinnar á meðferð mála.

Það sjerstaka fyrirbrigði, sem kallað er gengi, virðist nú vera að koma þjóðinni á vonarvöl. Ef íslenska krónan fellur í verði, eins og peningar Miðevrópuþjóðanna, þá verða þjóðareignirnar keyptar upp af erlendum auðmönnum. Og við verðum þá eins og útlendir borgarar í ókunnu landi. Og

það er að vísu vitanlegt, að gengi getur alveg eins fallið, þótt ráðherrar sjeu tveir eða þrír. En það, sem jeg vildi benda á, að hver þjóð á svo mikið undir stjórn landsins, að ófært er að láta velferð heils lands hvíla á lífi og heilsu eins manns. Gengishrunið í löndunum stafar af óstjórn á fjelagsmálunum. Sje stjórn landanna veik, kemur ólánið fram í ótal myndum.

Því hefir verið haldið fram í nál. meirihl., að betra eftirlit yrði með embættismönnum landsins, ef altaf væri fastur maður í stjórninni, sem hefði þetta eftirlit. En jeg veit ekki betur en að stjórnarráðið eigi nú að hafa þetta eftirlit og að það heyri aðallega undir skrifstofustjórana. Og í þeim efnum hafa þeir mikið vald. Jeg vil því undirstrika það, að jeg tel mjög óheppilegt að láta annan ráðherrann, sem kallast þó landritari, vera æfilangt fastan starfsmann, því að ef hann reynist illa, getur verið erfitt að losna við hann. Vjer höfum þess mýmörg dæmi, að vont getur verið að losna við slíka miður heppilega menn í föstum embættum. Vjer verðum því að hverfa að öðru en þingstjórn, ef hætta á við lýðstjórnina, t. d. einveldi eins manns eða heilla stjetta, fyrirkomulagi, eins og nú er í Ítalíu eða Rússlandi. Hvorttveggja er stjórnarfar, sem eigi byggist á vilja borgaranna í landinu. En ef vjer viljum halda fast við það fyrirkomulag, sem nú er löghelgað: að borgararnir ráði hverjir stjórni landinu, þá getur þessi breyting ekki átt við. Jeg hefi áður gert grein fyrir því, að jeg vil í engu rýra vald þetta, svo að það verði nafnið tómt. Við val forsætisráðherra gera menn oft aðrar kröfur til hans en að hann sje beinlínis duglegur stjórnari. En eins og öllum er kunnugt, fer það ekki altaf saman, að þeir, sem eru kanske vel fallnir að hafa á hendi frammistöðu í veislum og koma fram fyrir hönd þjóðarinnar innanlands og utan, sjeu duglegir og öruggir stjórnarar. Getur þetta þó komið fyrir, en er þó ekki hægt að ganga að því vísu. Jeg teldi það því mikinn skaða, ef í viðbót við þá skerðing á valdi borgaranna, sem stofnun landritaraembættisins hefir í för með sjer, yrðu ef til vill oft valdir í ráðherrastöðu menn, sem betur eru fallnir til að halda veislur og tala við hispursmenn um ljettvæga hluti og þýðingarlitla heldur en að ráða fram úr erfiðum vandamálum. Jeg teldi heldur enga bót ráðna á þessu með því að lengja kjörtímabilið, eins og hv. 4. landsk. (JM) vill, heldur þvert á móti, að með því sje aukið við ólagið. Álít jeg það tæplega siðferðilega rjett. Annað mál væri, hvort eigi bæri að stytta kjörtímabilið. Hv. 4. landsk. (JM) vill lengja kjörtímabilið úr 4 og 6 árum í 8 og 12 ár. Jeg álít 4 ár fulllangt og kysi skemri tíma, þótt jeg ekki fari fram á það nú. Munar það mjög miklu, hve kjósendur hafa meiri tök á þingmönnum sínum, ef kjörtímabilið er stutt, heldur en ef það er langt. Það er algengt í Englandi, að stjórnin leysi upp þingið, og ef hverfa ætti að nýrri venju í þeim efnum hjer á landi, mundi jeg ekki greiða atkvæði á móti lenging kjörtímabilsins í 6 ár. En hjer hefir aldrei verið rofið þing af sömu ástæðu og t. d. í Englandi, eins og nú nýverið, er það kom til greina, hvort hefja skyldi tollvernd eða ekki. Þess vegna þýðir ekki að vitna í venjur Englendinga um þetta. Í hinu pólitíska uppeldi þjóðarinnar eru kosningar stór liður. Jeg vil

leggja áherslu á það, að borgararnir skapa sjálfir sína eigin gæfu. Þegar þess er gætt, að búast má við, að aukaþing verði haldin töluvert oft, fellur burt sú ástæða hv. 4. landsk. (JM), að þingmenn hafi aldrei sæti nema á tveim þingum milli kosninga. Þeir geta vel haft 3 þingsetur og stundum máske 4, á meðan þessir vandræðatímar standa. Og þótt þingmennirnir eigi ekki sæti nema á 2 þingum, geri jeg ekki mikið úr tapinu fyrir þingstörfin, en legg aðaláhersluna á, að fulltrúarnir verði með hæfilega löngu millibili að leggja gerðir sínar undir dóm þjóðarinnar. Jeg tek það fram, að jeg álít, að landkjörtímabilið ætti ekki að vera nema 4 ár, en til að stofna ekki aðalmálinu í hættu, hefi jeg ekki borið fram brtt. um það.

Með landskjörinu finst mjer hafa verið sókst eftir því að gefa sæti á þingi nokkrum mönnum, sem ekki eru fulltrúar sjerstakra kjördæma og geta að því leyti verið óháðir hjeraðsóskum. Aftur á móti gæti það verið mjög óheppilegt fyrir landið, að þeir sætu á þingi mjög lengi án endurkjörs. Þótt jeg kysi ýmsar breytingar á stjórnarskránni, tel jeg ekki unt að koma þeim í framkvæmd í skyndi, og greiði því atkv. á móti öllum brtt. á þingskjali 21, nema þeim, sem lúta að þinghaldi annaðhvert ár. Og þótt brtt. minnihl. yrðu feldar, mundi jeg ekki greiða atkv. á móti frv. til 3. umr., enda vænti jeg þess, að hv. meirihl. komi þá með brtt., sem geri frv. aðgengilegra. En ef hv. meirihl. gerir meiri háttar efnisbreytingar við 3. umr., mun jeg ef til vill koma með efnisbreytingar. Því að ef á annað borð eru gerðar verulegar efnisbreytingar, munar ekki neinu, hvort brtt. eru einni fleiri eða færri. En jeg hefi haldið mjer frá brtt. af því, að jeg hefi viljað, að athygli þingsins gæti í þessu máli beinst sem mest að því, sem er aðalatriðið.

Forsætisráðherra (SE): Eina brtt., sem báðir nefndarhlutarnir hafa orðið ásáttir um að gera á stjórnarskránni, er ákvæðið um, að þing skuli vera annaðhvert ár. Skilst mjer, að það sje borið fram af báðum sem sparnaðaratriði.

Hv. minnihl. sagði, sem er alveg rjett, að síðan 1911, að því ári meðtöldu, hafi þing verið haldið árlega, og eitt árið tvö. Ætti þetta að benda til þess, að þetta sje ekki neitt sparnaðaratriði. Jeg býst við, að allir sjeu sammála um, að hver stjórn hefði hlotið að kalla saman þing vegna máls eins og t. d. kjöttollsmálsins; hún hefi gert það, þótt eigi hefði átt lögum samkv. að halda þing í ár. Líf og hættir þjóðarinnar eru orðnir svo margbreytilegir, að ekki er hægt að hugsa sjer þann möguleika að hafa ekki þing árlega. Og vegna þessa væri það ekki vel ráðið að fara að samþ. þessa stjórnarskrárbreytingu og vekja upp alla þá gömlu drauga, sem komast á gang, er slíkar breytingar verða.

Jeg óska ekki eftir byltingum nje breytingum á núverandi þjóðfjelagsfyrirkomulagi. Jeg vil vernda það eftir mætti. Og jeg segi þeim, sem eins hugsa, að það skiftir miklu, að þingið komi saman árlega, og liggur í því mikil trygging fyrir því, að ráðum þjóðarinnar verði betur ráðið en ella kynni að verða. En reynslan hefir sýnt og mun sýna, að þótt breytingin verði samþykt, mun hún verða þýðingarlaus. Þingið verður kallað saman árlega eftir sem áður.

En ef svo væri litið á, að vjer hefðum eigi ráð á því að halda þing árlega, legg jeg til, að sú leið verði farin, að fækka

fulltrúunum. Jeg vil heldur hafa 24 manna þing árlega en 42 manna þing annaðhvert ár. Það er nú búið að vekja upp þann draug hjá þjóðinni, að með fækkun þinga megi spara svo mikið fje; það getur reynst erfiðara að kveða drauginn niður. Þetta hafa bæði háttv. meiri- og minnihl. sjeð, og því eru þeir nú í öngum sínum.

Hvað snertir þá breytingu á stjórnarskránni að hafa einn ráðherra og með honum einn landritara, þá get jeg ekki fallist á það. Jeg hygg ekki, að ástæðan til þess að ráðherrum var fjölgað, hafi eingöngu verið stríðið, eins og haldið hefir verið fram, heldur hygg jeg, að menn hafi litið svo á, að þau ráð, sem ráða ætti, væru svo stór og þýðingarmikil fyrir þjóðina, að það þætti borga sig að hafa fleiri en einn ráðherra. Þótt einn maður gæti vafalaust annast dómarastörfin í æðsta dómi landsins, hæstarjetti, þá dytti engum manni í hug að taka upp það fyrirkomulag, vegna þess, að trygging borgaranna heimti, að þeir úrskurðir sjeu í höndum fleiri manna.

Það getur enginn neitað því, að þau ráð, sem stjórnir verða að ráða, geti haft ákaflega mikla þýðingu fyrir þjóðina, og það er altaf meiri trygging í þriggja manna stjórn, að ekkert verði gert, er kynni að verða til skaða fyrir þjóðina, því að betur sjá augu en auga. En jafnvel þó að það væri rjett, að ráðherrarnir hafi verið teknir vegna stríðsörðugleikanna, þá leyfi jeg mjer að spyrja: Eru örðugleikarnir minni nú en þá? Jeg efast um að svo sje.

Þegar rætt er um fyrirkomulag stjórnarinnar, þá má ekki gleyma því, að vitanlega eru öll endanlegu ráðin í höndum ráðherrans, og hljóta að vera. Þetta er háttv. 4. landsk. (JM) vel kunnugt um, enda er þetta mjög eðlilegt, því að ráðherra ber einn ábyrgð á öllum framkvæmdum. Og enda þótt landritari kæmi aftur, þá verður afstaða hans til ráðherra mjög svipuð því, sem afstaða skrifstofustjóra stjórnarráðsins er nú. Því að hver vill taka að sjer að vera ráðherra, ef hann ætlar sjer ekki í öllum verulegum málum að hafa síðasta orðið?

Því miður þá finst mjer margt, sem nú kemur fram hjer á Alþingi, bera vott um mikla breytingagirni. Hjer er altaf verið að breyta, og helst því, sem menn gera sjer síst leik að að breyta að nauðsynjalausu annarsstaðar. Á hverju þingi vilja menn breyta hæstarjetti. Og nú á ekki aðeins að fækka dómurum, heldur eiga þeir hjer eftir að kjósa sjer dómstjóra sjálfir. Sífeldar tilraunir eru gerðar til að draga úr viðgangi æðstu mentastofnunar vorrar. Og nú fallast hinir voldugu flokkar, sem ráða því, hvernig hjólin snúast hjer í þinginu, í faðma um að breyta stjórnarskránni. Kannske þeim sje aðalatriðið að fá nýjar kosningar? Eða er þetta alt saman leikur? Margir, sem ekki teljast til stóru spámannanna hjer í þinginu, trúa því best. Enda er haft fyrir satt, að nýja stjórnin, hver sem hún verður, muni setja sig upp á móti þessum breytingum. Annars er ástandið hjer orðið bágborið, ef altaf á að vera að krukka í stjórnarskrána, bara til að fá nýjar kosningar.

Jeg skal játa, að jeg hefi í engu fallið frá því, sem jeg sagði á síðasta þingi. Jeg álít stjórnarskrá vora svo úr garði gerða, að vel megi við una, og að þessar breytingar, sem altaf eru að gægjast upp, sjeu frekar til hins verra. Og vel mega menn athuga, að ef þessar breyt-

ingar verða samþyktar hjer nú, þá munu fleiri teygja upp höfuðið, þegar til þjóðarinnar kemur. Þeir, sem greiða frv. þessu atkv., verða því að taka á sig ábyrgðina af eldi þeim, sem ný stjórnarskrárbarátta vekur með þjóðinni. Jeg vil því leyfa mjer að spyrja: Ef stjórnarskrá vor er viðunandi, eru þá þessir tímar vel fallnir til að kveikja þann eld? Er ekki betra að lofa breytingunum að hvíla sig ögn? Ætli örðugleikarnir, sem framundan eru, verði svo litlir, að ver gefist, að 2 eða 3 ráðherrar reyni að ráða fram úr þeim?

En ef þetta er leikur, sem sumir halda, er þá ekki illa farið með tíma þingsins? Mjer sýnist ýmislegt það aðhafst hjer á þinginu, sem ekki mun drýgja tíma þess til að ráða fram úr vandamálunum. Nei, það er ýmislegt annað, sem liggur nær en þessar sífeldu breytingar á stjórnarskránni. Jeg hefi á síðasta þingi varað alvarlega við þessum breytingum, og jeg vil endurtaka þá aðvörun mína. Jafnframt vil jeg enn brýna það fyrir hinu háa Alþingi, að mörg mál standa því nær en stjórnarskrárbreyting.

Frsm. meirihl. (Jón Magnússon): Jeg er í dálitlum vafa um, hvort nokkur sjerstök ástæða sje til að svara mótmælum þeirra hv. 5. landsk. (JJ) og hæstv. forsrh. (SE). Í þeim hefir sem sagt ekkert það komið fram, sem ekki hefir verið fullkomlega tekið fram áður, t. d. af hálfu hæstv. forsrh. (SE) á þinginu í fyrra — og jeg hefi þegar svarað. Hæstv. forsrh. (SE) hefir nákvæmlega sömu afstöðu og þá; hann vill í engu breyta stjórnarskránni — og við því er í sjálfu sjer ekkert að segja, ef hann álítur, að hún sje svo ágæt eins og hún er, að í engu megi breyta henni til bóta.

Báðir þessir hv. andmælendur mínir (JJ og SE), hafa talið, að þing hafi verið haldið árlega frá því 1911. En það sannar lítið um nauðsynina á reglulegu þinghaldi ár hvert, því að fyrst eftir 1911 var stjórnarskráin á ferðinni, og þegar svo var ástatt, þurfti alt af að halda aukaþing. Síðar, eða árið 1914, kom stríðið, svo að nauðsyn bar til að kalla þing saman, en sjerstaklega er aðgætandi, að einmitt um það leyti var ákvæði um reglulegt þinghald á ári hverju sett í stjórnarskrána. Er því engin furða, þótt þing hafi verið haldið árlega síðan. Og vegna sambandslaganna var þing eitt sinn kvatt til fundar. Svo sem jeg hefi sýnt, er ekki hægt að tala um neina venju í þessu efni frá því 1911 — og sjerstaklega ekki eftir að ákveðið var, að þing skyldi halda árlega.

Fjölgun ráðherra var ekki einungis gerð vegna stríðsins, heldur var og talin þörf á því vegna þess, hve störfin höfðu aukist alment. Var og talið, að með þessu skipulagi væri fengin trygging fyrir því, að lagafrumvörp, sem stjórnin legði fyrir þingið, yrðu betur undirbúin en áður, o. s. frv.

En jeg er þess fullviss, að einn ráðherra getur komist yfir þetta alt saman, með aðstoð landritara. Hann þarf að vísu að fá aðstoð við samning lagafrv., eins og venja hefir verið upp á síðkastið. Og jeg held einmitt, að það sje holl venja, því sje notuð aðstoð lagaprófessora háskólans, eins og gert hefir verið, er betri trygging fengin fyrir samræmi í löggjöfinni.

Jeg skal ekkert um það segja, hvort hv. 5. landsk. þm. (JJ) hefir fyrst stungið upp á reglulegu þinghaldi annaðhvert

ár, og sú uppástunga hans hlotið almenna undirtekt. Þetta má vel vera. En þá ætti hv. þm. (JJ) að vera ánægja að því, að þessi till. er hjer fram komin. Og kemur mjer því kynlega fyrir, að hann mælir eiginlega öðru hvoru á móti breytingunni. Jeg hefi trú á, að hún sje skynsamleg.

Hitt skal jeg viðurkenna, að til er önnur leið til að spara þingkostnaðinn, sem jeg myndi aðhyllast. Sú er, að fækka þm., t. d. niður í 24. En jeg hygg það rjett hjá hv. 5. landsk. (JJ), að örðugt muni að koma þeirri breytingu í framkvæmd.

Jeg man t. d., þegar prestum var fækkað. Þjóðin var þeirri fækkun yfirleitt hlynt, en þó var það svo, að fáir vildu missa prestinn sinn. Hætt er við, að á sama hátt færi, ef fækka ætti þm. Almenningur vildi gjarna fækkunina, en enginn vildi missa sinn þm.

En á þennan hátt má sannarlega spara, og það þó að haldið yrði þing árlega. Mætti jafnvel ganga enn lengra. Hafa þm. aðeins 12. Er mjög óvíst, að þingið yrði lakara, þó að þar sætu ekki fleiri menn. Ef jeg sæi mögulegt að fara þessa leið, mundi jeg að öllum líkindum verða því fylgjandi.

Þegar hv. 5. landsk. (JJ) talaði um gengið í sambandi við tölu ráðherra, þá er því til að svara, að ekki mun hægra fyrir 2 eða 3 ráðherra að hafa hemil á því en einn. Jeg hefi ekki sjeð, að nein stjórn hafi ráðið nokkuð við gengi peninga, hvorki hjer nje annarsstaðar.

Að því er snertir það ákvæði að hafa einn ráðherra og landritara, þá skilur býsna mikið á með okkur hv. 5. landsk. (JJ).

Jeg hefi trú á, að slíkt embættiseftirlit sem landritari hafði með höndum, sje mjög nauðsynlegt og eigi að vera fráskilið pólitiskum umhleypingum. Auðvitað verður ráðherra að bera ábyrgð á stjórnarathöfnum, eftir sem áður. En jeg man svo langt, að amtmenn voru hjer á landi, og held jeg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að síðan þau embætti voru feld niður, hafi eftirlitið með embættisrekstri hjer á landi verið mun lakara, og það af eðlilegum ástæðum. Jeg get ekki gert eins lítið úr landritaraembættinu og hæstv. forsrh. (SE). Það er oft vitnað til Englands, og það er vitanlegt, að þar hafa forstöðumenn stjórnardeildanna mjög mikið að segja, jafnvel svo, að ráðherrar fá eigi að gert, og þykir skipulag Englendinga fyrirmynd í þessu sem öðru. Mun þar dæmi til þess, að enda þótt ráðherra hafi lofað flokki sínum að koma fram einhverri breytingu, þá hafi stjórnardeild hans sagt, að ekki væri hægt að koma henni fram, og ráðherrann látið sjer það svar nægja, vegna þess, hversu nauðsynlegt þykir, að festa sje í allri umboðsstjórninni, svo að menn sjeu ekki í stöðugri óvissu um, hverju þeir megi eiga von á. Jeg held, að það saki aldrei, þó að einhver slík festa í umboðsstjórninni komist hjer á. Að vísu má segja, að það geti orðið, þó að landritaraembættið sje ekki sett á stofn aftur, og má vera, að eitthvað sje til í því. En hætt er við, að það verði meira skrifstofukent án þessa embættis, en því mun fylgja kröftugt embættisvald, sem þjóðinni mun holt að fá. Auðvitað getur komið fyrir, að ekki verði valinn nógu góður maður í embættið, en það má sennilega gera ráð fyrir því, að oftast veldist hæfur maður í embættið, því að jeg þykist vita, að einmitt verði völ á virkilega góðum mönnum

til að taka við því, þar sem það yrði bæði virðulegra og betur launað en t. d. skrifstofustjóraembættin.

Hv. 5. landsk. (JJ) vildi halda því fram, að kosningar gerðu menn betri og vitrari. Jeg held, að þessu verði aldrei haldið fram í fullri alvöru. Í Englandi er t. d. álitið, að enginn frambjóðandi komi óskemdur úr kosningabaráttu, og mun svipað gilda hjer, aðeins í meira mæli.

Ekkert hefi jeg að athuga við það, þó að hv. þm. (JJ) komi með enn frekari brtt. við frv. við 3. umr. þess, ef mínar verða samþ. Hitt er annað mál, að þeir, sem virkilega vilja breytingar á stjórnarskránni, verða að sætta sig við fleiri breytingar en þeir máske beint óskuðu eftir. Jeg mun greiða atkvæði með breytingum á stjórnarskránni hjeðan úr þessari háttv. deild, þeim sem jeg óska eftir, og það jafnt þótt jeg fái ekki öllum mínum breytingum framgengt. Mundi jeg jafnvel ekki telja frágangssök að greiða frv. hv. 5. landsk. (JJ) atkv. mitt óbreyttu, en vona þó, að til þess þurfi ekki að koma.

Jeg hefi litla trú á, að til neins sje að orðlengja frekar um mál þetta, svo að jeg mun að mestu leyti sleppa því að svara hæstv. forsrh. (SE). Hefi jeg, bæði í framsöguræðu við 1. umr. og nú, svarað öllum mótbárum hans gegn frv. Skal jeg þó minnast nokkuð á það, sem hann talaði um breytingagirni. Jeg býst við að fá tækifæri til að tala um hæstarjett síðar og sömuleiðis háskólann, þegar að þeim málum kemur. En jeg get ekki viðurkent, að nokkur sjerstök ástæða sje til að bera mjer á brýn of mikla breytingagirni, þó að jeg vilji hverfa að þeirri skipun, sem staðið hefir mun lengur en sú, sem nú er — og gefst mjög sæmilega. Jafnvel þó að farið sje lengra aftur í tímann en til ársins 1904, má segja, að þetta skipulag hafi verið, því að landritaraembættið kom að miklu leyti í stað landshöfðingjaembættisins.

Jeg bjóst ekki við því, að hæstv. forsrh. (SE) ljeti sjer sæma að bera fram þær getsakir, að þetta væri alt saman leikur. Jeg get fullvissað hann um, að mörgum er full alvara að fækka þingum og draga úr öllum þingkostnaði. Tíminn leiðir í ljós, hvort frv. þetta er spor í þá rjettu átt. Mjer skildist, að hæstv. forsrh. (SE) væri að drótta því að Alþingi, að ástand þess væri bágborið nú. Sje þetta rjett, þá hygg jeg, að ekki væri mikill skaði skeður, þó að það kæmi ekki saman nema annaðhvert ár. Og jeg held, að alt stæði jafn vel, þó að svo hefði verið undanfarið. Eins og jeg hefi áður sagt, getur að sjálfsögðu borið þau vandamál að höndum, sem gera óumflýjanlegt að kveðja þingið til stutts aukafundar, en mjög er sennilegt, að svo yrði fremur sjaldan. Nefnt hefir verið, að nú hefði t. d. verið óhjákvæmilegt að kalla saman aukaþing vegna kjöttollsmálsins, en það tel jeg mjög vafasamt, og er engin sönnun fyrir því, að stjórnin sjálf hefði ekki getað átt við það mál. Jeg óttast ekki þann eld, sem hæstv. forsrh. (SE) hyggur að kvikni af sjórnarskrárbreytingunni. Mun varla vera hægt að tala um það innan þingsins, og jeg þori að ábyrgjast, að þær till., sem jeg hefi borið fram, muni engan eld kveikja utan þings.

Till. um fækkun þinga mun yfirleitt verða mjög vel tekið, og enginn eldur

mun kvikna út af lenging kjörtímabilsins, nje því, að hæstirjettur úrskurði um gildi kosninga.

Jeg mun síðar víkja nánar að landritaraembættinu, en álít best að ákveða ekki nú um það í einstökum atriðum.

Frsm. minnihl. (Jónas Jónsson): Jeg mun láta mjer nægja að gera stutta athugasemd. Það er svo mikill meiningamunur milli nefndarhlutanna, að hvorugur nær til annars. Þess vegna er jeg að miklu leyti samdóma hv. 4. landsk. (JM) um, að langar umræður sjeu þýðingarlitlar. Alt veltur á þessum meiningamun. Frsm. meirihl. gerir ráð fyrir og óskar eftir að minka vald borgaranna um þjóðmálin og minka vald þingsins í sama mæli. Hann vill minka vald kjósendanna og þjóðarinnar í hennar eigin málum.

Við Framsóknarmenn viljum ógjarnan samþykkja stjórnarskrána út úr þinginu með þeim breytingum, sem sýnilega spilla stjórnarfari landsins. En við viljum gefa andstæðingunum öll hugsanleg tækifæri til að bæta ráð sitt og hverfa frá villu síns vegar.

Dálítils misskilnings kendi hjá háttv. 4. landsk. (JM), þegar hann var að tala um, að jeg vildi halda því fram, að þingmenn og kjósendur bötnuðu við kosningar. Jeg álít, að þeir batni ef til vill ekki í ethiskum skilningi, heldur að því leyti sem kemur til að rækja störf sín sem borgarar í lýðfrjálsu landi. Kjósendur vakna við kosningar og verða áhugasamari um þjóðmál og betri borgarar að því leyti, ef kjörtímabilin eru ekki mjög löng. Það mundi einnig vekja tilfinningu þingmanna fyrir þeirri ábyrgð, sem þeir standa í við kjósendur. Einnig er minni hætta á spillingu í þinginu, ef kjörtímabil eru stutt, heldur en ef þau eru löng. Ef koma skyldi til þess, að peningavald yrði notað hjer við kosningar sem mútur, áheit o. s. frv., mun miklu auðveldara að beita þeirri fjármálakúgun, ef sjaldan er kosið. Vil jeg í því sambandi benda á nýorðna atburði í Bandaríkjunum, þar sem jafnvel ráðherra er staðinn að því að hafa látið beita sig fjármálakúgun. Slíkt getur komið fyrir í öllum löndum. Fyrir pólitískt siðferði þjóðanna er ekkert meðal heilsusamlegra, en að ráðherrar og þingmenn verði, með stuttu millibili, að koma fram fyrir borgarana og láta þjóðardóminn skera úr um verk sín.

Hlýt jeg því að vera á móti till. hv. 4. landsk. (JM), sem lúta að því að auka skrifstofuvaldið í landinu, en minka áhrif kjósenda og þá möguleika, sem þeir hafa til þess að ráða yfir stjórn landsins.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil aðeins gera stutta aths., en vísa að öðru leyti til þess, sem jeg hefi áður sagt um þetta mál. Jeg get sagt eins og hv. 4. landsk. (JM), að ekkert nýtt hefir komið fram í þessu máli. Jeg vil benda á það, að enn er skamt síðan vjer fengum það stjórnarfyrirkomulag, sem nú er. Finst mjer það mjög athugavert að gefa sjer eigi tíma til þess að athuga, hvort þetta fyrirkomulag sje rjett, eða hvort vjer eigum aftur að hverfa til hins gamla. En svona er þetta á öllum sviðum. Vil jeg t. d. benda á hæstarjett. Eftir þessi örfáu ár sýnist mönnum nú lífsnauðsyn á því að rjúka í að fara að breyta honum. Jeg veit, að mönnum hættir mjög til að sjá fortíð-

ina í gyllingum, og oft hefir mátt heyra menn tala um landshöfðingjadæmið eins og þá hafi verið einhver alsæla. Það eru aurarnir í kassanum, sem draumarnir snúast um. En beri maður ástandið, sem þá var, saman við það, sem nú er, munu fáir fella saknaðartár. Hvar voru framkvæmdirnar þá? Hvar voru brýrnar? Hvar vegirnir? Hvar samgöngurnar á sjó? Og það, sem er höfuðatriðið, hvernig leið fólkinu þá? Líðun þess var dálitið öðruvísi en nú á sjer stað. Fjárhagurinn, fullyrða menn, stóð með meiri blóma meðan ráðherrann var einn. Þar af er sú ályktun dregin, að það sje best í fjárhagsörðugleikunum að hafa einn ráðherra. En því er gleymt, að eftir að 3 ráðherra stjórnin komst á laggirnar, byrjaði hjer örðugasta ástand, sem nokkun tíma hefir verið í heiminum. Engum er þetta kunnugra en hv. 4. landsk. (JM). Ýmis þeirra mála, sem komu til kasta ráðherra á meðan hann var einn, voru hreinasti barnaleikur hjá þeim málum, sem oft daglega þurfti að ráða til lykta, eftir að ráðherrar voru orðnir þrír.

Þetta er vert að taka til athugunar. Það eru rök, sem erfitt mun verða að hrinda. Þær ákvarðanir, sem taka verður í æðstu stjórn landsins, skifta svo miklu máli, að leggja verður mikla áherslu á að gera þessar ráðstafanir sem tryggilegastar. Og það er miklu meiri trygging að láta 3 menn gera út um málin, heldur en einn. Þetta eru rök, sem erfitt er að hrekja.

Jeg sje því ekki neinar ástæður, er rjettlætt gætu breytingar á stjórnarskránni. Mun jeg að sinni eigi fjölyrða um þetta; býst við, að mjer muni gefast kostur á því seinna á þessu þingi.

ATKVGR.

Brtt. 115, 1 feld með 8 : 6 atkv.

1. gr. feld með 7 : 7 atkv.

2 gr. samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EP, GÓ, HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, JJ.

nei: SJ, EÁ, IP, SE, HSteins.

3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, SJ, BK, EP, IHB, JJós, JóhJóh, JM, HSteins.

nei: SE, EÁ, GÓ, HSn, IP.

5.—6. gr. samþ. með 8 : 2 atkv.

7. gr. samþ. með 12 : 1 atkv.

8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 115, 2 feld með 7 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, SJ, EÁ, GÓ, IP.

nei: BK, EP, IHB, JJós, JóhJóh, JM, HSteins.

SE og HSn greiddu ekki atkv.

9. gr. samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, BK, EP, HSteins.

nei: GÓ, IP, JJ, SE, SJ, EA.

10. gr. feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, IHB, JóhJóh, JM, SE, EP, HSteins.

nei: HSn, IP, JJós, JJ, SJ, BK, EÁ.

11. gr. samþ. með 12 : 2 atkv.

Brtt. 115, 3 feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, HSn, IP, JJ, SJ, EÁ.

nei: IHB, JJós, JóhJóh, JM, SE, BK, EP, HSteins.

12. gr. samþ. með 8 : 3 atkv.
13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
15 gr. samþ. með 8 : 3 atkv.
16. gr. samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, BK, EP, HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, HSteins.
nei: JJ, SJ, EÁ, GÓ, IP.

17. gr. samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, BK, EP, HSteins.
nei: IP, JJ, SE, SJ, EÁ, GÓ.

18. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 : 1 atkv.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 24. mars, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Ed., fimtudaginn 27. mars, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 148, 161, 169, 189).

Guðmundur Ólafsson: Jeg og háttv. 1. þm. Eyf. (EÁ), höfum leyft okkur að koma fram með breytingartillögur á þskj. 169, og breytingartillögu við þær á þskj. 189, um að umboð landskjörinna alþingismanna falli niður. Við umræður þær, sem orðið hafa hjer í hv. deild um stjórnarskrárbreytinguna, hefir því verið haldið fram af hálfu okkar Framsóknarflokksmanna, að líklegast myndi málinu til framgangs, að aðrar breytingar kæmu ekki fram við stjórnarskrána en þær, sem þjóðin hefir óskað eftir og sjáanlega hefðu mikinn sparnað í för með sjer, svo sem þinghald annaðhvert ár. Í samræmi við þessa skoðun bárum við Framsóknarflokksmenn í þessari háttv. deild, þegar í þingbyrjun, fram frv., sem innihjelt þessa breytingu á stjórnarskránni, og að ráðherrarnir skyldu aðeins vera 2, eins og nú hefir verið síðastliðið ár. Jafnhliða bar háttv. 4. landsk. (JM), núverandi hæstv. forsrh., fram frv. um sama efni, þar sem farið var fram á fleiri og gagngerðari breytingar, svo sem að ráðherra sje aðeins einn, með landritara, og kjörtímabil alþingismanna sje lengt um þriðjung, það er landskjörinna þingmanna úr 8 árum upp í 12 ár, og kjördæmakosinna úr 4 í 6 ár. Þar sem nú háttv. deild hefir við tvær umr. samþ. frv. hv. 4. landsk. (JM), með þeirri breytingu einni, að landritarinn fjelli niður, og þar sem ætla má, eftir því sem fram hefir komið, að mikill áhugi sje fyrir því, hjá tveimur stærstu flokkum þingsins, að koma fram þeim breytingum á stjórnarskránni á þessu þingi, er gerðu kostnaðinn við þinghaldið til stórra muna minni en verið hefir undanfarin ár, þá virðist ekki fjarri lagi að athuga, hvort ekki gæti verið um fleiri sparnaðartillögur að ræða, sem þjóðinni, frá stjórnarfarslegu sjónarmiði, gæti ekki orðið til tjóns, þó að samþyktar yrðu. Til þessháttar sparnaðarráðstafana tel jeg óhikað brtt. okkar hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), um að umboð landskjörinna þingmanna sje lagt niður, og tölu þingmanna þannig fækkað úr 42 niður í 36.

Hvað þessa ráðgerðu fækkun þingmanna snertir, get jeg búist við, að mörgum háttv. deildarmönnum þyki of skamt gengið, miðað við fátækt og fámenni þjóðar vorrar, og vildu því gjarn-

an ganga lengra í þessu efni og fækka einnig kjördæmakjörnum þingmönnum eitthvað, en þar mun kjördæmaskifting landsins verða algerlega til fyrirstöðu um ófyrirsjáanlegan tíma. Alt öðru máli er að gegna með landskjörnu þingmennina; þeir eru aðallega kosnir af sömu kjósendum og kjördæmakjörnir, þótt með annari kosningaaðferð sje, og eru því einskonar ábætir á kosningarjett eldri kjósenda landsins, svo að með afnámi þeirra mætti heita, að tekið væri jafnt af öllum, og þó lítið. Með því þyrfti heldur ekkert að raska þeirri kjördæmaskiftingu, sem nú er.

Jeg get tæplega búist við, að sú mótbára komi fram gegn þessari breytingu, að Alþingi yrði ekki fullkomlega starfshæft, þó að hún yrði samþykt, því að varla mun með rökum verða sýnt fram á, að löggjöf síðari þinga hafi verið vandaðri en hún var áður, þá er þingmenn voru ekki nema 36, eins og við leggjum til, að þeir verði framvegis. Eftir því sem næst verður komist, myndi ríkissjóði sparast 15—16 þús. kr. árlega við þessa breytingu, ef þing er haldið á hverju ári, en vitanlega talsvert minna, ef breytingin um fækkun þinga gengur fram. En ekki er minna um vert, hve mikill sparnaður yrði að þessu fyrir þjóðina í heild.

Við landskjörið 1922 kusu 11962 kjósendur. Ef gert er nú ráð fyrir 6 kr. dagkaupi til hvers þeirra, sem síst mun ofhátt, miðað við þann tíma, sem kosningin fór fram á, nemur vinnutapið eitt á kjördaginn 71772 kr. Ef nú samt að dagkaupið þykir of hátt reiknað, má bæta við töluna því fje og þeim tíma, sem fer til „agitationa“. Þessu, og reyndar miklu meiru, er þjóðin látin kosta til 4. eða 6. hvert ár, til þess að kjósa aðeins þrjá menn til Alþingis. Til viðbótar við hinn gífurlega kostnað, sem þannig er lagður á þjóðina, verður svo ríkissjóður að leggja fram fje, svo þúsundum skiftir, við hverjar landskosningar. Þetta endurtekur sig svo alt af 4. eða 6. hvert ár, ef brtt. okkar verður ekki samþykt.

Jeg hefi altaf greitt atkvæði á móti lengingu kjörtímabilsins, en ef brtt. okkar verður samþykt, veit jeg ekki hvað jeg geri; býst þó fremur við að greiða atkv. með því, því að þá sleppum við við mesta meinið, sem af því getur leitt, hið óhæfilega langa kjörtímabil landskjörinna þingm.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara um brtt. þessar fleiri orðum nú, og vænti, að háttv. deild samþykki þær.

Forsætisráðherra (JM): Jeg gat því miður eigi verið viðstaddur ræðu hv. þm. A.-Hún. (GÓ). Jeg var kallaður inn í hv. Nd. til þess að svara þar fyrirspurn. Jeg get þó ímyndað mjer, hvað hv. þm. hafi sagt um þetta mál, og skal jeg leyfa mjer að fara um það nokkrum orðum.

Jeg held, að það hafi verið á þingi 1911, að fyrst var talað um það, að setja landkjörna þingmenn í Ed., í stað þeirra konungkjörnu, sem áður höfðu setið þar. Var þá mikið uppi um till. um stjórnarskrána. Þá kom fram ítarlegt frv. um breytingu á stjórnarskránni, frá Jóni Þorkelssyni og fleirum, og ennfremur frá Jóni Jónssyni frá Múla og Jóni Ólafssyni. Hinir síðarnefndu lögðu það til að hafa alla Ed. landskjörna. Þingmenn skyldu vera alls 40, og var gert ráð fyrir því, að þeim yrði skift þannig, að það yrðu 15 í efri málsstofu, en 25 í neðri málsstofu. Á þetta fjelst

meirihl. stjórnarskrárnefndarinnar, er sat 1911. Þegar til atkvgr. kom, þá varð það úr, að settir voru í Ed. 6 þingmenn, sem ekki voru kosnir í kjördæmum. Var þannig aðeins breytt um kjör, svo að í stað konungskjörs kom landskjör. Hefir þetta fyrirkomulag haldist enn í dag. Var þetta gert af þeim ástæðum, að menn álitu, að þessir landskjörnu þingmenn mundu halda dálitið í, þannig, að eigi mundi eins hægt að koma fram með vanhugsaðar breytingar. Það var tekið fram af þeim, sem fluttu þetta, að það yrðu kosnir 15 menn til 12 ára, en svo skyldi kjósa ⅓ þeirra 4. hvert ár. Þinginu 1911 þótti langt gengið í þessu efni. Upp úr þessari till. spratt kosning 6 landsk. til 12 ára, er færu frá 6. hvert ár, 3 í hvert skifti. Fyrir mjer horfir málið svo, að jeg tel nauðsynlegt að hafa þetta íhald, og það af sömu ástæðu og vakti fyrir þeim, sem fluttu þetta fyrst. Það er alveg satt, að það er mikið að setja á stað alla þjóðina, til þess að kjósa 3 menn, en það mein læknast ekki með því að taka þá í burtu, heldur hefði mátt breyta því þannig, að þeir væru kosnir allir í einu, og mætti þá stytta kjörtímabilið. Annars hafði mjer ekki dottið í hug, að slík breyting sem þessi kæmi fram í hv. Ed., að fella burtu landskjörna þm. alveg. Jeg hjelt, þegar sama brtt. kom fram í hv. Nd. í fyrra, að það væri aðeins fleygur. Er það þó líklega full alvara fyrir einstaka mönnum, og álasa jeg þeim ekki fyrir það, þó að jeg álíti rangt að samþ. till. Hjer er komin fram ný brtt., algerlega annars kyns en þær brtt., sem hingað til hefir verið deilt um í þessari hv. deild í ár. Hjer er farið fram á að breyta grundvellinum undir skipun þingsins, en því er jeg alveg á móti. Jeg viðurkenni sparnaðinn við þetta. En ef fækka á þingmönnum í sparnaðarskyni, þá á að gera það á þann veg, að fækka kjördæmakosnu þingmönnunum, fækka kjördæmunum, en ekki breyta skipulagi þingsins. Ef spara á þingmannatöluna, þá er sú leiðin langrjettust. Ef samþ. verður breytingin, er gengur í þá átt að fella niður landskjörnu þingmennina, þá verður um leið að athuga það, hvort eigi þurfi að breyta fleiru í sambandi við það. T. d., hvort eigi sje gerlegt, þegar kjörið er gersamlega eins í báðum deildum, að hafa aðeins eina deild. Jeg fyrir mitt leyti er á móti slíkri breytingu, því að deildaskiftingin hefir þá þýðingu, að málin eru yfirleitt betur athuguð. —

Guðmundur Ólafsson: Mjer fanst byrjunin á ræðu hæstv. forsrh. (JM) satt að segja eigi koma málinu við. Hann var að tala um það, hvað fyrir þinginu 1911 hefði vakað í máli þessu. Hann gaf þær upplýsingar, að menn hefðu verið að hugsa um að hafa 15 landsk. þingmenn, og skyldi kjósa ⅓ þeirra 4. hvert ár. Það var töluvert öðruvísi ástatt þá, enda er jeg ekki viss um, að jeg hefði þá haft kjark til að koma með slíka brtt. sem þessa. Það er eigi rjett að miða þetta hjá við það, sem þingið einhverntíma fyrir löngu hefir hugsað í þessu efni, undir alt öðrum kringumstæðum. Þá útnefndi konungur helming Ed., og munu þeir venjulega hafa staðið saman að málunum, og því getað haft áhrif á úrslit þeirra í deildinni, en slíku er ekki til að dreifa nú með þá landskjörnu. Það vita allir, að þetta ástand, sem nú er, hefir ekki staðið nema síðan 1916. Jeg var á þingi þá, og jeg man, að mikið var um það talað, hvernig

koma ætti fyrir landskosningunum. Sumir sparsemdarmennirnir, og þar á meðal jeg, vildu láta kjósa alla, bæði kjördæma- og landskjörna þingmenn, sama dag. En með því var skotið loku fyrir það, að sá maður, er fjelli við landskjörið, gæti boðið sig fram í kjördæmi. Jeg held, að það, að þetta fjekst eigi í gegn, hafi aðallega stafað af því, að sumir þingmenn hafi ætlað sjer að fara á landskjörlista, en hafi hinsvegar ekki viljað missa tækifærið til að bjóða sig fram í kjördæmi, ef illa tækist til fyrir þeim við landskjörið. Annars virtist mjer mótbárur hæstv. forsrh. (JM) heldur veigalitlar; þær sýna aðeins, að hann er breytingunni mótfallinn, án þess að hann byggi þá skoðun sína á nokkrum rökum. Hann var að tala um það, að skipulag þingsins mundi breytast við þetta. Jeg fæ ekki betur sjeð, en þessi mótbára sje einber hjegómi. Eða hvað mundi breytast í þessari hv. deild, þó að þingmennirnir væru allir kjördæmakosnir. Hæstv. forsrh. sagði, að samskonar brtt. og þessi hefði verið á ferðinni í hv. Nd. í fyrra, og hafði hann þá haldið, að það væri aðeins fleygur. Jeg man satt að segja ekki eftir því, að nein slík brtt. kæmi fram í fyrra í hv. Nd.; hygg þó, að svo hafi ekki verið. Jeg man, að það kom fram till. frá þáverandi þm. Strand., Magnúsi Pjeturssyni, um það, að breyta þingmannatölunni og hafa aðeins eina málsstofu. Annars býst jeg við, að þeir verði fleiri en jeg, sem ekki taka mótbárur hæstv. forsrh. (JM) alvarlega. Við vitum það, að hjer er ekki um aðra breytingu að ræða en að fella niður landskjörnu þingmennina, og finst mjer, að landskjörnu þm. hjer í deildinni þurfi eigi að amast við því frekar en við hinir. Þeir hafa þá sömu aðstöðu og kjördæmakjörnir til að eiga sæti á Alþingi framvegis. Jeg kem einnig auga á einn kost, sem breytingu þessari fylgir, eins og þingið er nú skipað, en hann er sá, að stjórn, sem nú er nýmynduð, hefði eigi fæðst með jafnmiklum harmkvælum, sem raun varð á, ef landskjörnu þingmennirnir hefðu ekki verið til, því að þá hefði íhaldið verið nógu sterkt til þess að stilla upp mönnum í stjórnina í snatri. Því, eins og kunnugt er, skiftast nú háttv. landsk. í 3 jafna flokka hjer í deildinni. Það, sem vakir fyrir okkur flm., er alls ekki það að bola vissum mönnum burt úr þinginu, heldur aðeins að fækka þingmönnum; enda geri jeg ráð fyrir, að þeir þingmenn, sem landskjörnir eru, eigi ekki erfitt með að ná kosningu í kjördæmum við næstu alþingiskosningar. Get jeg ekki að því gert, að jeg vorkenni hæstv. forsrh. (JM) að hafa á móti þessu með jafn-veigalitlum rökum.

Sigurður Eggerz: Jeg vildi leyfa mjer að minna á það, að þegar mál þetta var fyrst fyrir hjer, þá benti jeg á það, að ef farið væri að koma með brtt. á stjórnarskránni, þá mundi ekki sitja við þá einu breytingu, heldur mundu fleiri sigla í kjölfar hennar. Hefir sú spá mín nú rætst. Jeg skildi svo hv. 5. landsk. (JJ), að það væri aðallega eitt atriði, sem flokkur hans hefði sjerstaklega hug á að kæmist fram, sem sje það, að þing verði háð aðeins 2. hvert ár. Nú hafa 2 hv. þm. komið fram með þessa brtt. um að raska skipulagi þingsins, svo að jeg þarf eigi að kvarta um það, að spá mín hafi eigi rætst. Jeg skal

taka það fram, að jeg er algerlega mótfallinn brtt., og er jeg samdóma hæstv. forsrh. (JM) um, að eigi sje rjett að hreyfa við þessu atriði stjórnarskrárinnar. Álít jeg það mikinn kost við að hafa landskjörnu þingmennina, að þeir eru lausir við þetta kjördæmajag, sem aðrir þingmenn eru meira og minna bundnir við. Liggur það í hlutarins eðli, að þeir þingmenn, sem við þetta kjördæmajag eru lausir, eru að jafnaði, eða geta verið, miklu víðsýnni um stjórnmál landsins en hinir. Jeg lít því svo á, að það eigi ekki að breyta þessu. Það eiga að mínu viti að sitja á þingi 6 menn kosnir af öllu landinu. En eins og jeg tók fram áðan, þá er nú svo komið, að spá mín er að rætast. Er enginn efi á því, að þó að stjórnarskráin fari svona út úr þessari hv. deild, þá koma fram í hv. Nd. ótal brtt. við hana. Þannig er það t. d. skoðun ýmissa hv. þingmanna, að þingið eigi að vera aðeins ein málsstofa. Álít jeg eigi rjett að vera að auka eldana hjá þjóðinni í þessu efni. Væri æskilegt, að þingið ljeti þetta mál hvíla um stund, svo að það yrði hugsað betur en nú hefir verið gert. Jeg veit, að sú krafa hefir komið fram hjá þjóðinni að hafa þing aðeins 2. hvert ár. En jeg er sannfærður um það, að ef þjóðinni verður gert það ljóst, að þó að ákveðið verði í stjórnarskránni að hafa þing aðeins 2. hvert ár, þá muni þó samt sem áður þing verða háð á hverju ári, bæði vegna þess, hversu margbreytilegt líf þjóðarinnar er orðið, og þess, að mörg þau mál geta komið fyrir, sem landsstjórnin treystir sjer ekki til að ráða til lykta ein, þá mundi hún falla frá þessari kröfu. Flestar aðrar þjóðir telja það nauðsynlegt að láta þing sitt sitja á rökstólum alt árið, og ætti okkur þá ekki að veita af stuttum tíma ár hvert. Það eru sannarlega ekki tímar til þess nú að veikja Alþingi; ætti frekar að gera alt til þess að styrkja það. Jeg veit, að mál þetta er skoðað sem sparnaðarráðstöfun. Þar sem nú er fyrirfram vitað, að þessar breytingar falli, þá verður sparnaðurinn af þessum umræðum líkt og sparnaðurinn við umræðurnar um prentun þingtíðindanna og fleiri mál, sem allir vita fyrirfram, að ganga ekki fram, eða með öðrum orðum ekki annað en eintóm óþörf útgjöld. En lítil hugfró er það fyrir þjóðina. Annars er lítil ánægja að því að horfa á þennan skilmingaleik milli tveggja stóru flokkanna, út af stjórnarskránni, sem ekki hefir annað mark en að hver um sig vill reyna að klína á hinn, að hann hafi verið banamaður stjórnarskrárinnar. En þeir, sem sjá inn fyrir grímurnar, vita, að báðir vilja dauðfegnir koma þeim draug niður, sem búið er að vekja upp í þinginu í þessu efni.

Einar Árnason: Jeg geri ráð fyrir, að það verði ef til vill litið svo á, að við flm. að þessum tillögum höfum færst nokkuð mikið í fang að standa hjer augliti til auglitis við hina sex hv. landsk. þingmenn og ætla að ráða niðurlögum þeirra, þar sem þeir eiga sjálfir atkvæðisrjett um málið. En við það verður að sitja. Við þykjumst hafa ýmsar afsakanir og ástæður fyrir þessu.

Fyrst og fremst er það, að það fyrirkomulag, sem hjer er um að ræða, er ekki eldra en átta ára gamalt, og því ekki búið að vinna sjer neina hefð. En þessi 8 ára reynsla hinsvegar búin að sýna, að ekki er óeðlilegt, að slíkar tillögur sem þessar, um afnám landkjörsins, komi fram.

Önnur ástæða til þess, að jeg varð til þess að gerast flm. að þessum till., var sú, að jeg sá það fyrirfram, að stjórnarskrárfrv. mundi fara á þann veg út úr þessari hv. deild, að jeg myndi ekki verða ánægður með það. Á jeg þar við það atriði frv. að lengja kjörtímabil allra þingmanna um þriðjung frá því, sem nú er, bæði hinna kjördæmakosnu og landskjörnu. Þegar sjáanlegt var, að þessu yrði ekki breytt í hv. deild, virtist okkur flm. rjett að gera tilraun til að draga úr þeim skaða, sem við teljum að sje að lengingu kjörtímabilsins, með því að fella niður landskjörið.

Það hefir verið sagt, og með rjettu, að þessar till. miði til að spara fje. En jeg tek það fram, að fjársparnaðurinn einn út af fyrir sig væri ekki forsvaranlegur, og ekki rjettmætt að afnema landskjörið, ef hægt væri að sanna, að af því myndi hljótast þjóðhagslegt tjón. Þessvegna er ekki víst, að sparnaðurinn, þótt hann sje þungur á metunum, sje aðalatriðið í þessu máli. Fyrst er að líta á, hvort það sje fært að fækka þingmönnum yfirleitt; hvort þjóðmálunum sje eins vel borgið, þó að þingmenn sje færri en nú. Á löngu tímabili voru þingmenn aðeins 36. Ef það tímabil er borið saman við síðasta tíma, síðan þingmönnum var fjölgað, virðist mjer útkoman af fjölguninni sje sú, að afgreiðsla mála sje tafsamari nú, fleiri óþörf mál flutt inn á þing, fleiri óþarfar ræður, lengri Alþt. og lengri þing, án þess þó, að það hafi náðst, sem er aðalatriðið: meiri vandvirkni í löggjafarstarfinu. Þá liggur næst fyrir að spyrja: Er fært að fækka þingmönnum á þann hátt, sem hjer er farið fram á? Í því efni er vert að benda á það, að hið svokallaða landskjör, sem nú gildir, er ekkert annað en leifar frá þeim tíma, er konungur tilnefndi sjálfur nokkra af þingmönnunum. Má segja, að það skipulag hafi verið bygt á rústum einveldistímanna, og hafi á tímabili verið eðlilegt millistig. Það hefir ekki getað komið eins mikið í bága við það stjórnskipulag, sem þá ríkti, eins og þetta skipulag gerir nú. Það sýnist því ekki sjerstök nauðsyn á að halda í þetta lengur. Það mátti svo segja um hina konungkjörnu þingmenn, að þeir væru oftar í samræmi við vilja stjórnarinnar en aðrir þingmenn, en það er meira en hægt er að segja, að hið núverandi skipulag tryggi. Má benda á það, að geti myndast meirihluti í þinginu, svo að í sameinuðu þingi sje hreinn meirihluti ráðandi, og hafi afl til að mynda stjórn, getur staðið svo á, að landsk. þm. sjeu þann veg í flokkum í Ed., að stjórnin fái ekki komið fram neinum áhugamálum sínum í þeirri deild, þó að hún gæti það í Nd. Þetta fyrirkomulag gæti því orðið því til fyrirstöðu, að nokkur meirihl. stjórn geti myndast í þinginu. Jeg býst við, að allir viðurkenni þó, sem um það mál hafa hugsað, að það sje mikil nauðsyn á, að með völdin fari á hverjum tíma hrein meirihlutastjórn. Því var haldið fram, og hefir eflaust átt svo að vera, að landskjörið myndi verða kjölfesta þingsins. En reynslan er búin að sýna, að kjölfesta þessi er ekki mikils virði. Í sambandi við það detta mjer í hug orð hv. 1. landsk. (SE). Hann sagði, að það mætti búast við því, að þessir menn horfðu með miklu meira víðsýni yfir þjóðmálin heldur en hinir kjördæmakosnu. Jeg vil þá spyrja hv. 1. landsk.: Er það reynslan, að landsk. þm. horfi með svo miklu víðsýni yfir þjóðmálin nú, að þeir sleppi öllum flokks-

böndum? Jeg held ekki. Reynslan er búin að sýna, að þeir haga sjer ekki öðruvísi en kjördæmakjörnir; eru flokksmenn og fylgjast með sínum flokki.

Eins og kunnugt er, eru þeir kosnir með hlutfallskosningu; og hver verður niðurstaðan? Sú, að alt stefnir í þá átt, að allir landsk. þingmenn eigi heima í Reykjavík, og þó að jeg efist alls ekki um, að í Reykjavík sjeu til margir góðir og gegnir menn, vil jeg segja það fyrir mig, að jeg vil ekki styðja að auknu Reykjavíkurvaldi í þinginu.

Það hefir verið minst á það, hvað mikill kostnaður leiði af þessu kosningaumstangi á einum þrem mönnum. Það mun líklega kosta hvorki meira né minna en 20—30 þús. kr. að koma hverjum þeirra á þing. Í sambandi við þetta er vert að minna á það, hverjir það eru, sem kjósa landsk. þingmenn. Eins og kunnugt er, eru það einungis menn og konur, yfir 35 ára að aldri, og á það eitt með öðru að vera trygging fyrir kjölfestunni í þinginu. En þegar nánar er athugað, er þetta grátbroslegt. Það eru örvasa gamalmenni, menn sem aldrei hafa fylgst með þjóðmálum og engin skilyrði hafa til þess að gera sjer þeirra nokkra grein, sem eiga að kjósa. En margir menn, sem hafa gengið gegnum æðri skóla landsins, og sitja í embættum, t. d. sýslumenn, læknar, prestar, og jafnvel sumir þingmenn, hafa ekki kosningarrjett. Þetta er óneitanlega alleinkennilegt fyrirkomulag. Jeg held, að þetta landskjörsskipulag hafi verið tekið upp í hugsunarleysi, í staðinn fyrir konungskjörið.

Jeg hefi nú drepið á helstu ástæður, sem fyrir okkur vaka, og fyrir því, að jeg varð til þess að flytja þessar till. Jeg vil taka það mjög skýrt fram, að við tveir flm. höfum verið hjer einir í ráðum, og engir aðrir bera þar ábyrgð á. Þetta er ekki gert í samráði við okkar flokk eða þá hv. landsk. þm., sem sæti eiga hjer í deildinni.

Jeg hefi ekki meira að segja um þetta mál; en það var eitt atriði í ræðu hæstv. forsrh. (JM), sem jeg vildi leiðrjetta. Hann mintist á, að skeð gæti, að till. væri fleygur. Jeg ætla ekki að fara að afsaka okkur flm. gagnvart þessu, aðeins taka það fram, að jeg er reiðubúinn til að greiða atkvæði með stjórnarskrárfrv., jafnvel þótt okkar brtt. verði feldar, og jeg býst við, að hv. samflm. minn sje það einnig.

Forsætisráðherra (JM): Það er aðeins leiðrjetting á einu atriði í ræðu hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), þar sem hann sagði, að jeg hefði gefið í skyn. að þessar till. væru fleygar. Jeg gaf í skyn, að samskonar till., sem komu fram í Nd. í fyrra, hefðu verið fleygar, en um þessa till. hefi jeg ekkert sagt í þessa átt, og ætla ekki að geta neins til um það.

Jónas Jónsson: Jeg býst við, að það þyki ekki neitt óeðlilegt, þó að þeir landsk. segi nokkur orð, áður en þeir eru leiddir að skurðarborðinu. Fyrst vil jeg láta hrygð mína í ljósi yfir því, að háttv. flm. að þskj. 21 skuli ekki hafa orðið við áskorunum um að falla frá nokkrum atriðum frv. Jeg greiddi frv. atkv. til að gefa háttv. flm. kost á að gera bragarbót, í von um, að meginatriði frv., þingaræktunin, kæmist þá gegnum þingið. Í frv. er sem sje gert ráð fyrir einum ráðherra og óralöngu kjörtíma-

bili fyrir kjördæmakjörna, en sjerstaklega þó landsk. Og þetta gerist samhliða því, að háttv. flm. brýtur svo stórkostlega í bága við kenningar sínar, með því að mynda þriggja manna stjórn. Hafa þau býsn orðið, síðan málið var hjer til 2. umr. Einn þm. í Nd. sagði við mig fyrir ca. hálfum mánuði, að þrátt fyrir alt myndi háttv. 4. landsk. eiga eftir að mynda stjórn með mörgum ráðherrum, þvert ofan í frv. sitt. Þetta sagði hann, áður en mikil líkindi voru til, að sú spá mundi rætast. Hann virðist hafa fundið það á sjer, að þó að hv. flm. (JM) væri að leitast við að rífa niður þetta fyrirkomulag, mundi fara nú eins og 1917, að hann vildi glaður taka við völdum og mynda þriggja manna stjórn. Það er samt langt frá, að jeg ásaki hæstv. forsrh. (JM) fyrir að hafa snúist í þessu máli, þegar til framkvæmda kom, þó að jeg álíti, að reynslan sje búin að sýna, að það er nægilegt, að tveir skipi stjórn. En það er mikill styrkur fyrir minn málstað, að hæstv. forsrh. (JM) skyldi snúast yfir á mitt mál í verkinu, og jafnvel ganga lengra en jeg, samhliða því sem hann hefir í ræðum sínum lagst á móti þessari stjórnarskipun.

Jeg mintist á það við fyrri umr. þessa máls, hversu óviðkunnanlegt það væri fyrir landsk. þm. að lengja kjörtímabil sitt um 4 ár, án þess að spyrja kjósendur. Jeg hefði vonast eftir því, að landsk. þm. myndu ekki nota umboðsrjett sinn til að koma í gegn svo eigingjarnri breytingu. En það fór á annan veg.

Það mun rjett álitið hjá háttv. 1. landsk., að með landskjörinu er ætlast til þess, að nokkrir menn eigi sæti á þingi, sem ekki sjeu háðir svo mjög vilja kjósenda í ákveðnum hluta landsins, en geti verið frjálsari að fylgja sínum skoðunum óhræddir við of tíðar uppkosningar. En hvernig stendst þessi „theoria“ í virkileikanum? Mjer finst landskjörið hafa að talsvert miklu leyti mistekist. Vil jeg út af því nefna nokkur mál, sem dæmi um það, hvernig meirihl. hinna landskjörnu hefir komið fram. Í fyrra var borið fram frv. um að herða eftirlit með vínsmyglurum — rýra atvinnu stórglæpamanna og úrþvætta þjóðfjelagsins. Meirihluti landskjörnu þm. feldi málið við 1. umr. Í vetur hafa nokkrir þeirra gert tilraun til að loka þinginu fyrir þjóðinni, svo að hún fengi ekki að sjá, hvað fulltrúar hennar gerðu. En hv. Nd. hefir bjargað sóma þingsins í því máli.

Jeg vil nefna annað dæmi út af þál.till. um að skipa sparnaðarnefnd og að undirbúa skipun ólaunaðrar nefndar, til að vinna að gagngerðri breytingu á embættakerfi landsins.

Helmingur hinna landsk. hefir gert sitt til að draga úr góðum árangri þessara till. og spilla fyrir málinu. Jeg held því, að hv. 1. landsk. hljóti að fallast á það, að eins og kjörið hefir tekist nú, er hægt að sanna, að þær vonir, sem menn höfðu gert sjer um landskjörið, hafa ekki rætst nema að sumu leyti. Í viðbót við þessi almennu atriði er það öllum kunnugt, hvernig hefir tekist til með einn landsk. Óhætt er að segja, að hann hefir ekki gert meira gagn hjer í deildinni en það, að komast hefði mátt af með einfaldan grammofón, er sagt gat já eða nei við atkvæðagreiðslur, að boði annars manns. Að öðru leyti mætti halda, að þessi hv. 3. landsk. þm. (HSn) væri mállaus.

Ef landskjörið verður ekki lagt nið-

ur, vil jeg vona, að betur takist með það framvegis heldur en þessi tilfærðu dæmi benda á um nútíðina. Því mun jeg greiða atkv. með brtt., meðfram til þess að gefa Nd. tækifæri til að segja álit sitt um málið. Ef Nd., sem hefir ekki eigin hagsmuna að gæta, álitur rjett að fækka þm., má skoða það að nokkru leyti sem dóm þjóðarinnar.

Það er athyglisvert, að það er sami maður, sem gerir tilraun til að loka þinginu, svifta kjósendur rjetti sínum, minka vald þjóðarinnar í sínum eigin málum, en auka skrifstofuvöld í landinu, en vill jafnframt auka í heimildarleysi þingmenskuumboð sitt, sem hann hefir þannig farið með, án leyfis kjósenda. Slík spor hræða.

Jeg mun greiða atkv. með frv. til Nd., því að jeg álít rjett að leggja okkar gerðir undir hennar dóm, og síðan þjóðarinnar í heild.

Forsætisráðherra (JM): Svo var að skilja á hv. 5. landsk. (JJ), að enginn landsk. þm. væri nokkurs nýtur, nema hann og líklega hv. 2. landsk. (SJ). Jeg ætla ekki að svara slíkum aðdróttunum, en öruggur þori jeg að leggja þetta atriði undir dóm þjóðarinnar. Að minsta kosti fjekk jeg heldur betri svör en hv. þm. (JJ), síðast, þegar við spurðum þjóðina. Við skulum þó ekki vera að metast á þennan hátt, enda er jeg hræddur um, að við verðum hvorugur álitinn óvilhallur dómari um þessi mál, því að hætt er við, að hvor þykist góður fyrir sinn hatt. Það, sem hv. þm. (JJ) talaði um hin einstöku mál, sem hinir landsk. þm. hafa átt atkvæði um, var að mestu fánýtt hjal. Það verða aðrir en við að dæma um það, hvort sá sje betri, sem ekki vill spara nokkra tugi þúsunda með því að hætta að prenta þingtíðindi, heldur en hinn, sem berst fyrir þeim sparnaði. Og svona mætti lengi telja. Annars þótti mjer ræða háttv. þm. (JJ) svo ómerkileg, að jeg nenti ekki að skrifa hjá mjer neitt af því, sem hann sagði.

Jeg vil aðeins svara því, sem hann sagði um tölu ráðherranna. Það er enginn vafi á því, að stjórnarskráin gerir ráð fyrir þremur ráðherrum, en jeg hefi áður lýst því yfir, að forsvaranlegt muni vera, að þeir sjeu aðeins tveir, að minsta kosti um stund, sjerstaklega ef svo væri ástatt, að einn fjelli frá, t. d. milli þinga. Þetta tók jeg fram, bæði þegar jeg lagði fram stjórnarskrána á sínum tíma, og eins þegar þál. um fækkun ráðherra var til umr. á þingi 1922. Háttv. þm. (JJ) hefir líka lýst því yfir, að þetta væri sín skoðun. Þegar hann nú hefir viðurkent, sem og rjett er, að stjórnarskráin ætlist til, að ráðherrar sjeu þrír, hvernig getur hann þá ásakað mig fyrir að mynda þriggja manna stjórn, beint samkvæmt fyrirmælum stjórnarskrárinnar?

En af þessu leiðir ekki, að ráðherrar þ u r f i að vera þrír, og þessvegna hefi jeg borið fram þessar breytingar. Þetta sýnist vera ofurljóst, þó að það kunni að vefjast eitthvað fyrir háttv. 5. landsk. (JJ). Jeg man ekki, hvort jeg var farinn af þingi 1922, þegar endanleg úrslit voru tekin um þál. um fækkun ráðherra, án þess að breyta stjórnarskránni, en mig minnir, að hún væri feld, enda byrjaði sú stjórn, sem Framsóknarflokkurinn stóð þá sjerstaklega á bak við, með 3 ráðherrum, og var það af hreinni tilviljun, að það breyttist. Jeg get því ekki skilið, að rangt sje af mjer að fylgja því loflega dæmi, sem Framsóknarflokkurinn þá gaf. Það er rjett,

að síðar urðu ráðherrarnir aðeins tveir, en margir mikilsmetnir lögfæðingar segja, að þeir eigi að vera þrír samkv. stjórnarskránni. Það er því engin mótsögn að mynda stjórn með þrem ráðherrum og bera fram breytingu um, að ráðherra sje aðeins einn. Það er fyrst eftir að breytingin er komin í kring, að hægt verður að átelja þriggja manna stjórn með nokkrum rjetti.

Hv. 5. landsk. (JJ) heldur stöðugt, að gildi þingmanna fari eftir því, hversu mikið þeir tali. Jeg held, að hið sanna þinggildi manna sje jafnvel öfugt. Mjer virðast ræður þm. vera því lakari, sem þær eru lengri og mærðarfyllri, enda mun þessi mælikvarði hv. þm. (JJ) ekki vera lagður á þingmenn annarsstaðar, og ekki heldur hjer, eftir því sem mjer er best kunnugt. Jeg þykist ekki þurfa að svara fleiru í ræðu háttv. 5. landsk. (JJ). Jeg vil helst ekki tala um önnur mál en eru til umr. í hvert skifti, ef mögulegt er að komast hjá því.

Jónas Jónsson: Jeg er mjög ánægður með það, að hæstv. forsrh. (JM) hefir ekki sjeð sjer fært að verja meinlokur þær, sem felast í frv. hans, sem sje þær, að fækka ráðherrum, auka skrifstofuvaldið í Reykjavík og lengja kjörtímabilið.

Jeg tel þetta gleðilegan vott þess, að hæstv. forsrh. (JM) sje altaf meira og meira að verða mjer samdóma, og er ekki ósennilegt, að það komi fram í meðferð flokksmanna hans í háttv. Nd. Jeg þarf ekki að vera langorður um aðalatriðið, þing annaðhvert ár, því að svo virðist, sem það muni ná samþykki háttv. deildar. Hæstv. forsrh. (JM) byrjaði ræðu sína á því, að jeg teldi enga landsk. þm. nokkurs nýta, nema mig og hv. 2. landsk. (SJ). Mín ummæli hafa nú aldrei gefið tilefni til slíkrar ályktunar. Jeg dæmi þessa háttv. þm. eftir framkomu þeirra í ýmsum málum, orðum þeirra og atkvgr., en mintist ekki á aðra en þá, sem hafa í verki brotið af sjer traust kjósenda.

Þá kem jeg að öðru atriði, sem mjer fanst hæstv. forsrh. ekki leysa á viðunandi hátt, hversvegna hann sá ástæðu til að mynda stjórn með þrem mönnum, þar sem flokkur hans þykist vera sparnaðurinn íklæddur holdi og blóði, og þar sem gera hefði mátt ráð fyrir, að forkólfarnir sýndu hinn ítrasta sparnað í þessu efni. Jeg er að vísu sammála honum um það, að stjórnarskráin virðist gera ráð fyrir fleirum en tveimur ráðherrum, en orðalag hennar og andi bannar hvergi, að komist verði af með tvo. Enda hefir því ekki verið haldið til streitu, að tala þeirra yrði ákveðin með lögum 2, vegna þess fordæmis, sem hæstv. forsrh. hafði gefið árið 1922, þegar hann sat í stjórn við annan mann fram á mitt þing, án þess að fundið væri að því. Við höfum altaf haldið því fram, að ráðherrar ættu að vera tveir, en kannske þrír á sjerstaklega erfiðum tímum, og ætti formaður stjórnarinnar að ráða fram úr því spursmáli, og gæti hann með því sýnt sparnaðarviðleitni sína. Því er ekkert ósamræmi í því, að við árið 1922 styddum þriggja manna stjórn, en værum í fyrra ánægðir með tvo. Við viðurkendum sparnaðinn að fækka þeim í fyrra, og töldum þá tölu lægsta, sem komist yrði af með.

En engar slíkar afsakanir duga þeim, sem leggja líf og blóð í sölurnar fyrir að fækka ráðherrum niður í einn. Því að þegar stjórnarskráin bannar hvergi, að

þeir sjeu 2, þá er engu nú til að dreifa, öðru en því, að í Íhaldsflokknum hafa a. m. k. verið þrír menn, sem vildu gera það fyrir fósturlandið að taka sæti í stjórn á þessum erfiðu tímum, jafnvel þó að með því yrði brotið eitthvað og beiglað af „principunum“. Það myndi allrasist vera átalið, heldur þakkað, bæði af þingi og vafalaust af kjósendum, ef ráðherrar væru aðeins 2.

Þá virtist svo, sem hæstv. forsrh. (JM) vildi halda því fram, að þingmenn væru því betri, sem þeir töluðu minna. Jeg hefi aldrei litið svo á, að óhjákvæmilegt væri, að þm. töluðu mikið, en hinu hefi jeg haldið fram, að þörf væri á því fyrir hvern þm. sem er, að geta talað fyrir atkvæði sínu, ef þörf krefði. Jeg held t. d. að hæstv. forsrh. væri illa staddur í sinni vandasömu stöðu, ef hann væri málaus, svo að hvorki við, nje stuðningsmenn hans, vissu, hvað bak við athafnir hans lægi.

Þegar þm. greiða atkv., sem jafnvel gefa smyglurum og öðrum stórglæpamönnum meðhald, þá er gott fyrir landsmenn að vita, hvað felst á bak við þá atkvgr. Og af því að hæstv. forsrh. (JM) er svo lærður í „parlamentarisma“, þá vil jeg spyrja hann, hvort hann viti þess nokkur dæmi, að ráðherra í nokkru landi hafi verið málaus.

Hæstv. forsrh. (JM) hefir ekki nægilega skýrt, hvaða samræmi er í því að vilja spara á þingtíðindunum, en ekki hinu, að hafa ráðherra aðeins 2, eða þá því, að fella niður umboð hinna landsk. þm. Því að nú hefi jeg oft skilið hann svo, að hann teldi ekki illa farið, og jafnvel æskilegt, að jeg hyrfi af þingi, og ætti hann þá að vera feginn að geta gripið tækifærið, sem nú býðst, til þess að losna við mig. Jeg mun taka það sem „kompliment“, ef hann nú snýst á móti þessari till., því að þá verð jeg að líta svo á, að hann telji ekki svo mikla nauðsyn á, að jeg fari, að hann vilji þar fyrir fórna bæði sjálfum sjer og sínu nánasta vandafólki, t. d. hv. 3. og 6. landsk.

Forsætisráðherra (JM): Jeg man nú reyndar ekki eftir því, að jeg hafi nokkurn tíma látið í ljósi þá ósk, að hv. 5. landsk. (JJ) hyrfi hjeðan af þingi, enda sæti það illa á mjer, þar sem mitt ljós skín miklu bjartar meðan hann er hjer en ella. Þó að jeg hafi ekki sókst eftir því, þá hefir nú ekki hjá því orðið komist, að jeg hefi oft fengið tækifæri til þess að sýna þingmannsyfirburði mína yfir þenna hv. þm. (JJ).

Þar sem hv. 5. landsk. (JJ) talaði um, að jeg hafi ekki aftur farið að verja hin einstöku atriði í frv. mínu, þá vil jeg benda honum á það, að þetta er 3. umr. málsins, og á því ekki við að ræða önnur atriði þess en þau, er brtt. hafa komið fram við, og svo frv. í heild, en það er óleyfilegt, skv. þingsköpum, að taka af handahófi einstök atriði frv. og ræða þau við þessa umr. Og nú, þegar riður á að flýta þingstörfum, þá dettur mjer ekki í hug að fara að ræða um ársgömul mál, sem þessu frv. koma ekkert við. Það er ómögulegt að ætlast til slíks. Sjerstaklega vil jeg ekki úr þessu sæti taka þátt í þeirri óreglu að blanda saman öllum hugsanlegum málum við það mál, sem er til umr.

Það er leiðinlegt að þurfa sífelt að vera að jagast um sömu atriðin, eins og hv. 5. landsk. (JJ) vill vera láta — og jeg geri það ekki. Það verður að fara sem fara vill um þetta mál. En það sýnist mjer vesöl ástæða fyrir að fella

niður landskjörið, þó að það kunni að hafa mistekist með einstaka þingmann. Það blandast víst engum hugur um það, að kjör kjördæmakosinna þm. hafi oft og tíðum engu síður mistekist, og enda miklu fremur ástæða til að ætla, að svo geti orðið. Þó er enginn kominn til að segja, að þar fyrir skuli fella niður kjördæmakosningar, sem væri álíka rökrjett.

Eggert Pálsson: Þó að jeg hafi haft þann heiður að eiga sæti í allshn. þessarar hv. deildar, sem mál þetta hafði til meðferðar, þá hefi jeg þó ekki tekið til máls um það fyr, aðallega vegna þess, að mjer hefir fundist sem hv. 5. landsk. (JJ) og hæstv. forsrh. (JM) veitti ekki af tímanum, til þess að leiða saman hesta sína.

Það eru aðallega tvö atriði, sem gefa stjórnarskrárbreytingu rjett á sjer. Hið fyrra er fækkun þinga.

Þegar sú breyting var á gerð, að snúið var að reglulegu þinghaldi á hverju ári, þá vakti það aðallega fyrir mönnum, að með því móti yrðu þingin styttri heldur en þau höfðu áður verið, svo að útkoman yrði sú, að breytingin mundi ekki valda ríkissjóði miklum kostnaði. Reynslan hefir orðið gagnstæð þessum vonum manna. Þingin hafa, — að einu undanskildu, eða því, sem sjerstaklega var kallað saman vegna sambandslaganna, — orðið lengri en áður tíðkaðist. Og þessi reynsla hefir orðið til þess, að háværar raddir heyrast hvaðanæfa af landinu, um að horfið verði aftur að því fyrirkomulagi, sem áður var, að halda reglulegt þing aðeins annaðhvert ár, og þá jafnframt lengja kjörtímabilið. Allir, sem jeg hefi átt tal við um þetta mál, líta svo á, að ef þing yrði aðeins haldið annaðhvert ár, þá væri of stuttur reynslutími fyrir þingmenn, sjerstaklega nýja, að eiga aðeins sæti á tveim þingum, heldur yrði að reyna þá betur, sem og var meðan gamla fyrirkomulaginu var haldið.

Hitt atriðið, sem gefur breytingu á stjórnarskránni rjett á sjer, er það að breyta um stjórnarfyrirkomulag, þannig, að aftur verði horfið að því að hafa aðeins einn ráðherra, og með honum landritara, svo sem áður var, og þótti gefast vel. Þegar ráðherrum var fjölgað upp í þrjá, þá kom það til af því, að mönnum þótti það fyrirkomulag tryggara, vegna hinna ytri kringumstæðna. Þá stóð stríðið sem hæst, og menn fundu, hversu afarnauðsynlegt það væri, að sem minstir flokkadrættir væru kring um stjórnina, svo að hún hefði betra næði á þeim mjög svo erfiðu tímum. Með því að hafa ráðherrana þrjá, gat hver flokkur fengið einn ráðherra, og á þann hátt gat stjórnin fengið meiri ró, meiri frið til þess að vinna verk sín heldur en áður var.

En brátt kom í ljós, að þetta fyrirkomulag var ekki heppilegt. Það leyndi sjer ekki, að með þessu móti var ábyrgðartilfinning ráðherranna ekki eins rík, sem og eðlilegt var, þar sem hver þeirra átti sitt flokksbrotið að baki sjer.

Hinsvegar leiddi af því, að glundroði varð mikið meiri en áður í stjórnmálunum innan þingsins. Og sá glundroði dreifðist svo aftur út meðal þjóðarinnar.

Margir hafa því óskað þess, að horfið væri að hinu gamla fyrirkomulagi með einum ráðherra og landritara, enda lá frv. þannig fyrir í sinni upphaflegu mynd. Þetta fyrirkomulag, að hafa einn ráðherra og landritara, fólst í 1. gr. þess.

En þessi grein frv. var feld þegar við 2. umr., og þegar svo var komið, fanst mjer frv. í raun og veru eyðilagt. En það var samt sem áður látið halda áfram, en svo lemstrað var það, að það var aðeins svipur hjá sjón, móts við það, sem það áður var, og getur vitanlega ekki staðist til langframa í þeirri mynd, sem það hefir nú fengið. Til þess að bætt verði úr göllunum, sem það hefir fengið, verður að samþykkja brtt. á þskj. 161, sem segir, hvernig að skuli fara, ef ráðherra deyr eða verður óstarfhæfur eða er erlendis.

Úr því jeg einu sinni er staðinn upp, vil jeg minnast nokkuð á brtt. þær, sem fram hafa komið á þskj. 169 og 189. Mjer finst, að hvorug þessi brtt. eigi í raun og veru nokkurn rjett á sjer, því að það hefir verið látið í ljósi af báðum málspörtum, að það eigi að gera sem minstar efnisbreytingar á stjórnarskránni, og alls eigi aðrar en þær, sem hafa alvarlegar óskir frá þjóðinni á bak við sig.

Brtt. um að afnema landskjörið finst mjer næsta varhugaverð. Mjer finst það hljóta að vera óheppilegt að láta nýkosið þing sjálft skapa höfuð sitt. Ef ætti að gera slíka breytingu á fyrirkomulagi þingsins, fyndist mjer rjettast að hætta að öllu leyti við efri deild, og hafa þingið aðeins eina málsstofu. En jeg skal þó taka fram, að jeg er einnig á móti slíkri breytingu, enda hygg jeg, að slíkt fyrirkomulag sje óvenjulegt í þingræðislöndunum. Það hefir verið minst á það hjer nú, við þessa umræðu, að slíkt fyrirkomulag væri á finska þinginu. En þó að svo sje, get jeg ekki talið það neina fyrirmynd.

Á móti þessari brtt. hefði verið ástæða til að koma fram með alveg gagnstæða brtt., þess efnis, að hafa alla efri deildina, — sem vitanlega þarf ekki að vera nema 12 þm. — landskjörna, og jeg get játað það, að til þess hefði jeg fyrir mitt leyti haft talsverða tilhneigingu, ef farið væri á annað borð að gera gagngerða breyting á stjórnarskránni.

Þegar ákveðið var að afnema hina konungkjörnu þm., var jeg slíku fyrirkomulagi fylgjandi. Mjer hefir altaf fundist, að með því einu móti væri þess fyllilega gætt að mynda nauðsynlegt íhald og festu í þinginu, og vitanlega hefði landskjör ekki orðið neitt dýrara fyrir þjóðina, þó að landskjörnu þingmennirnir hefðu verið fleiri en þeir nú eru. En þó að mjer dytti í hug að koma með slíka breytingartillögu, þá vildi jeg ekki gjöra það, bæði sökum þess, að jeg vildi ekki verða til þess að tefja með því framgang málsins, eins og máske hefði getað orðið, og mjer skildist, að allir vildu gera sem minstar efnisbreytingar við stjórnarskrána. En í öðru lagi vildi jeg ekki koma með slíka brtt., af því að öllum slíkum breytingum fylgir sá höfuðókostur, að með þeim er eiginlega verið að koma aftan að þjóðinni, því að þessi hlið málsins hefir aldrei verið rædd meðal þjóðarinnar, og það hafa ekki komið neinar óskir um slíkar breytingar frá henni. Öðru máli er að gegna um fækkun ráðherra og þinga. Það mál hefir verið rætt mjög mikið úti um landið, og það er óhætt að segja, að það liggi fyrir mjög eindregnar óskir um þær breytingar báðar frá þjóðinni sjálfri.

Jeg mun því greiða atkvæði mitt móti þessari brtt., og vona, að sem flestir aðrir hv. deildarmenn verði mjer samtaka um það. En verði aftur á móti sú raunin á, að þessar brtt. verði samþyktar,

að jeg ekki tali um, ef svo ólíklega kynni að takast, að brtt. á þskj. 161 verði feld, þá get jeg ekki með nokkru móti greitt stjórnarskrárbreytingunni atkv. mitt í þetta sinn. Því að þá er frv. orðið sú handarskömm, sem ómögulegt er að forsvara.

Guðmundur Ólafsson: Jeg get ekki annað en álitið, að það hafi verið fremur til styrktar málstað okkar, flutningsmanna brtt. á þskj. 189, hvernig hv. 1. landsk. hóf mál sitt. Því að hann lagði ekki áherslu á það, eins og hæstv. forsrh., að þetta væri ofmikil breyting á skipulagi þingsins, heldur færði hann fram ýmis ennþá ljettvægari rök gegn brtt. Hv. 1. landsk. (SE) sagði sem sje, að landsk. þm. væru lausari frá öllu kjördæmajagi, og þyrftu ekki að taka tillit til neinna sjerstakra hjeraða eða hreppapólitíkur, og væru því yfirleitt viðsýnni en kjördæmakjörnir þingmenn. En mjer finst jeg ekki hafa orðið var við, að landskjörnu þingmennirnir bæru yfirleitt neitt af þeim kjördæmakjörnu, hvorki með viðsýni nje annað. Jeg get því ekki álitið þessa röksemdaleiðslu hv. 1. landsk. annað en fleipur. Ræða hans sýndi það yfirleitt, að hjer er ekki um neitt viðsjárvert stórmál að ræða. Hann álítur, að það sje rangt að vera að gera nokkrar verulegar breytingar á stjórnarskránni, og hann hjelt því sömuleiðis fram, að það væri ekki til neins að vera að ræða um svona lagaðar breytingar til sparnaðar, því að þær yrðu aldrei samþyktar, en hefðu aðeins kostnað í för með sjer, þann kostnað, sem leiðir af umræðunum um málin. Og hann sagði, að ef þetta næði fram að ganga, þá mundi það líta kynlega út, að þingið sjálft skapaði höfuð sitt.

Hv. 1. landsk. (SE) mælti einnig í móti aðalbreytingunni, um þing annaðhvert ár. Honum fanst ekki veita af stuttu þingi á hverju ári. Það er sama röksemdaleiðslan og notuð var, þegar rætt var um að koma þeirri breytingu á, að halda þing á hverju ári. Þá var því haldið fram, að ef þing væri á hverju ári, þá mætti hafa það mjög stutt, en reyndin hefir nú samt orðið sú, að þingin hafa alls ekki orðið styttri, heldur einmitt lengri, síðan tekið var að halda þing á hverju ári.

Hv. 1. landsk. tók grískudósentinn sem dæmi upp á það, hve illa gengi að koma fram sparnaðarmálum á þinginu, og hve litla þýðingu það hefði að bera slík mál fram.

Jeg er hv. þm. sammála um það, að það er ilt að eyða tíma og fje í að tala um sparnað, sem aldrei kemst í framkvæmd. En hvernig eigum við að fara að? Það er á svo mörgum sviðum, sem þörf er á að spara, og þjóðin heimtar sparnað. Og jeg vil benda hv. 1. landsk. (SE) á það, að honum hefir orðið það á, engu síður en öðrum, að bera fram sparnaðarfrumvörp, sem hafa fallið, og eyða þannig tíma og fje í árangurslausar sparnaðartilraunir. Hann bar fram á þinginu í fyrra stórt frv. um sýslumannaembætta-samsteypur, og það fjell. En þó að ýms sparnaðarmál falli, eins og t. d. afnám grískudósentsins og prófessorsins í hagnýtri sálarfræði, þá dugar ekki að leggja algerlega árar í bát, því að einhverntíma hlýtur þó að koma að því, að augu þingsins opnist og sjálfsagður sparnaður nái fram að ganga. Og jeg er fullviss um, að fyr verður grísku-

dósentinn og prófessorinn í hagnýtri sálarfræði lagðir niður en sýslumannaembætta-samsteypan nái fram að ganga, nema þá að mjög litlu leyti.

Hvað því viðvíkur, að þeir landsk. vinni mikið gagn að því er snertir íhald og festu í þinginu, fram yfir þá kjördæmakjörnu, vil jeg benda á það, að þeir hafa einmitt oft gengið mjög hart fram í því að gera nýmæli að lögum, þegar á fyrsta þingi, er þau hafa komið til umr., og sum þeirra ekki þörf. Hv. 1. landsk. gerðist mjög skáldlegur, er hann tók að tala um blóð stjórnarskrárinnar, er mundi lenda á stærstu flokkunum. En jeg vil benda hv. 1. landsk. á það, að hvorki hann eða hans flokkur mun verða laus við blóðbaðið, ef stjórnarskráin verður drepin. Og það er meira að segja hans flokki aðallega að kenna, ef allar brtt. við stjórnarskrána verða drepnar, því að mjer þykir líklegt, að íhaldsflokknum sje, og er viss um, að Framsóknarflokksmönnum er það mikið áhugamál að bjarga þessum breytingum á stjórnarskránni gegnum þingið. Ef þeir flokkar væru einir um hituna, er því líklegt, að það tækist.

Hv. 1. þm. Rang. (EP) talaði um það, að eftir hans áliti væru aðeins tvær breytingar á stjórnarskránni, sem ættu rjett á sjer, og það var sú breyting, að hafa þing aðeins annaðhvert ár, og fækkun ráðherra. Og sami hv. þm. hjelt því fram, að ekki hefðu komið fram óskir um aðrar breytingar frá þjóðinni. Jeg veit vel, að það hafa komið fram óskir frá þjóðinni um þing annaðhvert ár, en alls ekki um fækkun ráðherra eða lenging kjörtímabilsins. Jeg veit líka, að það er almenn mótstaða móti því, meðal þjóðarinnar, að kjörtímabilið verði lengt. Og það var slík mótstaða, sem ýtti undir okkur flm. með að bera fram þessa brtt. Við vildum losna við hið gífurlega langa kjörtímabil hinna landsk. þm., með því hreint og beint að leggja landskjörið niður. Hv. þm. (EP) talaði ennfremur um það, hvað hann hefði áður hugsað viðvíkjandi skipulagi efri deildar, en mjer finst nú vera tómt mál að tala um það nú, úr því hann kemur þá ekki með brtt. í þá átt.

Jeg get alls ekki verið hv. 1. þm. Rang. (EP) sammála um, að það hafi nokkurn grundroða í för með sjer, þó að ráðherrar sjeu fleiri en einn, eða að þjóðin viti síður til hvers hún á að snúa sjer, ef ráðherrar eru fleiri. Jeg held, að þetta sje alls ekki rjett hjá hv. þm., því að forsrh. er höfuð stjórnarinnar, og því hægt að snúa sjer til hans með öll mikilvæg málefni. Jeg get því alls ekki fallst á, að það sje neitt einfaldara fyrirkomulag að hafa 1 ráðherra og landritara.

Hvað því viðvíkur, að frv. verði eigi komið í rjett form, þegar það fer út úr deildinni, ef brtt. verður samþykt, þá skal jeg taka það fram, að brtt. okkar háttv. 1. þm. Eyf. spillir því ekkert, og jeg get ekki sett þann galla, sem nú er á frv., neitt fyrir mig. Hv. neðri deild mun laga það, sem frv. er nú áfátt í því efni.

Hv. 1. þm. Rang. (EP) kom fram með þá mótbáru móti niðurlagningu landskjörsins, að það væri óheppilegt, að nýkosið þing smíðaði sjálft á sig höfuðið. Í því sambandi vil jeg benda hv. þm. á, að þingið gjörir það í raun og veru nú, því að það kýs meirihluta deildarinnar, því að þeir landskjörnu eru aðeins 6 af 14 deildarmönnum.

Hv. þm. talaði ennfremur um, að hann

hefði helst kosið, að öll Ed. væri landskjörin, og jeg skal játa það, að ef svo væri, þá væri meira vit í þeim óhemjukostnaði, sem fer í landskjörið. En mjer finst hinsvegar, að landskjörnu þingmennirnir sjeu ekkert sjerstaklega nauðsynlegir fyrir þjóðina, og því megi vel leggja þá niður og losna þar með við þann mikla kostnað, sem þeir hafa í för með sjer fyrir þjóðina.

Sigurður Eggerz: Hv. 1. þm. Rang. (EP) hjelt því fram, að fjölgun ráðherra hefði verið orsök þeirrar flokkariðlunar, sem hefir átt sjer stað í þinginu nú á síðari árum. En þetta er alls ekki rjett hjá hv. þm. Ástæðurnar til þeirrar flokkariðlunar voru alt aðrar.

Upphaflega var það sjálfstæðismálið og sambandið við Dani yfirleitt, sem skifti flokkum á þingi hjer. En þegar sambandsmálið var til lykta leitt, þá fóru flokkarnir að skiftast eftir öðrum línum.

Þegar dæma á, hvernig þriggja ráðherra fyrirkomulagið hafi heppnast, þá verður að taka tillit til, að sá tími, sem þeir hafa farið með stjórn landsins, hefir verið eitthvert erfiðasta tímabil í sögu þjóðarinnar, og óvíst er, að 1 ráðherra hefði á því tímabili tekist eins vel stjórnin og 3 ráðherrunum. Yfirleitt er meiri trygging fyrir því, að vandasömum málum sje betur ráðið til lykta af 3 mönnum en 1. Og þungamiðjan í ráðherrafjölguninni verður altaf á þessu atriði.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) og hv. 5. landsk. (JJ) sögðu um þá landsk., að þeir mundu yfirleitt ekki reynast betur en þeir kjördæmakjörnu, skal jeg taka það fram, að jeg ætlaði mjer alls ekki að fara að dæma neitt um þá landsk. þm., sem nú sitja á þingi, enda hætt við, að dómurinn um samþingmennina gæti orðið all skeikull. En jeg vil hinsvegar halda því fram, að landskjörnu þingmennirnir sjeu yfirleitt mikið óháðari. Kjósendur í einstökum kjördæmum heimta altaf af þingmönnum sínum, að þeir komi fram áhugamálum íbúa kjördæmisins, og ef þeir reynast linir í því að koma slíkum málum í framkvæmd, getur það orðið til þess, að þeir nái ekki kosningu framvegis. Þetta getur aftur orðið til þess, að kjördæmakjörnir þingmenn beiti sjer meira en góðu hófi gegnir fyrir slíkum áhugamálum kjósenda sinna.

Landskjörnir þingmenn eru aftur á móti algerlega óháðir slíkum kröfum kjósenda, og standa því fyrir ofan alla hreppapólitík. Mjer finst það því mjög hyggilegt að hafa nokkra slíka menn í þinginu, og þess vegna vil jeg halda í landskjörið.

En viðvíkjandi ummælum, sem hjer hafa komið fram um þöglan þingmann, vil jeg taka það fram, að jeg þekki ekki neinn þm., sem jeg treysti betur, en einmitt þeim þögla þingmanni.

Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) bar mjer það á brýn, í sambandi við ummæli sín um, að þetta mál og ýms slík mál væru hreinn peningaþjófur vegna kostnaðar við umræður, sem fyrirfram væri vitað, að kæmu að engu haldi, að jeg hefði borið fram sparnaðarfrv., sem aðeins hefði orðið til þess að eyða fje í umræður, en hefði svo fallið.

En út af þessu vil jeg benda háttv. þm. á, að jeg lagði ekki önnur sparnaðarfrv., af þeim frv., sem fjellu á fyrra þingi, fyrir þetta þing, en þau, sem jeg bjóst við, að kæmust í gegnum þingið. Og þó hefi jeg óbilandi tröllatrú á, að sparnaðarfrumvörpin, sem jeg kom

með á síðasta þingi, hafi verið rjettmæt og muni ganga fram á sínum tíma. Aðeins var þingið enn eigi nægilega þroskað til þess að skilja frumvörpin.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að ef stjórnarskránni yrði nú slátrað, þá væri það jeg og minn flokkur, sem ætti sök á því. Jeg skal alls ekki neita því, að jeg er á móti allri þessari nýjungagirni, sem nú er að æra hið háa alþingi, og tel mjer heiður í því að standa yfir moldum þessa stjórnarskrárfrv. En hinsvegar er það nú einkennilegt, ef 2 flokkar, annar 20 manna, en hinn 15 manna, í 42 manna þingi, sem báðir eru með stjórnarskrárbreytingu, gætu ekki komið henni fram gegn mótstöðu aðeins 6 manna. Allfríður má sá 6 manna flokkur vera, sem ber 35 menn ofurliði. En sannleikurinn er sá, að það er alt leikaraskapur hjá stærri flokkunum um stjórnarskrárbreytingu nú. Litli flokkurinn horfir á málið með alvöru, og sigrar því.

Jónas Jónsson: Jeg vil fyrst minnast nokkuð á ræðu hv. 1. þm. Rang. (EP). Hann fór algerlega villur vegar, þegar hann hjelt því fram, að það væri óviðeigandi að koma fram með nýjar brtt. nú, því að samkomulag hefði annars getað fengist um aðeins að fækka þingum. En þetta er gagnstætt sannleikanum. Í allshn. var því haldið til streitu af meirihl. nefndarinnar að fækka ráðherrum niður í einn og lengja kjörtímabilið í 6 og 12 ár. En þetta eru auðvitað aðeins „fleygar", sem ætlaðir eru til að drepa frv., því að þessar breytingar hefir þjóðin alls ekki beðið um og víst má heita, að hv. Nd. fellir, og þá máske frv. með öllu, eins og í fyrra. En það hefði verið í lófa lagið að koma gegnum deildina frv. um fækkun þinga, ef meirihl. allshn. hefði ekki haldið til streitu lenging kjörtímabilsins, og að hafa aðeins einn ráðherra. Enda hefir það orðið til þess, að tveir háttv. þm. hafa neyðst til þess að bera fram brtt. þess efnis, að leggja niður landskjörna þm., til þess að losna við hið óhæfilega langa kjörtímabil, sem þeim er ætlað. Þá sagði sami hv. þm., að ábyrgðartilfinning stjórnarinnar yrði minni, ef ráðherrar væru fleiri en einn, og úr mismunandi flokkum. Það leit helst út eins og þetta ætti að vera ásökun til þeirrar stjórnar, sem sat að völdum frá 1917—1922, því það er eina eiginlega samsteypuráðuneytið, sem hjer hefir verið við völd. Jeg veit ekki, hvað hæstv. forsrh. kann að segja um þetta, því að það er hann, sem þessari ásökun helst getur verið beint til, og hann er líka manna kunnugastur þessum efnum, þar sem sökin bitnar þá mest á honum. Röksemdir hv. þm. um það, að á stríðsárunum hefði þurft að fjölga ráðherrum sökum þess, að stjórnarstörfin hefðu verið svo erfið, eiga enn við, þótt friðartímar sjeu. Ástandið er síst betra nú en á stríðsárunum, því að á stríðsárunum flaut hjer alt í peningum, en nú er sú versta fjárkreppa, sem komið hefir yfir þetta land.

Einar Árnason: Það var eitt atriði í ræðu hv. 1. þm. Rang. (EP), sem jeg get ekki látið ómótmælt. Það var út af brtt. okkar hv. þm. A.-Húnv. (GÓ). Hv. þm. sagði, að með þessu væri verið að koma aftan að þjóðinni. Jeg vil benda hv. þm. á það, að samkvæmt stjórnarskránni verður að leggja þetta undir atkv. þjóðarinnar, áður en málið er afgert til fulls, og með því fær hún full tök á

því að láta vilja sinn í ljós, um þetta atriði. Þetta er því haldlaus mótbára hjá hv. þm.

ATKVGR.

Brtt. 161 feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSn, IHB, JóhJóh, JM, EP, HSteins.
nei: EÁ, GÓ, IP, JJós, JJ, SE, SJ, BK.

Brtt. 169, 1 samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, SJ, BK, EÁ, GÓ, HSn, IP, HSteins.
nei: SE, EP, IHB, JJós, JóhJóh, JM.

Brtt. 169, 2 samþ. með 8 : 5 atkv.
— 169, 3 samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, SE, SJ, BK, EÁ, GÓ, HSn, IP, HSteins.
nei: EP, IHB, JJós, JóhJóh, JM.

Brtt. 189, 1 samþ. með 8 : 6 atkv.
— 189, 2 feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJ, EÁ, GÓ, HSn, IP, JJ, HSteins.
nei: BK, EP, IHB, JJós, JóhJóh, JM, SE.

Frv., svo breytt, **felt** með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJ, EÁ, GÓ, IP, JM, JJ, HSteins.
nei: SE, BK, EP, HSn, IHB, JJós, JóhJóh.

11. Botnvörpuskipakaup í Hafnarfirði.

Á 25. fundi í Nd., mánudaginn 17. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ríkissjóður ábyrgist lán til botnvörpuskipakaupa í Hafnarfirði (þmfrv., A. 141).

Á 27. fundi í Nd., miðvikudaginn 19. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Ágúst Flygenring): Þegar jeg í þingbyrjun bar fram frv. til laga um undanþágu frá lögum nr. 33, 19. júní 1922, er fól í sjer heimild fyrir stjórnina til þess að veita 6 botnvörpuskipum útlendum leyfi til þess að reka fiskiveiðar frá Hafnarfirði og kaupa þar dýrmætar húseignir, með tilheyrandi áhöldum, stakkstæðum og fleira, sem Landsbankinn á þar, þá færði jeg fram gildar ástæður fyrir því, bæði í greinargerðinni fyrir frv. og sömuleiðis við umræðurnar hjer í deildinni, að óhjákvæmilegt væri að veita Hafnfirðingum verulega fjárhagslega aðstoð frá því opinbera, til þess að auka skipastól sinn, ef frv. yrði felt. Nú var það felt, sem kunnugt er. En við umr. kom það greinilega í ljós, að hv. þdm. vildu gera það, sem unt væri, til að bæta úr atvinnuþörf bæjarins með innlendu fje og innlendum skipastól, fremur en leyfa útlendingum undanþágu frá fiskiveiðalögunum. Í því trausti, að háttv. þm. sjeu enn á sömu skoðun, hefir sjávarútvegsnefnd leyft sjer að bera þetta frv. fram fyrir háttv. deild. Nauðsynin

er enn sú sama að bæta atvinnuþörf Hafnarfjarðar, og það er skoðun nefndarinnar, að úr henni verði að bæta, og að allmikil bót geti á þessu orðið, ef þingið vill verða við tilmælum þeirra fjelaga, sem í ráði er að stofna í Hafnarfirði, til þess að kaupa skip og gera út þaðan. Þetta er að vísu ekki svo viss hjálp, að á henni verði mikið bygt. En hjer er ekki í önnur hús að venda.

Með frv. er ætlast til þess, að ríkisstjórnin veiti ábyrgð ríkissjóðs fyrir 500 þús. kr. til skipakaupa, alt að 200 þús. kr. á skip, gegn 1. veðrjetti í skipinu, og gegn því, að fjelögin sjálf leggi fram ⅓ á móti. Að öðru leyti setur stjórnin þau önnur skilyrði fyrir lántökunni, sem hún telur nauðsynleg til þess að tryggja ríkissjóð. Vitanlega getur trygging í skipum aldrei talist fyllilega örugg. Ýms óhöpp geta hent þessi skip, og á útgerðinni getur altaf tapast, eins og átt hefir sjer stað sum hin síðari ár. En þegar litið er til þess, að hjer er um að ræða annan höfuðatvinnuveginn, sem landsmenn byggja líf sitt á, þá dugar ekki að efast um framtíð hans, fremur en um framtíð sjálfrar þjóðarinnar. Því að ef þessi atvinnuvegur hverfur úr sögunni, þá verður fólkið, sem hann stundar, líka að hverfa burtu. Því ekki tekur landbúnaðurinn við því. En mesta tryggingu fyrir ríkissjóð tel jeg það, að áhugasamir menn leggja alla sína krafta fram til þess að reka svona fyrirtæki, og eiga undir því bæði efnahag sinn og atvinnu. En það tel jeg einnig besta tryggingu fyrir því, að fyrirtækið hepnist.

Jeg vona, að hv. þm. skilji, að hjer er um tilraun að ræða, til þess að auka skipastólinn. Og þeir, sem biðja um ábyrgð ríkissjóðsins, búast við að geta notað hana í Skandinavisku löndunum. Jeg býst ekki við því, að bankarnir hjer vilji frekar lána gegn þessari ábyrgð heldur en tryggingu í skipunum. En í erlendum bönkum er ekki hægt að fá lán gegn veðrjetti í skipum, nema með ýmsum skilyrðum viðvíkjandi vátryggingum o. fl., sem ógerningur er að uppfylla.

Jeg skal svo ekki orðlengja meira um þetta. Hv. þd. eru kunnir málavextir, enda eru þeir í aðalatriðum prentaðir á sama þingskjali og frv. Jeg treysti því, að því verði tekið vingjarnlega. Og að lokinni umr. legg jeg til, að því verði vísað til fjhn.

Jón Baldvinsson: Eins og kemur ljóslega fram í greinargerðinni fyrir þessu frv., þá er ætlast til þess, að ábyrgð ríkissjóðs sje hjer fengin einstökum mönnum og fjelögum. Þessu get jeg ekki verið sammála. Hjer um árið var fengin ábyrgð ríkisins fyrir nokkra togara, sem hætt var við, að yrðu annars seldir út úr landinu. Býst jeg við, að ríkissjóður muni eiga í hættu lengur vegna þeirrar ábyrgðar. En mjer hefði fundist eðlilegra, ef hjer hefði verið um útgerð að ræða, sem bæjarfjelag stæði fyrir, að þá hefði verið leitað ríkisábyrgðar, og hefði mjer verið ljúft að samþykkja það. En jeg treysti mjer ekki til að samþykkja þetta frv., eins og það liggur fyrir. Jeg skal ekki segja, hvort jeg muni koma með brtt. í þessa átt. Jeg sje nú hverju fram vindur. Það hefði verið langtum tryggara, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefði haft þetta með höndum. Þá hefði það verið örugt, að togararnir, sem ráðgert er að kaupa, yrðu þar til frambúðar. En um togara einstakra manna er þetta ekki eins ör-

ugt, eins og reynslan undanfarið hefir bent til. Sem sagt, jeg álít best, að bæjarstjórnin hafi hjer hönd í bagga.

Það er þetta, sem mig greinir á um við sjútvn.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vildi aðeins beina fyrirspurn til þeirra manna hjer í hv. deild, sem jeg hygg að sjeu kunnugastir sjávarútvegi og öllu, sem þar að lýtur. En það eru þeir hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ). Hjer fyr á þinginu kom fram frv. frá hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), sem átti að verða til þess að draga úr atvinnuskorti í Hafnarfjarðarkaupstað, og var þar bent á sjerstaka leið að því marki. Jeg fylgdist vel með umr. um þetta frv. og ásetti mjer helst að fylgja að málum þeim manninum (ÁF), sem jeg tel reyndastan og að öllu hinn öruggasta í því, sem að þessum málum lýtur. En hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) mótmælti þessu frv., og taldi það hættulegt fyrir útveginn í heild sinni, vegna ofmikillar fiskframleiðslu, ef skipum væri fjölgað um of, sem stunduðu fiskiveiðar. Of mikill fiskur kæmi þá á markaðinn, og verðið fjelli. Nú vil jeg spyrja hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), hvort ekki muni verða sömu afleiðingar af því, ef þessi leið er farin, sem nú er stungið upp á. Háttv. frsm. (ÁF) sagði, að það væri ætlast til þess að auka skipastólinn allmikið frá því, sem nú er. Virðist mjer því sú hætta, sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) benti á, ef fyrri leiðin hefði verið farin, liggja eins við borð, verði þetta samþ.

Jeg er óráðinn í því, hvernig jeg greiði atkvæði um þetta mál. Mun það fara eftir þeim upplýsingum, sem jeg vænti, að fram muni koma.

Jón Kjartansson: Það var önnur fyrirspurn, sem jeg vildi beina til hv. frsm. sjútvn. (ÁF), hvort hæft sje í því, sem heyrst hefir, að maður nokkur í Hafnarfirði ætli, eða væri í þann veginn, að taka á leigu 4 enska togara. Mjer skilst, að þetta frv. sje aðallega fram komið til þess að bæta úr atvinnuskorti Hafnfirðinga. En ef þessir 4 togarar koma þangað, þá virðist mjer, að úr því sje bætt með þessu. Annars virðist mjer það illa farið, ef Íslendingar eru að taka á leigu útlend skip yfir aðalvertíðina, og taka aflann, þegar hann er sem mestur, og spilla þannig fyrir landsmönnum. Þótt þarna kunni að vera virkileg leiga nú, má búast við, að þessi undanþága frá fiskiveiðalögunum sje skaðleg, og mundi með tímanum verða mjög misbrúkuð.

Hvað snertir ábyrgð ríkissjóðs fyrir þessi væntanlegu útgerðarfjelög í Hafnarfirði, þá er mjer illa við það, að ríkið sje að ganga í ábyrgð erlendis fyrir einstaka menn eða fjelög. Jeg veit heldur ekki, hvort erlendir bankar leggja mikið upp úr slíkri ábyrgð ríkisins, og ef svo er ekki, þá getur það orðið til þess að veikja lánstraust ríkisins erlendis, ef menn eru að hampa henni í bönkum þar. Hitt virðist mjer eðlilegt, að ríkisstjórnin hlutist til um að fá innlenda banka til þess að styrkja þetta fyrirtæki; það virðist mjer besta leiðin.

Jeg mun svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni. En jeg vildi gjarnan fá svar við fyrirspurn minni um þessa bresku togara. Jeg tel það illa farið, að útlendingar komi hingað til þess að gera út hjeðan, þar sem þeir geta farið 3 ferðir á okkar bestu mið og lagt hjer upp aflann, í stað þess að fara aðeins

eina ferð, ef þeir þyrftu að sigla beint til Englands jafnóðum. Jeg tel og mjög vafasamt, hvort þetta geti staðist vegna fiskiveiðalaga vorra. Og mjer skilst, að þau lög væru lítils virði, ef slík „leiga" væri leyfð. Það mun ekki hafa verið ætlunin með fiskiveiðalögunum, að þessi leiga væri leyfð, og tel því illa farið, að nú skuli vera komið út á þessa braut.

Jón Auðunn Jónsson: Út af fyrirspurn hv. þm. Str. (TrÞ) skal jeg taka það fram, sem öllum hv. þm. er kunnugt, að aðalástæðan gegn því að veita undanþágu frá fiskiveiðalögunum var sú, að við gætum ekki ráðið við það, hve víðtækar undanþágur kæmu í kjölfar þessarar. En afleiðing þeirrar undanþágubrautar, sem ráðgert var að fara inn á, yrði sú, að fiskveiðar okkar og salan á fiski til útlanda væri þá í hættu stödd. Við umr. um það mál drap jeg á það dæmi, að ef hingað kæmu í ár 8—10 erlendir togarar, þá mundi framleiðslan aukast til stór skaða fyrir markað okkar á Spáni og Ítalíu. Hinsvegar mundi eðlilegur vöxtur framleiðslunnar ekki saka neitt, t. d. 5—10 þús. skpd. á ári. Jeg get ekkert sjeð því til fyrirstöðu, að Hafnarfjörður fái tvo til þrjá togara. Það gengur nú svo, að sje skipastóllinn ekki aukinn með aðkeyptum skipum, þá gengur hann saman. Einkum færist mótorbátaflotinn saman, ef ekkert er aðkeypt. Nýbyggingar hjer svara ekki til þess, sem skipastóllinn gengur úr sjer árlega. Jeg get því ekki sjeð neina hættu, frá sjónarmiði þorskveiðaútgerðarinnar og hinna erlendu saltfiskmarkaða, við það að veita Hafnarfirði ábyrgð til þess að kaupa ný skip. En mjer er það nauðugt að ganga inn á þessa braut, vegna ríkissjóðsins. Jeg hefi verið því mótfallinn að undanförnu, að þingið veitti ábyrgð ríkisins einstökum mönnum. En hjer er kanske svo vel um hnútana búið, að hættulaust sje fyrir ríkissjóð. En ef ábyrgðin er veitt, verður að treysta því, að stjórnin hrapi ekki að því, án þess að vel sje sjeð fyrir tryggingum. Jeg hefi átt tal um þetta við menn, sem standa nærri þessum fjelögum í Hafnarfirði, og eftir því, sem jeg hefi komist næst, þá hygg jeg, að engin hætta sje að veita ábyrgðina, a. m. k. í öðru tilfellinu. En annars geta þdm. ekki myndað sjer ábyggilega skoðun á því, og verði frv. samþ., þá verður að fela stjórninni að athuga þetta. Stjórnin hefir hingað til gætt fullrar varúðar í slíkum tilfellum.

Áður en jeg get greitt þessu frv. atkv. til nefndar, vil jeg gera fyrirspurn til hæstv. atvrh. (KlJ): með hvaða leyfi og skilyrðum þeir bresku togarar, sem eru komnir til Hafnarfjarðar, stunda veiðar þaðan? Og eins, hve mörgum togurum hefir verið leyft að stunda þaðan fiskveiðar? Því ef ríkisstjórnin hefir veitt 3—4 enskum togurum undanþágu til að stunda hjer veiðar, þá sje jeg enga ástæðu til þess að samþ. þetta frv.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Þessi fyrirspurn hefir áður komið hjer í hv. deild, og þykist jeg hafa svarað henni fullgreinilega. Stjórnin hefir enga undanþágu leyft til þess að stunda fiskiveiðar í Hafnarfirði, fyrir erlenda togara. En það er minn skilningur á fiskiveiðalögunum, sem jeg drap á, er þessi fyrirspurn kom í þingbyrjun, að innlendir menn gætu tekið á leigu útlenda botnvörpunga, sem veiða utan landhelgi, en leggja upp hjer. En hvort sá skilningur laganna er rjettur, er fyrir dómstólana að skera úr. En það eru margir

góðir lagamenn, sem skilja fiskiveiðalöggjöfina nákvæmlega á sama hátt sem jeg.

Frsm. (Ágúst Flygenring): Að því er snertir tillögur háttv. 2. þm. Reykv. (JBald), þá nenni jeg ekki að svara þeim sjerstaklega. Hans skoðun í þessu máli er svo gagnólík minni skoðun, að þar getur ekki verið að ræða um samkomulag. Hann vill leggja alla þluti undir bæjarstjórnir eða þá sjálfa ríkisstjórnina. Tillögur hans eru því allar aðeins spor í þjóðnýtingaráttina, sem jeg á engan hátt get aðhylst. Háttv. þm. Str. (TrÞ) segi jeg það, að mín skoðun er alveg hin sama í þessu málinu og þegar jeg hjer um daginn bar fram hjer í hv. deild frv. um undanþágu frá fiskiveiðalöggjöfinni, að jeg álít, að það geri svo lítið til og hafi svo að segja engin áhrif á fiskmarkaðinn, þótt bætt sje við 6 togurum í Hafnarfirði; allra síst þegar svo var, eins og jeg lýsti þá yfir, að þeirra fáu skippunda, sem þessi skip mundu afla, gætti svo sáralítið á fiskmarkaðinum í Ítalíu, eða sem svaraði ½ kg. á mann þar á ári. Það er annars furðu hlægilegt, að háttv. þm. geti ekki gert sjer grein fyrir, hversu lítið munar um þetta á markaðinum yfir höfuð. Jeg tók það þó skýrt fram í umr. um hitt frv., að þessi atvinnuvegur verður að hafa eðlilegan framgang; ef við stöndum í stað, verður það til niðurdreps, eigi aðeins Hafnfirðingum, heldur og allri þjóðinni. Það er því óhjákvæmilegt fyrir okkur að auka atvinnuvegina. En hvað togaraútgerðina í Hafnarfirði snertir, þá er hún eðlileg afleiðing af því, sem jeg hjelt fram við umr. um hitt frv., að hoppað mundi verða yfir þennan sjálfstæðismúr, sem við höfum bygt utan um okkur með fiskiveiðalögjöfinni, en því bar jeg það frv. fram, að jeg vildi, að þetta væri mönnum frjálst, og ekki eins og nú verður gert, að gengið verður á snið við lögin, án þess að við getum við því gert. Það munu ekki aðeins koma 4 skip til Hafnarfjarðar, heldur fleiri. Þetta stafar af því, að við höfum ekki sjálfir hingað til getað skapað nóg verkefni handa fólkinu, þar nje annarsstaðar í landinu. Þessi ríkissjóðsábyrgð er það minsta, sem við getum gert til þess að styðja viðleitni manna í Hafnarfirði til þess að eignast sjálfir skip til fiskiveiða. Þetta er það allra minsta, sem Alþingi getur gert til viðreisnar þessum atvinnuveg, og jeg álít það hreint og beint vera blett á hinu háa Alþingi, ef það gerir þetta ekki. Jeg held því enn fram, að ef við viljum halda fast við þessi lög um að banna erlendum mönnum fiskiveiðar hjer, verðum við að taka afleiðingunum af þeim. Og það er ekki hægt að gera annað við þessu, en að styðja að því, að innlendir menn geti neytt þessara sjerrjettinda sinna og þannig komið í veg fyrir, að lögin verði ella brotin. Verður þá auðveldast að smeygja sjer út úr vandræðunum með því að veita þessa ríkissjóðsábyrgð, ef fje er ekki til, þessu til styrktar, enda eina ráðið, eða sú einasta tilraun, sem þingið getur gert eins og stendur.

Þorleifur Jónsson: Mjer þykir það að vísu afarleiðinlegt að standa upp til þess að mæla á móti bjargráðatillögum við Hafnfirðinga, þegar ástandið er eins bágborið þar, eins og lýst hefir verið hjer í hv. deild. En það er á hitt að líta, að þó að þetta kunni að vera bjargráð við Hafnfirðinga, sem þó

hv. 1. þm. G. K. jafnvel efast um að sje, þá er þegar búið að binda ríkissjóðinum eigi alllítinn bagga með ábyrgðum. Á þingunum 1921—1923 var veitt heimild til þess að ganga í ábyrgðir fyrir 1½ milj. kr. lánum, og finst mjer þá vera komið út á all-varhugaverða braut, ef það á að fara að verða venja á hverju þingi að bæta við ábyrgð á ábyrgð ofan. Það gæti svo auðveldlega orðið til þess að draga úr lánstrausti ríkissjóðs, auk þess, sem rekið getur að því, að eitthvað geti lent á ríkissjóði af slíkum skuldum. Þá hefir auk þessa verið veitt ábyrgð fyrir togaralánum í Englandi, sem jeg veit ekki hve stór eru, en jeg geri þó ráð fyrir, að ábyrgðir ríkisins sjeu þegar orðnar mikið yfir 2 milj. kr., og sýnist mjer þá lítt gerlegt að bæta við bráðabirgðaheimild fyrir 500 þús. kr. nú. Mjer sýnist þessa og minni þörf, er það hefir verið upplýst, að 4 togarar eru nú gerðir út frá Hafnarfirði, og bæta því úr atvinnuskorti í bráð, enda þótt þeir eigi þar ekki heima nema að nafninu til. Þessvegna sje jeg mjer ekki fært að greiða þessu frv. atkvæði mitt.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg fjekk auðvitað ekki full svör hjá hæstv. atvrh. (KIJ), heldur aðeins þau sömu svörin, sem hann hefir áður látið uppi, þ. e., að hann teldi öllum innlendum mönnum heimilt að taka erlend fiskiskip á leigu. Jeg býst ekki við, að öll stjórnin sje á einu máli í þessu efni, og auk þess þykist jeg hafa ástæðu til að ætla, að megin-þorri lögfræðinga vorra sje á alveg gagnstæðri skoðun. Jeg ætla í þetta sinn að beina annari spurningu til hæstv. atvrh., sem jeg vænti að hann svari þegar og alveg afdráttarlaust. Spurning mín er sú, hvort það sje satt, að hann hafi gefið erlendum ræðismanni skriflega yfirlýsingu um þennan skilning sinn á fiskiveiðalöggjöfinni og hvort ekki megi ályktа, að einmitt af þeirri yfirlýsingu hans sje þegar hafinn undirbúningur undir atvinnurekstur útlendinga í stórum stíl.

Hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) sagði áðan, að þetta væru hinar eðlilegu afleiðingar af neitun þingsins á undanþágunni frá fiskiveiðalöggjöfinni. Hann hjelt því fram, að bæði neitunin og neyðin í Hafnarfirði ræki menn til undanbragða frá lögunum, og að það, sem nú gerðist í Hafnarfirði, væru undanbrögð. Þessi hv. þm. er kunnur að hreinskilni og drengskap, og þykir mjer því vænt um þetta álit hans. En jeg vona, að eigi sje hægt að hafa undanbrögð í þessu stórmáli, nema með því móti, að stjórnin sjái gegnum fingur við þá, sem undanbrögðin hafa í frammi, eða jafnvel sampykki þau.

Háttv. þm. sagði, að það munaði ekki um það, þó að hjer bættust við 5—10 togarar árlega, en hann má muna, að árin 1919 og 1920 jukum við skipastól okkar of mikið, og fór þá svo, að okkur vantaði markað fyrir fiskinn. Afleiðingin varð og auðsæ í því, að fiskverðið lækkaði stórkostlega. Hitt skal jeg fúslega játa, að þessi undanþága, sem hv. 1. þm. G.-K. fór fram á í frv. sínu nú í byrjun þessa þings, hefði eigi haft svo mikil áhrif á markaðinn, vegna þess, að fiskurinn, sem aflast hefði, mundi hafa verið fluttur beina leið til Ítalíu, hvort sem skipin hafa stöð hjer eða annarsstaðar. En afleiðing þessarar undanþágu hefði orðið sú, að eigi hefði orðið hjá því komist að veita fleiri þjóðum sömu hlunnindi, og þess vegna var hún ekki veitt.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Þetta er nú í þriðja sinnið, sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) spyr mig þessarar sömu spurningar, og jeg skal gjarnan gera honum það til geðs að svara honum í þriðja skiftið. Jeg hefi engar undanþágur veitt frá fiskiveiðalöggjöfinni; greinilegar er ekki hægt að svara þessu. Hinsvegar hefi jeg látið þá skoðun mína brjeflega í ljós til 2 eða 3 manna, að jeg teldi það heimilt, að innlendir menn tækju erlend skip á leigu til fiskiveiða. Hv. þm. N.-Ísf. álítur, að jeg standi einn uppi með þessa skoðun. En það er alveg rangt. Jeg gæti, ef jeg vildi, bent á 2—3 mjög vel lögfróða menn, sem mjer eru sammála í þessu. En þó svo væri, að jeg væri einn um þennan skilning á lögunum, er mjer það sama; jeg mundi halda þessari skoðun minni fyrir það. Þá spyr hann, hvort jeg hafi gefið nokkrum erlendum ræðismanni skriflega yfirlýsingu um þenna skilning minn á lögunum. Þessu svara jeg þannig, að jeg man ekki eftir því, en þó getur verið, að jeg hafi gefið ræðismanni Norðmanna þetta álit skriflega. Jeg skal athuga þetta eftir þingfund í dag, og skal jeg þá segja hv. þm. N.-Ísf., hvort svo hafi verið. En hafi jeg gert þetta, þá hefir það aðeins verið af því, að þetta er mín skoðun á málinu og er í fullu samræmi við það, sem jeg hefi áður látið uppi um þetta. Jeg hefi ekki verið við þessar umr. frá upphafi, og get því ekki tekið þátt í því, sem hjer hefir farið fram áður en jeg heyrði hv. þm. N.-Ísf. segja, að hann áliti það vera mjög óheppilegt, ef Hafnfirðingum væri leyft það í skjóli þessarar lögskýringar að hafa þar 6—10 togara á fiskiveiðum og verka aflann þar í landi. Jeg vil spyrja háttv. þm., hvernig færi, ef Hafnfirðingar eða aðrir gætu fengið lán til þess að kaupa 5—6 togara? **(JAJ:** Þeir mundu ekki vilja þá.) Nei, það er alls enginn vafi á því, að þeir mundu fegnir að fá þá, ef þess væri kostur. Það er annars dálítið einkennileg hugmynd, sem liggur bak við þetta alt saman. Það er eins og ætlast sje til, að þessi útvegur nokkurra manna eigi að hafa einskonar einokun á fiskiveiðunum hjer við land.

Háttv. þm. N.-Ísf. heldur vissulega ekki mikið upp á einokunarstefnuna, en nú gægist sú skoðun upp hjá honum, að þeir, sem nú stunda þennan atvinnurekstur með ákveðnum togarafjölda, eigi að hafa einskonar einkarjett til fiskiveiðanna. Mjög svipuð skoðun kom nýlega fram í einu blaðinu hjer, að eigi mætti leyfa erlendum mönnum að veiða síld hjer við land, heldur ætti að varðveita síldveiðarnar fyrir landsmenn sjálfa, aðallega þó fyrir nokkra síldarbraskara á Norðurlandi. Þeir, sem annars eru hörðustu mótstöðumenn allrar einkaverslunar, vilja nú eindregið draga allar síldarveiðar undir sig og sína fjelaga. Þetta er alleinkennileg og eftirtektarverð skoðun, en ekki vel sjálfri sjer samkvæm.

Magnús Jónsson: Mjer finst þetta litla frv. vera svo varhugavert, að það sje full ástæða til þess, þó að það sje eigi þingvenja, að láta athuga það nánar í fjárhagsnefnd. **(ÁF:** Jeg vildi helst, að frv. yrði drepið strax, ef það á að falla á annað borð.) Jeg geri nú ráð fyrir, að það kunni að vera þm., sem ekki eru ráðnir í því enn, hvernig þeir greiða atkv. um þetta, og að þeir muni miklu frekar vilja láta athuga frv. í nefnd en drepa það strax, enda er það enginn

ósiður, að vísa frv. til fjhn. Þegar þingið veitti heimild til að ábyrgjast togaralánin í Englandi hjer á árunum, var það vegna þess, að við borð lá, að þessir erlendu bankar, og einkum einn þeirra, sem hingað hafði þá sent umboðsmann, gengju að útgerðarfjelögunum, sem voru stórskuldug þar orðin, og það hefði orðið til ómetanlegs tjóns, ef fjelögin hefðu þá orðið að selja skipin fyrir sama sem ekkert verð. Hjer er um alt annað að ræða; hjer er rætt um það, að heimila stjórninni í mjög svo almennum orðum að ábyrgjast lán til þess að kaupa togara. Bæði er nú það, að það er nokkuð hæpið fyrir ríkissjóðinn að taka á sig stórfeldar ábyrgðir eins og hag hans er komið, en svo er annað, sem þó er varhugaverðara. Hjer vantar alla tryggingu fyrir því, að þessi ábyrgð gagni nokkuð. Í greinargerðinni er að vísu ekki talið ólíklegt, að lán fengist ytra gegn þessari ábyrgð, en alla vissu vantar, og þá erum við komnir út á þá óviðkunnanlegu braut, svo að ekki sje meira sagt, að einstakir menn eru að ferðast um ytra og láta banka og aðrar lánsstofnanir meta ríkissjóðinn íslenska, hve mikil ábyrgð sje í honum. Og kanske fyndist einhverjum þar, að nokkuð væri gálauslega með hann farið, þegar einstakir menn geta þannig flíkað með ábyrgðir hans framan í hinum og þessum. Jeg tel ekki mögulegt að veita þannig lagaða ríkissjóðsábyrgð fyr en lánið er trygt, ef hún kemur til; því að öðrum kosti er að því hinn mesti lánstraustsspillir. Þetta vildi jeg að nefnd athugaði vel og vandlega áður en flanað sje að því að samþykkja slík lög sem þessi.

Jón Þorláksson: Jeg kvaddi mjer hljóðs vegna þess, að mjer fanst hæstv. atvrh. (KlJ) fara allhvössum orðum um skoðun hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) í landhelgismálinu, — skoðun, sem hann stendur alls ekki einn uppi með. Háttv. þm. N.-Ísf. hefir gerst talsmaður þeirrar skoðunar, að vjer eigum, eftir því, sem oss er frekast unt, að halda botnvörpuveiðunum hjer við land fyrir oss sjálfa, íbúa landsins, en verjast því svo sem vjer frekast getum, að landslögum rjettum, að erlendir menn fái að neyta aðstöðu landsmanna sjálfra til þess að keppa við þá í þessari atvinnugrein. Jeg er viss um, að allir erum vjer þessari grundvallarstefnu hv. þm. N.-Ísf. samþykkir og fylgjandi, þó að oss geti greint á um það, hversu langt sje unt að fara í framkvæmd þessarar stefnu. En það nær engri átt að vera að kasta hnútum að þeim mönnum, sem mest hafa barist fyrir því að vernda náttúrugæði hafsins í kringum landið handa landsmönnum sjálfum, og vera að brígsla þeim, sem þegar eru byrjaðir að stunda hjeðan togaraútgerð, um það, að þeir vilji hafa einokun á þeirri atvinnugrein fyrir sjálfa sig. Jeg tel slíkt vera óverjandi. Stefnan gengur eigi út á annað en að tryggja þessa atvinnugrein handa innlendum mönnum. Jeg er því hissa á þessum aðdróttunum hæstv. atvrh. (KlJ), og jeg þykist þess fullviss, að þegar hann hugsar sig betur um, muni hann sjá, að þessi verður að vera stefna allra landsmanna, enda þótt hann hafi ekki á þessari stundu getað verið okkur sammála um, hversu fast við gætum fylgt þessari stefnu fram.

Pjetur Ottesen: Háttv. 1. þm. Reykv. (JÞ), hefir þegar tekið af mjer að mestu ómakið, en jeg vil aðeins bæta því við,

að mjer finst full ástæða til þess, að leitað sje dómsúrskurðar um það, hvort heimilt sje að lögum að taka erlend fiskiskip á leigu, eins og Hafnfirðingar hafa nú gert, og mjer finst, að málið sje svo mikils vert og að það standi stjórninni einna næst að sjá um, að rjettur skilningur á lögunum fáist á þenna hátt. En úr því að menn eru nú á annað borð farnir að spyrja stjórnina, ætla jeg líka að leggja eina spurningu fyrir hæstv. atvrh. (KlJ). Mjer hefir borist það til eyrna, að norskur útgerðarmaður, sem áður hefir rekið síldveiðar hjer við land, í nokkur undanfarin ár, sje nú að undirbúa byggingu síldarbræðsluverksmiðju á Hesteyri. Jeg vil nú spyrja, hvort þetta sje gert með vitund eða að vilja og samþykki hæstv. stjórnar.

Hvað þetta frv. snertir, sem hjer liggur fyrir, þá hefi jeg verið í hálfgerðum vanda staddur um það, hvort jeg ætti að fylgja því eða ekki, vegna þess, að jeg er alveg á sama máli og hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) í því, að ríkissjóður hafi þegar bundið sjer fullþunga bagga með ábyrgðum, þó að þetta kæmi eigi til. En nú hefir hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), flm. þessa frv., með því að lýsa því yfir, að þetta muni koma Hafnfirðingum að litlu eða engu gagni, leyst mig úr þessum vanda, því jeg sje síður en svo ástæðu vera til þess að gera leik að því, úr því þetta er svona, að bæta ábyrgðum á ríkissjóð, með því að samþ. þetta frv.

Atvinnumálaráðherra (KlJ). Háttv. 1. þm. Reykv. (JÞ) hjelt því fram sem sinni skoðun og margra annara, að fiskiveiðarnar ættu að vera sem mest í höndum innlendra manna, og er jeg því fyllilega samþykkur. En mjer finst það dálitið undarlegt frá sjónarmiði þessara manna, sem hafa svo mikla ótrú á allri einokun, að þeir skuli einmitt halda fram einkarjetti fremur fámennrar stjettar til þessara veiða með ákveðinni tölu togaraskipa, eigi aðeins gagnvart útlendingum heldur og gagnvart öðrum innlendum mönnum, sem kynnu að vilja stunda þessar veiðar. Frá mínu sjónarmiði er ekkert við þetta að athuga, en jeg hefi haldið þetta ósamrýmanlegt skoðunum þessara manna á öðrum málum.

Háttv. þm. Borgf. (PO) æskti dómsúrskurðar um þann skilning minn á fiskiveiðalöggjöfinni, sem jeg hefi oft látið í ljós, og taldi hann það næst standa stjórninni að fá dómsúrskurð í þessu máli. Við það hefi jeg ekki að athuga, og skal játa, að það stendur stjórninni næst að fá þessu framgengt; en þar eð stjórnarskifti hafa nú staðið fyrir dyrum í 2—3 vikur, og ætla mætti, að nú færi að draga að því, að ný stjórn komist á laggirnar, geri jeg ráð fyrir, að það gæti þá orðið eitt af fyrstu verkum hinnar nýju stjórnar, að fá dómstólana til þess að skera úr þessu deiluatriði.

Um spurningu háttv. þm. Borgf., viðvíkjandi síldarverksmiðju á Hesteyri, er það að segja, að jeg hefi ekki heyrt hennar getið neinstaðar eða á neinn hátt fyr en nú, hjer á þessari stundu, er háttv. þm. Borgf. spurði um þetta. Veit jeg því alls ekki til, að þetta sje í undirbúningi. Vænti jeg nú að hafa svarað svo skýrt, að jeg þurfi ekki að endurtaka þetta aftur.

Frsm. (Ágúst Flygenring): Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) kvartaði undan því, að þetta mál væri svo illa undirbúið, að ilt væri að átta sig á því. Jeg get ekki

fallist á þetta, því bæði er allítalega tekið fram í greinargerðinni, hvernig málinu sje háttað, og auk þess þykist jeg hafa skýrt það nokkuð nánar í framsögu minni. Jeg tók það þar fram, að ríkið ætti að geta látið sjer nægja að þessi fjelög legðu fram ⅓ kostnaðar, þegar því er veðsett alt á eftir. Að öðru leyti er það lagt í hendur ríkisstjórnarinnar sjálfrar að setja þau skilyrði fyrir ábyrgðinni, sem henni þykja tryggileg. Myndi stjórnin ekki ganga frá þessu fyr en hún sæi lánsskilyrði bankanna, og myndi hún auðvitað líta á beggja hag, bæði útvegsmanna og ríkissjóðsins, því auðvitað kemur ekki til ríkisins kasta að borga, ef útvegsmennirnir standa í skilum. — Það er hjer alls ekki að ræða um að gefa mönnum skilyrðislaust ríkissjóðsábyrgð til þess að fara með í vasanum út um öll lönd og sýna hverjum sem vill. Það er tilætlunin, að vel og rækilega verði frá þessu gengið, og ætti ríkisstjórninni að vera trúandi fyrir því.

Jeg vjek að því áðan, að óvíst væri, að þessi heimild gæti komið að gagni. En það væri þó altaf viðfeldin viðurkenning af þingsins hálfu, að það vildi þó sýna einhvern lit á því að styrkja þessi fyrirtæki, til þess með því að ráða bót á vandræðum þessa kaupstaðar, sem með fiskiveiðalögunum er sviftur atvinnu sinni. Hitt sagði jeg aldrei, að þetta mundi ekki koma að notum. Jeg sagði aðeins, að það gæti komið fyrir, að það yrði ekki að notum, með öðrum orðum: jeg tel alls ekki víst, að það komi að beinum notum.

Frv. þetta ætti annars að geta orðið til þess að friða samvisku þeirra háttv. þm., sem vilja róa að því öllum árum að kaupa innlend skip, til þess að atvinnubresturinn neyði okkur ekki til þess að skjóta skjólshúsi yfir útlendinga, enda er það vitanlega eina ráðið að auka innlenda flotann og þar með þau pláss og húsnæði, sem nú stendur autt í Hafnarfirði. Nú er tækifærið til að sýna þann vilja í verki. Því það er víst, að útlendingum verður aldrei til lengdar bægt frá hjerlendum atvinnurekstri, nema hægt verði að veita fólkinu nægilega atvinnu af eigin ramleik. Það er nú einu sinni svo, og verður væntanlega áfram, að ef einhver er sjer ekki sjálfum nógur, þá verður hann að leita til annara. Og hvað Hafnarfjörð snertir, þá get jeg fullyrt, að þetta verður gert.

Að lokum vil jeg taka það fram, þótt jeg annars ógjarnan vilji aftur gefa mönnum tilefni til hneykslunar, að ef jeg á að segja eins og mjer býr í brjósti, þá tel jeg það betra og rjettara að heimila útlendingum þennan rekstur, með undanþágu, t. d. eins og jeg fór fram á í þingbyrjun, en að horfa á það með opnum augum ár eftir ár, sem á sjer stað nyrðra, að lögin sjeu brotin á þann hátt, sem af banninu leiðir, — banninu um sölu á aflanum, sem óneitanlega er afaróeðlilegt.

Jón Baldvinsson: Jeg mun greiða atkv. með frv. til 2. umr., til þess að fá tækifæri til að koma fram með brtt. við það. Og úr því jeg er nú staðinn upp, þá get jeg ekki látið vera að minnast á sumt, sem komið hefir fram í þessum umr.

Það er, eins og menn muna, þjóðtrú hjá okkur, að þegar fálkinn komi að hjartanu í rjúpunni, þá reki hann upp óp mikið, af því hann muni þá fyrst eftir því, að hún sje systir hans. Það á sjer nokkuð svipað stað hjer í þessum

þingsal, þegar farið er að minnast á einhverja stórútgerðarmenn landsins. Óðara er heill hópur hv. þm. sprottinn upp þeim til varnar, með reglulegu ránfuglsópi. Svo var, þegar komið var fram með frv. um að veita undanþágu handa útlendum skipum til að reka veiðar frá Hafnarfirði. Hjer var um að ræða stórhagsmunamál almennings, til að bæta úr atvinnuleysi því, sem íslensku útgerðarmennirnir ekki megnuðu eða vildu bæta úr. En klika nokkurra stórútgerðarmanna vildi ekki hafa þessa samkepni í fiskiveiðunum, og því var það felt. Hagsmunir hinna mörgu atvinnuleysingja komu ekki til greina. Sjávarútvegurinn með stórskipaútgerðinni er því miður að færast í það horf, að það eru aðeins örfáir einstaklingar, sem reka hann; og þegar þeir ekki þykjast græða nóg, hætta þeir rekstrinum, svo að hópur manna lendir á vonarvöl af atvinnuleysi. — Jeg geri nú ráð fyrir, að þótt frv. þetta yrði samþykt., að þessir máttugu atvinnurekendur hefðu einhver ráð til þess að sjá svo um, að lánsstofnanirnar daufheyrðust við lánbeiðninni, ef brtt. verður samþ. og ábyrgðin bundin við innlendar lánsstofnanir; og væri þá sama og að heimildin hefði aldrei verið gefin.

Jón Þorláksson: Jeg vildi aðeins segja hæstv. atvrh. (KlJ) það, að hvorki hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) nje nokkur annar þm. hefir nú með einu orði vikið að því, að einhver hluti landsmanna ætti að hafa forgöngurjett til fiskiveiða. Ræða hv. þm. N.-Ísf. gaf yfirleitt ekkert tilefni til orða hæstv. atvrh. Hitt er öðru máli að gegna, að það hafa áður komið fram raddir um að takmarka tölu síldveiðaskipanna. En þær raddir komu ekki fram hjer í þessum sal, heldur í blöðunum hjer, og það fyrir mörgum árum. Hefir oft síðan verið um þetta skrifað. En það stendur ekki í neinu sambandi við það, sem hæstv. atvrh. talaði um. Því sú till. var ekki borin fram af umhyggju fyrir sjerstökum mönnum, heldur af ótta við það, að verð síldarinnar fjelli, ef of mikið væri veitt. — Jeg ætla mjer annars ekki að halda uppi umr. um það efni nú, en vil aðeins endurtaka það, að hæstv. atvrh. hafði enga ástæðu til að fara út í þá sálma í þessu sambandi.

Jeg vil annars mæla með því, að þetta frv. sje látið ganga til nefndar. Verð jeg að taka í sama strenginn og hv. 4. þm. Reykv. (MJ) með það, að það sje næsta óaðgengilegt eins og það er nú útbúið, og væri full þörf á að dytta að því eitthvað betur.

Jeg vil ekki leggja út í umr. við hv. 2. þm. Reykv. (JBald) um hans mikla áhugamál; jeg er ekki vanur að leggja mig í slíkt. En jeg býst þó við, að einhverjir muni ef til vill vilja muna þessi umyrði hv. þm., að atvinnuvegirnir hjer á landi sjeu aðeins í höndum fámennrar kliku. Jeg býst við, að margur til sveita muni brosa við, er hann frjettir þessi ummæli hv. þm. Því sjerhver maður, sem nokkuð þekkir til íslensks atvinnurekstrar, hvort heldur er til lands eða sjávar, veit, að þeim er einmitt þveröfugt varið. Hvað það snertir, að atvinnurekendur við sjávarsíðuna stöðvi þegar reksturinn, er þeir hætta að græða á honum, þá er það bæði flónslega og þó mannvonskulega mælt. Því það er alt of vel kunnugt, að þessir menn hafa með furðanlegri þrautseigju rekið þessa atvinnu um 3—4 ár með tapi yfirleitt, og er hún þó enn rekin af fullum krafti. Þeir eiga því sannarlega betri viður-

kenningu skilið fyrir þrautseigju sína en hv. 2. þm. Reykv. hefir nú látið í tje.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg vona, að hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) kannist við það, að jeg er ekki vanur því í ræðum mínum að fara út fyrir það mál, sem er á dagskrá. Er þetta þó næsta algengt hjer, því oft og iðulega hafa umr. snúist þannig, að vart er hægt að vita af þeim, hvaða mál hafa verið til umr. Jeg hefi samt til þessa reynt að sneiða hjá þeirri þingvenju, eins og mjer hefir verið unt. En að þessu sinni verð jeg að telja, að mjer hafi verið gefin fylsta ástæða til þess að minnast á einkarjett, þar sem hv. þm. N.-Ísf. tók það beint fram, að ef bætt yrði við þarna 6 togurum, þá væri viðbúið, að framleiðslan á fiskinum yrði of mikil fyrir markaðinn.

Jeg skal annars ekki fara frekar út í þetta að sinni, því jeg býst við því, að málið verði látið ganga til 2. umr., og fæ jeg þá tækifæri til að skýra frá mínum skilningi á lögunum.

Jón Auðunn Jónsson: Það er með öllu tilhæfulaust, sem sagt hefir verið í þá átt, að jeg væri hjer að berjast fyrir einokunarhagsmunum einstakra manna. Það, sem jeg heimta, er það, að löggjafarþingið afsali ekki sjerrjettindum Íslendinga til atvinnurekstrar í hendur erlendra fiskiveiðaþjóða. Jeg vil ekki, að íslenskir útgerðarmenn verði ofurliði bornir af útlendingum, svo að þeir verði annaðhvort að hætta atvinnurekstri sínum eða verða leiguþegnar hinna erlendu hlaupamanna. Alt einokunarhjal hæstv. atvrh. er því hreinasta hjegilja, og mun stafa frá því, að hæstv. atvrh. hefir undanfarið dreymt illa fyrir ýmsum einokunarhugmyndum sjálfs sín.

Ásgeir Ásgeirsson: Það, að jeg er einn af flm. að þessu frv., er ekki vegna neinna einstaklinga, heldur vegna Hafnarfjarðarkaupstaðar, ef hægt væri að hjálpa honum eitthvað með þessu. Það lítur svo út, eftir því sem mjer hefir verið skýrt frá, að þörfin sje mjög brýn. Nú hefir því verið fleygt, að það sjeu að bætast við togarar í Hafnarfirði. Sje það satt, þá mun stjórnin taka það til athugunar, eins og annað, sem að þessu lýtur, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að þörfin sje ekki mjög brýn, eða að úr henni megi ráða á annan hátt, þá notar hún auðvitað ekki heimildina.

Jeg tel það engan galla á frv., að ekki er neitt nánar tekið fram í því um það, hvernig búið skuli um tryggingarnar. Það er verk landsstjórnarinnar að sjá um, að ríkið verði altaf skaðlaust, og verður ekki komist hjá því að treysta henni til slíkra framkvæmda, jafnt fyrir þá, sem eru í andstöðu við hana, sem hina.

Það eru annars harla merkileg atriði, sem hafa slæðst inn í þessar umr. — Eftirtektarverðast er þó það ósamræmi í skoðunum ýmsra hv. þm., sem hæstv. atvrh. (KlJ) benti rjettilega á áðan. Þegar ýmsir hv. þm. eru að ræða um það, hvernig verslun landsins verði best fyrir komið, þá virðist svo sem þeim finnist endi bundinn á allan vanda, ef aðeins frelsið sje varðveitt. En það kveður við nokkuð annan tón, þegar farið er að tala um atvinnumálin. Þá finst sömu hv. þm. sem ekki muni annað tjóa en að einokun sje beitt, til að verjast samkepni annara þjóða. Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) kveður þetta nauðsynlegt, til þess að verða ekki ofurliði bornir af útlendingum. Jeg skal ekki bera brigður á það. En í hvaða tilgangi var salan á stein-

oliu einokuð hjer, öðrum en þeim að verjast því, að Íslendingar yrðu þar ofurliði bornir af erlendum oliukóngum? Og þó lýsir hv. þm. N.-Ísf. sig fjandsamlegan þeirri ráðstöfun. — Nei, það er nokkuð undarlegt, hve mismunandi trú þessir menn virðast hafa á frelsinu. Á einu sviði viðskiftanna segja þeir, að það leiði til hreinnar glötunar, og á öðru telja þeir það þann eina óbrigðula lífsins-elixír. Sá eini meðal hv. þm., sem í þessum efnum er í fullu samræmi við sjálfan sig, er hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), því hann hefir lýst yfir því, að hann vilji fullkomið fresli og engin bönd, bæði í verslunar- og atvinnumálum þjóðarinnar. Það er ósamræmi að takmarka trú sína á frelsið við einstök mál. Ef menn trúa á frelsið, þá verða menn að vera jafnreiðubúnir til þess að taka á móti ókostunum, sem fylgja því, eins og kostunum. „Frelsinu“ fylgja ekki einasta rjettindi, heldur og skyldur, og skyldurnar verða þeir, sem ótakmarkaða trú hafa á þessari tegund af frelsi, að rækja, ekki síður en að njóta rjettindanna.

Jeg hefi ekki sagt þetta af því, að jeg líti svo á, að menn fari hjer villir vegar í fiskiveiðalöggjöfinni. Jeg held einmitt, að við sjeum þar á rjettri braut, er við reynum að vernda þær handa búsettum mönnum. En við megum ekki ganga lengra á þeirri braut en svo, að við sjeum þó altaf færir um að sjá fólkinu fyrir einhverri atvinnu.

Jeg hefi aðeins viljað benda á þetta ósamræmi, til þess, að hv. þm. kynnu fremur að veita því eftirtekt hjer eftir. Innan skamms verður rætt hjer um einkasölu á tóbaki, og verður gaman að heyra, hvernig frelsishugsjónin verður þá notuð.

Það ósamræmi, sem hefir komið hjer fram í tali ýmsra hv. þm., verður annars til þess að minna á heiti flokksins, sem þeir heyra til. „Frjálslyndur íhaldsflokkur“ er einmitt álika sundurleitt heiti og þær skoðanir, sem flokksmennirnir hafa í verslunar- og atvinnumálum.

Magnús Jónsson: Jeg skal ekki hætta mjer út á þá breiðu braut, sem þetta mál er nú komið á, en aðeins halda mjer við það, eins og það liggur fyrir.

Það er satt, sem hv. frsm. (ÁF) hjelt fram, að ríkisstjórnin ætti sjálf að annast það, að tryggingarnar væru í lagi. En það er ekki þetta, sem jeg tel varhugaverðast. Auðvitað liggur það í hlutarins eðli, að stjórnin gæti hjer sem annarsstaðar hagsmuna ríkissjóðsins. Og það er ekki það, sem jeg óttast, að henni sje ekki treystandi til þess. Það, sem jeg óttast, er það óorð og lánstraustsspillir, sem við hlytum, ef ógætilega væri með heimildina farið. Hv. frsm. (ÁF) vitnaði í greinargerð frv. og kvað 2 fjelög í Hafnarfirði þegar hafa hafið undirbúning og safnað fje. En sá undirbúningur er skamt kominn áleiðis, þar sem þau hafa enn ekki fengið neitt loforð um lán. Hv. þm. (ÁF) bætti því svo við, að stjórnin myndi ekki veita þessa ábyrgð fyr en eygður væri möguleikinn fyrir láni. — Nei, jeg bjóst auðvitað ekki við því, að hún myndi gefa Pjetri eða Páli ábyrgð upp á vasann, svona að gamni sínu, til þess að flagga með í útlöndum; jeg vil ekki vantreysta ríkisstjórninni svo. En hvað yrði gengið á undan, áður en þessi fjelög gætu farið á fund stjórnarinnar eftir ábyrgðinni? Þeir menn, sem lánin útveguðu, væru þá búnir að ferðast út um lönd með ekki verra plagg upp

á vasann en þessi lög væru og búnir að láta allskonar lánsstofnanir erlendis meta það og velta fyrir sjer, hve mikils virði ríkissjóður Íslendinga væri. Í þessu liggur aðalhættan.

Jeg veit ekki, hvort bankarnir hjer eru svo staddir, að þeir geti ekki veitt lánið, en sje svo, að þeir sjeu aðeins tregir til þess, þá sje jeg ekkert á móti því, að hæstv. stjórn reyndi að liðka þá eða gengi jafnvel í ábyrgð fyrir fjelögin gagnvart þeim.

Jeg kvaðst ekki ætla mjer að fara út fyrir málið, en viðvíkjandi því, sem hv. samþm. minn (JBald) sagði, að það væru aðeins örfáir menn, sem rækju fiskiveiðar hjer við land, þá má vel vera, að það fari vel á því að segja svo í vissum hóp manna. En þó komið geti fyrir, að atvinurekendur og sjómenn sjeu ósáttir um einstök atriði, t. d. kaupgjald, þá hygg jeg farsælla fyrir atvinnuveginn, að mest áhersla sje lögð á sameiginlegu hagsmunina. Og það er báðum til hags, að fyrirtækin gangi sem best, og því þarfara að reyna að stuðla að því, að svo megi verða, en tala mikið um, hversu mjög annar aðilinn ryji hinn, enda sennilegast, að það sje upp og ofan, hve gróði útgerðarmanna sje mikill.

Jón Baldvinsson: Jeg vildi aðeins leiðrjetta það, sem hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) sagði. Honum þótti hentugt að misskilja ummæli mín og gera þau svo víðtæk, að þau næðu til allra, sem sjávarútveg stunda hjer við land. En hv. þm. skildi vel, að jeg átti aðeins við þá, sem hafa með höndum togaraútveginn, enda fór hann að verja þá, að venju. Og hann kom með þá merkilegu upplýsingu — sem raunar hefir fyr heyrst hjer, — að þeir væru alt af að tapa, en endaði samt ræðu sína á því, að nú stæði útgerðin þó, guði sje lof, í fullum krafti. Minti þessi röksemdafærsla á bóndann, sem sagðist altaf hafa tapað, í 30 ár, en átti að þeim loknum 40—50 þúsund krónur. Svipaðar voru varnir hv. þm. fyrir skjólstæðinga sína, en ekki verður það vefengt, að það er af þeirra völdum, hve fast er staðið móti þessu máli, þó þörf sje á auknum tækjum.

Frsm. (Ágúst Flygenring): Jeg tek undir það með hv. 4. þm. Reykv. (MJ), að best sje, að samvinna milli þeirra, sem að þessari atvinnu standa, útgerðarmanna og sjómanna, sje sem best, og vil jeg síst af öllu auka á þær deilur nje fallast á það, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði, að það væri aðeins fyrir vissan flokk manna, að unnið væri á móti máli þessu. Mál þetta er ekkert flokksmál, og á ekki að vera það. Hv. þm. Borgf. (PO) er alls ekki að vinna fyrir neitt togarafjelag, og er hann þó einn versti mótstöðumaður þessa frv.

Viðvíkjandi frv. sjálfu og ábyrgðinni, get jeg getið þess, að fjelögin hafa þegar hugsað sjer kaup á togurum og að snúa sjer til vissra banka, ef málið nær fram að ganga. En jeg hefi ekki leyfi til að skýra nánar frá því.

Stjórnin mun vissulega girða fyrir, að flaggað sje með ábyrgðinni, og ekki gefa hana út fyr en hana þarf að nota, og það með þeim tryggingum, sem hún tekur gildar. Verður það mál ekki lagt í aðrar hendur en stjórnarinnar einnar, og má treysta því, að hún kunni að fara með það. Annars get jeg bent á, að samskonar heimild hefur áður verið veitt, og það án nokkurrar greinargerðar, svo að þetta er ekkert nýtt.

Magnús Jónsson: Jeg vildi bara segja það, að hversu tryggilega sem stjórnin byggi um ábyrgðina, þá getur hver maður í Hafnarfirði, sem vill, farið, þegar þetta frv. er orðið að lögum, og leitað sjer láns erlendis, og fengið það, með væntanlega ábyrgð stjórnarinnar fyrir augum. Og stjórnin getur á engan hátt komið í veg fyrir það.

Jakob Möller: Þegar hv. frsm. (ÁF) var að tala um heimild, sem áður hefði verið gefin án nokkurrar greinargerðar, þá geri jeg ráð fyrir, að hann hafi átt við heimild þá, sem stjórninni var veitt í fjárlögum 1922, um að takast á hendur ábyrgð fyrir togaraeigendur hjer, aðallega gagnvart einum erlendum banka. En þetta er tæplega sambærilegt, því sú heimild var gefin eftir kröfum þessara lánardrotna og til þess að hjálpa ákveðnum mönnum til að gera samning um greiðslur á skuldum, sem þegar voru stofnaðar. Var því ekki hægt að flagga með þeirri ábyrgð. Hinsvegar var sú heimild misbrúkuð, enda er ómögulegt fyrir þingið að koma í veg fyrir, að Pjetur og Páll fari út í lönd og segi við erlendar peningastofnanir: Viltu lána mjer fje, ef íslenska ríkið ábyrgist? — Það er ekki hægt að taka fyrir slíkt með allsherjarbanni, hvað þá öðru. En heimildin sjálf gaf ekkert tilefni til þess, að út fyrir hana væri farið, að teknar væru í ábyrgð skuldir, sem ekki var búið að stofna til, eða skip keypt.

En í sambandi við það, sem hv. 4. þm. Reykv. (MJ) sagði, þá er jeg gróflega hræddur um, að erfitt væri að búa svo um þessa heimild, jafnvel þó að hún væri bundin við íslensku bankana, að einhverjir kynnu ekki að flagga með henni erlendis. Enda kemur það ekki til, að ábyrgðin sje einskorðuð við íslensku bankana; þá væri eins hægt að fella málið strax, því að bankarnir hjer treysta sjer ekki til að veita þetta fje, þó að ríkissjóður ábyrgist lántökuna. Bankarnir hafa nefnilega ekki nægilegt útlent fje til þess, þó þeir kynnu að hafa nóga innlenda peninga.

Annars mun jeg greiða málinu atkv. mitt til 2. umr. og fjhn.

Tryggvi Þórhallsson: Mjer finst skylt að þakka hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) svör þeirra við fyrirspurnum mínum, þó jeg verði að játa, að jeg sje litlu nær, þar eð báðir hv. þm. töluðu hvor gagnstætt öðrum.

Annað atriði er það, sem mikið hefir verið rætt um, hversu hættulegt og slæmt það sje, að mönnum gefist tækifæri til að flagga með ábyrgð ríkissjóðs erlendis. Ekki dreg jeg úr því, en benda vil jeg á, að farið er á stað með þetta frv. til þess að styðja heilbrigðan atvinnuveg, en með leyfi Alþingis í fyrra hafa ferðast menn um nágrannalöndin, með heimild til að stofna hjer banka fyrir erlent fje, sem njóta skal mikilla fríðinda, svo sem skattfrelsis um mörg ár.

Jeg vil nú spyrja: Er hægt að gefa út stærri auglýsing um það, hve Ísland sje illa statt en þetta, að hver, sem fje hefir, má stofna hjer banka með þessum fríðindum? Og jeg vil beina því til þeirra, sem fastast standa gegn þessu máli, hvort þeir muni þá ekki vilja líka taka fyrir þann leka, að flaggað sje erlendis með bankaheimildinni.

Jakob Möller: Hv. þm. Str. (TrÞ) meinti það víst ekki til mín, að jeg væri

hræddur við að veita ábyrgðina af því, að flaggað yrði með henni, — jeg sagði ekkert um það. En hitt verð jeg að taka til mín, að mínum hluta, að leyft var að stofna þennan banka. En skáldskapur mun það vera hjá hv. þm., að veifað sje þeirri heimild erlendis; jeg veit ekki til, að þeir, sem stóðu aðallega fyrir því máli í fyrra, hafi farið utan síðan. Og óliku er saman að jafna, hvort veitt er heimild til að stofna banka, eða flaggað er með ábyrgð, sem veitt er einstökum mönnum.

Það er vitanlegt, að hjer er hægt að stofna banka án nokkurrar lagaheimildar, og þau hlunnindi, sem ráðgert er að veita hinum fyrirhugaða banka, eru ekki vitund meiri en þau fríðindi, sem veitt hafa verið öðrum banka, sem rekinn er hjer af einstökum mönnum, og er það ekki á nokkurn hátt landinu til vansa. En það, sem aðallega ræður afstöðu hv. þm. Str. til þessa bankamáls — og þeirra, sem honum fylgja að málum — er ekkert annað en hinn gamli einokunarandi og helber misskilningur á málinu. Kom þó misskilningurinn ekki eins greinilega í ljós nú og í fyrra hjá hv. samþm. mínum (JBald), sem sagði, að menn mundu fara út í lönd og pranga með þessi hlunnindi. Það er aðeins helber vitleysa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 2 atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 27. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 141, n. 192, 194).

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hafði tekið að mjer framsögu þessa máls, f. h. fjárhagsnefndar, er hafði það til meðferðar, og hefi sama sem engu við að bæta umfram það, sem stendur á þskj. 192. Meirihl. nefndarinnar vonast eftir, að með þeim breytingum, sem hún ber fram, um að heimildin taki aðeins til lána, sem tekin yrðu í hjerlendum bönkum, þá sje nú sneitt hjá þeim annmörkum, sem helst þóttu á frv. vera við 1. umr. Að öðru leyti vil jeg benda á það, að sjálfsagt er að fara varlega í að veita slíkar ábyrgðir, og verður að gæta þess vel, að hagsmunir ríkissjóðs sjeu ekki fyrir borð bornir, en þessar ráðstafanir, sem hjer er farið fram á, eru hliðstæðar ýmsu því, sem oft hefir áður verið gert af ríkisins hálfu til þess að hrinda í framkvæmd þarflegum fyrirtækjum og til þess að efla atvinnu í landinu.

Brtt. á þskj. 194 hefir ekki komið til umræðu í nefndinni sjerstaklega, enda þótt þar hafi að vísu verið á hana minst. Meirihl. nefndarinnar gat ekki aðhylst efni þessarar brtt., sem miðar í þá átt að einskorða það við bæjarfjelag Hafnarfjarðar, að það verði eigandi þessara skipa; enda þótt orðalag þessarar brtt. sje eigi sem skýrast, mun þó þetta vera tilgangurinn, og gat nefndin eigi aðhylst hann.

Jón Baldvinsson: Það er ekki nema fátt eitt, sem jeg nú hefi við það að bæta, sem jeg sagði um þetta mál við 1. umr. Jeg get ekki aðhylst þá leið, sem sjútvn. hefir valið í þessu máli. Jeg hefi ávalt talið eðlilegra, að bæjarsjóður Hafnarfjarðar keypti þessi skip og hjeldi þeim út, því þá væri meiri trygging fyrir því fengin, að skipin hjeldist þar kyr og atvinna yrði varanlegri fyrir íbúa Hafnarfjarðar. Þó að þessi ábyrgð verði

veitt einstökum mönnum þar, er ómögulegt að hafa áhrif á það á eftir, hvernig þeir ráðstafa þessum skipum sínum. Jeg sje ekki, að hægt sje að meina þeim að flytja þaðan með þau, annaðhvort til Reykjavíkur eða eitthvað annað, sem þeim þætti ef til vill betur henta en að vera kyrrir í Hafnarfirði. En á hinn bóginn, ef bæjarsjóður Hafnarfjarðar ætti þessi skip, er engin hætta á, að þau yrðu flutt þaðan. Jeg styðst og í þessu efni við samþykt frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar, sem óskar þess, að ábyrgðin verði veitt bæjarsjóði þar, en ekki einstökum mönnum. Jeg get ekki fallist á þá skoðun hæstv. fjrh. (JÞ), að orðalag brtt. 194 sje svo óljóst, að ekki sjáist af því, að ábyrgðin eigi aðeins að veitast Hafnarfjarðarbæ. Enda heyrðist mjer hæstv. fjrh. draga það lítið í efa. Jeg ætla svo að láta skeika að sköpuðu með þessa brtt., en læt aðeins getið, að jeg tel þetta fyrirkomulag miklu tryggara.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi skrifað undir nál. á þskj. 192 með fyrirvara, enda er og tekið fram í því, að jeg sje þessu frv. mótfallinn, og skal jeg nú gera nokkra grein fyrir því, hversvegna það er.

Það hefir verið fært fram sem ástæða fyrir þessu frv., að atvinnuleysi væri svo mikið í Hafnarfirði, að óhjákvæmilegt væri að koma þar upp einhverjum meiriháttar atvinnufyrirtækjum, til bjargar fólkinu.

Því er nú svo varið með mig, að jeg á erfitt með að skilja þetta skraf um atvinnuleysi, hvort heldur er á þessum stað eða öðrum hjer á landi. Jeg á erfitt með að skilja, að atvinnuleysi þurfi að eiga sjer stað nokkursstaðar hjá oss. Jeg veit vel, að um þetta er kvartað hjer og þar í bæjum og kauptúnum og að þar getur verið lítið um vinnu á vissum tímum, en það sýnir aðeins, að fólkið hefir þyrpst saman þar, sem lítið er að gera, og sótt eftir höglífi bæjanna. Það eru ótæljandi viðfangsefni til handa þessum mönnum, og ættu þeir því allir að geta komist af þessvegna. Það liggur svo mikið af óræktuðu landi víðsvegar um sveitir landsins, reiðubúið að gefa góðan arð, ef vinnugjarnar hendur vildu að því starfa, að engan vinnufæran mann þarf að skorta atvinnu. Sama má segja um strandlengjuna og staði til útróðra; þeir eru ótölulegir, hvervetna á landsins löngu ströndum. Þess vegna álít jeg í raun og veru alls ekki neina brýna þörf knýja til þess, að ríkið bindi sjer þunga bagga eða gangi í tvísýnar ábyrgðir, til þess að halda fólkinu á kaupstaðarmölinni á þessum stað eða öðrum, sem það heldur að sjer höndum mikinn hluta ársins, en situr á kaffikrám eða kvikmyndahúsum og öðrum þesshättar skemtistöðum, þegar það þykist vera búið að afla ársforða með sumarvinnu, og leggur hendur í skaut um marga mánuði. Jeg kannast því eigi við nauðsyn á því að styðja að dvöl fólksins á slíkum stöðum, eða að gefa því frekara færi á að safnast þar saman.

En jeg finn ástæðu til þess að benda á, að út frá þessum bæjum, er oftast kvarta undan atvinnuleysi, Hafnarfirði og Reykjavík, hefir streymt og streymir heilt syndaflóð af þurfamönnum út í sveitirnar, og verður þeim til óbærilegs byrðarauka. Venjulega er þetta fjölskyldufólk, sem sest hefir að, meðan einhleypt var, við spilaborgir bæjanna, aukið þar kyn sitt og þjónað

um stund þeim stærri atvinnureköndum. En þegar í ári harðnar og ómegðin eykst, þá er lifað á bónbjörgum, og loks hverfa fjölskyldurnar hver af annari heim til sveitanna, þar sem fjölskyldufeðurnir eiga framfærslurjett eða fæðingarhrepp.

Síðustu árin hafa í þesu efni sýnt, hve holt þetta aðstreymi að bæjunum er, og ef nú á af ríkisins hálfu að fara að örva þetta aðstreymi að bæjunum, þá býst jeg við, að næsta s y n d a f l ó ð i ð til sveitanna verði sýnu verra.

Togaraútvegurinn kann að virðast álitlegur atvinnuvegur sem stendur, þótt jafnan hafi orkað tvímælis um arðsemi hans í seinni tíð, en þegar út af ber með hann, þá blasir við örbirgðin, grátur og gnístran tanna, en fólkið, sem fyrir hóglífis sakir og glysgirni hefir dregist að honum, er rekið úr bæjunum, eða alið þar að meira eða minna leyti af sveitum þeim, sem hafa framfærsluskylduna og síst mega við þyngslunum af því.

Jeg tel það í alla staði óviðeigandi, að ríkið ýti undir fólkið að flytja frá æskustöðvum þess í sveitunum og þrengjast saman í bæjaholum, þar sem það glatar mörgu því besta, sem í fari þess er, en úrkynjast og siðspjallast eða verður að dugminni og lakari borgurum, eins og alkunnugt er af reynslunni hjer og annarsstaðar.

Við þetta munu að vísu margir eigi vilja kannast hjer, en fáir munu þó vilja halda því fram, að kynstofn sveitanna, sem hefir yfirgefið þær, hafi tekið líkamlegum eða andlegum framförum við áhrif bæjalífsins.

Svo er eitt atriði, sem jeg verð að minnast á. Í gær var feld hjer í deildinni till. um svipaða ábyrgð frá ríkinu, en miklu lægri og minni háttar að öllu leyti. Það var till. mín og hv. 1. þm. N.-M. (HStef), um að ríkið ábyrgðist 200 þús. kr. lán eða ⅖ til stofnunar klæðaverksmiðju á Austurlandi, ef íbúar þessa landshluta legðu fje til fyrirtækisins að öðru leyti, kæmu því á fót og rækju það. Slík ábyrgð er að öllu áhættulaus, enda að minnihluta stofns um hana beðið, og þó vissulega tímabær og nauðsynleg. Þesshättar fyrirtæki mundu heldur ekki draga að sjer eða skapa öreigalýð. Hjer er aftur beðið um ½ miljón króna, en þeir, sem lánsins eiga að njóta, virðast eiga að sleppa með að leggja fram 2—300 þús. kr. tillag. Hlutfallið er hjer því alveg öfugt við það, sem jeg nefndi áður, og áhætta ríkissjóðs miklu meiri. Eftir þær undirtektir, sem ábyrgðarbeiðni mín fekk hjer í gær, mundi jeg því telja samþykt þessarar ábyrgðar mestu ósamkvæmni, enda hefi jeg frá upphafi verið mótfallinn þessari ábyrgð, eins og rjettilega er fram tekið í nál.

Jeg tel það vera óheillaráð, sem ríkið ætti síst af öllu að eiga þátt í, að teygja fólkið á brottu úr sveitunum til kaupstaðanna og gera gyllingar til þess, að það hverfi frá atvinnuháttum, sem eru miklu lífvænlegri en eyrarvinnan í kaupstöðunum, og auk þess miklu hollari, frá hvaða hlið sem litið er á málið.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg hefi látið þetta mál hlutlaust til þessa og hefi aldrei lagt orð í belg við 1. umr. þess, en mjer þykir þó hlýða að gera grein fyrir afstöðu minni til málsins við þessa umr. Hæstv. fjrh. (JÞ) gerði grein fyrir afstöðu nefndarinnar til málsins, og þarf jeg því eigi að víkja frekar að því.

Þegar hjer kom til umr. frv. hv. 1.

þm. G.-K. (ÁF). um að leyfa erlendum togurum að hafa bækistöð sína í Hafnarfirði, greiddi jeg atkvæði móti þeirri undanþágu frá fiskiveiðalöggjöfinni. Hann færði sem ástæðu fyrir frv. sínu hinar afarerfiðu kringumstæður í Hafnarfirði, sökum atvinnuskorts þar, sem leitt hefði af því, að einn stærsti atvinnurekandinn þar hefði hætt störfum á síðasta ári. Jeg efa nú alls ekki, að þessar ástæður hans eru rjettar, en samt sem áður gat jeg ekki greitt atkvæði með þessari undanþágu frá fiskiveiðalöggjöfinni, jeg áleit það svo hættulegt fordæmi, að ekki gæti komið til mála að fallast á það. Nú er þetta mál borið aftur fram, en í alt annari mynd. Það er rætt um það, að innlendir menn afli sjer skipa, sem gerð sjeu út frá Hafnarfirði, til þess að bætt verði úr atvinnuskortinum þar. Auðvitað kemur sú atvinnubót, sem þannig er ráðgerð nú, ekki þegar í stað að gagni fyrir Hafnfirðinga, en það verður stundum að undirbúa mál allmiklu áður en þau komast í framkvæmd, og í þessu tilfelli er sá undirbúningur nauðsynlegur til þess að reyna að bjarga Hafnarfjarðarkaupstað frá yfirvofandi hættu vegna atvinnuskorts. Jeg get tekið undir það með hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að mjer þykir of margt fólk vera saman komið í kaupstöðunum, miklu fleira en svo, að atvinnuvegir landsins hafi hag af því. Til Hafnarfjarðar hefir á síðari árum flust margt fjölskyldufólk, og hefir það búið um sig þar og fengið atvinnu um hríð, en nú er svo komið, að atvinnan hrekkur ekki fyrir þörfum fjölskyldumanna í bænum, og þó að bæjarstjórnin tæki nú það ráð að vísa af höndum sjer öllu því fólki, sem ekki hefir fyrir heimilum að sjá, verður þó ekki næg atvinna eftir fyrir þá, sem eftir eru og mest þurfa hennar með, heimilisfeðurna. En áður en til þess kæmi, að menn, sem búnir eru að setja sig þar niður, hafa máske reist sjer hús eða lagt fje í húsnæði á annan hátt, þurfa að selja fasteignir sínar og hverfa á brautu þaðan, get jeg ekki neitað því, að jeg mun skoða hug minn tvisvar áður en jeg greiði atkvæði á móti því, að gerðar verði tilraunir til þess að bjarga atvinnu þessara manna, svo að þeir þurfi ekki að hröklast þaðan á braut, en fasteignir þeirra verða verðlitlar eða jafnvel verðlausar. Þess vegna vil jeg ljá því fylgi mitt, að landið hlaupi undir bagga með þeim mönnum, sem vilja starfa að auknum framkvæmdum í Hafnarfirði. En nú er það, að þessi aukna atvinna, sem fást mundi á þennan hátt, nægir aðeins til þess að fullnægja atvinnuþörf fjölskyldumanna þar, en er alls ekki nóg fyrir alla íbúa bæjarins. Þess vegna finst mjer ekki vera hægt að ganga skemra í þessu.

Það eru og fleiri ástæður fyrir því, að jeg er þessu meðmæltur. Eins og menn vita, hefir íbúatala Hafnarfjarðar vaxið stórkostlega hin síðari árin, nærri tvöfaldast. Hver er orsökin? Ekki hefir atvinnurekstur innlendra manna þar aukist nema að mjög litlu leyti og ekki dregið fólkið þangað. Það er einmitt af því, að það eru ekki innlendir menn, sem valdið hafa þessu atvinnuleysi í Hafnarfirði. Þangað kom erlendur maður og hefir þar umfangsmikla starfrækslu um hríð. Hann þarfnaðist margra verkamanna og fólkið fær fregnir af þessu og streymir þangað unnvörpum og sest þar að. En svo fer, að þessi erlendi maður gefst upp og hverfur brott úr landinu, en eftir standa auð-

ir fiskverkunarreitir og tóm hús, þar sem áður hefir unnið daglega fjöldi manna. Nú getur fólkið ekki lifað á þessum mannvirkjum einum saman; það verður að hafa störf að vinna. Einn þátturinn í því, að komið verði í veg fyrir að þetta hendi oftar, er sú liðveisla, sem meirihl. fjhn. leggur til að veitt verði Hafnfirðingum. En sá þáttur, sem nefndin leggur til að tekinn verði í kjörum þeirra, ætti að verða hinu háa Alþingi næg áminning þess að gæta betur atvinnulöggjafar sinnar en áður hefir átt sjer stað. Ef mönnum lægi í ljettu rúmi, hvort starfrækslan væri innlend eða erlend, væri engin ástæða til að verða við bón Hafnfirðinga. En nú er þessi sami leikur að byrja þarna aftur. Erlendir menn eru í þann veginn að koma þangað aftur og byrja þar á ný, en hvenær þeir hætta, getur enginn sagt neitt um.

Þetta ætti að verða til þess að vekja menn til aðgæslu og ætti að ýta undir það, að fyrirbygt yrði, að erlendir menn settust hjer að til þessa atvinnurekstrar. Áhrifin af komu þeirra hingað á atvinnuvegina í landinu eru deginum ljósari í Hafnarfirði, og því víðar á landinu sem þetta á sjer stað, því verra er það. Nú er því enn meiri nauðsyn til þess að Alþingi taki í taumana, og að útlendingum verði algerlega bægt frá atvinnurekstri í landinu. Þá er og heldur ekki drengilegt að skiljast svo við þetta mál á Alþingi, að þessir kaupstaðarbúar standi einir uppi atvinnulausir og bjargþrota. Með þetta fyrir augum, meðal margs annars, er það, að jeg greiði atkvæði með því, að ríkið gangi í þessa ábyrgð. Jeg vil og skora á stjórnina, að hún geri sitt ítrasta til að fá það útkljáð — hjá dómstólunum, ef það er ekki hægt á annan hátt — hvort þeim útlendingum, sem hjer hafa sest að, er það heimilt samkvæmt lögum. Verði sá úrskurður kveðinn upp um þetta, að þeim sje heimilt að setjast hjer að, vænti jeg, að hið háa Alþingi taki rögg á sig og skerpi svo þau lög, er nú gilda um þetta, að erlendum mönnum haldist ekki slíkt uppi eftirleiðis, og því auðveldara verður okkur að framfylgja þessum kröfum, sem betur er sjeð fyrir atvinnu manna í kaupstöðunum. En jeg mun ávalt leggjast á móti því, að fólkið þyrpist til kauptúnanna. Jeg hygg, að okkur muni ávalt hollast að halda uppi atvinnu í sveitum landsins, í ekki minna mæli en áður. Þó að sjávarútvegur sje arðvænlegur stundum, getur hann ávalt brugðist, og þá erum vjer því ver farnir sem fleiri stunda hann, og þá fyrst getum við verið öruggir, er landbúnaðurinn er orðinn það öflugur, að þegar sjávarútvegurinn bregst, geti fólkið flúið frá honum til sveitanna.

Að öðru leyti ætla jeg ekki að fara að gera athugasemd við ræðu háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), nema að því leyti sem við getum ekki verið sammála. Jeg er sammála honum í því, að rjett hefði verið að samþykkja brtt. hans í gær um tóvinnuvjelar á Austurlandi, ef málið hefði verið nægilega undirbúið. En mjer vitanlega liggja engin gögn fyrir þinginu um þetta, og jeg veit ekki til, að það hafi nokkurntíma komið fram, að það mál væri svo undirbúið, að hægt væri að kalla það rjettmætt að veita fje í þessu skyni. Jeg greiddi því þó atkv., í því trausti, að menn gættu þar allrar forsjár, þótt þetta mál væri ekki nægilega undirbúið.

Það, sem vakað hefir fyrir flm. þessa frv., er að auka starfsemina þarna

í Hafnarfirði og bæta úr atvinnuleysi, og fyrir því hefi jeg greitt frv. atkv. Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) drap á það, að löggjafarvaldið ætti ekki að stuðla að því, að fólkinu fjölgaði í kaupstöðunum. Jeg er samdóma hv. þm. um þetta; en það er ekki það, sem er að óttast hjer. Það, sem mest hefir stuðlað til þess að flytja fólkið úr sveitunum til kauptúnanna, er útgerð sú, sem sumir útlendingar hafa rekið hjer við land, og þá fyrst og fremst síldveiðar. Væri meiri þörf á að leggja áherslu á að útiloka þá með löggjöfinni heldur en amast við því, að þessum innlendu togurum verði bætt við. Verð jeg að leggja ríka áherslu á þetta, að stjórnin fái útkljáð þetta mál um rjettindi útlendinga hjer á landi.

Að því er snertir þessa tvo togara, sem í ráði er að koma upp í Hafnarfirði, þá lít jeg svo á, að sú atvinna, sem þeir veita, muni aðeins koma að haldi þeim mönnum, sem nú eru atvinnulausir í Hafnarfirði, en að hitt sje ekki að óttast, að þeir verði til þess að draga sveitafólk til kaupstaðarins; öðru máli væri að gegna, ef um væri að ræða 10—12 togara.

Hv. 1. þm. S.-M. kvað þessa ábyrgð hafa í för með sjer nokkra áhættu fyrir ríkissjóðinn. Jeg geri aftur á móti fremur lítið úr þeirri áhættu. Því bæði verður að treysta því, að ríkisstjórnin krefjist viðunandi trygginga, og auk þess er nú hægt að fá ódýr skip, og hefir það mikið að segja í þessu efni. Verð jeg auk þess að líta svo á, að lítið mundi verða um framkvæmdir hjer á landi, ef enginn þyrði að eiga neitt á hættu. Skal jeg t. d. taka það fram í þessu sambandi, að þegar jeg greiddi atkv. með fjárveitingunni til klæðaverksmiðjunnar, þá var það ekki af því, að jeg væri þess fullviss, að ómögulega gæti orðið tap á þeim rekstri. Þvert á móti gæti slíkt vel átt sjer stað í byrjun, þar sem um svo nýjan rekstur er að ræða. En jeg gekk út frá því, að ef vel væri til þess stofnað, þá mundi fyrirtækið með tímanum verða til nytsemi, og svo býst jeg við að muni líka verða hjer.

Halldór Stefánsson: Af því að jeg á nokkurn þátt í að flytja þetta frv., þá vildi jeg segja nokkur orð um það.

Frv. fer fram á það, að ríkissjóður ábyrgist lán til togaraútgerðar í Hafnarfirði. Það er fram komið til þess að bæta úr atvinnuskorti, sem þarna er. Þegar nefndin flutti þetta frv., þá var það áskilið, að þeir erlendu togarar, sem nú eru gerðir út frá Hafnarfirði, í hálfgerðu eða algerðu lagaleysi, hyrfu burt þaðan, jafnskjótt og þessi fyrirtæki byrjuðu framkvæmdir sínar. Hjer er ætlað að efla innlendan atvinnuveg og bæta úr atvinnuleysi, sem kom á, er útlendingar þeir, er þarna ráku fiskiveiðar, hættu.

Af því að þetta frv. hefir nú verið sett í samband við till. um klæðaverksmiðju á Austurlandi, sem var til umræðu hjer í deildinni í gærdag, þá ætla jeg að fara um það nokkrum orðum einnig í því sambandi.

Jeg er samdóma þeim háttv. þm. (JörB), sem síðast talaði um það, að þessi tvö mál sjeu sambærileg. Bæði miða að því að styðja atvinnuvegi og að efla framleiðsluna í landinu. En á því furðar mig, að ýmsir hv. þm., sem styðja þetta frv., greiddu atkv. gegn tillögunni. Í þessu finst mjer talsvert ósamræmi. Jeg ætla nú samt að verða samræmari en þeir hv. þm., sem þetta gerðu, og greiða atkv. með frv. Býst jeg

við, að ýmsir fleiri hv. þm. vilji gjarnan vera það líka, og munu þeir fá tækifæri til að sýna það síðar. Væntanlega kemur bráðum til atkvæða till. um ábyrgð fyrir klæðaverksmiðju á Austurlandi, og vænti jeg þá, að þeir háttv. þm., sem styðja þetta mál, greiði einnig götu hennar.

Jeg vildi aðeins með þessum orðum gera grein fyrir atkv. mínu.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg er sammála hv. 2. þm. Árn. (JörB), og styð þetta mál af sömu ástæðum og hann. Við verðum á einhvern hátt að reyna að sjá fyrir atvinnuþörfinni. Fólki í landinu fjölgar með ári hverju, og jafnframt verður að auka framleiðslutækin. Jeg skal þó játa það, að jeg myndi helst kjósa, að meginhlutinn af þeim atvinnuauka yrði hjá landbúnaðinum. Því þótt jeg sje frá sjávarkjördæmi, að meira leyti en landbúnaðar, þá hefi jeg jafnan litið svo á, að landbúnaðurinn hafi ekki tekið þeim þrifum á síðustu árum, sem æskilegt væri, og að leggja verði ríka áherslu á að auka hann og bæta.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) vildi álíta að þeir, sem greitt hefðu atkv. gegn till. um lánsheimild til klæðaverksmiðju á Austurlandi, en með þessu frv., hefðu ekki verið samkvæmir sjálfum sjer í skoðunum. Jeg leyfi mjer að neita þessu. Jeg get vel verið með þessu frv., þótt jeg sje mótfallinn því, að menn leggi út í það að stofna tóvinnufyrirtæki með ónógum undirbúningi og ljelegu skipulagi. Reynsla okkar og reynsla annara þjóða í þessu efni bendir til þess, að hagfeldast sje að hafa fáar en öflugar tóvinnuverksmiðjur. Áður fyr höfðu Norðmenn ótalmargar slíkar, smáar verksmiðjur; þær voru allar reknar með tapi. Var þeim síðan steypt saman í nokkrar stórar verksmiðjur, og fór þá þegar að ganga betur. Sömu reynslu höfum við í þessu efni. Af hverju sendum við ullina okkar til Noregs til vefnaðar? Af því að við fáum hana bæði betur og talsvert ódýrara unna, og það þrátt fyrir það, þótt við verðum að borga margfaldan flutningskostnað og vinnulaunin í erlendri mynt. Hefi jeg sjálfur sannfærst um það, að dúkarnir frá t. d. „Ullevaal" eru talsvert betri en dúkarnir frá okkar veksmiðjum og stórum mun ódýrari. Það voru aðeins þessar ástæður, sem fyrir mjer vöktu, þegar jeg greiddi atkv. gegn till. hv. þm. Jeg tel það hreinasta óráð að hafa hjer 3 dúkaverksmiðjur, því þær hlytu að verða ófullkomnar og svo óhæfilega dýrar í rekstri, að til stórskaða yrði dúkagerð hjer á landi.

Jakob Möller: Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) hefir algerlega tekið af mjer ómakið í þetta sinn. Jeg ætlaði aðeins að bera af mjer á sama hátt ámæli hv. 1. þm. N.-M. (HStef). Jeg álít, að þetta mál sje alls ekki sambærilegt við till. þá um dúkaverksmiðju, sem kom til atkv. í gærdag.

Forseti: Till. um tóvinnuna var á dagskrá í gærdag og þá rækilega rædd og borin upp til atkv. Hún er því ekki lengur til umr og kemur þessu máli ekkert við. Verð jeg því að vekja athygli á því, að rætt sje aðeins það málið, sem er á dagskrá.

Ágúst Flygenring: Jeg hefi ekki annað að gera, en að þakka þeim hv. þm., sem talað hafa með þessu máli. Einkum er jeg hv. 2. þm. Árn. (JörB) þakklátur fyrir hans ágætu ræðu, sem sýndi mjög

næman skilning hans á málinu. Sömuleiðis þakka jeg hæstv. fjrh. (JÞ) fyrir, að hann mælti með frv. Yfirleitt hafa engin mótmæli komið gegn þessu frv., nema frá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Hann kvað þetta myndu verða til þess að draga menn úr sveitunum til kaupstaðanna. Var helst svo að heyra á hv. þm., að hann vildi helst reka menn úr kaupstöðunum upp í sveit og setja svo útflutningsbann á þá á eftir. En þótt til þessa ráðs yrði nú tekið, þá býst jeg við, að fljótt yrði litið um atvinnu í sveitinni, því jeg þekki mörg dæmi til þess, að menn úr sveit hafa einmitt komið til Hafnarfjarðar, þegar atvinna gafst þar mikil, fyrir nokkrum árum, til þess að leita sjer atvinnu þar, af því að þeir höfðu enga í sveitinni. Er þetta alþekt, að ýmsar sveitir landsins hafa sent verkfæra menn sína til þess að sækja sjó á Suðurlandi um vertíðina. Er það og engin furða, þótt menn reyni að bjarga sjer eins og best gengur. Er jeg öldungis hissa á því, að jafn gamall þm. og hv. 1. þm. S.-M. skuli ekki vita um þetta. Hinu verð jeg líka að halda fram, að það, að vilja þannig hefta frelsi manna í því, hvar þeir búa, kemur heldur illa í bága við skraf undanfarinna ára, um aukin mannrjettindi og dýrmætan kosningarrjett m. m. Þykir mjer næsta ótrúlegt, að þeir, sem harðast gengu þá fram, myndu vera mjög áfjáðir í að samþykkja slík bannlög.

Jeg þarf annars fátt að taka fram viðvíkjandi frv. annað en það, að mjer þótti hálfleitt, að þetta skyldi verða bundið við bankana, nfl. eingöngu við innlendu bankana. En það varð ofan á í nefndinni, að verða í þessu efni við tilmælum hæstv. fjrh. (JÞ).

Viðvíkjandi þessum togurum, sem nú eru gerðir út í Hafnarfirði, þá skal jeg taka það fram, að ekki verður með nokkru móti hægt að útrýma þeirri útgerð fyr en þessi verður komin á laggirnar, þ. e. a. s. nægjanleg aukning íslensks útvegs, skipastóls, sem fullnægir atvinnuþörfinni. Auk þess standa þeir útlendingar í skjóli þessarar skýringar á lögunum, sem um hefir verið rætt áður. Að vísu mætti vera, þótt sú skýring hefði aldrei orðið til, að þeir hefðu getað setið þarna á einhvern annan hátt, en miklu munar þó á því að hafa sjálf lögin að bakhjarli.

Sveinn Ólafsson: Jeg bjóst ekki við jafnmiklum hávaða út af því, sem jeg sagði, eins og raun hefir á orðið. Jeg mun reyna að halda mjer við efnið og fara ekki langt út fyrir það.

Nokkrir hv. þm. hafa skrifað undir hver með öðrum, eins og þeir kveða að orði, tekið það sama upp, og get jeg því svarað þeim öllum í einu lagi.

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) hafði orð fyrir þeim öllum. Margt sagði hann og furðanlegt, og það meðal annars, að atvinnuleysið og bjargarskortinn væri nú svo mikill í Hafnarfirði, og átakanlegur, að grípa yrði til alveg sjerstakra ráða. Finst mjer ekki, að svo þurfi að vera. Vertíðin er best þennan tíma árs. Og á þessum stað eru og menn, sem mega sín mikils og hafa jafnvel fje til skipakaupa, svo hundruðum þúsunda skiftir, eftir greinargerð frv., þó þeir kjósi eðlilega fremur að fá ½ milj. kr. úr ríkissjóði til þeirra. Jeg ætla, að þörfin sje öllu meiri annarsstaðar. Hv. þm. vill með þessu kaupa burtu leppana, reisa skorður við, að leppuð verði útlend fyrirtæki, að því er mjer skildist bæði í nútíð og framtíð.

Jeg held, að leppmenskan sje orðin svo rótgróin, að meira þurfi en ½ miljón kr. til að útrýma henni, og að ekki yrði við henni gert, þó Hafnfirðingar fengju færi á að eignast 1—2 togara.

Sami hv. þm. (JörB) ljet mjög mikið yfir því, hvað hann vildi mikið til þess vinna að fólkið flytti ekki úr sveitunum í kaupstaðina. Er hann að því leyti mjer sammála. En mjer virðist hann koma óþægilega í baksegl við sjálfan sig með því að leggja með þessu frv., sem hlýtur að ýta undir flutning þess, því hjer fer einn kaupstaðurinn fram á það, að fá stórfje til að smala að sjer fólki. Og þó þetta sje eini kaupstaðurinn í ár, má búast við að 2—3 komi á næsta þingi, því aðlaðandi er það fyrir þá að mega eiga von á því, að ríkissjóður hlaupi svona undir baggann með þeim, til þess að koma á fót meiriháttar fyrirtækjum og styðja braskið.

Hv. þm. (JörB) vildi koma því inn í skilning minn og vitund, að engin hætta myndi stafa af þessu. Hann lagði mikla áherslu á orðið von, í því sambandi. Hann kvaðst vona, að þetta leiddi ekki til óhappa. Jeg vil ekki efast um, að von hans g e t i ræst, þótt völt sje. En jeg vil benda á einn möguleika til óhappa í þessu sambandi. Komið gæti fyrir, að Englendingar tolluðu ísfiskinn eða legðu stein í götu útgerðarinnar, af því að þeim virtist íslensku fiskiveiðalöggjöfinni helsti harðlega beitt. Hvað verður þá um togarana? Jeg ætla ekki að spá neinum hrakspám, en möguleiki er fyrir því, að Englendingar þrengi að þessum markaði. Slíkt er ekki hægt að sjá fyrir, en nú á tímum hleður hver þjóð skjaldborg um sig eftir mætti. Enginn þarf að ímynda sjer, að þessi togaraútvegur sje svo rótgróinn eða baktrygður, að aldrei reynist stopull. Jeg held einmitt, að þó hann sje fyrirferðarmesti atvinnuvegurinn, þá sje hann sá stopulasti. Ekki hefir hann blómgast hin síðustu ár. Og það er trú alls almennings, að fjárhagsörðugleikarnir sjeu ekki minst því að kenna, hve djarft hefir verið teflt í þeim útvegi. Ætti ríkið því enga hvöt að hafa til þess að baka sjer frekari áhættu hans vegna en komið er.

Að því er snertir stuðning við þetta frv. í von um stuðning við ullariðjufyrirtækið austfirska, sem rætt var hjer í gær, vil jeg segja það, að jeg fer ekki í nein hrossakaup um slíkt. Og mjer þótti fyrir, að hv. 1. þm. N.-M. (HStef) gaf í skyn, að hann myndi styðja þetta frv. með þessa von fyrir augum. Jeg mótmæli með öllu hrossakaupum. Það er fullkomin sannfæring mín, að það sje óforsvaranlegt, að ríkissjóður leggi ½ milj. kr. í togarakaup í Hafnarfirði. Er það bæði áhættumeira en flest annað, sem hann hefir lagt í, og órjettmætt vegna þeirra mörgu, sem synjað er um stuðning. Og það gengur í þá átt að ýta undir óheilbrigt atvinnulíf, en veikja það, sem heilbrigt er.

Jeg lofaði að fara ekki út fyrir efnið, og hefir þó verið gefið fylsta tilefni til þess, því meira hefir verið talað um tóvinnuvjelarnar austanfjalls í þessu sambandi en jeg gaf tilefni til. Háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) kom hjer fram eins og spámaður um það, hvernig ullariðjan mundi reynast, og skýrði frá þróun hennar í öðrum löndum. Mjer er fullkomlega eins kunnugt um sögu hennar í Noregi eins og honum. Fyrir stríðið voru þar dúkaverksmiðjur svo að segja á hverju strái, og samkepnin var svo mikil, að þeim lá við hruni. Keppinautar fóru þá að eins og hygnir búmenn;

sameinuðu sig nokkrir, og eru þó verksmiðjurnar margar þar ennþá. Það var órökstudd fullyrðing hjá háttv. þm. (JAJ), að hjer ætti að vera ein allsherjar ullarverksmiðja fyrir alt landið; þvílík innantóm slagorð byggjast hvorki á þekkingu eða reynslu frá öðrum þjóðum. Ef vjer ætlum að sækja fyrirmyndir til Noregs, sem næst liggur, þá hygg jeg það láta nærri, að hjer á landi ættu að vera 3 verksmiðjur í hlutfalli við mannfjölda landanna, bygðaskipun og samgöngur.

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) skaut þeirri athugasemd fram, að hann hefði fylgt ullariðjumálinu nauðugur í gær, fundið, að undirbúning vantaði, og því verið hikandi. Hvað átti hann við með undirbúningnum? Fje hefir verið safnað, staðhættir rannsakaðir af sjerfræðingi, og annar undirbúningur hygg jeg að sje miklu meiri en þegar Gefjunn, Iðunn og Álafossverksmiðjan voru settar á stofn. Nú er til reynsla, sem þá var ekki fyrir hendi. Á þeirri reynslu er hægt að byggja, eins og líka hefir verið gert.

Hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) vjek nokkrum orðum að mjer, þó jeg gæfi honum lítið tilefni til þess. Hann sagði, að það mætti ekki skipa fólkinu að fara úr kaupstöðunum, því það kæmist ekki fyrir í sveitunum. Það er nú sitthvað að skipa fólkinu burt úr kaupstöðunum eða að gefa því hvatningu til þess að flytja þangað með þessum fyrirheitum um atvinnu.

Hv. þm. (ÁF) nefndi, að fólk hefði flust í stórum stíl til Hafnarfjarðar í atvinnuleit. Það var svo fyrmeir, að margir sóttu hingað á Suðurland á vertíðinni, og svo er enn. Áður hurfu þessir menn heim að vertíð lokinni. En á þessum síðustu og verstu tímum hafa og sótt hingað margir dugandi menn, sest hjer að, orðið þurfamenn eftir sárfá ár og látið fæðingarhreppinn sjá fyrir sjer. Maður einn úr minni sveit, hraustur og vel verki farinn, flutti til Hafnarfjarðar með konu og tveim uppkomnum sonum fyrir skömmu. Virtist hann lifa þar kóngalífi af atvinnunni framan af, enda voru þau 4 fullvinnandi, en von bráðar komu kröfurnar um sveitarstyrk austur, og varð að leggja þessari fjölskyldu talsvert fje, ekki vegna veikinda eða slysa, heldur vegna skólagöngu sonanna og atvinnuleysis í bænum. Og þetta eru engin einsdæmi. Jeg hefi í vasanum erindi frá oddvita einum á Austurlandi, þar sem hann biður um styrk úr landssjóði til að forða hreppi sínum við örbirgð, stafandi af stórhópum af þurfamönnum, sem komnir eru frá Hafnarfirði og öðrum verstöðvum hjer syðra. Hafa þeir verið hjer nokkrar vertíðir, en eru nú sendir heim á sveitina. Tel jeg litla þörf á að styrkja Hafnarfjörð til þess að geyma lausingjalýð á þennan veg, sem síðan verður átthögunum til þyngsla.

Jeg þykist vita, að frv. þetta eigi fram að ganga, svo tilgangslaust er að þrátta um það frekar. En jeg hlaut að lýsa minni skoðun á því, og jeg tel það jafnóforsvaranlegt, hvort fleiri eða færri samþykkja það.

Jón Baldvinsson: Jeg vildi aðeins vekja athygli á brtt. á þskj. 192, því jeg held, að það hafi áður verið leitað til bankanna með slíka ábyrgð, sem náði aðeins til innlendra banka, og að það hafi ekki borið neinn árangur. Býst jeg við, að svo fari framvegis, og væri því þýðingarlaust að afgreiða frv. með þessu

ákvæði, því að þá kæmi það að engu gagni. En í brtt. minni á þskj. 194 er ekki gert ráð fyrir því, heldur ætlast til, að ábyrgð komi einnig til greina gagnvart erlendum bönkum.

Mikið hefir verið sagt um mál þetta, og væri ef til vill ástæða til að minnast á ýms atriði. Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði í sinni fyrri ræðu, að hann fengi ekki skilið í því, að atvinnuleysi ætti sjer stað hjer í Reykjavík. Hann hefði átt að segja, að hann skildi ekkert í, að það þyrfti að vera. (**SvÓ:** Jeg sagði það.) Þá erum við sammála. En hinsvegar má ekki loka augunum fyrir því, að atvinnuleysi er hjer í stórum stíl, af því að atvinnutækin eru færri en svo, að allir geti haft atvinnu.

Jeg er hv. þm. (SvÓ) sammála um það, að nóg störf eru ógerð í þessu landi, en það er eftir að finna ráð til að framkvæma þau. Það hefir mikið verið talað um ræktun landsins, en það eru litlar horfur á því, að það komist í framkvæmd fyrst um sinn, að nokkuð verulegt verði í því gert, svo æskilegt sem það þó er. En það er helber misskilningur hjá hv. þm., að þó atvinnuvegirnir í Hafnarfirði sjeu auknir, sje verið með því að kaupa menn úr sveitunum eða fjölga fólkinu í Hafnarfirði. Það er ekki einu sinni farið fram á að fjölga atvinnutækjunum svo, að þau verði jafnmörg og fyrir 2 árum. Annars býst jeg við, að okkur beri ekki mikið á milli um þetta mál Þó vil jeg ekki undirskrifa það, að hjer sje verið að kaupa menn af bændum, til að setja þá á kvikmyndahús, knæpur og kaffihús. Og það, sem hv. þm. talaði um siðspillinguna í bæjunum, held jeg að sje orðum aukið.

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) lýsti nákvæmlega skoðun sinni á fiskilöggjöfinni. Jeg hefi lítið um hana að segja annað en það, að jeg er henni í flestu algerlega andvígur. Við höfum ekki fjármagn til að halda uppi þeim atvinnuvegum, sem nauðsynlegir eru fyrir afkomu þjóðarinnar. Og hvaðan á aukið fje að koma nema frá útlöndum Jeg álít því þær till. áhættulausar, sem ganga í þá átt að auka atvinnuvegina og afla ríkissjóði tekna, þó fjeð komi erlendis að.

Jeg vil ekki taka undir það hjá hv. þm. (JörB), að sem fyrst sje leitað úrskurðar dómstólanna um það, hvort útgaraútgerðin í Hafnarfirði nú sje leyfileg. Jeg tel, að nauðsynlegt sje, að útlendingar stundi hjer veiðar, ef atvinnuleysið á ekki að haldast.

Jeg ætla ekki að fara út í fleira, en vil þó mótmæla því, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði nú að síðustu, að verkamenn lifðu hjer kóngalífi, uns þeir færu á sveitina. Það er tómur misskilningur; verkamenn lifa engu kóngalífi. Sumir kunna að komast þolanlega af um sumarmánuðina, en það er varla hægt að ætlast til, að fjölskyldumenn geti fleytt sjer, þegar atvinnuleysi er marga mánuði vetrarins, og því engin ástæða til að ætla, að þeir leiti til sveitarsjóðs að ófyrirsynju. Þó að finnast kunni dæmi þess, þá er það undantekning, en ekki reglan. Og einstök dæmi sanna ekkert.

Annars stóð jeg upp til þess að minna á brtt. mína á þskj. 194, því jeg óttaðist, að hún ætlaði að lenda í kembingarvjelunum hjer í deildinni.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg vildi víkja nokkrum orðum að ræðu háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), enda þótt hann hafi einna best mælt með ósk Hafnfirðinga og ábyrgð ríkissjóðs. Hann gekk inn á það,

að ástæður Hafnfirðinga væru örðugar. En þar sem hann gaf í skyn, að sumt af þeim örðugleikum væri sjálfskaparviti, er því til að svara, að þótt slíkt kunni að eiga sjer stað, þá eru það þó aðeins undantekningar, svo ósjaldgæfar, að ekki má líta á málið frá því sjónarmiði. Svo er nú komið, að flestir, sem ekki hafa fasta atvinnu þar, geta ekki aflað sjer lífsframfæris þar, og fyrir þeim liggur auðvitað ekki annað en að flytja úr Hafnarfirði. Mjer finst, að þetta sje alvarlegra mál en svo, að ríkið eigi ekki að gera sitt til að kippa þessu í lag, ekki síst þar sem það virðist mögulegt án nokkurra beinna fjárframlaga, með þeim hætti, sem hjer er farið fram á. Hann (SvÓ) talaði um, að hjer væri verið að gera leik til að fjölga fólki í kaupstöðum á kostnað sveitanna, og vildi álíta, að jeg hefði komist að gagnstæðri niðurstöðu við það, sem hefði átt að vera. En jeg er viss um, að mín till. gengur í þessu efni í heppilegri átt en hans. Háttv. þm. mintist á leppmenskuna, sem hann sagði að þessi ábyrgð myndi ekki koma í veg fyrir. Jeg er honum sammála um það, en jeg tók það fram, að íslenskum mönnum ætti ekki að líðast þessi leppmenska og að löggjafarvaldið þyrfti að setja þær skorður við slíkri starfsemi, að innlendum mönnum yrði gert slíkt athæfi ómögulegt, enda er það oftast þeim til lítils gagns, en þjóðinni til stórtjóns. Jeg er viss um, að mín skoðun er hjer rjettari en háttv. 1. þm. S.-M., og get jeg skírskotað til reynslunnar í því efni. Jeg veit, að honum er ekki síður kunnugt en mjer, hver áhrif síldveiðar útlendinga hafa haft á síðari árum. Það voru útlendingar, en ekki innlendir menn, sem gintu fólk frá öðrum atvinnuvegum, ekki í hundraða- heldur þúsundatali, eyðilögðu fjárhaginn, spiltu menningu og hugsunarhætti þjóðarinnar og næstum tæmdu sveitirnar. Sú starfsemi, er innlendir menn ráku á þessu sviði, var í miklu smærri stíl og hvergi nærri eins hættuleg. Mín skoðun er því sú, að nóg sje komið af svo góðu, og mín till. er spor í áttina til að ná þessu marki, en jeg get ekki sjeð, að það, sem hv. 1. þm. S.-M. leggur til þessara mála, bæti að neinu leyti úr. Það kom hvergi fram hjá honum, að hann fyndi svo mjög til þess, að það ástand, er ríkt hefir á þessu sviði, væri svo ýkja slæmt. Hann mintist á Englendinga og talaði um, að þeir myndu ekki láta sjer slíkt lynda, hveldur láta koma krók móti bragði. Mjer finst óviðfeldið að vera að gera þeim nokkrar getsakir. Þeir hafa talið sig verndara smáþjóðanna, og að óreyndu á illa við að gera þeim upp orð og athafnir í þessu máli. Við verðum að fara hentugustu leiðina sem völ er á, og svara þeim, þegar að því kemur. Hv sami þm. drap á, að þessi atvinnuvegur hefði reynst stopull á síðustu árum, og vafasamt að treysta honum í framtíðinni. Veit jeg vel, að mörg óhöpp hafa komið fyrir óviðráðanleg, og ef til vill ekki síður viðráðanleg. Ef eitthvað af því hefir verið af mannavöldum, sem jeg býst við, ætti reynslan að geta kent að varast þau víti. En hvað sem því líður, þá er atvinnuvegur þessi orðinn svo stórfenglegur og svo mikið fje komið í hann, að honum verður að halda áfram, ef mögulegt er, og hygg jeg, að við sjeum sammála um það. En jeg get ekki fallist á, að við gerum mikið að því að auka þennan atvinnuveg, heldur er hjer aðeins um atvinnubót fyrir Hafnarfjörð

að ræða, ekki svo mjög nú þegar í stað, heldur til að gera Hafnarfjörð sjálfbjarga í framtíðinni. En þar sem þessi atvinnurekstur útlendinga hefir reynst óheilbrigður landi og þjóð þar, vildi jeg stjaka við honum. (SvÓ: Ætlar hv. þm. að stjaka honum burtu?) Já, það ætla jeg að gera með till. minni og atkv., eftir því, sem jeg get. Mjer finst annars einkennilegt, að hv. 1. þm. S.-M. skuli halda þeirri skoðun fram, er hann gerir, svo vel sem hann þekkir til atvinnuvega landsins. Jeg veit, að hann er svo góður reikningsmaður, að hann veit, hvílíkt tjón erlendir atvinnurekendur, og þá ekki síst síldveiðamenn, hafa unnið þessu landi. Hann drap ennfremur á, að jeg hefði nauðugur greitt lánsheimild til tóvinnuvjela atkv. Það er ekki rjett, en hitt viðurkenni jeg, að mjer þótti málið ekki nægilega undirbúið, og hv. þm. gat ekki sýnt fram á, að svo væri. Eins álít jeg, að það sje algerlega óupplýst, hvort heppilegri sjeu tvær stórar verksmiðjur eða fleiri minni, og get jeg ekki sjeð, að gott sje að skera úr því. Þó hygg jeg, að rjett sje að hafa heldur færri en fleiri. Hv. þm drap á reynslu í þessu efni, en hún er ekki næg, að mínu áliti, enda þótt hún hafi kostað ærið fje. Nú mun og vera í ráði að byggja miklu stærri verksmiðju en áður. En alt mun þetta vera lítt undirbúið, hvað snertir stofnkostnað og tilhögun. Hv. þm. talaði um málið, sem hjer liggur fyrir, eins og hjer væri verið að láta ½ miljón úr ríkissjóði. Hjer er aðeins um það að ræða, að landið ábyrgist þetta fje, til að koma þessum umræddu atvinnubótum á. Jeg býst við, að allir sjái, að hjer er um tvent ólíkt að ræða.

Jeg vildi þá að lokum víkja nokkrum orðum að hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Hann kvaðst vera andvígur skoðunum mínum á fiskveiðalöggjöfinni. Jeg veit nú ekki betur en að hann greiddi sjálfur atkvæði með þeirri fiskiveiðalöggjöf, er við höfum nú. (JBald: Alveg rétt!) Jeg hjelt, að hann væri því ákveðnari gegn atvinnurekstri útlendinga, er fólki hafa brugðist þær vonir, er það hafði gert sjer um atvinnu hjá þeim, og vegna allra þeirra óþæginda, er það hefir orðið fyrir af þeim sökum. Jeg vil, að atvinnuvegur þessi sje rekinn af innlendum mönnum, en ekki af útlendingum, sem setjast hjer að, eins og kría á stein, án þess að nokkur trygging sje fyrir framhaldi á starfsemi þeirra. Að minsta kosti býst jeg við, að margur maðurinn í Hafnarfirði óskaði nú þess, að sá maður, er þar var helsti atvinnurekandinn um tíma, hefði aldrei þangað komið. Hv. 2. þm. Reykv. drap á, að okkur vantaði fje til framkvæmda, og yrðum að fá erlent fjármagn, fyrst innlent skorti. En þótt þetta sje satt, að okkur skorti nægilegt fjármagn, þá er jeg ekki í vafa um, að misráðið er að fá hingað erlenda menn með erlent fje til atvinnurekstrar í gróða skyni. (JBald: Þeir innlendu reka víst ekki atvinnu sína í gróðaskyni!) Við skulum ganga út frá því, en þar er sá mikli munur á, að með því móti helst fjeð kyrt í landinu, en útlendingar flytja það burt með sjer. Og satt að segja þykist jeg ekki síður hafa talað máli íslensku verkamannanna í þessu efni en hv. 2. þm. Reykv.

Halldór Stefánsson: Jeg skal ekki lengja umræður, en vildi aðeins drepa á atriði í ræðu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Jeg bar saman í fyrri ræðu minni þær till., er fram hafa komið, hvað viðvíkur fyrirtækjum í Hafnarfirði og á Austur-

landi, sem miða að því að bæta atvinnuhættina og efla atvinnulífið á báðum stöðum. Jeg benti á ósamræmi í atkvæðagreiðslunni í gærkveldi, og gat þess, að jeg hefði búist við, að menn yrðu sjálfum sjer samkvæmari. Þetta kallaði hv. 1. þm. S.-M. hrossakaup. Jeg verð nú að segja það, að jeg hefi haft heldur ímugust á hrossakaupum, jafnvel öllum hrossakaupum, og þó einkum þeim, sem kend eru við Alþingi. En ef þetta eru hrossakaup, þá sýnist mjer þau ekki svo sjerlega óhæfileg.

Jeg vil þá aftur á móti beina því til hv. þm. (SvÓ) og annara hv. þm., að gæta þess að láta það ekki ráða atkvæði sínu um sambærileg mál, hvort um er að ræða fyrirtæki á Austurlandi eða Suðurlandi.

Sigurjón Jónsson: Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði eitthvað á þá leið, að þeir, sem greiddu þessu frv. atkvæði sitt, sýndu af sjer óforsvaranlegt andvaraleysi, þar sem ábyrgðin væri alt of stór og áhættan því of mikil. Mjer finst þetta nú nokkuð sterkt að orði kveðið.

1. grein frv. kveður ríkt á um að vernda hag ríkissjóðs, eftir því, sem hægt er, og er ákveðið um, að hann taki ekki að sjer ábyrgðina, nema „gegn viðunanlegri tryggingu og veði", eins og stendur þar. Þegar sjútvn. bar málið fram, var tilætlun hennar, að fullkominnar varúðar væri gætt í þessu efni. Fjelögin leggi fram fje sjálf. Það hafa komið fram till. um, að fjelögin legðu fram 100 þús. kr. hvert, og ef vel yrði á stað farið og gott skip keypt, sem yrði að gerast í samráði við stjórnarvöldin, þá verður ekki sagt, að engin trygging sje fyrir hendi, og fyrstu árin ætti þetta að nægja. (SvÓ: Ef eitthvað fer þá ekki í súginn.) Jeg býst ekki við, að öll fjelög græði, þótt hv. 1. þm. S.-M. segi, að tóvinnufjelögin geri það, en jeg hygg ekki, að hann hafi neina sjerstaka ástæðu til þessara orða sinna. (SvÓ: fer út). Má hv. 1. þm. S.-M. heyra orð mín! (SvÓ: Þarf ekki). Jeg held, að hv. 1. þm. S.-M. hefði átt að segja með fyrirvara, að hann þyrfti ekki að heyra orð mín, eins og hann skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara, og eins það, að nefndin væri klofin, sem hún þó sannarlega er. Þótt hv. þm. sje hræddur við Englendinga, að þeir muni setja oss stólinn fyrir dyrnar, að því er snertir ísfiskinn, þá hygg jeg, að hann ætti að vita það, að ísfiskurinn er yfirleitt enginn sjerstakur gróðavegur fyrir útgerðina, að dómi flestra útgerðarmanna. Annars hefði hv. þm. átt að enda, eins og hann byrjaði, — með fyrirvara.

Tryggvi Þórhallsson: Tvær fyrirspurnir vildi jeg leyfa mjer að bera fram. Aðra til hæstv. fjrh., sem jeg krefst þó ekki að hann svari við þessa umræðu. Jeg hefi fyrir mitt leyti sterka tilhneigingu til að vera með þessu frv., er hjer liggur fyrir, til að bæta úr atvinnuskorti og auka innlendan atvinnurekstur. En mig langar til að spyrja hæstv. fjrh., hvað það sje, sem hann kallar viðunanlega tryggingu. Það er í mínum augum aðalatriðið, en eins og jeg sagði, krefst jeg ekki svars við þessa umræðu.

Jeg skal ekki lengja tímann með því að draga tóvinnumálin inn í umræðurnar. En hitt atriðið, sem jeg vildi minnast á, er það, að komið hefir fram að stofna sjerstaka búnaðarlánadeild við Landsbankann. Hlutverk hennar ætti að vera að styrkja hinn tryggasta at-

vinnuveg landsins. Jeg geri nú ráð fyrir, að höfuðástæðan gegn því frv. verði sú, að ekki sje fje fyrir hendi. Þeir, sem bera þetta frv. fram, sem hjer liggur fyrir, telja, að 500 þús. kr. mundu nægja í bráðina.

Út af því vildi jeg bera fram fyrirspurn til hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), hvort hann líti ekki svo á, að ef veita megi ½ milj. til atvinnubóta í Hafnarfirði, að búnaðarlánadeildin geti fengið þessa fjárhæð, sem hún þarf með. Mjer þætti gott að fá að heyra álit hans. Jeg fyrir mitt leyti er þessu hvorutveggja hlyntur, því að í báðum tilfellum er verið að styrkja innlenda atvinnu og framleiðslu. En mjer þætti vænt um að vita, hvort þeir, er fylgja þessu frv., eru jafnsanngjarnir, þegar landbúnaðurinn á í hlut.

ATKVGR.
Brtt. 194 feld með 18 : 2 atkv.
— 192 samþ. með 20 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 9 atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 5 atkv.

Á 36. fundi í Nd., laugardaginn 29. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 238).

Frsm. (Ágúst Flygenring): Jeg gerði grein fyrir máli þessu við 2. umr., og komu þá engin mótmæli fram, heldur gekk það til 3. umr., án þess neitt væri við það athugað, annað en það, að hv. þm. Str. (TrÞ) spurði, hvort jeg vildi taka undir frv. hans um að stofna búnaðarlánadeildina við Landsbankann. Jeg hefi kynt mjer það mál rækilega síðan, og er því fyllilega samdóma, með örlitlum breytingum. Því það gengur í þá átt, að efla atvinnuveg, sem skylt er að efla, ef hægt er. En jeg býst hinsvegar við, að svo kunni að fara, að það komi ekki að miklu gagni, af því fjeð fáist ekki. Annars er hjer um ólík mál að ræða. Landbúnaðurinn krefst ½ milj. kr. peningaláns á hverju ári, en í þessu frv., sem hjer um ræðir, er ekki krafist neins láns, heldur aðeins heimildar fyrir ríkisstjórnina til að ganga í ábyrgð, gegn fullu veði. Annað þarf jeg ekki að taka fram. Jeg ætla að vona, að hv. deild sjái sjer fært að samþ. nú frv., eins og við 2. umr.

ATKVGR.
Frv. **felt** með 13 : 13 atkv.

---

12. Einkasala á tóbaki.

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 14. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um afnám laga nr. 10, 27. júní 1921, um einkasölu á tóbaki (þmfrv., A. 125).

Á 26., 29. og 36. fundi í Nd., dagana 18., 21. og 29. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 31. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jakob Möller): Það hefir gengið svo illa að koma þessu máli áleiðis undanfarið, að jeg vildi gefa mikið til þess, að það gengi greiðar úr þessu. Jeg ætla mjer því ekki að sinni að stofna

til langra stælna við þessa umr. Sjerstaklega ætla jeg ekki að gefa tilefni til þess þeim hv. þm. sem lofaði því fyrir nokkru síðan að vikja að frjálsræði einstaklinganna gagnvart rjetti heildarinnar í sambandi við þetta mál. Jeg ætla mjer ekki að tala um málið frá því sjónarmiði, sem venjulegast er, þegar fríverslunarmenn ræða slík mál gegn einkasölumönnum.

Jeg sje ekki ástæðu til þess, þar sem sú einkasala, sem hjer um ræðir, er ekki lögleidd út frá því, að æskilegast væri, að ríkið tæki verslunina yfir höfuð í sínar hendur, heldur eingöngu af því, að ríki þurfti þess fjár með, sem talið var, að hægt væri að græða á þessari vöru. Þegar svo var ástatt, að ríkið þurfti á verslunargróðanum af þessum vörutegundum að halda, þá virtist mönnum, þar sem ekki var um brýna nauðsynjavöru að ræða, ekki vera í það horfandi, þó að verslunin yrði dýrari í höndum ríkisins en einstaklinganna.

En þegar gengið er út frá því, að þessi einkasala er stofnuð eingöngu til þess að græða á henni, þá er fyrst á það að líta, hvernig sú von hefir ræst. Hafi hún brugðist, þá er þessi grundvallarástæða þar með burt fallin.

Eins og kunnugt er, var frv. um einkasölu á tóbaki lagt fyrir þingið 1921, og var þá gert ráð fyrir, að ágóðinn gæti orðið 200 þús. kr., þótt ekki yrði lagt meira á vöruna en 15—50%, en nefndinni þótti þetta of lítið og færði það þessvegna upp í 25—75%, og var sú uppfærsla bygð á þeirri forsendu, að heildsöluverslanir kaupmanna legðu alt að 100% á þessar vörur.

Reynslan hefir orðið sú, að þrátt fyrir þessa heimild, eða rjettara sagt skipun, að álagið skuli vera 25—75%, í stað 15—50%, er ágóðinn ekki meiri en hann var upprunalega áætlaður með lægri álagningunni.

Í öðru lagi er það, að verslunin hefir ekki sjeð sjer fært að leggja meira en 20—30% á varninginn, og þó hefir vöruverðið hækkað stórum í smásölu, þrátt fyrir það, að smásöluálagningin hefir lækkað stórum.

Þetta er nóg til að sýna það, að það er gersamlega röng forsenda, sem lögin eru bygð á. Menn ætluðu, að gróðinn yrði margfalt meiri en raun hefir á orðið, og auk þess hafa komið í ljós margir gallar á þessu fyrirkomulagi, sem menn að vísu þóttust sjá fyrir, og aldrei var neitað alment, en minna var þó gert úr en rjett var. Það er sjerstakt atriði í sjálfu sjer, að á þessum árum hefir salan minkað mikið, svo að tolltekjur ríkisins af þessum vörum hafa rýrnað stórkostlega. Er það ein aðalástæðan á móti því, að ríkið fari þessa leið.

Það er líka fullyrt, enda kunnugt, að minsta kosti grunað, að allmikið hafi borist af tóbaksvörum inn í landið utan við þessa verslun, og missir ríkið ekki eingöngu verslunarhagnaðinn af þeim, heldur líka tollinn. Það er auðvitað, að þó mikil brögð hafi verið að þessu undanfarið, þá færast þau í aukana eftir því, sem lengur líður. Virðist því, sem stefnan sje sú, að ríkið tapi meir og meir af tolltekjunum, og að það tap muni fullkomlega vega upp verslunarhagnaðinn.

Hjer við bætist, að öllum verslunarrekstri — og ekki síst hjer — fylgir áhætta. Þessari verslun fylgir sú áhætta, t. d., að vörurnar eru vandþektar og ilt fyrir aðra en þá að versla með þær, sem hafa reynslu og þekking í þeim efnum. Önnur áhætta er skemdarhætt-

an. Loks er sjerstök áhætta, sem fylgir hvaða verslun sem er, og eykst meðal annars við gengisóvissuna. Það er upplýst, að þessi verslun er rekin á þann hátt, að aðalveltufjeð er víxlar, sem gefnir eru útlendum birgðasölum og hljóða upp á langan tíma. Liggur í augum uppi, að gengið getur þá valdið því, að upphæðin að lokum er alt önnur en hún var í fyrstu. Er þannig hægt að tapa stórfje á stuttum tíma. Þegar af þessari ástæðu virtist það sjálfsagt, að ríkið losaði sig sem fyrst við þessa verslun. Væri dálítið öðru máli að gegna, ef ekki væri hjer um ónauðsynlega vöru að ræða, heldur brýna nauðsynjavöru, sem ríkinu bæri skylda til að byrgja landsmenn upp með. Mætti benda á steinoliuverslunina í þessu sambandi. Sýnist frekar vegur til að ríkið leggi sig í einhverja áhættu, til að tryggja landsmönnum hagkvæma verslun á slíkum nauðsynjum. En engin ástæða virðist til að leggja sig í áhættu til að tryggja verslun með munaðarvöru, sem menn geta eins vel án verið.

Annað mál er það, hvort það er talið heppilegt að fara inn á ríkisverslunarbrautina undir nokkurum kringumstæðum, hvort sem um nauðsynjavörur eða munaðarvörur er að ræða.

Þá er eitt atriði ekki þýðingarlaust í þesu máli, sem gerir betur og betur vart við sig, eftir því, sem lengra líður. Það er ósamræmi það, sem á sjer stað milli þessarar starfsemi ríkisins og annara, að því er snertir starfsmannahaldið. Embættismenn eru yfirleitt ljelega launaðir, en við verslanir ríkisins starfa menn við mjög góð kjör, og samanburðurinn á launum þessara manna og annara, sem vinna við opinberar stofnanir, sýnir áberandi ósamræmi. Sje jeg ekki, hversu lengi það á að haldast. Það er enginn vafi á því, að eigi þetta ósamræmi að haldast, og eigi að hækka laun annara starfsmanna svo, að samræmi verði hjer á milli, að gróðinn af versluninni gerir ekki betur en hrökkva til. En, sem jeg sagði, þá er það víst, að ósamræmið vekur fullkomlega rjettmæta óánægju meðal annarra starfsmanna ríkisins.

Það þykir nú ef til vill ekki blása svo byrlega fyrir ríkissjóði, að vænlegt sje að leggja niður gróðafyrirtæki hans. En nú er því haldið fram, að hægt sje að ná fullkomlega eins miklum tekjum með tóbakstollinum eins og með þessari tóbaksverslun. Hjer hefir verið vitnað til annara landa, sem hefðu tóbakseinkasölu, eins og t. d. Frakklands. Þar horfir málið þó alt öðru vísi við, því að þar hefir ríkið líka einkarjett til tóbaksiðnaðar, og virðist engin furða, að það versli sjálft með sína framleiðslu. Þó hefir einkasalan þótt gefast þar svo illa, að á síðari árum hafa komið fram sterkar raddir um að leggja hana niður. Jeg hefi nýlega lesið í opinberu riti, að tekjur franska ríkisins af einkasölunni hafi verið síðasta ár 1 miljarður pappírsfranka, en í Englandi námu tolltekjur af tóbaki 1½ miljarð gullfranka. Mjer finst þetta nú ekki vera glæsileg útkoma fyrir einkasöluna frönsku. Þar við bætist, að stórkostleg spilling virðist hafa náð tökum á þessu fyrirtæki þar; það er orðið nokkurskonar ríki í ríkinu; leggur ekki fram reikningana, nema þegar því sýnist, og þar fram eftir götunum. Þó að vor einkasala sje vitanlega í miklu smærri stíl, held jeg, að ekki sje laust við, að hið sama hafi orðið uppi á teningnum. A. m. k. hefir verið að því fundið, að reikningar hennar væru leyni-

legir, þó að vísu eigi að heita svo, að efnahagsskýrsla sje birt, en rekstrarreikningur enginn.

Frv. er, eins og það liggur fyrir hjer, ekki fullkomið. Ef það verður samþ., verður jafnframt að tryggja ríkissjóði, að hann losni við fyrirliggjandi birgðir, er tóbakssalan hættir. En jeg ætlast til að málinu verði vísað til nefndar, til frekari rannsóknar. Geri jeg því að tillögu minni, að málinu verði vísað til fjhn.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal ekki vera langorður. Jeg get tekið það strax fram, að jeg get ekki verið fylgjandi þessu frv. Hv. flm. (JakM) gat þess, að jeg hefði búist við meiri tekjum af tóbakseinkasölunni en raun hafi á orðið. En jeg vil leyfa mjer að benda honum á, að frsm. hv. meirihl. fjhn. (SvÓ) gerði árið 1921 ráð fyrir 200 þús. kr. í tekjur, eins og orðið hefir. Hitt er satt, að í upphafi var gert ráð fyrir hærri tekjum, en þá var jafnframt gert ráð fyrir einkasölu á spíritus. (**JakM:** Þá var gert ráð fyrir, að tekjurnar yrðu hálf miljón.) Það má vel vera, en jeg gerði ráð fyrir, að tekjurnar af tóbakseinkasölunni yrðu um 300 þús. kr., og myndi það ekki hafa orðið fjarri sanni, ef gengið hefði haldist í sama horfi og þá var. Jeg þarf ekki að fjölyrða um, til hvers lögin voru sett. Þau voru sett til þess að afla ríkissjóði tekna. Það hefir verið sagt, að tóbakstollurinn hafi minkað. Það má vera, en mun stafa af því, að verslunin hefir gert að reglu að veita ekki lán, og því hafa færri keypt. Ef til vill er eitthvað eftir enn af hinum miklu birgðum, er innfluttar voru 1921. Jeg man þó ekki betur, en að tollurinn 1923 væri hærri en árið áður. Og mjer finst, að vjer megum ekki missa 200 þús. kr. úr ríkissjóði nú, svo mjög sem vjer berjumst í bökkum. Satt er það, að hverri verslun fylgir nokkur áhætta, en sú áhætta hlýtur að vera minni þar, sem ekki er lánað. Að vísu fylgir áhætta gengisfallinu. En úr því að gróði hefir orðið samt, hvað mun þá í góðu árunum. Hv. flm. mintist á launakjör starfsmannanna. Jeg býst við, að það mál verði tekið til meðferðar seinna, og sje því ekki ástæðu til að ræða það hjer. Satt er það, að samanborið við laun embættismanna eru launin við verslunina hærri. En hjer er líka um ótryggari stöður að ræða. Hjer mun líka vera til opinber stofnun, þar sem laun starfsmannanna munu vera svipuð og við tóbaksverslunina. Það er Landsbankinn.

Mjer finst yfirleitt, að ekki sje fengin nægileg reynsla um þessa verslun. Ef gallar þeir, er hv. flm. talaði um að á henni væru, væru til í raun og veru, skyldi jeg ekki leggja henni líðsyrði. En þeir gallar hafa ekki komið í ljós ennþá.

Hv. flm. talaði um leynilega reikninga. Það er satt, að þeir hafa ekki verið birtir í landsreikningunum, enda er ekki siður að birta reikninga opinberra fyrirtækja. En hitt er mjer óhætt að fullyrða, að eins nákvæmt eftirlit er haft við alla reikningsfærslu verslunarinnar og hægt er, og jeg veit ekki betur en að hverjum þingmanni sje hægt og heimilt að sjá þessa reikninga, þar sem þeir liggja fyrir þinginu. Ef það þætti heppilegra, væri heldur ekkert hægara en að birta þá, t. d. í Lögbirtingablaðinu.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Nd., s. d., var **fram haldið** 1. umr. um frv.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg álít frv. þetta óaðgengilegt, eins og það liggur fyrir. Væri nauðsynlegt til þess að jeg gæti aðhylst það, að í sama frv. væri gert ráð fyrir tollhækkun á tóbaki, til þess að bæta ríkissjóði upp það tap, sem hann liði við það, að einkasalan legðist niður. 1921 var gert ráð fyrir því, af okkur, mótstöðumönnum einkasölunnar, að hækka heldur tóbakstollinn en að fara þessa leið. Jeg skal geta þess, að allar tekjurnar af tóbakseinkasölunni hafa verið ríkissjóði vonbrigði síðan sú tilhögun var upp tekin. Var gert ráð fyrir því af ráðherranum 1921, að á næsta ári mundi tóbakstollurinn gefa ca. 700 þús. kr., en þetta brást, því að tekjurnar af tóbakstollinum og einkasölunni námu það ár aðeins 440 þús. kr., en árið 1923 námu þær 630 þús. kr. Voru þær þannig bæði árin mun lægri en tollurinn einsamall áður. Ef þessi lækkun stafar af því, að tóbaksneysla þjóðarinnar hafi minkað, þá er ekki ástæða til að sjá eftir því, en stafi hún af því, að tóbakið hafi verið dregið undan tolli, þá er það afleitt. Annars hefi jeg óbundið atkvæði um þetta mál. Jeg hefi tjáð kjósendum minum afstöðu mína, sem er sú, að jeg álít, að ríkið megi ekki, nú sem stendur, missa tekjurnar af einkasölunni, en hinsvegar er jeg og hefi frá öndverðu verið tilhögun þessari mótfallinn. Sæi jeg eigi eftir því, þó að reynsla væri fengin í þessu efni eitt ár enn; mætti þá taka ákvörðun um málið á næsta þingi. En ef það á að gerast nú, tel jeg nauðsynlegt, að sett sje í frv. ákvæði um tollhækkun á tóbakinu.

Flm. (Jakob Möller): Jeg hefi verið að hugsa um það, hvað jeg ætti að gera í þessu máli, þegar hæstv. fjrh. (JÞ), þessi mikla stoð og stytta allrar fríverslunar, hefir orðið til þess að leggjast á móti því. Væri þá ekki rjettast, að jeg tæki frv. aftur? Ónei, — jeg ætla nú ekki að gera það. Jeg hefi hugsað mjer að gefa hæstv. rh. tækifæri til þess að nota þetta óbundna atkvæði sitt um málið. Mjer er ekki grunlaust um það, að þessi mótbára hans gegn frv., sem sje, að í það vanti ákvæði um tollhækkun, sje aðeins aum undanfærsla, því það, að í frv. þurfi slíkt ákvæði, er í alla staði hlægilegt. Hæstv. rh. er með þessu aðeins að reyna að klóra yfir það, að hann hefir nú gengið frá fyrri stefnu sinni í þessu máli. En — drottinn minn dýri! — af hverju gengur ekki hæstv. rh. hreint og beint í Framsóknarflokkinn? Af hverju að vera að reyna að villa landsmönnum og þingi sýn á sjer? „Hvers vegna eru ekki þeir menn, sem kosnir eru á móti Tímanum og sósialistum í sama flokki?“ Þetta kvað við fyrst hjer á þingi í vetur. Já — hví skyldi jeg vera á móti hæstv. fjrh. (JÞ)? Það, sem gildir, er að ná í völdin og hanga við þau með einhverju móti. Það væri ekkert hægara en að afla þessara 200 þús. kr. með tóbakstollinum. Nú hefir tóbakstollurinn þegar verið hækkaður um ¼. Sú hækkun ætti að vera nægileg. En þó að frekari hækkunar þyrfti, þá ætti frv. um hana vitanlega að koma fram sem frv. um breyting á tolllögunum. Og það er enginn vafi á því, að tollurinn verður meiri undir eins og verslunin er gefin frjáls, án þess þó að þurfi að hækka hann, aðeins af því, að þá verða minni undanbrögð um innflutninginn.

Þá vildi jeg víkja nokkrum orðum að hæstv. atvrh. (MG). Hann hjelt því

fram, að gengið hefði orðið til þess að minka verslunartekjurnar. Þetta er ekki rjett. Það, sem veldur þessu, er það, að kostnaðurinn við verslunarreksturinn er margfaldur við það, sem áður var, og að kjör þau, sem verslanirnar út um land fá hjá einkasölunni, eru svo vond, að salan hefir minkað mjög mikið, svo að verslunin er blátt áfram miklu minni en gert var ráð fyrir. Kveður svo mjög að þessu, að það eru stór svæði á landinu, þar sem tóbak er alls ekki verslunarvara. Er því eigi nema eðlilegt, að ágóðinn sje ekki mikill. Það var spurt um það á fundi nýlega, þar sem forstjóri landsverslunarinnar var viðstaddur, hvort landið hefði tapað á tóbakseinkasölunni vegna gengismismunar. Kvað hann það vera um 7 þús. kr., svo að það getur ekki haft nein veruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs af fyrirtækinu. Nú vita það allir, að tóbak er sú eina vara, sem ekki hefir lækkað í verði hjer á landi síðan ófriðnum lauk. Þó er ágóðinn ekki meiri, og hefir álagningin verið meiri hjá landsversluninni en hún hefir nokkurntíma áður verið. Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að það hefði verið tekin upp sú regla við verslunina að veita ekki lán. Þess vegna ætti salan að hafa minkað. Þetta er ekki rjett. Jeg þekki sjálfur til þess, að menn hafa fengið þar lán, og ekki neinir stór-burgeisar. Jeg verð því að leyfa mjer að segja það, að þetta eru rangar upplýsingar hjá hæstv. atvrh. (MG). Hæstv. rh. sagði, að lækkunin á tekjunum stafaði af því, hversu mikið hefði verið flutt inn 1921. Þetta er heldur ekki rjett, því að innflutningurinn var minni þá en hann hafði verið stundum áður. Ber og að gæta þess, að einhvern hluta þess árs munu hafa verið innflutningshöft á tóbaki, og að þá voru töluverðir erfiðleikar á yfirfærslu peninga, sem eðlilega hefir verkað á innflutninginn. Þá segir hæstv. atvrh. (MG), að ágóðinn hafi numið 1923 200 þús. kr., og neitar því jafnframt, að gert hafi verið ráð fyrir meira. Skal jeg í því efni aðeins leyfa mjer að vísa til nál. fjhn. 1921. Í því er sagt, að nefndin leggi til, að álagningin sje hækkuð úr 15—50% upp í 25—75%, í því skyni að vinna með því upp þær tekjur, sem upphaflega var ætlast til, að ríkissjóður hefði af vínsölunni. En í frv. stjórnarinnar voru tekjur af vínverslun áætlaðar um 400 þús. kr. Tekjur af tóbaki voru áætlaðar 200 þús. kr. í stjórnarfrv., og er óhugsandi, að það hafi verið meining frsm. nefndarinnar, að tekjurnar yrðu þær sömu og áður, þrátt fyrir þessa hækkun á álagningunni. — Nema þá að þetta hafi verið rekningsskekkja hjá ráðherranum, og frsm. hafi ekki viljað koma því upp. En jeg var ekki alveg eins mildur við ráðherrann, því jeg benti á þá skekju, sem var í áætlun stjórnarinnar um tekjur af vínversluninni, en svo mikil var hún þó ekki, að þessar 400 þús. kr. yrðu að engu.

Þá sagði hæstv. atvrh. (MG), í sambandi við launakjör þessarar stofnunar, að stöður þessar væru ekki eins tryggar og stöður við aðrar stofnanir ríkisins. En þetta er ekki rjett. Stöður þessar eru engu ótryggari en til dæmis stöður við pósthúsið eða sjerstaklega háskólann, þar sem nú er verið að reka menn frá fyrirvaralaust. Hygg jeg, að stöður við verslunarfyrirtækin verði jafnvel öllu tryggari. En á það eitt ber heldur ekki að líta, því að spurningin verður eðlilega um það, hve há laun ríkið hafi efni á að borga fyrir nauðsynleg störf, án tillits til þess, hvort þau eru unnin við

verslun eða mentastofnanir. Svo er að meta störfin, hver þýðingarmest sje.

Jeg veit, að margir starfsmenn ríkisins, sem í mörg ár hafa orðið að búa sig undir starf sitt, hafa minni laun en nýgræðingar við verslanirnar. Jafnvel sendlarnir við verslanirnar hafa hærri laun en fullkomnir starfsmenn við aðrar stofnanir. Hlýtur þetta að hafa þau áhrif, að laun embættismanna færist upp, í hlutfalli við þessi laun. Hv. atvrh. (MG) kvað það ekkert sjerlegt, þótt reikningar verslunarinnar væru ekki birtir, og bar hana saman við opinbera sjóði. Er þetta tvent ólíkt og ekki sambærilegt, og er verslunarfyrirtæki ekki eins sjálfstætt og sjóður. Það er að vísu rjett, að reikningar landsverslunarinnar voru lagðir fyrir þingið í fyrra. Hæstv. atvrh. (MG) og jeg áttum þá báðir sæti í sömu nefnd, og man jeg, að þegar nefndinni höfðu verið sýndir reikningarnir, vildi forstjóri verslunarinnar helst halda á þeim heim heim aftur. — Í Frakklandi hefir ríkiseinkasalan komið ár sinni svo vel fyrir borð, að hún ekki einu sinni þarf að sýna þinginu reikninga sína. En nú spyr jeg: Hví hefir hæstv. atvrh. (MG) ekki látið birta reikninga verslunarinnar? (MG: Jeg hefi ekki kvartað yfir því, að reikningarnir voru ekki birtir.) Nei, jeg veit vel, að hæstv. atvrh. (MG) er af sjerstökum ástæðum kunnugur reikningum verslunarinnar.

Tryggvi Þórhallsson: Það hefir einstöku sinnum komið fyrir, að hæstv. ráðherrar hafa þurft að mótmæla því, sem jeg hefi sagt. En jeg geri ekki ráð fyrir því að þessu sinni. Eins og hæstv. atvrh. (MG) hefir tekið fram, er jeg yfirlýstur stjórnarandstæðingur, og er það því skylda mín að finna að því, sem miður fer hjá henni. En jafnsjálfsagt er að láta í ljósi gleði sína, ef eitthvað kemur frá stjórninni, sem mjer líkar vel. Jeg vil lifa eftir gamla málshættinum: Dignum lauda virum, hvort sem það eru andstæðingar mínir eða ekki, sem í hlut eiga. Jeg nota tækifærið til þess að þakka hæstv. fjrh. (JÞ) hinar góðu undirtektir hans við þetta mál, þó annað hafi hljóðið verið áður, og þykir vænt um, að hann ætlar ekki að fylgja því fast fram, að þessi stofnun verði lögð niður. Jeg vona, að þetta viti á annað meira, og að bilið styttist milli okkar, þegar að haftamálinu kemur.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg ætla mjer ekki að kappræða við hv. 3. þm. Reykv. (JakM), en miklar eru ýkjur hans, ef hann hyggur, að hjer sje deilt um fríverslun eða ekki. Í flestum löndum Norðurálfunnar er einkasala á tóbaki, enda þó fríverslun ráði í landinu. Hann sagði nú, að gengið undanfarin ár hafi engin áhrif haft á verslunina. En áður sagði hann hið gagnstæða. Ágóðinn af versluninni hefir verið milli 220—230 þús. kr. síðastliðið ár. Kvað þm. mig hafa gefið rangar skýrslur, er jeg hefði neitað því, að verslunin hafi veitt kaupmönnum lán. Yfirleitt er tóbakið ekki sent kaupmönnum nema gegn póstkröfu. Þori jeg þó ekki að fullyrða, hvort 1—2 kaupmenn utan Reykjavíkur hafi ekki fengið lán; annars veit jeg, að fáeinir menn hjer í Rvík fá lán, þó aðeins gegn fullum tryggingum. Hann neitaði því, að einkasalan hefði gefið þær tekjur, sem við var búist í byrjun. Til þess að sanna, að jeg fer hjer með rjett mál, vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp fáein orð úr

ræðu frsm. fjhn. 1921. Hann segir þá svo: „Fjárhagsnefnd vill þó, að frv. nái að ganga fram óbreytt. Er þar nálægt 200 þús. kr. tekjuauki tryggður", o. s. frv.

Hefir þannig komið í ljós, að fengist hafa á síðastl. ári þær tekjur, sem búist var við. Að tekjurnar hafa ekki orðið meiri, kemur af sífeldri hækkun á tóbaki, og getur álagningin ekki orðið eins mikil eins og ella hefði orðið.

Um samanburð á launum vil jeg ekki fara út í, því að það mál mun síðar koma til umræðu. En jeg vil benda hv. 3. þm. Reykv. (JakM) á, að það er hægt að halda uppi stofnun eins og Landsbankanum, þótt yfirmennirnir fái miklu hærri laun en við nokkra aðra stofnun hjer.

Skildist mjer á háttv. 3. þm. Reykv. (JakM), að jeg hefði átti að beita mjer fyrir birtingu reikninganna. Tel jeg það nægilegt að birta reikningana á Alþingi, svo að hverjum þm. gefist kostur á að sjá þá. Getur þá hver þeirra sem vill fengið þá birta í skjalaparti Þingtíðindanna. Legg jeg ekki mikið upp úr blaðafregnum um frönsku einkasöluna; tel jeg þær vera kviksögur, sem ekki sje vera mark á takandi.

Brigslyrðum til mín persónulega svara jeg engu.

Ágúst Flygenring: Mín skoðun á tóbakseinkasölunni er sú, að hana beri að leggja niður eins fljótt og unt er án verulegs taps fyrir ríkissjóð. En spurningin er sú, hvort frestur er nægur til næstu áramóta, því að landsverslunin liggur með miklar birgðir, og er líklegt, að lengri tíma þurfi til þess að losna við þær, ef landið á ekki að tapa miklu fje á því. Kysi jeg því heldur að láta landsverslunina standa lengur, svo sem ½ ár eða máske heilt, ef með því móti væri betur hægt að losna við birgðirnar.

Jeg er ákveðinn andstæðingur einkasölu og álít, að þessi 200 þús. kr. hagur tóbakseinkasölunnar tilkomi þeirri stjett, sem með lögum hefir fengið verslunina í sínar hendur, kaupmönnum og kaupfjelögum. Má helst líkja þessu við rányrkju, sem á síðari árum er hrifsað af kaupmannastjettinni. Aðra ókosti hefir þetta einnig, að ein verslun hefir einkasölu á tóbaki. Eykur það mjög óleyfilega sölu, sem sagt er, að sje áberandi á Norður- og Austurlandi. Sökum stærðar landsins, verður eftirlitið erfitt og eiginlega ókleift. En bestu eftirlitsmennirnir gegn smyglun eru einmitt kaupmennirnir sjálfir, ef veslunin er frjáls. Mitt álit er, að sala tóbaks hafi minkað mjög, vegna óleyfilegs innflutnings. Einnig tel jeg eðlilegt, að sala minki vegna þess, hve fáir vilja versla með tóbak með þessum kjörum í fyrirframborgun og lágum umboðslaunum. Hygg jeg einnig, að skoðun almennings sje á móti einkasölu. Þegar jeg hefi sjeð, hvernig birgðum landsverslunarinnar er varið, tek jeg ákvörðun um, hvernig jeg ver atkv. mínu. Jeg veit, að forstjóri landsverslunarinnar hefir ekki farið leynt með reikninga verslunarinnar. Hann hefir sent Alþingi reikning og yfirlit yfir hag fyrirtækisins, svo það hlýtur að vera hægt að vita nánar um birgðirnar, þegar vill.

Björn Líndal: Þótt jeg geti ekki talið mjer það til ágætis, að jeg eigi skilið að teljast stoð eða stytta frjálsrar verslunar, tel jeg mjer það til ágætis, að jeg er friverslunarmaður. Þótt jeg sje sömu skoðunar og hæstv. fjrh. (JÞ) um, að ekki beri nú að samþykkja lög um af-

nám einkasölunnar, þá er það hvorki af því, að jeg sje sósialisti, nje heldur af flokksfylgi. Ástæðan er einungis sú, að jeg vil reyna verslunina í eitt ár til, úr því að hún einu sinni er komin á. Býst jeg þó fastlega við, að það verði þjóðinni til tjóns. Jeg hefi ekki trú á, að draugur þessi verði kveðinn niður fyr en þjóðin hefir rekið sig almennilega á. Vil jeg því bíða nokkuð enn. Álít jeg tíðar breytingar á löggjöf þjóðanna skaðlegar. Auk þess hefir einokun altaf reynst illa. Vil jeg láta reynsluna sanna mjer og öðrum enn betur, hvort jeg hefi haft rjett fyrir mjer eða ekki.

Flm. (Jakob Möller): Það er altaf gaman að heyra menn vitna. Og jeg veit, að fleiri en jeg hafa haft gaman af því, að heyra þá vitna, hvern af öðrum, þessa nýbökuðu einokunarpostula. En má jeg spyrja hv. þm. Ak. (BL), hvort hann hafi talað svona á þingmálafundunum á Akureyri. **(BL:** Þetta frv. var alls ekki til umræðu þar.) Voru þá engar samþyktir gerðar í þessu máli á þingmálafundunum á Akureyri? **(BL:** Jú, að vísu, en jeg lagði til, að ekki yrði hrapað að neinu í þessu máli.) **(Forseti:** Það er ekki vert að hafa samtalið lengra.)

Hæstv. atrh. (MG) sagði, að kaupmönnum út um land væri ekki veitt lán. Hvers eiga þeir að gjalda? Eru skuldir manna út um land ver trygðar en kaupmanna hjer í bænum. Mjer finst það óskiljanlegt, og reyndar óviðeigandi, að taka upp þá reglu að veita engum kaupmönnum úti á landi lán, en lána stjettarbræðrum þeirra í Reykjavík. Það er líka bersýnilegt, að þetta hlýtur að draga úr sölunni og auka undanbrögð. Sæmilega stæðir kaupmenn fá líka alstaðar annarsstaðar lán um nokkurra mánaða tíma. Jeg skal ekki fullyrða, hve stórir landshlutar eru tóbakslausir af þessum ástæðum, hitt er mjer ljóst, hver áhrif þetta hefir á tolltekjurnar. Jeg skal ekki fara frekar út í áætlunarskekkjur frsm. nefndarinnar 1921. Jeg hefi leitt rök að því, að áætlunin hlaut að hækka frá því, sem stjórnin áætlaði og sem nam 200 þús. Hlýtur því hjer að vera um prentvillu eða skrifvillu að ræða í þingtíðindunum. Hinsvegar ber nál. með sjer aukna álagningu í því skyni að auka tekjurnar frá því, sem stjórnin hafði ætlast til.

Jeg er samþykkur hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) um að manni ber að hafa vaðið fyrir neðan sig um það, að ekki verði skaði á sölu birgðanna. En hinsvegar geri jeg ráð fyrir, að kaupmenn og kaupfjelög verði fús til að kaupa birgðirnar. Er einn möguleiki ennþá, og geri jeg ráð fyrir, að með þessu nýja bandalagi, sem er að myndast í þinginu, verði ofurauðvelt að koma fram banni á ýmislegri óþarfavöru. Geri jeg þá ekki ráð fyrir, að hæstv. atvrh. (MG) verði skotaskuld úr því að heimfæra tóbakið undir óþarfa. Ætti þá að reynast auðvelt að tryggja söluna, jafnvel þótt eitthvað sje hæft í því, sem sagt er manna á milli, að nokkuð bresti á, að varan sje fyrsta flokks.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) spurði um það, af hverju ekki væru eins veitt lán út um land eins og hjer í Reykjavík. Það er að vísu ekki í mínum verkahring að svara þessu, heldur forstjóra landsverslunarinnar, en jeg get þó sagt háttv. þm., að það stafar af því, að það eru erfiðari allar innheimtur úti um land en hjer, en

hjer borga menn vikulega af þessum skuldum. Og ef hv. þm. heldur, eins og hann ljet í veðri vaka áðan, að jeg hafi haft mikið fje upp úr innheimtu slíkra skulda og vilji því ekki hætta einkasölunni, þá get jeg sagt honum, að honum skjátlast stórlega, því jeg hefi ekki fengið einn eyri fyrir neina slíka innheimtu, eins og hann gæti vel ráðið af þessu.

Háttv. þm. kvað það vera rugl, sem jeg vitnaði í áðan í þingtíðindunum. Það hefir þó til þessa þótt gott til stuðnings málstað sínum að geta vitnað í þau. Eður því mótmælti hv. þm. þessu ekki á þingi. Hann var þá viðstaddur, og hefði átt að hafa einurð til þess, þá eins og nú.

Það var annars á háttv. þm. að heyra, að hann teldi alla sósialista, nema sig einan — og fer það þó einnig að verða vafasamt um hann, ef rök hans eru krufin til mergjar. Það var á honum að skilja, að ekki megi hafa haft á neinum hlut, án þess að þær væri sósialismi á ferðinni. En þá ætti ekki heldur að mega tolla vörur, því það spillir auðvitað fyrir versluninni, og ekki mætti þá heldur hafa sölubann á neinum hlut, því einnig það er versluninni tap. — Jeg vil annars ekki vera að fara lengra út í að rekja rökvillur hv. þm. Það er hvort sem er útsjeð um forlög frv., sem hv. þm. hefir í upphafi gengið svo frá, að það hlaut að vera borið til dauða en ekki lífs.

Ásgeir Ásgeirsson: Hv. þm. Ak. (BL) vill hafa einkasölu á tóbaki enn í eitt ár, til þess að landið tapi enn meir á henni en þegar sje orðið. Hann kvað hana vera til ills eins, en vildi þó láta hana standa. Mjer þykir hv. þm. vilja eiga mikið á hættu, og ekki ber honum vel saman við hæstv. fjrh. (JÞ), formann íhaldsflokksins, sem vildi ekki sleppa einkasölunni, af því, að hann taldi ekki annað fært vegna ríkissjóðs. Jeg vil lýsa ánægju minni yfir því, að hæstv. fjrh. hefir lagt sjerstaka áherslu á, að hjer sje aðallega um fjárhagsatriði fyrir ríkissjóðinn að ræða. Jeg lít eins á þetta og hæstv. ráðherra, að hjer sje um að ræða talsverða tekjulind, og á meðan ekki eru færðar neinar sönnur á hitt, að ríkissjóður myndi græða meira á tóbakinu með öðru fyrirkomulagi, þá getur ekki komið til nokkurra mála, að frv. verði samþ.

Mjer er ekki kunnugt, að neitt hafi komið fram þess efnis. Það er þýðingarlaust að vera að blanda frelsi og frjálsri verslun inn í þetta mál, því frelsi kemur þessu máli ekkert við. Í Frakklandi og Sviþjóð er einkasala á tóbaki, og í Þýskalandi á brendum vínum, en þó dettur engum manni annað í hug, en að það sje fríverslun með þessum þjóðum. Jeg hefi dvalið í Svíþjóð, og man jeg ekki til, að nein hreyfing væri á að afnema einkasöluna þar. Þar situr þó íhaldsstjórn við völd, og hún styður að öðru leyti frjálsa verslun. Nei, það er ekki vert að blanda frelsi neitt í þetta mál.

Það eru annars sorglegar fregnir, sem berast nú af ástandinu í Frakklandi. Það er sorglegt að heyra, að Frakkar skuli nú vera búnir að búa við einkasölu á tóbaki í 100 ár, og altaf hafa stórtapað á henni. Það er síst að furða, þótt hv. þm. Ak. vilji láta einkasöluna hjer standa eitt árið enn, ef hann vænti þess að geta öðlast sömu reynsluna og Frakkar! En væri hitt ekki rjettara að senda hjeðan einhverja af þessum

tóbaksseljandi frelsishetjum til Frakklands, til þess að reyna að koma vitinu fyrir frönsku stjórnina. Reyndar eru þessir menn ekki aðeins frelsishetjur. Þeir telja það stórhættulegt að reka tóbaksverslun, en eru þó reiðubúnir til þess að taka þann kross á sínar herðar. Ef þetta er ekki aðdáunarvert, þá veit jeg ekki að greina kosti. Þess eru ekki mörg dæmi, nú á tuttugustu öldinni, að menn sjeu þannig reiðubúnir til að gerast píslarvottar þjóðfjelagsins.

Jeg verð einnig að láta aðdáun mína í ljós fyrir hv. deild, ef hún samþ. þetta frv. Hún hefir nú nýlega samþ. frv. um að flytja dýrtíðaruppbót barnakennara að hálfu yfir á fátæka bæja- og sveitarsjóði, og væri það því viðeigandi endir á hennar dagsverki, ef hún færði þessar tekjur ríkissjóðsins yfir á tóbakskaupmenn landsins. Væri þá skift upp tekjum og gjöldum ríkissjóðs, svo ekki þyrfti framvegis að hafa áhyggjur af öðru en því, að ríkið sæti eftir með skuldirnar.

Flm. (Jakob Möller): Hæstv. atvrh. (MG) virðist lítið skyn bera á það, hvað fríverslun er. Hann heldur það brot á henni að hafa tolla. Svo er ekki. Þá standa allir jafnt að vígi sem áður við að reka verslunina. Eins er um bannaða vöru. Það bann kemur einnig jafnt niður á alla, sem við verslun fást.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) vildi láta einkasöluna bíða, þangað til ástandið hjer væri orðið eins og í Frakklandi. En hann var þá nýbúinn að fordæma hv. þm. Ak. (BL) fyrir þetta sama. Það var leitt, að hv. þm. skyldi gera sig sekan um sömu slysni. Jeg get annars ekkert gert við því, að hv. þm. V.-Ísf. skilur ekki í því, að ástandið á Fakklandi sje ilt. En hitt get jeg vel skilið, að hann hafi ekki mikil skilyrði til að geta dæmt um það.

Það er annars ánægjulegt að sjá það hjer, hvernig íhaldsmenn, Framsóknarmenn og sósialistar fallast í faðma. Þó að þeir smá-rífist út af því, þá er það væntanlega aðeins af því, að þeir eru ekki búnir að átta sig á samvinnufjelagsskap þessum. En misskilningur er það hjá hv. þm. V.-Ísf., að það sjeu íhaldsmenn, sem borið hafa uppi fríverslunina í heiminum. Það hefir frjálslyndi flokkurinn jafnan gert. Hv. þm. kvartaði um það, að verið væri að níðast á bæja- og sveitarsjóðunum. En það er einmitt verið að því með þessari einkasölu, því með henni eru teknir af þessum sjóðum þeir tekjustofnar, sem þeir hafa haft þar áður. Annars er það furðulegt, hvernig þessi hv. þm. talaði um „tap“ á þessum ríkisrekstri. Það er lítill vandi að láta ríkisverslun bera sig, þegar hún getur lagt á eftir vild og er auk þess lausð við alla skatta. En það er fjarri því, að þessar 200 þús. sjeu hreinn gróði, ef rjett er á litið. Mikið af því fje er tekið frá Reykjavík og svo bæja- og sveitarsjóðum út um alt land. Því það er auðsætt, að þeir kaupmenn, sem ella versluðu með þessa vöru, geta ekki, meðan einkasalan stendur, borgað jafnt í þessa sjóði eins og ef þeir hefðu þá verslun með höndum.

Björn Líndal: Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) ljet sem hann hefði ekki skilið orð mín áðan, eða að minsta kosti talaði hann á þá leið. Jeg neita því ekki, að það sje fjárhagslegt tjón að því, að einkasalan á tóbaki haldi áfram eitt ár enn, en hinsvegar tel jeg þessu til kostandi, til þess að menn geti lært af því. Skil jeg ekkert

í því, að hv. þm. V.-Ísf., slíkur frömuður mentamálanna sem hann er — hann, sem vill verja svo miljónum króna skiftir til þess að menta þjóðina — skuli ekki geta fallist á þetta. Jeg býst t. d. við, að hann muni líta svo á, að því fje hafi verið vel varið, sem gerði hann að guðfræðingi, jafnvel þótt lítið af því sje aftur komið í ríkisfjehirsluna. Jeg vil jafnvel halda því fram, að nokkru væri ennþá til kostandi að koma honum á það þroskastig, að hann viti og skilji, að það samir illa guðfræðingi að gera sjer leik að því að snúa út úr orðum manna, því skrifað stendur: Þú skalt færa orð náunga þíns á betra veg.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg lít svo á, að ekki sje neinn skaði skeður, þótt frv. þessu sje vísað til nefndar. Þykir mjer eðlilegast, að fjhn. athugi þetta mál, eins og önnur mál, sem varða svo mjög ríkissjóðinn. Jeg verð annars að líta svo á, að ekki sje rjett að bera saman tóbakseinkasöluna hjer og sumstaðar annarsstaðar. Á Frakklandi er það svo, að ríkiseinkasalan hefir einkaleyfi til að búa til tóbaksvörur, en aðeins hráefnin eru flutt inn. Afstaðan þar er því alt önnur.

Jeg skil annars ekki í því, hve langan tíma það ætlar að taka að afgreiða þetta mál til nefndar. Mjer finst það lítið þýða að ræða það svo mjög á þessu stigi, heldur fremur, þegar það kemur til 2. umr., það er að segja, ef nefndin vill láta það ganga fram nú.

Ásgeir Ásgeirsson: Hv. þm. N.-Ísf. hefir afsakað tóbakseinkasöluna í Frakklandi og Svíþjóð með því, að þar sje tóbakið einnig ræktað og unnið af ríkinu. Er það að vísu vart meira en hálfur sannleikur, en þó satt væri, gerir það sökina aðeins tvöfalda í augum þeirra, sem fjandskapast gegn öllum ríkisrekstri, að ríkið rekur þarna atvinnuveg, sem ella væri í höndum einstaklinganna. Annars skal jeg benda á það, að t. d. með þjóðverjum kaupir ríkiseinkasalan brendu vínin af áfengisverksmiðjum einstakra manna.

Hv. þm. Ak. vildi jeg svara því, að ef það er svo að skilja, að það tap, sem landið hafi af tóbakseinkasölunni, eigi að vera fræðslustyrkur handa hv. þm., þá virðist mjer svo sem sá styrkur hafi til þessa borið heldur lítinn ávöxt. Væri þess því að vænta, að menn færu brátt að gefast upp á slíkri fræðsluaðferð, ef dæma skal eftir öðrum fræðslumálaáhuga hv. deildar. Hitt má vera, að jeg hafi gert hv. þm. rangt til áðan, er jeg svaraði aðeins annari af þessum tveimur andstæðu skoðunum, sem hann hjelt fram í ræðu sinni. En jeg gerði það af góðum hug að sleppa hinni. Sómir það sjer betur af guðfræðingi að færa þannig til betri vegar, en af lögfræðingi að halda fram tveim gagnstæðum skoðunum í fjögra mínútna ræðu. Hefi jeg og gert gott verk á honum, með því að reka út af honum þá skoðunina, sem verri var.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hjelt því fram, að íhaldsflokkarnir fylgdu ekki fríverslun, heldur þeir frjálslyndu. Þetta fer eftir því, hvaða merking er á hverjum stað lögð í það, sem á ensku er nefnt „free trade“. Er það nefnt „free trade“, að hafa verslunina tollfrjálsa, en þar fylgja íhaldsmenn tollastefnu. Er svo og um íhaldsmenn hjer, þó þeir vilji sem ákafast kenna sig við frjálsa verslun. Einkasala á nokkrum vörutegundum kemur ekki baráttunni um „free trade“ við, þó reynt sje hjer að hylja hagsmuni

tóbakskaupmanna undir huliðshjálmi frelsishugsjónarinnar. Hjer er ekki um frelsi að ræða, sem þjóðin heimti sjer til handa, heldur um kröfur þeirra sjálfra til ágóðans af tóbakssölu, sem þykjast hafa einokun á allri verslun landsmanna. „Frelsi“ er of göfugt orð til að vera lagt við þann hjegóma.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg get ekki setið á mjer lengur með að gera nokkrar aths. við ýmislegt af því, sem sagt hefir verið, því mjer virðast þessar umr. undarlegar orðnar.

Fyrir hálfu ári síðan vorum við allir í baráttunni út um alt land, og börðumst af alefli um þingsætin. Í baráttunni milli tveggja höfuðflokka þingsins var aðallega rætt um frjálsa verslun. Var þá óspart kastað framan í Framsóknarmennina, að þeir vildu einkasölu á öllu og þar á meðal tóbaki. Hinir hrópuðu hátt, og sögðust vilja vera frjálsir menn í frjálsu landi og losa þjóðina undan öllu einokunarhelsi. Þegar svo komið er inn í þessa hv. deild, þá ber einn af forvígismönnum þessarar stefnu fram þetta frv. um að afnema einkasöluna á tóbaki, enda kom það engum á óvart. En viti menn! Rís ekki hæstv. fjrh. (JÞ), formaður Íhaldsflokksins, upp gegn frv., maðurinn, sem hefir látið blað flokksins básúna þessa stefnu. Og því næst rís upp hv. þm. Ak. (BL) og afneitar einnig tvisvar, áður en hv. flm. talar þrisvar, einmitt sá maðurinn, sem barðist harðlegast gegn forstjóra þeirrar stofnunar, sem hjer er um að ræða. Nú vill hvorugur þessara manna afnema tóbakseinkasöluna.

Þegar jeg minnist kosningahríðarinnar, þá man jeg ekki eftir, að meira moldviðri hafi verið þyrlað upp en gert var í þessu máli, af þessum hv. þm. Væri ekkert um það að segja, ef þeir hefðu ætlað sjer að standa við það. En svo er ekki, og er þetta því eitthvert stærsta „blöff“, sem á Íslandi hefir verið framið. Það er ekki svo að skilja, að jeg sje að kvarta undan þessu; jeg vildi bara láta það sjást svart á hvítu.

Að lokum vil jeg svo benda á eitt atriði í ræðu háttv. þm. Ak. Hann sagði sem svo: — Jeg er sannfærður um það, að einkasalan er til bölvunar fyrir þjóðina, en jeg vil nú samt að hún fái að kenna á henni, a. m. k. eitt árið enn, svo hún geti gengið vel úr skuga í þessu efni. Þetta er sama aðferðin og notuð var í Spörtu forðum til þess að fæla unglinga frá ofdrykkju, er þrælarnir voru fyltir og piltarnir látnir horfa á aðfarir þeirra.

Hv. þm. Ak. sagði um hv. þm. V.-Ísf., að hann væri mikill skólamaður. Jeg held, að það verði ekki sagt um hv. þm. Ak., að hann sje mikill uppeldisfræðingur.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer þótti leiðinlegt að heyra það í fyrstu ræðu hv. þm. Str., er hann sagði, að jeg mundi standa nærri sjer í þessu máli, og líklega fleirum. Því er nú svo varið um þennan háttv. þm., að hann hefir verið blaðstjóri lengur en þingmaður, og ekki laust við, að það finnist á í ræðum hans hjer. Hann leggur það í vana sinn að meiða menn, suma með oflasti, suma aftur með oflofi. En það er verra. Mjer þykir ilt, ef þessi hv. þm. fer að skipa mjer í þann hóp, sem hann beinir blíðleika sínum að. Annars held jeg, að þessi ummæli hans um það, að jeg hafi lýst mig fylgjandi tóbakseinkasölunni, verði að heimfærast til hins fornkveðna:

Svo mæla börn sem vilja. Þetta er misskilningur hjá hv. þm Str. Skoðun mín í þesu máli hefir í engu breyst. Hitt er annað mál, að þegar illa stendur á fyrir ríkissjóði, þá get jeg ekki gengið inn á það, að hann sje sviftur tekjum, enda þótt þær hafi reynst minni heldur en menn höfðu gert sjer vonir um. Jeg sagði um þetta frv., að til þess að jeg gæti fylgt því, þá þyrfti það að innihalda ákvæði um hækkun á tóbakstolli, sem komið gæti í stað þess tekjumissis, sem það hinsvegar hefir í för með sjer.

Jeg skal nú segja háttv. flm., hvernig mjer hefði þótt viðkunnanlegast að bera þetta mál fram. Það hefði átt að koma fram sem breyting á tollögunum, um hækkun á tóbakstolli, og í lok þess frv. gæti svo staðið, að hjer með væru lögin um einkasölu á tóbaki úr gildi numin. Þá væri alt komið í eitt frv., sem með þarf.

Jeg finn ekki, að hv. flm. eða aðrir geti legið mjer, sem fjrh., á hálsi, þó að jeg geti ekki fylgt þessu frv., sem hjer liggur fyrir, fyr en það er sjeð, hvað komi í staðinn. Jeg vil mæla með því, að frv. verði sett í nefnd. Það er full ástæða til þess, að málið verði rannsakað, hvort sem tími vinst til að ganga frá því á þessu þingi eða ekki. Það, sem einkum þarf að athuga, er þetta, hvers vegna tolltekjur ríkissjóðs af tóbaki hafa lækkað svo gífurlega sem raun er á orðin, síðan einkasalan hófst, og reyna að finna, hvort einhverjar orsakir liggi hjer fyrir aðrar en smyglun. T. d. má athuga, hvort tóbaks- og kaffi-neysla hafa áður fylgst að; og hafi svo brugðið frá því þessi síðustu ár, þá er það vissulega grunsamlegt.

Flm. (Jakob Möller): Jeg vil minna hæstv. fjrh. (JÞ) á það, að þegar kosningabaráttan stóð hjer í haust, þá taldi hann jafnan á kjósendafundunum, að það væri fyrsta og fremsta fjárhagsbjargráðið, að „realisera“ verslunarfyrirtæki ríkisins, og nota það fje, sem þannig losnaði, til þess að greiða af skuldum landsins. Nú hefir hann hvarflað frá þessu. Hann hefir ef til vill ekki fundið svo mikið til þess að „realisera“. En þá hefir hann líka sagt á kjósendafundunum eitthvað annað en hann vissi, því þá taldi hann, að þetta mundi nema ca. 3 miljónum. En þó hítin sje stór og mikið þurfi til þess að fylla hana, þá eru þrjár miljónir samt góður biti í svanginn.

Viðvíkjandi þeim orðum hæstv. fjrh. (JÞ), að láta tollhækkun á tóbaki fylgja frv. þessu, þá hefi jeg áður mint hann á, að þegar er búið að hækka þann toll um ¼. Og þar sem jeg býst við því, að tóbaksverslunin muni vaxa við það að vera gefin frjáls, þá mun hún gefa ríkissjóði líkar tekjur og ráð er gert fyrir með núverandi fyrirkomulagi, þó þetta frv. verði samþ. án frekari tollhækkunar. Þetta er því tómt „blöff“ hjá hæstv. fjrh. Aðeins hjegóma-viðbára. En aðstaða fjármálaráðherra er vitanlega góð, ef hann þarf að hafa skoðanaskifti, að bera því við, að því miður verði hann nú að hverfa frá stefnu sinni af því að ríkissjóður megi ekki missa tekjur. En þær tekjur, sem hjer um ræðir, eru hvorki meiri nje minni nú en á kosningafundum í haust, og þá þótti hæstv. fjrh. ekki mikið í þær varið.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er rjett, sem samþm. minn (JakM) sagði, að jeg hefi haldið því fram, að eitt hið fyrsta, sem gera þyrfti til þess að kom-

ast úr kreppunni, væri það, að „realisera“ verslunarfyrirtæki ríkissjóðs og nota fjeð, sem þannig er bundið, til þess að greiða skuldir landsins. Jeg taldi, að þetta fje mundi nema um 3 miljónum kr. En jeg veit ekki, hvort hv. þm. (JakM) hefir gleymt því, að jeg tók það altaf skýrt fram, að að því leyti sem ríkissjóður hefði tekjur af einkasölu á tóbaki, þá yrði að athuga það sjerstaklega, hvort ríkisjóður mætti við því að missa þann spón strax úr aski sínum.

Mín afstaða til þessa máls er hin sama nú og þá. Ef háttv. samþm. mínum (JakM) finst þetta hjegóma-ástæða, þá hefði hann átt að segja það strax á kjósendafundunum. Hann veit annars fullvel, að jeg segi altaf það sama hjer í þingsalnum og frammi fyrir kjósendum.

Raunar hygg jeg, að lítið af þessu umrædda fje liggi í tóbaksversluninni.

ATKVGR.

Frv. **felt** frá 2. umr. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÞ, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JakM, JAJ, JK, BSv.

nei: JörB, KlJ, MG, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JBald.

Þrír þm. (ÁF, BJ, JS) fjarstaddir.

---

13. Skipun barnakennara og laun.

Á 24. fundi í Nd., laugardaginn 15. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra (þmfrv., A. 132).

Á 27. fundi í Nd., miðvikudaginn 19. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., föstudaginn 21. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þegar fjvn. var með frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1925, vildi hún skera af útgjaldaliðunum eins og framast væri unt, en hún rak sig brátt á það, að það voru ekki margir liðir, sem hægt var að sneiða af svo nokkru munaði, sökum þess, að þar var um því nær eintóm lögskipuð gjöld að ræða. Einn af þeim liðum, sem nefndinni þótti of háir, var laun barnakennara. En hún sá sjer ekki fært að koma fram sparnaði á þeim lið með öðru móti en því að breyta lögunum um skipun barnakennara og laun þeirra. Sumir í nefndinni vildu gera þetta á þann hátt að vekja upp frv. frá 1922 um frestun á framkvæmd þessara laga, en á það gat meirihluti nefndarinnar ekki fallist. Ofan á varð svo í nefndinni að bera fram þetta frv., sem gengur út á það að koma nokkru af þessum gjöldum á bæjar- og sveitarsjóðina, á þann hátt, að dýrtíðaruppbótin greiðist af sömu aðiljum og í sama hlutfalli og launin sjálf. Það kom fram till. þess efnis á þinginu 1922, en náði þá ekki fram að ganga. Þetta er í rauninni alls ekkert ósanngjarnt, því varla er hægt að finna neina skynsamlega ástæðu fyrir því, að dýrtíðaruppbótin skuli greidd af öðrum en grundvallarlaunin. Nefndinni þótti það rjett, að um leið og bæjar- og sveitarsjóðum væru lagðar þessar kvaðir á herðar, þá fengju þeir um leið meira íhlutunarvald um það, hve margir kennarar skyldu hafðir, þó auðvitað innan þeirra vjebanda, að

fræðslunni verði þó haldið uppi á viðunandi hátt. Kveður 3. gr. frv. á um þetta. — Jeg er þó þeirrar skoðunar, að það sje rjettast að breyta þessari grein þannig, að það verði ríkisstjórnin en ekki bæja- og sveitarstjórnirnar, sem segi upp þeim kennurum, sem óþarfir eru, og með 4 mánaða fyrirvara í stað 6. En auðvitað ætti stjórnin að gera þetta eftir till. fræðslu- og skólanefnda. Jeg er að vísu ekkert á móti því, að tillit verði tekið til ráðlegginga fræðslumálastjóra í þessum efnum, en tel þó rjettast, að aðallega verði þar farið eftir tillögum fræðslu- og skólanefnda.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara lengra út í málið, á meðan ekki koma fram neinar raddir til andmæla.

Forsætisráðherra (SE): Þetta frumvarp er þung árás á alþýðumentunina í landinu. Hinar nýju, þungu kvaðir, sem með því eru lagðar á bæja- og sveitarfjelögin, vekja ákveðna andúð á móti alþýðumentuninni. Verður þess yfirleitt ekki dulist, að í þessu frv. felst mikil árás á kennarastjett landsins. Það er enda gert hreint kapphlaup að því að segja kennurunum upp stöðum þeirra og losna við þá.

Á því leikur enginn vafi, að harla óeðlilegt væri, að skólanefndirnar segðu kennurunum upp. Sama valdið, sem skipar menn í stöðuna, á auðvitað að leysa menn frá þeim; þetta tók líka hv. frsm. (MG) fram.

Það var aðeins þessi stutta aths., sem jeg vildi gera, og þar sem jeg er nú að yfirgefa stjórnarsessinn, tel jeg þetta nægja. Enda mun hin nýja stjórn sjálfsagt fá tækifæri til að taka afstöðu til þessa máls.

Pjetur Ottesen: Svo sem sagt er frá í greinargerðinni, er fylgir þessu frv., þá skoraðist jeg undan því að gerast meðflutningsmaður þessa frv. Jeg vildi sem sje ganga lengra og koma fram með frv. frá 1922, um að fresta algerlega framkvæmd fræðslulaganna nú um sinn. Það var fjvn., sem kom þá fram með það frv., og stóð hún óskift með því. Vakti þá fyrir nefndinni meðal annars, að mikið fje mætti spara með þessu móti, en þá voru fjárhagserfiðleikarnir áhyggjuefni, þó eigi væri fjárhagur ríkissjóðs komin í jafn óvænt efni sem nú er að verða raunin á að sje. Var svo áætlað, að með þessu yrði sparað um 350 þús. krónur fyrir ríkissjóðinn, á fjárlögunum 1923. Nefndin leit líka svo á, að þetta fyrirkomulag, sem nú ríkir, væri alls ekki heppilegt, enda er síður en að svo sje. Fræðslulög okkar eru, eins og menn vita, sniðin eftir erlendum fyrirmyndum og staðháttum, sem ekki líkjast okkar. Það hefir líka sýnt sig í framkvæmd þeirra, að þau hafa dregið drjúgum úr heimilisfræðslunni, sem er undirstaða og lífæð allrar sannrar mentunar í landinu. Einnig hefir það sýnt sig, að þessar löngu skólasetur hafa veiklandi áhrif á andlegt og líkamlegt atgervi unglinganna. Hafa ýmsir merkir læknar einmitt vakið athygli á þessu, og telja það eitt af áhyggjuefnum síðustu tíma. Yfirleitt hefir reynslan sýnt það, á þessum tíma, sem liðinn er síðan farið var að framkvæma fræðslulögin, að þetta fyrirkomulag er ekki heppilegt. Er því um tvennskonar nauðsyn að ræða hjer, að spara mikið fje, og svo að reisa fræðslufyrirkomulagið á heppilegri og þjóðlegri grundvelli. Meining fjvn. á þinginu 1922 var að veita ríflegan styrk til þessara mála, án þess að binda sig

við neitt sjerstakt form. Vildi hún þá jafnframt hækka styrkinn til unglingafræðslunar, því að þegar unglingurinn hefir náð betri þroska, kemur kenslan að meira haldi. En þetta var ekki hægt, á meðan svo miklu fje var varið til barnafræðslunnar.

Það er það sama, sem hefir vakað fyrir mjer nú. Ef jeg hefði sjeð mjer fært að koma fram slíkri breytingu, þá myndi jeg nú þegar koma fram með frv. þess efnis.

Jeg þykist þess fullviss, að flestir hv. þm. sjeu mjer sammála í því, að ekki sje síður ástæða til þess nú að draga úr útgjöldum ríkisins en var 1922. Sú ástæða hefir undanfarin ár verið ærið brýn, en aldrei þó sem nú, eftir því, sem komið er á daginn með fjárhaginn. Og það er ekki hjer um neina smáræðis upphæð að ræða. Eftir því, sem mjer telst til eftir landsreikningunum 1922, þá hefir verið varið til alls skólahaldsins í landinu kr. 1.174.191. Af þessu hafa verið lögbundar kr. 826.257. Af þessari lögbundnu upphæð hafa farið til barnafræðslunar einnar kr. 407.857, — en annar kostnaður við skólana, þar í taldir styrkir o. fl., nam kr. 383.934.

Eins og menn vita, hefir nú verið gripið til þess ráðs að strika út af fjárlögunum meginið af því, sem ekki hefir verið lögbundið, þar á meðal nálega allar upphæðir til verklegra framkvæmda. Er ekkert við því að segja, úr því að nauðsynin knýr. En mjer virðist það tæplega vera samrýmanlegt þessari stefnu, að ekkert sje átt við þennan útgjaldapóst, og að gengið sje framhjá svo stórri upphæð. Lít jeg svo á, að ekki verði komið á sæmilegri rjettingu í fjárlögin, nema gripið sje til þess ráðs að draga eitthvað, og það verulega, úr þessum gífurlega skólakostnaði.

Eins og hv. frsm. (MG) gat um, hefir það nú orðið að samkomulagi hjá meirihluta nefndarinnar að fara þá leið, sem frv. þetta ber með sjer. Hefir hún gripið til þessa ráðs í því skyni að færa nokkuð af kostnaðinum við barnafræðsluna yfir á bæjar- og sveitarfjelögin. Er líklegt, að það dragi til einhvers sparnaðar á kennarahaldinu. Þótt jeg sje því ekki samþykkur að fara þessa leið, sem ekki nær sparnaðartilganginum nema að litlu leyti, þá mun jeg samt, ef annars betra er ekki kostur, greiða frv. atkv. mitt.

Árni Jónsson: Jeg tel hv. meirihl. fjvn. hafa verið fremur óhygginn í valinu, er hann hallaðist að þessari leið til sparnaðar. Aðalefni þessa frv. er það, að koma kvöð, sem hvílt hefir hjer á ríkissjóði, yfir á bæjar- og sveitarsjóði landsins. Eftir gildandi lögum fá kennarar í sveitum helming launa sinna greiddan af viðkomandi hreppi, en kennara í kaupstöðum fá ⅔ launanna greiddan úr bæjarsjóði. Það er því auðsýnilegt, að miklu munar fyrir bæjar- og sveitarfjelögin, ef þau verða nú einnig að borga dýrtíðaruppbót að sínum hluta.

Það er auðvitað gott og blessað, að hv. fjvn. hafi hag ríkissjóðsins fyrir augum, — og það væri gott, ef bæjar- og sveitarfjelögin gætu valdið þessari byrði, en því er nú ver, að það er víðar pottur brotinn en pottur ríkissjóðsins. Jeg er viss um það, að ef þetta frv. næði fram að ganga, þá myndi það hafa þau áhrif, að bæjar- og sveitarfjelögin myndu segja kennurunum upp unnvörpum, sökum þess, að þau sæju sjer ekki fært að rísa undir þeirri byrði.

Myndi það geta haft mikinn hnekki í för með sjer fyrir alþýðumentun þessa lands, og tel jeg varhugavert að hrapa svo að því að stofna til slíks.

Jeg verð þó að telja það til bóta, að segja megi upp kennurunum með 3 mánaða fyrirvara. Það hefir verið svo til þessa, að sveitarfjelögin hafa ekki getað fækkað kennurunum, þótt þau væru alveg á heljarþröminni. Þekki jeg dæmi til þess, að sveitarfjelag vildi hætta að standa í þeim kostnaði, en varð að sitja með kennarann, og endaði það svo, að það varð að biðja Alþingi að hlaupa undir bagga. Verð jeg undir öllum kringumstæðum að líta svo á, að úr því að bæjar- og sveitarsjóðir verða að borga svo mikið af rekstrarkostnaði skólanna, þá beri þeim einnig að hafa meiri íhlutunarrjett um það alt en þeir hafa haft til þessa. Er í rauninni mjög ósanngjarnt, að ríkið ákveði einsamalt tölu kennaranna og laun þeirra, og segi svo bæjar- og sveitarfjelögunum að borga brúsann.

Úr því jeg stóð nú upp, skal jeg svo gera nokkra frekari grein fyrir skoðun minni yfirleitt í þessu máli.

Barnakennarar eru eflaust albest launaða starfsmannastjettin á þessu landi. Þegar litið er á undirbúning þeirra og starfstíma, þá mun óhætt að fullyrða, að engir menn sjeu hjer betur launaðir. Flestir ganga þeir aðeins í gegnum fermingarundirbúninginn og svo 2 ára nám á kennaraskólanum. Stöðu þeirra er þannig háttað, að þeir geta unnið fyrir tvennum árslaunum. Fyrst geta þeir unnið fyrir fullu sumarkaupi og hafa svo sín föstu kennaralaun að vetrinum. Yrðu þeir annars að vinna fyrir mjög lítið kaup að vetrinum, ef ekki væri hlaðið svo undir þá með þessum lögum. Jeg er auðvitað ekki að lá þeim, þótt þeir taki við því sem að þeim er rjett; það myndi sjerhver gera í þeirra sporum. En hitt er nokkuð efamál, hvort börnin græða alt af að sama skapi sem launin eru hækkuð við kennarana. Þótt kennarar fullnægi ef til vill ýmsum skilyrðum til kenslu betur nú en áður, þá verð jeg að efast um hitt, að driffjöður þeirra til starfsins sje ávalt betri, en það atriði er, eins og menn vita, mjög mikilsvert. Jeg álít fyllilega, að barninu sje betur borgið hjá þeim kennara, sem ekki hefir sóst eftir stöðunni launanna vegna, heldur af áhuga fyrir málinu og af því, að hann vildi fórna sjer fyrir það. Hjá slíkum manni tel jeg barnið betur komið en hjá hinum, sem lærðari er, en aðeins hugsar um launin. Og þótt mikil þekking sje nauðsynleg þeim mönnum, sem fræðslustarfi gegna, þá er hitt þó meira vert, að þeir menn, sem til þess veljast, sjeu andlega heilbrigðir og góðir menn. Efast jeg um, að með hinu nýja fræðslufyrirkomulagi hafi náðst eins mikið í þessa átt og af er látið. Eru unglingarnir, sem nú koma úr barnaskólunum, betri, hæfari og heilbrigðari en hinir, sem komu frá heimilunum áður? Eða eru unglingarnir nú á dögum fróðleiksfúsari eða vita þeir meira en unglingarnir í gamla daga? Jeg held ekki. Jeg held, að nú sjeu unglingarnir ófróðari og hafi enga löngun til þess að mentast meira. Skoðanir manna í þessum efnum hafa breyst mikið síðustu árin, síðan þetta fræðslufyrirkomulag, sem nú er, fór að sýna sig í reynslunni. Þegar það komst á, gerðu gömlu mennirnir sjer von um, að nú myndi engin fáfræði framar hamla framgjörnum unglingum þessa lands, og þeir öfunduðu æskulýðinn,

sem nú væri að alast upp og gæfist kostur á að öðlast þá mentun, sem þeim var varnað sakir örðugs fjárhags, eða þá að þeir urðu að verja hverri fristund sinni til að ná í. Þeir skildu því ekkert í því eftir á, þegar þeir hittu fyrir sjer æskulýð, sem var miklu fáfróðari en áður gerðist, þegar þetta fræðslufyrirkomulag var ókomið. Jeg veit ekki, hvort þetta frv. má kallast spor í þá átt að leggja niður núverandi fræðslufyrirkomulag, en eins og það er, get jeg ekki greitt því atkvæði mitt. En hefði komið fram frv. þess efnis, að fresta framkvæmd fræðslulaganna um nokkurn tíma, þá hefði jeg hiklaust greitt því atkvæði mitt.

Ásgeir Ásgeirsson: Það heyrist oft nefnt nú í seinni tíð, að barnakennararnir sjeu best launaðir allra manna, og er launum þeirra oft lýst á þann hátt, að ætla mætti, að þeir gengju allra manna best til fara, byggju í höllum og lifðu í vellystingum dag hvern. Það þekki jeg nú ekki. En hitt þekki jeg, að einhleypingar í þeirri stjett, eins og í öllum öðrum stjettum, komast sæmilega af, en hinir, sem eiga fyrir fjölskyldu að sjá, eiga við mjög þröngan kost að búa. Svo þröngan kost eiga þeir við að búa, að maður hlýtur að finna til vorkunnsemi við að hugsa um það, að þessir menn, sem verja æfi sinni í þjónustu eins merks máls og uppfræðslan er, skuli ekki njóta betri kjara. Þurfa menn ekki annað en líta á það, hvernig barnakennarar yfirleitt lifa og hversu glæsilegt líf þeirra er hið ytra, til þess að sannfærast um, að þetta skraf, um að laun þeirra sjeu of há, er bábylja ein. Hitt er sönnu nær, að þeir sjeu verst launaðir, og ætti í sparnaðarskyni að skafa launin af embættismönnum þjóðarinnar, þá ætti seinast að koma að barnakennurunum. Það er fjarri því, að svo sje komið, að menn sækist eftir þessum stöðum vegna launanna einna, enda sjest það glögt á því, að ekki hefir kennaraskólinn dregið neina menn frá mentaskólanum, verslunarskólanum eða öðrum slíkum stofnunum. Hitt er aftur á móti rjett, að launin munu nú fæla færri menn frá að halda inn á þessa braut heldur en áður. Launin fæla nú ekki lengur þá menn, sem starfið lokkar og hafa sterka löngun til þess að gegna andlegum störfum, án þess að líta á launin.

Hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) lagði mikla áherslu á það, að mentuninni hefði farið hnignandi í landinu síðan hún komst í hendur kennarastjettarinnar. Jeg held að þetta sje þveröfugt. Áður fyrri var það ekkert einsdæmi, að barn fengi ekki að læra hið allra nauðsynlegasta. En með núverandi fræðslufyrirkomulagi hefir þjóðfjelagið trygt það, að hver unglingur fái þá uppfræðslu, sem nauðsynleg er hverjum manni, sem lifir í siðuðu þjóðfjelagi. Var þetta fyrir stríðið komið í sæmilegt horf, en á síðustu árum hafa margir falsspámenn komið fram og viljað klípa af og kippa öllu í gamla farið, þegar þeir einir fengu að læra eitthvað, sem höfðu ómótstæðilega löngun til þess og vildu leggja mjög hart að sjer í þá átt. Jeg skal játa, að með því móti fengu þeir staðgóða mentun, en jeg vil líka leggja áherslu á það, að ef nú á að fara að byggja á því einu, sem heimilin geta veitt, þá fer helmingur barnanna á mis við það, sem enginn má fara á mis við. Og nóg er nú misrjettið í þjóðfjelaginu, þó ekki sjeu börnin látin gjalda þess, að þau sjeu

fædd í fátækt og strjálbýli. Misrjetti kemur nógu snemma inn í líf mannanna, þó reynt sje að draga úr því meðal barnanna. Þetta kemur að vísu ekki við frv. því, sem hjer liggur fyrir, en hv. þm. Borgf. (PG) og hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) gáfu tilefni til þess, að rætt yrði um fræðslulögin almennt. Skal jeg svo ekki fara langt út í þá sálma, því væntanlega gefst tækifæri til þess síðar.

Jeg vil leiðrjetta það, sem háttv. þm. Borgf. sagði, er hann kvað núgildandi fræðslukerfi vort tekið frá alóskildum þjóðum. Líkt fræðslukerfi á sjer stað meðal flestra menningarþjóða, og þar á meðal sumra, sem eiga við mjög lík kjör að búa og við Íslendingar. Nægir að nefna Norður-Noreg og Norður-Svíþjóð. Hefi jeg ekki heyrt, að þar ríki óánægja með fyrirkomulagið, nje að þess væri óskað, að því yrði breytt.

Hvað viðvíkur hinni dæmafáu umhyggju hv. þm. (PO) fyrir börnum, sem sitja verða 8—12 vikur á ári á skólabekkjum í 4 ár og áhyggjur hans af heilsufari þeirra, þá er því til að svara, að hv. þm. ætti heldur að gerast spámaður með öðrum þjóðum, ef hann ber það svo mjög fyrir brjósti. Hann ætti að gerast spámaður hjá stórþjóðunum, þar sem börnin verða að sitja á skólabekkjunum 6 tíma á dag í 10 mánuði um 7 ára skeið. Hjá þeim þjóðum ætti háttv. þm. að halda fyrirlestra fyrir kennurum og prófessorum, til að vekja þá til umhugsunar um það, hve hættulegt þetta sje fyrir börnin. (PO: Þeir eru farnir að opna augun fyrir því).

Ennfremur má geta þess, að vilji menn efla unglingafræðsluna, þá er fyrsta sporið til þess, að vel sje annast um barnafræðsluna, en ekki að henni sje kipt í burtu, eins og hv. þm. Borgf. vill. Það er ekki fyrsta sporið að rífa kjallarann, þegar byggja á húsið ofan á hann, heldur hitt, að treysta hann sem best.

Undarlegt var það, hvernig hv. þm. Borgf. endaði ræðu sína. Hann kvaðst hugsa sjer að greiða frv. þessu atkv. sitt, enda þótt hann sýndi með ræðu sinni, að hann væri á móti frv., þó það væri af alt öðrum ástæðum en þeim, sem jeg hefi gegn því.

Ástæða hv. þm. Borgf. fyrir því að greiða atkv. með frv. hygg jeg að fáa tæli eða hæni; hún er sú, að honum finst sem í 1. gr. frv. sje opnaður möguleiki fyrir sveitar- og hreppstjórnir til þess að losna við alla kennarana. Þessi ástæða hygg jeg að lokki ekki fleiri, því eins og hæstv. forsrh. (SE) hefir upplýst, er nógu opinn vegur til þess að losna við óþarfa kennara. Þarf ekki annað en sannfæra veitingarvaldið um, að kennararnir sjeu óþarfir, og fellur þá embættið niður. Sá vegur er nógu breiður og þarf ekki að gerast breiðari.

Jeg tel frv. þetta mjög óheppilegt og fæ ekki skýrt það fyrir mjer, hvernig á því stendur, að það er fram komið. Sparnaðarfrv. er það ekki, nema ætlast sje til að fræðsla sje látin niður falla, en því hafa hv. nefndarmenn veigrað sjer við að halda fram, því það fer ekki fram á annað en að fje, sem greiða þarf hvort sem er, sje greitt úr öðrum sjóðum en ríkissjóði. Finst mjer það sjerstök og helsti mikil eigingirni fyrir hönd ríkissjóðs. Gjaldendum má á sama standa, hvort þeir greiða fje sitt í sveitar- eða ríkissjóð. En ríkissjóður hefir betra færi til að innheimta þessar tekjur en aðrir sjóðir, þar sem hann hefir um marga skattstofna að velja. Einnig hefir ríkissjóður lagt á mikil útgjöld í

máli þessu, þar sem dýrtíðaruppbótin er, og virðist ekki sanngjarnt að hann, eftir að hafa ákveðið að hún standi í vissan tíma, velti henni yfir á sveitarsjóðina, heldur gegni skyldu sinni til að greiða hana meðan hún er.

Jeg veit, að það er mikið rjett í þeim skilningi hv. þm. Borgf., að ef Alþingi samþykkir frv. þetta, þá myndi kensla víða verða lögð niður í afskektum og fátækum hjeruðum, þó nauðsyn beri til að halda henni uppi. En nú eru fræðslulögin einmitt bygð á því, að þeir, sem betur eru efnum búnir, hjálpi hinum, sem ver eru staddir og geta ekki af eigin dáð mentað börn sín. Einmitt til þessa eru lögin sett, og jeg skal meira segja játa það, að væru þau úr gildi numin, þá gæti það orðið börnum á efnuðum heimilum til góðs, því þau kynnu að fá betri fræðslu með því að njóta eins manns fá í hóp. En fræðslulögin hafa verið sett til þess að vernda þá, sem þjóðfjelaginu er skylt að vernda, til þess að hjálpa þeim, sem illa eru settir.

Jeg minnist þess ávalt, þegar jeg í fyrsta sinn heyrði fræðslulaganna getið. Það var áður en jeg fór að hugsa um þau mál eða þingmensku. Óðalsbóndi nokkur ræddi um þau við ungling einn. Síðasta röksemd bóndans var sú, að hann segir við unglinginn: „Hvernig heldur þú að hún mamma þín hefði farið að því, með alla ykkur krakkana, að standast þau útgjöld, sem þarf til þess að annast þessa skyldu?“ Jeg hefi aldrei heyrt betur setta fram ástæðuna fyrir því, að fræðslulögin voru sett. Fræðslulögin voru sett í þeim tilgangi, að þeir, sem betur eru efnum búnir, hjálpi þeim, sem verri ástæður hafa. Og þjóðfjelagið hefir þessa skyldu gagnvart börnum sínum. Það hefir fleiri skyldur gagnvart þegnunum en þær að útvega þeim, sem sjúkir eru, læknishjálp og setja þá í tugthúsið, sem brotið hafa lögin. Og alveg á sama hátt og einstaklingarnir hjálpa hver öðrum, eins er það rjettmætt, að sveitar- og bæjarfjelögin styðji hvert annað á þann hátt, að þau sjái ekki fyrir fræðslukostnaðinum hvert út af fyrir sig, heldur sje hann greiddur úr einum sjóði.

Munurinn er sá, að ef frv. nær samþykki háttv. Alþingis, þá líkist gjaldið meira nefskatti, í stað þess sem nú er, að það má kallast greitt eftir efnum og ástæðum, og er það miklu rjettlátara.

Jeg gæti hugsað, að sá misskilningur stæði að sumu leyti á bak við frv. þetta, að meira af dýrtíðaruppbótinni rennur til kaupstaðanna heldur en til sveitanna. Er von, að mönnum sárni það, hve oft sveitunum blæðir fyrir kauptúnin. En til að bæta úr ólaginu í þessu efni hefði frv. heldur átt að ganga í þá átt að bæta kjörin til sveita heldur en taka alt af bæði kaupstöðum og sveitahjeruðum.

Bernharð Stefánsson: Jeg kvaddi mjer hljóðs til þess að leiðrjetta misskilning, sem kom fram hjá háttv. 2. þm. N.-M. Hefði það ekki sakað, þó hann kæmi fram hjá einum, en þar sem hann virðist töluvert almennur, þá sýnist mjer rjett að leiðrjetta hann.

Háttv. þm. sagði, að ríkið gildi helming kennaralaunanna til sveita, en ⅓ af þeim í kaupstöðunum. En þess þarf að gæta, að sveitirnar sjá kennurum, auk ½ kaups, fyrir öllum þörfum, fæði, húsnæði, ljósi og hita. Verður því hlutfallið alveg öfugt, þannig, að jeg hygg, að ríkissjóður greiði kennurum til sveita aðeins ¼ af launum þeirra, og kostar þá

því miklu minna en kennarana í kaupstöðunum.

Annars hefi jeg það um þetta frv. að segja, að mjer finst það hafa mistekist sem sparnaðarfrv. Mjer finst nefndinni, með því að bera það fram, ekki hafa farið ósvipað karlinum, sem sagði: „Hesturinn ber ekki það, sem jeg ber," og ljet mjölpokann á bakið á sjer áður en hann stje á bak. Því ef kenslan á að verða jafnmikil og áður, þá er sparnaðurinn enginn fyrir gjaldendur, heldur gjöldin aðeins færð til, úr einum sjóði í annan. En þrátt fyrir það, að mjer þykir ekki mikið í frv. varið sem sparnaðarráðstöfun fyrir þjóðarheildina, mun jeg greiða því atkvæði mitt, að minsta kosti til 2. umr. Bæði er það, að eins og hv. fjvn. hefir sýnt ljóslega fram á, þá þarf eitthvað að gera fyrir ríkissjóð, og eins hitt, að hvað sem sparnaðinum líður, þá virðist mjer þó liggja töluvert rjett hugsun að baki frv., sú, að dýrtíðaruppbót launanna sje greidd af sömu aðiljum og í sama hlutfalli og frumlaunin sjálf, enda má ekki gleyma því, að sveitirnar bera nú þegar töluverðan hluta dýrtíðaruppbótarinnar, að því leyti sem fæði og þesshættar, sem sveitirnar leggja kennurum til, er nú dýrara en á eðlilegum tímum. Aftur eru kaupstaðirnir lausir við alla dýrtíðaruppbótina, og er það ekki rjett, samanborið við sveitirnar.

Hjer hefir töluvert verið rætt um gagn barnafræðslunnar yfirleitt, og mest sagt hið sama og áður, þegar frv. um kennaraskólann var til umræðu. Jeg mun einhverntíma, áður en þingi slítur, fara um það nokkrum orðum, enda vonast jeg eftir, að frv. um barnafræðsluna sjálfa komi bráðlega fram, og tel jeg þá eiga betur við að koma með slíkar hugleiðingar.

En úr því að þessu máli var hreyft, verð jeg að minnast lítið eitt á skoðanir minar um það. Haldið var því fram af hv. 2. þm. N.-M., að núverandi fræðslumálaskipulag væri síst betra en þegar heimilin önnuðust algerlega um það að fræða börnin. En þó að gamla skipulagið hefði marga góða kosti, þá hygg jeg, að hv. þm. (ÁJ) geri fullmikið úr þeim, en helsti lítið úr kostum nýja fyrirkomulagsins. Hv. þm. hjelt því fram, að þeir unglingar, sem nú kæmu úr barnaskólunum, væru ver að sjer en unglingar þeir, sem áður komu frá heimilunum. Það kann að vera, að þeir sjeu ver að sjer en þeir, sem komu frá bestu heimilunum, en jeg held, að það leiki enginn vafi á því, að alment sjeu þeir miklu betur að sjer. En hvað sem gömlu heimilisfræðslunni líður og kostum hennar, þá er hjer aðalspurningin sú, hvort heimilin gætu nú tekið aftur að sjer sitt gamla verkefni, ef allir skólar væru lagðir niður. Jeg held, að þau gætu það ekki. Jeg held, að eina afleiðingin yrði sú, að börnin fengju flest enga fræðslu, því fólk er nú búið að venja sig við að láta skólana sjá fyrir þeim. Á sveitaheimilum er nú orðið svo fátt fólk, að allir eru önnum kafnir, og efast jeg því um, að heimilin geti kent. En hvað sem því líður, þá tel jeg rjettara, ef þingmenn vilja spara, að gera það, sem háttv. þm. Borgf. (PO) benti á, blátt áfram að leggja niður kenslu, einn vetur eða svo, heldur en að sporna gegn því, að nauðsynlegar umbætur á skipulagi fræðslumálanna nái fram að ganga.

Háttv. 2. þm. N.-M. hjelt því fram, að barnakennarar væru manna hæst

launaðir. Skal jeg lítið um það segja, en ekki eru laun sveitakennara það mikil, að þeir sjeu öfundsverðir, og verða þeir þó að vinna allan daginn, þar sem bæði er kenslan og undirbúningur undir hana. Prestarnir hafa ólíkt hærri laun, og leggja þó margir þeirra lítið á sig, samanborið við kennarana.

Halldór Stefánsson: Jeg skal vera stuttorður um þetta frv. og halda mjer við þann umræðugrundvöll, sem fyrir liggur, en ekki vaða elginn um hitt og þetta, sem ekkert kemur málinu við, eins og sumir þingmenn gera. Að því leyti sem ræða háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) snerti málið, er jeg honum sammála, og get vísað til orða hans, en að öðru leyti lýsi jeg engu fylgi við þær skoðanir, sem fram komu í ræðu hans. Jeg get ekki sjeð, að þetta frv. feli í sjer nokkurn sparnað. Útgjöldin eru aðeins flutt af ríkissjóði yfir á sveitarsjóðina. Í því get jeg ekki sjeð neina sanngirni, þar sem ríkisvaldið sjálft hefir ákveðið fræðsluformið og kostnað við það. Sveitarfjelögin hafa færri gjaldstofna en ríkið, hafa minna íhlutunarvald og færri úrræði. Ef ríkisvaldið ljeti af hendi jafnframt skattstofna að tilsvarandi hluta til sveitar- og bæjarfjelaganna, þá mætti að þessu ganga. Og síst finst mjer ástæða til þess nú, þegar ríkisvaldið samtímis hyggst að íþyngja almenningi enn á ný með sköttum og gjöldum, að varpa þá jafnframt byrðinni af ríkissjóði yfir á sveitarfjelögin. Jeg sje mjer því ekki fært að vera með frv.

Sveinn Ólafsson: Mjer er ekki ljúft að lengja umr. um þetta mál, en sje mjer þó ekki fært að láta það fara fram hjá mjer afskiftalaust. Jeg hefi verið að velta því fyrir mjer, undir umræðunum, hvernig hv. fjvn. ætlaði að fóðra fjársparnaðinn eftir þessu frv. Jeg sje ekki, að að því sje nein bót, að byrðarnar sjeu fluttar af þeim máttarmeiri yfir á þá, sem minni máttar eru, en svo má það teljast að flytja gjöldin af ríkissjóði á hreppana. Mjer virðist þetta svipað bjargráð og ef maður, sem hefði rekið nagla upp í fótinn á sjer, ljeti dæla vatni inn í eyrað, til lækningar meiðslinu. Mjer finst því þessi sparnaðartillaga nefndarinnar ekkert annað en vindhögg. Reynist það svo, að vjer höfum ekki efni á að halda skólunum í viðunandi horfi, þá verð jeg að fallast á það, að rjett sje að leggja þá niður í bili, eins og hv. þm. Borgf. o. fl. hafa bent á. Og ætti þá ekki aðeins að leggja niður barnaskóla, heldur og unglingaskóla og sjerskóla og ýmsa fleiri skóla. Get jeg ekki sjeð, að af því stafaði neitt menningarböl. Og þá yrði þó sparnaður að mun og ekki aðeins til málamynda. Þetta vildi jeg taka fram, en ætla hinsvegar ekki að fara út í samanburð á fortíð og nútíð um mentamálin og alþýðufræðsluna, svo sem aðrir hafa hjer gert. Þess skal jeg þó geta, að jeg er á sama máli og ýmsir aðrir hv. þm. um það, að tjón sje að því, að heimilsfræðslan forna var að miklu upprætt með fræðslufyrirkomulaginu nýja. En það liggur utan við umræður um þetta frv., svo að jeg ætla ekki lengra út í þá sálma. En af greindum ástæðum sje jeg mjer ekki fært að greiða frv. atkv.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg ætla ekki að fara að ræða fræðslulögin, heldur frv., sem hjer liggur fyrir. Út af því, sem hæstv. forsrh. (SE) sagði, mótmæli jeg því alveg, að frv. sje nokk-

ur árás á fræðslukerfið eða kennara. Það felur ekki í sjer neina breytingu á launakjörum kennarastjettarinnar. Hún hefir eftir frv. nákvæmlega sama kaup og nú. Hv. forsrh. sá hættuna í 3. gr. frv. Hann er hræddur um, að þjóðin muni misbrúka það vald, sem henni er þar gefið. En mjer finst ekki nema sanngjarnt og rjett, að fræðslu- og skólahjeruð þurfi ekki að burðast með fleiri kennara en þeim finst nauðsynlegt. Þá hefir verið minst á það, að óviðkunnanlegt væri, að annað vald viki kennurum úr embætti en það, sem hefði skipað þá. Jeg sje ekki neitt á móti því, ef áður verða komin lög um það efni. Ef til vill væri rjettara að koma með brtt. um þetta, ef mönnum finst þá frv. aðgengilegra.

En það, sem fyrst og fremst vakti fyrir mjer, er sparnaður ríkissjóðs við þetta frv. Sá sparnaður er hvorki meiri nje minni en 100 þús kr. á ári. Og svo er því haldið fram, að þetta sje enginn sparnaður, vegna þess, að þjóðin borgi hvort sem er þá upphæð, sem sparast. En hvað sparast þá með fækkun embætta? Taka þeir menn, sem sviftir eru störfum sínum, ekki laun sín af þjóðinni, eftir sem áður? (BL: Þeir geta lifað af framleiðslu). Já, háttv. þm. Ak. segir, að þeir geti lifað á framleiðslu. Það má vel vera, en þeir munu fæstir leggja það fyrir sig, þar sem þeir hafa lært sjerstakt lífsstarf og hafa vanist því, en auk þess tækju þeir þá framleiðslustarfið frá öðrum, og jeg sje ekki betur en afsettir kennarar geti alveg eins fengist við framleiðslu og afsettir embættismenn.

Háttv. þm. V.-Ísf. var hræddur um það, að þjóðin mundi samkvæmt heimildinni í 3. gr. losa sig við alla kennara. En eins og allir sjá, sem athuga frv., nær þetta ekki nokkurri átt. Í 3. gr. stendur, að segja megi upp þeim kennurum, sem ekki sje talin nauðsyn á til þess að halda uppi lögskipaðri fræðslu. Jeg sje ekki, að fræðslu- eða skólahjeruð sjeu neitt bættari fyrir það, þó að haldnir sjeu óþarfir menn. Og geti menn haldið uppi lögskipaðri fræðslu án kennara, þá eru þeir ekki eins þarfir ok þeir sjálfir halda.

Því hefir verið hampað, að engin sanngirni sje í því að velta byrðum ríkisins yfir á aðra. En má jeg þá spyrja: Er það þá nokkur sanngirni, að ríkissjóður einn greiði dýrtíðaruppbót þeirra starfsmanna, sem sveitirnar eiga að lögum að launa að sínum hluta? Og eins og liggur í augum uppi, er dýrtíðaruppbótin ekkert annað en uppbót á launum. Þá uppbót finst mjer eðlilegast, að sveitir og ríkissjóður greiði eftir sömu hlutföllum og launin sjálf. Þegar þetta ákvæði um greiðslu ríkissjóðs á dýrtíðaruppbót var gert að lögum, sá þingið, að þær upphæðir, sem þar var um að ræða, mundu vaxa sveitunum mjög í augum. Þetta var 1919, en þá var uppbótin mikið hærri en nú. Þegar hún hefir nú minkað mikið og sveitunum er gefið færi á að losna við alla óþarfa kenslukrafta, sje jeg ekki annað en full sanngirni mæli með því, að þær að sínum hluta, taki þátt í greiðslunni.

Því er slegið fram, að ríkisvaldið hafi lagt á gjaldið. Jú, það er rjett, þ. e.: þingið hefir ákveðið laun kennara. En aftur á móti hafa fræðslu- og skólanefndir því nær ótakmarkað vald í framkvæmdinni. Af þeim er þess eins krafist, að fræðsluskilyrðin sjeu uppfylt.

Jeg get ekki stilt mig um að minnast

á það, sem hv. þm. Borgf. (PO) sagði um setu barna í skólunum. Jeg er alveg á sama máli og hann um það, að hún getur orðið þeim skaðleg. Jeg þekki dæmi til þess hjer í Reykjavík, að börn, 10—11 ára gömul, sitji í skóla frá kl. 8 að morgni til kl. 6 að kvöldi. Verð jeg að telja, að það sje altof langt fyrir börn, sem ekki hafa þá því betra viðurværi. Börnin þreytast, fara að sitja skökk á bekkjunum, þegar á líður daginn, og geta fengið hryggskekkju, sem margt ilt leiðir af. Og eigi jeg að segja, hvort jeg kjósi heldur, að börnin verði aumingjar að heilsu og fái eitthvert þekkingarhrafl — eða þau fari á mis við þekkingarhraflið og verði líkamlega hraust, þá held jeg, að jeg segi óhikað, að jeg kjósi það síðara fyrir hönd þjóðarinnar.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) var eitthvað að tala um mann, sem ræki nagla upp í fótinn og sprautaði vatni inn í eyrað, en jeg gat ekki fundið í því neina meiningu eða sjeð, að það kæmi neitt við þessu máli.

Fjvn. vill spara ríkissjóði 100 þús. kr. á ári með þessu frv. Annað ekki.

Því er haldið fram, að sveitar- og bæjarfjelög hafi ekki efni á að halda uppi fræðslu, með þeim launakjörum, sem kennarar eiga við að búa, ef dýrtíðaruppbótinni sje einnig að nokkru leyti varpað á þau. Þetta má vel vera. En þá vil jeg spyrja: Hefir þá ríkissjóður betur efni á því?

Jeg hefi haldið mjer fast við efni frv.. og fer að lokum fram á það við þá hv. þm., sem eiga eftir að tala, að þeir fari ekki út fyrir málið í ræðum sínum.

Árni Jónsson: Ef jeg á ekki að fara út fyrir efni frv., er mjer illfært að svara sumum þeim, sem jeg annars er ekki sammála. Sjerstaklega á jeg þar við hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), sem hjelt langa ræðu og kom víða við.

Því hefir verið haldið fram hjer í deildinni, að það sje rangt hjá mjer, að kennarar sjeu manna best launaðir. Jeg verð samt að halda fast við það, að laun kennara eru mjög góð, þegar tekið er tillit til ástæðna. Þeir hafa sumurin frí og nota þau flestir til vinnu, og minsta kosti kennarar í kaupstöðum hafa hærri föst laun en svo, að nokkur ástæða sje til að kvarta fyrir þeirra hönd. Annars má segja það,að launin eru misjafnlega lífvænleg, eftir því, hvar á landinu kennarinn er. Hjer í Reykjavík verður t. d. lífið dýrara en annarsstaðar á landinu. Býst jeg líka við, að sá ágreiningur, sem er um þetta milli okkar hv. þm. V.-Ísf., sje að nokkru leyti sprottinn af því, að við miðum hvor við það, sem við þekkjum best.

Bæði hv. þm. V.-Ísf. og hv. 2. þm. Eyf. (BSt) mintust á það, að heimilin mundu alls ekki vera eins fær um að veita fræðslu og áður hafi verið. En jeg vil þá halda því fram, að þau sjeu að minsta kosti ekki eins ófær um að uppfylla fræðsluskilyrðin og af er látið. Það mun vera rjett, að í stærri kaupstöðunum sje ekki tiltækilegt að láta heimilin hafa fræðsluna á hendi. Í smákauptúnunum er aftur á móti alt öðru máli að gegna. Þar eru menn atvinnulausir mestan hluta vetrarins og hafa þá ekki annað þarfara að gera en kenna börnunum. Um heimilin í sveitunum má segja það, að þau hafa breyst ærið mikið á síðustu árum. En jeg lít svo á, að þau muni alls ekki ófær til að annast fræðslu barnanna. Á fundi, sem haldinn var eystra í vetur, hjelt gamall og

merkur prestur því fram, að heimilin gætu kent börnunum. Stóð þá upp einn af bændunum og kvað sjer t. d. ekki fært að kenna sínum börnum, svo í lagi væri, en hann átti þau mörg og hafði fátt fólk. En prestur sagði, að frá fám heimilum hefðu börn komið betur að sjer en einmitt frá hans. Kom þarna greinilega fram, að jafnvel þeir, sem erfiðast eiga, geta kent börnum sínum að góðu gagni, ef vilja og áhuga vantar ekki.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) skírskotaði til orða hv. forsætisráðherra um það, að fræðslu- eða skólanefndir gætu hæglega losnað við þá kennara, sem þær teldu óþarfa. Þyrftu þær ekki annað en gera veitingarvaldinu aðvart. Jeg þekki það efni nokkuð. Skólanefndin í sveit, sem jeg þekki vel til, hefir gert ítrekaðar tilraunir til þess að losna við kennara, en árangurslaust. Fjölmennur hreppsfundur hefir meira að segja komið fram með áskorun um það, en enga áheyrn fengið.

Hv. sami þm. taldi, að það kæmi í sama stað niður, hvort sveitarsjóðir eða ríkissjóður greiddu dýrtíðaruppbótina. Jeg er ekki á sama máli um það, — því að þess ber að gæta, að þá er sveitunum er gefinn kostur á að losna við kennara, hafa þær ríkt eftirlit með því, að þeir verði ekki fleiri en brýn þörf er á. En sje svo, að hvorki sveitirnar nje landið hafi efni á að halda uppi skólunum, þá er ekki annað fyrir hendi en fresta framkvæmd fræðslulaganna.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 7 atkv.

Sveinn Ólafsson: Jeg leyfi mjer að gera það að tillögu minni, að frv. verði vísað til mentmn.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Fjárveitinganefnd getur ekki sætt sig við, að frv. verði vísað til annarar nefndar.

Forseti (BSv): Fordæmi er fyrir því, jafnvel á þessu þingi, að frv., sem nefnd hefir flutt, hafi verið vísað til annarar nefndar.

Ásgeir Ásgeirsson: Þar sem hv. fjárveitingan. hefir flutt þetta frv. án þess að leita álits mentamálan., og frv. snertir tilfinnalega barnafræðsluna, þá getur hún ekki með nokkurum rjetti amast við því, að sú nefnd fái að fjalla um málið milli umr.

Forsætisráðherra (SE): Þar sem þetta frv. gerir breytingu á lögum, sem varða mentamál í landinu, tel jeg sjálfsagt, að mentamálanefnd fái að fjalla um það.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Verði þetta frv. sent til mentmn., þá er líklegt, að það muni ekki ná fram að ganga á þessu þingi. Jeg vil taka það fram, að þó að frv. frá sjútvn. væri vísað til fjhn., þá var það með fullum vilja nefndarinnar sjálfrar og því alt öðru máli að gegna.

Forseti (BSv): Það, sem hv. 1. þm. Skagf. skírskotaði til, kemur ekki í veg fyrir, að hægt sje að vísa frv., sem nefnd flytur, til annarar nefndar, þó að hún sje því mótfallin. Aftur á móti er öllum auðvitað heimilt að greiða atkv. á móti því, að frv., sem nefnd flytur, sje vísað til annarar nefndar.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg get tekið undir með hv. frsm. (MG), að fjvn. fylgir þessu máli allfast. En jeg sje enga ástæðu til að ætla, að hv. mentmn. muni leggjast á málið, þó að því yrði vísað til hennar, og gæti jeg því fallist á það, ef jeg fengi orð frá nefndinni, að hún muni afgreiða málið fljótt. Aftur mundi jeg ekki geta unað því, að nefndin saltaði málið.

Magnús Jónsson: Jeg er þess fýsandi, að mentmn. fái tækifæri til að fjalla um málið, og skal jeg sem formaður nefndarinnar lofa því, að jeg skal stuðla að því eftir megni, að ekki verði á málið sest, heldur afgreitt fljótt og vel.

ATKVGR.

Frv. vísað til mentmn. með 14 : 12 atkv.

Á 35. fundi í Nd., föstudaginn 28. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 132, n. 208 og 220, 232).

Frsm. meirihl. (Sigurjón Jónsson): Mentamálanefnd hefir ekki getað orðið á eitt sátt um frv. þetta. Meirihluti hennar leggur til, að frv. nái ekki fram að ganga, en minnihlutinn er samþykkur aðallega 2. gr. þess.

Í frv. þessu felast aðallega þrjár efnisbreytingar frá núgildandi lögum. Tvær þeirra eru algerlega fjárhagsmál. Er farið fram á, að bæjar- eða sveitarsjóðir greiði framvegis dýrtíðaruppbót kennara í sama hlutfalli og laun þeirra. Hefir meirihlutinn lýst, í nál. á þskj. 208, ástæðum þeim, sem til þess liggja, að hann er því mótfallinn, að sú breyting komist á. Eins og nú standa sakir, stendur hagur bæjar- og sveitarfjelaga víðast hvar á fallanda fæti, og eru þau því illa fær um að taka á sig þessi auknu útgjöld. Er hjer heldur ekki um neinn raunverulegan sparnað að ræða, heldur aðeins það, að færa byrðarnar á aðrar herðar.

Önnur aðalástæðan gegn þessari breytingu er sú, að ríkissjóður innheimtir nú sínar aðaltekjur frá borgurunum með dýrtíðartollum. Sum af þeim gjöldum, svo sem útflutningsgjald, tekju- og eignaskatt og vörutoll o. fl., innheimtir hann nú og framvegis með gullgengi. Einnig af þessum ástæðum virðist sanngjarnast, að ríkið greiði líka þessa dýrtíðaruppbót. Þess ber líka að gæta, að það er þingið, sem skapað hefir dýrtíðaruppbótina, og bæjar- og sveitarfjelög eiga þar engan hlut að máli.

Sömuleiðis verðum við að telja mjög óheppilegt, að hjeruðin greiði launabætur eftir þjónustualdri. Ef svo væri, myndu hjeruðin veigra sjer við að taka eldri kennara, og órjettlátlega kæmi þetta líka niður fyrir þá sök, að eldri kennarar þyrftu ekki að hafa gegnt nema um stund starfi sínu í þeim sveitum eða bæjum, sem þó yrðu að gjalda þeim uppbótina.

Ennfremur erum vjer mótfallnir því, að skólanefndum og fræðslunefndum sje veitt heimild til að segja kennurum upp starfinu með 6 mánaða fyrirvara. Teljum vjer, að þetta verði ekki til annars en að skólanefndir fari að hugsa um að losna við kennara sína. Yfirleitt erum vjer þeirrar skoðunar, að meðan fræðslukerfið er í gildi, þá sje varla rjett að fara að hrófla við því.

Annars er mál þetta svo skýrt og óbrotið, að jeg tel ekki þörf á að ræða þetta frekar. Vil jeg heldur ekki stuðla

að því, að umræðurnar fari að snúast um fræðslumálin yfirleitt.

Frsm. minnihl. (Bernharð Stefánsson): Hv. frsm. meirihl. (SigurjJ) hefir lýst ástæðunum fyrir því, að nefndin klofnaði. Var það í raun og veru ekki nema eitt atriði, sem ágreiningnum olli. Öll nefndin var sammála um það, að ekki kæmi til mála, að bæjar- og sveitarsjóðir yrðu látnir greiða launabætur eftir embættisaldri. Því þeim ræður embættisaldur í þjónustu ríkisins, en ekki sama skólans.

Einnig var hún á eitt sátt um það, að fallast ekki á ákvæði 3. gr. um uppsagnarheimildina. Nefndin leit svo á, að valdið til að segja upp starfinu ætti að vera í höndum þess, sem það veitti. Annars hefir nefndin ekki rætt þetta mál eftir að brtt. á þskj. 232 er fram komin, og því ekki tekið afstöðu til hennar.

Hinsvegar sáum við tveir nefndarmenn ekki ástæðu til að leggja á móti því, að dýrtíðaruppbótin yrði greidd af sömu aðiljum og eftir sömu hlutföllum sem launin sjálf. Dýrtíðaruppbótin er í sjálfu sjer ekki annað en uppbætur á launin, svo þau hafi fult gildi fyrir þann, sem þau fær. Því tel jeg þetta ákvæði hafa rökrjetta hugsun í sjer falda, og sem leiða má út af, að uppbótin greiðist af sömu aðiljum sem launin.

Hv. frsm. meirihl. kvað ekki rjett að færa þessi útgjöld yfir á sveitar- og bæjarsjóði, þar sem hagur þeirra væri svo þröngur, og þau hefðu ekki tækifæri til að hækka tekjur sínar í hlutfalli við dýrtíðina. Jeg skal fúslega viðurkenna, að fjárhagur bæja- og sveitarfjelaga er alt annað en góður, en hagur ríkissjóðs er það víst ekki heldur. Jeg hygg, að þar muni varla mega milli sjá. Og þegar alt kemur til alls, þá er það þjóðin sjálf, sem geldur, hvaðan sem uppbótin kemur. Þessi mótbára getur því tæplega talist veigamikil. Hvað því viðvíkur, að bæjar- og sveitarsjóðir hafi engin meðöl til að auka tekjur sínar, þá er það líka ofsagt. Munurinn er aðeins sá, að til að auka tekjur ríkissjóðs þarf að breyta lögum, en bæjar- og sveitarfjelögin fá sínar tekjur með því að jafna niður á menn útsvari eftir efnum og ástæðum, og þegar dýrtíðin eykst, þá hækka útsvörin að sama skapi. Og þegar dýrtíðin er alhliða, þ. e. a. s., þegar verð á afurðunum og innfluttum varningi helst í hendur, þá er engu erfiðara að greiða há útsvör en lág útsvör á venjulegum tíma. Jeg man það t. d., að aldrei mun mönnum hafa þótt eins ljett að greiða útsvör sín, þó há væru, og 1919. En vitanlegt er það, að þegar dýrtíðin er þannig, að ekki er tiltölulega jafnhátt verð á innlendum afurðum sem á aðkeyptum varningi, þá gildir þetta ekki.

Og enn er ein ástæðan ótalin. Með því fyrirkomulagi, sem nú er, verða sveitirnar fyrir misrjetti. Eins og nú standa sakir, þá verða sveitirnar að borga allan þann hluta af dýrtíðaruppbótinni, sem liggur í öðru en peningum, t. d. fæði og húsnæði. Aftur eru kaupstaðirnir lausir við að taka nokkurn þátt í greiðslu dýrtíðaruppbótar. Það mundi því komast meiri jöfnuður á milli sveita og bæja, ef þessi breyting kæmist á, og er það rjettlátt.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vil að lokum minna á, að minnihl. nefndarinnar vill gera nýja breytingu á lögunum. Er í 9. gr. þeirra ákvæði um, að laun kennara sjeu miðuð

við það, að þeir kenni minst 6 mán. Nú hagar víða svo til í sveitum, að barnakennara er ekki þörf svo langan tíma. Því viljum við gera þá breytingu á þesu ákvæði, að þeir kennarar, sem ekki kenna í fulla 6 mán., fái þó hlutfallslega jafnmikil laun sem aðrir kennarar. En áður hefir venjan orðið sú, að þeir hafa ekki notið launa úr ríkissjóði. Afleiðing þessa hefir orðið sú, að sum hjeruð hafa reynt að halda uppi kenslunni í fulla 6 mán., þó þess hafi ekki gerst þörf, til þess að njóta hlunninda laganna. Hygg jeg, að þetta ákvæði 9. gr. hafi hvergi orðið til gagns, en víða til ógagns; sumstaðar orðið til að baka sveitafjelögunum óþörf útgjöld við það að hanga í þessu ákvæði, en önnur hafa tekið það ráð að fella niður kensluna. Hafa sum ekki getað fengið kennara nema með þeim skilyrðum, að þeim væri veitt staðan fyrir 6 mán., en þau þá ekki treyst sjer til þess. Sumstaðar er það líka svo, að einn kennari annar ekki allri kenslunni, en á hinn bóginn óþarft að halda tvo kennara við hana í 6 mán. Af þessum sökum ætla jeg, að brtt. okkar geti orðið til mikilla bóta í þessu efni, og treysti jeg því, að hv. dm. sjái, hversu rjettlát hún er og hversu óheppilegt það getur verið að einskorða launagreiðsluna við ákveðna tímalengd.

Jeg gæti hugsað mjer, að þetta ákvæði í 9. gr. l. frá 1919 hafi upphaflega verið sett með það fyrir augum, að það stuðlaði að myndun sjerstakrar kennarastjettar, sem gæti litið á kenslustarfið sem sitt aðalstarf. En farkennarar til sveita geta það ekki hvort sem er. Að því leyti til er ákvæðið þýðingarlaust.

Jeg álít ástæðulaust að fjölyrða frekar um þetta mál, en jeg vona, að ef eitthvað af frv. fær að lifa, þá fái brtt. minnihl. við 1. gr. einnig að fljóta með.

Þorleifur Jónsson: Eins og hv. dm. mun kunnugt, þá bar meirihl. fjvn. frv. þetta fram sem sparnaðarmál. En þó frv. þetta hafi upphaflega komið frá nefnd, þá hefir það síðan farið til hv. mentmn., sem hefir klofnað um málið. Hefir hv. meiri- og minnihl. hennar þegar skýrt frá ástæðum sínum.

Jeg skal ekki vera fjölorður um þetta mál að svo stöddu, en vil lítillega minnast á brtt. á þskj. 232, frá fjvn., við brtt. á þskj. 220. Var það m. a. það, sem við fundum athugavert við málið, að óviðfeldið væri, að skólanefndir og fræðslunefndir hefðu heimild til að segja upp barnakennurum með 6 mán. fyrirvara, eins og ráð er fyrir gert í 3. gr. frv. Höfum við því borið fram þessa brtt., sem við álítum, að betur fari á.

Hv. frsm. meirihl. mentmn. (SigurjJ) gat þess, að nefndinni hefði ekki unnist tími til að bera sig saman um þessa brtt. En eftir því sem hv. frsm. minnhl. (BSt) talaði, þá býst jeg við, að hann geti fallist á hana, og get jeg yfirleitt verið minnihl. þakklátur fyrir meðferð hans á málinu.

Það er auðvitað, svo sem altaf má búast við, að ýmsar mótbárur hafa verið bornar fram gegn frv. Sjerstaklega hefir verið um það rætt, að sparnaðurinn með frv. væri í engu öðru fólginn en því að taka úr einum vasanum og láta í hinn. Satt er það að vísu, að altaf verður einhver að greiða þennan kostnað, en trúlegt þykir mjer það, að einhver meiri aðgæsla og sparsemi myndi sumstaðar vera viðhöfð, ef hjeruðin vissu, að þau ættu að bera sinn hluta af þessum byrðum.

Við teljum rjett, að þess sparnaðar sje hjer gætt, sem föng eru á. Þar með erum við ekki að mæla með óhæfilegum sparnaði við kensluna, en það getur ekki talist óhæfilegt, þó sparaðir sjeu kenslukraftar þar, sem kennarar eru fullmargir, eins og átt hefir sjer stað sumstaðar. Hinum stærri bæjum, t. d. Reykjavík, er heldur ekki ofætlun að taka allmiklu meiri þátt í gjöldum til barnakenslunnar en nú er. Heimilunum ber skylda til þess að sjá um líkamlegt og að nokkru leyti andlegt uppeldi barnanna, en þau fá aðstoð hjá hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfjelagi, sem taka töluverðan þátt í kostnaðinum. Þótt sagt sje, að það sje hagkvæmara, að ríkið annist þetta sjálft, þá er nú á það að líta, að á þessum óvenjulegu krepputímum verður að spara útgjöld ríkisins á öllum sviðum. Hið þrönga ástand gerir það að verkum, að það verður að forða ríkisjóði við stórum byrðum. Með nýjum lögum, berklavarnarlögunum, hefir ríkissjóði verið íþyngt svo mjög, að hann fær naumast risið undir, og hafa því komið fram raddir um það, að ljetta af honum þessum bagga að einhverju leyti. En yfir á hverja? Á sýslu- og sveitarsjóði; annað er ekki hægt.

Háttv. meirihl. hefir einkanlega að athuga við 1. gr. frv., og telur óviðurkvæmilegt, að launauppbót eftir þjónustualdri greiðist ekki af ríkinu. Þetta er nú svo lítið atriði, að málið ætti ekki að stranda á því. Jeg vænti þess líka, að þessi brtt. frá fjvn. verði þess valdandi, að menn sjái sjer fært að samþ. frv.

Jeg er ekki vel settur sem framsögumaður í þessu máli, því jeg hefi ekki haft tækifæri til þess að rannsaka það. Hæstv. atvrh. (MG) hafði undirbúið það í fjvn. En er hann skifti um stöðu, var jeg fenginn til þess að mæla með frv. af hálfu fjvn. En jeg vænti, að hæstv. atvrh. (MG) láti nú líka til sín heyra um málið.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg get ekki annað en gefið þessu frv. meðmæli, fyrst og fremst af þeim ástæðum, sem standa í greinargerð flm., og einnig er jeg að öðru leyti samþykkur háttv. frsm. minnihl. Ákvæðin, sem nú gilda um skipun barnakennara, eru undarlega óeðlileg. Það er varla hægt að færa skynsamlegar ástæður fyrir því, að sveitarsjóður greiði ⅓ af nokkrum hluta launanna, en svo einhvern annan hluta af hinu, eftir því, sem verðlag breytist. Jeg sje ekki annað eðlilegra í þessu en það, að hjer sjeu föst skifti sett. Þessi lög eru heldur ekki svo gömul, að tilhögun þessi sje búin að fá á sig venjunnar rjett. Það eru aðeins örfá ár síðan þau komu í gildi. Hvað snertir launauppbót kennara eftir þjónustualdri, þá get jeg felt mig við það, að hjer sje fylgt sömu reglu og um launin yfirleitt. Jeg held, að ástæður minnihl. hafi hjer við lítil rök að styðjast. Reynslan hefir sýnt, að það er ekki oft, að kennarar flytjist úr einum stað í annan, þó það aðeins komi fyrir. Það sýnist því rjettara, þegar kennarinn hefir alla tíð starfað við sama skólann, að launauppbótin greiðist eftir sömu reglu og launin annars. Jeg fyrir mitt leyti get sætt mig við frv. eins og það kemur frá meirihl. mentmn., og sömuleiðis till. minnihl., þó ekki fáist þannig eins mikill sparnaður fyrir ríkissjóð eins og eftir hinu upphaflega frv. fjvn.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg

þarf ekki að halda uppi svörum fyrir þessu frv. Það hefir háttv. þm. A.-Sk. gert vel. En jeg vildi minnast fáum orðum á till. minnihl. mentmn. um launaviðbætur kennara eftir þjónustualdri, að þær greiðist úr ríkissjóði og dýrtíðaruppbót á þær sömuleiðis. Ástæða háttv. minnihl. er sú, að því er mjer skilst, að hjeruðin eigi ekki að gjalda þess, þó að kennarinn sje gamall í þjónustunni, þegar hann er fluttur í hjeraðið. En jeg veit ekki, hvort háttv. minnhl. hefir athugað það, að ef kennari, sem áður hefir kent við barnaskóla, gerist kennari í farskólahjeraði, þá fær hann ekki aldurshækkun fyrir þann tíma, sem hann var kennari við fastan skóla. Sama er um farkennara, sem kemur að föstum skóla. Nú er það vitanlegt, að kennarar við barnaskólana eru löngum fastir í sessi og skifta lítið um stöður, svo þetta snertir þá lítið. Í sveitum aftur kemur það oft fyrir, að kennarar skifti, en þar er þessi uppbót svo lág, að það munar því nær engu í þessu efni þótt till. minnihl. sje samþ. En, eins og hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, þá er rjett hugsun í því, að þessi uppbót sje greidd af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum og launin annars. Jeg skal taka það fram, að jeg geri engan ágreining út af þessari till. Hún hefir ekki svo mikla þýðingu.

Þá get jeg ekki felt mig við það, að 3. gr. frv. sje látin falla burt. Jeg álít einmitt, að hún sje bráðnauðsynleg. Um leið og sú breyting er gerð, sem í þeirri grein felst, þá er sveitunum og kaupstöðunum gefið tækifæri til þess að losa sig við þá kennara, sem ekki eru nauðsynlegir. Viðvíkjandi því, að rjett sje, að sami aðili leysi kennara frá stöðu og skipað hefir hann í stöðuna, þá er hægt að koma með brtt. um það, og er þá sá harmur bættur.

Þá er það atriði í tillögum minnihl., að skólar, sem starfa styttri tíma en 6 mánuði, skuli fá hlutfallslegan styrk úr ríkisjóði. Það mun vera rjett, að samþ. þá till., því að skólar munu stundum hafa verið látnir starfa lengur en þörf var á, til þess að geta náð í styrk úr ríkissjóði, af því að hann var bundinn við 6 mánaða kenslu.

Því hefir verið haldið á lofti, að enginn sparnaður mundi verða af þessu frv., því kostnaðinum við barnafræðsluna væri aðeins komið yfir á aðra aðilja. Háttv. þm. A.-Sk. hefir sýnt fram á það, að þetta er ekki rjett. Það má þá með sama rjetti segja, þegar fækkað er embættismönnum, að þá sje það enginn sparnaður, vegna þess, að hlutaðeigandi embættismaður þurfi að fá eitthvað sjer til lífsuppihalds annarsstaðar frá. Það sje því aðeins færsla milli vasa. En allir sjá, hversu fráleitur þessi hugsanagangur er.

Nei, hjer er hægt að spara, og jeg er sannfærður um það, að samkvæmt þessu frv. getur orðið talsverður sparnaður á fræðslumálakerfinu í heild sinni. Enda væri þetta frv. ekki fram komið að öðrum kosti. Hjer í Rvík er ýmislegt kent við barnaskólann, sem ekki er fyrirskipað í fræðslulögunum, svo sem matreiðsla, sem kend er 12—14 ára börnum. Meðan skólanefndir vissu, að ríkissjóður mundi borga, þá voru þær alveg ósparar á það að bæta við kennurum. Það hefir verið mjer þyrnir í augum frá byrjun, að launafyrirkomulagið skyldi vera þannig, að ríkissjóður væri látinn greiða alla dýrtíðaruppbótina af launum kennara, en aftur ekki nema ⅓ hinna föstu launa. Jeg hefi alt-

af verið þessu mótfallinn, enda flutti jeg till. um breyting á þessu á þingi 1919 og líka 1922, þó það fengi þá ekki framgang. Og það gleður mig, að nú skuli flestir vera á þeirri skoðun, að þetta sje rjett hugsun.

Magnús Jónsson: Jeg þarf ekki að hlaupa í skarðið fyrir hv. frsm. meirihl. (SigurjJ). En jeg vil samt athuga dálítið ýms orð, sem fallið hafa við þessa umr. Afstöðu okkar meirihl. get jeg vel varið. Og jeg varð, sannast að segja, fyrir nokkrum vonbrigðum, er jeg heyrði undirtektir hæstv. fjrh. (JÞ). Jeg hafði vonað, að hann mundi geta veitt okkur sitt fylgi, eftir afstöðu hans til líkra mála fyr á þessu þingi. Hann sagði, að þessi lög væru ekki búin að fá á sig neina hefð.. Jeg get ekki verið á því máli. Jeg held, að þau sjeu búin að fá á sig þá hefð, sem til stendur, að þau geti fengið. Fyrirkomulagið er alt ungt, en þessi gjaldsháttur, sem hjer ræðir um, er sá eini, sem tíðkast hefir. Eins og bent hefir verið á áður, er hjer raskað á óheppilegan hátt þeim grundvelli, sem bygt var á í upphafi. Einkum er jeg á móti aðferð fjvn. í þessu máli, sem mjer finst vera á takmörkum þess sæmilega í löggjöf. Það eru vitanlega skiftar skoðanir um það, hvað þetta fræðslukerfi, sem við búum nú við, sje gott og heppilegt. Það hafa komið fram raddir um það, að rjett sje að hverfa aftur frá þessu kerfi og taka upp hina eldri aðferð. En þá á auðvitað að gera það á opinskáan og hreinskilinn hátt. Jeg get nú ekki annað sjeð en að með þessu frv. sje beinlínis gerð tilraun til þess að koma aftan að fræðslulögunum og gera þau ónýt, án þess mikið beri á í fyrstu. Frá þessu sjónarmiði verður skiljanleg sú áhersla, sem meðhaldsmenn þessa frv. leggja á 3. gr. Hv. þm. Barð. (HK) hjelt því fram, eins og fleiri, að þetta væri sparnaðarfrv., því hjer á að spara á þann hátt að velta kostnaðinum af fræðslulögunum yfir á sveitarsjóði og bæjarsjóði. En um leið er gerð gloppa í lögin, til þess að menn geti velt kostnaðinum alveg af sjer. Jeg skil, hvað vakað hefir fyrir hæstv. atvrh. (MG), að hann skuli hafa borið þetta fram í þeirri trú, að það yrði til sparnaðar, en jeg viðurkenni ekki rjettmæti aðferðarinnar. Jeg álít, að rjettara hefði verið að bera þetta fram á hreinlegri hátt en gert er. Hjer er sagt við sveitarfjelögin: Nú skuluð þið taka við að halda uppi barnafræðslunni, en ef þið viljið það heldur, þá getið þið bara lagt hana niður. Þetta eru fjörráð við fræðslukerfið sjálft í heild sinni.

Viðvíkjandi brtt., sem fjvn. hefir gert á þskj. 232, þá er hún ekki annað en enn ein gríma utan yfir þann raunverulega tilgang frv., svo enn minna beri á honum. Þar er það tekið af skóla- og fræðslunefndum að segja barnakennurum upp stöðu sinni, en dóms- og kirkjumálaráðuneytið á að fara með það vald. En ástandið er raunar alveg óbreytt. Þetta er aðeins breyting á formi, „maskerað“ ögn betur. Eins og áður er það alveg á valdi skólanefnda að segja upp kennurum. Þær þurfa ekki annað en að segja við kenslumálaráðuneytið: Við þurfum ekki á þessum manni að halda! Þá segir ráðuneytið honum auðvitað strax upp. Eina efnisbreytingin, sem hjer er um að ræða, er sú, að uppsagnarfresturinn er styttur úr 6 mán. í 4 mánuði, og kveður þannig brtt. ríkar að en frv. gerir. Annars er jeg á móti frv. Jeg er yfirleitt á móti þeirri stefnu

að velta gjaldabyrðinni af þrautpíndum ríkissjóði yfir á þrautpíndan almenning í bæjum og sveitum, eins og jeg sýndi við atkvgr. um fjárlögin. Jeg hugsa, að þær ágætu röksemdir hæstv. fjrh. viðvíkjandi líkum ráðstöfunum í fjárlögunum geti líka átt hjer við.

Háttv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) sagði, að alt yrði nú að spara, sem hægt væri að spara. Jeg veit nú ekki betur en að hjer sje á ferðinni í þesari háttv. deild frv. til vegalaga, þar sem stefnan er öfug, þannig, að viðhaldi veganna er velt af sýslunum yfir á ríkissjóð. Og þar er þó ólíku saman að jafna, þar sem fræðslulögin gera ráð fyrir útgjöldum, sem eru mjög ákveðin, svo að þar verður hvorki eytt nje sparað svo að neinu verulegu nemi með mismunandi framkvæmd, en hin lögin gefa þar margfalt víðari skeiðvöll, og væri því miklu meiri ástæða til að láta þau mál vera í höndum þess aðiljans, sem búast má við að haldi gætilegar á fjenu. Jeg á því erfitt með að skilja þá stefnu, sem stendur bak við þetta mál. Skil jeg það vel, að fjvn. vildi á sínum tíma ekki hleypa þessu máli til annarar nefndar og teldi það óvenjulega aðferð, að mentmn. fengi það til meðferðar. En nú hefir hv. fjvn. sjeð, að ekki hefir mentmn. haldið frv. það lengi hjá sjer, að verða þurfi til baga. Vil jeg nú mælast til þess við hv. deild, að hún felli frv. Í því er enginn sparnaður, heldur má búast við, að það leiði af sjer, að fræðslan verði vanrækt í mörgum hjeruðum. Ef fækka á óþörfum kennurum, þá er rjettara að gera það í öðru og tryggara formi.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hafði verið að vona, að háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) mundi geðjast að till. á þskj. 232, þar sem hún felur í sjer þá breytingu, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið á að segja upp þeim kennurum, sem óþarfir þykja, en ekki skóla- eða fræðslunefndir. En að því var einmitt fundið áður, að sama valdið og veitti embættin segði ekki kennurunum upp, samkv. frv. fjvn. En hv. 4. þm. Reykv. finst víst frv. jafnómögulegt og áður. Jeg hefi áður bent rækilega á það, að í frv. er gert ráð fyrir því, að einungis megi segja upp þeim kennurum, sem ekki sje þörf á til þess að halda uppi lögskipaðri fræðslu. Og hvers vegna á að þröngva hjeruðunum til þess að hafa fleiri kennara? Það skil jeg ekki.

Vegalögin koma ekki þessu máli hið minsta við. En mjer finst vera fullmikill metnaður mentmn., þegar hún vill seilast í öll þau frv., sem að einhverju leyti snerta mentun í landinu, þó að þau fjalli um það, sem í eðli sínu er aðeins fjármál. Því heimtar hún þá ekki að fá að fjalla um 15. gr. fjárlaganna, þar sem um er að ræða bókmentir og listir? Hún á jafnan rjett til þess og að hafa til meðferðar þetta frv.

Jeg skal játa það, að nefndin hefir ekki haldið málinu lengi hjá sér, en það er víst það eina, sem fjvn. getur þakkað henni fyrir.

Jón Kjartansson: Jeg ætla ekki að vera langorður um þetta mál, en jeg þykist þó verða að leggja nokkur orð í belg. Hæstv. atvrh. hefir tekið það fram hjer í deildinni, að það væri fyllilega rjettmætt, að skóla- og fræðsluhjeruð gyldu dýrtíðaruppbót eftir sama hlutfalli og launin sjálf. Þetta höfum við getað fallist á, meðan dýrtíðaruppbótin er lág. Þetta var einnig ætlunin upprunalega í stjfrv. 1919, en þar sem dýrtíðarupp-

bótin var þá svo há, þótti þinginu varhugavert að leggja hana að nokkru á sveitirnar.

Okkur þótti hinsvegar ekki rjett að færa aldursuppbótina yfir á sveitirnar, því í því gæti orðið misrjetti, ef t. d. eldri kennari flytur í annað fræðslu- eða skólahjerað og fer að kenna þar, mundi þá aldursuppbótin koma öll ranglega niður á það fræðslu- eða skólahjerað, sem hann flytur í. Aldursuppbótin munar svo litlu fyrir ríkið, en getur komið ranglátt niður á hjeruðin; þótti okkur þessvegna rjett að gera þar enga breytingu frá því, er nú er. Jeg fyrir mitt leyti tel það sanngjarnt, að það verði samþykt, sem minnihl. mentmn. leggur til.

Frsm. minnihl. (Bernharð Stefánsson): Ýmsir hafa nú talað um þetta mál, og vildi jeg fara um það nokkrum orðum enn, þó að jeg geti ekki athugað svo ræður sumra þeirra, sem á undan hafa talað, sem skyldi, því að jeg hefi ekki hlýtt á þær allar. Sjerstaklega vildi jeg þá minnast á aldursuppbótina, því að mjer finst varhugavert að varpa henni yfir á skóla- og fræðsluhjeruð. Tel jeg það blátt áfram geta orðið til þess að skaða fræðsluna og koma af stað misrjetti, að það skólahjerað eða fræðsluhjerað, sem þessi eða hinn kennari starfar í, eigi að greiða honum þessa uppbót. Gæti það orðið til þess, að gömlum og reyndum kennurum yrði hafnað, en yngri kennarar látnir sitja fyrir. Væri jafnvel ekki óhugsandi, að reynt yrði að losna við eldri kennarana, þegar aldursuppbót þeirra væri orðin svo há, að sveitum eða bæjum þætti það of þung byrði. Skyti þá nokkuð skökku við, þar sem aldursuppbótin á einmitt að vera viðurkenning fyrir vel unnið starf. Verður það líka að álítast skaði fyrir fræðsluna, ef reynsla kennaranna er annars að nokkru metin. Og allir vita það, að menn, sem komnir eru yfir æskuárin og hafa þungt heimili, þurfa meira sjer til lífsviðurværis en ungir menn og einhleypir.

Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) ljet það í ljós, að honum fyndist frv. hv. fjvn. koma aftan að fræðslulögunum, þó að lítið bæri á. En verði brtt. okkar við frv. samþyktar, þá álít jeg, að frv. verði ekki barnafræðslunni skaðlegt.

Fræðslulögin eru eldri en lögin um skipun kennara. Hin fyrri eru frá 1907, hin síðari frá 1919. Eftir fræðslulögunum höfðu skóla- og fræðslunefndir alveg í hendi sjer skipun kennara og fult vald til þess að segja þeim upp. Og þrátt fyrir þetta voru uppfylt skilyrði um lögskipaða fræðslu, engu síður en nú. Jeg sje því ekki, að ákvæðið um að skóla- og fræðslunefndir geti losnað við óþarfa kennara sje neitt hættulegt.

Aftur á móti ætla jeg ekki að halda fram brtt. hv. fjvn. Jeg segi það eins og er, að mjer líkar hún ekki allskostar. Mjer finst of langt farið, þar sem kveðið er svo á, að stjórnaráðið sje skyldugt til að segja upp kennurum, ef óskað er, og fræðslu- eða skólanefndir telji þá óþarfa. Jeg vildi, að gengið væri algerlega úr skugga um, að þeir væru óþarfir, áður en þeim væri sagt upp. Það er ekki nóg að telja þá óþarfa. Það þarf að vera víst, að þeir sjeu það. Ætla jeg svo að láta hjer staðar numið um þetta mál.

Jakob Möller: Mjer brá dálítið í brún, þegar hæstv. fjrh. tók til máls áðan. Fjvn. hefir ámint hann kröftuglega um

viðsýni. Það er líka viðsýni yfir þessu frv. hv. nefndar, svo að það er von, að hún krefjist viðsýni af hæstv. fjrh. Og nú hefir hann smitast af viðsýni frv. Hann virðist hafa sjeð að sjer og vill nú vera góða barnið. En jeg verð að segja það, að mjer finst viðsýni frv. eitthvað í ætt við manninn, sem batt poka á bakið á sjer, settist á hest sinn og mælti: „Hesturinn ber ekki það, sem jeg ber.“ Sumir hv. þm. hafa tekið það fram, að í frv. sje aðeins verið að velta byrðum ríkissjóðs yfir á sveitarsjóðina. En jeg vil ganga feti lengra og taka undir með hv. 4. þm. Reykv. (MJ) og segja, að þarna sje verið að velta byrðinni af sjer í fyrsta skurðinn, sem á leiðinni verður, því að jeg lít svo á, að sveitirnar sjeu ekki færar um að auka við sig byrðum. Er þá hreinlegra að segja eins og hv. þm. Borgf. (PO), að menn vilji blátt áfram fresta fræðslulögunum eða afnema þau. En ef til vill halda menn, að slík till. sje ekki heillavænleg til fylgis. Eða er verið að fara þarna kringum hv. kjósendur — eða samviskuna — eða er það máske dómur sögunnar, sem þarna á að smeygja sjer hjá?

Jeg heyrði talað um það í efri deild, að hún væri höfuð þingsins. Mjer fanst þetta óþarfa mikillæti og geðjaðist frekar illa að. En jeg vildi nú samt óska þess, að hv. efri deild láti það nú sjást, að hún vildi vera höfuð þingsins, og slæi höfuðið af þessu frv., ef það gengur í gegnum þessa deild.

Hæsv. fjrh. (JÞ) las upp alveg nýlærða lexíu um það, að ósanngjarnt væri, að öll dýrtíðaruppbótin hvíldi á ríkissjóði. Hann er alveg nýkominn á þessa skoðun, því að hann hefir greinilega látið í ljós, að sveitar- og bæjarsjóðir hefðu meir en nógar byrðar. Og hvernig fer svo, þegar á að fara að afla bæjar- og sveitarsjóðum nýrra tekjustofna? Það þarf víst ekki annað en benda á bæjarlagafrv. Reykjavíkur, sem vísað var frá í fyrra og nú hefir legið langa hríð í nefnd, og líklegt er, að rísi ekki úr dvalanum á þessu þingi.

Jeg held, að það sje varhugaverð braut að varpa á óvenjulegum tímum, sem skapa óvenjuleg útgjöld, byrðum ríkissjóðs yfir á herðar bæja og sveita, því að tekjustofnar þeirra eru ekki miðaðir við óvenjulega tíma og óvenjuleg útgjöld. Ríkið hefir aftur á móti vald og aðstöðu til að afla sjer óvenjulegra tekjustofna, og þá er eðlilegast, að einmitt það beri hinar óvenjulegu byrðar.

Nú er einmitt svo ástatt, að á öðru sviði er stritast við að koma útgjöldunum af sveitunum yfir á ríkið. Á jeg þar við það, að menn vilja koma viðhaldi vega yfir á ríkissjóð. Undarlegt er þó, ef sömu menn vilja varpa byrðum þeim, sem fræðslulögin skapa, af ríkissjóði og yfir á sveitir og bæi. En þetta er þó alt saman skiljanlegt. Til þess á aldrei að koma. Fyrir því verður sjeð með ákvæðinu um, að hægt sje að losna við óþarfa kennara. Um vegina er öðru máli að gegna. Þar vilja sveitirnar losna við sínar byrðar, en láta bæina eftir sem áður bera sínar. En þá er þó full-langt gengið, þegar þingmenn bæjanna hlaupa í skörðin fyrir sveitarbúa. Og mjer finst hæstv. fjrh. (JÞ) hættur að vera 1. þm. Reykv.

Ásgeir Ásgeirsson: Það er nú búið að taka margt fram af því helsta, sem við kemur þessu máli, en þó mun jeg eigi láta það fara svo til atkvæða, að jeg segi ekki nokkur orð um það.

Hjer er komin fram ný brtt. frá fjvn., sem frv. er upphaflega komið frá. Í öðru orðinu er sagt um þessa brtt., að hún sje aðeins formsatriði, en í hinu er hún talin þýðingarmikil og mjög nauðsynleg. Fræðslumálastjóri hefir nú fult leyfi til þess að setja óþarfa kennara frá kennarastarfi, og ef þetta á aðeins að vera formsatriði, er óþarft að vera að breyta þessu, og væri því hentast, að nefndin tæki brtt. aftur. En ef þetta er, sem mig grunar, ætlað til þess að taka þetta vald frá fræðslumálastjóra, en fá það í hendur skólanefndum, hygg jeg, að hv. nefnd sje komin inn á algerlega ranga braut.

Í fyrsta lagi hafa hvorki skólanefndir nje sveitarstjórnir þetta vald í neinum öðrum málum. Það hafa oft heyrst kvartanir víðsvegar að yfir embættismönnum ríkisins, t. d. prestum og læknum, en jafnan gengið tregt að fá þá svifta embættum; þó held jeg, að það hafi aldrei komið til mála að taka afsetningarvaldið frá stjórninni og fá það í hendur t. d. hreppsnefndum. En hjer er þetta gert, og það án þess, að nokkur umkvörtun hafi komið fram, nema ef vera skyldi við síðustu umr. þessa máls, er beint var til fyrv. stjórnar. Þó á með brtt. að taka þetta vald frá fræðslumálastj. og fá það í hendur sveitarstjórnum. Hví á nú, þegar stjórnarskifti eru orðin, að svifta núverandi stjórn þessu valdi? Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að það þyrfti að veita sveitarstjórnum þetta vald, til þess að þær gætu losnað við óþarfa kennara. Þær geta það nú þegar; þar er eigi stærri steini að velta en hæstv. forsrh. (JM), sem flestir þm. bera fult traust til í þessum efnum. (Trþ: Ekki allir.) Jú, að minsta kosti þeir, sem hafa stutt hann upp í stjórnarsessinn. Jeg sje ekki ástæðu þessara manna til þess að vera að koma með dularbúna vantrausts yfirlýsingu á þá stjórn, sem þeir eru nýbúnir að styðja til valda. Jeg er enginn stuðningmaður núverandi stjórnar, en jeg treysti henni vel til þess að fara með þetta mál og dæma rjett um ákærur skólanefnda á kennarana. Jeg álít þetta alls ekki vera formsatriði, heldur all-verulega efnisbreytingu, enda sjest það ljóslega á brtt. sjálfri, en eigi síst á fylgi hins alkunna mentafrömuðar, hv. þm. Borgf. (PO), við þessa brtt. Hann fylgir henni ekki vegna þess, að hún sje aðeins formsbreyting, eins og sumir aðrir hv. þm. Nei, það er vegna þess, hvert ágætis tækifæri þarna býðst skólanefndum og sveitastjórnum að losna við alla kennara, ef þeim byði svo við að horfa. Fylgi hv. þm. Borgf. við þessa brtt. er skýr sönnun þess, að flutningur afsetningarvaldsins í hendur sveitastjórna sje hættulegur fræðslumálunum, enda er hjer alls ekki um neinn sparnað að ræða, ef till. er formsatriði, og heldur hefir enginn flm. brtt. fært rök fyrir því, að svo sje. Ef í frv. og brtt. væri fólginn raunverulegur sparnaður, þá væri ekki vandi að bjarga ríkissjóði við. Þá þyrfti ekki annað en að taka af honum öll útgjöldin og færa þau yfir á sveitarstjórnirnar, en þær gætu svo jafnað þeim niður á heimilin í hverju hjeraði!

Það hafa verið borin fram mörg sparnaðarfrv., sem meira eru verð en þetta. Í þeim flestum er gert ráð fyrir að leggja niður embætti, en hjer á aðeins að flytja útgjöldin til, og mun það verða til þess, að sveitarstjórnirnar velta þeim yfir á heimilin, og verður þá kensl-an ennþá dýrari en áður. Núverandi fyrirkomulag fræðslumálanna er sparnað-

arfyrirkomulag. Heimilin komast af með miklu minna fje til barnafræðslunnar en ella. Verði þetta frv. að lögum, þyrfti miklu meira fje en áður úr sveitarsjóðunum, en mörg heimili eru þess ekki megnug að leggja það af mörkum, sem til þarf, til þess að afla börnunum þeirrar fræðslu, sem lög standa til. Afleiðingin af þessu er skýr og glögg: barnafræðslan fellur niður, og þá verða börn þeirra kjósenda, sem hafa sent þessa menn á þing, ólæs og óskrifandi eftir sem áður. Nú um nokkur ár hefir það varla þekst, að börn væru fermd ólæs eða óskrifandi, en komist þetta á, mun þeim fara sífjölgandi.

Jeg mun svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, þar eð aðalástæðurnar með og móti frv. hafa verið ræddar, en jeg vil aðeins benda á það, að frv. þetta er all-lævíslega samið. Skólanefndunum er gefin heimild til þess að losa sig við kennarana, án þess fært sje fyrir þá að skjóta nauðsyninni undir dóm fræðslumálastjórnarinnar, en um leið er reidd að sveitarstjórnunum sú svipa að taka á sig ½ dýrtíðaruppbót kennaranna, til þess að þær noti betur þessa heimild. Enda hefir hv. þm. Borgf. lýst yfir fylgi sínu við frv. af þeirri einu ástæðu. Jeg skal ekkert um það segja, hvort frv. verður samþ., en hitt er víst, að bæði kennarar og skólamenn óska þess ekki. Þeir vilja heldur, að höggvið sje hreinlega á sjálfan stofn fræðslulaganna en að það sje verið að kvista af honum grein eftir grein, þangað til stofninn fúnar niður. Jeg vil benda á, að þetta fræðslufyrirkomulag hjá okkur er ekki gamalt og hefir því ekki, eins og áðan var sagt, rjett venjunnar; en það hefir og á sjer annan rjett, — rjett hins nýja tíma, og af þeirri staðreynd, að þetta fyrirkomulag er nýtt, er einmitt ástæða til þess að ætla, að það sje ekki óþarft, heldur sje það stakkur, sniðinn eftir vexti og ásigkomulagi íslensks þjóðfjelags.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hafði ekki gert ráð fyrir því að taka til máls að þessu sinni, en þar sem jeg sje, að hart er veist að einstökum mönnum og að fjvn., verð jeg að gera grein fyrir minni afstöðu í þessu máli. Hitt þykir mjer litlu skifta, þótt þm. Reykv. gangi hart hver að öðrum, því þar eigast þeir einir við, sem jeg hirði aldrei þótt bítist. En það var viðvíkjandi orðum, sem beint var til fjvn., sem jeg tók til máls, sjerstaklega voru það orð hv. 4. þm. Reykv. (MJ), þar sem hann lagði út af orðum hæstv. atvrh. (MG). Hann sagði meðal annars, að það væri tilgangur nefndarinnar að fara aftan að fræðslulögunum og losna við alla fræðslu á þann hátt. Sömu orð fjellu frá háttv. þm. V.-Ísf. Jeg mótmæli því, að þetta hafi verið tilgangur nefndarinnar. Hún hefir aldrei ætlað að ríða slig á fræðsluna í landinu. Jeg get vitnað í því efni til ummæla háttv. 2. þm. Eyf. (BSt). Nefndinni gekk hið sama til og þegar hún samdi till. sínar um skólana; hún vildi koma á samræmi milli þess, sem kaupstaðirnir og sveitirnar legðu til fræðslumálanna. Eins og sakir standa, er svo miklu erfiðara að stunda fræðsluna í sveitum en kaupstöðunum, en þó greiðir ríkissjóður miklu meira til fræðslunnar í kaupstöðunum. Þetta var það, sem jeg vildi leiðrjetta, og fram á það fer þetta frv., að komið sje samræmi á það, sem ríkissjóður verði til kenslu í kaupstöðum og í sveitum. Það á því alls ekkert skylt við það, að ráðist

sje á fræðslufyrirkomulagið í landinu. — Að lokum vil jeg segja það, að þegar hjer í dag er rætt um talsvert merkileg mál, þ. e. fræðslumálin, finnur hæstv. forsrh. (JM) ekki ástæðu til þess að vera hjer viðstaddur. Þegar fjárlögin voru til umræðu, kom fram umkvörtun um, að hann væri þá hvergi nálægur, og einnig nú finn jeg ástæðu til að kvarta yfir því, að hann er hjer ekki viðstaddur.

Halldór Stefánsson: Af umræðunum um þetta mál er það bert, að skoðanir um einstök atriði þess eru nærri því eins margar og mennirnir eru margir. Af þeirri einu ástæðu virðist mjer ekki rjett að samþ. frv. Stuðningsmenn þess hafa fært fram þrjár ástæður, sem þeir hafa talið því til gildis. 1) að það hefði sparnað í för með sjer, 2) nauðsyn ríkissjóðs, að ljett sje gjöldum af honum, 3) að þetta sje í samræmi við rjetta hugsun. — Því hefir margsinnis verið mótmælt, að nokkur sparnaður væri í því fólginn að færa útgjöldin af einum á annan. Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að þetta væri sambærilegt við það, að hætt væri að leggja fje úr ríkissjóði til sýsluvega, en svo er alls ekki; mismunurinn er sá, að engin skylda ber til þess að vinna að vegalagningum í sýslunum. Í fræðslulögunum þar á móti liggur skyldukvöð á mönnum til þess að framkvæma þau. Þess þyrfti þá, að losa menn við skyldukvaðirnar, til þess að þetta gæti verið sambærilegt. (MG: Er ekki skylda að viðhalda sýsluvegunum?) Jú, en ekki að umbæta þá. Háttv. þm. A.-Sk. hjelt einnig fram sparnaðinum. En nú er það svo, að laun kennaranna og form og framkvæmd fræðslulaganna er fastákveðið af þinginu. Það yrði því að slá í sundur þennan ramma, eins og jeg hefi sagt áður, til þess að sparnaður gæti orðið að þessu. Háttv. þm. A.-Sk. hjet á menn til fylgis við frv., vegna nauðsynjar ríkissjóðs. Jeg skal ekki draga í efa, að nauðsynin er mikil. En hver hefir bundið ríkissjóði þennan bagga? Það voru ekki sveitirnar og ekki heldur bæjarfjelögin. Það var ríkisvaldið sjálft, þ. e. Alþingi. En nú vill það varpa af sjer þessari byrði og koma henni á herðar öðrum, án þess þó að gefa nokkur skilyrði til þess að geta risið undir henni. Ef þetta kæmist á, þá ætti ríkisvaldið að selja sveitarstjórnunum í hendur einhverja af þeim skattstofnum, sem það hefir, til þess að byggja á tekjur á móti til þess að standast þessi auknu útgjöld. En þegar ríkið heldur nálega öllum skattstofnunum fyrir sjálft sig, verður það einnig að bera útgjöldin. Þriðja ástæðan, að það sje rjett hugsun, að þeir borgi dýrtíðaruppbótina, sem launin greiða, og eftir sömu hlutföllum, er mjög athugaverð, eins og á stendur. Því mætti alveg eins snúa við, þannig, að það væri rjett hugsun, að ríkið gyldi öll laun. Ríkisvaldið hefir ákveðið þetta, án þess að ætla sveitarstjórnunum nokkurn skattstofn, og þess vegna ætti ríkið að bera allan kostnaðinn. — Þá hefir verið sagt um sum ákvæði frv., að það liti út eins og verið væri að koma aftan að fræðslulögunum. Jeg segi það ekki sem mína skoðun, þótt líkur megi nokkrar færa til þessa. En hjer er þó komið aftan að í öðrum skilningi, það er komið aftan að öllum almenningi, og á hann á að varpa útgjöldum, sem ríkisvaldið hefir ákveðið og því ber sjálfu skylda til að greiða, þar sem það eitt hefir vald yfir öllum skattstofnum.

Magnús Jónsson: Það lítur helst út fyrir, að þeir, sem leiddu þetta í lög 1919, hafi verið í meira lagi skammsýnir og ekki haft margar rjettar hugsanir í sínu höfði. Það er rjett hjá hv. 1. þm. N.-M. (HStef), að þingið hefir ákveðið kennurum allrífleg laun og dýrtíðaruppbót. En þingið fann, að það gat ekki verið rjett að skella þessum útgjöldum yfir á sveitirnar, og ríkissjóður varð að taka á sig mikil útgjöld til þess að halda þessu kerfi uppi. Það fellur um sjálft sig, sem hv. 2. þm. Eyf. (BSt) vitnaði í, er verið hafði áður en launalögin voru ákveðin. Það er eigi sambærilegt samkv. lögunum frá 1907 og eftir að þingið sjálft hefir ákveðið launin, því að alt fyrirkomulag var þá annað.

Ef þessu er velt yfir á sveitarfjelögin, liggur undanþága 3. gr. frv. beint við, ef sveitirnar treysta sjer ekki að rísa undir þessu. Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að í frv. væri reistur múr um það, að sveitirnir varpi þessu eigi af sjer. En hver ræður hjer? Með undanþágunni geta menn kastað þessu af sjer, með því að slá því föstu, að hægt sje að sjá fyrir fræðslu á annan hátt. Skólanefndunum er hjer með bent til þess, að þær skuli færa sjer þessa undanþágu vel í nyt, og þeim er gefið vald til þess. Ef lögin væru undanþágulaus, mætti segja, að skólanefndirnar væru bundnar. En eftir því sem frá þessu er gengið í frv., eru þetta hrein fjörráð við gildandi fræðslukerfi.

Jeg get ekki fallist á, að þetta sje ekki mentamál. Ákvæðin um laun kennaranna eru auðvitað ekkert sjerlegt mentamál, en hitt, hvort hjer sje verið að veitast að fræðslumálakerfinu eða ekki, er algert mentamál. Þetta mál er ekkert fjárlagamál, og þó það sje aðalstarf fjvn. að ráðstafa fje, er hún jafnan bundin af lögum um hver einstök atriði; vilji hún fá grundvelli laganna breytt, verður hún að snúa sjer til annara nefnda. Fjvn. á aðeins að fást við fjármálin, en það væri illur siður að leggja út á þessa braut, án þess að spyrja aðrar nefndir til ráða. En leiðast er, að þessu skuli öllu slegið upp í grímudansleik. Mjer þykir því gott, er einn leikendanna hefir þegar kastað grímunni, að nokkru leyti, en það var hv. þm. Str. (TrÞ). Hann sagði, að tilgangurinn með þessu frv. væri sá að koma sem mestum útgjöldum á bæjarfjelögin. Þetta er því aðeins til að koma gjöldunum á bæina. Reykjavíkurbær kostar nú á annað hundrað þús. kr. til kenslunnar. Það má vel vera, að eitthvað sje kent þar, sem ekki er nauðsynlegt til að fullnægja fræðslulögunum, en það kemur málinu ekkert við, þó að skólanefndir bæjanna tengi ýmsa aðra kenslu við sjálfa barnafræðsluna af „praktiskum“ ástæðum, enda eru kröfur fræðslulaganna lágmarkskröfur.

Það er líkt með þetta frv. sem annað frv., sem kom fyrir nokkrum árum frá sömu nefnd (fjvn). En þá bar nefndarmönnum ekki saman um tilgang frv. Hv. þm. Dala. (BJ) taldi engan sparnað að því, heldur væri frv. til þess eins að bæta fræðsluna, en hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) taldi það hreint sparnaðarmál. Nú leggja sumir aðaláherslu á 3. gr., og undanþáguna megi ekki missa, en aðrir leggja aðaláherslu á að færa gjaldabyrðina til. En jeg held, að best sje að vita í hverju máli, út í hvað er stefnt með því. Og um þetta mál er það að segja, að það getur enginn sparnaður að því orðið, nema hann sje að

finna í 3. gr., að velta byrðinni á sveitafjelögin og bæina og láta þá svo losa sig við kennarana með 4 mánaða fyrirvara.

Magnús Guðmundsson: Mjer skildist á hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að hann teldi frv. þetta ekki leiða til neins sparnaðar, en þó hjelt hann, að ef það næði fram að ganga, þá myndi hverjum kennara á fætur öðrum verða sagt upp. Jeg held, að í þessu felist talsvert ósamræmi, því verði kennurum fækkað við það, þá er þó að því vitanlegur sparnaður. Hinsvegar verð jeg að halda því fram, að það sjeu öfgar, að kennurum verði sagt upp starfinu í hópum. Þó býst jeg við, að einhversstaðar megi komast af með færri kennara, og þá auðvitað sjálfsagt að losna við óþarfa embættismenn í þessari stjett sem hverri annari.

Þá þóttu mjer það lítil meðmæli með núgildandi fræðslufyrirkomulagi, að það fari í vöxt, að börn, ólæs og óskrifandi, sjeu fermd. Jeg hefði þó búist við, að ástandið hefði í þessu efni farið heldur batnandi, að minsta kosti gæti maður vænst þess, eftir þeim kostnaði, sem barnafræðslan hefir í för með sjer fyrir þjóðina.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) sagði, að ríkið ætti að kosta alla barnafræðslu, vegna þess, að það rjeði yfir öllum skattstofnunum, og að þingið hefði dembt þessari byrði á sveitarfjelögin að þeim fornspurðum og án fyrirvara. Þess er þó að geta, að fyrir 1919 var í Reykjavík og víðast annarsstaðar varið miklu fje úr bæjar- og sveitarsjóðum til barnafræðslunnar. Því verður varla annað sagt en barnafræðslunni sje komið á af þjóðinni sjálfri. Og hvað tekjustofnunum viðvíkur, þá er þess að gæta, að sveitarfjelög og bæjarfjelög hafa rjett til að leggja á menn útsvar eftir efnum og ástæðum.

Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) kvað fræðslulögin mjög götótt, þannig, að fara mætti mjög illa með þau. Það er mikið, að hv. mentmn. skuli ekki hafa reynt að troða í þau göt. Það hefir hún ekki gert. En það hygg jeg, að kennurum sje sama, hvaðan þeim koma launin. Jeg held því, að hv. mentmn. hafi haft eins mikla ástæðu til að taka að sjer til athugunar 15. gr. fjárlaganna. Það var farið fram á mikla lækkun á opinberum gjöldum til bókmenta, vísinda og lista, en sá er munur á lækkuninni á þeim lið og minkuninni á útgjöldum ríkisins til fræðslumálanna, að vísindin og listirnar fá hvergi greidda lækkunina, en til fræðslumálanna verður varið, að sögn nefndarmanna sjálfra, fje eftir sem áður, aðeins verður það fje tekið annarsstaðar frá.

Þorleifur Jónsson: Það hafa þegar komið fram ýmsar mótbárur gegn frv. þessu, og hefir hv. þm. Str. (TrÞ) og hæstv. atvrh (MG) svarað ýmsum þeirra.

Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) leit svo á, að frv. þetta væri á takmörkum þess, að geta talist sæmilegt. Jeg veit náttúrlega ekki, hvernig hann kemst að þeirri niðurstöðu, en það veit jeg, að fjvn. var ekkert ósæmilegt í hug, þegar hún samdi frv. þetta. Hann taldi, að með þessu væri verið að vega aftan að fræðslulögunum. En jeg get frætt hann á því, að mikill meirihl. nefndarmannanna var mjög mótfallinn því að takmarka barnakensluna, en hinu bjóst hann við, að bæirnir, einkum hinir stærri kaupstaðir, myndu geta lagt

meira á sig fyrir hana en þeir gera nú.

Þá taldi hv. sami þm. (MJ) ákvæðin í 3. gr. frv. sýna bera lævísi nefndarinnar. Jeg get nú ekki sjeð, að nein lævísi sje í því fólgin, þó dóms- og kirkjumálaráðherra sje heimilað að segja upp kennurum, eftir ósk skólanefnda. Jeg er þess líka fullviss, að sumstaðar myndi mega spara eitthvað í kennarahaldi, t. d. með því að láta börnin koma til kenslu annanhvern dag og komast þannig af með einn kennara í stað tveggja. En einmitt það fyrirkomulag hefir góður kennari á Austurlandi, sem jeg hefi átt tal við, talið mjög heppilegt fyrir börnin. Jeg treysti því líka, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið myndi hafa umsjón með því, að öðrum kennurum væri ekki sagt upp en þeim, sem vel mætti komast af án eða óþarfir mættu teljast.

Aðalástæðan á móti frv. hefir þó verið talin sú, að enginn sparnaður væri að því. Það er vitaskuld, að einhver þarf að borga brúsann. En á það má minna, að fyrir 1919 urðu bæjar- og sveitarfjelög að borga mestallan kostnað af barnafræðslunni; þá var aðeins veittur lítil' styrkur til hennar. Það er satt, að bæjar- og sveitarfjelög vantar fasta tekjuliði, en þau hafa þar á móti rjett til að leggja á menn aukaútsvar eftir efnum og ástæðum, og þó það þyki kanske ekki altaf koma sem rjettlátast niður, þá held jeg þó, að það sje engu óheppilegra öðrum gjöldum. Og jeg held, að ekki myndi nein þörf kensla falla niður við þetta fyrirkomulag í sveitunum eða stærri bæjum, heldur myndu menn reyna að kljúfa kostnaðinn.

Þá hjelt háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) því fram, að allri fræðslu í landinu myndi mjög hraka við þetta, eða jafnvel fara alveg í kaldakol. Við þetta er jeg ekki svo mjög hræddur. En það er þá heldur ekki góður vottur um ágæti þess fyrirkomulags á barnafræðslunni, sem nú er ríkjandi, ef það er satt, að það fari í vöxt, að börn sjeu fermd ólæs og óskrifandi, eins og sami hv. þm. (ÁÁ) sagði. Raunar hygg jeg, að slíkt þekkist mjög óvíða í sveitum, og var jafnvel fátítt áður en lögin gengu í gildi.

En frá sjónarmiði fjvn. er þetta auðvitað fyrst og fremst sparnaðarmál. Og þó kostnaðurinn við barnafræðsluna verði í sjálfu sjer samur eftir sem áður, þá lendir hann hjer eftir á fleirum og þó ekki þungt á neinum.

Viðvíkjandi brtt. þeirri við 1. gr. frv., sem fram er komin, skal þess getið, að bót er að frv., þó hún verði samþ. Eins og auðsætt er, þá liggur aðalsparnaðurinn í 2. gr.

Frsm. meirihl. (Sigurjón Jónsson): Hv. frsm. fjvn. (ÞórJ) sagði, að því meira sparaðist sem kaupstaðirnir væru látnir greiða meira. En hæpin ályktun verður þetta að teljast. Þess er að gæta, að bæirnir bera nú þegar svo mikil og margvísleg gjöld, að gæta verður allrar varkárni í því að bæta á þá nýjum útgjöldum. Og þó mikið af kostnaðinum við berklavarnirnar verði, eins og hv. þm. (ÞórJ) gat um, flutt yfir á sveitar- og bæjarfjelög, þá er af þeim sökum engin meiri ástæða til að leggja þennan bagga á þau líka. Jeg veit heldur ekki, hversu mikill sparnaður yrði að þessum lögum í styttri kenslutíma og minkuðu kaupi kennaranna, enda geri jeg ekki ráð fyrir, að sá hafi verið tilgangurinn með frv. Meiningin hefir,

að því er sjeð verður, aðeins verið sú að flytja hlutfallslega meira af kostnaðinum yfir á bæina. Það er m. ö. o. hinn gamli reipdráttur milli sveita og kaupstaða, sem hjer er að stinga upp höfðinu. En sje þetta rjett ágiskað hjá mjer, þá þurfa menn engu að síður að athuga og bera saman, hvað ríkissjóður fær af tekjum sínum úr bæjunum og hvað úr sveitunum.

Annars er það einkennilegt, að stuðningsmenn þessa frv. eru ekki á eitt sáttir um þau rök, sem fyrir því liggi. Jeg fyrir mitt leyti er í engum vafa um það, að ákvæði 3. gr. muni mjög draga úr því, að fræðslulögunum verði fram fylgt. Kom þetta einmitt til orða í mentmn. Afleiðingar laganna 1922 urðu þær, að á einum vetri bættust við 23 fræðsluhjeruð, sem notuðu sjer undanþáguna frá því að hafa kennara, og ljetu sjer nægja að hafa óvalda menn til eftirlits.

Jeg vil taka undir með þeim mönnum, sem heldur vilja róta niður fræðslukerfinu heldur en að grafa undan því ræturnar. Það væri miklu hyggilegra að fresta fræðslulögunum eða nema þau úr gildi.

Samkv. 2. gr. l. 1922 geta sveitir en ekki kaupstaðir fengið undanþágu frá að hafa kennara. Þetta þykir sumum að þurfi að samræma með ákvæði um, að kaupstaðirnir geti losað sig við kennarana með sömu skilyrðum og sveitahjeruðin.

Að öllu athuguðu verðum við að skoða mál þetta á þeim grundvelli, hvort rjett sje að velta slíkum skyldum sem þessum yfir á kaupstaðina og sveitarfjelögin. Og þar sem ríkissjóður innheimtir nú ýmsar tekjur sínar með gullgengi og fær þannig sína dýrtíðaruppbót, þá sýnist ríkissjóður einnig eiga að bera uppi dýrtíðaruppbótina á gjöldum samkv. fræðslulögunum.

Frsm. minnihl. (Bernharð Stefánsson): Því hefir verið haldið fram, sjerstaklega af hv. þm. V.-Ísf., að ef frv. þetta yrði samþ., þá myndi öll kensla í landinu falla niður. En fyrir það ætti þó að vera girt, ef brtt. minnihlutans verða samþ., og hygg jeg, að þá myndi fræðslukerfið engan skaða líða, þó frv. yrði að lögum. Hjer er aðeins verið að flýta fyrir því, sem á að verða, að ríkissjóður annarsvegar og bæjar- og sveitarsjóðir hinsvegar greiði sinn helming kostnaðarins hvorir.

Jeg hafði tekið það fram, að það, sem orsakaði mitt fylgi við frv., var það, að í því væri rjett hugsun. En hv. 1. þm. N.-M. (HStef) telur aftur á móti, að hugsunin, sem ligur á bak við það, sje röng, og hann byggir þá skoðun sína á þeim rökum, að fyrst ríkið hafi bundið þennan bagga, þá sje rjett, að ríkissjóður beri byrðarnar af honum. En er þetta rjett athugað? Fyrst er á það að líta, að áður en fræðslulögin gengu í gildi, þá kostuðu bæði bæir og sveitir viða opinber barnakensla, og frá 1907—1919 borguðu þau algerlega kostnaðinn af kenslunni, nema hvað þau fengu nokkurn styrk til hennar almennt úr ríkissjóði. Jeg get því ekki sjeð, að þessi rök hv þm. (HStef) sjeu veigamikil.

Þá hefir mátt á sumum skilja, að þeir teldi eitthvað hulið liggja að baki þessu frv., og ætti sumum að ganga það til að leggja niður barnafræðsluna, en fyrir okkur sveitamönnunum ætti það að vaka, að velta kostnaðinum yfir á bæina. Kvað hv. 4. þm. Reykv. (MJ), að hv. þm. Str. hefði nú varpað af sjer

grímunni í þessu efni. Jeg kannast nú ekki við þetta, og kannast heldur ekki við, að jeg hafi neinni grímu að kasta í þessu máli. Held jeg líka, að það hafi ekki verið tilgangur neins að leggja hlutfallslega meiri byrðar á kaupstaðina en sveitirnar. En hitt er augljóst, að nú sem stendur verða sveitirnar fyrir rangsleitni, þar sem þær bera einar alla dýrtíðaruppbót á launum kennaranna að svo miklu leyti sem þau greiðast í öðru en peningum.

Jeg get ekki skilið það, hvernig nokkur fer að kalla það, að verið sje að velta byrði yfir á bæina, þó sveitirnar krefjist jafnrjettis við þá. Hinsvegar hafa sveitirnar borgað tiltölulega meira.

Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) var að tala um, að reiptog ætti sjer stað í þessu máli sem öðrum, milli bæja og sveita. Hann var að segja, að ríkissjóður fengi meira fje frá bæjunum. Í því sambandi má minnast á það, hvaða tekjur bæirnir hafa af sveitunum. Hvernig er það með verslunina? Þó búðirnar sjeu í bæjunum, koma margar vörur utan af landi, og mikið fje rennur þaðan inn fyrir aðkeyptar vörur. Þetta verður líka að athugast, þegar rætt er um tekjur ríkissjóðs frá bæjum og sveitum.

Ásgeir Ásgeirsson: Hæstv. atvrh. (MG) hafði það eftir mjer, að jeg teldi engan sparnað verða af frv. þessu, en í öðru lagi, að það myndi valda því, að ýmsum kennurum yrði sagt upp. Þetta er misskilningur. Mín meining var sú, að enginn sparnaður yrði, nema kennurunum væri sagt upp víða, þar sem þörf er á þeim.

Bæði hjá honum og hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) virtist þessi tilgangur frv. skína í gegn. Þeir virtust halda, að til væru margir kennarar, sem óþarfir væru. Jeg ætla, að kennaratalan sje í hverju hjeraði miðuð við fjölda barnanna, og jeg held, að sú tilfinning sje svo rík til sveita að hafa enga óþarfa kennara, að hún ein dugi og þurfi ekki ný lagaákvæði til að koma í veg fyrir slíkt.

Mjer var einnig borið á brýn, að jeg teldi fleiri börn ólæs nú en áður en fræðslulögin komu. Það hefi jeg aldrei sagt, aðeins hitt, að fleiri börn væru ólæs nú heldur en fyrir nokkrum árum. Síðan 1914 hefir ástandið, hvað fræðslumálin snertir, farið versnandi. Frá því fræðslulögin komu og fram að stríði var óvenjumikil breyting. Mátti heita svo 1914, að þau væru alveg komin í gildi, og hygg jeg, að hvergi hafi fljótar eða betur tekist að koma slíkum lögum á. Sýnir það, að þau eru sniðin eftir okkar þörfum og menningu.

En er erfiðleikar stríðsáranna komu, var farið að draga úr framkvæmdum og eins síðar, þegar örðugt fór að verða fyrir ríkissjóði. Þessar vandræðatilraunir hv. Alþingis eiga sök á því, að nú eru til ólæs börn á fermingaraldri. 1922 var lögleidd sú undanþága, að hrepparnir þyrftu ekki að halda uppi venjulegri fræðslu. 25 hreppar hafa þegar notað sjer þá undanþágu. Þetta þótti þá stórsigur, þó aðeins nokkur þús. kr. hafi sparast, en aftur á móti hafa mörg börn verið svipt bráðnauðsynlegri fræðslu. Nóg er það, að þessari barnalegu rjettlætiskröfu sveitanna væri hlýtt, þó nú væri ekki farið að leiða þá bölvun yfir kaupstaðina.

Því hefir verið haldið fram, að frv. sje til þess, að sveitirnar nái rjetti sínum. En það er ekki gert með því, að kaupstaðirnir verða að búa við jafnharða kosti. Ef slíkt ætti að gerast, hefði

frv. orðið að fara fram á, að aukinn væri fræðslustyrkur við sveitirnar. Enginn rógur milli sveita og kaupstaða á að heyrast nefndur í slíkum málum. Börnin eru börn og eiga jafnan rjett til fræðslu, hvort sem þau eiga heima í sveit eða í kaupstað.

Jeg sagði, að það væru þau börn ein, sem ekki hafa notið fræðslu samkv. fræðslulögum, sem nú eru ólæs, þau börnin, sem goldið hafa fleyganna, sem settir hafa verið í fræðslulögin, og óska jeg ekki, að þau verði fleyguð enn meir, svo þau verði að lokum ónýt eins og bannlögin; svo má fleyga fræðslulögin, ef haldið er áfram, að þau verði ónýt og allir missi trú á þeim. Annaðhvort er að halda lögunum eins og þau eru og reyna að bæta þau, eða þá að svifta þeim alveg af og hverfa til einhvers annars fyrirkomulags, sem þá væri upp tekið.

ATKVGR.

Brtt. 220, (ný 1. gr.) samþ. með 15 : 1 atkv.

2. gr. samþ. með 14 : 10 atkv.

Brtt. 232 (ný 3. gr.) samþ. með 17 : 5 atkv.

4. gr. samþ. með 14 : 7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, BSt, HK, IngB, JAJ, JK, JS, JÞ, KlJ, MG, MT, PO, PÞ, BSv.

nei: SigurjJ, SvÓ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef, JakM, JBald, JörB, MJ.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Á 37. fundi í Nd. mánudaginn 31. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 245, 257).

Frsm. minnihl. (Bernharð Stefánsson): Jeg gat þess við 2. umr., að ef brtt. hv. fjvn. yrðu samþyktar, myndi jeg koma fram með brtt. við 3. gr. frv. við þessa umr. Hún er, eins og hv. deild hefir sjeð, í tveim liðum. Fyrri liðurinn er í því fólginn, að í stað 4 mánaða uppsagnarfrests komi 6 mánaða frestur. Legg jeg þó ekki mikla áherslu á þetta atriði. Hinn liðurinn er á þá leið, að í stað þess að dóms- og kirkjumálaráðuneytið segi kennurum upp, ef fræðslunefndir t e l j i þá óþarfa, komi, að þær s a n n i það. Það hefir verið talað um, að þetta frv. væri komið fram til að skaða og skerða barnafræðsluna í landinu. Jeg hefi nú ekki haldið því fram, og víst er það, að hver sá, er ekki ætlast til að frv. hafi þann tilgang, getur greitt þessum brtt. atkvæði. Ef til vill má deila um það, hvernig fara eigi að því að sanna, hvort kennarar sjeu nauðsynlegir eða ekki, en þar finst mjer, að hlutaðeigandi ráðuneyti verði að skera úr. Þar sem svo er til orða tekið, að stjórnin eigi að segja upp óþörfum kennurum, finst mjer, að hún hljóti að verða við öllum rjettmætum óskum í því efni. Jeg tek það fram, að jeg vil einkum leggja áherslu á síðari lið brtt. minnar.

Jakob Möller: Þar sem umr. bæði nú og áður hafa farið fram, án þess, að hv. kenslumálaráðherra hafi átt kost á að láta skoðun sína í ljós hjer í deildinni, finst mjer ekki vel sæma að afgreiða málið við svo búið úr deildinni. Vildi jeg því spyrja hv. forseta, hvort ekki væri rjett að taka málið út af dagskrá að þessu sinni. Það hefir verið sagt,

að þetta væri fjárhagsmál. En því hefir líka verið haldið fram, og jeg býst við, að helmingur deildarinnanr sje sammála um það, að það sje víðtækara og geti haft skaðleg áhrif á unglingafræðslu í landinu. Finst mjer því, að rjett sje að bíða umsagnar hv. kenslumálaráðherra í þessu máli.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg vildi heldur leggjast á móti því, að frv. verði tekið út af dagskrá. Jeg býst við, að ástæður til þess, að forsrh. hefir eigi látið skoðun sína í ljós hjer í deildinni, sje sú, að hann ætli að láta sjer nægja að skifta sjer af því í efri deild.

Jeg skal geta þess, að þegar dýrtíðaruppbót kennara var fyrst komið á, þótti ekki fært að leggja þá byrði á sveitarfjelögin. Hvað mun þá nú vera? Ef ríkissjóður varpar bagganum á sveitar- og bæjarfjelög nú, þegar mest kreppir að þeim, mun reyndin verða sú, að þau varpa honum aftur af sjer yfir á heimilin, og afleiðingin verður sú, að sumstaðar verður ekkert kent og sumstaðar með miklu meiri kostnaði en áður. Með frv. þessu er tekið fram fyrir hendurnar á forsrh. og honum sýnt grímuklætt vantraust, án þess, að hann hafi í þessu efni gefið ástæðu til, en gjaldþoli sveitarfjelaganna ofþyngt að sama skapi. Jeg vona því fastlega, að hv. deild beri gæfu til að fella þetta frv.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. þm. V.-Ísf. sagði, að jeg hefði viðurkent, að dýrtíðaruppbótin væri of þung byrði fyrir sveitarsjóðina. Jeg sagði, að svo hefði verið í upphafi; en nú, þegar hún er orðin meira en helmingi lægri en hún var þá, horfir málið öðruvísi við. Hann talaði um, að verið væri að draga valdið úr höndum forsætisráðherra með þessu. Jeg sje ekki, að hægt sje að ætlast til, að hann sje alstaðar kunnugur, og síst er hjer nokkur hætta á ferðum í þessu efni, ef till. á þskj. 257 verður samþ. Hvað viðvíkur lengingu uppsagnarfrestsins, þá álít jeg, að slíkt sje óþarft með öllu. Fjögra mánaða frestur er meira að segja einum mánuði lengri en gerist. Vantraust það á forsrh., er hv. þm. V.-Ísf. var að tala um, er vitanlega aðeins talað út í loftið. Jeg bjóst satt að segja við, að málið væri útrætt. Þetta er aðeins fjárhags- eða launamál, þótt sífelt sje blandað inn í það óskyldu máli, barnakenslunni yfirleitt. Jeg sje ekki annað en að barnakennurum megi standa á sama, hvaðan þeir fá laun sín. Eða hví er mönnum svo umhugað um að hafa fleiri kennara en þörf er á til framkvæmdar fræðslulaganna?

Forsætisráðherra (JM): Jeg ætla mjer ekki að skifta mjer af þessu máli hjer í deildinni, en ætla að geyma afskrift af því, uns það kemur til Ed., þar sem jeg á þingmannssæti.

Það, sem helst snertir kenslumálaráðherra, sem ekki þarf endilega að vera forsætisráherra um leið, er það, hve mikinn íhlutunarrjett stjórnin hefir um uppsögn kennara. En eins og jeg hefi sagt, ætla jeg að geyma mjer öll afskifti af þessu máli til efri deildar, og vonast til, að málinu seinki hjer ekki meir en orðið er.

Magnús Torfason: Eg vil endurtaka það, sem sagt hefir verið hjer af andstæðingum þessa frv., að með þessu er verið að leggja óbærilegan skatt á sveitar- og bæjarfjelög. Þau gátu ekki risið undir dýrtíðaruppbótinni 1919, og þá

geta þau það því síður nú, enda þótt uppbótin hafi lækkað. Þetta frv. gengur því í þá átt að minka kensluna yfirleitt. Vjer höfum ekki fengið að heyra hvað hæstv. forsrh. leggur til málanna, og jeg get ekki skilið það öðruvísi en að hann vildi komast hjá að lenda í andstöðu við hina ráðherrana hjer í deildinni. Er alveg óviðeigandi að ráða þessu máli til lykta, án þess að hafa borið sig saman við forsrh. og fræðslumálastjóra.

Það hefir verið tekið hjer fram, að þetta frv. gengi aðeins í þá átt að hafa vasaskifti, að taka úr öðrum vasanum til að drýgja í hinum. Jeg get ekki sjeð, hvað er unnið með þessu. Báðir vasarnir eiga að annast útgjöld landsmanna, hver á sína vísu, og í báðum er fje sömu gjaldþegna. Mjer skilst líka, að sveitirnar geti ekki notað uppsagnarfrest þann, sem gefinn er í 3. gr. frv., til þess að segja kennurum upp áður en byrðinni er velt á þær. Jeg get því ekki verið með þessu frv., nema í því verði ákvæði um að fresta framkvæmd 2. gr. nokkuð, t. d. til 1927. Jeg hefi ekki litið á frv. frá hlið barnakennara, en jeg skil vel, að slík ákvæði komi allilla við þá og sanngjarnt sje, að þeim sje veittur nokkur frestur áður en þeir eru settir út á klakann. Og það því fremur sem þetta er einhver þjóðnýtasta embættismannastjettin.

Jakob Möller: Jeg vil enn beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann taki þetta mál af dagskrá, með því að kenslumálaráðherra, hæstv. forsrh. (J-M) hefir ljóslega lýst afstöðu sinni gegn frv., þó að ekki tæki hann annan veg til orða en að deildin „gæti gert það, sem henni sýndist í málinu", því í þeim orðum liggur það, að hann vill enga ábyrgð bera á afleiðingunum og telur óforsvaranlegt að samþykkja frv.

Fjármálaráðherra (JÞ): Út af ósk hv. 3. þm. Reykv. um það, að málið verði tekið út af dagskrá, þá vil jeg mótmæla því fyrir hönd fjvn. Jeg sje heldur enga ástæðu til þess, að málið verði tekið út af dagskrá.

Það er búið að ræða svo mikið um þetta mál, að hv. þdm. eru vafalaust búnir að ráða við sig, hvernig þeir greiða atkv. Það mundi því aðeins tefja málið, ef nú væri farið að taka það út af dagskrá.

Jeg mun ekki tala hjer langt mál. En jeg vil geta þess út af brtt. 2. þm. Eyf. (BSt) á þskj. 257, að fjvn. hefir ekki haft tíma til að athuga þær. Mjer virðast þessar brtt. þó fremur til spillis, og mun jeg fyrir mitt leyti ekki fylgja þeim. Jeg held, að það geti verið vafningasamt fyrir bæjarstjórnir og fræðslunefndir að færa sönnur á það, að ekki sje þörf fyrir kennarann. Komi mótmæli frá kennaranum, hlýtur að lenda í þjarki, og illt úr því að skera fyrir stjórnina. Við höfum gengið út frá því í nefndinni, að skóla- og fræðslunefndir mundu ekki segja kennurum upp, ef brýn þörf væri fyrir þá. Það er verkefni fræðslunefnda að sjá um það, að börnin fái þá kenslu, sem fræðslulögin mæla fyrir, og því ekki hætta á því, að þær beiti þessu valdi freklega.

Ásgeir Ásgeirsson: Hæstv. atvrh. (M-G) hefir dregið í efa, að í frv. felist nokkurt vantraust á kenslumálaráðuneytinu. En einn hv. þdm. hefir við 2. umr. þessa máls sagt, að það hafi hingað til reynst ómögulegt að losna við óþarfa kennara, vegna hlutdrægni

kenslumálaráðuneytisins. Það þarf því ekki frekar vitnanna við um það, að með frv. er lýst vantrausti á núverandi forsrh. (JM), ef taka á úrskurðarvaldið í þessum efnum undan valdi forsrh.

Það er nauðsynlegt, að kenslumálaráðuneytið hafi hjer úrskurðarvald, því skólanefndum getur gengið margt annað til en að breyta tilhögun kenslunnar til batnaðar. Þegar velt er yfir á sveitarsjóðina aukinni gjaldabyrði, sem hætt er við að verði í ýmsum tilfellum svo þung, að sveitirnar fái tæplega undir risið, þá er hætt við, að þetta verði notað án tillits til þess, að það geti haft stórspillandi áhrif á kensluna. Vegna þessa er nauðsynlegt, að kenslumálaráðherra hafi hjer úrskurðarvald um uppsögn kennara. Og það verður enn nauðsynlegra, ef það verður samþykt hjer, að sveitarsjóðir greiði ½ dýrtíðaruppbótina.

ATKVGR.

Brtt. 257 a feld með 13 : 6 atkv.
— 257 b samþ. með 13 : 10 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, ÞórJ, BSt, HK, IngB, JK, JS, JÞ, KlJ, MG, PO, PÞ, BSv.

nei: SvÓ, ÁF, ÁÁ, BL, HStef, JakM, JAJ, JBald, JörB, MJ, MT, SigurjJ.

Þrír þm. (ÁJ, BJ, TrÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., þriðjudaginn 1. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 268).

Á 38. fundi í Ed., fimtudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Sigurður Eggerz: Jeg mun láta mjer nægja að segja í þessu máli aðeins orfá orð við þessa umr.

Jeg álít það mjög varhugavert að leggja þessar greiðslur á bæjar- og sveitarfjelögin. Mun það skapa mikla óánægju og tilhneigingu til þess að losa sig við sem flesta kennara. Þó tímarnir sjeu örðugir, megum vjer ekki vera án menningarinnar. Í því liggur hinn mikli kraftur menningarinnar, að enginn eins og hann drepur niður stjettamismuninn og færir menn nær hver öðrum.

Með þessu frv. er lagður grundvöllur til þess, að þeir fátæku munu eiga örðugt með að láta menta börn sín, en þeir ríku geta auðvitað altaf sjeð sínum börnum fyrir fræðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til mentamálanefndar með 9 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., laugardaginn 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 268, n. 338).

Frsm. (Sigurður Eggerz): Þetta mál, sem hjer liggur fyrir, hefir tvær hliðar, aðra fjárhagslega, en hin snýr að alþýðumenningu vorri.

Ef árið 1924 er lagt til grundvallar, mun áætlað, að hægt sje að spara landssjóði útgjöld, er nema 80 þús. kr. En þessi útgjöld, sem sparast, eru aðeins færð yfir á bæjar- og sveitarfjelögin. Á Reykjavík mundi koma 25 þús. kr., á aðra kaupstaði um 22 þús. kr. og á sveitarfjelögin um 34 þús. kr. Er mikil

spurning, hvort bæjarfjelögin eru fær um að taka á sig þessar gjaldabyrðar af ríkissjóðnum. Hefir bæjarfjelögunum ekki verið sjeð fyrir neinum nýjum tekjustofnum, en skattar á landsmenn þó verið þyngdir að mun á þessu þingi. Lít jeg svo á, að það sje ekki verjandi, fjárhagslega sjeð, að fara þessa leið.

Hjer er ekki um neinn þjóðarsparnað að ræða, heldur hvort er færara að bera þessi gjöld, ríkissjóður eða sveitar- og bæjarfjelögin.

Þá er hin hlið málsins, sú, sem að menningu þjóðarinnar lýtur. Það er óþarfi að undirstrika það, að þessi aukagjaldabyrði á sveitunum mundi skapa andúð gegn alþýðumentun. Margir, sem ótrú hafa á alþýðumenningu vorri, mundu grípa tækifærið og draga úr útgjöldunum til hennar. Sú alda fór einu sinni yfir þetta land, að sjálfsagt þótti að ráðast á embættismannastjettina fyrir það, hve mikil laun hún bar úr býtum. Nú er þessi alda hjöðnuð. Enda var hún ástæðulaus orðin, því að laun flestra embættismanna eru síst hærri en hæfilegt er, og margra jafnvel bágborin. Nú hefir úlfúðinni verið snúið gegn kennarastjettinni, og er reynt að vekja öfund á því, hve mikið þeir beri úr býtum.

Kennarar eiga og hljóta að njóta samúðar löggjafarvaldsins. En til þeirra verður að gera miklar kröfur, því að starf þeirra með þjóðinni er svo afar þýðingarmikið. Jeg er sannfærður um, að ekkert verður til þess að tryggja framtíð þjóðar vorrar betur en aukin menning. Álít jeg það nauðsynlegt, ef þjóðin á að fá staðist ýmisleg óholl áhrif, sem að henni munu steðja, bæði að utan sem innan.

Fjárhagslega sparast ekkert við frv. fyrir þjóðarheildina, en menningarlega er það spor aftur á bak. Því er sjálfsagt að fella það.

Forsætisráðherra (JM): Háttv. frsm. (SE) benti rjettilega á, að aðalatriðið væri, hvort ríkissjóður eða sveitarfjelögin ættu að bera uppi dýrtíðaruppbótina. Þetta hefir verið deilumál bæði fyr og síðar. Áður var talið, að sveitirnar ættu að kosta barnafræðsluna að öllu eða mestu, og svo mun það vera víðast um heiminn, að sveitirnar kosta almenna barnafræðslu. Þegar launalög barnakennara voru samþykt, var ætlast til, að útgjöldunum yrði skift á milli ríkissjóðs og sveitanna. Hið sama var uppi, er dýrtíðaruppbótin kom. Jeg álít sanngjarnt, að þessum útgjöldum sje skift á milli sveitar- og ríkissjóðs, sem næst því, sem hjer er farið fram á. Er mjer og ljóst, að þetta er í sjálfu sjer enginn ábati fyrir þjóðina. Verður hjer altaf metingur milli sveitar- og ríkissjóðs. Veit jeg ekki, hve miklu þetta mundi nema meðalsveit, en varla mundi það sliga suma kaupstaðina, t. d. Reykjavík. Satt að segja þótti mjer þingið gróflega örlátt, þegar það ljetti af Rvík meir en 100 þús. kr. útgjöldum. Öllum verður hjer aldrei gert til geðs, og er víst, að sveitirnar kvarta jafnvel undan þeim kostnaði, sem þær verða nú að bera. Sje jeg þó ekki ástæðu til þess að hlífa þeim við þessum kostnaði.

Hin atriði þessa máls eru lítils virði. Tel jeg það mjög eðlilegt og rjett, að reynt sje að losna við þá kennara, sem óþarfir eru, og þeir fluttir þangað, sem þeirra er þörf.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Hæstv. forsrh. (JM) sagði, að sveitirnar og

kaupstaðina mundi ekki muna mikið um þessa útgjaldaaukningu. Jeg er hræddur um, að þau líti öðruvísi á þetta. Nýlega átti jeg tal við mjög merkan mann úr sveit. Undraðist hann stórum og spurði, hvort þingið virkilega ætlaði að leggja þessa byrði á sveitarfjelögin. Hann mun ekki sá eini. Stjórnin mun eiga eftir að verða þess vör.

Fyrir 2 árum voru samþ. lög, sem heimila sveitunum að leggja niður skóla og koma upp farkenslu í þeirra stað. Er í sjálfum kennaralaunalögunum næg heimild til þess að segja kennurum upp stöðu þeirra, vegna breytinga á fræðslufyrirkomulaginu. Jeg skildi á hæstv. forsrh. (JM), að hann í raun og veru væri hlyntur alþýðumentun vorri. En ef svo er, þá hefði hann aldrei lagt til, að bætt væri gjöldum á sveitirnar, ef hann hefði athugað áhrif þess. Það er hin harðasta árás, sem unt er að gera á alþýðumentun vora.

Um þetta þýðir ekki að halda lengri ræðu. Hv. deild verður að skera úr því, hvort hún telur rjett að færa þessi gjöld af ríkissjóði yfir á sveitarsjóðina. Því um fjársparnað fyrir þjóðina í heild er ekki að ræða hjer. Vænti jeg samt, að hv. deild fallist á till. nefndarinnar og felli frv.

Einar Árnason: Jeg skal strax geta þess, að mjer finst frv. þetta ekki vera eins fráleitt eins og hv. frsm. (SE) vildi halda fram. Taldi hann meðal annars, að með því væri verið að gera harða árás á sveitarsjóðina, því að þeim væri íþyngt svo mjög í útgjöldum með því. Jeg er alveg viss um, að hv. frsm. hefir ekki kynt sjer sem skyldi, hvað frv. þetta, ef það yrði samþykt, mundi í raun og veru auka hreppunum mikil útgjöld. (SE: Jú, vissulega, full 33 þús.) Já, mikið rjett, en hvað kemur þá niður á hvern einstakan hrepp? Getur hv. frsm. svarað því? Jeg býst við ekki; skal jeg því, honum til upplýsingar, nefna dæmi: Í mínum hreppi, sem er meðalhreppur, hefir kenslu verið haldið uppi fyllilega þann tíma, sem ákveðinn er í fræðslulögunum, sem sje 6 mánuði. Hefir allur kostnaðurinn orðið um 1200 kr. Kæmist nú breyting sú á, sem frv. gerir ráð fyrir, myndi kostnaðurinn aukast um ca. 76 krónur. Sjá því allir, að svona lítinn kostnaðarauka munar hverja einstaka sveit mjög lítið um.

Þegar lög þessi, sem nú á að breyta, voru samin, 1919, var fyrst ætlast til, að sveitirnar borguðu dýrtíðaruppbótina í sömu hlutföllum og launin. En eins og kunnugt er, var haldið fram á því þingi, að ríkissjóður gæti helst borgað alt mögulegt; komst því inn í frv., að ríkissjóður skyldi borga alla dýrtíðaruppbótina.

Annars skal jeg viðurkenna það, að það skiftir ekki mjög miklu máli, hvort frv. þetta verður samþykt eða ekki, því að eins og háttv. frsm. (SE) tók fram, hefir það engan sparnað í sjer fólginn fyrir þjóðina í heild sinni, þar sem gjaldið er aðeins fært af ríkissjóðinum yfir á sveitarsjóðina.

Jeg efast um, að hv. nefnd hafi skilið rjett sum atriði frv., eftir því, sem stendur í nál., og skal jeg þar til nefna 1. gr. Þar talar nefndin um, að dálítill sparnaður mundi verða af því að samþykkja hana. En jeg er alveg á gagnstæðri skoðun. Held miklu frekar, að af henni mundi leiða ósparnað fyrir ríkissjóð, því að hingað til hefir hann eigi þurft að greiða neinn hluta af launum þeirra kennara, sem ekki hafa kent fulla 6

mánuði. En eftir frv. þessu, verði það að lögum, eiga einnig þeir kennarar, sem ekki kenna nema t. d. 8 vikur, að fá laun sín greidd úr ríkissjóði, eftir sömu hlutföllum og hinir, sem kenna í 24 vikur. Jeg vil nú spyrja hv. nefnd, hvort hún hafi athugað þetta.

Guðmundur Ólafsson: Jeg get tekið undir með hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), að mjer finst litlu máli skifta, hvort frv. þetta verður samþ. eða ekki, en mjer finst það alls ekki mjög varhugavert. (SE: Hv. þm. veit, hvað sveitarsjóðirnir þola.) Já, það veit jeg sannarlega, ekki síður en hv. 1. landsk. Jeg veit, að það er erfitt fyrir mörgum sveitarfjelögum. En jeg veit ennfremur, að eftir því sem ríkissjóði er skipað að greiða meira, verður að leggja meiri skatta á landsfólkið, og mjer finst nú sveitirnar vera hluti af landinu og beri því alt að sama brunni. Enda tel jeg ekki tilfinnanlegt fyrir sveitirnar, þó aldrei nema þetta gjald sje lagt beint á þær, því að hjer er um ekkert stórfje að ræða, þó að það sje helmingurinn af dýrtíðaruppbót kennaranna.

Að hjer sje um svo stórt spursmál að ræða, að það geti skapað andúð gegn kennurunum, ef frv. gengur fram, nær engri átt, að minsta kosti ekki gegn þeim kennurum, sem á annað borð eru sæmilega liðnir, sem jeg held að flestir sjeu. Er jeg því viss um, að þeir verða alveg eins vel liðnir eftir sem áður, þó að þessi hálfa dýrtíðaruppbót þeirra verði lögð á sveitarfjelögin. Og má í þessu sambandi benda á, að ekki voru prestarnir ver liðnir áður, er þeir fengu öll laun sín frá söfnuðunum.

Jeg hefi litið öðruvísi á 1. gr. frv. en hv. 1. þm. Eyf. (EÁ). Jeg hefi skilið ákvæði hennar á þann veg, að ef hjeruðin þyrftu ekki á kennaranum að halda allan skólatímann, til þess að veita öllum börnum fræðsluhjeraðsins hina lögskipuðu fræðslu, þá mætti slíta skólanum, eða nota tímann, sem afgangs yrði, til unglingafræðslu. Og að laun kennara væru miðuð við lengd skólatímans, mælir öll sanngirni með.

Í mínu hjeraði er það skoðun margra, að betri not verði yfirleitt af fræðslunni, ef hinir eiginlegu barnaskólar væru látnir standa sem styst að þörf er á, en aftur bætt við unglingaskólum. Á þessari skoðun hefir ekki bólað alllítið hjer á Alþingi undanfarið. Þessu álít jeg, að hægra yrði að koma við, ef frv. það, er hjer liggur fyrir, yrði samþ., því nú verða hjeruðin að sitja hinn ákveðna tíma með kennarana, ef þau eiga að fá eitthvað af launum þeirra greitt úr ríkissjóði, hvort sem þau hafa beint með þá að gera eða ekki.

Að síðustu: Mjer finst auðskilið mál, sem ekki sje hægt að neita, að það muni koma líkt niður á menn, hvort þeir greiði gjaldið til ríkissjóðs eða beint til starfsins.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Út af ummælum hv. þm. A.-Húnv. (GÓ), vil jeg taka það skýrt fram, að jeg sagði, að það væri í mesta máta óviðkunnanlegt, að um sama leyti og verið væri að leggja hina þungu skatta á þjóðina, væri einnig verið að draga gjöld frá ríkissjóði yfir á bæjar- og sveitarfjelögin. Það má vel vera, að þeir hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) og hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) hafi umboð frá sínum kjósendum til að gera slíkt. Um það er vitanlega ekkert að segja. Slíkt göfuglyndi er virðingarvert. En þó að þessi hjeruð

standi sig svo vel, að þau muni ekkert um þetta, er jeg ekki viss um, að öll önnur hjeruð vilji bæta á sig þessari þungu byrði. Háttv. 1. þm. Eyf. (EÁ) gerði lítið úr þeim gjaldauka, sem frv. þetta hefði í för með sjer fyrir hans hjerað. Það má vel vera, að svo verði fyrir þau hjeruð, sem farskóla hafa, en öðru máli er að gegna, þar sem fastaskólar eru. Annars skil jeg ekki, að gamlir og reyndir menn utan af landi færu að ástæðulausu að koma til þingmanna og kvarta undan þessari gjaldabyrði. (**EÁ:** Þeir hafa ekki reiknað út, hvað kostnaðurinn yrði mikill). Það má vel vera, að hinir góðu Eyfirðingar, kjósendur háttv. þm., sjeu svo vel af guði gerðir, að þeir þurfi minni fræðslu en almenningur, til þess þó að verða jafn-vel, ef ekki betur að sjer, og þurfi þar af leiðandi minna fje til alþýðumentunar þar en annarsstaðar.

Að því er snertir 1. liðinn í nefndaráliti okkar, sje jeg ekki annað en hann sje rjettur, því að í 9. gr. laga nr. 75 frá 1919, e-lið, stendur: „Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimafræðslu hafa í árslaun 300 kr., auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss, hita og þjónustu þá 6 mánuði, sem skólinn stendur.“ En aftan við liðinn bætist: „Standi skólinn skemur, lækka launin hlutfallslega.“ Er því þarna gefin heimild til að lækka launin, ef skólinn stendur skemur en 6 mánuði.

Þar sem nú engin ákvæði eru í frv., sem bæta kenslufyrirkomulagið eða hina fjárhagslegu hlið, trúi jeg ekki, að þingmenn hafi umboð frá kjósendum til að óska þess, að meiri gjöld sjeu færð yfir á sveitirnar af ríkissjóði en hingað til hefir verið gert. Er jeg því sannfærður um, að það yrði illa tekið upp. Þar sem nú ekki er tituprjóns-atriði í frv., sem bætir alþýðufræðsluna, eða er til sparnaðar fyrir þjóðin í heild, en aftur á móti mörg atriði, sem geta haft vond áhrif á alþýðumentunina, sje jeg ekki annað en það sjeu nægileg rök fyrir því, að frv. eigi að fella.

Guðmundur Ólafsson: Það var hreinasti misskilningur hjá háttv. frsm. (SE), er hann var að tala um að við háttv. 1. þm. Eyf. (EÁ) hefðum umboð frá kjósendum okkar til að vera með þessu frv. Jeg tók það skýrt fram, að jeg teldi það líkt fyrir gjaldendur, hvort þeir greiða gjaldið til ríkissjóðs eða beint til kennaranna.

Hvað umboðið snertir, sem háttv. frsm. var að tala um, virðist ekki úr vegi að beina þeirri fyrirspurn til hans, hvort hann hafi haft umboð frá öllu landinu hjer um daginn, þegar hann fylgdi verðtollinum. (**SE:** Það mátti til). Já, það má vel vera, en svo er einmitt oft, að maður verður að ráða fram úr því sjálfur, hverju maður fylgir og hverju ekki.

Annars gaf jeg enga ástæðu til, að háttv. frsm. færi að koma með hin ýmsu skemtilegu nýyrði, eins og t. d. tituprjónsatriði o. fl., sem hann var að slá um sig með. Að síðustu vil jeg endurtaka það, sem jeg sagði áðan, að jeg tel ekkert misráðið, þó að frv. þetta nái fram að ganga, heldur hið gagnstæða.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get ekki skilið, að það yrði til að vekja andúð gegn fræðslulögunum, þó að frv. þetta yrði samþykt. Ef um andúð gegn þeim yrði að ræða, kæmi hún vegna annars kostnaðar, því að sumir hreppar hafa t. d. alveg neitað að leggja fram fje eins

og með hefir þurft til hinnar lögskipuðu fræðslu. En hvað það atriði snertir, að frv. þetta hafi mikinn kostnaðarauka í för með sjer fyrir sveitirnar, held jeg, að of mikið sje gert úr, því að sannleikurinn mun verða sá, að fyrir utan kaupstaðina verður þessi aukakostnaður sáralítill, þar sem tæpar 34 þús. kr. skiftast milli allra hreppa landsins.

Út af þeim ummælum, sem hjer hafa fallið um umboð þingmanna, vil jeg minna á, að þingmenn hafa ekki síst umboð til að hugsa um ríkissjóðinn.

Annars er jeg á sömu skoðun og hv. frsm. (SE), um að alþýðufræðsluna þurfi að efla. En jeg get ekki skilið, að þessi litla breyting á launalögum barnakennara geti á nokkurn hátt orðið til þess að draga úr henni.

Einar Árnason: Það virðist nú komið fyllilega í ljós, að nefndin hafi ekki skilið 1. gr. frv. (SE: það þýðir ekki að tala við hv. þm. um þetta, og vil jeg því sýna honum lögin! (Flettir upp lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, og sýnir EÁ)). Það þarf ekki að sýna mjer þessi lög, jeg býst við, að jeg þekki þau eins vel og hv. frsm., og veit eflaust betur en hann, hvernig þau eru framkvæmd í sveitunum. Skal jeg því upplýsa háttv. þm. um það, að þau fræðsluhjeruð, sem ekki hafa þurft að láta kenna 24 vikur til þess að öll börn á skólaskyldualdri nytu minst 8 vikna kenslu, hafa ekki fengið neitt af launum kennaranna greitt úr ríkissjóði. En með 1. gr. frv. á þskj. 245 komast kennarar þessara litlu hjeraða einnig undir launalögin frá 28. nóv. 1919, og jeg er alls ekki á móti, að þessum hjeruðum sje sýnd sú sanngirni. Því að það má ekki gleymast, að enn þá er í gildi það ákvæði fræðslulaganna, að börn þurfi ekki að njóta meira en 8 vikna kenslu, og meðan svo er, er það ekki sanngjarnt, að þau hjeruð, sem t. d. þurfa ekki nema 16 vikur til þess að kenna hverju barni minst 8 vikur, fái ekki styrk úr ríkissjóði eins og þau, sem láta kenna 24 vikur, einungis af því, að þar eru fleiri börn.

Annars finst mjer, að hv. mentmn. hefði ekki veitt af að fá, þó ekki hefði verið nema 8 vikna fræðslu í þessum málum, til þess, að hún hefði eitthvað getað skilið í þeim.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg skal strax taka það fram, að eftir mjög vendilega athugun á fræðslulögunum komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að síst væri ástæða til að hrapa að breytingu þeirri, sem frv. þetta fer fram á. Hafi nefndinni því mistekist í tillögum sínum, er það sannarlega óviljandi, því að hún athugaði báðar hliðar málsins, bæði kostnaðarhliðina, og hina menningarlegu hlið þess.

Eins og hv. frsm. rjettilega hefir tekið fram, þá er sparnaður sá fyrir þjóðina, er af því leiddi, að frv. þetta yrði samþykt, svo hverfandi lítill, eða jafnvel enginn; útgjöldin aðeins flutt úr einum vasa landsmanna yfir í annan, og þarf því ekki að fjölyrða um þá hlið málsins. Hin — menningarhliðin — er því að minni hyggju mergurinn málsins, og þarf ekki að ganga gruflandi að því, að kæmist breytingar þær, er frv. gerir ráð fyrir, í framkvæmd, væri hætt við, að það myndi draga mjög úr fræðslu barna. En um það geta þó víst flestir verið sammála, að góð barnafræðsla er grundvöllurinn undir alþýðumentuninni og þá um leið undir menningu þjóðarinnar yfirleitt.

Jeg gæti að vísu vel tekið í þann streng, þar sem jeg nú hefi fengist við kenslu í 30 ár, að alþýðufræðsla sú, er unglingar fengu áður, var eigi lakari en nú. En meðan fræðslulögin eru í gildi má eigi gera neitt til þess að draga úr ágæti þeirra. Nái frv. þetta fram að ganga, þá er stoðunum kipt undan lögunum. Að vísu hefir það, því miður, komið í ljós, að mjög hefir verið vikið frá lögunum og að fræðsluhjeruðin hafa af mörgum ástæðum ekki sjeð sjer fært að fylgja ítarlega ákvæðum þeirra. Afleiðingin hefir orðið sú, að börnin eru lakar að sjer nú en áður en fræðslulögin komu til sögunnar. Þetta er æðiþungt á metunum, þegar það er athugað, hversu miklu fje varið er til barna- og unglingafræðslunnar. Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) kvaðst álíta, að unglingafræðslan ætti að bæta það upp, ef ekki væri haldinn næglega langur skóli í sveitinni. Jeg vildi aðeins benda háttv. þm. á það, að barn, sem ekki er læst, af því að það lærði ekki að lesa í barnaskólanum, þegar það átti að gera það, það lærir það ekki í unglingaskólanum og jafnvel aldrei.

Svo bið jeg hv. deildarmenn að athuga málið með velvild og skilningi, því þeir munu þá komast að raun um, að hjer ræðir um þýðingarmikið mál.

ATKVGR.

1. gr. feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSn, JM, EP, EÁ, GÓ, HSteins.

nei: IHB, IP, JJós, JóhJóh, JJ, SE, SJ, BK.

2. gr. feld með 9 : 4 atkv.

3. gr. **feld** með 9 : 4 atkv.

---

14. Lokunartími sölubúða.

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 31. mars, var útbýtt

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum (þmfrv., A. 255).

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Forseti (BSv): Með því að flm. er ekki viðstaddur, legg jeg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og því næst til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., laugardaginn 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 255, n. 339).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Þar sem þetta frv. snertir mjög Reykjavíkurbæ, þótti allshn. rjett að senda borgarstjóra frv. til umsagnar. Skrifaði borgarstjóri nefndinni síðan brjef, þar sem hann mælir með því, að frv. verði samþ., en óskar, að því verði bætt við, að bæjarstjórn hafi heimild til að ákveða, hvenær loka skuli þeim sölubúðum, sem selja innlendan varning. Sumar slíkra búða eru, eins og menn vita, opnar löngu eftir að öðrum búðum er lokað, og má þar til nefna sælgætisbúðir. Þótti nefndinni

rjett að taka tillit til þessara óska, þar sem þetta er svipaðs eðlis og margt annað, sem bæir setja ákvæði um og hafa vald til að hafa sjerstakar reglur viðvíkjandi. Hinsvegar felst nefndin ekki á að afgreiða frv. í því formi, sem það nú er, og vill láta koma fram í orðalagi þess, hvaða viðbót eða breyting sje hjer gerð á lögunum um lokunartíma sölubúða frá 1917. Ber allshn. því fram till. um nýja frvgr., og er þar einnig tekin með sú breyting, sem kemur fram í brjefi borgarstjórans. Væntir því nefndin þess, að þetta frv. verði afgreitt á þann hátt, sem hún leggur til.

ATKVGR.

Brtt. 339 (ný 1. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., mánudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 367).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 : 4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., þriðjudaginn 15. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 367).

Á 51. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. f e l t frá 2. umr. með 10 : 1 atkv.

---

15. Símalagabreyting.

Á 20. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 26, 20. júní 1923 [Ritsíma- og talsímakerfi] (þmfrv., A. 95).

Á 22. fundi í Nd., fimtudaginn 13. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er borið fram eftir ósk Vestur-Ísfirðinga og í samráði við landsímastjóra. Vestur-Ísfirðingar vita best, hvað þeim er símaleysið bagalegt, en landsímastjórinn þekkir þá hliðina best, sem landsímann snertir. Það segir sig sjálft, að nauðsyn ber til þess, að sími verði lagður að Núpi, vegna skólans þar, enda er ekki nem 5 km. spölur þangað frá næstu símastöð. Og þá hafa dalirnir, einkum Valþjófsdalur og Ingjaldssandur, mikla þörf fyrir síma, þar sem þeir eru mjög afskektir og inniluktir, og sími næstum sú eina samgöngubót, sem þar verður komið við í bráðina. Gæti mönnum þar orðið hið mesta gagn að símanum, t. d. við læknisvitjanir. En þó þetta sje sett í símalögin nú, þá er auðvitað ekki til þess ætlast, að báðar línurnar gangi fyrir öllum slíkum framkvæmdum, sem þegar hafa verið heimilaðar,

Um kostnaðarhliðina þarf jeg ekki að ræða í þessu sambandi, þar sem ekki kemur til framkvæmda án sjerstakrar fjárveitingar á fjárlögunum.

Vil jeg svo að lokum mælast til þess, að mál þetta fái að ganga til samgmn., og geri jeg þá ráð fyrir, að hún leiti frekari upplýsinga hjá landsímastjóra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17. shlj. atkv. og til samgmn. með 18 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., laugardaginn 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 95, n. 341, 355, 360).

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Eins og nál. á þskj. 341 ber með sjer, leggur samgmn. á móti því, að fylgt sje þeirri venju, sem undanfarið virðist hafa verið, að samþ. sjeu nýjar símalínur, án þess að nokkur athugun á línusvæðinu hafi verið gerð. Við komumst að þeirri niðurstöðu eftir að hafa lesið símalögin með öllum taglhnýtingum þeirra og talað við landssímastjóra, að ýmsar línur, sem nú eru komnar inn í lögin, mundu aldrei verða lagðar, sumpart af því, að betra væri að leggja þær annarsstaðar en ákveðið var, sumpart af því, að ekki væri hægt að gera það í fyrirsjáanlegri framtíð.

Við athugun frv. þess, sem hjer liggur fyrir, komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að ekki væri rjett að samþ. síðari málsgr., þar sem ekki væri víst nema símalínan út á Ingjaldssand yrði ódýrari, ef hún væri lögð frá Núpi eða Mýrum, en ekki frá Holti. Því leggur nefndin til, að þessi málsgr. falli burt. En um símalínuna frá Mýrum að Núpi er nefndin sammála. Á Núpi er unglingaskóli, og því nokkur þörf á símstöð, enda auðvelt að leggja þangað línu og aðeins um litla leið að gera. Kostnaðinn áætlar símastjóri um 5000 kr. Hinsvegar eru engar líkur til að lína þessi, fremur en aðrar, sem framar standa að nauðsyn hjeraðsbúa, verði lögð fyr en fje er til þess veitt á fjárlögunum.

Síðan frv. kom frá nefndinni, hafa borist 2 brtt. frá háttv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) og háttv. 2. þm. Skagf. (JS). Þær brtt. hefir nefndin ekki getað athugað nægilega, því þær komu svo seint fram, önnur í gær, hin í dag. En við lauslega athugun, sem nefndin gerði á fundi í morgun, þá sýndist henni, að hún myndi ekki geta fallist á þessar brtt. að svo stöddu. Því hafa nefndarmenn óbundin atkv. við þessa umr. En hinsvegar mun nefndin taka þessar brtt. til rækilegrar íhugunar til 3. umr. og segja þá greinilegar álit sitt um þær.

Þórarinn Jónsson: Það er út af þessari litlu brtt., sem jeg á á þskj. 355. Mjer virðast ástæður nefndarinnar fyrir því að vilja ekki bæta við nýjum línum í lögin, af því að sumar línurnar, sem fyrir sjeu, verða ekki lagðar, engin ástæða. Línur, sem ekki er hægt að leggja, geta ekki útilokað aðrar, sem má leggja. Jeg þykist því vita, að nefndin reyni að finna aðra ástæðu fyrir máli sínu.

Línan, sem hjer um ræðir, er ekki löng, ca. 20 km. Má vel vera, að landsímastjóri hafi aldei farið um svæðið, en hann mun vita, að hvergi er auðveldara að leggja síma en þar. Það er

því ekki hægt að leggjast á móti till. af því ilt sje að leggja línuna.

Þörf fyrir síma er þarna mikil. Það er um afskektan afdal að ræða, og frá efstu bæjunum eru 40 km. til verslunarstaðar og læknis. Yrði mikil bót að því, ef síminn kæmist þangað, en hversu mikil er auðvitað ómögulegt að segja. Bygðin er mannmörg, þrjár álmur albygðar.

Annað er ekki hjer um að ræða en að hemilað sje að leggja þessa línu; það er ekki minst á, að ríkissjóður leggi fram fje eða hvenær línan sje lögð. Fer það vitanlega eftir því, hvenær sýslusjóður telur sjer fært að láta fje til þess, því ríkissjóður leggur ekki til slíks nema að nokkru leyti. Því er ekkert í húfi, þó línan verði samþ. Þessi lína verður lögð hvort sem er, fyr eða síðar, þegar fjárlögin veita fje til og sýslusjóður lætur sitt.

Mjer finst því einkennilegt, ef hátttv. nefnd er á móti þessu, og vænti því fastlega, að hv. deild sjái sjer fært að lofa þessu að ná fram að ganga, þar sem um enga hættu er að ræða fyrir ríkissjóðinn eða aðra.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg ætla mjer ekki að amast við till. nefndarinnar, þó hún hafi felt niður aðra línuna úr frv. mínu. Jeg er þakklátur fyrir að hafa haldið hinni, sem er alveg sjálfsögð. Á Núpi er unglingaskóli, prestur, hreppstjóri og form. Búnaðarsambandsins, og get jeg ekki skilið, að nokkur vilji tefja fyrir því, að þangað komi sími.

Jeg geri það ekki að ágreiningi, þó hin línan verði feld niður að svo stöddu. Að vísu hefir landssímastjóri gefið mjer þær upplýsingar, að auðvelt sje að leggja línu þar, sem um er talað í frv., en hitt kann að vera rjett, að fult svo ódýrt væri að leggja hana frá Mýrum, en þá kæmi hún ekki að eins miklu gagni. En jeg veit, að þetta verður alt rannsakað, að jeg vænti ekki síðar en sumarið 1925, og þar sem framkvæmdir verða sjálfsagt ekki á þessu í bili, má það dragast þangað til.

Hinsvegar vildi jeg skjóta því til hinna, sem komið hafa fram með brtt., hvort þeir vildu ekki taka þær aftur til 3. umr., svo nefndin geti athugað þær nánar og þeir sjálfir rætt um þær við nefndina. Er þetta ekki af því, að jeg vilji líkjast tengdamóður sankti Pjeturs og hrista alla af mjer, sem bjargast vilja, heldur af því einu, að okkur deildarmönnum veitist örðugt að taka afstöðu til slíkra till., án þess að hafa rannsókn og álit nefndar til hliðsjónar.

Jón Sigurðsson: Jeg á lítilsháttar viðaukatill. við frv. þetta.

Um almennar athugasemdir nefndarinnar, sem ástæða væri til að drepa á, get jeg slept að tala. Hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) hefir svarað þeim rækilega. En í nál. er talað um, að nefndin sje því mótfallin, að línur sjeu lagðar á öðrum svæðum en landsímastjóri hefir rannsakað. Jeg vil þá spyrja, hvort landsímastjóri hefir rannsakað línuna að Núpi, því ef svo er ekki, þá sje jeg ekki ástæðu til að taka hana sjerstaklega undan.

En viðvíkjandi þessari litlu línu, sem jeg legg til, að lögð verði, vil jeg taka það fram, að þar getur ekki verið um neina aðra leið að ræða.

Ætlast er til að hún verði lögð frá aðallínunni yfir Laxárdalsheiði, í afskekta sveit, Laxárdalinn, sem liggur inn af Skaganum, sem er svo útúrskot-

in, að þegar heiðin er ófær vegna fannfergi, verður aðeins farið á sjó, en það er líka torsótt. Óg óskað er eftir síma af því, að hann er í mörgum tilfellum ómissandi, t. d. þegar um læknishjálp, eða þó ekki sje nema um læknisráð, er að ræða. Línan verður ekki lengri en 10—12 km., og ætlast jeg til, að hún verði lögð að efsta bænum í sveitinni, Skíðastöðum, sem er stórt og myndarlegt heimili, eða með öðrum orðum, að henni verði aðeins komið yfir heiðina. Ef til vill finnst mönnum einkennilegt, að miðað sje við, að línan sje lögð frá Heiði. Þar er engin stöð nú sem stendur, en Heiði liggur rjett undir Kolugafjalli, og virðist hentugra að hafa þar eftirlitsstöð og skiftistöð, heldur en þurfa altaf að sækja menn niður á Sauðárkrók.

Nefndin er meðmælt síma að Núpi, enda er þar skólaheimili, sem hefði þörf á honum, óg sveitin nyti góðs af. Þar eru líka hreppstjóri og prestur búsettir. (HK: Og fleiri heiðursmenn).

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Nefndinni var kunnugt um, að ekki var ákveðið, hve mikið fje ríkissjóður legði fram til aukasíma, enda fer það eftir fjárframlagi hjeraðanna. En hinsvegar vildi hún ekki, að lagðar væru nýjar smálínur og leið þeirra ákveðin, án þess að fá vitneskju um, hvort ekki væri til heppilegri leið en sú, er flutningsmenn benda á, og leita jafnframt álits símastjóra. Það hafa oft verið fluttar slíkar till. um nýjar línur, t. d. í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem þó mun ekki komast í framkvæmd að sinni, en jeg tel sjálfsagt að leita jafnan álits forstjóra símanna um slíkt. Það má vera, að ekki sje nema um þessa einu leið að gera í Vestur-Húnavatnssýslu, en ekki þykir mjer ólíklegt, að til sjeu fleiri leiðir en þessi eina frá Melstað. Annars telur landssímastjóri þá leið sljettlenda og góða.

Nú sem stendur er orðið svo mikið að gera á símastöðvum, að ógerningur er að bæta við nýjum stöðvum, án þess að strengja nýja þræði á gömlu línurnar, og á Norður- og Vesturlandi a. m. k. mundi það tefja alt of mikið fyrir afgreiðslu að bæta nýjum stöðvum við.

Annars skal jeg ekki fjölyrða frekar um þetta nú, en geymi það til 3. umr.

Þórarinn Jónsson: Það er að vísu rjett, sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) sagði viðvíkjandi símalínunni í Vestur-Húnavatnssýslu, að til er styttri leið, að Stað í Hrútafirði. En það er eftir till. landssímastjóra, að hin leiðin er valin. Leiðin að Stað liggur yfir háls, þar sem snjóþyngsli geta átt sjer stað, en myndu þó ekki verða til eyðileggingar, en þessi leið er ekki um bygð. Við hina leiðina er ekkert að athuga, enda mælir landssímastjóri með henni eins og jeg hefi sagt, svo að hjer hefir alls ekki verið farið á bak við hann. Hann hefir að vísu ekki athugað þessa leið öðruvísi en á korti, en þó ætti að mega treysta úrskurði hans að þessu leyti. Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) talaði um, að erfitt væri orðið um afgreiðslu á símastöðvunum. Jeg býst ekki við að nýjar línur verði lagðar svo bráðlega, að ekki verði búið að bæta við þráðum áður, því þörfin fyrir þá er þegar til, þó þessi viðbót komi ekki. Jeg sje því enga ástæðu til að hafa á móti till. þessari.

ATKVGR.

Brtt. 341 samþ. með 16 shlj. atkv.

— 355 og 360 teknar aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 : 2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 3 atkv.

Á 51. fundi í Nd., þriðjudaginn 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 372, 355, 560, 581).

Pjetur Ottesen: Jeg hefi slegist í för með nokkrum hv. þm. og komið fram með eina vatill. við frv. þetta. Hún er um það, að lögð verði ný lína frá Hesti í Borgarfirði að Hóli í Lundarreykjadal. Jeg hefi leitað upplýsinga hjá landssímastjóra um vegalengdina og línustæðið, og hefir hann svarað fyrirspurnum mínum með svohljóðandi brjefi:

„Frá Hesti að Hóli í Lundarreykjadal eru 14,5 km., þar af ný stauraröð 13,3 km., að Lundi um 2 km. styttri.

Lína að Lundi mun kosta um 12 þús. krónur og um 2000 krónum meira að Hóli.

Bygging þessarar línu virðist eigi bundin neinum erfiðleikum."

Þetta er þá álit landssímastjórans um kostnaðinn við að leggja þessa línu, og er hann, eins og hv. þdm. sjá, ekki ýkjamikill. Þessi brtt. mín miðast við það, að ef línan er lögð til þessa staðar, þá er hún enn framar í dalnum. Þetta er þeim mun nauðsynlegra sem þarna eru bæði mjög slæmir vegir og sveitin afskekt, og því ómetanlegt gagn að geta komið þar við síma.

Skal jeg svo ekki orðlengja þetta meira, en vonast til, að hv. þd. taki ekki ver þessari till. en öðrum, sem nú eru fram komnar.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Nefndin hefir tekið þetta frv. til yfirvegunar á ný, svo og jafnframt þær brtt., sem fram komu við 2. umr. og síðar. Nefndin hefir orðið þess vör, að fleiri hv. þm. hafa haft í hyggju að koma fram með brtt., þar á meðal eina um línu frá Seyðisfirði til Loðmundarfjarðar. Að því er þessar brtt. snertir, þá verður nefndin að vísa til nál. síns, en þar leggur hún á móti því, að samþ. nýjar símalínur, án þess að nægur undirbúningur hafi verið gerður og það meðal annars ítarlega rannsakað, hverjar leiðir eigi að fara í hverju einstöku tilfelli, og það þá sjerstaklega athugað, að línur sem seinna kynnu að verða lagðar innanhjeraðs, mættu komast í samband við þær línur, sem nú verði ákveðnar, með sem minstum kostnaði. Þótt landssímastjóri áætli lauslega kostnað slíkra lína, þá er þar um áætlun að ræða, sem ekki verður bygt á að fullu. Slíkar lauslegar áætlanir munu byggjast að mestu á vegalengdinni einni, enda ekki hægt að taka tillit til ýmsra erfiðleika, sem landslag, jarðlag og aðrar ástæður geta haft á kostnaðinn, nema farið sje um línustæðin af þeim, sem áætlunina gerir. Nefndin telur því rjettast, að þær till., sem hjer liggja fyrir, verði ekki samþ., heldur verði málinu vísað til stjórnarinnar, í því trausti, að hún feli landssímastjóra að rannsaka vandlega þessi línustæði við fyrsta tækifæri. Þetta er till. allra nefndarmannanna, að einum undanskildum.

Um símalínuna að Núpi vil jeg sjerstaklega geta þess, að mjer er að vísu kunnugt, að auðvelt er að leggja þessa línu og ekki nema um eina leið að ræða. En þar sem ekki kemur til mála, að hún verði lögð á næsta ári, þá telur nefndin rjettast að láta hana fylgjast með hinum og vísa frv., ásamt brtt., til stjórnarinnar.

Sveinn Ólafsson: Háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) hefir nú gert grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar í stórum dráttum, og af því að jeg gat ekki orðið hinum nefndarmönnunum fyllilega sammála, er rjett, að jeg geri nokkra grein fyrir ástæðum mínum.

Jeg er nefndinni sammála um það, að án frekari undirbúnings sje ekki rjett að taka upp þær nýju línur, sem nú er farið fram á, en mjer finst það bæði einarðlegra og drengilegra að halda áfram að fylgja því frv., sem nefndin var einu sinni búin að ljá fylgi sitt. Á jeg þar við símalínuna frá Mýrum að Núpi, sem nefndin hafði komið sjer saman um að mæla með við 2. umr. Að því er snertir hinar brtt., þá þætti mjer betur hlýða að bera fram till. til þál. um að skora á stjórnina að undirbúa þau mál undir næsta þing, en þetta ráð hefir nefndin þó eigi viljað taka upp. Jeg er hræddur um, að ef þannig koma fram till. af handahófi og símakerfið að mun fært út, í væntum um bygingu síðar, að þess verði ekki nógu vel gætt að leggja símalínur fyrst þangað, sem þörfin er allra brýnust, þar sem einangrunin er mest eða svo stendur á, að ilt er að komast í samband við lækni. Verð jeg að líta svo á, að besta lausnin á málinu sje, að stjórninni sje falið það á þennan hátt.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta, en læt mjer lynda, að atkv. skeri úr ágreiningnum milli mín og hinna nefndarmannanna. Jeg býst að vísu við, að meirihl. nefndarinnar sigri, en vildi aðeins með þessu gera grein fyrir afstöðu minni.

Ásgeir Ásgeirsson: Þetta frv. hefir sætt næsta einkennilegri meðferð hjá hv. nefnd. Við 2. umr. lagði hún til, að það yrði samþ., en nú vill hún, að því verði vísað til stjórnarinnar. Jeg á mjög erfitt með að finna nokkra fullnægjandi ástæðu fyrir þessum sinnaskiftum hv. nefndar. Úr því hún fjelst á það við 2. umr., að rjett væri að samþ. þessa línu frá Núpi, og að engir verulegir örðugleikar væru þar á, þá var ólíklegt, að örðugleikarnir myndu vaxa nokkuð við 3. umr. Þessi afstaða háttv. nefndar er þeim mun undarlegri, þar sem hv. frsm. hefir lýst yfir því, að þessi lína þurfi ekki frekari rannsóknar við. Mun það einsdæmi, að nefnd hafi snúist svo milli umr., og væri vonandi, að sá siður yrði ekki upp tekinn. Jeg vona nú, að háttv. deild svari þessari tillögu nefndarinnar sem vert er, en geri sig ekki seka í sama hringli.

Að endingu vil jeg svo þakka hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) fyrir afstöðu hans í málinu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Út af því, sem hv. frsm. (JAJ) sagði, þá vil jeg taka það fram, að stjórnin mun að sjálfsögðu láta landssímastjóra rannsaka þessi línustæði við tækifæri, — jeg segi við tækifæri, af því að jeg lít svo á, að ekki sje gerlegt að láta fara sjerstakar ferðir til þess eins að rannsaka línustæði eins og þetta, sem svo langt á í land hvort eð er, heldur verði að sæta ferðum, sem falla í öðrum erindum. Annars held jeg, að nýjum línum liggi ekki svo mjög á að komast á símalögin, þar sem búið er að ákveða, að enga línu skuli leggja í ár eða að ári, og á árinu 1926 er þegar búið að ákveða nokkrar línur, sem ganga skuli fyrir. Jeg skal annars ekki leggjast neitt á móti þessari stuttu línu hv. þm. V.-Ísf., þar sem

línustæðið er þegar fullrannsakað og kostnaður lítill. En að því er snertir það hringl hv. nefndar, sem hv. þm. V.-Ísf. kvartaði um, þá vil jeg benda á það, að það hefir oft komið fyrir, að nefnd hafi farið svo að, þegar viðbúið hefir verið, að kostnaðarauka mikinn leiddi af einhverri till., sem nefnd hefir mælt með áður. Kom þetta síðast fyrir nú við 3. umr. fjárlaganna, er hv. fjvn. tók aftur till. um styrkveiting til hrepps nokkurs af því að fram voru komnar beiðnir frá fleiri hreppum, sem nefndin sá sjer ekki fært að verða við.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Hæstv. atvrh. (MG) hefir sýnt fram á það, að nefnd getur af breyttum ástæðum orðið að breyta afstöðu til mála, eins og fjvn. gerði nú nýverið og allar nefndir hafa oftlega gert, og þarf jeg ekki að fara meir inn á það. Annars á jeg bágt með að skilja, hve áfjáðir sumir hv. þm. eru að fá þesar símalínur samþ. nú; höfuðgamanið getur vart orðið annað en að sjá þær á pappírnum, því eins og þegar hefir verið tekið fram, þá getur engin af þessum línum orðið lögð á næsta ári. Meðal annars skortir undirbúning í hjeruðunum, því þau verða að leggja til mestan skerf kostnaðarins.

Að því er snertir línuna að Núpi, skal jeg endurtaka það, að nefndin hefði vissulega lagt til, að hún yrði samþ. nú, þar sem aðeins er um eina leið að ræða að því er línustæði snertir, en þar sem nefndin telur fullvíst, að með því að samþ. þessa línu komi fjölda margar aðrar línur, sem nefndin að svo stöddu ekki vill samþykkja að lögleiddar verði, þá verður hún nú af þeim ástæðum að leggjast móti þeirri línu, enda engu spilt um lagningu á línunni, þar sem fullvíst er, að hún verður alls ekki lögð á næstu árum. Hinsvegar ætti hv. flm. að vera fróun í því að hafa skýlaust loforð um fylgi við málið, þegar að því kemur, að til framkvæmda sje undið.

Ásgeir Ásgeirsson: Þótt það kunni að vera ástæða til að fresta að taka ákvarðanir um línur, sem ekki hafa verið rannsakaðar, þá er fyrir því ekki meiri ástæða til að fresta því um hinar, sem rannsakaðar hafa verið. Landssímastjórinn veit alt, sem þörf er á, um línuna að Núpi. Ástæður hv. þm. (JAJ) gilda því aðeins brtt., en ekki frv. í sinni upprunalegu mynd. Að því er snertir orð hv. frsm. um það, að stöðin verði flutt að Gemlufalli, þá er það aðeins einni ástæðunni fleira til að hraða þessu máli, því með þessu lengdist fjarlægð Núps frá síma um helming. Hjer stendur auk þess svo á, að nú verður innan skamms sent skip á þessar slóðir með ýmiskonar flutning,, og væri því kostnaðarlítið að senda það, sem til símans þarf, með þeirri ferð. Gæti því komið til mála að gera þessa línu innan skamms, ef þá fjárveiting fengist til. Ef það er dregið að koma línunni inn í símalögin, þá verður sennilega miklu dýrara að gera línuna, þegar að því kemur. Jeg sje ekki, að enn hafi komið fram nein skynsamleg ástæða fyrir því, að rjett sje að fresta samþ. frv. Hv. nefnd virðist staðráðin í að samþ. þetta á næsta þingi, en þá sýnist mjer eins gott að gera það í dag, sem annars yrði gert á morgun.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg verð, til þess að fyrirbyggja misskilning út af orðum hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að geta þess, að það er ekkert, sem bendir til þess, að unt verði að leggja þessa línu á næsta

ári. Til þess þyrfti fjárveitingu í fjáraukalögunum næst, en jeg efast stórlega um, að fjárveiting í þessu skyni verði þá tekin upp.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg get talað af kunnugleik um eina af þessum línum, sem hjer er um að ræða, og vildi því leggja til þessara mála. Mig hefir annars furðað á því, sem hjer hefir borið við. Fyrst kemur fram till. um línu, sem er í alla staði vel undirbúin, en þegar komið er að því, að hún verði afgreidd út úr deildinni, þá rignir alt í einu niður öðrum till. um línur, sem eru með öllu óundirbúnar. Jeg get tekið það fram, að jeg hefði haft gilda ástæðu til að koma fram með eina slíka línu af hálfu kjördæmis míns, en mjer datt ekki í hug að gera það, fyrst hún var ekki undirbúin til fulls. Að því er snertir þá línu, sem jeg er kunnugastur, fram Lundarreykjadal, þá skal jeg taka það fram, að jeg efast um, að staðurinn sje rjett valinn. (**PO:** Línan kemur með því móti lengra fram í dalinn). Það er rjett, en hún er þar á næsta afskektum stað. Þar væri sneitt hjá þeim stað, Lundi, þar sem allar samkomur sveitarinnar eru haldnar, liggur í miðri sveit og er auk þess kirkjustaður. Þykist jeg og fullviss þess, að þetta sje ekki eindreginn vilji hjeraðsmanna, því jeg hygg, að þeir myndu fremur vilja leggja línuna að Lundi. Jeg vildi aðeins skjóta þessu fram, sem dæmi upp á það, að betra er að slík mál sjeu rannsökuð vel áður en teknar eru ákvarðanir um þau.

Pjetur Ottesen: Það hefir verið borið fram af hv. frsm. og síðan af hv. þm. Str., að ekki væri rjett að samþ. símalínur, nema línustæði væru fyrst rannsökuð, og væri því best að vísa þessu máli til stjórnarinnar. Jeg veit ekki, hvort menn hafa veitt því eftirtekt, sem jeg las upp áðan úr brjefi frá landssímastjóra, þar sem hann lýsti yfir því, að þessi lína, sem jeg ber hjer fram, sje ekki bundin neinum erfiðleikum hvað það snertir. Er því frá því sjónarmiði engin ástæða til að vísa þeirri till. til stjórnarinnar. Að því er snertir orð hv. þm. Str., að þessi lína væri óundirbúin, þá veit jeg satt að segja ekki, hvað hann á þar við. Hlutaðeigandi sveitir hafa þó óskað eftir þessu, að málinu vel athuguðu, og hvað þurfum við þá framar vitna við?

Hv. þm. Str. sagðist tala af kunnugleik, og kvað Lund aðalsamkomustað dalbúa, og þar væri prestssetur. En jeg vil þá benda hv. þm. á það, að svo verður ekki í framtíðinni, því jörðin hefir verið seld. Að endastöð línunnnar sje best komin á Lundi, af því að sú jörð liggi í miðbiki dalsins, en svo sje ekki um þann stað, er nefndur er í brtt., Hól, þá kemur hjer til athugunar, að á Hóli er stöðin mjög miklu hagkvæmari þeim framdalabúum, sem erfiðasta aðstöðu eiga á allan hátt, og svo er, með því að hafa stöðina einmitt þarna, hægt að sameina hagsmuni annara við afnot dalbúa sjálfra af línunni. Undirbúningur þessarar till. er góður og gildur í alla staði. Hitt getur komið til álita síðar, hvort svona langt skuli farið. En um það verður ekki deilt, að fyrir þá, sem framar búa í dalnum og eiga við meiri samgönguerfiðleika að búa, er þó nokkuð betra, að símastöðin sje á Hóli en á Lundi.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil spyrja hv. þm. Borgf., hvort hann geti lagt

fram umsögn Lunddælinga um það, hvort stöðin eigi að vera á Hóli fremur en Lundi. Mjer er ekki kunnugt um neina slíka umsögn. Og eg er viss um, að þeir vilja heldur, að hún sje á Lundi, sem í þúsund ár hefir verið miðstöð dalsins.

Pjetur Ottesen: Óskir dalbúa ganga eindregið í þá átt að fá símann sem lengst inn í dalinn. En það er nokkru dýrara að leggja símann að Hóli en að Lundi, og af þessari ástæðu gætu þeir sætt sig við Lund sem símastöð, svona til að byrja með.

Annars þarf jeg ekki að vera að svara hv. þm. Str. neinu frekar um vilja dalbúa í þessu efni; það fer á milli mín og þeirra, en snertir hann ekkert sjerstaklega, þó hann noti þetta nú sem ástæðu til að reyna að spilla fyrir málinu.

Jón Auðunn Jónsson: Ummæli háttv. þm. Str. sanna það, að ekki er vert fyrir hv. þdm. að samþykkja nýjar línur, nema fram hafi farið rannsókn á símasvæðinu, svo trygging sje fyrir því, að öllu sje hagað sem best og notin fyrir almenning sjeu sem mest af línunum, um leið og gætt er allrar hagsýni um kostnað við lagning símanna. Og þó jeg sje kunnugur staðháttum á Vesturlandi, þá er ekki svo um alla. Og mjer er það ljóst, að ef þetta frv. nær fram að ganga í þessari hv. deild, þá mun það taka miklum breytingum hjá hv. Ed. og verða þannig þrætuepli milli deildanna. Og það er þó sannarlega annað þarfara að gera með tíma þingsins en vera nú að karpa um símalínur, sem ekki verða bygðar fyr en eftir mörg ár; þar við bætist, að víða er brýnni þörf á símum en þeim, sem hjer er um að ræða.

Háttv. flm. (ÁÁ) sagði, að það stæði sjerstaklega á um símann að Núpi, því það línustæði þyrfti ekkert að athuga, það væri sjálfgefið. En landsímastjóri hefir nú sagt, að hann sæi heldur enga örðugleika á því að leggja línurnar, sem um getur á þskj. 360 og 387. En þetta þarf þó að athuga, bæði hvað lagningar kosta, og eins getur verið um fleiri bæi að ræða, þar sem komið getur til mála, að stöðvarnar sjeu settar. Þetta á þó ekki við um símann að Núpi. Jeg vænti því, að hv. þdm. samþ. till meirihl. samgmn. í þessu máli.

Jón Kjartansson: Jeg vil undirstrika þá till. meirihl. samgmn., að málinu verði vísað til stjórnarinnar. Jeg kann illa við það, að verið sje á hverju þingi að samþykkja nýjar og nýjar aukalínur út á andnes og inn í afdali, meðan ekki er búið að ná því aðalmarkmiði að tengja saman höfuðlínurnar, sem eiga að ná í kringum alt land. Hjer má enginn hreppapólitík komast að. Jeg get sagt það fyrir hönd minna kjósenda, Skaftfellinga, að þeir hafa að undanförnu látið sjer það lynda, vegna hins örðuga fjárhags, þó dragist að tengja saman aðallínuna sunnanlands. En ef haldið verður svona áfram að heimta hina og aðra smásíma, þá munu þeir áreiðanlega krefjast þess, að aðaltakmarki símalagninganna hjer á landi verði náð sem fyrst, áður en lengra er farið í því að byggja aukalínur. Og eins og nú standa sakir, tel jeg að sjálfsögðu rjettast að vísa þessu frv. til hæstv. stjórnar. Það er alveg þýðingarlaust að vera að samþykkja línur, sem vitanlega verða ekki lagðar fyr en seint og

síðar. Því sjálfsagt er, að það gangi fyrir slíkum smálínum að ná aðaltakmarkinu: heildarsambandi símakerfisins hjer á landi.

Jón Sigurðsson: Það hefir verið lagt einkennilegt kapp á það af þremur hv. þdm., hv. þm. Str., hv. þm. V.-Ísf. og hv. 1. þm. S.-M., að sýna fram á það, að þessi eina símalína í frv., Núpslínan, eigi fullkominn rjett á sjer, en aðrar ekki. Hún ein sje nauðsynleg og hana eigi að samþykkja, en vísa hinum til hæstv. stjórnar. Þetta gefur mjer ástæðu til þess að athuga það nokkru nánar, hvaða ástæður það sjeu, sem mæla svo sjerstaklega með þessari línu, fremur öllum öðrum. Jeg hefi ekki heyrt neina aðra ástæðu færða fram en þá, að þarna sje skóli og fjölmenni saman komið á þessum stað. En það útilokar ekki, að aðrir hafi eins mikinn rjett til síma, eða meiri auk heldur. Það má líka benda á það, að þetta línustæði hefir ekki verið rannsakað fremur en ýms önnur, sem nefnd eru í brtt. við þetta frv. Þó hv. þm. V.-Ísf. segi, að kunnugir menn viti, að ekki sje um aðra leið að ræða en þá, sem gert er ráð fyrir í frv. hans, þá þykir þessum sömu hv. þm. slík umsögn kunnugra ekki nægileg, a. m. k. ekki, þegar um aðrar línur er að ræða, og er þá ljóst, af hverjum toga slíkur málaflutningur er spunninn.

Aftur hefi jeg ákveðin ummæli landsímastjóra fyrir því, að ekki sje um aðra leið að ræða fyrir símalínu þá, sem jeg hefi borið hjer fram með brtt. minni við þetta frv. Og jeg vil skjóta því undir dóm hv. deildar, hvort ekki sje eins þarft og nauðsynlegt að koma heilu, allfjölmennu sveitarfjelagi í samband við umheiminn, og þó fyrst og fremst í samband við lækni, sem [illegible] er mjög erfitt að ná til að vetrarlagi, eins og að leggja síma handa þessum skóla.

Jeg skal að endingu geta þess, að þótt óskir um þennan síma liggi ekki fyrir í þingmálafundargerðum, þá hafa þær verið fluttar á almennum sveitarfundi, og óskað eftir því, að línan yrði nálega helmingi lengri en hjer er gert ráð fyrir, því eins og jeg tók fram við 2. umr., vildi jeg af fjárhagsástæðum ekki fara fram á meira en að línan næði aðeins yfir heiðina, eða stystu leið til þess að hún gæti komið Skagamönnum að notum.

Jeg er ekki með þessu að mæla á móti Núpslínunni. En jeg hykist hafa sýnt fram á, að það nær ekki nokkurri átt að staðhæfa, að hún sje eina línan af þeim, sem hjer ræðir um, sem eigi rjett á sjer.

Sveinn Ólafsson: Jeg mun ekki tefja umræður mikið að sinni. En jeg verð að taka það fram, hversvegna jeg hallaðist á sínum tíma að því að mæla með línunni frá Mýrum að Núpi.

Eins og öllum er kunnugt, er á Núpi alþýðuskóli Vesturlands, stofnun, sem hjeraðsbúum er ant um, og mjer fanst þessi skóli illa settur án símasambands við umheiminn. Jeg býst við því, að samband hafi svipaða þýðingu fyrir þennan skóla eins og t. d. bændaskólana og Eiðaskóla. En þeir skólar hafa allir fengið símasamband, og það hefir verið kept að því, mjög eindregið, að koma þeim í það samband. Auk þess er þessi leið að Núpi örstuttur spölur og kostnaður við lagninguna því lítilfjörlegur. Af því að þarna er aðalmentastofnun hjeraðsins, þá er líklegt, að hjeraðsbúar mundu, svo sem dæmi eru til

úr öðrum hjeruðum, ganga að því að leggja sjálfir fram meira fje en áskilið er hjeruðunum við venjulegar símalagningar, til þess að fá línuna bygða sem fyrst. Það hefir komið fyrir, að hjeruðin hafa lagt fram stundum ⅔ kostnaðar og stundum meira, þegar líkt hefir staðið á og hjer, er um örlitla vegalengd er að ræða. Mjer þykir ekkert ólíklegt, að þessi lína geti orðið bygð á næsta ári. Það er sem sje til á fjárlögum dálitil upphæð til viðgerða og efniskaupa. Og af þessari upphæð hefir stundum verið varið nokkru fje til nýbygginga, þegar sjerstaklega hefir staðið á og hjeraðsbúar hafa viljað leggja mikið kapp á að fá línu bygða. Þannig gæti þessi lína komið fljótt upp, án teljandi kostnaðar fyrir ríkissjóð, ef hæstv. stjórn vildi styðja hjeraðið til þess.

Jeg legg áherslu á það, að það er meiri ástæða til þess að samþykkja þessa línu en aðrar þær línur, sem hjer hafa verið nefndar, og þær ástæður hefi jeg talið og þarf ekki að endurtaka neitt af þeim. En jeg vil endurtaka það, sem hjer hefir verið sagt um hinar aðrar línur, sem hv. þdm. hafa borið hjer fram, að rjett er, að stjórnin athugi þær og búi málið í heild sinni betur undir en ætla má, að hjer sje gert. Þörfin er vitanlega misjöfn fyrir símasamband, og það er enganveginn víst, að fult tillit sje tekið til brýnustu þarfanna í þessum brtt. hv. þm.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg vil þakka hæstv. atvrh. (MG) fyrir það, hve vel hann hefir tekið þessu frv. fyrir sitt leyti, en jafnframt skal jeg geta þess, að jeg taldi ekki neina vissu fyrir því, að Núpslínan yrði bygð árið 1925, heldur aðeins möguleika. Mjer er kunnugt um það, að áhugi hjeraðsmanna er svo mikill í þessu efni, að þeir vilja talsvert á sig leggja. Og þar sem um svo stutta leið er að ræða, þá er þeim ekki ókleift að leggja sjálfir fram svo mikið, að kostnaðurinn verði hverfandi fyrir ríkissjóð. Jeg veit til þess, að í sumar verður lögð stutt lína á ríkiskostnað, sem ekki stendur á fjárlögum. En eins og hv. 1. þm. S.-M. benti á, er til liður í fjárlögunum, sem ef til vill mætti verja í þessu skyni, þar sem er ekki um að ræða nema örfá þús. kr.

Jeg bið hv. þdm. sjerstaklega að gefa því gaum, að hjer er um að ræða unglingaskóla, sem er mjög ódýr landinu. Og það er eini alþýðuskólinn, sem ekki hefir símasamband, að Hvítárbakkaskólanum undanteknum. Símasamband er ekki aðeins þeim til hagræðis, sem eiga heima á staðnum, heldur þeim öllum, sem eiga börn eða skyldmenni í skólanum, og ekki síst þeim. Þetta er því ekki hagsmunamál Núps eins, heldur alls Vestfjarðakjálkans.

Jeg mun nú ekki eyða fleiri orðum um þetta mál, en það verð jeg að segja, að ólíkri meðferð sætir Staðarfell og Núpur, ef þetta frv. verður felt. Heim á Staðarfell var lagður langur sími, í því tilefni, að þar yrði seinna settur skóli, sem þó sennilega kemur seint. En á Núpi er skólinn þegar starfandi og hefir starfað mörg ár, en margfalt ódýrara er að leggja þangað síma. Jeg óttast ekki, eins og hv. þm. N.-Ísf., að hv. Ed. muni bæta svo mjög mörgu inn í frv., er það kemur til hennar, enda má þá slátra þeim breytingum hjer í þessari hv. deild seinna. Jeg sje því ekki fremur en áður neina ástæðu móti því, að frv. sje samþ.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hefi skilið þingið svo, að tilætlun þess sje sú, að ekki verði bygðar neinar nýjar símalínur næsta ár. Og jeg held, að jeg hafi skilið það rjett. Hv. þm. V.-Ísf. hefir því enga ástæðu til þess að búast við því, að þessi lína verði tekin út úr, þó hún verði ekki dýrari en svo, þar sem, eins og hv. þm. (ÁÁ) veit, margar línur bíða enn óbygðar, sem þó hafa verið ákveðnar og samþyktar fyrir mörgum árum. Hv. 1. þm. S.-M. talaði um það, að stundum hefði verið klipið af ákveðnum lið á fjárlögunum til líkra þarfa. Jeg skal ekki neita því, að það hafi verið gert. En jeg ætla ekki að láta slíkt koma fyrir, því það er brot á tilætlun þingsins með fjárlögunum. Hv. þm. V.-Ísf. mintist á Staðarfellssímann, að hann hefði verið lagður án heimildar þingsins. Jeg mun ekki ljá mitt samþykki til þess, að slíkt verði endurtekið. Þá talaði einhver um það, að byggja ætti síma í sumar. Mjer er ókunnugt um það, og það hefir ekki verið ákveðið síðan jeg tók við stjórn, en hv. 2. þm. Rang. (KlJ) getur ef til vill upplýst um þetta. **(KlJ:** Mjer er ekki kunnugt um það.) Fyrst hvorki jeg eða hv. 2. þm. Rang. (KlJ) vitum um þessar nýbyggingar símalína, getur þetta ekki verið nema Gróusaga.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hæstv. atvrh. (MG) hefir raunar tekið af mjer ómakið, en þó vildi jeg minnast dálítið frekar á símalagningu í sumar, án heimildar í fjárlögum, sem hjer hefir orðið að umtalsefni. Jeg vil í þessu sambandi geta þess, að eitt mitt fyrsta verk sem ráðherra var að ávísa 123 þús. kr. til símalagninga árið 1923. En það ár voru heimilaðar til slíkra framkvæmda 20 þús. kr. á fjárlögum. Og jeg vildi mega óska þess, að sá, sem verður fjrh. eftir 12 mánuði hjer frá, þurfi ekki að verða fyrir slíku. Það er því betra fyrir hv. þm. V.-Ísf. að búast við því, að ekki verði eytt meiru fje til síma en veitt er á fjárlögum, nema þá til óhjákvæmilegs viðhalds og starfrækslu.

Hákon Kristófersson: Þetta mál hefir nú verið skýrt svo rækilega, að jeg þarf þar engu við að bæta. Þó vil jeg undirstrika það, að þó eitthvað verði samþykt af þeim línum, sem á frv. standa, þá kemur ekki til nokkurra mála að þær verði lagðar á næstu árum, svo að því leyti er hjer um pappírslög að ræða.

En í sambandi við ummæli hv. þm. V.-Ísf. um það, að setja ætti skóla að Staðarfelli, þá er mjer ekki kunnugt um, að svo hafi verið ákveðið. Og ef þetta á að skilja þannig, að hjer sje átt við skóla fyrir Vesturland, sem reistur sje fyrir gjöf frú Herdísar Benedictsen, þá mótmæli jeg því. Hvorki þing nje stjórn hafa nokkra heimild til þess að setja þennan skóla á stofn að Staðarfelli nje annarsstaðar með því að blanda gjöf frú Benedictsen saman við aðrar óskyldar gjafir.

ATKVGR.

Till. frá samgmn. um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, JÞ, MG, MJ, MT, PÞ, SigurjJ, ÁF, ÁJ, BL, HK, JAJ, BSv.

nei: JS, JörB, KlJ, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, HStef, JakM, JBald.

Tveir þm. (BJ, IngB) fjarstaddir.

Brtt. 355 feld með 15 : 4 atkv.

— 360 feld með 15 : 4 atkv.

Brtt. 381 feld með 15 : 5 atkv.

Frv., óbreytt, samþ. með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KlJ, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁF, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, BSv.

nei: JK, JS, JÞ, MG, MJ, MT, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 372).

Á 51. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. **felt** frá 2. umr. með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, SE, SJ, EÁ, GÓ, IP, JJós.

nei: JóhJóh, JM, BK, EP, HSn, IHB, HSteins.

---

16. Bann gegn botnvörpuveiðum.

Á 24. fundi í Nd., laugardaginn 15. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum (þmfrv., A. 144).

Á 28. fundi í Nd., fimtudaginn 20. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pjetur Ottesen): Um ástæðuna fyrir breytingum þeim á lögunum um bann gegn botnvörpuveiðum, sem farið er fram á að gerðar sjeu með þessu frv., þarf jeg ekki að fjölyrða nú, því að í aths. við þetta frv. er gerð grein fyrir því í höfuðdráttum. Breytingin gengur út á það að gefa skipstjórum meira aðhald í þessu efni en nú hafa þeir.

Jeg þykist vita, að sumum muni þykja þessi ákvæði all-hörð, en öðrum aftur á móti hjer ekki nógu langt farið, eins og brtt. sú sýnir, sem þegar er fram komin við þetta frv.

Það kemur oft fyrir, að á botnvörpungum, sem eru að veiðum í landhelgi, er breitt fyrir númer og nöfn, til þess að villa á sjer heimildir og gera bátum, sem eru sjónarvottar að lögbrotum og sem botnvörpungarnir geta boðið birginn, ómögulegt að koma fram kæru á hendur þeim fyrir lögbrotið. Jeg vildi skjóta því til hv. sjútvn., sem jeg geri till. um að fái mál þetta til meðferðar, hvort ekki væri ástæða til að taka upp í frv. sjerstök ákvæði um það, að það varðaði skipstjóra fangelsi eða betrunarhúsvinnu að fara svo að.

Mjer hefir verið sagt, að það muni hafa komið fyrir þó nokkrum sinnum, að botnvörpungar hafa komið hjer inn á höfn þannig, að sóti eða öðru þvíliku væri roðið á nöfn og númer, svo að ólæsilegt sje, og þarf auðvitað engum blöðum um það að fletta, í hvaða augnamiði slíkt er gert.

Um frv. það, sem hjer er næst á dagskránni, vildi jeg aðeins benda á það, að þar sem ákvæði þess lúta að því, að sektir fyrir brot á lögunum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi skuli greiddar í gullkrónum, þá mundi ef til vill vera rjettara að taka þau ákvæði upp í lögin sjálf. Jeg nota þetta tækifæri

til þess að skjóta þessu til sjútvn. til athugunar.

Einnig vil jeg nú nota tækifærið til að beina spurningu til hv. forsætisráðherra um atriði, er snertir þessi mál.

Það hefir ekki svo sjaldan komið fyrir, að varðbátarnir, sem ekki eru færir um að taka botnvörpunga, hafa hitt þá í landhelgi og getað tekið af þeim nafn og númer. Slíkar kærur munu hafa verið sendar stjórnarráðinu úr Ólafsvík. Og jeg hefi nú einmitt fengið brjef sunnan úr Garði frá eiganda báts þess, sem annaðist landhelgisgæsluna s. l. ár. Hefir sá bátur kært 5 togara, og voru 4 af þeim íslenskir. Vil jeg nú spyrja hv. forsrh. að því, hvort þessum kærum hafi verið sint eða ekki. Er nauðsynlegt, að rannsakað sje, hvort slíkar kærur eru á fullum rökum bygðar, og ef svo reynist, þá að fylgja þeim fram, svo sem lög standa til. Má eigi þyrma lögbrjótunum, heldur fylgja fram lögunum til hins ítrasta.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil leyfa mjer að skýra frá því, að kærur þessar hafa verið sendar til hlutaðeigandi dómara. Um frv. sjálft skal jeg ekki orðlengja, geri ráð fyrir, að það fari til hv. sjútvn., og býst við hin nýja stjórn muni eiga tal við hana um málið.

Magnús Torfason: Jeg hefi í raun og veru ekkert á móti þessu frv. Það er áreiðanlega komið fram til þess að gæta rjettar útgerðarmanna, annara en botnvörpueigenda. Þessir útgerðarmenn þurfa varnar við, og er því ekki nema rjett og gott að sýna lit á að veita þeim vörn. En eitt vil jeg benda nefndinni á, sem fjallar um þetta frv. Hjer er stórum þyngd hegning á íslenskum togaraskipstjórum, án þess að slíkum hegningarákvæðum verði beitt við erlenda lögbrjóta. Og það, sem gerir þetta ennþá varhugaverðara, er, að þungar kvaðir hafa verið lagðar á íslenska fiskiflotann, sem ekki ná til hins erlenda. Er því athugavert að ganga langt á þessari braut.

Ágúst Flygenring: Flm. frv. þessa hefir tekið það rjettilega fram í greinargerð fyrir frv., að fullnægjandi bót verði eigi ráðin á þeim vandræðum, sem stafa af botnvörpuveiðum í landhelgi, með öðru en aukinni landhelgisgæslu. Annað bjargráð er ekki til. Og er þá fyrst fyrir, að nota betur en gert hefir verið varðskip Dana. Er það atriði, sem þingið ætti að taka til rækilegrar athugunar, að þeir kraftar verði notaðir, sem við eigum völ á. Hitt tel jeg alls enga bót, sem frv. þetta ákveður, að hegna hinum fáu innlendu skipstjórum, sem brotlegir verða, en láta fjölda útlendinga sleppa óhegnt. Efast jeg líka um, að margir þingmanna þekki þá baráttu fyrir tilverunni, sem sjómennirnir á botnvörpuskipunum heyja. Víða er baráttan fyrir lífinu hörð, en óvíða eins og þar. Skipstjórunum er trúað fyrir dýrum skipum og dýrri útgerð og lagt fyrir þá að fiska vel. Og þeir vita það, að ef þeim bregst aflinn, þá verða þeir tafarlaust reknir. Útgerðarmenn hafa rekið skipstjóra sína fyrir það eitt að fiska ekki. Þeir hafa meira að segja gert það margsinnis. Vesalings skipstjórarnir hafa því blátt áfram sverðið hangandi yfir höfði sjer. Og við skulum nú taka dæmi til skýringar þessu máli. 40—50 erlendir togarar eru að veiðum í landhelgi austur við Landeyjasand. Íslenskur togari kemur þar að, er að veiðum fyrir utan línuna, og fær ekki fisk úr sjó. Hvað á þá skipstjórinn að gera? Hvað mundum við gera í hans

sporum? Auðvitað fara inn fyrir línuna. Svo ber varðskipið að. Einmitt þessi togari er ef til vill tekinn — og kanske eingöngu vegna þess, að hann vantar t. d. loftskeytatæki, sem hinir hafa. Og svo á skipstjórinn að missa skipið, en hinir sleppa með alt saman! Þeir fá feng og frægð, en sá eini handtekni skömm og skaða.

Í greinargerð fyrir frv. er þess getið, að fá dæmi muni vera til þess, að útgerðarmaður hafi svipt skipstjóra skipi fyrir að vera staðinn að ólöglegum veiðum. Jeg vil benda á hið gagnstæða. Að því munu vera mörg dæmi, að skipstjórar hafi óbeinlínis verið sviftir skipstjórn fyrir að stunda ekki veiðar í landhelgi — eða með öðrum orðum: fyrir að fiska ekki nógu vel, af því að þeir hafa hlífst við að fremja lögbrot. Og það vita allir, sem eitthvað þekkja til, að sumir þeirra, sem brotlegastir eru, hafa aldrei verið teknir. Og svo á að fara að semja lög um að þeir, sem eru svo óhepnir að verða teknir, sæti jafnvel fangelsi, auk þess að missa stöðuna.

En með þessu verður ekki bygt fyrir lögbrotin, heldur aðeins með aukinni strandgæslu. Það er tíska nú að semja um alt sem allra ströngust lög. En Alþingi ætti að gæta að því, hvað fært er, og gera eigi helst það, sem er þannig, að órjettlætið og misrjettið eins og æpir á mann.

Þetta er í alla staði órjettlátt. Um það þarf ekki fleiri orð. Og jeg er alveg á móti stefnu frv. Aukið eftirlit er það, sem að á að keppa, en ekki sífelt harðari sektir.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil aðeins segja nokkur orð út af því, sem hv. 1. þm. GK. (ÁF) sagði um aukna strandgæslu, því að jeg er alveg á sama máli um það, að einmitt aukin strandgæsla er það eina, sem getur komið að fullu haldi í þessu efni. Og jeg vil taka það fram. til maklegs lofs hv. þm. Borgf. (PO), að enginn hefir hjer á þingi barist betur fyrir því máli en hann. Eina róttæka lausnin á málinu er að kaupa sjerstakt, íslenskt strandvarnarskip. Og er síðasta þingi lauk, hafði jeg ætlað mjer að tefla á tæpasta vaðið um þetta mál. En er fjárlagsörðugleikarnir þrýstu að, þá sá jeg mjer enganveginn fært að ráðast í skipakaupin. Áætlanir og teikningu af slíku skipi hefi jeg aftur útvegað, en þær hafa ekki verið lagðar fyrir þingið, af því að jeg var nokkurnveginn viss um, að það hefði ekki sjeð fjer fært að ráðast í þetta mál nú. Jeg leyfi mjer í þessu sambandi að láta þess getið, að jeg skýrði dönsku stjórninni ítarlega frá því í utanför minni síðast, hve mál þetta væri þýðingarmikið fyrir þjóðina og hve mikið væri í það varið, að ötulir menn hefðu strandvarnirnar á danska herskipinu. Tók stjórnin mjög vel í þetta mál, og hefir hinn nýi fyrirliði á herskipinu nú byrjað með að taka 3 botnvörpunga, og er það góð byrjun.

Flm. (Pjetur Ottesen): Hæstv. forsrh. (SE) hefir nú skýrt frá því, að kærurnar hafi verið sendar til hlutaðeigandi dómara. En það er ekki nóg; stjórnin verður að hafa eftirlit með því, að þær verði rannsakaðar til hlítar og leiddar til lykta, svo sem lög standa til.

Það er alveg rjett hjá hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), að hegningarákvæði frv. míns ná aðeins til íslenskra skipstjóra, því að til útlendinga er ekki hægt að láta þau ná. En ekki get jeg sjeð, að það sje nein ástæða gegn samþykt frv. Erlendis

mun það altítt að setja slík ákvæði. Er það t. d. svo í Englandi, að skipstjórar fá ekki að stjórna skipi í ákveðinn tíma, eftir að þeir hafa verið staðnir að landhelgisbroti. Eru þar vátryggingarfjelög, er greiða sektirnar, og eru þau svo ströng, að skipstjóra, sem orðið hefir brotlegur, og mist skipstjórnarrjettindi, má ekki einu sinni, meðan á refsingartíma hans stendur, lögskrá sem háseta á skip það, sem hann hefir framið landhelgisbrotið á. Og þar sem sjerstaklega vantar hjer slíka vátryggingu, væri það síst að ófyrirsynju, að slík refsingarákvæði yrðu sett í landslög. Hæstv. forsrh. (SE) og hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) kom saman um það, að eina ráðið til bóta í þessu efni væru auknar strandvarnir. Jeg játa það fyllilega rjett að vera, og mjer er það ljóst, að í viðunanlegt lag kemst strandgæslan ekki fyr en við tökum hana í okkar hendur, þannig, að við höfum fullkomið landhelgisgæsluskip til forystu í þeim málum, en eins og nú stendur, blasir ekki sú úrlausn við.

En þó að rjett sje það, sem hv. 1. þm. G.-K. sagði, að einstaka skip hafi alt af sloppið, og jafnvel verstu lögbrjótarnir, þá mælir það alls ekki í gegn því, að rjett sje að setja þessi ákvæði, því ef nú svo tækist til, að í þessa ófyrirleitnu lögbrjóta næðist, ætla jeg, að hv. 1. þm. G.-K. hljóti að vera mjer sammála um það, að þeir væru vel að slíkri refsingu komnir, og verðskulduðu hana ekki síður en hinir, sem minni hefðu varann á sjer.

Hv. 1. þm. G.-K. gaf annars upplýsingar, sem mjer þykja afar eftirtektarverðar. Hann sagði, að útgerðarmenn blátt áfram skipuðu skipstjórunum að veiða í landhelgi, og ef þeir gerðu það ekki, þá ættu þeir það á hættu að vera reknir af skipunum. Ef svo er, þá ber því síst að neita, að það er ærin freisting fyrir skipstjórana að veiða í landhelgi, og því nauðsynlegt að samþ. þetta frv., sem áreiðanlega leggur allmikil höft á þessa freistingu skipstjóranna og gefur þeim sjálfum, ef svo tekst til, tækifæri til að þreifa á, hvaða verk þeir eru að vinna.

Sami hv. þm. (ÁF) mintist á, hve mikil freisting væri fyrir íslenska togara að fara í landhelgi til veiða, þegar fjöldi útlendra togara fengju mokafla innan landhelgislínunnar, en fisklaust væri fyrir utan. Nefndi þm. fiskislóðina austur við Landeyjasand. Jú, auðvitað er það freisting, en er það ekki líka freisting fyrir skipstjórana að sjá opnu bátana, t. d. í Garðsjónum, afla vel, þegar lítið er um fisk utan við línuna? En láti skiptsjórarnir undan freistingunni, sem ekki stendur á þeim að gera, ræna þeir björginni frá bláfátækum barnamönnum, sem af veikri getu eru að reyna að hafa ofan af fyrir sjer og sínum. Jeg hjelt einmitt, að hv. þm. mundi taka þetta dæmið, því það er nær honum, þar eiga hlut að máli hans eigin kjósendur, sem jeg veit, að hann telur skyldu sína að verja og vernda fyrir öllum ólöglegum átroðningi og yfirgangi, og veit jeg, að það muni tæplega hafa farið fram hjá honum, kveinstafir þeirra, sjómannanna þar syðra, yfir því, hve þeir eru grátt leiknir af lögbrjótunum. Og væri þá ekki eðlilegt að refsa skipstjórunum þunglega fyrir slíkt, og það þannig, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að það komi niður á þeim sjálfum? Og einmitt það, að útgerðarmennirnir reki þá til þess að fiska í landhelgi, er afar mikilsverð ástæða fyrir

að gera að lögum ákvæði þessa frv. míns. Annars er það skiljanlegt, að hv. 1. þm. G.-K. sje þetta mál að einhverju leyti sárt, þar sem hann á sjálfur botnvörpung; en annars skal það tekið fram, að hann hefir sagt mjer, að hann hafi bannað sínum skipstjóra veiðar í landhelgi. Og er hann þá líklega eina undantekningin meðal botnvörpueigenda, hvað þetta snertir.

Ágúst Flygenring: Hv. þm. Borgf. skildi mig alls ekki og reif orð mín út úr rjettu samhengi. Jeg sagði, að útgerðarmenn rækju skipstjórana óbeinlínis til að fiska í landhelgi. Óbeinlínis sagði jeg. Því skipstjórarnir eru reknir, ef þeir afla ekki vel, og eru því neyddir til að bjarga sjer sem best gengur. Og auðvitað er það, að landhelgisbrot skipstjóra eru ekki ókunnug útgerðarmönnum. Það er opinber leyndardómur, að loftskeytatæki og annað slíkt er fyrst og fremst haft á skipunum vegna landhelgisveiðanna. Veiðar í landhelgi verða líka að teljast vorkunnarmál. Gætum við setið á okkur að brjóta landslög, ef eins stæði á fyrir okkur og skipstjórunum, líf og velferð væri svo að segja í veði? Jeg efast um það. Það væri þá helst, þegar um væri að ræða mið opnu bátanna. Þá færu kanske að renna á okkur tvær grímur. En t. d. undir söndunum, þar sem enginn kemur á sjó, nei, þar gætum við ekki, einir af öllum, látið vera að skjótast inn fyrir línuna, því austur með söndunum, sem engar bátaveiðar eru hvort sem er, er það ofætlun, að ætlast til þess, að Íslendingar einir haldi sjer utan landhelgi, þegar fult er fyrir innan af útlendum togurum í miklum fiski; til þess er freistingin altof mikil.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 47., 48., 49. og 51. fundi í Nd., dagana 10., 11., 12. og 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 144, 151, n. 320).

Frsm. meirihl. (Ágúst Flygenring): Það er mjög stutt nál., sem fylgir þessu frv. Á því stendur aðeins, að nefndin hafi ekki getað komið sjer saman um málið. Þrír nefndarmanna eru hreint á móti frv. og tveir að mestu leyti. Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um afstöðu mína, því jeg gerði það þegar við 1. umr. Jeg tók það fram þá, að mjer þætti það hart að láta menn sæta svo þungri hegningu fyrir landhelgisbrot, á meðan eftirlitið væri annars svo ljelegt sem það er nú. Það fiska svo hundruðum skiftir af erlendum skipum hjer við land og öllsömul meira eða minna í landhelgi. T. d. skal jeg nefna það, að þjóðverjar eru sökum útbúnaðar síns neyddir til að fiska þar næstum því eingöngu. Meðan svo er ástatt, þá getum við varla ætlast til að þessar fáu skútur, sem Íslendingar eiga ráð á, sitji bara hjá og horfi á, hvernig hinir háma í sig fiskinn á bestu miðunum. Þar skyldi meira en venjulega löghlýðni til. Nokkrir þeirra hafa líka sjálfsagt brotið landhelgislögin, af íslensku skipstjórunum, og matað krókinn innan landhelginnar. En þá er það mikil freisting fyrir hina eða alla að

gera þetta líka, þegar þeir fá því við komið, því hætt er við, og þeir óttast það vitanlega, að skuggi falli á veiðihepni þeirra, ef þeir til lengdar eru á verri miðum en hinir, og þar af leiðandi koma með verðminni eða rýrari afla, því auðvitað verður þá árangur þeirra lakari.

Nú er það vitað, að þeir, sem leiknastir eru að veiða í landhelgi, eru þannig útbúnir, að sáralítil hætta er fyrir þá, að í þá náist. Þeir, sem helst yrðu þá teknir og refsað, yrðu viðvaningarnir, þeir, sem sjaldnast brytu. Þeir yrðu þannig að bera syndir annara, bera þá refsingu, sem væri einsdæmi hjer hjá okkur. Því þeir ættu ekki einasta að missa atvinnu sína, heldur og að fara í fangelsi. Þetta þykir mjer alt of hart að gengið. Þótt jeg geti vel skilið gremju þeirra manna, sem verða fyrir barðinu á þessum veiðilögbrjótum, þá get jeg samt ekki afsakað hitt, að láta $^1/_{1000}$ af þessum mönnum verða fyrir svo óhæfilega harðri refsingu. Það má auðvitað lengi deila um það, hve harðar refsingar eigi að vera, en um hitt verður ekki deilt, að þessi refsing yrði harðari en nokkur önnur slík ákvæði í lögum þessa lands. Það eru ekki einasta þessi 20 þús., sem gjalda á í sekt, heldur verða sökudólgarnir að láta af hendi bæði afla og veiðarfæri. Mjer finst nú, að þetta ætti að vera nægilegt, þótt fangelsi og atvinnumissi sje ekki bætt við. Það mundi og koma á daginn, að slíkar refsingar yrðu ekki til að draga úr brotunum. Sje þetta gert í því skyni, þá þarf ekki annað en að líta til reynslunnar til að sjá, að slíkt hefir oftast borið öfugan árangur. Ströng hegningarákvæði hafa oftast orðið til að fjölga afbrotamönnunum, en ekki til að fækka þeim.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en bara endurtaka það, að jeg vil ekki refsa íslensku skipstjórunum svo þunglega fyrir þetta, á meðan ekki er hægt að hafa hendur í hári eins þúsundasta af þeim útlendingum, sem fremja sömu brotin.

Frsm. minnihl. (Ásgeir Ásgeirsson): Við erum 2 í nefndinni, sem fylgjum þessu frv., jeg og hv. 2. þm. Reykv. (JBald), og mun hann gera grein fyrir skoðun sinni síðar, þar sem hann hefir nokkra sjerstöðu.

Hv. frsm. meirihl. (ÁF) hefir nú lýst því, átakanlega mjög, hve mikill ágangur sje á landhelgina af togurunum. Jeg býst því við, að þeim, sem heyrt hafa mál hans, þyki eðlilegt, þótt fram hafi komið hávær krafa um að reisa einhverjar skorður við þessu. Á þeim sömu forsendum sem hv. frsm. meirihl. byggir andstöðu sína gegn frv., vil jeg reisa kröfuna um, að tekið sje rækilega í taumana. Það má ekki eiga sjer stað, að höfuðatvinnuvegur landsmanna byggist á lögbrotum.

Hv. frsm. segir, að hegningin mundi helst lenda á þeim, sem minsta leikni hafi í því að brjóta lögin. Hjá sliku verður ekki komist. Allir vita, að slyngustu bófarnir sleppa helst, en þó hefir engum dottið í hug að nema þar fyrir úr gildi hegningarlögin. Jeg vil líka benda á það, að þessi refsing yrði mjög væg, borin saman við þá hegning, sem við er lögð svipaðri skerðingu á eignarrjetti manna á landi. Ákvæðin um refsingu fyrir truflun á atvinnurekstri manna á landi og eignaspellum eru svo

hörð, að þótt þetta frv. verði samþ., verður hegning fyrir landhelgisbrot þó ekki sambærileg. Nú veit jeg ekki betur en að gerðar hafi verið ráðstafanir til að efla eftirlit með landhelginni og hækkaðar sektirnar, og er þá eitt eftir, að skipstjórar, sem valdir eru að brotunum, fái nokkra refsing fyrir framferði sitt. Jeg verð að líta svo á, að það hafi talsverða þýðingu, að refsingin komi ekki eingöngu niður á útgerðarfjelögunum, heldur og á hinum brotlegu skipstjórum. Þótt þeir hafi hjer til átt á hættu að vera reknir af stjórn fjelaganna, þá hefir sú hætta jafnan verið lítil fyrir góða skipstjóra, því þeir hafa getað fengið stöðu hvar sem er. Hagsvonin af að veiða ólöglega er svo mikil, að talsvert verður að koma í mót. Hjer er um að ræða tilfinnanlega skerðing á atvinnurekstri margra manna og eignum þeirra, og er bráðnauðsynlegt að gera alvarlegar ráðstafanir til að gæta betur rjettar þeirra en gert hefir verið til þessa. Það er á við mikla strandvörn, að sökudólgunum sjálfum sje ekki slept óhegnt.

Jón Baldvinsson: Jeg hefði getað fallist á frv. með lítilli breytingu, en jeg hefi ekki komið með þá brtt. við þessa umr., af því að jeg var ekki viss um, að frv. lifði af þessa umr. Mín sjerstaða er í því fólgin, að jeg vil miða þessa hegningu við þau svæði, sem dýrmætust eru fyrir smábátaútgerðina. Það myndi þá helst verða svæðið frá Reykjanestá að Horni. Eins og mönnum er kunnugt, hafa komið fram miklar umkvartanir um það, hvernig smábátaútgerðin hafi verið hart leikin á þessu svæði. Geri jeg ráð fyrir, að ekki svo lítill hluti af atvinnuleysi manna nú stafi af því, hvernig togararnir hafa eyðilagt aflabrögð smábátaútgerðarinnar. Jeg vildi því byrja með því að setja þessa refsingu við að veiða í landhelgi á þessum stöðum. Jeg get ekki sjeð því neitt til fyrirstöðu að leggja þyngri refsingu við landhelgisbroti á einum stað frekar en öðrum, ef brotin gera þar meiri skaða. Jeg mun nú, ef frv. lifir af þessa umr., koma fram með brtt. þessa efnis til 3. umr.

Það er kunnugt, að annarsstaðar eru misharðar refsingar lagðar við landhelgisbrotum, og það í sama landi, eftir því, hvað svæðin eru talin dýrmæt, og sje jeg ekki neitt því til fyrirstöðu, að sá siður verði einnig upp tekinn hjá okkur. Það má vera, að missir rjettinda sje harðara ákvæði en annars hefir tíðkast í okkar löggjöf. Jeg hygg, að ekkert væri á móti því, að herða á henni, einnig í öðrum efnum. T. d. teldi jeg alveg rjett, að bifreiðarstjórar, sem á sannast, að eru druknir við starf sitt, verði sviftir rjetti til að stýra bifreiðum um lengri eða skemri tíma eða fyrir fult og alt. Og það er þó alkunnugt, að slíkri refsingu er beitt í þessum efnum hjá öðrum þjóðum.

Mun jeg að minsta kosti greiða atkv. með frv. til 3. umr., og koma þá fram með tillögur mínar.

Pjetur Ottesen: Jeg flutti þetta mál inn á þingið, er mánuður var liðinn af þingtímanum. 20. mars var því vísað til hv. sjútvn., og eftir þriggja vikna tíma kemur hún fyrst fram með þetta nál. á þskj. 320, sem ekki hljóðar um annað en að nefndin hafi ekki getað komið sjer saman um málið. Jeg get nú ekki betur sjeð á þessum aðgerðum háttv. nefndar en að hún hafi dregið afgreiðslu

málsins svo í þeim tilgangi einum, að nota hjer vald sitt til að hefta framgang málsins, ef vera kynni, sem trauðla þarf að efa, að það ætti fylgi meirihluta í þinginu. Því eins og menn kannast við, er hægt að grípa þannig fram fyrir hendur þingsins, ef nefndir vilja nota aðstöðu sína til þess og koma málunum fyrir á þennan hátt. En saga málsins er ekki öll sögð með þessu. Síðan nefndin skilaði málinu loksins frá sjer, hefir það verið fimm sinnum á dagskrá. Hefir það jafnan verið látið þoka fyrir öðrum málum, og sje jeg því ekki betur en hæstv. forseti hafi þar tekið höndum saman við nefndina um að koma málinu þegjandi fyrir kattarnef. Jeg get þessa aðeins, til þess að hv. þm. sjái, hvernig hægt er að traðka vilja meirihluta þingsins, ef slíkum brögðum er beitt.

Að því er snertir sjálft málið, þá skal jeg geta þess, að hv. þm. V.-Ísf. hefir að mestu svarað því, sem þörf er á til varnar frv. Jeg vil því aðeins drepa lítið eitt nánar á nokkur atriði málsins.

Hv. frsm. meirihl. (ÁF) sagði, að það væri hart að láta íslensku skipstjórana sæta slíkri refsingu á meðan eftirlitið væri hvort sem er ekki betra en nú er. En jeg vil þá segja, að þeim mun verra sem eftirlitið er, því meiri ástæða er til að herða refsingarákvæðin. Verði þetta lögleitt, þá verður aðhaldið fyrir skipstjórana langtum meira, en á því ríður einna mest. Þá vildi hv. þm. (ÁF) færa skipstjórunum það til vorkunnar, að þeim væri það of mikil freisting að sjá útlendingana altaf mata krókinn í landhelginni. Jeg hygg nú, að það sjeu Íslendingarnir, sem oftast ganga þar á undan hinum með þetta fagra fordæmi, og það á þeim stöðvum, sem skaðlegast er, að veitt sje á með botnvörpu, einmitt á bátamiðunum, og þá einkum þar, sem þarf kunnugleik til botnvörpuveiða sökum þess, hvernig botnlagi er háttað. Útlendingarnir koma svo á eftir. Lögbrot þeirra eru að nokkru leyti því að kenna, að innlendu skipstjórarnir ganga á undan með þessu ófagra eftirdæmi.

Eins og tekið er fram í greinargerðinni fyrir þessu frv., og glögglega var sýnt við fyrri umr. málsins, þá bitna sektarákvæðin, eins og nú hagar til, alls ekki á skipstjórum, en eingöngu á útgerðinni. Og þetta gerir skipstjórana djarfari til lögbrota heldur en ef það bitnaði á þeim sjálfum, og það einmitt á þann hátt, sem þeim kemur verst, með því að svifta þá rjettindum. Ennfremur, ef það er ríkjandi móral meðal útgerðarfjelaganna, að það kasti skugga á skipstjórana, ef þeir brjóta ekki landhelgislögin og trolli í landhelgi, þá er því meiri ástæða til þess að herða að skipstjórunum. (ÁF: Þetta er rangt!) Þetta er rjett haft eftir hv. þm. (ÁF); það eru hans eigin orð. Og hafi skrifararnir náð orðum hans rjett, þá mun sýna sig, að okkur ber saman. — Þar sem skipstjórarnir eru svona liðleg verkfæri í höndum útgerðarinnar, þá er sannarlega rjett, að hegningin bitni nokkuð á þeim líka. Þetta er því mjög rík ástæða til þess að setja einmitt slík ákvæði í lög sem hjer er um að ræða. Það getur vel verið, að það sje rjett hjá hv. frsm. meirihl., 1. þm. G.-K., að sumir íslensku skipstjórarnir sjeu svo leiknir í því að brjóta landhelgina, að erfitt sje að hafa hendur í hári þeirra, og það sjeu viðvaningarnir einir, sem í næst. En þó það sje rjett, þá er það nú svo,

að aðhald væri þetta ei að síður fyrir þessa syndaseli, því svo er gremja sjómanna, sem fiskiveiðar stunda á smærri bátum og þrásinnis verða fyrir barðinu á þeim, mikil, að alt kapp mundi, ekki síður eftir en áður, verða lagt á það að hafa hendur í hári þeirra, og þess er jeg viss, að úr mundi draga ófyrirleitni þeirra, og þar gæti komið, að þeir líka yrðu að lægja seglin og legðu niður þann ljóta sið. Og þá koma þessi ákvæði til með að ná til þeirra, engu síður en nýgræðinganna.

Því hefir verið svarað af hv. þm. V.-Ísf., viðvíkjandi hegningarákvæðunum, að til eru ýms ákvæði um spellvirki á landi, sem fullkomlega svara til þeirra, svo þau eru alls ekki einstök. Og þó mun erfitt að finna meiri spellvirki en landhelgisveiðar togaranna, víðast hvar.

Frsm. meirihl. (ÁF) sagði, að þetta mundi ekki draga úr lögbrotunum, heldur fremur auka þau. Ef þessari hugsun er haldið áfram, þá ætti það að vera hollast að afnema landhelgislöggjöfina og hafa enga gæslu. En slíku held jeg, að enginn muni vilja halda fram í alvöru. Það verður að reyna að kreppa sem mest að lögbrjótunum, og takist það ekki með því að láta þá hafa hitann í haldinu, þá er ekki hægt að verja landhelgina. Með illu skal ilt út reka. Togaraskipstjórarnir íslensku hafa sýnt, að þetta máltæki á við þá ekki síður en sumt annað.

Þá er sá skoðanamunur, sem fram kom hjá hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Hann vildi álíta það heppilegra að hafa sektirnar mismunandi, eftir því, hvar brotið væri framið. Jeg held, að það verði heppilegast gagnvart útlendingum að láta sömu ákvæðin gilda alstaðar. Það getur vel verið, að minna tjón verði að veiði í landhelgi á einum stað en öðrum. En jafnan valda slíkar veiðar tjóni. Og vitanlegt er það, að þó togararnir veiði kanske mest í landhelgi við suðurströndina á vetrarvertíðinni, sem oft er vitnað til, þá spilla þeir mikið veiðum í öllum veiðistöðunum hjer fyrir sunnan og við Faxaflóa með því að trufla fiskigöngurnar, og gera þannig einnig mikið tjón fiskiveiðum hjer við flóann.

Forseti (JAJ): Vegna ummæla hv. þm. Borgf. vil jeg geta þess, að þetta mál hefir tafist undanfarna daga af alveg eðlilegum ástæðum. Það hefir ekki gefist tími til þess að ljúka dagskrá. En þó málið af þessum ástæðum komi síðar til umr. en til var ætlast í fyrstu, þá hefir það alls ekki komist að seinna en ástæður voru til, eins og hv. þm. (PO) getur sannfært sig um með því að athuga dagskrár undanfarinna funda.

Hákon Kristófersson: Jeg hefi leyft mjer að koma hjer fram með brtt. við þetta frv., á þskj. 153. En eftir því sem fram hefir komið við umræðuna, og ráða má af till. í nál. og því, hvernig hv. sjútvn. hefir dregið málið á langinn, en þingtímanum nú langt komið, þá virðast lítil líkindi til þess, að frv. muni komast í gegn að þessu sinni. Með brtt. minni tel jeg sist oflangt gengið í því að hegna lögbrjótunum. En þegar jeg sje nú, að meirihl. nefndarinnar leggur það til, að frv. sje felt, þá býst jeg ekki við því, að brtt. mín muni fá byr, þar sem mörgum hv. þdm. þykir fullangt gengið með frv. En till. mín gengur hóti lengra, og tek jeg hana því aftur, ef frv. næði þá fremur fram að ganga. Því þó mjer þyki það ganga heldur skamt, þá vil jeg heldur, að það verði samþykt.

Og jeg vona, að till. meirihl. nefndarinnar hafi ekki svo mikil áhrif hjer í hv. deild, að frv. verði felt.

Jeg get fyllilega tekið undir með hv. þm. Borgf. um meðferð þá, sem þetta frv. hefir sætt hjer í deildinni. Ekki þó svo, að jeg rengi orð hæstv. forseta. En gangur málsins sýnir, að það hefir ekki haft nauðsynlega samúð þeirra, sem mestu ráða um það, hvernig og hve greiðlega málin ganga fram.

Jeg vil óska þess, að fram fari nafnakall um þetta mál, svo það sjáist, hverjir helst halda hlífiskildi yfir lögbrotaseggjunum, sem fyr og síðar hafa leikið sjer að því að eyðileggja framtíð fátækra manna við strendur þessa lands.

Sigurjón Jónsson: Jeg vil með fáum orðum gera grein fyrir því, hversvegna við, sem erum hjer í meirihl. í sjútvn., gátum ekki gengið inn á það að veita þessu frv. fylgi. Það hefir ekki komið eins skýrt fram hjá hv. frsm. (ÁF) og hv. þm. Ak. eins og skyldi.

Ástæðan til þess er sú, að með þessu frv. er verið að gera upp á milli innlendra og erlendra skipstjóra, setja önnur ákvæði um þá heldur en gilda gagnvart útlendum skipstjórum. Það er að misnota vald, ef fara á að beita alt öðrum refsiákvæðum gagnvart innlendum en útlendum mönnum. Hjer er að vísu talað um að taka skipstjórnarrjettinn undantekningarlaust af þeim skipstjórum, sem gerast sekir við þessi lög. En þessu verður að breyta og setja „innlendum skipstjórum" í staðinn. Því við getum ekki tekið þetta leyfi af útlendingum. Við getum sett íslenskan skipstjóra í fangelsi, en jeg efast um að við komum til að beita því ákvæði gagnvart útlendum skipstjórum. Það var þetta, sem fyrst og fremst vakti fyrir okkur í meirihl. sjútvn. Með frv. þessu virðist okkur vera gengið inn á þá braut að láta innlenda skipstjóra eiga við strangari reglur að búa heldur en hina útlendu stjettarbræður þeirra. Jeg veit það, að hv. flm. (PO) og hv. þm. Barð. vita, að okkur þykir ekki síður sárt en öðrum að geta ekki varið landhelgina gegn ágangi togaranna. En slíkt frv. sem þetta nær áreiðanlega ekki tilgangi sínum. Ef sett eru svo ströng ákvæði, að atvinnu- og ærumissir liggi við, ef brotið er, þá má búast við því, að fremur verði sjeð í gegnum fingur við lögbrjótana en áður. Hjer á þessu þingi hafa sektarákvæðin verið skerpt. Og jeg álít, að ekkert vinnist frekar við það, að samþykkja þetta frv. í tilbót.

Pjetur Ottesen: Hæstv. forseti (JAJ) sagði, að dráttur þessa máls, síðan það kom úr nefndinni, væri alveg eðlilegur, eftir ástæðum. Það getur vel verið, að það sje eðlilegt, að þetta mál hefir fjórum sinnum verið tekið út af dagskrá, og nýjum málum stöðugt skotið fram fyrir það. En jeg hugsa samt, ef dagskrárnar væru athugaðar, þá mundi það koma í ljós, að ekkert mál hefði sætt annari eins meðferð. Og er það því alls ekki ófyrirsynju eða ástæðulaust, þó eg sje nokkuð tortrygginn um það, að ekki sje alt með feldu. —

Jeg gleymdi að geta þess áðan út af meðferð nefndarinnar á frv., að sama dag og hún fjekk það til meðferðar var til hennar vísað öðru frv., þessu náskyldu, um innheimtu tolls með gullverði, og var það afgreitt frá nefndinni tveim dögum síðar.

Háttv. þm. Ísaf. sagði, að aðalástæðan til þess, að meirihl. nefndarinnar

snjerist gegn frv., hefði verið sú, að þar væri gert upp á milli íslenskra og erlendra togaraskipstjóra. Hann tók það fram, að ekki væri hægt að setja útlenda skipstjóra í fangelsi. Það er ekki rjett. Það er til ákvæði um það, og hefir staðið í 10—12 ár. Hitt ákvæðið, um rjettindamissi til skipstjórnar, er aftur nýtt, og það er það eina, sem er nýtt í frv. Og okkar valdsvið nær í því tilfelli ekki til útlendra skipstjóra. En erlendis gilda hliðstæð ákvæði, bæði í Englandi — og þar hafa þau lengi gilt — og í Þýskalandi, en þar eru þau nýleg. Þar gera fjelög þau, sem vátryggja gegn skaða af veiðum í landhelgi, það að skilyrði fyrir vátryggingu, að skipstjóri skuli missa rjett sinn um tíma, ef hann verður sekur um landhelgisbrot. Það skip, sem slíkur skipstjóri stjórnar, fær ekki vátryggingu með þeim sama skipstjóra fyr en langt er um liðið. — Úr því verið er að vitna til erlendra laga, er rjettt að þetta komi líka fram.

Frsm. meirihl. (Ágúst Flygenring): Jeg þarf ekki að bera blak af nefndinni vegna þess, hve seint frv. kemur fram. Nefndin hefir ekkert getað við það ráðið, hvað málið hefir tafist hjer í deildinni. Hún á ekkert atkvæði um það, hvenær mál eru tekin fyrir, eins og nærri má geta. En annars er það vitanlegt, að engir samviskusamir þm. eru að flýta fyrir málum, sem eru, eða þeir álíta að sjeu, til óhags og misbjóða rjettlæti og rjettlætistilfinning eins og þetta frv. gerir. Jeg er þess sinnis, að ef jeg sje þörf á að flýta máli, þá flýti jeg því, en geri það ekki, ef jeg sje, að málið er ekki þess vert. En hinsvegar neita jeg því, að nefndin hafi tafið þetta frv. beinlínis. Ríkinu lá á því, að gullkrónufrv. gengi fljótt fram. En af þessu frv. hefir landið aðeins skömm og skaða, eins og jeg hefi sýnt fram á áður.

Hv. þm. Barð. kallaði togaraskipstjórana óþokka. Jeg tel alveg óviðeigandi að kasta slíku fram sjer í sölum Alþingis. Ef nokkur stjett manna í þessu landi stendur á sporði útlendum stjettarbræðrum, þá er það sú stjett, það eru skipstjórar á „trawl"-skipunum íslensku. Einmitt þessi stjett er og verður sómi þessa lands.

Það hefir verið óskað nafnakalls um þetta mál. Jeg endurtek það, að jeg öfunda hvorki hv. þm. Barð. nje nokkurn skoðanabróður hans af sínu atkvæði.

Hv. þm. Borgf. reyndi að færa orð mín úr lagi. Hann bar mig fyrir því, að togararnir veiddu aðallega í landhelgi. En jeg sagði, að togaraveiðarnar væru reknar í landhelgi af flestum skipum, þegar ekki væri annað hægt, eins og stundum á sjer stað, og oft auk þess, þegar skipstjórar, margir hverjir, teldu sjer það miklu arðvænlegra. Þetta vita allir. Jeg býst t. d. við, að Skaftfellingum sje þetta ljóst, þar sem þeir hafa togarana og aðfarir þeirra daglega fyrir augum sjer. En jeg hefi aldrei sagt, að togaraútgerðin standi og falli með veiðum í landhelgi. Það er vitanlegt, að sumir togarar — einstöku — veiða aldrei innan landhelgi. Það þýðir ekkert að færa orð mín úr lagi. Jeg hefi viljað bera í bætifláka fyrir okkar íslensku skipstjóra um landhelgisveiðarnar, vegna þess, að það er vitanlegt, að útlendingar veiða þar ennþá meira, þegar veiði skortir annarsstaðar. Jeg hefi haldið því fram, að það sje hart, ef þeir einir eigi að missa sína atvinnu fyrir það að brjóta landhelgina, fremur en aðrir — fremur en útlendingarnir,

sem þessi lög aldrei gætu náð til. Ekki síst, þegar þess er gætt, að þeir verða frekast fyrir þessu, sem minst hafa til þess unnið. Jeg veit ekki, hvort það þroskar sjerstaklega næma ábyrgðartilfinningu fyrir lögum og rjettlæti að hegna þannig, eins og hleypt sje skoti í hóp manna, sekra og ósekra, án þess hægt sje að vita, hver fyrir verður. Þau hegningarákvæði, sem hjer ræðir um, eru alls ekki berandi saman við nein slík ákvæði, sem á landi gilda. Þó einhver beiti fje í annars land, þá fær hann ef til vill sekt, en ekki verða nú samt skepnurnar teknar líka, eins og við gerum með aflatökunni, ef til næst. Og engum mundi detta í hug að svifta bónda, sem beitti annars land, búskaparrjettindum í þokkabót. Eins er um þann, sem veiðir fugla í annars manns landi. Þó hann verði fyrir sekt, þá er veiðin ekki af honum tekin, og því síður rjettindi til að bera byssu. Svona mætti margt telja, en ekkert kemst í samjöfnuð við landhelgissektirnar. Allra síst, ef taka á rjettindi af mönnum fyrir slík brot.

Jeg býst við því, að þó þetta frv. slysist í gegnum þingið — sem væri mesta ólán — þá verði það aldrei til annars en ills eins. Það dregur ekki úr lögbrotunum. En það vekur gremju, og hlyti bráðlega að verða breytt aftur.

Það er rjett, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði, að það er ekki sama, hvar brotið er framið, hvort það er fyrir söndunum eystra eða undir Akranesi og í Garðsjó, hvort það er framið þar, sem engin sækir sjó, eða þar, sem það spillir stórkostlega fyrir veiðum fjölda manna. Í þessu tilliti hagar svo afarólíkt til kringum landið. Væri í raun og veru rjettlátt að hafa sektarákvæði mismunandi með tilliti til þessa, en jeg held, að ekki verði komið við þannig löguðum mismunandi ákvæðum. Það yrði ef til vill ekki annað en húmbúg úr því.

Jakob Möller: Sannleikurinn í þessu máli er sá, að til þess að vernda landhelgina er aðeins ein leið, sú, að auka landhelgisgæsluna, auka hana svo, að hættan á því, að hvert skip verði tekið, sem brýtur, verði svo mikil, að það borgi sig ekki að hætta til þess. Í raun og veru er nú svo ástatt um landhelgina, að mönnum er heimilt að veiða þar fyrir ákveðið gjald. Það er svona í framkvæmdinni, og eins og komið hefir fram í umr. hjer, þá eru til fjelög í útlöndum, sem vátryggja gegn sektum fyrir landhelgisbrot. Þessi fjelög sjá sjer fært að reikna það út, hvað há iðgjöld þau þurfi að fá, til þess að standast tryggingu togaraflotans. Svo það má segja, að landhelgin sje heimil útlendum togurum gegn ákveðnu gjaldi. Stefna þessa frv. er sú, að gera upp á milli útlendra togara og innlendra; útlendu togararnir eiga eftir sem áður að veiða gegn ákveðnu gjaldi í landhelgi, en hinir ekki.

Jeg skil mjög vel gremju fólksins gegn þessum mönnum, sem oft valda svo óskaplegu tjóni með veiðum sínum, eyða afla og spilla veiðarfærum, og jafnvel ógna lífi manna auk heldur. En jeg tel óviðkunnanlegt, að sú gremja komi þannig fram, að hefna sín á innlendum mönnum. En þetta frv. fer ekki fram á annað. Þó innlendum togurum yrði bægt frá landhelginni, þá segði það í rauninni lítið. Sægur hinna útlendu togara hjeldi áfram eftir sem áður að veiða þar, og breytingin yrði hverfandi. Þetta yrði því í reyndinni ekkert annað en að hefna sín á innlendum mönnum. En brot þeirra eru alveg hverfandi í samanburði

við hina. Mig furðar hreint á þeim ummælum, sem hjer hafa heyrst, að íslenskir togarar sjeu hvað verstir með að brjóta landhelgina. Jeg veit ekki, hvernig menn fara að segja slíkt. Jeg þekki ákaflega fá dæmi til þess, að íslenskir togarar hafi verið sektaðir fyrir landhelgisbrot. Og eftir öðru hefi jeg ekki að fara. Jeg veit að vísu, að ýmsar sögur ganga, svipaðar sögunum um rjúpnaátið hjer í Reykjavík. En á slíku er ekkert mark takandi. Það eru kviksögur, sem ekki hafa við neitt að styðjast. Mjer er það óskiljanlegt, að íslensku togararnir yrðu ekki oftar fyrir barðinu á gæsluskipunum, ef þetta væri satt. Því þó hópur útlendu togaranna sje margfalt stærri, þá eru þess þó nokkur dæmi, að sami útlendur skipstjóri hefir sætt sektum oftar en einusinni fyrir landhelgisbrot. En þess eru engin dæmi um íslenskan skipstjóra.

Ef þessar ráðstafanir eiga að draga úr landhelgisbrotum og bera nokkurn árangur, þá er víst, að þær koma mjög illa niður. En sje hin leiðin farin, að auka landhelgisvarnir, er það bæði trygt, að af því leiði fullkomin árangur, og eins hitt, að þær ráðstafanir kæmu jafnt niður á öllum, innlendum og útlendum. Hv. þm. Borgf. talaði um, að þessi rjettindamissir skipstjóra, er frv. fer fram á, væri hliðstæður því, er gilti annarsstaðar um vátryggingu gegn landhelgisbrotum. Þetta er alveg ósambærilegt. Maðurinn missir engin rjettindi að lögum, enda þótt hann megi ekki stjórna skipum, er það fjelag vátryggir, er hann hefir gerst brotlegur við. Hinsvegar getur hann stjórnað skipi, sem vátrygt er hjá öðru fjelagi eða með öllu óvátrygt. Það hefir líka komið fyrir, að útlendur skipstjóri hefir verið sektaður oftar en einusinni hjer við land, og sýnir það, að menn missa ekki rjettindi sín, þótt þeir gerist brotlegir.

Þá er annar stórgalli á þessu frv., ef það verður að lögum, að það myndi beinlínis verða til þess að draga úr landhelgisgæslunni. Vjer þekkjum það af reynslunni, hversu erfitt er að framkvæma svona harðhent lög. Árangurinn verður alveg gagnstæður við það, sem til er ætlast. Þegar lagavöndurinn er reiddur hærra en almenningsálitið telur rjett vera, verður það aðeins til að vekja fyrirlitningu fyrir lögum yfirleitt. Aukin landhelgisgæsla er eina ráðið til að bæta úr þessu, hvað sem hver segir.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hefi ekki heyrt það tekið fram við umr., sem þó er töluvert atriði í þessu máli, að mikill munur er á broti innlends og erlends togara. Nú er farið fram á það í frv., að gera mun á refsingum fyrir þessi brot, en sá galli er á, að frv. gengur hjer í þveröfuga átt. Þegar íslenskt botnvörpuskip veiðir í landhelgi, er brotið eiginlega fólgið í því, að skipið notar önnur veiðarfæri en leyfð eru. Brot útlenda skipsins er hinsvegar tvöfalt, óleyfileg veiðarfæri og óleyfilegur veiðistaður. Þetta er munurinn samkvæmt lögum, og því kemur ekki til nokkurra mála, að þyngri refsing verði lögð á innlenda menn en erlenda fyrir þessi brot. Auk þessa gæti þetta haft aðrar alvarlegri afleiðingar. Auðvitað yrðu þeir íslensku skipstjórar, er þannig væru sviftir öllum rjettindum og möguleikum, að lifa áfram eins og aðrir afbrotamenn, sem ekki eru beinlínis teknir af lífi. Þeir myndu því að öllum líkindum leita til erlendra skipa og ganga í þjónustu þeirra. Jeg býst við því, að það þætti

góður fengur erlendis að fá skipstjórana okkar sem leiðsögumenn og verkstjóra. En jeg get ekki betur sjeð en að þessi yrði afleiðingin af framgangi þessa frv., ef ákvæðum þess yrði nokkurntíma beitt.

Hákon Kristófersson: Það má nú segja, að fari að tíðkast hin breiðu spjótin, þegar einn úr stjórninni stendur hjer upp til að mæla lögbrjótum bót.

Það er alls ekki satt, að brot innlendra skipa sje eingöngu fólgið í að nota óleyfileg veiðitæki innan landhelginnar. Afleiðingin af brotum þeirra er sú, að veiðarfæri og fiskimið smábáta eru gereyðilögð. Innlendu togararnir eru verstir í þessu efni, enda kunnugastir. Einkum hefir þetta komið fram fyrir vestan.

Hv. 1. þm. G.-K. fyltist heilagri vandlætingu vegna þess, að jeg hafði kallað þessa menn óþokka. Hvaða nafn vill hann gefa þeim mönnum, er svífast ekki að draga yfir línu, sem fátæklingur er að draga með drengjum sínum og eyðileggur þannig bjargræði hans og aflavonir? Ekki þó nafnið „heiðursmaður," vænti jeg? Hv. sami þm. (ÁF) talaði um útúrsnúning hjá hv. þm. Borgf., en hjó þá nærri sjálfum sjer um leið. Jeg var alls ekki að svívirða sjómannastjettina með ummælum mínum, en mjer getur ekki annað en runnið í skap við þá menn, sem að yfirlögðu ráði eyðileggja atvinnuveg fátæklinganna, og hafa ekki samviskubit af! Jeg hefi heyrt, að hv. 1. þm. G.-K. hafi bannað skipstjórum sínum að fiska í landhelgi. Jeg er viss um, að það er ekki ótti við refsiákvæði, sem þessu veldur, heldur sómatilfinning heiðarlegs manns, sem ekki vill láta slíkt ranglæti af sjer leiða.

Það er alls ekki meiningin með frv., að hefna sín á innlendum skipstjórum. Að beina slíkri ásökun til mín eða annara í þessu máli, er því næsta ómannlegt og ómaklegt. Hitt er satt, að við getum ekki sett lög nema fyrir vort eigið land. Og jeg skal líka játa það, að vafasamt er, hve mikið gagn muni af þessu leiða. Hjer er hvort sem er vaninn sá, að sjá í gegnum fingur við flesta lögbrjóta landsins, a. m. k. þá stærri.

Því hefir verið haldið fram, að þetta frv. gengi í bága við rjettlætismeðvitund manna. Þessi fullyrðing finst mjer nú ennþá einkennilegri heldur en þó að jeg kallaði þessa lögbrjóta óþokka. Ekki fæ jeg heldur skilið það, að þessi lög geti orðið landinu til skammar — að öðru leyti en því, að vera má, að þeim verði svo illa framfylgt, að til skammar verði, eins á sjer stað um fleiri lög. Það hefir sýnt sig, að lögbrjótar eiga víða hauka í horni — og meira að segja einn í hæstv. stjórn.

Flm. (Pjetur Ottesen): Jeg var ekki að kenna nefndinni um dráttinn á máli þessu, síðan að það loks kom frá henni, enda mun hún hafa haft nóg á sinni könnu. En þar sem hv. frsm. meirihl. (ÁF) sagði, að það væri skylda þingsins að flýta ekki fyrir þeim málum, er gengju í skakka átt — og var hann þar með að verja drátt nefndarinnar á því að afgreiða málið — þá vil jeg svara því, að það getur tæplega lýst góðri samvisku að leggjast þannig á mál í nefndum. Því þó nefndarmenn eða einhver hluti nefndarinnar liti svo á, þá líta aðrir þingm. öðruvísi á, og hafa allir jafnan rjett til að láta sinn vilja koma fram; hitt er ofríki og rangsleitni af nefndum að leggjast á mál í því augnamiði að

hefta framgang þeirra. Þingið getur gert það, sem því sýnist, er málið er komið úr nefnd, en að svæfa mál þar er að vísu gömul, en illa þokkuð aðferð.

Hv. frsm. meirihl. taldi sig ekki vera mótfallinn miðlunartill. hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Mjer er nú kunnugt um, að kvartanir hafa borist frá Austfjörðum í vetur undan því, hve mikinn usla togarar hafi gert í landhelgi á fiskigengd þangað, og get því eigi sjeð, að meiri ástæða sje til að gera neina undantekningu á refsiákvæðum um veiðar í landhelgi við suðurströnd landsins.

Hv. frsm. (ÁF) talaði líka um, að með þessu frv. væri verið að hefna sín í blindni, og refsingin gæti komið niður á þeim, er síst skyldi. Þetta má líka segja um sektirnar, svo að þetta er ekkert atriði í málinu. En eitt er þó víst, að þetta bitnar þó aldrei nema á þeim, sem til saka hafa unnið. Því miður getur það altaf komið fyrir, að þeir verði ekki harðast úti, sem sekastir eru.

Eitt af því, er sýnir, hve nefndin hefir kastað höndunum til meðferðar þessa máls, er það, að nefndin heldur, að ákvæðið um fangelsisvistina sje nýtt, enda þótt það standi í gildandi lögum og hafi lengi staðið. Það er aðeins síðari hluti greinarinnar, sem er frá mjer runninn, og mjer er fyrir mitt leyti alveg sama, þó þessi ákvæði um fangelsisrefsinguna sje feld niður úr frv., því að þau standa í gildandi lögum jafnt eftir sem áður. En þetta er átakanlegt sýnishorn af fáfræði og hirðuleysi nefndarinnar um að gera sjer fullkomna grein fyrir því máli, sem henni er falið til athugunar. Það hefði vafalaust verið í mestu samræmi við skoðun meirihl., að koma með till. um að fella öll landhelgisgæslulögin úr gildi. Þá væri víst engin hætta á, að gengið væri á rjett fátæklinganna og þeir sviftir eignum sínum og bjargræði. Nei, það er ekki hætt við því!

Það, sem gera þarf er að herða eftirlitið, en meðan þess er ekki kostur sem skyldi, eða því ekki hrundið í framkvæmd svo sem vera ber, þá er þetta óneitanlega spor í áttina og ljettir undir.

Það hefir verið talað um, að þetta yrði oss til skammar. Það var háttv. frsm. meirihl. (ÁF), sem svo komst að orði — hann skortir ekki slagorðin.

Ef þetta frv. verður samþ. og ber tilætlaðan árangur, sem jeg efast ekki um að það geri, þá verður þetta oss til sóma, og gagnið tala jeg ekki um.

Hv. 3. þm. Rv. (JakM) talaði um, að með þessu væri verið að gera upp á milli íslenskra og erlendra skipstjóra, og sagði, að erlendir skipstjórar mættu veiða í landhelgi eftir sem áður fyrir borgun. Það kann satt að vera, að skoða megi sektirnar sem einskonar borgun, en það er þá ekkert einstakt um þessar sektir, heldur gildir það þá um sektir yfirleitt.

Jeg held, að mjer sje óhætt að fullyrða, að hverju einu og einasta fiskiskipi í Englandi og Þýskalandi sje gert að skyldu að vátryggja gegn landhelgisbrotum, og víst er um það, að enginn skipstjóri sleppur þar við að missa rjettindi sín fyrir þessi brot, um tíma a. m. k.

Hv. sami þm. (JakM) vildi bera í bætifláka fyrir íslenska skipstjóra með því, að þeir yrðu sjaldan fyrir sekt. En sannleikurinn er sá, þótt þessi hv. þm. kunni að kalla það slúðursögur, að oftlega er sjeð í gegnum fingur við þá. Mjer er kunnugt um, að bátur hefir verið á verði í Garðsjó í vetur, sem hefir kært 5 togara fyrir ólöglegar veiðar, og

af þeim voru 4 íslenskir. Það hefir verið sagt, og er víst engin ástæða til að rengja það, að einn botnvörpungur íslenskur hafi siglt í strand með vörpuna á eftir sjer. (BL: Var ekki náttmyrkur og þoka?) Jú, auðvitað mundi hann annars hafa reynt að halda sjer frá klettunum, því tilætlunin hefir auðvitað verið sú, að veiða í landhelgi, en ekki að stranda. En þetta sýnir, hvað ósvífnin er á háu stigi hjá togaraskipstjórum og fyrirlitningin fyrir lögum og rjetti í landinu. Og einasta ráðið, sem nú að svo stöddu er fyrir hendi til að lækna þetta, er að samþ. þetta frv.

Hv. þm. (JakM) talaði um, að þetta myndi draga úr landhelgisgæslunni. Þessu er ætlað að vera nokkurskonar bráðabirgðaráðstöfun, meðan landhelgisgæslan er svo ófullkomin sem nú er. Þetta á að verða til þess að koma ótta að skipstjórunum, og jeg efast ekki um, að það beri þann árangur, ef það nær fram að ganga. Það er því alveg að hafa hausavíxl á hlutunum að segja, að þetta dragi úr landhelgisgæslunni; það er þvert á móti til að auka hana.

Hv. fjrh. (JÞ) lagði sinn skerf til að eyðileggja málið. Hann reyndi að sýna fram á þann mun, er væri á brotum innlendra og erlendra togara. Brot hinna innlendu væri aðeins einfalt, en hinna tvöfalt.

Lögin eru fyrst og fremst sett til þess, að gera smábátunum kleift að stunda veiðarnar, í öðru lagi til þess að hamla móti því, að með botnvörpuveiðum verði ungfiskinum mokað svo upp, að liggi við upprætingu. Ungfiskurinn heldur sig mikið innan landhelgislínunnar og alveg upp við land sumstaðar. Jeg vil nú spyrja: Er það ekki alveg sama fyrir smábátaveiðarnar og eyðingu ungviðisins, hvort það eru erlendir menn með erlend skip, sem draga upp allan fiskinn fyrir smábátaútgerðinni og spilla og eyðileggja veiðarfæri þeirra, eða innlendir menn á innlendum skipum? Jeg hygg, hvað þetta snertir sjerstaklega, sje þar ekki munur á gerandi. Í báðum tilfellum eru landslögin brotin og söm eru spellvirkin og sama er eyðileggingin.

Viðvíkjandi því, að þeir skipstjórar, sem mist hefðu rjettindi sín hjer á þennan hátt, mundu fara úr landi, verð jeg að halda því fram, að jeg tel mjög óvíst, að íslenskir skipstjórar vogi að tefla svo mjög á tvísýnu, að þeir geri mikið að því að brjóta þessi lög, er þeir eiga rjettindamissi yfir höfði sjer. En hitt getur þó vel verið, að þeir færu hjeðan af landi brott, ef þeir yrðu sviftir rjettindum sínum. En færu þeir til Englands t. d. að taka og ætluðu að gerast skipstjórar á togurum þar, þá yrðu þeir að ganga undir samskonar ákvæði. Færu þeir til Þýskalands í sömu erindum, þá yrði þetta heldur ekki umflúið. Nei, þetta er bara fyrirsláttur. Það er grýla, sem engum reyndar skýtur skelk í bringu, enda er ekki ástæða til að svo sje. En jeg held, að aldrei verði nein brögð að því heldur. Lögin munu verða nægilegt aðhald þessum mönnum til þess að veiða aðeins á leyfðum fiskimiðum, og ef einhver skipstjóri misti rjettindi sín um eins árs skeið, verður það aðeins til þess að skerpa löghlýðni hans betur eftirleiðis, og missi hann þau öðru sinni og um lengri tíma (2 ár), þá mun hann vart vilja eiga það á hættu að missa rjettindi í þriðja sinnið og það fyrir fult og alt. Jeg hygg því, að lögin

muni aðeins hafa góð áhrif á löghlýðnina og verða hin mesta vernd gegn landhelgisveiðum.

Björn Líndal: Það hefir nú flest það verið tekið fram í þessum umræðum, sem jeg hafði ætlað mjer að taka til athugunar, og nú mun jeg því láta mjer nægja með að taka fram tvö atriði, sem aðallega ræður afstöðu minni til þessa máls, auk þess, sem aðrir hafa tekið fram. Það er það fyrsta, sem jeg finn athugavert við þessi lagaákvæði, eins og öll önnur lög, sem eru utan við hin eiginlegu hegningarlög, að þau kveða svo á, að ein og sama hegning skuli liggja við ákveðnum lögbrotum, án nokkurs tillits til þess, með hvaða hugarfari þau lögbrot hafi framin verið. Það er t. d. alveg sama hegning lögð við broti, sem framið er af ásetningi og yfirlögðu ráði, og því broti, sem annaðhvort er framið óvart, af gáleysi, eða alveg óafvitandi. Það er með öðrum orðum ekki tekið neitt tillit til þess, með hvaða hugarfari brotin hafi verið framin. En þegar um slíkt er að ræða, verður ávalt að fara varlega í því og mannúðlega að ákveða hegninguna. Það getur vel farið svo, að maður, sem óvart eða af afsakanlegu gáleysi hefir framið lögbrot, verði þyngra hegnt en þeim, sem framið hefir glæpinn af ásettu ráði. Jeg þykist hafa lært það af þeirri vísindagrein, lögfræðinni, sem jeg hefi lagt nokkra stund á, að hegningarákvæði koma aldrei í veg fyrir lögbrot. Reynslan hefir og sýnt það, að hin hörðustu hegningarlög ná sjaldnast tilgangi sínum. Og eftir því sem hegningin er tiltölulega þyngri en lögbrotið er alvarlegt í almenningsálitinu, því lengra er löggjöfin komin út á ranga braut. Og að lokum fer svo, að hegningin verður talin órjettlátari en brotið. Um þessi brot er það að segja, að þau eru mjög mismunandi í eðli sínu. Jeg get tekið undir það með háttv. 2. þm. Reykv. (JBald), að það getur verið sjerstök ástæða til þess að leggja sjerstakar hegningar við brotum á vissum svæðum við strendur landsins, þar sem bátamið eru og mest er hætta á að veiðarfærum verði spilt, en þar sem engin bátamið eru, aldrei er róið og því engin veiðarfæri úr landi í hættu, þar skilst mjer, að hver togaraskipstjóri geti fiskað í landhelgi með góðri samvisku og án þess að kvíða því, að hann sje með því að vinna landi sínu og þjóð ógagn, þar eð sá fiskur, sem þarna er, yrði ella engum að notum í þann svipinn. Í öðru tilfellinu eru sakirnar þungar á þann, er brotið fremur, en í hinu mjög lítilfjörlegar. Því áliti jeg rjettast, að öll slík hegningarákvæði væru endurskoðuð í lögum og meira tillit tekið til þess, með hvaða hugarfari brotið er framið, eins og venja er til í allri hegningarlöggjöf. Það er og alls eigi sambærilegt að líkja saman brotum, sem framin eru á landi, og brotum frömdum á sjó. Sjórinn er samkvæmt venju og afargömlum alþýðuhugsunarhætti almenningseign, og því þykir t. d. hart, ef heimilaðar eru skaðabætur fyrir veiðar uppi í landsteinum eða landshlutur af þeim afla, sem dreginn er á annars manns land, með fyrirdráttarnót. Minsta kosti er víða litið svo á, að það verði ekki talið verulegt lagabrot, þótt slíkt sje gert endurgjalds- og bótalaust.

Hitt atriðið, sem jeg sjerstaklega hefi að athuga við þetta frv., er það, að ef ætti að fara að beita mjög hörðum hegningarákvæðum gagnvart togaraskip-

stjórum, yrði auðvitað afleiðingin sú, að farið yrði að „leppa“ skipin. Það er því miður ávalt hægt að fá menn, sem litla virðingu bera fyrir lögunum og eru fúsir á að selja sig, þótt hegning liggi við, sem er jafn ósárt um sitt eigið mannorð og þau lög, sem þeir eru ráðnir til að brjóta. Þessari aðferð yrði auðvitað beitt, ef útgerðarmennirnir ættu það ella á hættu að missa duglega og aflasæla skipstjóra fyrir það, að þeim hefði orðið það að fara inn fyrir landhelgislínuna, eða skipstjórarnir t. d. væri settir í fangelsi, jafnvel þótt þeir óafvitandi hefðu brotið landhelgislögin. Þegar löggjafarvaldið fer inn á þessa braut, er það vissulega komið út á glapstigu. En það er engri þjóð til sóma, ef grípa verður til slíkra örþrifaráða vegna óviturlegra hegningarákvæða.

Jakob Möller: Jeg hygg yfirleitt, að lög sjeu hin sömu í sama landi og gangi jafnt yfir alla, innlenda menn og erlenda, sem þar eru. Þetta er og svo allstaðar í öllum löndum og hjer líka, en með þessu frv., er haldið inn á nýja braut í því að gera mun á innlendum og erlendum mönnum, að því er hegningar fyrir lögbrot snertir. Þetta hefir algerlega ráðið minni afstöðu til þessa máls, og jeg vísa því heim þeim ummælum háttv. þm. Barð., er hann sagði mig vera talsmann lögbrjótanna. Þeir verða þá fleiri, forsvarsmennirnir lögbrjótanna hjer á þingi, því formælendur þessa frv. mætti eins vel kalla talsmenn hinna erlendu lögbrjóta. Háttv. þm. Barð. er einn þeirra, sem vilja gera hjer mismun á og hegna erlendum lögbrjótum vægara en innlendum. En það er algerlega ósæmandi hverju löggjafarvaldi sem er.

Viðvíkjandi till. háttv. samþ. míns, 2. þm. Reykv. (JBald) skal jeg taka það fram, að jeg álít það í sjálfu sjer rjett að leggja mismunandi hegningu við þessum brotum, eftir því, á hvaða svæðum þau eru framin. En jeg vil alls ekki, að farin verði sú leið, sem frv. leggur til. Mjer þætti t. d. rjettara, að sektirnar væru ákveðnar svo háar fyrir brot, framin á tilteknum svæðum, að mönnum þætti áhættan við það að fiska þar of mikil. Það mætti meira að segja gera skipin upptæk, og nær það jafnt til erlendra lögbrjóta sem innlendra, það mundi reynast miklu betur í framkvæmdinni, því að með því væri ekki aðeins innlendu skipunum bægt frá, heldur líka þeim útlendu. En það er ekki verið að hugsa um árangurinn í þessu frv., heldur er það hefndarhugurinn einn, sem ræður stefnu þess. Þetta er orðið að tilfinningamáli, í stað þess að vera skynsemismál. Hefði hv. 2. þm. Reykv. (JBald) komið fram með brtt. um að herða sektarákvæðin fyrir brot, framin á vissum svæðum, hefði jeg vel getað greitt þeirri brtt. atkv., en í rauninni sje jeg vart, að ástæða sje til þess að samþ. frv. til 3. umr., vegna þess, að því verður að gerbreyta svo, ef það ætti að ná að ganga fram, að það mætti eins vel semja nýtt frv. um þetta efni.

Um kærur þær yfir íslenskum togurum á síðasta hausti, sem háttv. þm. Borgf. gat um, hefi jeg ekki fyr heyrt getið og ekki heldur sjeð þess neinsstaðar getið, að þeir hafi verið sektaðir. (**PO:** Það er fyrir dómstólunum.) Það er þá búið að vera þar all-lengi eftir því. (**PO:** Rjettargangurinn er oft seinn hjer á landi.) Hann er einmitt venjulega fljótur í þessum málum, og virðist þetta helst benda til þess, að það orki mjög tvímælis, að kærurnar

sjeu á rökum bygðar. Styður og þetta það, að ef ætti að fara að refsa innlendum mönnum harðara en öðrum, gæti það orðið seinlegt að fá því komið í framkvæmd, og yrði þá sennilegt, að svo færi, að engir mistu rjettindi þrátt fyrir framin brot. Er þetta því tilgangslaust lagaákvæði. (PO: Þeir mundu ekki brjóta lögin, ef þetta væri yfir höfði þeim.) Þetta, sem hv. þm. Borgf. færði fram um þessar ákærur frá síðasta hausti, getur aðeins sýnt það, að lögunum sje slælega framfylgt, og því slælegra mun það verða sem lögin eru harðari. Þar sem hv. þm. Borgf. taldi frv. hliðstætt ýmsum lögum erlendis, þá er þetta alls ekki rjett. Þar er hvergi skylduvátrygging gegn sektum. Vátryggingarfjelögin eru einkafyrirtæki, og mönnum er í sjálfsvald sett, hvort þeir tryggja skipin eða ekki, og koma því ákvæði tryggingarfjelaganna um að reka skipstjórana af skipunum sjaldnast til framkvæmda. Útgerðarfjelögin munu fyrst líta á það, hvort maðurinn sje svo duglegur, að borgi sig að hafa hann, þótt skipin fáist ekki vátrygð, og þó að mennirnir sjeu reknir af skipunum, missa þeir einskis í af rjettindum sínum að lögum, en með þessu frv. er farið fram á það að svifta mennina skipstjórnarrjettindum að lögum, og ekki aðeins á togurum, heldur á hvaða skipi sem er, og er þetta því alls ekki hliðstætt.

Pjetur Ottesen: Jeg skal vera stuttorður í þetta sinn, en jeg get þó ekki komist hjá að segja fáein orð um það, sem hjer hefir komið fram í umr. síðan áðan.

Það kom skýrt fram í ræðu hv. þm. Ak., að hann vill mikinn mun gera á refsiákvæðum laganna, eftir því, með hvaða hugarfari lögbrotin eru framin. Jeg skal ekkert um þetta segja, hvort framkvæmanlegt er að gera þennan mun. Ef þetta ætti að hafa áhrif á sektirnar og aðrar refsingar fyrir landhelgisbrot, mundu allir þykjast hafa framið lögbrotið í góðum hug. Mundi þetta verða yfirleitt til þess að draga úr hegningunni fyrir þessi brot og lækka allar sektir, og er þá farið að nálgast allmjög skoðanasvið hv. 1. þm. G.-K., sem helst vill algerlega afnema þessi refsiákvæði öll og þar með lögin í heild.

En jeg held samt, að það verði að miða við þessa gömlu setningu: „Af verkunum skuluð þið þekkja þá", þegar hegningin er ákveðin. Verkið er hið sama, veiði er eyðilögð og veiðarfærum er spilt, með hvaða hugarfari sem menn annars þykjast hafa framið þetta athæfi. Þá tók hv. sami þm. (BL) undir það, að ástæða væri til þess að gera mun á hegningu fyrir brot framin á ákveðnum svæðum, t. d. þar, sem fiskurinn yrði ella engum að gagni, ætti ekki að taka eins hart á landhelgisbrotunum. En jeg hefi margfaldlega tekið það fram áður, að það er hvergi hægt að veiða í landhelgi svo, að ekki hljótist stórtjón af.

Um leppmenskuna er það að segja, að því verður eigi neitað, að þeir munu því miður vera allmargir víða um land, sem fúsir mundu að leigja sig fyrir leppa á skipin, að minsta kosti hefir reynslan á undanförnum árum sýnt, að sú mun raunin á vera, t. d. á Norðurlandi. Þó hygg jeg, að þeir útgerðarmenn, sem ættu um það að velja að taka leppa á skipin, að minsta kosti hefir ir til að selja sig til lögbrotanna, mundu fyrst taka það til athugunar, að sektirn-

ar og skaðabætur allar lenda ávalt eingöngu á útgerðarmönnunum sjálfum. Auk þess eiga lepparnir það yfir höfði sjer, að missa rjettindi sín, ef sá reglulegi ráðandi skipstjóri hjeldi nú upptéknum hætti með landhelgisveiðar — og þó þau rjettindi sjeu nú kanske ekki mikils virði, þá mundi leppunum það þó ávalt nokkurt athugunarefni.

Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) tók það enn fram, að sömu refsiákvæði giltu alstaðar erlendis, jafnt fyrir innlenda menn sem erlenda, en jeg er þó ekki svo viss um, að þetta sje rjett. Sektirnar eru ávalt þær sömu, jafnt fyrir erlenda sem innlenda, en rjettindamissirinn nær eingöngu til innlendra manna, þar eins og hjer mundi verða. Að minsta kosti er þessu svona varið í Englandi, og nú einnig líka í Þýskalandi. Annars ættu lögfræðingarnir að geta skorið úr því, hvort hægt sje að láta rjettindamissinn ná til erlendra skipstjóra líka, eða hvort hægt er að beita við þá fangelsishegningu. Hitt er all-víða, að sektirnar eru miklu hærri en hjer, t. d. í Noregi eru skipin gerð upptæk við annað eða þriðja brot. Þetta er því ekkert sjerstakt hjá okkur, og er því órjett að niðra háttv. þm. Barð. og öðrum fyrir það, að þeir sjeu með þessu að gerast talsmenn erlendra lögbrjóta. Það er alveg tilhæfulaust. (**JakM:** Þetta er alt hringavitleysa hjá háttv. þm!) Nei, vitleysan og misskilningurinn er allur hjá 3. þm. Reykv., hvort sem það er umhyggjan fyrir hinum reykvísku lögbrjótum, sem blindar honum sýn, eða það er eitthvað annað; það skal jeg láta ósagt.

Þá sagði sami háttv. þm. (JakM), að þetta væri hefnd. En það má nú í rauninni segja svo um öll hegningarákvæði, að þau sjeu einskonar hefnd. En það verður eigi sagt með meira rjetti um þessi refsiákvæði en önnur sama háttar, sem í lögum eru. Þá taldi þessi háttv. þm. sig mundu geta orðið þessu máli fylgjandi, ef svo yrði breytt til, að sjerstakar hegningar lægju við brotum á ákveðnum svæðum, en þó nær þetta fylgi hans eigi svo langt, að hann vilji lofa þessu frv. að ganga til 3. umr., þrátt fyrir það, að hv. samþm. hans (JBald) hafi lýst því yfir, að ef frv. yrði samþ. til 3. umr., mundi hann koma fram með brtt. þessa efnis. Þetta er því hreinn fyrirsláttur hjá háttv. 3. þm. Reykv. og ekkert annað. Hann vill aðeins koma þessu máli fyrir kattarnef; með því er hinum reykvísku lögbrota-botnvörpuskipstjórum best þjent.

Frsm. meirihl. (Ágúst Flygenring): Jeg vil aðeins benda háttv. flm. (PO) á það, að það er óþarft af honum að vera að gorta af því, að við höfum eigi vitað um það, að hægt væri að beita fangelsishegningu við skipstjórana. Við vissum þetta vel, en við vissum og, að þetta eru alt önnur ákvæði almenns efnis, sem til taka, að fangelsishegningu megi beita, ef mikil brögð sjeu að þessum brotum. En í frv. stendur, að þessari hegningu skuli beitt, og er það alt annað. (**PO:** Þetta er alveg rangt; það felst í öðrum ákvæðum frv., hvernig þessum ákvæðum skuli framfylgt). Nei, það er berum orðum tekið fram í frv., að þetta skuli gert. Þetta er því jafnsatt hjá hv. þm. Borgf. og þegar hann segir, að jeg hvorki vilji hafa eftirlit með landhelginni nje láta beita sektum við lögbrjóta. Þetta er borið fram af háttv. þm. af ofurkappi einu, og gætir þar hvergi vits hjá honum. Jeg vil aðeins ekki, að refsingin lendi í blindni á togaraskip-

stjórum okkar einum saman. Jeg hefi þegar greitt atkv. með því, að sektirnar eru nú orðnar meir en tvöfaldar, og er það því alveg rangt að bregða mjer um að vilja halda hlífiskildi yfir lögbrjótunum. Okkur ber því í rauninni ekki annað í milli en að jeg vil ekki láta refsa innlendum mönnum í blindni eða umfram erlenda. Það má sækja mál með kappi þó minna sje en þetta, og er hjer alveg skotið yfir markið hjá hv. þm. (PO), er hann bregður mjer um að draga taum lögbrjóta.

Þá spurði hv. þm. Barð., hvað mætti kalla þá menn, sem spiltu veiðarfærum manna og tækju björgina frá bláfátæku fólki? Jeg svara því einu, að jeg þekki enga þá skipstjóra, sem þetta hafa viljandi gert. Eg trúi ekki, að íslensku skipstjórarnir geri það vísvitandi.

Jakob Möller: Jeg þarf að leiðrjetta þennan misskilning hjá hv. þm. Borgf., er hann misskildi svo mjög annaðhvort ræðu mína eða þá sjálfan sig, að hann kemst að þeirri niðurstöðu, að erlendis giltu önnur refsiákvæði fyrir innlenda en fyrir erlenda menn í þeim löndum, og að við yrðum því engin undantekning frá þeirri reglu, ef þetta frv. yrði samþ. En þetta er hin mesta vitleysa hjá hv þm. Það gilda áreiðanlega allstaðar erlendis sömu reglur og hegningarákvæði fyrir lögbrot, jafnt fyrir alla menn, innlenda sem erlenda. Hjer gilda og sömu hegningarákvæði fyir öll önnur brot, ef lögbrjótarnir á annað borð lúta innlendum hegningarlögum. Þessvegna er það alveg ófært, að samþ. þetta frv., sem fer algjörlega inn á nýja braut í þessum efnum, er það gerir upp í milli innlendra og erlendra manna, sem brotlegir verða við landslögin. Það stendur því óhrakið, sem jeg hjelt fram, að hv. þm. Borgf. og þm. Barð. o. fl. væru óbeinlínis talsmenn og verjendur erlendra lögbrjóta, ef við hinir eigum að vera það sama fyrir þá innlendu. Jeg sje þeim fellur illa að heyra þetta endurtekið, og skil jeg það vel, en þeim er þá rjettast að greiða atkv. móti frv., ef þeir vilja losna undan þessu ámæli.

Það, að það væru yfirvarpsástæður hjá mjer, er jeg taldi mig geta fallist á, að breytt yrði hegningarákvæðunum, en vildi þó eigi greiða þessu frv. atkv. til 3. umr., er eigi rjett. Brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald), eru þann veg vaxnar, að jeg get eigi að þeim gengið. Hann vill láta rjettindamissinn vera bundinn við brot, framin á ákveðnum svæðum, en jeg vil engan rjettindamissi láta eiga sjer stað. Í stað þess vil jeg herða á sektarákvæðunum, t. d. gæti jeg fallist á, að skipin yrðu gerð upptæk fyrir brot, framin á tilteknum svæðum, og mundi það þá jafnt ná til erlendra sem innlendra skipa. Hann gat þess, að skip mætti gera upptæk í Noregi fyrir landhelgisbrot. Jeg veit eigi, hvort þetta er rjett, en ef svo er, er jeg þess fullviss, að það nær til allra skipa, sem brotleg verða, jafnt erlendra sem innlendra. En stefna sú, sem fram kemur í þessu frv., er þannig, að jeg get alls eigi aðhylst hana, og mun því heldur ekki geta greitt atkv. með frv. til 3. umr.

Ef hv. þm. er áhugamál að bjarga frv., þá vildi jeg ráða þeim til þess að taka málið að þessu sinni út af dagskrá og fresta umr. um það, og koma þá með brtt. síðar.

Pjetur Ottesen: Jeg vil aðeins geta þess út af ræðu hv. 3. þm. Reykv., að eg er því algerlega mótfallinn, að mál-

ið sje tekið út af dagskrá. Skal jeg ekki fara neitt frekar út í ræðu hv. 3. þm. Reykv. að öðru leyti en því, að jeg vil enn einu sinni mótmæla þeirri staðleysu hjá honum, að með þessu frv. sje verið að fara inn á nýja braut, sem óþekt sje annarsstaðar, og því sje ótækt að samþ. frv. Jeg hefi margsýnt fram á það, og það getur hann alls ekki hrakið, að hliðstæð ákvæði gilda nú bæði í Englandi og Þýskalandi, og eru í framkvæmdinni eins og þessi ákvæði mundu verða hjer, þannig, að þau ná aðeins til þeirra skipstjóra, sem skrásettir eru á skip þess lands. Það er því alveg sama, þó trollaraskipstjórarnir hjer í Reykjavík reki fast á eftir hv. 3. þm. Reykv. um að þefa uppi ástæður gegn frv., að þessi ástæða er einskis nýt. Það er annars sýnilegt, að það er ekkert nema yfirdrepsskapur, þegar hv. þm. (JakM), er að tala um að breyta frv., hann er sýnilega í þeirri klemmu hjer, að honum líðst aldrei annað en vera á móti málinu. Skipstjórarnir hrópa hátt: Okkar eigin lögbrot mega ekki bitna á okkur sjálfum, sjá, við erum upp yfir það hafnir! — Það sýna úrslit þessa máls, hversu mikinn stuðning þessi krafa þeirra á sjer á Alþingi.

Jeg er sannfærður um, að hjer er um þjóðþrifamál að ræða, og er fullviss um það, að þetta er hin mesta rjettarbót öllum þeim, er veiðar stunda á smábátum, tryggir þeim aflabrögð, verndar veiðarfæri þeirra — og síðast en ekki síst veitir það ungviðinu vernd og tryggir þar með fiskiveiðarnar í framtíðinni.

Frsm. minnihl. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg mun ekki óska þess, að málið verði tekið út af dagskrá, og vil heldur láta skeika að sköpuðu, hvernig fari.

Þó vil jeg biðja hv. þm. að gleyma því ekki, að sjútvn. hefir á þessu þingi tekið mjög vel í ýms þau mál, sem landhelgisgæsluna varða, og t. d. fallist einróma á hækkun fjesekta fyrir landhelgisbrot. Þessi viðleitni hennar er allrar virðingarverð, og því er tæplega viðeigandi að bregða henni um áhugaleysi eða jafnvel um fjandskap við landhelgisgæsluna, þó nú hafi svo farið, að leiðir hafi skilið í þessu máli, sem hjer liggur fyrir.

Hv. 3. þm. Rv. (JakM) sagði í ræðu sinni, að í raun og veru væru botnvörpuveiðar í landhelgi leyfilegar gegn ákveðnu gjaldi, m. ö. o., að sektirnar væru skattur af lögbrotum, sem í sjálfu sjer væru heimiluð. En þá má eins segja, að lög heimili t. d., að mönnum sje gefið glóðarauga gegn ákveðnu gjaldi.

Það er satt að vísu, að ytra eru vátryggingarfjelög, sem tryggja gegn sektum, og gengur það ósvífni næst. Hjer er ekki hægt að koma upp slíku fjelagi. Það myndi ekki líðast, að hægt væri að tryggja sig fyrir afleiðingum af lögbrotum. En það eru einmitt þessi vátryggingarfjelög, sem halda uppi þeim nauðsynlega aga, sem hjer er til stofnað, að svifta skipstjóra skipstjórnarrjetti um tiltekinn tíma.

Sú hegning, sem felst í þessu frv., á sjer því einnig stað í öðrum löndum, þó þar sjeu það vátryggingarfjelögin, sem framkvæma hana, en ekki ríkisvaldið. Og jafnvel þó svo væri, að innlendum mönnum væri hegnt þyngra, þá væri það í sjálfu sjer ekki eins órjettlátt og virst getur í fljótu bragði, þegar þess er gætt, að þeir ættu að skilja landsmenn betur og þarfir þeirra og ættu að hafa meiri samúð með bræðrum sínum í landi. Frá því sjónarmiði

væri það í alla staði verjandi að láta þá sæta þyngri refsingu.

ATKVGR.
Brtt. 151 teknar aftur
1. gr. samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já: ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, HK, IngB, JAJ, JBald, JS, JörB, MG, PO, PÞ, SvÓ.
nei: TrÞ, ÁF, BSt, BL, HStef, JakM, JK, JÞ, MJ, MT, SigurJ, BSv.
Tveir þm. (BJ, KlJ) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 14 : 4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 10 atkv.

Á 55. fundi í Nd., föstudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 144, 429).

Jón Baldvinsson: Eins og jeg gerði ráð fyrir við 2. umr., hefi jeg nú flutt brtt. við þetta frv. á þskj. 429. Jeg hefi litið svo á, að rjett væri að gera greinarmun á brotunum, eftir því, hve mikið tjón yrði að þeim, en hafa ekki alstaðar sömu refsiákvæðin. Jeg hefi því komið fram með þessa brtt., þar sem farið er fram á það, að þessar hörðu refsingar nái aðeins til þeirra, sem fiska í landhelgi á svæðinu frá Reykjanesi að Horni.

Á þessu svæði munu róðrarbáta- og mótorbátaveiðar vera meiri en nokkurstaðar annarsstaðar á landinu. Einkum eru þar miklar veiðar á opnum bátum. Hefir mjög verið kvartað undan því, að botnvörpungar spiltu þar veiði og veiðarfærum.

Hinsvegar játa jeg það, að þörfin á góðum vörnum er brýn annarsstaðar, en mjer hefir sjerstaklega fundist, að þarna krepti skórinn mest að. Seinni part sumars og að haustinu er ágangur togara með öllu óþolandi fyrir Vestfjörðum. Virðist svo sem þar sjeu sjaldan tekin botnvörpuskip, enda gæslan þar, í öllum þeim fjörðum og víkum, erfiðari en þar, sem er aðeins mílnalöng strandlengja, eins og fyrir söndunum hjer við Suðurland. Við suðurströndina eru og að vetrinum fleiri eða færri skip, þar sem bæði er danska varðskipið og svo „Þór". Auk þess er hjer á suðurströndinni ekki eins alment róið, og sist á opnum bátum. Aftur á móti játa jeg það fyllilega, að togararnir gera hjer fyrir Suðurlandinu verstu spell, bæði með því að raska sjávargróðrinum og með hinu, að drepa ungviðið.

Eg held, að þessi till. sje ekki svo flókin, að jeg þurfi að tala meira um hana. Þetta, sem hún fer fram á, er algert annarsstaðar, og vænti jeg þess, að hv. þm. geti á hana fallist.

Þorleifur Jónsson: Jeg hefi nú ekki undanfarið lagt neitt til þessa máls. En þar sem mjer finst brtt. hv. 2. þm. Reykv. mjög svo athugaverð, ætla jeg að leyfa mjer að fara um hana nokkrum orðum

Jeg tel það mjög svo athugavert og varasamt að ganga inn á þá braut að gera mun á samkynja lögbrotum, hvort heldur er á sjó eða landi, eftir því, hvar þau eru framin. Jeg tel það blátt áfram geta verið háskalega braut.

Það er þá heldur ekki ýkjastór blettur af landhelginni, sem háttv. þm. (J Bald) ætlast til að verði það allrahelgasta, þar sem það er aðeins svæðið frá Reykjanesi að Horni. Alt hitt á að vera

ófriðað að nokkru leyti. Gæti jeg trúað, að hv. flm. (JBald) hefði ekki athugað þetta sem skyldi, því að jeg sje ekki annað en þarna sje lögbrjótunum gefinn byr undir báða vængi með að brjóta á þeim svæðum, sem ekki ná til þau ákvæði, sem gert er ráð fyrir í brtt. hans.

Mjer heyrðist á ræðu hv. þm. (JBald), að hann teldi það skaðlítið, þó ekki væri sem best friðað fyrir söndunum. Þetta held jeg að sje skakt. Frá því að fornu og alt fram á þennan dag hafa smábátaveiðar verið stundaðar á þessu svæði. Í gamla daga voru útræði bæði í Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellssýslum, jafnvel í hverri sveit í Austur-Skaftafellssýslu. — Síðan botnvörpuveiðarnar hófust, hefir fiskur mjög þorrið á þessu svæði, einkum á grunnmiðum. En jeg vil láta þess getið, að enþá eru víðast hvar í hinum gömlu verstöðum á suðurströndinni nokkuð stundaðar fiskiveiðar, þótt misjafnt gangi. Úr Hornafirði stunda veiðar á vetri hverjum nú orðið milli 20 og 30 vjelbátar. Er hart að gera fiskimið þeirra ófriðhelgari en Faxaflóa og Vestfirði. Hitt játa jeg, að satt kunni að vera, að varnir sjeu af skornum skamti fyrir Vesturlandi. En þær þykja ekki heldur neitt sjerstakt afbragð austur með söndunum. Hafi á vertíðinni frjest til Reykjavíkur, að góður afli væri í Hornafirði, hefir alt fylst þar af togurum. Í fyrra vetur kom slík fyrirspurn austur, og af ógætni var því svarað, að afbrigðaafli væri kringum Hornafjörð. Daginn eftir var orðið þar fult af togurum innan landhelgi, og gerðu þeir mikið tjón á veiðarfærum bátanna.

Í vetur fjekk jeg skeyti um það að austan, að um 50 togarar væru að veiðum í landhelgi, út af Ingólfshöfða og austur með ströndinni. Heftu þeir göngu fiskjarins, og væri nauðsyn að varðskipið kæmi austur.

Jeg sneri mjer til stjórnarinnar og fór þess á leit við hana, að hún sæi um, að „Fylla“ færi austur. Hafði forsrh. um þetta bestu orð, en ekki veit jeg, hvaða árangur hefir af því orðið. En þess skal jeg geta, að það er mjög óvanalegt að sjá varðskipið þar eystra.

Annars held jeg, að við ættum einmitt að gera okkar ítrasta til að suðurströndin yrði sem best varin fyrir ágangi togara. Jeg er enginn fræðimaður um fiskigöngur eða háttsemi þeirra, en jeg man ekki betur en fiskifræðingurinn okkar, Bjarni Sæmundsson, hafi sagt, að við sandana væru einhver allra bestu hryggningarsvæði hjer á landi. Sje jeg því ekki annað en brýn þörf sje einmitt á að auka gæsluna þar. Hygg jeg, að ekki þurfi að verða neinn ágreiningur um það efni, og ætla jeg ekki að orðlengja meira um þetta. En till. hv. 2. þm. Reykv. (JBald) tel jeg sjálfsagt að fella.

Jón Baldvinsson: Jeg held, að mótmæli hv. þm. A.-Sk. gegn till. minni sjeu bygð á róttækum misskilningi, þar sem hann virtist halda, að í till. fælist, að öll önnur svæði kringum landið en það, sem ákvæði till. nái til, skuli standa opin fyrir botnvörpuveiðum. En jeg vil benda honum á, að landhelgislögin eru í fullu gildi eftir sem áður, þó að þessi till. verði samþ., og nú hefir meira að segja verið hert á ákvæðunum um sektir, þar sem eru lögin um, að þær skuli greiðast í gullkrónum. Í minni till. er aðeins farið fram á, að þyngri refsingarákvæðin nái einungis til brota á svæðinu frá Reykjanesi til Horns.

Auðvitað eru víða fiskimið utan landhelgi. En um þau mið þýðir ekki að tala. Þau eru í hershöndum. Er meira að segja vafasamt, að við getum komið því til leiðar, að Faxaflói verði með öllu friðaður.

Það má vel vera, að svæðið umhverfis Hornafjörð, og ef til vill fleiri, hafi jafnan rjett á sjer og Vesturland, en mjer er óhætt að fullyrða það, að á Vestfjörðum eru mótorbátaveiðarnar langalmennastar, og þar gera togararnir tilfinnanlegast tjón.

Samanbuður á lögbrotum á sjó og landi nær ekki neinni átt, og þarf jeg ekki að fara frekar út í það atriði.

Jón Auðunn Jónsson: Mjer finst till. hv. 2. þm. Reykv. ganga í rjetta átt, því að í fjörðum og flóum er ágangur botnvörpunganna tilfinnanlegastur og tjónið, sem þeir gera, mest, þar sem þeir tíðum eyðileggja þar með öllu veiðarfæri bátaútgerðarmanna og skrapa svo botninn, að oft er fisklaust eftir um langan tíma. Enda er fiskmergðin þar minni heldur en úti fyrir ströndunum. Gæti jeg því fallist á þessa till. að efni til.

Annars tel jeg, að rjettara sje að athuga, hvort ekki væri sanngjarnt, að þessi ákvæði næðu yfir fleiri svæði en suðvestur- og vesturströndina. Gæti jeg hugsað, að svipað stæði á sumstaðar á Austfjörðum. Þetta og fleira er ekki athugað sem skyldi, ef fara ætti þá leið, sem hv. 2. þm. Reykv. bendir á með brtt. sinni.

Jeg get ekki fallist á það, að rjettur skipstjóra sje af þeim tekinn, hve litlar sakir sem eru fyrir hendi. Sjerstaklega finst mjer það ósanngjarnt og vanhugsað, að þeir fái ekki, þó að þeir verði sekir um landhelgisbrot, að vera skipstjórar á öðrum skipum en togurum, svo sem lóðaveiða-, haldfæra- eða milliferðaskipum. Hugsa jeg, að allskonar undanbrögð yrðu höfð í frammi, til að afsanna landhelgisbrot og hylma yfir þau, ef þetta frv. verður samþ., eins og hv. þm. Ak. benti á við 2. umr.

Jeg tel ekki landhelgiseftirlitinu betur borgið, þó frv. verði samþ., nema síður sje. Auðvitað er sjálfsagt að auka sem mest og best landhelgisvarnir, en við megum ekki setja lög um þau efni, fremur en önnur, sem líklegt er, að ekki komi að haldi, en verði aftur á móti einstaklingum til óheilla og atvinnuspjalla. Það hefir ærið oft komið fyrir, að togarar hafa verið innan landhelginnar, án þess að hafa minstu hugmynd um það. Við suðurströndina mun oft vera ærið erfitt að skera úr slíku, þar sem dimmviðri, þoka og sandfok úr landi byrgja oft og tíðum sýn. Yfirmenn á varðskipinu hafa þráfaldlega ekki getað ákveðið, hvort togarar væru að veiðum í landhelgi eða utan hennar, hjer austur við sandana, einkum í Meðallandsbugtinni. En það er annað, sem athuga þarf, og það er, hvort ekki væri ástæða til að friða stærstu flóa og firði fyrir togaraveiðum innlendra manna.

Jeg legg því til, að frv. sje vísað til stjórnarinnar, til frekari athugunar.

Flm. (Pjetur Ottesen): Jeg þarf ekki mörg orð um frv. nú. Við 2. umr. var það rætt svo ítarlega, að það ætti að vera orðið ljóst hv. þm. Ætla jeg ekki að endurtaka það, sem jeg hefi áður sagt, en þakka hv. þm. A.-Sk. fyrir það, sem hann hefir bætt við af rökum fyrir því, hve mikil nauðsyn er á, að landhelginnar sje sem vandlegast gætt, og

að einskis sje látið ófreistað, sem stuðlar að því að friða hana. Jeg skal ekki vekja deilur, en þykir þó bera nauðsyn til að mótmæla till. hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) um að vísa þessu máli til stjórnarinnar, sem vitanlega, eins og hjer stendur á, getur ekki verið í öðrum tilgangi gert en að koma málinu fyrir kattarnef. Vildi jeg ekki, að það yrði örlög frv., að því yrði kastað í þann drekkingarhyl. Þó það geti í ýmsum tilfellum verið heppilegt og rjettmætt að vísa málum til stjórnarinnar, þá á það ekki við um þetta mál. Stjórnin hefir heldur enga yfirlýsingu gefið um það, að hún ætli að sinna málinu, og að vísa því til hennar er aðeins tilraun til að koma því fyrir. Málið er fullundirbúið og upplýst að öllu leyti og þarf þessvegna ekki að fara til stjórnarinnar, sökum þess, að neitt skorti á um undirbúninginn. Nauðsynin á að auka öryggi bátaveiðanna er mönnum fullljós, og eins hitt, að ákvæði frv. styðja drjúgum að, að svo verði.

Vænti jeg þess, að þeir, sem stóðu með frv. við 2. umr. og voru meðmæltir því, að því yrði vísað til 3., standi eins með því nú og samþykki það við atkvgr. hjer í deildinni.

Jón Auðunn Jónsson: Út af ummælum hv. flm. (PO) tek jeg till. mína aftur.

Jakob Möller: Jeg trúi ekki á umhyggju þeirra manna fyrir landhelginni, sem vilja koma fram þessu frv. Jeg hygg, að það sje ekki slík umhyggja, sem vakir fyrir þeim, heldur hrein og bein hefnigirni. Vilji þeir vernda landhelgina, liggur annað ráð miklu nær en þetta. Það er að hækka sektirnar svo mikið, að það borgi sig ekki að fara í landhelgi. Hitt gerir ekkert gagn, að lögfesta hegningarákvæði, sem koma eingöngu niður á íslenskum skipstjórum. Útlendingar fara í landhelgi eftir sem áður, og landhelgin liggur jafnflöt fyrir ágangi þeirra. Er það og hróplegasta órjettlæti að setja lög, sem eingöngu koma niður á innlendum mönnum og erlendir menn, er fremja samskonar lögbrot, sleppa alveg við. Hækkun sekta kæmi aftur á móti jafnt niður á öllum.

Jeg vil því alvarlega skora á hv. deild að fella frv., þó ekki væri nema sóma síns vegna.

Pjetur Ottesen: Þýtur í sama skjá og áður, og gerist hv. 3. þm. Reykv. (JakM), sem fyr, ærið harðsnúinn forsvarsmaður trollaraskipstjóranna, þessara illræmdu landhelgisbrjóta hjer í Reykjavík. Segir hann, að þessi ákvæði muni ekki koma að gagni, landhelgin verði jafnflöt fyrir útlensku botnvörpungunum og áður. En þetta er alls ekki rjett. Mjer er mjög vel kunugt um það, að íslensku botnvörpungarnir ganga á undan hinum í að fara í landhelgi til veiða og teygja hina blátt áfram inn fyrir á eftir sjer. Þegar þeir erlendu sjá íslensku botnvörpungana innan við línuna, hugsa þeir, að sjer sje líka óhætt að fiska þar. Íslendingarnir vita, hvað varðskipinu líður. Því þeir, sem loftskeyti hafa, fá stöðugt vitneskju um það frá útgerðarmönnum. Þetta vita útlendingarnir. Þannig eru íslensku skipstjórarnir pottur inn og pannan í landhelgisbrotunum, og mikið af yfirgangi og lögbrotum útlendinga á rót sína að rekja til íslensku skipstjórana. Gæti þetta ákvæði orðið til þess, að Íslendingar hættu að veiða í landhelgi, mundu erlendir botnvörpungar verða þar minna að veiðum en áður,

og væri þá strax mikið unnið við samþ. frv. og landhelginni betur borgið. Má vel vera, að enn hærri sektir væru heppilegt úrræði, en nú liggur engin till. fyrir um slíka breytingu, og er því þá ekki til að dreifa.

Það hefir verið sagt, við umr. um þetta frv., að það mundi verða til þess að flæma skipstjórana úr landi. En þetta ber ekki með sjer mikið traust á mönnunum. Jeg hygg, að þetta mundi þvert á móti gera þá að betri og löghlýðnari borgurum.

Jakob Möller: Jeg get fullvissað hv. þm. Borgf. um það, að refsiákvæði, sem eru ranglát að almenningsdómi, geta aldrei verið sem uppeldisskóli á heiðarlega menn. Þau vinna ávalt á móti tilgangi sínum. Þau gera ekki annað en ala upp í mönnum virðingarleysi fyrir öllum lögum. Og öll refsiákvæði, sem ná einungis til sumra, en ekki allra, verða altaf talin ranglát og geta ekki verið sem skóli í löghlýðni, heldur í ólöghlýðni. Fari löggjöfin inn á þá braut að leggja þyngri refsingar við brotum innlendra manna, verður það óefað skoðað sem fylsta ranglæti af þeim mönnum, sem fyrir því verða.

Það liggur í hlutarins eðli, að ekki verður gert ráð fyrir öðru en að þeir skipstjórar leiti sjer atvinnu erlendis, sem brotlegir hafa orðið. Hvað eiga mennirnir að gera, þegar þeir eru sviftir atvinnunni? (**PO:** Þeir eiga að sjá að sjer í tíma). Það gæti komið fyrir þá alveg óvart að veiða fyrir innan landhelgi. Landhelgislínan er ákaflega mjó, eins og kunnugt er, og þarf ekki að muna miklu til þess að vera fyrir innan hana.

Hv. þm. Borgf. segir, að jeg sje talsmaður innlendra útgerðarmanna. En hann hefir þá gert sig að talsmanni fyrir hina útlendu. Jeg segi fyrir mig, að jeg kýs fremur að vera málssvari þeirra innlendu. Jeg hefi bent á aðra leið, sem nær jafnt til útlendinga og innlendra manna. Hv. þm. Borgf. vill ekki fara þá leiðina, heldur einungis refsa innlendum mönnum.

Annan eins barnaskap hefi jeg aldrei heyrt sem þann að láta sjer til hugar koma, að þegar innlendum skipum sje algerlega bægt frá landhelginni, þá hætti útlendu skipin að veiða þar. Hver lifandi maður getur lagt trúnað á slíka fjarstæðu? Það er þó kunnugt, að erlendir togarar veiddu mikið í landhelgi löngu áður en nokkur íslenskur botnvörpungur var til. Ekki hafa þeir verið þá til að teyma útlendingana inn í landhelgina. Mig furðar á því, að nokkur maður skuli láta sjer aðra eins fjarstæðu um munn fara.

Hv. þm. Borgf. kvað þann galla vera á hækkun sektanna, að það kæmi ekki niður á skipstjórunum. En í öðru orðinu segir hann, að útgerðarmenn hvetji skipstjórana til þess að veiða í landhelgi. En verði sektirnar svo geysiháar, að það borgi sig alls ekki að eiga á hættu að verða tekinn í landhelgi, þá mundu útgerðarmenn hætta að hvetja skipstjóra sína til þessara lögbrota, og láta þá fara, ef þeir gerðu það. Með því að uppræta algerlega alla hagnaðarvon, má koma í veg fyrir landhelgisbrot. En það verður ekki gert með því að refsa skipstjórunum, því að lengi má komast í kring um þau ákvæði. Jeg vil því undirstrika það, að þessi leið til að vernda landhelgina er ekkert annað en gönuhlaup.

Pjetur Ottesen: Jeg verð að segja það,

að þótt hjer væri um það að ræða að setja refsiákvæði fyrir innlenda menn, sem er ekki unt að beita gagnvart útlendingum, þá væri það ekki rangt. Það verður að ætla, að innlendir skipstjórar beri betra skyn á það tjón en útlendingar, sem þeir eru að vinna með landhelgisbrotum, og er því ekki óeðlilegt, að þeir verði fyrir þyngri refsingu.

Það er ekki eðlilegt, að hv. 3. þm. Reykv. (JakM), sem aldrei hefir neitt við sjómensku fengist og leggur ekki hlustirnar við neitt nema það, sem skjólstæðingar hans, trollaraskipstjórarnir, hvísla að honum, viti það, sem sjómenn vita, að íslenskir skipstjórar ganga á undan útlendingum í landhelgisbrotum. Hv. þm. kvað þessi lög hafa verið brotin áður en íslenskir togarar komu til sögunnar. En allir sjómenn vita, að alveg hefir keyrt um þvert bak síðan íslenska togaraútgerðin hófst. Þetta er því sanngjörn leið, og er jeg sannfærður um, að reynslan mun sýna, ef frv. verður að lögum, að hjer er stigið spor í rjetta átt og að landhelgisbrotunum fækki ekki aðeins af hálfu íslenskra togara, heldur einnig útlendra.

Háttv. þm. (JakM) telur, að í þessu lýsi sjer hefndarhugur til skipstjóranna og að refsiákvæði, sem sjeu ranglát að almannadómi, geti aldrei verið uppeldisskóli á heiðarlega menn. Þau ákvæði, sem hjer um ræðir, eru rjettlát að almannadómi, og breytir það vitanlega alveg niðurstöðunni fyrir hv. þm., og þess má því sannarlega vænta, að þessi ákvæði, sem hafa almenningsálitið með sjer, geti orðið góður og siðbætandi uppeldisskóli fyrir þá menn, sem leggja í vana sinn þann óheiðarleik að brjóta landslög og spilla veiði og veiðarfærum manna uppi í landsteinum.

Hv. þm. (JakM) talar nú mikið um að hækka sektirnar gífurlega. Nýlega lá fyrir frv. um allmikla hækkun á sektunum, sem er þó engan veginn svo mikil, að búast megi við, að hún hafi mikil áhrif á íslenska skipstjóra, og man jeg ekki til þess, að hv. þm. gerði neinar tillögur um hækkun frá því. Ef ætti að ganga þannig að verki, að sektirnar yrðu svo háar sem hv. þm. talar nú um, hygg jeg, að kveða mundi við annan tón hjá þessum sama hv. þm.

Jakob Möller: Hv. þm. Borgf. segir, að jeg hafi aldrei farið á flot, en þetta er misskilningur. Jeg hefi ef til vill ekki gert eins mikið að því og hann, en þó hefi jeg borið það við, og skiftir þetta þó í rauninni engu máli.

Hv. þm. kom aftur með þann barnaskap, að íslensku togararnir leiddu útlendinga inn í landhelgina. Þó að hann endurtaki þetta, þá er það sami barnaskapurinn, sem í fyrra skiftið. (**PO:** Það er staðreynd.) Kvað hv. þm. alveg hafa keyrt um þverbak um landhelgisbrotin síðan íslensku togararnir komu til sögunnar. Jeg vil minna á, að það er ekki langt síðan útlendir togarar hurfu um stund af fiskimiðum vorum, og var þá alment viðurkent, að hin mikla fiskiganga um allar strendur landsins stafaði auðvitað af því, að togaraveiðarnar voru miklu minni en áður. Staðreynd hv. þm. Borgf. sannar því hið gagnstæða við það, sem hann vildi halda fram. Það sanna er, að það er erlenda togaraveiðin, sem er hættuleg fyrir smábátaveiðarnar, þótt ekki væri vegna annars en þess, hve mergðin er margfalt miklu meiri en tala hinna fáu íslensku togara. Það er því þýðingarlítið atriði að koma algerlega í veg fyrir lög-

brot íslensku togaranna, en hitt er aðalatriðið að koma í veg fyrir landhelgisveiðar útlendinga, og reynslan hefir sýnt, að það er lífsspursmál. Þetta frv. miðar að því að verja landhelgina fyrir íslensku togurunum, sem eru aðeins örlítill hluti af öllum skipafjöldanum hjer við land.

Hv. þm. Borgf. kvað sig ekki reka minni til þess, að jeg flytti brtt. við frv. um að reikna sektir fyrir landhelgisbrot í gullkrónum. Þetta er alveg rjett. Frv. var flutt af hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), sem lætur sjer mjög umhugað um að koma í veg fyrir landhelgisbrot, og fór hann ekki lengra en þetta. Jeg leit svo á, að þessi hækkun á sektunum, um meira en helming, mundi hafa allmikil áhrif. En þó að hv. þm. V.-Ísf. hafi ekki síðan gengið á móti þessu frv., var það rjettilega tekið upp af honum að fara þá leið að hækka sektirnar. Ef hv. þm. Borgf. hefði viljað beita þeirri aðferð, mundi hann hafa flutt brtt. við það frv. En hann kærir sig ekkert um að koma í veg fyrir, að útlendingar veiði í landhelgi; það eru aðeins íslensku skipin, sem mega það ekki. En eins og jeg hefi tekið fram áður, vakir ekki fyrir mjer, að íslenskum togurum sje ekki varnað að veiða í landhelgi, og hittir það því mig ekki, að íslenskum skipstjórum ætti að vera það ljósara en öðrum, hvaða verk þeir væru að vinna með því. Fyrir mjer vakir, að ekki sje rjett að hafa önnur refsiákvæði um innlenda menn en útlenda. Lögin eiga að vera hin sömu, hvort sem innlendir menn eða útlendir eiga í hlut. Annað er ósæmilegt, og þekki jeg ekki, að það sje í lögum hjá nokkurri siðaðri þjóð, þó að leitað sje um allan heim, nema þá ef vera skyldi á þann veginn, að refsingin sje þyngri á útlendingunum. Hitt getur ekki komið til mála.

Að endingu þetta: Það er alveg skotið yfir markið með þessu, þar sem refsingin á ekki aðeins að ná til þess að svifta menn þeirri atvinnu, sem þeir hafa haft áður, heldur einnig að varna þeim að geta notað sjerþekkingu sína til þess að afla sjer atvinnu. Jeg þykist vita, að það hafi ekki verið tilætlun hv. flm. (PO), en það hefir tekist svona til fyrir honum, þegar hann samdi frv. og hann hefir ekki gert neina brtt., þó að á þetta hafi verið bent.

Frsm. meirihl. (Ágúst Flygenring): Út af till. hv. 2. þm. Reykv. (JBald) get jeg fallist á það, sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) og hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) sögðu, að það er víðar en á þessu svæði, sem verður að taka tillit til hrygningarstaða; þeir eru vitanlega víðar en fyrir Vesturlandi. Það, sem háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði um eyðileggingu á botngróðri og ungviði, geta allir tekið undir. En jeg vil benda á, að mesta mergðin af ungviðinu, sem botnvörpungarnir eyðileggja, og mesti botngróðurinn er einmitt víða fyrir utan landhelgi. Jeg get bent á staði, þar sem sjerstaklega leiðinlegt er að geta ekki komið í veg fyrir slíkar skemdir. Það er ekki í Faxaflóa eingöngu; þó að það sje mikið þar, þá er það þó ekki mest. En fyrir Austurlandi eru mörg slík svæði fyrir utan landhelgi.

Jeg er mótfallinn þessari brtt., eins og frv. í heild, og tel hana ekki til nokkurra bóta. Jeg hefi fært rök að því, að þetta frv. er ekki til annars en að skapa misrjetti. Jeg hefi sýnt fram á það, hve mikil freisting það er fyrir íslenska skipstjóra að fara inn í landhelgina, þegar

þeir sjá stóra hópa af útlendum skipum vera þar að veiðum, þegar þeir vita, að húsbændur þeirra þakka þeim, þegar þeir koma með mikinn feng, en vanþakka, þegar aflinn er lítill, þó að jeg segi ekki með þessu, að altaf sje minni afli fyrir utan landhelgi. Hv. þm. Borgf. (PO) má ekki skilja þetta svo, að útgerðarmenn telji það kost á skipstjórum sínum, ef þeir veiða í landhelgi. En það liggur í hlutarins eðli, að þeir menn, sem fiska altaf fyrir utan landhelgi og afla ef til vill minna af þeim sökum, eiga það frekar í vafa, hvort þeir fái að halda góðum skipum. Það er ekki alment, að íslenskir skipstjórar brjóti landhelgislögin, en það getur þó komið fyrir, þegar þeir eru að veiða í ís. Sá fiskur er að einhverju leyti tekinn í landhelgi af ýmsum togurum. En sem betur fer er það oftast gert á þann hátt, að bátaveiði er í engu spilt, en engu síður er það ólöglegt. Þetta á við um flesta þá, er brjóta landhelgislögin. En sumir íslenskir skipstjórar brjóta þau aldrei.

Þegar seilst er eftir betri og dýrari afla með því að veiða í landhelgi, er það eingöngu í þágu útgerðarinnar, og er það alveg rjett, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði í þessu sambandi, að það eru því útgerðarmenn, en ekki skipstjórarnir, sem eiga að verða fyrir hegningunni — sektunum. En með þessu frv. kemur refsingin niður í blindni, eins og jeg hefi sýnt fram á áður.

Jeg tel þetta mál útrætt fyrir löngu. Jeg vil ekki, að það gangi fram, af því að í því er fólginn of mikill hefndarhugur til botnvörpungaútgerðarinnar hjer á landi, sem bitnar á skipstjórunum. Mjer finst, að togaraútgerðin hljóti að eiga heimtingu á að mæta allri sanngirni. Nýlega hafa sektirnar verið hækkaðar um meira en helming, og ætti það að vera nóg í bili. En væri um tvent að velja, hækka sektirnar enn að miklum mun, eða hegna skipstjórunum á þann hátt, sem hjer ræðir um, þá er vitanlega rjettara að taka fyrri kostinn, en ekki refsa skipstjórunum, nema auðið sje að refsa þeim rjettlátlega. En því verður ekki komið svo fyrir að hegna þeim þyngst, sem mest hafa unnið til refsingar, en það eru auðvitað þeir skipstjórarnir, sem spilla veiðarfærum manna.

Jón Kjartansson: Jeg hygg, að brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald) fari ekki í rjetta átt, en á þá leið hefir ekki verið minst, sem jeg tel æskilegasta. Hún er sú, og jeg ætla, að það mætti takast nú, að fá Faxaflóa öllum komið inn fyrir landhelgislínuna. Jeg hefi sjeð, að það er á dagskrá hjá Bretum að reyna að fá Morayfjörð á Skotlandi inn fyrir landhelgislínu. Mjer vitanlega höfum vjer ekki samning um landhelgi vora við aðrar þjóðir en Englendinga. Ætti því að vera nægilegt að fá samkomulag við þá um að friða Faxaflóa, til þess að það gilti gagnvart öllum. Það væri því ekki úr vegi að vísa þessu máli til stjórnarinnar, ekki til þess að koma því fyrir í drekkingarhylnum, sem hv. þm. Borgf. talaði um, heldur til þess, að þessi leið verði rannsökuð. Ef Bretum hepnast að friða þennan flóa, sem breskum togurum er nú bannað að veiða í, þá ætti að veitast auðvelt að koma öllum Faxaflóa inn í landhelgi, eða þá einhverjum öðrum flóa, sem heppilegra þætti að friða. Hygg jeg þó, að rjettast væri að friða einmitt Faxaflóa, bæði vegna stærðar hans og hinna mörgu ágætu fiskimiða. Væri þá einnig auð-

veldara um eftirlit með landhelginni á þeim slóðum.

Þá er önnur hlið, sem mjer virðist ekki hafa verið athuguð nógu gaumgæfilega. Síðastliðið sumar var reynt að framkvæma strandgæsluna af alefli og beita því, sem vjer höfðum tök á, en þá tel jeg óheppilegt að skilja þetta á þann veg, að landhelgisgæsla Dana ætti að rjena að sama skapi sem hún er aukin af vorri hálfu. Þó að norðurströnd landsins sje varin um síldveiðitímann, má ekki skilja það svo, að danska varðskipið eigi að hverfa frá því svæði. (PO: Þetta kemur ekki þessu máli við). Það kemur einmitt við þetta mál, því aðalatriðið er þó altaf það, hvernig landhelgin er varin. Og stjórnin gæti gert ákaflega mikið til gagns, ef hún vildi vel gera, einkum í því efni að ná einhverjum af bestu flóunum inn fyrir landhelgislínuna, ef Bretum tekst að fá sínu máli framgengt.

Frsm. minnihl. (Ásgeir Ásgeirsson): Þess hefir verið getið til, að hefndarhugur liggi bak við þetta frv. Jeg vil mótmæla því, að nokkuð annað liggi í þessu máli heldur en að þeir menn, er lögin brjóta, fái svo þunga hegningu, að hún dragi úr lögbrotum eða kæmi í veg fyrir, að þeir fremdu nokkurt brot. Það væri þó ekki að ástæðulausu, að hefndarhugur gripi fátækan bónda, sem sjer togarana uppi í landsteinum sópa í burtu veiðarfærum hans og afla. En það má ekki kalla hefndarhug, að reynt sje að vernda rjettindi þeirra manna, sem standa varnarlausir gagnvart þessum ránsmönnum eins og rjúpa gagnvart fálka.

Það er ekki rjett, að mál þetta sje litt undirbúið. Þráfalt hafa komið háværar kröfur um það, að refsingin við brotunum yrði aukin svo, að menn hættu að fremja þau. Fyrirmyndin er í útlöndum, þar sem samskonar hegningu er beitt. Ekki af ríkinu, heldur af vátryggingarfjelögum, sem eru þannig vaxin, að skömm er, að þau skuli vera til, fjelögum, sem vátryggja gegn tjóni, er kann að verða af lögbrotum, sem eru framin í öðru landi. Og er ekki von, að þeir, sem vernda vilja landhelgina, vilji nota þetta sama meðal til að sporna við ránskap. Þeir, sem talað hafa um útlendu vátryggingarfjelögin, hafa einmitt bent á, að þetta er það eina ráð, sem dugir. Það er nú búið að hækka sektirnar, svo að þýðingarlaust er að hækka þær meira. Það eina, sem dugir, er að klekkja á lögbrjótunum sjálfum. Að vísu stendur það ekki í okkar valdi að hegna erlendum skipstjórum á þennan hátt, en það er engu síður sjálfsagt að hegna okkar skipstjórum, enda mun almenningur dæma þá öllu harðara, sem og eðlilegt er. Þess ber líka að gæta, að innlend skip hafa hjer talsvert betri aðstöðu. Þau hafa flest loftskeytatæki og standa í sambandi við menn á landi og geta því ávalt vitað, hvað varðskipinu líður. Það er því rjettlátt, að þeir, sem betri aðstöðu hafa til að brjóta, sæti þyngri refsingu en hinir, sem ver standa að vígi. Það er og sjálfsagt, að aðalrefsingin bitni á skipstjóranum, þar sem það er hann, sem fremur brotið. Jeg get ekki heldur sjeð, að þetta sje of þung refsing. Að vísu skal jeg játa, að vera má, að ekki sje rjett að svifta brotlegan skipstjóra rjettindum til allrar skipstjórnar. Reyndar býst jeg við, að eins og nú er áskipað á flutningaskipunum, þá sjeu ekki miklar líkur til að slíkur skipstjóri gæti fengið stöðu

á einhverju þeirra. En þó skal jeg ekki vera á móti brtt. þess efnis, ef hún kemur fram. Er það þó í rauninni ekki svo að skilja, að jeg vorkenni nokkuð manni, sem þrisvar hefir orðið uppvís að því að veiða í landhelgi, þó hann missi að fullu skipstjórnarrjett.

Hákon Kristófersson: Það var bara út af ummælum hv. þm. V.-Sk. (JK) sem jeg vildi segja fáein orð. Háttv. þm. (JK) virtist ekki muna eftir því, að til væru aðrir veiðisælir firðir eða flóar en Faxaflói. Í því sambandi vil jeg minna á það, að til er þó annar stór og fiskisæll flói, sem kallaður er Breiðifjörður. Það var því mjög einkennilegt, að háttv. þm. V.-Sk. skyldi aðeins leggja áherslu á það, að ef um útfærslu landhelginnar gæti verið að tala, þá bæri sjerstaklega að muna eftir Faxaflóa. Jeg veit og ekki betur en að samþ. hafi verið áskorun til stjórnarinnar fyrir löngu síðan um það, að hún reyndi að fá landhelgislínuna færða út þannig, að hún væri fyrir utan alla firði og flóa, er liggja að landinu. En það mun vera hægra sagt en gert að koma slíku í framkvæmd, því við ramman er reip að draga, þar sem um það verður að eiga við stórar og voldugar þjóðir, sem hafa mikinn hag af fiskiveiðunum hjer við land.

Að því er það snertir, að máli þessu skuli vísað til stjórnarinnar, þá tel jeg það hafa mjög litla þýðingu, þar sem stjórninni hefir verið áður falið að gera það, sem í hennar valdi stæði, með útfærslu landhelginnar.

Því hefir verið haldið fram, að þessi refsing, sem hjer er um að ræða, sje ekki rjettlát, og að betra sje að herða heldur sektarákvæðin.

Jeg verð nú að segja það, að jeg þekki þess mjög fá dæmi, að til þess hafi komið, að innlendir togarar hafi orðið fyrir sektum fyrir brot á landhelgislögunum, og mun það þó ekki vera þess vegna, að þeir hafi aldrei í landhelgina komið. Jeg hefi t. d. heyrt, að nýlega var íslenskur togari að veiða í landhelgi austur með söndum. Hann varð alt í einu var við það, að varðskipið var á ferðinni. Hvað mundi hann þá gera? Sleppir frá sjer vírum og trolli og duflaði yfir með planka. Þegar því varðskipið kom, var hann í mestu rólegheitum fyrir framan landhelgislínuna og hjelt sjer þar við, uns varðskipið var horfið. Þá tók hann aftur öll sín veiðarfæri með besta árangri. **(PO:** Hann hefir verið að villast, auminginn!) Nei, þeim mun ekki vera svo mjög villigjarnt, íslensku togurunum. Þeir eru furðu ratvísir, þegar þeir eru að leita uppi bestu landhelgismiðin. Enda sjest best, hvers trausts þeir njóta hjá erlendum togurum í þessu efni, er heill floti þeirra fylgir þeim eftir og hefir þá að leiðarljósum. Það er og ekki villigjörnum hent að sigla ljóslaust um á niðdimmri skammdegisnótt, eins og þeir hafa stundum gert inn á þröngum fjörðum, eins og víða á sjer stað á Vestfjörðum.

Pjetur Ottesen: Jeg vil út af orðum hv. 3. þm. Reykv. (JakM) benda á það, að á stríðsárunum var mjög fátt um bæði útlenda og innlenda togara á fiskimiðunum hjer, og höfðu botnvörpuveiðarnar því sama sem engin áhrif á fiskiveiðarnar yfirleitt, eins og raun bar vitni um, þar sem nálega hver fjörður fyltist af fiski á þeim árum. Þá höfðu þeir fáu íslensku botnvörpuskipstjórar nálega enga útlendinga til að elta sig inn

fyrir landhelgislinuna. En það er nokkuð öðru máli að gegna nú. Þeir af íslensku togurunum, sem langhættulegastir eru með þetta, eru þeir, sem hafa haft loftskeytatækin og standa í sambandi við útgerðarmennina og fá bendingar frá þeim. Útlendingarnir vita vel um þetta og hafa það að leiðarvísi. Það eru því þessir íslensku togarar, sem mestu meininu valda. Það er líka auðsætt, að trollaraskipstjórarnir vita, hvað hjer er í húfi, því þeir ganga nú eins og grenjandi ljón um bæinn og meðal hv. þm. að reyna að hafa áhrif á það að koma þessu frv. fyrir kattarnef. Nú gefst á að líta, hvað áhrif þeirra eru sterk.

Hv. þm. V.-Sk. (JK) vildi vísa þessu máli til stjórnarinnar, til þess að hún grenslist eftir því, meðal annars, hvort ekki sje hægt að fá landhelgislínuna færða út. Það sýnir ekki mikinn áhuga þessa hv. þm. á þessu máli, að hann skuli ekki einu sinni vita um, að fram er komin till. þess efnis, og er því með öllu óþarft að vísa þessu máli til stjórnarinnar í því skyni.

Sigurjón Jónsson: Jeg vildi aðeins benda hv. þdm. á það, að það er ekki rjett, sem fram hefir komið nú hvað eftir annað, að togaraskipstjórarnir og togaraeigendur hjer í Reykjavík standi að baki í baráttunni gegn þessu frv. Jeg held að minsta kosti, að hv. þm. Borgf. ætti að vita, að slíku getur ekki verið til að dreifa um nefndina. Tel jeg með öllu ómaklegt að drótta þessu að okkur. (PO: Hv. þm. þarf þá ekki að taka það til sín, ef hann þykist ekki eiga það).

Jeg vil svo benda á það, að það er hið mesta ósamræmi í því að beita þessari refsingu við okkar skipstjóra, að svifta þá skipstjórarjettinum, en að útlendir skipstjórar verði ekki harðara úti en það, að ef til vill fá þeir ekki að fara með skip frá sama fjelaginu. En eftir þessu frv. eiga skipstjórar okkar ekki einu sinni að fá að fara með flutningsbáta, ef þeir verða brotlegir. (ÁÁ: Þá er að koma með brtt. þess efnis!) Það er þeirra manna að laga þetta, sem hafa borið fram frv. eða fylgja því. Jeg vil annars taka undir það með hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að það mun vera hreinn hefndarhugur, sem hjer er að verki. Er jeg viss um, að hv. þm. gera sjer ekki fyllilega ljóst, hve ómannúðleg þessi refsiaðferð væri. Myndi hún og sjálfsagt mælast illa fyrir, og mundi því ekki njóta hinnar nauðsynlegu verndar almenningsálitsins. Myndi þetta ugglaust verða til þess, að skipin yrðu síður klöguð, og er þá mjög svo vandsjeð, hvað á ynnist við breytinguna.

Jeg mun af þessum sökum greiða atkv. með brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald), til þess að stuðla til þess að hún kæmist á, ef svo færi, að frv. yrði samþ. En svo mun jeg greiða atkv. á móti því, að frv. verði afgreitt út úr deildinni.

ATKVGR.

Brtt. 429 feld með 16 : 4 atkv.

Frv. **felt** með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, HK, IngB, JBald, JS, JörB, MG, PO, PÞ.

nei: TrÞ, ÁF, BSt, BL, HStef, JakM, JAJ, JK, JÞ, KlJ, MJ, MT, SigurjJ, BSv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Selaskot á Breiðafirði.

Á 18. fundi í Ed., fimtudaginn 13. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði (þmfrv., A. 112).

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 17. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Ed., þriðjudaginn 18. mars, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Flm. (Halldór Steinsson): Jafnvel þótt greinargerðin fyrir þessu frv. sje ekki löng, get jeg þó látið nægja að mestu að vísa til hennar. 1. gr. l. nr. 32, 16. des. 1885, sem jeg ætla að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, hljóðar svo:

„Öll skot á sel skulu hjer eftir bönnuð á Breiðafirði fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá Klofningshyrnu í Dalasýslu, mitt á milli Gassaskerja og Stagleyjar, hálfa mílu suður af Oddbjarnarskeri nyrðra í Bjargtanga í Barðastrandarsýslu."

Þetta er aðalinnihald þessara laga. Með þeim er selur friðaður á öllum vesturhluta Breiðafjarðar, og þar með í öllum vestureyjunum. Lög þessi hafa líka haft þær góðu afleiðingar fyrir hinar vestlægari eyjar, að selveiði hefir aukist þar mikið.

En öðru máli er að gegna með suðureyjarnar. Þær hafa verið berskjaldaðar fyrir seladrápi Og þótt lögum samkvæmt megi ekki skjóta sel í lögnum, þá eru þau lög þráfaldlega brotin, og er það ekkert óeðlilegt hjá þjóð, sem er jafnólöghlýðin og Íslendingar eru yfirleitt. Selalagnir liggja svo fjarri bústöðum manna, að eigendurnir vita ekki hvað þar gerist, og lögbrjótarnir geta þá verið ugglausir fyrir því, að brot þeirra verði ekki uppvís.

Það er líka svo komið með selveiði í suðureyjum, að hún hefir minkað mjög mikið, og ef þannig heldur áfram, má búast við, að hún leggist alveg niður

eftir nokkur ár, ef ekkert er að gert.

Sumir kunna að álíta, að það tjón, sem ábúendur á selveiðajörðum verða fyrir, vinnist upp af þeim hagnaði, er selaskytturnar hafa af veiði sinni. En svo er ekki. Menn munu yfirleitt ekki hafa tekjur af að skjóta selinn, því fjöldinn allur af þeim skotum, sem skotið er, fara til ónýtis, og fjarska oft fer svo, að skotnir selir nást ekki upp. Það er því mjög lítið gagn, sem selaskyttur hafa af því starfi sínu, gott ef þeir hafa fyrir skotfærunum, enda munu menn meira gera sjer það til gamans en til gagns.

Þegar þess er gætt, að með þessu fyrirkomulagi er gengið á rjett ýmsra bænda þar vestra, og tekjur þeirra rýrðar að miklum mun að því er selveiðina snertir, og ennfremur styggja skot æðarfugl í varplöndum, þá virðist það vera mjög rjettmæt krafa, að lögunum verði breytt þannig, að selur sje einnig friðaður á syðri hluta Breiðafjarðar. Sjerstaklega virðist það rjettmætt, þegar þess er gætt, að það kemur ekki í bága við neinar aðrar atvinnugreinir. Þarna eru t. d. engar laxár eða silungsár á þessum slóðum, og því eigi um það að ræða, að selur spilli veiði.

Jeg skal einnig geta þess, þótt eigi sje ástæða til að ráði úrslitum, að ein af mestu selveiðajörðum við sunnanverðan Breiðafjörð er ríkiseign, sem sje Staðarfell, og er selveiðin þar aðalhlunnindin, og verðgildi þeirrar eignar yrði því mjög rýrt, ef selveiði legðist niður.

Jeg veit, að það eru ekki allir sammála um þetta þar vestra. Nokkrir menn hafa sent áskorun til þingsins, þess efnis, að selurinn verði ekki friðaður. Tvær ástæður færa þeir fyrir því. Önnur er sú, að selurinn spilli lax- og silungsveiði, en hin er sú, að hann spilli fyrir lúðuveiði. Þetta eru einu ástæðurnar, sem þessir menn hafa fram að færa. Jeg verð að telja þessar ástæður mjög lítils virði, einkum þegar þess er gætt, að þeir, sem að áskorun þessari standa, eru eingöngu menn í Stykkishólmi og þar í grend, sem ekki geta haft nein not af laxi eða silungi, enda eru engar laxár eða silungsár á þessum slóðum. Og nákunnugir menn að vestanverðunni segja enga rýrnun hafa orðið í lúðuveiði, þótt selurinn hafi verið þar friðaður í 40 ár. Jeg get því ekki gert neitt úr þessum ástæðum. Jeg vil nú samt, að málið verði athugað vandlega í nefnd, og þar vegin þau rök, sem eru með og móti, og legg jeg til, að málinu verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., fimtudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 112, n. 265).

Frsm. (Eggert Pálsson): Frv. þetta fer fram á breytingu eða útvíkkun á l. nr. 32, 16 des. 1885, um selaskot á Breiðafirði. Með lögum þessum er bannað skot á sel á stóru svæði af norður- og vesturhluta Breiðafjarðar. Hafa lögin nú staðið í 39 ár, og hefir enn eigi orðið vart við það, að menn vildu breyta þeim eða afnema. Bendir það á það, að lögin hafi komið að góðu haldi. Er því eigi nema eðlilegt, að aðrir hlutar Breiðafjarðar, sjerstaklega suðurhlutinn, óski eftir að fá útvíkkun á lögum þessum, með reynslu hinna fyrir augum. Hv. þm. Snæf. hefir borið fram þetta frv.

um slíka útvíkkun á lögunum. Eins og hann gat um í flutningsræðu sinni, þá hafa 14 eigendur sellátra og varplanda við suðurhluta fjarðarins sent þinginu óskir um að fá þessa ívilnun. Er það eigi nema eðlilegt, þar sem reynslan hefir sýnt, að friðunarlögin hafa gert mjög mikið gagn á svæði því, sem þau hafa náð yfir. Virðist því í fljótu bili sjálfsagt að verða við óskum þeirra. Það er nú svo, að selur er talinn hættulegur þar, sem laxveiði er. En eins og tekið er fram í grg. frv. og öllum hv. þdm. mun kunnugt, þá er eigi mikið um laxveiði við Breiðafjörð, og þó að hægt væri að eyða selnum, þá mundi laxveiðin þar eigi aukast fyrir það. Það lítur því svo út í fyrstu, að eigi sje nema sjálfsagt að banna selaskot á svæði því, sem um er að ræða. En við það er þó það að athuga, að samtímis því, að hlutaðeigendur senda ósk sína um útvíkkun friðunarinnar, þá komu mótmæli gegn því, undirrituð af 37 mönnum úr Snæfellsnessýslu. Eiga þeir flestir heima í Stykkishólmi. Þegar svo er ástatt, geta menn hugsað, að lög sem þessi leiddu til ófriðar manna meðal innan hjeraðsins. Sýnist því rjett að gefa hjeraðinu sjálfu vald til þess að ákveða, hvort lögleiða skuli þessa friðun eða eigi. Nefndin hefir því komið sjer saman um að leggja fram rökstudda dagskrá, á þskj. 265, er gengur í þá átt, að leitað verði umsagnar hlutaðeigandi sýslunefnda um málið, svo að ekki sje hægt að segja eða gera veður út af því, að á bak við þær sje farið í þessu efni. Sje þessi leið valin, er jeg eigi í neinum vafa um, að sýslunefndirnar muni samþ., að friðunin skuli leidd í lög. Býst jeg svo við, að jeg þurfi eigi að fara fleiri orðum um dagskrána. Hygg jeg, að hv. þdm. sjái, að þessi leið sje betri heldur en að hrapað sje að því að lögleiða þetta nú, enda þótt enginn vafi geti leikið á því, að rjett sje að veita friðunina að sunnanverðu eins og hún hefir verið veitt að norðanverðu, og það því fremur sem reynslan hefir sýnt, að hún hefir komið að miklu gagni þar, sem hún hefir náð yfir.

Skal jeg svo leyfa mjer að lesa upp þessa rökstuddu dagskrá:

„Með því að hjeraðsbúa, sem hlut eiga að máli, greinir allmikið á um gagnsemi þessa frv., leggur deildin til, að ríkisstjórnin leiti álits sýslunefndanna í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu um málið og leggi það álit fyrir næsta þing, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Flm. (Halldór Steinsson): Sem flm. frv. sætti jeg mig við meðferð hv. allshn. á málinu, í trausti þess, að hæstv. landsstjórn leiti álits fyrir næsta þing.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 265, frá allshn., samþ. með 9 shlj. atkv.

2. Sveitarstjórnarlög.

Á 20. fundi í Ed., laugardaginn 15. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905 (þmfrv., A. 130).

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 17. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Ed., þriðjudaginn 18. mars, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Flm. (Ingvar Pálmason): Eins og sjá má af greinargerðinni fyrir þessu frv., er það flutt vegna tilmæla nokkurra hreppsnefnda í Suður-Múlasýslu.

Það hefir komið í ljós, að sveitarstjórnarlögin frá 1905 eru að ýmsu leyti ekki orðin viðeigandi, sjerstaklega í kauptúnum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig. Sjerstaklega hefir það reynst óheppilegt að miða reikningsárið við fardagaárið. Eftir núgildandi lögum fer niðurjöfnun aukaútsvara í hreppunum fram í októbermánuði á haustin, og eindagi útsvaranna er 31. des. ár hvert. En það er sá tími, sem fólk á yfirleitt verst með greiðslur, og því mjög óheppilegur sem gjalddagi útsvaranna, einkum í þeim hreppum, þar sem sveitargjöld eru mest.

Í hreppi þeim, sem jeg á heima í, Neshreppi í Suður-Múlasýslu, sem hefir um 800 íbúa, hafa sveitargjöld numið frá 30—35 þús. kr. á ári. Það hefir líka venjulega farið svo, að mikill hluti útsvaranna hefir ekki fengist greiddur fyr en á næsta reikningsári á eftir, og það jafnvel ekki fyr en í júlí—septembermánuði á sumrin. Afleiðingin af því hefir orðið sú, að hreppurinn hefir orðið að greiða allmikið fje í vexti, sem hann annars hefði ekki þurft.

Sýslugjöld sama hrepps hafa undanfarin síðustu ár orðið rúmar 7000 kr., og þau gjöld verður altaf að greiða á rjettum tíma. Síðan þessi gjöld hækkuðu svo mjög — og hv. þdm. vita, að þau hækkuðu afarmikið vegna berklavarnanna — hefir hreppurinn ætíð orðið að greiða þau með lánum, og hreppurinn hefir þar að auki oft orðið að taka bráðabirgðalán til þess að greiða með önnur gjöld. Og alveg samsvarandi er ástandið í að minsta kosti 3 öðrum hreppum sýslunnar, en það er í Eskifjarðar-, Reyðarfjarðar- og Búðahreppum, enda hafa líka þeir hreppar lagt mesta áherslu á að fá breytingunni framgengt.

Jeg skal geta þess, að það er mitt álit, að sveitarstjórnarlögin sjeu að ýmsu öðru leyti orðin ekki viðeigandi, og tel æskilegast, að þau yrðu öll endurskoðuð, og breytt að ýmsu leyti. En jeg álít hinsvegar, að slík breyting þurfi svo mikinn undirbúning, að ekki sje hugsanlegt að koma henni í framkvæmd á einu þingi. En jeg lít hinsvegar svo á, að þessi breyting raski svo litið aðalinnihaldi laganna, að það sje enginn ábyrgðarhluti fyrir þingið að samþykkja hana án frekari undirbúnings.

Á síðasta þingi kom fram í hv. Nd. frv., sem var mjög líks efnis og þetta frv., sem jeg ber nú hjer fram. Hv. allshn. athugaði það frv. og komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri rjett að samþykkja það að órannsökuðu máli, en lagði til, að frv. væri vísað til ríkisstjórnarinnar, og það var gert. En stjórnin hefir ekki lagt neitt frv. um þetta efni fyrir þingið, eins og búast hefði mátt við, og þessvegna taldi jeg mjer skylt að flytja þetta frv. nú, vegna þess, að jeg tel nauðsynlegt, að breytingar þær, sem frv. felur í sjer, nái sem fyrst framgangi. Jeg vil ennfremur í þessu sambandi benda á eitt atriði enn, mínu máli til stuðnings, en það eru skattalögin. Þau lög gera ráð fyrir því, að framtal til skattaálagningar verði lagt til grundvallar við álagningu útsvara. Þessu er ekki gott að koma við, eins og nú hagar til.

Skattaframteljendur gefa skýrslur sínar í febrúarmánuði ár hvert. Það, sem hreppsnefndir hafa til grundvallar við útsvarsniðurjöfnunina í októbermánuði á haustin, er því aðallega hagur manna við síðustu áramót. Það er yfirleitt ómögulegt fyrir hreppsnefndir að hafa nein not af því, þegar svo langt er um liðið.

Ef hinsvegar frv. þetta, sem hjer liggur fyrir, væri samþ. og notuð sú heimild, sem í því felst til breytingar á reikningsárinu, þá væri þetta einmitt vel hægt, því í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að útsvörunum verði jafnað niður í febrúar, einmitt á þeim tíma, sem skattaframtal er gefið, og því mjög vel hægt að nota það. Jeg tel það þá innanhandar fyrir hreppsnefndirnar að fá upplýsingar, sem byggja mætti á. Að vísu verður að byggja á afkomunni á næstliðnu ári. Maður kemst aldrei nær en það. Og hvað komandi gjaldár ber í skauti, verður oss altaf hulið. Það má vel vera, að búningi frv. sje í einhverju ábótavant, en jeg ber þá það traust til hv. allshn., sem jeg óska að málinu verði vísað til að lokinni þessari umr., að hún lagfæri þá smíðagalla, sem á því kynnu að vera. En jeg hygg, að við nánari athugun komist flestir háttv. deildarmenn að þeirri niðurstöðu, að frv. sje ekki að ófyrirsynju fram borið nje óþarft. Eins og jeg hefi áður vikið að, kom fram í Nd. á síðasta þingi frv. svipaðs efnis. Var það þá flutt eftir ósk hreppsnefnda á Vestfjörðum. Sýnir það, að þetta er ekki einsdæmi um mitt kjördæmi, heldur mun það gilda um alt land. — Viðvíkjandi því, að þetta kynni að verða sýslunefndum óþægilegt, er einstakir hreppar tækju upp slíkt fyrirkomulag, þá er við því sleginn varnagli með 1. gr., þar sem ákveðið er, að breyting þessi komi aðeins til framkvæmda, ef sýslunefnd fallist á það. — Jeg get, vegna sjerstakrar aðstöðu minnar, þar sem jeg hefi um nokkur ár verið endurskoðari sýslureiknings Suður-Múlasýslu, dæmt um það, að það hefir þráfaldlega valdið ýmsum skekkjum og örðugleikum við reikningsfærslu og endurskoðun, að fardagaárið var notað sem reikningsár en ekki almanaksárið. Þetta hefir átt sjer stað með reikninga flestra hreppa sýslunnar, að meira eða minna leyti. Jeg veit, að þeir, sem fjallað hafa um þessi mál, skilja, hvernig á þessu stendur. Það leiðir af sjálfu sjer, að þegar reikningarnir eru ekki gerðir fyr en í október, þá er komið inn töluvert mikið af útsvörum, sem ekki voru greidd í reikningsárslokin. Veldur þetta talsverðri ónákvæmni, vegna þess, að allir reikningar eiga að miðast við fardagaárið. En mikið af gjöldunum ekki greitt fyr en gjaldárið er útrunnið. Það þarf því mikla nákvæmni við færslu reikninganna, svo að þetta valdi ekki skekkju. Jeg hefi einnig orðið þess var nú í mörg ár, að þetta hefir í nokkrum hreppum valdið tilfinnanlegum gjaldaauka í vaxtatjóni. Treysti jeg hv. deild til þess að athuga þetta nánar, og vænti þess, að hún komist að þeirri niðurstöðu, að frv. eigi fram að ganga. Vil jeg ekki fjölyrða frekar um það nú, en býst við að fá síðar tækifæri til þess.

Guðmundur Ólafsson: Eins og háttv. flm. tók fram, kom í fyrra frá þáverandi þm. N.-Ísf. svipað frv. í Nd. Því var vísað til stjórnarinnar, og var ætlast til, að hún bæri það undir sýslunefndir. En svo var áliðið þings, að það

mun ekki hafa verið unt, þar eð ekki hefir náðst til sýslunefnda. Mun það því hafa verið gert nú í vetur.

Jeg er sammála hv. flm. um, að frv. er að sumu leyti til bóta; en jeg er honum ekki samþykkur í því, að niðurjöfnun skuli fara fram í febrúar. Hallast jeg að skoðun flm. frá í fyrra um það, að niðurjöfnun fari fram í apríl. Á þingmálafundum, sem jeg hjelt í vetur, kom mál þetta fram, og lögðu menn áherslu á, að niðurjöfnun færi fram í apríl, því að þá gæti hún stuðst við nýjar skattskýrslur. Hreppsnefndir telja óviðkunnanlegt, að skattskráin, sem þær verða að byggja á, sje orðin of gömul og margt orðið breytt á þeim tíma. En eftir því sem hv. flm. fer fram á, verður ekki úr þessu bætt með þessu frv., því að menn eru ekki skyldir að ljúka framtali fyr en í febrúarlok. Það er heldur ekki nóg að skila framtalinu, því að hreppsnefndir eiga engan aðgang að því, heldur aðeins að skránum, eftir að skattanefndir hafa unnið úr framtalsskýrslunum. En á hitt get jeg fallist, að betra muni vera að hafa almanaksárið fyrir reikningsár heldur en fardagaárið.

Flm. (Ingvar Pálmason): Jeg verð að segja fáein orð viðvíkjandi ræðu háttv. þm. A.-Húnv. Jeg kannast við, að samkvæmt frv., þar sem ákveðið er, að niðurjöfnun fari fram í febrúar, er hæpið, að hreppsnefndirnar hafi aðgang að nýjustu skattskrám. En annað aðalatriðið, sem fyrir mjer vakti, var, að kærur til sýslunefnda þyrftu að ná til sýslunefnda sama árs. Í mínu kjördæmi eru sýslufundir venjulega haldnir síðari hluta apríl eða í byrun maí. Ef niðurjöfnun sveitarútsvars fer ekki fram fyr en í apríl, ná kærur ekki á sýslufund. Tímaatriðið er mjer ekkert kappsmál, en fyrir mjer vakti, að ekkert ræki sig á, og mun jeg fúslega ganga inn á að færa tímatakmarkið eitthvað fram; þó ekki lengra en svo, að trygt sje, að kærur nái til sýslunefnda.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., föstudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 130, n. 330).

Frsm. (Jónas Jónsson): Jeg get verið stuttorður um dagskrá okkar nefndarmanna. Það kom í ljós undir umr. í nefndinni, að sumir nefndarmanna álitu, að til mála gæti komið að samþykkja nú þegar þessa breytingu á sveitarstjórnarlögunum. Aðrir voru aftur á móti þeirrar skoðunar, að fleiri og víðtækari breytingar þyrfti að gera á lögum þessum, og varð niðurstaðan sú, að nefndin varð sammála um að leggja það til við hv. deild, að hún samþykti rökstudda dagskrá þess efnis að skora á stjórnina að undirbúa málið í heild fyrir næsta þing.

Ingvar Pálmason: Jeg get varla sagt, að jeg sje mjög þakklátur hv. nefnd fyrir meðferð hennar á þessu frv., þó að jeg hinsvegar sje henni sammála um það, að margt sje fleira í sveitarstjórnarlögunum, sem full þörf væri á að breyta. En jeg lít svo á, að þessi breyting sje einna nauðsynlegust, og að vel hefði mátt samþykkja frv. með ein-

hverjum breytingum frá hv. nefnd — það hefði jeg getað fallist á — án þess, að þurft hefði að valda nokkrum ruglingi í lögunum. En úr því, sem komið er, virðist ekkert við þessu að segja. Jeg get að vísu felt mig við, að málið verði afgreitt á þann hátt, sem hv. nefnd leggur til — í þetta sinn — og í þeirri von, að nú dragist ekki lengi, að lögin í heild verði endurskoðuð og gerðar á þeim nauðsynlegar breytingar, bæði sú, sem þetta frv. fer fram á, og aðrar, sem vitanlegt er að kalla að.

Mun jeg því ekki gera ágreining við hv. nefnd, þó að mjer hafi sýnst, að frv. hefði mátt ná fram að ganga.

Forsrh. (Jón Magnússon): Jeg get ekki sagt með fullri vissu, hvort stjórnin muni treysta sjer til að leggja fyrir næsta þing gagngerðar breytingar á sveitarstjórnarlögunum. Málið heyrir fyrst og fremst undir hæstv. atvrh. (M G). En um leið og jeg get lýst því yfir, að málið mun tekið til athugunar, eftir því sem föng verða á, þá vil jeg taka það fram, að ef gera á gagngerðar breytingar á þessum lögum — og þá líklega um leið á kaupstaðalögunum — þá er það feikilega mikið verk, því að jeg efast ekki um, að mörgu þarf þar að breyta.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 330, frá allshn., samþ. með 9 shlj. atkv.

---

3. Seðlaútgáfurjettur ríkisins.

Á 17. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um seðlaútgáfurjett ríkisins (þmfrv., A. 105).

Á 19. fundi í Ed., föstudaginn 14. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Kristjánsson): Jeg skal þegar taka það fram, að jeg hefi leyft mjer að bera þetta frv. fram aðeins fyrir eigin reikning, án þess að bera það undir nokkurn flokk; ekki einu sinni þann, sem jeg tel mig til. Orsökin er sú, að mál þetta snertir alla jafnt, snertir allar stjettir landsins og getur því eftir eðli sínu ekki verið flokksmál, heldur á það að fá stuðning allra flokka. Því er engin ástæða fyrir mig nú, áður en frv. verður athugað í nefnd, að halda langa ræðu — og það því fremur, að frv. fylgir allítarleg greinargerð.

Saga seðlaútgáfu hjer á landi er ekki löng. Hún hefst árið 1885 með stofnun Landsbankans, þegar landssjóði er leyft að gefa út handa bankanum ½ miljón króna í ógulltrygðum og óinnleysanlegum seðlum, og var þessi upphæð síðan aukin upp í ¾ miljónar árið 1900.

Þannig stóð seðlaútgáfumálið til þess tíma, er Íslandsbanki var stofnaður með lögum frá 1903, en árið 1905 byrjaði hann að gefa út seðla. Fyrst framan af var banka þessum mjög gætilega stjórnað, sem sjá má m. a. af því, að fram að árinu 1915 hafði hann ekki gefið út nema kr. 2.205.590 í seðlum af 2½ miljón, sem hann mátti mest gefa út. Hafði útgáfa seðlanna farið smástigandi, eftir því sem gjaldmiðilsþörfin óx og menn lærðu að fara með peninga; en allrar varúðar gætt. En svo komu stríðsárin, sem rugluðu alla reikninga manna, jafnt í þessum efnum sem

öðrum, og varð það til þess, að bankinn gaf út langtum meiri seðla en viðskiftalífi þjóðarinnar var holt, enda var þá kominn nýr aðalráðamaður að bankanum, sem leit svo á, að óhætt væri að gefa út svo mikið af seðlum sem eftirspurn krefði, og veita lán þeim, er um bað, að heita mátti. Þessi maður var ekki einn um þessa skoðun. Hún var mjög algeng meðla erlendra fjármálamanna, og hafa fleiri en við Íslendingar orðið hart úti af þessum ástæðum. Hin of mikla seðlaútgáfa olli því, að menn „spekuleruðu" of djarft og mistu margir hverjir það fje, er þeir höfðu grætt, á stríðsárunum.

Þingið, sem hafði ekki næga þekkingu á seðlabankamálum, gafst upp á því að hafa hemil á seðlaútgáfunni og afsalaði sjer öllu eftirliti í því efni í hendur stjórnarinnar árið 1919, og skyldi sú ákvörðun gilda til ársins 1921. Þingið 1921 tók því aftur upp afskifti af málinu og samþ. frv., þar sem mjög var þrengt að seðlaútgáfunni, með því að Íslandsbanka var gert að skyldu að innleysa eina miljón af seðlum sínum árlega, þar til hann hefði ekki meira í umferð en 2½ miljón — svo sem ákveðið hafði verið í upphafi. Úr því áttu seðlar hans að dragast inn, jafnháar upphæðir árlega, uns seðlaútgáfurjettur bankans væri útrunninn. Á þessu þingi gerðu menn sjer góðar vonir um, að dýrtíðin myndi fara að minka og seðlar landsins haldast í fullu verði, en, því miður, það hefir hvorttveggja brugðist.

Með lögum nr. 7, 4. maí 1922, er lögunum frá 1921 breytt í tveim atriðum. Annað er það, að gjald eftir seðla Íslandsbanka var lækkað. Hitt var, að af ótta við, að fyrir gæti komið seðlaþurð, var það vafasama ráð upp tekið að heimila Landsbankanum að gefa út, ef nauðsyn krefði, svonefnda „toppseðla", sem máttu vera ógulltryggðir, óinnleysanlegir, og engin takmörk voru sett fyrir, hversu mikið mætti gefa út af þeim. Tel jeg mjög vafasamt, að sú ráðstöfun hafi bætt fyrir gengi ísl. kr. En, sem betur fer, hefir þó reynst svo til þessa, að lögin frá 1921 hafa dugað, svo að ekki hefir þurft að grípa til þessa Lokaráðs.

En nú er króna vor sífallandi, og hlýtur það að hafa nokkur áhrif á seðlaþörfina. Því má ekki dragast, að skapaður verði nýr grundvöllur, sem ekki er altaf verið að hringla með, og sem nær trausti erlendra fjámálamanna. Hvort rjett þykir að nota þennan grundvöll, sem felst í frv. þessu, á Alþingi nú að skera úr. Jeg hefi með frv. lagt það til málanna, sem jeg hygg tryggast í bráð og lengd.

Í frv. hefi jeg fylgt þeirri stefnu að spara sem mest. Því hefi jeg aðeins gert ráð fyrir einum forstjóra. Má vel vera, að ýmsir telji tryggara að hafa þá tvo, en þá yrðu vextirnir til ríkissjóðs af gullinu að vera eitthvað lægri. Vera má og, að sumum kunni að vaxa í augum að kaupa gullforðann, einkum fyrsta árið, þar sem gull er dýrt á móts við ísl. krónu. En þess ber að gæta, að gull er ekki hlutfallslega dýrara en aðrar nauðsynjar vorar, sem við verðum að kaupa erlendis. Og verði gengið inn á þessa braut, sem jeg tel illmögulegt að komast hjá, þá verður ekki komist hjá því að kaupa gull og örðugt að draga þau kaup.

Eftir fyrsta árið myndi gullforðaaukningin nema mest 300000 kr. á ári, þangað til Íslandsbanki hefir dregið inn seðla sína niður í 2½ miljón, ef eins mikið

þarf af seðlum og nú er í umferð. Loks kemur til álita, hvort setja beri meira gull til tryggingar seðlum þeim, er í umferð eru, en sem svarar 30% af verðgildi þeirra á hinum ýmsu tímum, en það tel jeg þó varhugavert. Verði þessari reglu fylgt, má lækka gullforðann að mun — og sýnist ef til vill mega gera þetta á meðan seðlarnir eru óinnleysanlegir og gengi krónunnar lágt. Því þegar seðlarnir verða innleysanlegir, má gera ráð fyrir hærra verði á krónunni, og því hægara verður að kaupa gull þá.

Í frv. þessu er stefnt að því að draga sem mest úr „yfirspekulationum." Kemur sú viðleitni einkum fram í því að gera bönkunum seðlana ekki of ódýra.

Ennfremur er stefnt að því í frv. að gera seðlana sem tryggasta í augum útlendra fjármálamanna, svo að þeir geti haldið fullu verði sínu. En það munu þeir ávalt geta, þegar gullforðinn, sem þeir eru tryggðir með, er orðinn 50%, því þá þurfa veðin, sem stofnunin hefir frá bönkunum, ekki að seljast nema fyrir hálfvirði, eða jafnvel minna, til þess að stofnunin sje skaðlaus, ef illa fer fyrir þeim. Jeg sje, að svo stöddu, eigi ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en legg til, að frv. verði vísað til fjhn., að lokinni þessari umr.

Fjármálaráðherra (KlJ): Þau ákvæði eru í l. nr. 6, 31. maí 1921, að seðlaútgáfan hverfi til ríkissjóðs Íslands jafnóðum og Íslandsbanki dragi inn sína seðla. Og það var ennfremur ákveðið í sömu lögum, að fyrir 1. júní 1922 skyldi setja lög um það, hversu seðlaútgáfunni skuli komið fyrir. En á þinginu 1922 kom ekkert frv. fram um þetta, heldur var því frestað um eitt ár, og á þinginu 1923 var ákveðið, að fyrir 1. júní þessa árs skyldi vera komin lög um þetta efni. Jeg áleit því, að þetta mætti alls ekki dragast svona ár frá ári lengur, og vildi fá enda á þetta mál hið allra bráðasta. En það hefir þó reynst erfitt.

Jeg skrifaði stjórn Landsbankans brjef 17. október f. á., og fór þess á leit við hana, að hún kæmi með frv. í málinu, svo snemma, að stjórnin gæti lagt það fyrir þingið. Bankastjórnin tók þessu mjög vel. Fyrir miðjan janúar síðastliðinn átti jeg svo fund með bankastjórninni um þetta mál, og sagði hún þá, að málið væri mjög erfitt viðfangs, og kvaðst vilja bera sig saman við stjórn Íslandsbanka.

Mjer fanst þetta mjög eðlilegt, og sjálfsagt, að stjórnir bankanna gætu verið samhentar í þessu máli, og gaf því mitt samþykki til þess.

Samt hefir farið svo, að frv. er fyrst nú nýlega komið til mín, og sýnir það best, hve vandasamt málið hefir þótt.

En nú hefi jeg fengið frv. frá stjórn Landsbankans, þar sem gert er ráð fyrir því, að Landsbankinn fari með seðlaútgáfuna, og um skipulag hennar, en greinargerð vantar enn, svo jeg er ekki alveg viðbúinn að leggja það fram.

Það er því satt hjá hv. flm., að frv. er að vísu eigi komið fram ennþá, en það er alveg rangt hjá honum, að stjórnin hafi ekkert gert í málinu. — Annars talaði hv. flm. um hina „fráförnu" stjórn, en það hefði nú sjálfsagt verið nóg að segja fráfarandi stjórn, því stjórnin er ekki farin frá ennþá, þótt hún hafi sagt af sjer.

Það er ekki stjórnarinnar sök, þótt málið sje ekki komið lengra en þetta. Hún hefir gert sitt til þess að flýta fyrir því, en það má hinsvegar vera, að hv.

flm. hafi eigi verið kunnugt um það, en furðu fljótur hefir hann orðið á sjer í þessu máli, eins og reyndar hefir átt sjer stað um fleiri flokksmenn hans á þessu þingi.

Jafnskjótt og greinargerðin kemur, verður frv. prentað, og vænti jeg þess, að það verði bráðlega.

Jeg er hv. flm. sammála um það, að frv. þessu skuli vísað til fjhn., og mun jeg þá líka afhenda fjhn. mitt frv., og getur þá hv. nefnd valið það frv., er henni líkar betur, eða jafnvel tekið nokkurt tillit til beggja. Jeg styð því till. hv. flm. um það að vísa málinu til fjhn.

Flm. (Björn Kristjánsson): Það er gott að heyra skýringu hæstv. fjrh. á því, hvað stjórnin hefir gert í þessu máli. En þar eð hann finnur að því við mig, að jeg hafi sagt, að stjórnin hafi ekkert gert, þá er það ekki rjett, að jeg hafi sagt það, heldur talaði jeg aðeins um það, að stjórnin hefði enn eigi komið fram með frv. í málinu. Annars er ekki nema gott að heyra það, að fleiri hafa hugsað um málið en jeg, og það væri best, að sem flestir gerðu það.

Hitt, að tala um hina fráförnu stjórn, það var alveg rjett hjá mjer í þessu sambandi, því stjórnin hefir þegar sagt af sjer, og getur því ekki komið með fleiri frv., eða það eru að minsta kosti engin dæmi þess í þingsögunni, að stjórn hafi komið fram með frv. eftir að hún hefir sagt af sjer.

Fjármálaráðherra (KlJ): Jeg skal þó geta þess, að þessi fráfarna stjórn hefir komið fram með frv. í hv. Nd., eftir að hún sagði af sjer, enda mun slíkt oft hafa komið fyrir, þó hv. flm. sje ókunnugt um það.

Flm. (Björn Kristjánsson): Það er þá víst í fyrsta sinni í þingsögunni, að slíkt hefir verið gert, enda er frv. ekki lagt fram af stjórninni á venjulegan hátt, þó handrit af því sje afhent nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr., með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 8 shlj atkv.

Á 48. fundi í Ed., mánudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 105, 336, n. 357, 361 og 362).

Frsm. 1. hl. (Björn Kristjánsson): Jeg vil fyrst leiða athygli að því, að prentvilla er í fyrirsögn frv. — Það á að heita „um seðlaútgáfu ríkisins," en ekki um seðlaútgáfurjett ríkisins.

Jeg bar þetta mál fram á miðju þingi, sem annan aðalþáttinn í að gera tilraun til að hefja krónu okkar, og hann ekki þann veigaminni.

Jeg taldi nauðsynlegt, að gera það, þar sem engin hreyfing var komin á það mál þá. Traustið á krónu okkar eða gjaldmiðli fer auðvitað eftir því, hvernig við búum gjaldmiðilinn til hversu miklu við verjum til hans.

Í símsk. frá 16. mars segir, að Frakkar hafi tekið 100 miljón dollara lán í Ameríku til þess að búa sjer til verðmætan gjaldmiðil, vitanlega til þess að vinna seðlum sínum braut. En þeir voru að hriðfalla. Alveg eins þurfum við að fara að, er við búum til nýja seðlastofnun.

Þar sem lagt er til að vísa báðum seðlafrv. til hæstv. stjórnar, þá er engin ástæða til fyrir mig að skýra þau frek-

ara en gert er í nál. þeim, sem jeg hefi látið fylgja báðum frv. Aðeins vil jeg mælast til þess, að hæstv. fjrh. láti þýða bæði frv. með athugasemdum og nál. á dönsku eða sænsku, til þess að geta fengið óvilhallan dóm seðlabankafróðra manna um frumvörpin, og ráð þeirra um það, hverja leið á að halda í þessu máli. En auðvitað mega þessir sjerfræðingar eigi gleyma legu landsins og hversu afskekt það er, nje því, hversu lítil gróðavon er að því að gefa út seðla í svo fámennu landi, ef seðlaútgáfunni á altaf að stilla í hóf. En það er aðalatriðið. Mitt álit er, að eigi sje hægt að gefa út bankaseðla í öðru skyni en að gera viðskiftin þægilegri fyrir almenning.

Jeg hefi eigi í nál. bent á leiðirnar til þess að fá lán. Jeg hefi sem sje gengið út frá því, að landið væri eigi svo heillum horfið, að það gæti eigi fengið lán í þessu skyni. En væri svo, þá væri vegurinn að fara að eins og Danir gerðu um 1818, er þeir stofnuðu þjóðbanka sinn, sem sje, að láta alla fasteignaeigendur í landinu leggja til veð fyrir lánsupphæðinni, eða gullforðanum, — veð, sem gengi fyrir öllum veðskuldum. Slíkt veð mundi nema 3% af öllum fasteignum landsins. Danir lögðu 6% á sínar fasteignir í þessu skyni. Á þennan hátt mundi fást ódýrast gullforðalán.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið. Það mun verða nóg tækifæri til þess að tala um það næsta ár, ef við lifum, þegar stjórnin hefir búið til seðlafrumvarp sitt.

Frsm. 2. hl. (Jóhann Jósefsson): Eins og sjá má af nál. fjhn. um bankafrv., þá hefir nefndin klofnað í þrent um málið. Við tveir nefndarmenn, hv. 1. landsk. (SE) og jeg, höfum lagt það til, að málin væru athuguð til næsta þings. Þegar við vorum að kynna okkur frv., áttum við tal við bankastjórnir beggja bankanna og auk þess hæstv. fjrh. Hann óskaði eftir því, að öll þau bankamál, sem fyrir þinginu lægju, yrðu geymd til næsta þings, svo að ríkisstjórninni gæfist kostur á að rannsaka, hvernig seðlaútgáfunni yrði heppilegast fyrir komið. Þegar um slík stórmál er að ræða, sem bæði frv. á þskj. 105 frá hv. 2. þm. G.-K. (BK) og frv. á þskj. 173 eru, þá má segja, að þýðingarmikið sje, að vel sje athugað, hvernig þeim verði best ráðið. Miðhluti nefndarinnar álítur því, að fara beri eftir ósk hæstv. fjrh. (JÞ) og fresta málunum. Jeg er og á því máli, að nota beri frestinn til þess að undirbúa málin fyrir næsta þing, þannig, að þá liggi fyrir till. frá hæstv. stjórn, svo að hægt verði að ráða málunum til lykta á því þingi. Það hefir ef til vill verið dregið of lengi að ganga frá seðlaútgáfunni. En þó ber þess að gæta, að tímarnir eru mjög breytilegir nú og aðstaðan til þess að ráða slíkum málum til lykta eigi góð. Hinsvegar er öll fjárhagsnefndin á þeirri skoðun, að óheppilegt sje að draga þessi mál lengur en nauðsynlegt er. Þegar þess er gætt, að 2. hl. nefndarinnar hefir fallist á að vísa málinu til stjórnarinnar, þá leiðir af sjálfu sjer, að eigi tekur því að fara að ræða einstök atriði frv. Virðist það óviðeigandi á þessu stigi málsins. — Jeg gleymdi að geta þess í upphafi ræðu minnar, að frv. um seðlaútgáfu kom fram snemma á þinginu, en þess er getið í nál. Við höfum allir, nefndarmennirnir komið okkur saman um að leggja til, að frv. á þgskj. 105 verði afgreitt úr hv. deild með svohljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Þareð stjórnin hefir óskað, að henni gefist kostur á að athuga með aðstoð sjerfræðinga og undirbúa fyrir næsta þing endanlegt fyrirkomulag seðlaútgáfunnar og þar sem hjer er um mjög vandasamt mál að ræða, sem miklu skiftir fjárhag þessarar þjóðar, þá þykir rjett, að þessi undirbúningur fari fram, svo málinu geti orðið ráðið til lykta á næsta þingi, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá."

Frsm. 3. hl. (Jónas Jónsson): Það voru aðeins fáein orð fyrir þann hluta fjhn., er leit svo á, að hægt væri að afgera þetta mál nú. Jeg og hv. 2. þm. S.-M. (IP) höfum eigi ritað ítarlegt nál., þar eð við töldum vafasamt að málið kæmi til 2. umr. En haldi málið áfram, þá munum við koma með brtt. við 3. umr. Af því að hjer hafa verið tekin fyrir 2 frv. í einu, þá vil jeg leyfa mjer að minnast nokkrum orðum á þau bæði. Það er skoðun okkar, hv. 2. þm. S.-M. (IP), að ekki komi til mála, að landið setji á fót sjerstaka stofnun til þess að gefa út seðla, úr því að það á banka, sem getur tekið starfið að sjer án nokkurs aukakostnaðar. Þetta finst mjer vera svo einfalt mál, að mig furðar á því, að hæstv. stjórn og hv. þdm. skuli ennþá vera í vafa um það, að seðlaútgáfan hljóti að lenda á Landsbankanum. En jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um það, en jeg vil með nokkrum orðum gera grein fyrir, hversvegna jeg tel sjálfsagt, að nefnd stofnun hafi þessi störf með höndum. Ríkið á þennan seðlaútgáfurjett. Með því að láta bankann fara með þennan rjett, myndum við aðeins fylgja fordæmi erlendra ríkja, að þeir bankar, sem standa undir vernd ríkisins, hafa seðlaútgáfurjett. Þannig er því farið með Frakklandsbanka og Englandsbanka. Þessar stofnanir standa í sama hlutfalli við þau stóru ríki eins og Landsbankinn hjer, þótt þeir sjeu að forminu til hlutafjárbankar.

Fyrir nokkrum árum kom það fyrir á Frakklandi, að Signa flæddi yfir bakka sína og gerði skaða á húsum og jörðum, sem nam hundruðum miljóna franka. Þá ákvað þingið, að Frakklandsbanki skyldi leggja fram 100 milj. til að hjálpa þeim, sem orðið höfðu fyrir slíku áfalli. Svona kvöð var hægt að leggja á bankann, af því hann er kominn í þá afstöðu við ríkið að vera skoðaður opinber stofnun, sem eigi að hafa þjóðarhagsmuni fyrir augum, fremur en hagsmuni hluthafanna.

Nokkrir álíta það skaðlegt, að sami bankinn hafi seðlaútgáfurjett og sparisjóð, og þar sem Landsbankinn hefir sparisjóð, hafi hann formlega brotið af sjer möguleikana fyrir seðlaútgáfunni. Jeg vil benda á það, að við verðum að taka tillit til okkar kringumstæðna. Við höfum ekki utanríkismál, en þó við hefðum þau, myndum við t. d. ekki halda 30—40 sendiherra, vegna þess, að við hefðum ekki efni á að eyða fje í það. Sama gildir á mörgum öðrum sviðum. Við þurfum að sameina ýms störf, þar sem aðrar þjóðir sameina ekki. Jeg vil leyfa mjer að minna hina eldri þingmenn hjer í hv. deild á það, að þeir munu reyndar hafa stutt að líku fyrirkomulagi sem frv. ræðir um. Þegar Íslandsbanki var stofnaður, ráðlagði danski þjóðbankinn, að hann skyldi ekki hafa sparisjóð. En hvernig fór? Eftir stuttan tíma var hann búinn að fá sparisjóð, og hefir haft hann alt síðan. (**BK:** Það er ekki þinginu að kenna!) Er það þá stjórninni að kenna? En þingið er

faðir og móðir stjórnarinnar. Og nú hafa setið að völdum Heimastjórn, Sjálfstæði, blönduð stjórn, einn ráðherra og þrír ráðherrar, og meðal annars hefir hv. 2. þm. G.-K. (BK) sjálfur verið ráðherra á þessu tímabili. En þetta hefir gengið svona með samþykki allra aðilja, og þingið hefir lagt sína blessun yfir, meðal annars með því að gera ekki að skilyrði við nýja stjórn, að hún hryndi þessu í lag.

Jeg get ekki sagt, að jeg hafi neitt sjerstaka aðdáun fyrir því, hvernig Íslandsbanki er rekinn. En jeg sje ekki, að hann hafi misbrúkað seðlaútgáfurjett sinn fram að stríðsárum. Á stríðsárunum breyttist þetta vitaskuld, af því bankinn var hlutabanki — að hluthafarnir notuðu sjer seðlaútgáfuna til gróða. Ekki einungis þeir, heldur líka stjórn og þing ljetu viðgangast, að seðlamergðin óx.

Þar sem við gerum ráð fyrir, að innan fárra ára verði seðlaútgáfa landsins mun tryggari en hún er nú, og verði innleysanleg, getum við ekki borið slíkt ástand saman við fjármál stríðsáranna, heldur verður að bera saman við „normal“ ástand, eins og á árunum frá 1904—1914.

Jeg fæ ekki betur sjeð en að stjórn Landsbankans, sem hefir búið til frv. um fyrirkomulag bankans og lagt fyrir þáv. stjórn, hafi lagt til skynsamlegar hömlur á seðlaútgáfuna, svo hún yrði ekki hagsmunamál fyrir bankann. Fyrst og fremst hefir hún gert ráð fyrir tryggingu, sem ekki er lakari en hingað til hefir þekst, og ennfremur, að ríkið en ekki bankinn hefði ágóðann. Af því jeg held fram þessu fyrirkomulagi um Landsbankann, og skoða þessi atriði sem aðalatriði frv., hefi jeg lagt til, að frv. gangi fram, enda þótt jeg sje ekki ánægður með viss önnur atriði. Á jeg sjerstaklega við bankaráðið, sem frv. gerir ráð fyrir. Býst jeg við, að það myndi hafa hina sömu ókosti og bankaráð Íslandsbanka. Hygg jeg, að það myndi verða einungis pólitískt bitbein, og mundu skuggahliðar þingmanna koma fram í eftirsókn í þessa vinnulitlu bitlinga, en bankanum verða lítill styrkur að. En jeg sje ekki ástæðu til að koma með brtt. við frv., þar sem mjer virtist mótstaðan gegn því svo mikil, að vafasamt sje, hvort það lifir. til 3. umr.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 361, frá 2. hl. fjhn., samþ. með 9 : 4 atkv.

---

4. Landsbanki Íslands.

Á 23. fundi í Ed., miðvikudaginn 19. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um Landsbanka Íslands (þmfrv., A. 173).

Á 25. fundi í Ed., föstudaginn 21. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í einu hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Fjármálaráðherra (KlJ): Þetta frv. er borið fram af háttv. fjhn., eftir tilmælum mínum, og get jeg viðvíkjandi því yfirhöfuð vísað til ræðu minnar um daginn um frv. það, sem háttv. 2. þm. G.-K. (BK) bar fram og hefir sama til-

ganga. Tilefni þessa frv. er það, að með lögum nr. 6, 31. maí 1921 er ákveðið, að ríkið taki smámsaman í sínar hendur seðlaútgáfurjettinn af Íslandsbanka. En þar sem ákveðið er, að ríkið taki við útgáfurjettinum, er vitanlega gert ráð fyrir, að Landsbankinn fái hann í hendur. Eftir þeim lögum, sem jeg vitnaði til, átti að vera útkljáð um þetta fyrir 1. júlí 1922, en hvað eftir annað hefir orðið að framlengja frestinn, og nú síðast var hann framlengdur til 1. júlí þ. á.

Það má ekki hafa þetta lengur ólögskipað. Þessvegna mæltist jeg til þess í síðastliðnum október við stjórn Landsbankans, að hún semdi frv. um þetta. Hefir Landsbankastjórnin orðið við þeim tilmælum og borið málið undir stjórn Íslandsbanka og notið aðstoðar hennar við samninguna. Þegar Landsbanka stjórnin fór að athuga málið, fann hún ástæðu til þess að athuga öll lög Landsbankans í heild sinni. Samdi hún því alveg nýtt frv. um alt skipulag bankans. Í þessu frv. er farið fram á gagngerða breyting á lögum bankans í ýmsum atriðum, og verði frv. þetta samþ., verða það grundvallarlög bankans, sem koma þá í staðinn fyrir stofnlög hans frá 1885, með þar til heyrandi viðaukum. Skal jeg í stuttu máli gera grein fyrir aðalbreytingunum.

Í fyrsta lagi eru ákvæði um fyrirkomulag seðlaútgáfunnar, tryggingu þeirra o. s. frv.

Þar næst er hjer farið fram á að gera bankann að nokkurskonar hlutafjárbanka. Fyrst með því, að innskotsfje ríkissjóðs á síðustu 10 árum, kr. 100 þús. á ári, sem er því nú orðið 1 milj. kr., verði nokkurskonar stofnfje, og þar við bætist tillag ríkissjóðs næstu 10 ár, kr. 100 þús. á ári. Ennfremur er ákveðið, að auka megi hlutafje bankans um alt að 2 milj. króna. Þó bankinn, samkv. frv., verði hlutabanki, fá hluthafarnir engan íhlutunarrjett um stjórn bankans.

Önnur aðalbreytingin er um alveg nýtt stjórnarfyrirkomulag. Er gert ráð fyrir, að bankanum stjórni, auk hinnar eiginlegu bankastjórnar, fimm manna fulltrúaráð. Eru í 4. gr. frv. ítarlegar reglur um verksvið ráðsins. Fulltrúaráðinu er ætlað að hafa víðtækt eftirlit með allri starfsemi bankans, og skal það halda fund eigi sjaldnar en einu sinni á mánuði. Þriðja nýmælið, sem jeg tel mjög þarft, er um stofnun eftirlauna- og styrktarsjóðs fyrir starfsmenn bankans. (BK: Þetta eru gömul lög). Samkv. 24. gr. frv. skilst mjer samt vera allmikil breyting frá gömlu lögunum. Fjórða ákvæðið er, að Landsbankinn kaupi gullforða Íslandsbanka, sem nú nemur 2¼ milj. króna.

Finst mjer sjálfsagt að fresta umr. um þetta mál og vísa því aftur til fjhn. til nánari athugunar.

Forseti (HSteins): Mál þetta er flutt fyrir hæstv. stjórn af hv. fjhn. Mun hv. fjhn. ekki hafa vendilega athugað frv., og nál. liggur ekki fyrir. Geri jeg því að tillögu minni, að málinu verði vísað aftur til fjhn.

Frv. vísað til 2. umr. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., mánudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 173, n. 331, 350 og 352).

Frsm. 1. hl. (Ingvar Pálmason): Frá

fyrsta hluta fjhn. er framsaga í þessu máli óþörf. Fyrst og fremst af því, að hv. 5. landsk. (JJ), sem hafði framsögu í næsta máli á undan, um seðlaútgáfurjett ríkisins, hefir tekið þetta mál til meðferðar um leið. Vil jeg ekki þreyta hv. deild á endurtekningum á hans ræðu. En jeg vil benda á það, að þó að við tveir nefndarmenn teljum miklar líkur til, að málið verði ekki útrætt á þessu þingi, álítum við það brýna þörf, að málið komi fyrir báðar deildir. Það hefir ekki svo litið að segja, að hæstv. stjórn gefist tækifæri til að athuga þessi mál sem best, og að hún hafi fyrir sjer allar upplýsingar, sem fram koma í þinginu, svo hún geti tekið endanlega ákvörðun um málið og lagt fyrir næsta þing. Jeg tel það galla, að ekki er tími til fyrir hv. þm. að taka málið til rækilegrar athugunar og skýra afstöðu og stefnu sína í málinu. Jeg hefði talið það mikinn styrk fyrir stjórnina, ekki síst, þegar komið hefir til tals að leggja málið undir úrskurð útlendra fjármálamanna. Skildist mjer þannig á hv. 2. þm. G.-K. (BK), að stjórnin ætti að byggja á þeim úrskurði frv. það, sem hún legði fyrir næsta þing. Jeg er ekki bankafróður maður, og jeg veit, að með þessu lagi mætti fá miklu meira bankavit en frá mjer og mínum líkum. En þar sem þingið á að hafa síðasta orðið, og gert er ráð fyrir, að umsögn þess verði þyngst á metunum og ráði úrslitum, tel jeg illa farið, að hv. þm. hafi ekki átt kost á að láta uppi álit sitt einmitt á þessu þingi, þó að tíminn til næsta þings yrði svo notaður til frekari undirbúnings á málinu.

Að öðru leyti hefi jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, þar sem hv. 5. landsk. (JJ) hefir gert grein fyrir afstöðu okkar að mestu leyti; en það, sem jeg hefi tekið fram, er einnig eitt aðalatriðið, sem gerir það að verkum, að við höfum ekki getað orðið hinum öðrum hlutum nefndarinnar samferða um þetta mál, að vísa því umræðulaust til stjórnarinnar.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 352, frá 3 hl. fjhn., samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, SE, BK, EP, HSteins.

nei: IP, JJ, SJ, EÁ, GÓ.

5. Niðurfall nokkurra embætta.

Á 32. fundi í Ed., laugardaginn 29. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um niðurfall nokkurra embætta (þmfrv., A. 248).

Á 34. fundi í Ed., mánudaginn 31. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Ed., þriðjudaginn 1. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg hafði altaf hugsað mjer að bera fram frv. í sömu átt og þetta, en af því að jeg gerði mjer lengi vonir um, að sjerstök sparnaðarnefnd yrði skipuð í þessari háttv. deild, hefir það dregist hingað til. Jeg álít þó rjett, að frv. komi fram, til að

gefa þm. færi á að sýna sparnaðarvilja sinn.

Jeg skal þá fyrst snúa mjer að aðstoðarlækninum á Ísafirði. Í fyrra urðu hjer í þessari hv. deild töluverðar umr. um það, hversu mikið fje ætti að veita lækni þessum, sem laun á fjárlögunum fyrir yfirstandandi ár. Þá var því haldið fram, bæði af mjer og öðrum, að óþarfi væri að launa þennan lækni, en eina ástæðan til þess, að meirihl. háttv. deildar áleit ekki fært að fella niður launin á fjárlögunum, var sú, að þetta embætti væri bygt á launalögum frá 1907 og bæri að telja þau enn í gildi hvað það snerti.

En nú er svo komið, að laun aðstoðarlæknis þessa eru miklum mun hærri en samkv. l. frá 1907. Þar eru þau ákveðin 800 kr., en í fyrra komust þau á þriðja þúsund. Þá kom að vísu til mála, að hann fengi þessar 800 kr. að viðbættri dýrtíðaruppbót, en þó fór svo, að hann fjekk mun meira, — og enda þótt hv. fjvn. Nd. hafi nú í till. sínum lækkað laun hans talsvert, þá fær hann samt, samkv. þeim till., mun meira en hann á heimtingu á samkv. lögunum frá 1907.

Þegar embætti þetta var stofnað árið 1907, var á Ísafirði læknir, sem talsvert var roskinn orðinn, og þá voru auk þess mjög fáir læknar við Djúpið, svo að talsvert var um ferðalög fyrir hjeraðslækninn á Ísafirði. Nú er hjeraðslæknir þar ungur maður og mjög duglegur læknir að allra dómi, og auk þess er kona hans líka útlærður læknir. Þar að auki eru nú svo margir hjeraðslæknar komnir í kingum Djúpið, að læknirinn á Ísafirði telur jafnvel að fækka mætti þeim eitthvað, en það kemur ekki þessu máli beint við.

Aðstoðarlæknirinn, sem hjer um ræðir, mun hafa mjög lítið að gera, og þar að auki hefir hann orðið sekur um að hafa selt vín í stórum stíl, sem eitt út af fyrir sig hefði átt að nægja til þess, að honum hefði verið vikið úr embætti þessu. Mun dómur fyrir því, að hann hafi gefið út lyfseðla fyrir mörgum tunnum af áfengi að nauðsynjalausu. Jeg hefi borið þetta mál undir landlækni, og enda þótt jeg hafi ekki beinlínis leyfi til þess að hafa neitt eftir honum hjer í dag, þá játaði hann þó, að frá heilbrigðilegu sjónarmiði væri engin ástæða til að halda þessu embætti við. Þetta ættu að vera nægar ástæður til þess að fella þetta embætti niður, eins og fjárhag landsins er nú varið.

Þá er í launalögunum frá 1919 gert ráð fyrir því, að bæði vegamálastjóri og vitamálastjóri hafi verkfróða menn sjer til aðstoðar.

Nú verður ekki lagður einn metri af nýjum vegum í nánustu framtíð, og þó eitthvað kunni að verða af aðgerðum, þá ætti vegamálastjóra ekki að verða skotaskuld úr því að stýra því verki með aðstoð verkstjóranna. Fyrir nokkrum árum, þegar núverandi hæstv. fjrh. (JÞ) var verkfræðingur landsins, þá hafði hann engan verkfróðan, fastan aðstoðarmann, þó að framkvæmdir væru meiri í hans tíð en nokkurn tíma endranær, svo að ekki mun það vera í hans óþökk, að þessi till. er hjer fram komin.

Sama er að segja um vitamálastjóra, þó að jeg heyri sagt, að hann leggi mikla áherslu á að fá að halda aðstoðarmanni sínum, enda þótt engar nýbyggingar verði, að því er vita snertir fremur en vegi. Jeg hefi áður lýst þeirri skoðun minni, að jeg tel það ekkert fullnaðar-

svar, þó að slíkir forstöðumenn stofnana, t. d. sem vitamálastjóri, telji sig ekki mega missa aðstoðarmenn sína. Þó vil jeg skjóta því til hæstv. stjórnar, að nú mun vera í þjónustu landsins verkfræðingur, sem lítið hefir að gera. Jeg á við þann mann, sem sjer um námugröftinn í silfurbergsnámunni við Reyðarfjörð. Þótt það starf sje nauðsynlegt og krefjist verkfróðs manns, þá er þess að gæta, að náman er ekki starfrækt nema litinn hluta ársins, og þó að hann kunni að hafa eitthvað að gera hjer í Reykjavík að vetrinum við að kljúfa silfurbergið, þá hygg jeg, að hann gæti jafnframt verið vitamálastjóra til aðstoðar, a. m. k. að einhverju leyti.

Þá kem jeg að skógræktarstjóranum. Því er ekki að leyna, að mikil óánægja hefir verið meðal þeirra manna, sem annars hafa trú á skógrækt hjer á landi, yfir því, að núverandi skógræktarstjóri hafi aldrei náð slíkum tökum á þessu verki sínu sem skyldi. Það skal játað, að maður þessi hefir lengi gegnt þessu embætti og er nokkuð duglegur maður, þó að hann hafi ekki þótt heppilegur forstjóri á þessu sviði. Og þar sem nú er talað um að spara sem allra mest fje landsins, þá hygg jeg, að tæplega gæti orkað tvímælis að leggja þetta embætti niður, en fela Búnaðarfjelaginu forstöðu skógræktarmálanna. Mun enginn mega ætla, að þeim verði þar ver borgið, þar sem kunugt er, að búnaðarmálastjóri er alveg sjerstaklega vel að sjer í öllu, er að skógrækt lýtur, og hefir hepnast betur skógrækt en nokkrum öðrum á síðustu öldum hjer á landi, svo sem þeir geta borið um, sem sjeð hafa gróðrarstöðina á Akureyri.

Eina mótbáran gegn þessari till., sem skiljanleg væri, kynni að vera sú, að óviðkunanlegt væri að skilja þannig við núverandi skógræktarstjóra. En með því að maður þessi hefir lengi gegnt embætti því, sem hjer um ræðir, og er þar að auki erlendur maður, þá teldi jeg sanngjarnast, að hann hjeldi hluta af launum sínum áfram, svo að hann mætti vel við una. Sparnaður gæti samt orðið að ráðstöfun þessari. Og jeg þykist vita, að málefninu, íslenskri skógrækt, væri hagur í því að fá innlendan forstjóra, sem í fyrsta lagi mun engu síður hæfur til að gegna stöðunni en sá, sem nú er, og hefir þar að auki betri skilyrði til að komast í samband við skógaeigendur og vinna með þeim.

Jeg geri svo ráð fyrir, að frv. þessu verði vísað til allshn., að lokinni umr.

Forsætisráðherra (JM): Jeg stend ekki upp til þess að mótmæla frv. þessu, enda heyrir ekki önnur en fyrsta breytingin beinlínis undir mitt starfssvið. Jeg er ekki viss um, að sú breyting sje í sjálfu sjer nauðsynleg, því að jeg þykist viss um, að lögunum frá 1907 yrði aldrei beitt svo, að skipaður yrði nýr aðstoðarlæknir á Ísafirði, þó að sá, sem nú er, fjelli frá. Og eins og hv. þm. vita, þá er nú enginn slíkur læknir á Akureyri, þó að svo sje ráð fyrir gert í sömu lögum ennþá, en jeg get ekki skilið, að nokkur stjórn beitti þeim að þessu leyti, með því að þörf slíkra aðstoðarlækna er ekki lengur fyrir hendi, eins og háttv. flm. (JJ) tók fram. Jeg get samt ekkert haft á móti því að fella þetta lagaákvæði úr gildi.

En jeg held, að frv. nái ekki þeim aðaltilgangi, sem hv. flm. (JJ) virðist hafa fyrir augum, því að rjettur núverandi aðstoðarlæknis, sem fengið hefir veitingu samkv. l. frá 1907, til launa sam-

kv. þeim lögum fellur ekki niður, þó að frv. þetta nái samþykki. En jeg skal ekkert um það segja, hvort fella megi niður embætti aðstoðarmanna vega- og vitamálastjóra. En hvað aðstoðarmann vegamálastjóra snertir, get jeg ekki látið þess ógetið, að þessi till. kemur illa heim við ákvæði laga, sem þessi háttv. deild hefir nýlega samþykt, vegalaganna. Þar stendur sem sje berum orðum, að næst atvrh. hafi vegamálastjóri yfirstjórn allra vegamála, og s k u l i fá honum aðstoðar m e n n eftir þörfum. Eftir þeim lögum, ef þau verða samþykt eins og þessi hv. deild hefir skilið við frv., á vegamálastjóri ekki einungis að hafa 1 aðstoðarmann, heldur jafnvel fleiri fasta aðstoðarmenn, eftir ordalagiau. Tel jeg óheppilegt, að í sömu andránni skuli í einum lögum vera sett þau ákvæði, sem feld eru úr gildi í öðrum. Verð jeg að skoða það fljótráðið af hv. deild að samþ. þetta ákvæði vegalagafrv.

Að öðru leyti mæli jeg með því, að frv. þetta gangi áfram til nefndar, og mun fúslega vilja ræða það við þá nefnd, sem fær það til meðferðar.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg er þakklátur hæstv. forsrh. (JM) fyrir að hann hefir bent á þann ágalla, sem virðist vera á vegalagafrv., eins og þessi deild skildi við það, í þessu efni. Það var gott, að tilefni gafst til að athuga þetta í tíma, því að vegalagafrv. er nú í nefnd í hv. Nd., og er þar hægt að gera þær breytingar á því, sem með þarf. Því að vitaskuld er það hlægilegt að lögbjóða, að vegamálastjóri skuli hafa einn eða fleiri aðstoðarmenn. Það er fullnóg að taka það fram í lögunum, að atvinnumálaráðaneytið og svo vegamálastjóri skuli hafa höfuðstjórn vegamálanna á hendi.

Að því er snertir aðstoðarlæknirnn á Ísafirði, þá fæ jeg ekki skilið, að það skifti engu máli, hvort embættið er lagt niður eða ekki; því að um leið og embætti þetta er lagt niður, þá á sá, sem gegnir því, engan rjett til launa. Vil jeg í því sambandi minna á það, að þegar landritaraembættið var lagt niður forðum, fjekk sá, sem hafði gegnt því, ekki lengur greidd embættislaun, heldur aðeins biðlaun og síðar eftirlaun.

Í fyrra virtist líka meirihl. þessarar hv. deildar því meðmæltur að fella niður laun umræddS læknis á fjárlögunum, en þetta strandaði á því, að það var ekki talið fært, vegna þess, að lögin frá 1907 voru álitin gilda enn þá. Mega því allir sjá, að máli skiftir, hvort þetta ákvæði þeirra er felt úr gildi eða ekki. Hvaða rjett læknirinn kynni að eiga til biðlauna, ef embættið er lagt niður, skal jeg láta ósagt um, en hafi hann þann rjett, þá verður að sætta sig við það.

Einar Árnason: Það var aðeins stutt athugasemd út af því, að minst var á ákvæði nýja vegalagafrv. um það, að vegamálastjóra væri fenginn fastur aðstoðarmaður. Ákvæði þetta er ekki nýtt. Samgmn. hnaut um þetta í frv., en þegar hún sá, að ákvæðið var gamalt, þá ljet hún það standa, því að hún leit svo á, að í framkvæmdinni yrði það þannig, að vegamálastjóri hefði því aðeins aðstoðarmann, að um svo mikil störf væri að ræða, að það þætti óhjákvæmilegt.

Forsætisráðherra (JM): Það gætir nokkurs misskilnings hjá hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) í þessu efni. Það væri rjett,

ef aðeins væri um aðstoðarmenn að ræða. En það er í frv. talað um fastan aðstoðarmann, og getur einnig verið um aðra aðstoðarmenn að tala. Ef þingið skipaði svo fyrir, að eigi skyldi fá vegamálastjóra aðstoðarmann um tíma, þá væri sjálfsagt hægt að framkvæma það. En jeg tel það óheppilegt, að þetta ákvæði skuli standa í lögunum, en það hefir líklegast verið í þeim síðan þau fyrst voru samin. Mig minnir, að núverandi vegamálastjóri hafi áður verið aðstoðarmaður hjá þeim fyrverandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 248, n. 348 og 379).

Frsm. meirihl. (Eggert Pálsson): Allir vita, að nefndin hefir klofnað um málið. En það er þó ekki skýr klofningur, því meirihl. viðurkennir í nál. sínu, að í till. minnihl. felist atriði, sem sjeu fylstu rannsóknar verð. Er því ekki hægt að segja, að meirihl. sje beint og bert á móti till. frv. En meirihl. leit svo á, að undir þessum kringumstæðum sje ekki rjett að flana að neinu í þessu efni. Svo sem kunnugt er, hefir verið farið fram á við hæstv. stjórn með þingsályktun, að hún skipaði nefnd til að athuga slík spursmál sem frv. þetta ræðir um. Virðist því meirihl. ekki viðeigandi að grípa fram fyrir hendur væntanlegrar nefndar og hrapa að breytingum á embættarekstri landsins. Hv. minnihl. talar um mjög hættulega stefnu hjá meirihl. Sú stefna er ekki annað en það, að meirihl. vill ekki hlaupa að því að samþykkja frv. Mig minnir, að hv. flm. og frsm. minnihl. gæti þess við 1. umr., að hann hefði á einum 5 mínútum hripað upp frv. Þó nú að maðurinn kunni að vera skarpur, get jeg vart skilið, að hann hafi getað hugsað vel hvert einstakt atriði frv. á þessum 5 mínútum. Jeg verð að telja það rjettari stefnu, þegar gera skal verulegar breytingar, að verja nokkrum tíma til athugunar.

Hv. minnihl. hefir sínu máli til stuðnings látið prenta brjef það, sem vitamálastjóri skrifaði atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, og hann einnig las á fundi nefndarinnar. Jeg get ekki fundið, að brjef þetta styðji málstað hv. flm., nema síður sje.

Jeg er ekki að halda neinum vernarskildi yfir þessum embættum nje öðrum, en vil, að málið sje nánar rannsakað en hægt er fyrir þetta þing að gera. Og það því fremur sem þessi hv. deild hefir samþykt áskorun til hæstv. stjórnar um að skipa nefnd til að athuga svona löguð mál. Sú áskorun hefði verið frá þingsins hálfu alveg meiningarlaus, ef við hefðum jafnframt treyst okkur að ráða fram úr þessum málum á örstuttum tíma. Jeg verð að mótmæla því — án þess að ganga inn á einstök atriði — að stefna eða skoðun meirihl. sje hættuleg, en halda fram, að skynsamlegasta stefnan sje að hrapa ekki að neinu vanhugsað, sem reynslan gæti fljótlega leitt í ljós, að hafi verið glapræði.

Hv. minnihl. kvað öll hin áminstu embætti með öllu óþörf. Meirihl. treystist ekki til að kveða upp hiklaust þann dóm um þau öll. Hann er þess fullviss,

að aðstoðarlæknisembættið á Ísafirði verður ekki veitt neinum manni á ný; þess vegna er till. um niðurlagning þess ekki með neinu tilliti til framtíðarinnar. Því þó embættið yrði lagt niður, eru engar líkur til, að þingið kipti að sjer hendinni gagnvart þessum manni, frekar en það hefir hingað til gert. Verður því alls ekki neitað, að þarna er meirihl. rökrjettur, hvað svo sem hv. minnihl. kann að færa á móti.

Frsm. minnihl. (Jónas Jónsson): Hv. frsm. meirihl. (EP) hefir haldið því fram, að óhugsandi væri að leggja niður þau embætti, sem frv. gerir ráð fyrir, án sjerstakrar rannsóknar.

Nú hefir mjer verið sagt, að hann hafi í haust á þingmálafundum heima í hjeraði sínu nefnt ýms embætti, sem hann vildi ákaft láta leggja niður, t. d. gríska dósentinn og prófessorinn í hagnýtri sálarfræði. Jeg skal nú síst áfella hann fyrir að láta sjer um munn fara, að hann vildi afnema þessi embætti, því að þar er jeg samdóma honum, eins og jeg þykist hafa sýnt í verkinu, en það hefir hann aftur á móti ekki gert, heldur þvert á móti.

Það er sagt út í hött, að enda þótt stjórninni hafi verið leyft að skipa ólaunaða nefnd, sem rannsaka skuli embættaskipun landsins og gera tillögur um afnám miður þarfra embætta, þá megi ekki nú þegar leggja niður embætti, sem augljóst er, að vel má komast af án. Enda virðist þingið ekki líta svo á mál þetta. Nú hefir hv. Nd. t. d. samþykt að leggja niður sendiherraembættið í Kaupmannahöfn, og þessi hv. deild hefir fyrir sitt leyti samþykt að fækka starfsmönnum í hæstarjetti um þrjá. Jeg veit að vísu, að til eru þeir hv. þm., og aðrir, sem álíta þetta ekki rjett, en hv. þingdeildin hefir samt álitið sig gera rjett í þessum efnum. Þessi mótbára hv. meirihl. gegn frv. verður því að skoðast sem kurteislegur fyrirsláttur, til þess að geta veitt frv. „hægt og rólegt andlát", eins og rakararnir sögðu í brjefi sínu á dögunum um annað frv., sem hv. 1. þm. Rang. þótti miklu skifta um að drepa fyrir einn rakara hjer í bænum.

Jeg vil endurtaka stuttlega fáeinar röksemdir, sem mæla með því, að frv. verði samþykt.

Að því er snertir aðstoðarlækninn á Ísafirði, þá er það játað, af öllu kunnugu fólki, játað af landlækni, svo og af meirihl. allshn., að embætti þetta sje með öllu óþarft. En hv. meirihl. tekur það fram, að óþarfi sje að leggja embættið niður með lögum, því að ekki komi til mála, að skipað verði í það eftir daga þess manns, sem nú gegni því. Þarna er stefnumunurinn. Jeg álít, að eins og hv. frsm. meirihl. (EP) vill losa sig við kaupafólk sitt að haustinu, þegar hann þarfnast þess ekki lengur, þó að það væri óneitanlega betra fyrir fólkið að fá fult kaup yfir veturinn, eins eigi ríkissjóður að fara að. Þegar hann hefir óþarfa starfsmenn á fullum launum, þá á hann að losa sig við þá, þó að þessum starfsmönnum komi það ef til vill ver. Það eru litlar líkur til, að fjárhagur landsins verði bættur, ef þessi braut hv. meirihl. verður farin. Það er sama og landið verði t. d. að sitja uppi með sendiherrann, ef hann bara vildi vera kyr, en svo mun nú reyndar ekki vera í því tilfelli. Jeg veit, að háttv. frsm. (EP) er svo mikill búmaður, að hann sjer, að þessi skoðun hans er röng.

Það er líka sjerstakt atriði í sambandi við þennan aðstoðarlækni, sem jeg hefi reyndar áður drepið á, en vil enn undirstrika. Og það er, að hann hefir brotið embættistrúnað sinn með því að gefa út óhæfilega mikið af vínlyfseðlum. Það hefir verið rannsakað og er sannanlegt með hæstarjettardómi, að hann hefir á stuttum tíma gefið út slíka lyfseðla fyrir sem svarar 20 tunnum af hreinum spíritus. Getur hver maður sjeð, að slíkt er ekki sæmilegt framferði, þegar litið er til þess, að hann hefir jafnan haft lítið að gera sem læknir. Þegar Magnús Pjetursson kom í gegn heimildinni fyrir lækna, að útdeila vínföngum til lyfja, þá tók hann það fram, að læknar væru alment svo heiðarlegir menn, að þeir mundu ekki misnota þennan rjett sinn. Enginn dómur um þetta efni er til um aðra lækna en þennan aðstoðarlækni, og enginn læknir mun að öðru leyti hafa haft jafnlítið að gera. Þegar litið er til þessa, þá þarf hörku til að halda því fram, að maður þessi eigi að vera ríkissjóðslaunaður til æfiloka.

Þá kem jeg að aðstoðarmönnum vegamála- og vitamálastjóra. Báðir þessir embættismenn komu á fund nefndarinnar og ræddu við hana um aðstoðarmennina. Þeir játuðu báðir, að engar nýjar framkvæmdir ætti að gera á næstu árum, hvorki að því er vegagerð nje vitabyggingar snetir. En þeir báru aðallega fram tvær ástæður fyrir nauðsyninni fyrir sig að hafa aðstoðarmenn. Sú fyrri var, að ef þeir dæju skyndilega, þá væri óþægilegt; einkum að því er snerti vitamálin, að ekki væri til kunnugur maður, sem strax gæti tekið við stjórninni. Þessu hefi jeg leyft mjer að svara á þann veg, að þessi sama hætta ríkir á ýmsum öðrum sviðum. Ef að nauðsynlegt er fyrir þessa tvo embættismenn að hafa varamenn, ef dauðann bæri skyndilega að, þá er ekki síður þörf á því að hafa allsstaðar t. d. varalækna, og ekki hvað síst varapresta, því að engu er eins mikil nauðsyn föðurlegrar umönnunar embættismannsins eins og einmitt mannssálinni. Verður jafnvel að teljast óverjandi, eftir þessum kenningum að dæma, að prestar skuli vera að heiman við ýms önnur störf, t. d. þingstörf, dögum og jafnvel vikum saman, og skilja hjörðina eftir í reiðileysi á meðan. En, að þessu sleptu, þá eru báðir þessir embættismenn hinir hraustlegustu útlits og engar líkur fyrir því, að þeir eigi skamt ólifað, sem betur fer.

Þá sögðust þeir geta látið aðstoðarmenn sína hafa ýmislegt að gera, þó að engar nýbyggingar yrðu framkvæmdar. Vitamálastjóri sagðist t. d. geta látið sinn aðstoðarmann vinna á skrifstofu vitamálanna, þar væri nóg að gera. Það getur nú alls ekki verið ætlunin, að láta sjerfróðan verkfræðing vinna algeng skrifstofustörf, þó að hugsanlegt væri að spara við það ritvjelarstúlku. Slíkt nær ekki nokkurri átt. Vegamálastjóri kvaðst mundu láta sinn aðstm. vinna að skipulagi bæja og mælingu Sogsfossanna. Þeir vegamálastjóri og húsameistari eru báðir duglegir menn, sem kunnugt er, og ættu því að komast yfir að mæla bæina, ekki síst þar sem nú lítur út fyrir, að lítið eða ekkert fje verði veitt til þeirra framkvæmda. Hvað Sogsfossana snertir, þá á virkjun þeirra svo langt í land, að það er allsendis ótímabært að leggja meira fje að sinni í mælingu þeirra.

Hin örlitla rafmagnsveita Reykjavík-

urbæjar hefir kostað um hálfa fimtu miljón; og hvaða líkur eru þá fyrir því, að landið, eða Reykjavíkurbær, geti ráðist í að byggja út Sogið í náinni framtíð? Enda er reynsla fyrir því, að þó að slíkar rannsóknir fari fram, þá þarf altaf að framkvæma nýjar og nákvæmari rannsóknir áður en nokkurt verk er hafið, sem á að byggja á þeim. Tökum t. d. járnbrautina. Hversu oft er ekki búið að gera áætlanir um lagningu hennar? Nú síðast t. d. s. l. sumar. En halda menn samt, að byrjað verði á því verki án þess að það verði alt rannsakað á ný?

Nei, þessar ástæður beggja þessara embættismanna álít jeg að sje fyrirsláttur, vegna þess, að þeir vilja síður missa aðstoðarmenn sína og eru því að reyna að finna eitthvað upp handa þeim að gera.

Núverandi skógræktarstjóri hefir aldrei komist í einginlega gott samband við þjóðina og hinn mikli áhugi manna fyrir skógrækt hefir dofnað mjög í hans tíð, því miður. Ef að menn bera saman aldamótakvæði Hannesar Hafstein og álit manna og áhuga á skógrækt hjer á landi nú, þá er munurinn mikill, og munu ósigrar skógræktarstjóra hafa valdið þar mjög miklu um.

Jeg hefi þá leitt rök að því, að öll þessi embætti eru sannanlega óþörf, og að koma má störfum þessum fyrir á heppilegri hátt.

Viðvíkjandi því, að frv. sje ekki nógu vel og nákvæmlega hugsað, þá skal jeg geta þess, að enda þótt jeg hafi skrifað það á stuttum tíma, eins og gerist yfirleitt um þm., þegar þeir semja frv. sín, þá hefi jeg lengi hugsað um þessi atriði, og t. d. að því er skógræktarstjórann snertir, þá mun allur þorri landsmanna vera mjer sammála í því efni.

Þess vegna á hv. deild að láta frv. ganga fram, og sýna með því, að henni sje alvara að fella niður þau embætti, sem hún telur óþörf.

Frsm. meirihl. (Eggert Pálsson): Hv. frsm. minnihl. (JJ) byrjaði ræðu sína á því að núa mjer um nasir, að jeg hafi greitt atkv. á móti því að leggja niður griskudósentinn og prófessorinn í hagnýtri sálarfræði, þó að jeg hafi talað fyrir því austur í kjördæmi mínu s.l. haust. Þetta kom mjer ekki á óvart, því að hann hefir þegar látið blað sitt flytja þennan boðskap um land alt. En jeg veit, hvaða áhrif það hefir, þegar hv. þm. (JJ) talar um mig við Rangæinga. Þá talar hann fyrir lokuðum eyrum; þá trúir honum enginn.

Það er rjett, að jeg greiddi atkvæði á móti frv. h a n s um niðurlagning griskudósentsembættisins. En af hverju? Af því að það var í alla staði óframbærilegt.

Fyrst og fremst var það að efni bæði frv. og þál.

Það var efni frv. að leggja niður embættið, en aftur á móti efni þál. að færa mann þann, sem gegnir því, í kennaraembætti við mentaskólann.

Þá var þess að gæta, að þetta kennaraembætti, sem flytja átti dósentinn í, er ekki til, og hefði því um leið þurft að stofna það, en engar till. lágu fyrir frá hv. þm. (JJ) um það efni, sem ekki var von. Forsjálnin var ekki svo mikil.

Hjer við bætist, að annað frv. um niðurlagning embættisins lá fyrir hv. Nd., og er það vafalaust á móti þingsköpum, að tvö frv. um sama efni sjeu til meðferðar samtímis í báðum deild-

um þingsins, enda er hætt við, að slíkt leiði einungis til þess, að deildirnar sitji á frv. hvor fyrir annari. Þegar jeg því greiddi atkv. á móti frv., vissi jeg ekki, og þá vissi það enginn þm., að hv. Nd. sæti samt sem áður á frv. því, sem fyrir hana var lagt um sama mál, eins og raun hefir á orðið. Sú hv. deild verður að bera ábyrgð sinna gerða. Þar fáum við, þm. þessarar deildar, engu um þokað. Annars get jeg hugsað mjer, að hv. Nd. hafi lagst á frv. með fram vegna þess, að grískudósentinn, sem á sæti í deildinni, lagðist veikur um það leyti, er frv. fór til nefndar, og hefir starfsbræðrum hans í hv. Nd. þótt hart að vega þannig að honum í rúminu.

Frv. hv. 5. landsk. (JJ) um að fella niður prófessorsembættið í hagnýtri sálarfræði var sömuleiðis óframbærilegt af svipuðum ástæðum. Annað frv. sama efnis lá einnig fyrir hv. Nd. Þetta frv. hv. þm. (JJ) var einnig fjötrað við þál.-form, þar sem ákveðið var að flytja skyldi prófessorinn að landsbókasafninu.

Það þýðir því ekkert fyrir hv. 5. landsk. (JJ) að halda áfram að rægja mig við Rangæinga. Þeir þekkja mig frá gamalli tíð, en þeir þekkja hv. þm. (JJ) lítið — og að engu góðu — og munu því eiga bágt með að trúa honum, þegar jeg er annarsvegar.

Hv. minnihl. (JJ) sagði, að við værum í mótsögn við sjálfa okkur að vilja ekki samþ. þetta frv., þar sem við hefðum samþ. að fækka dómendum í hæstarjetti, án sjerstakrar rannsóknar.

Þess ber nú að gæta, að þá var ekki búið að samþ. till. um að skora á stjórnina að skipa sparnaðarnefnd. Er ekki ósennilegt, að ef að sú till. hefði verið búin að ná samþ., þegar frv. um breytingu á hæstarjettarl. var til umr. hjer í deildinni, þá hefði það frv. farið sömu leið og við nú leggjum til að þetta frv. gangi. Annars var það einmitt hv. 5. landsk. (JJ), sem átti frumkvæðið að skipun sparnaðarnefndarinnar, og má hann því sjálfum sjer um kenna, að þeirri nefnd verður falið eitthvað að gera.

Að því er snertir aðstoðarlækninn á Ísafirði, þá er jeg ekki kominn hjer til að halda neina varnarræðu fyrir hann. Jeg þekki manninn ekki neitt. En hitt vil jeg taka fram, að það er sýnt, að þingið vill halda verndarhendi yfir þessum manni og ekki kasta honum út á klakann. Ef þingið vildi ekki sýna honum neina vernd, þá myndi það ekki veita honum meiri laun en honum stranglega ber skv. lögunum frá 1907, sem sje 800 kr. með dýrtíðaruppbót, sem yrði þá samtals ekki meira en 1200 kr. En þingið vill veita honum meira, svo sem komið hefir í ljós, og þá má ganga að því vísu, að þó að embættið verði lagt niður, þá fær læknirinn eigi að síður laun sín á fjárlögum, og hvar verður þá sparnaðurinn?

Hv. minnihl. (JJ) sagði, að svo líti út sem við hjeldum, að ekki mætti leggja niður embætti meðan sá, er gegndi því, vildi sitja í því. Þessi ummæli eru nú vitanlega algerlega ástæðulaus, eða a. m. k. hefi hvorki jeg nje nál. okkar gefið hið minsta tilefni til þeirra. En hitt er rjett, að meirihl. vill láta athuga það nákvæmlega í hvert sinn, hvort rjett sje að leggja niður embætti, áður en hrapað er að því. Sá er munurinn á meiri- og minnihl. nefndarinnar.

Frv. þetta fer t. d. fram á að leggja

skilyrðislaust niður starf beggja aðstoðarmanna vega- og vitamálastjóra. Jeg get ekki sjeð, að skynsamlegt sje að hrapa að þessu, að lítt rannsökuðu máli. Jeg veit ekki nema til mála gæti komið, að hafður yrði einn aðstm. fyrir báða þessa embættismenn, svo að við mætti una. En ef að þeir verða báðir skornir niður, þá er þetta ekki hægt. Annars vildi hv. minnihl. (JJ) líkja þessum aðstoðarmönnum við varalækna eða varapresta. En allir sjá, hversu mikil fjarstæða slíkt er. Fyrst og fremst eru til t. d. varaprestar, þar sem eru nágrannaprestar, sem þjóna prestakallinu, þegar sóknarpresturinn hefir öðrum störfum að sinna eða fellur frá. En hvaða varavitamálastjóri er til? Enginn, nema aðstoðarmaðurinn. Ef að hann verður nú skorinn niður, þá gætu hæglega orðið stórvandræði, ef að vitamálastjóri fjelli frá. Það gæti verið stórvarhugavert að fela allsendis ókunnugum manni yfirstjórn vitamálanna. Það eru nú til 44 vitar á landinu, og ef að einhver vitavörður fjelli frá, er bráðnauðsynlegt að hafa mann til taks, sem kann að fara með vitana og gæti ráðstafað þeim. Annars gæti svo farið, að það sloknaði á vita, og allir skilja, hvílíkt tjón getur af því hlotist. Þetta er því mjög athugunarvert atriði í brjefi vitamálastjóra.

En þar sem hv. minnihl. (JJ) var að blanda prestsembættunum inn í umr., þá sýnir það einungis, hversu ókunnugur hann er íslensku kirkjunni og hennar málefnum.

Að því er það snertir, að núverandi skógræktarstjóri sje ekki heppilegur maður til að gegna þeirri stöðu, þá kannast jeg við að hafa heyrt raddir í þá átt. En jeg held, að þessar raddir sjeu nú orðið úreltar. Það mun rjett vera, að honum hafi ekki þótt hepnast skógræktin sem best fyrst í stað, en þetta hefir eðlilega lagast, eftir því sem maðurinn hefir betur kynst þjóðinni og öllum aðstæðum hjer á landi.

Jeg hefi í seinni tíð heyrt raddir, og þær fara vaxandi, sem álíta, að honum hafi hepnast starfið furðu vel, þegar litið er til þess, hvernig hefir verið í hendur hans búið, því að ekki hefir hann haft miklu fje úr að spila. Hvernig búnaðarmálastjóra myndi lánast forysta skógræktarinnar, er ekki gott að segja. Á það hefir ekki reynt, a. m. k. ekki hjer á Suðurlandi. En hitt ber ekki að dylja, að ekki orkar síður tvímælis, hvernig honum hefir farist sem búnaðarmálastjóra, heldur en hvernig stjórn skógræktarinnar hefir farið núverandi skógræktarstjóra úr hendi. Gæti því farið svo, að við skiftin ynnum við það eitt, að ganga úr öskunni í eldinn. En um þetta atriði þýðir ekki að deila.

Það er aðalatriðið í öllu þessu máli, hvort við þurfum á þessum mönnum, sem hjer ræðir um, að halda í framtíðinni. En því atriði hefir hv. minnihl. nefndarinnar algerlega gengið fram hjá.

Ef svo væri, að ekkert væri hægt að gera í náinni framtíð, eða enginn vildi láta gera neitt, þá væri náttúrlega mjög auðvelt að komast af án þessara manna, en mjer virðist það vera alveg gagnstætt því, sem hv. 5. landsk. hefir haldið fram í sínum „Komandi árum". Þar virðist því einmitt hafa verið haldið fram, að mikið ætti að gera í náinni framtíð. En sem sagt, ef ekkert ætti að gera, þá væri sjálfsagt að koma í framkvæmd einhverjum sparnaði á þessu svæði, t. d. færa saman þessi tvö aðstoðarmannaembætti. En ef það er meiningin, að eitthvað eigi að gera í framtíðinni, þá er spurs-

mál, hvort nokkuð er unnið við það að kasta þessum mönnum út á klakann nú, því þá þyrfti máske að flýja á þeirra náðir mjög bráðlega aftur, og vel má vera, að þeir yrðu þá dýrari og verra við þá að eiga, eftir að slíkri aðferð hefði verið beitt gagnvart þeim.

Jeg hefi svo ekki, að svo komnu máli, ástæðu til að fara frekar út í þetta mál, en vonast eftir því, að hv. deild verði okkur meirihl. nefndarinnar sammála og samþ. þá rökst. dagskrá, sem við berum hjer fram.

Sigurður Eggerz: Jeg skal taka það fram, að jeg hefi ekki neina trú á því, að það verði mikill árangur af því, þó þessu máli verði vísað til væntanlegrar sparnaðarnefndar, þó jeg muni greiða atkv. mitt með því, að það verði gert.

Það er mín sannfæring, að þeirri meginreglu verði að fylgja, ef spara á embættismannahald ríkisins, að stækka embættin, og einkum að fækka þeim, sem forstöðuna hafa á hendi. T. d. hefi jeg hugsað mjer, að vel mætti steypa saman vegamálastjóra- og vitamálastjóra-embættunum; ef það væri gert, þá væri auðvitað þörf á að hafa þessa aðstoðarmenn.

Samskonar stefna kom fram í samsteypufrumvörpum fyrverandi stjórnar, sbr. sýslumannafrv. Jeg sýndi þar fram á, að hinn mesti ósparnaður væri í því að hafa þau embætti eins lítil og þau eru, því með því þyrfti eins dýra krafta eins og sýslumennirnir eru til að vinna ýms störf, skýrslugerð o. fl., sem mætti fela hverjum meðalgreindum manni með góðri alþýðumentun. Ef embættin væru gerð stærri, þá þyrftu þeir aðeins að fást við hin þýðingarmeiri atriði embættanna. Verði þessu ekki fylgt, þá verður aldrei hægt að koma neinum slíkum sparnaði í framkvæmd.

Jeg vona, að jeg fái síðar tækifæri til að tala um afnám sendiherraembættisins í Kaupmannahöfn og fleira, sem minst hefir verið á hjer við þessar umr., en jeg vil aðeins geta þess, að eg er viss um, að þegar Framsóknarflokkurinn tekur við stjórn, þá mun hann hafa sendiherra í Kaupmannahöfn. Þetta segi jeg honum ekki til lasts, heldur þvert á móti.

Frsm. minnihl. (Jónas Jónsson): Jeg hefi ekki getað sannfærst af rökum hv. 1. þm. Rang. nú við þessar umr., frekar en við umr. um málið í nefndinni. En það er eitt atriði í nál. hv. meirihl. nefndarinnar, sem jeg vil leyfa mjer að benda á.

Í nál. meirihl. segir svo — með leyfi hæstv. forseta: „— — — En þótt nú væri með sjerstökum lögum samþykt að leggja þessa stöðu eða embætti niður, þá er ekki sýnilegt, að með því mundi nokkur eyrir sparast.“

Hvernig er hægt að skilja setningu eins og þessa? Það kemur greinilega fram í henni, hvað fyrir meirihl. vakir, sem sje það, að ekki sje hægt að leggja niður nokkurt embætti meðan maður sá, sem í því situr, vill gegna því. En það er augljóst, að ef þetta embætti yrði lagt niður, þá yrði að því nokkur sparnaður, þrátt fyrir það, þótt sá maður, sem því gegnir, yrði settur á biðlaun eða fengi einhvern hluta af launum sínum sem eftirlaun.

Eitt atriði, sem jeg mintist á, hefir augsýnilega komið prófastinum, hv. 1. þm. Rang., í ilt skap, og það er það, sem jeg sagði um afstöðu hans til nið-

urlagningar griskudósentsembættisins. Það er von, að það komi illa við þennan hv. þm., því það er vitanlegt, að ýmsir stuðningsmenn hans eru óánægðir með framkomu hans í því máli, og eru teknir að vantreysta honum sökum þess. Og þó það komi þessu máli ekki við, vil jeg leyfa mjer að minnast lítilsháttar á, hvernig því máli var farið. Í frv. því, sem eg bar fram um að leggja niður griskudósentinn, var farið fram á tvent. Fyrst og fremst að leggja embættið niður, og í öðru lagi, að griskudósentinn yrði fluttur að mentaskólanum. Hv. 1. þm. Rang. þóttist vera á móti frv. sökum þessa flutnings dósentsins milli embætta, en það var vitanlega aðeins kisuþvottur, því sá flutningur var fullkomlega löglegur. Lögfræðingar þeir, sem sæti eiga í þessari háttv. deild, fjellu alveg frá þeirri mótbáru gegn frv., er þeir tóku að hugsa málið, þó þessi misskilningur loði ennþá við hjá guðfræðingunum, sem eðlilega eru stundum miður en skyldi að sjer í „juridiskum“ fræðum.

Hv. 1. þm. Rang. mintist á það, að Rangæingar treystu honum vel, en mundu hinsvegar hafa litla trú á mjer. Í því sambandi vil jeg benda hv. þm. (EP) á það, að það gerir mjer minna til, þó Rangæingar hefðu ekki mikla trú á mjer, því jeg býst ekki við, að jeg muni bjóða mig fram þar. Rjett er samt að geta þess, að við landskjörið 1922 mun jeg í sumum hreppum þar hafa fengið um 98% greiddra atkv. En jeg vil benda hv. þm. (EP) á það, að stríðslukka hans þar eystra hefir verið hverful. Hann fjell t. d. 1919 við alþingiskosningar með gífurlegum atkvæðamun fyrir ungum og alveg óreyndum manni. Annars veit jeg ekki, hvað hv. þm. hefir fyrir sjer í því, að Rangæingar hafi litla trú á mjer. Jeg hefi ekki orðið var við neinar slíkar raddir þaðan. Ef hv. þm. á við ólæti þau, sem nokkrir ölvaðir stuðningsmenn hans gerðu á fundinum á Stórólfshvoli í sumar, þá vil jeg taka það fram, að þau ólæti gerðu mjer ekkert til. Þau voru verst fyrir þá, sem fyltu mennina, svo þeir urðu viti sínu fjær og hjeraðinu til vanvirðu.

Þá kom fram mikill misskilningur hjá hv. þm. viðvíkjandi þeirri breytingu að leggja niður skógræktarstjóraembættið og leggja starfið undir búnaðarmálastjóra. Sá misskilningur er í því fólginn, að hann hjelt því fram, að búnaðarmálastjóri væri ekki heppilegur til að sjá um skógræktina. En þessi misskilningur hv. þm. kemur eingöngu af ókunnugleik. Hefði hv. þm. ferðast eitthvað, og t. d. komið á Akureyri og sjeð gróðrarstöðina þar, sem er verk búnaðarmálastjóra, þá hefði hann vafalaust aldrei komið með slíka fjarstæðu sem þessa. Því gróðrarstöðin á Akureyri sýnir best, hve ágætlega þessi maður er til þess fallinn að annast um skógrækt. Og þótt sálargróðurinn í Hvolhreppnum, þeim andlega akri, sem hv. þm. (EP) hefir verið settur til að gæta, sje máske blómlegur, þá hygg jeg, að búnaðarmálastjóri stæði ekki höllum fæti í samanburði við hv. 1. þm. Rang.

Jeg er hv. 1. landsk. (SE) þakklátur fyrir, að hann sýndi fram á möguleika til að spara, með því að sameina vegamálastjóra- og vitamálastjóraembættin, og það sýndi, að hann telur það enga fjarstæðu að spara aðstoðarmennina, úr því hann vill spara annan forstjórann.

Í sambandi við það, sem hv. 1. þm. Rang. sagði um það, að vegamálastjóri

og vitamálastjóri þyrftu að hafa aðstoðarmenn, til þess að einhver væri til að taka við, ef þeir fjellu frá, þá vil jeg taka það fram, að það er einungis fyrirsláttur, vífilengjur og ekkert annað. Það eru til menn á báðum þessum sviðum, sem gætu tekið störf forstjóranna að sjer, ef þeir fötluðust frá. T. d. er verkfræðingur símans mjög vel kunnugur vitamálum, hefir unnið við þau í mörg ár, og mætti fá hann til að sjá um vitamálin. ef þess þyrfti með. Menn vita líka, að vitamálastjóri heimsækir ekki mikið vitana hjer á landi, því þeir „passa" sig sjálfir. Vitamálastjóri þarf alls ekki að hugsa um þá á hverju kvöldi eins og barn, sem þarf að svæfa. Það er því einungis „blöff" hjá vitamálastjóra, er hann heldur því fram í brjefi sínu til allshn., að hann verði að hafa aðstoðarmann til þess að taka við, ef hann fatlast frá. Það sýnir líka, hve þessi maður er ósvífinn, að hann skuli hóta að segja af sjer, ef hann missir aðstoðarmann, sem ekkert er með að gera. Það er raunar alveg það sama og embættismenn landsins gerðu árið 1919, þegar þeir knúðu launahækkun sína fram með ofsa. Annars er það mikið umhugsunarefni, hve ósvífnir embættismenn eru í svona málum; það þarf ekki annað en að lesa Alþingistíðindin frá 1919 til þess að sjá, hversu kurteisir þeir menn eru, þegar rætt er um að spara hjá þeim.

Eitt er, sem sýnir mjög greinilega, hve mikil óþarfaeyðsla á sjer stað, og það er, að landið hefir sjerstakan verkfræðing við Helgustaðanámuna. Sá maður er á fullum launum, en vinnur þó aðeins nokkra daga á ári fyrir austan. Jeg hefi áður bent á, að þessi maður gæti vel verið aðstoðarmaður hjá vegamálastjóra, og jeg vil beina þeirri ósk til hæstv. stjórnar, að hún taki það mál til athugunar.

Þó svo sje liðið á þingtímann, að ekki sje víst, að þetta frv. nái að komast í gegnum hv. Nd., þá álít jeg þó, að þessi hv. deild geri rjett í að samþ. það, því að það sýnir vilja deildarinnar og er áminning til stjórnarinnar um að taka samfærslur embætta til rækilegrar athugunar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer virtist hv. 5. landsk. fara nokkuð hörðum orðum um brjef vitamálastjóra. Jeg hefi lesið þetta brjef vitamálastjóra, og mjer finst ekkert ókurteist eða óviðeigandi vera í því. Mjer finst við verða að viðurkenna það, hvort sem við erum vitamálastjóra sammála eða ekki, að ekkert óviðeigandi er í því brjefi. Og þar eð vitamálastjóri segist ekki geta ábyrgst vitamálin án aðstoðarmanns, þá get jeg ekki, eða aðrir ókunnugir þeim málum, ábyrgst, að þau verði í lagi, ef vitamálastjóri er einn síns liðs. En það er mjög mikils um vert, að vitarnir sjeu í lagi. Skip reiða sig á þá, og ef þeir eru í ólagi, geta miljónir króna tapast sökum þess.

Þess verður og að gæta í þessu sambandi, að flestir okkar vitar eru sjálfvirkir (automatiskir), og þess vegna þarf fagmann til að líta eftir þeim, að minsta kosti einu sinni á ári. Það er skiljanlegt, að meiri varkárni og nákvæmni þarf við þá vita, sem aðeins er gætt að einu sinni á ári, en við hina, sem gætt er daglega. Þetta er ein af aðalástæðunum til þess, að það þarf að hafa aðstoðarmann með vitamálastjóra. En þegar þess er gætt, að þessir sjálfvirku vitar eru töluvert ódýrari í

rekstri en aðrir, þá verður ekki sagt, að óheppilegt sje að hafa þá, þó vitamálastjóri þurfi aðstoðarmann, aðallega vegna fyrirkomulags þeirra.

Jeg sje ekki, að vitamálastjóri hafi í brjefi sínu gengið nokkuð lengra en ástæða var til að hann gerði, þegar um það var að ræða að leggja niður embætti, sem hann telur ógerlegt að leggja niður. Hann tók fram, að ef hann fjelli frá sjálfur eða fatlaðist frá á einhvern hátt, þá þyrfti aðstoðarmaðurinn að vera til þess að taka við. Og það er skiljanlegt, að ef um aðeins einn mann væri að ræða, sem hefði vit á þessum málum, þá gætu hlotist vandræði af því, ef hann fatlaðist frá. Og það mun naumast forsvaranlegt, að hafa aðeins einn mann kunnugan þessum málum, þar sem svo mikið er í húfi.

Frsm. meirihl. (Eggert Pálsson): Það er alveg rjett, sem hv. 1. landsk. (SE) tók fram, að það er vel þess vert, að athugað væri, hvort eigi mætti sameina vegamálastjóraembættið og vitamálastjóraembættið. Sú uppástunga liggur að vísu ekki hjer fyrir til umræðu nú, en jeg skal taka það fram, að mjer hafði ekki dottið sú leið í hug. En jeg hafði hinsvegar hugsað mjer, að sameina mætti sjálf aðstoðarmannaembættin.

Hv. 5. landsk. (JJ) benti á, að sjerstakur verkfræðingur væri við Helgustaðanámuna, sem lítið hefði að gera. Þetta alt saman sýnir, að ekki er rjett að hrapa að þessu máli, heldur þarf að athuga það vandlega.

Hv. frsm. minnihl. (JJ) vjek að orðum meirihl. um aðstoðarlækninn á Ísafirði. Hann greip niður í nál. meirihl., og las upp eina setningu, sem hann sleit út úr samhengi, en slepti framhaldinu, sem skýrir þessa setningu og rökstyður hana. Jeg vil því, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp það sama og hv. frsm. minnihl. las upp, svo og framhaldið.

„— — — En þótt nú væri með sjerstökum lögum samþykt að leggja þessa stöðu eða embætti niður, þá er ekki sýnilegt, að með því mundi nokkur eyrir sparast."

Hv. þm. las ekki meira, því að hann vildi láta líta svo út sem þetta væri fjarstæða, og hann las ekki rök meirihl., til þess að þau sæjust ekki í þingtíðindunum, og vil jeg þessvegna lesa áframhaldið, með leyfi hæstv. forseta, og það hljóðar þannig:

„— — — Launin, sem samkv. 3. gr. laga nr. 34, 16. nóv. 1907, fylgja þessari stöðu, eru einar 800 kr. Og þótt svo væri litið á, að dýrtíðaruppbót skyldi reikna á þessa upphæð eins og hver önnur laun, þá væri hjer þó ekki að ræða um nema ca. 1200 kr.

Ef nú þingið teldi sig engar skyldur hafa gagnvart manni þeim, sem skipar þessa stöðu nú, og ljeti sjer á sama standa, hvað um hann yrði, þá mundi það fyrst og fremst ekki ætla honum í laun hærri upphæð en lög standa frekast til. En eins og fjárlagafrv. fyrir árið 1925, sem nýlega hefir verið samþ. í Nd., ber með sjer, eru manni þessum ætlaðar 1800 kr. í laun, eða með öðrum orðum hjer um bil þriðjungi hærri upphæð en hægt er að segja, að lög standi til. Og bendir þetta ótvírætt á það átt, að þingið ætli sjer ekki að varpa manni þeim, sem hjer á hlut að máli, algerlega út á gaddinn. Það virðist því mega líta svo á, að þó embætti þetta væri nú lagt niður með því að samþykkja framangreint frv., þá yrði þó maður sá, sem nú situr í þessari stöðu,

látinn njóta framvegis sama eða svipaðs styrks og honum er nú ætlaður í fjárlagafrumvarpinu. En þá yrði sparnaðurinn að niðurfalli embættisins alls enginn."

Þetta eru þau rök, sem við meirihl. nefndarinnar færum fram, og jeg skammast mín ekkert fyrir þá röksemdaleiðslu, hvorki fyrir kjósendum mínum nje öðrum.

Ef þingið hefði viljað losa sig við þennan mann, þá hefði það auðvitað lækkað laun hans, þannig, að hann hefði ekki fengið meira en lögin heimila. Það hefði átt að vera fyrsta sporið, og þegar það var búið, þá fyrst var ástæða til að ráðast á embættið, og fyr ekki. Nema það sje gert til að hefna sín á þeim manni, sem nú skipar þetta embætti. En það yrði raunar engin hefnd, þó embættið yrði lagt niður, því hann fengi laun jafnt eftir sem áður, að minsta kosti ef þingið yrði eins skipað og það er nú.

Þá mintist hv. frsm. minnihl. á skógræktarstjóra, og vildi gera lítið úr honum. Jeg skal taka það fram, að jeg hefi ekki orðið var við neina óánægju með hann nú í seinni tíð, heldur þvert á móti. Jeg man jeg heyrði ýmsa tala um það fyrst eftir að hann kom hingað, að hann mundi lítt til starfsins fallinn, talaði varla íslensku, og væri ekki nógu kunnugur staðháttum hjer til þess að geta haft slík störf á hendi. En nú finst víst flestum þessi maður hafa unnið störf sín með áhuga og dugnaði og fengið miklu til vegar komið, þrátt fyrir það, þó hann hafi ekki haft miklu fje yfir að ráða. T. d. er Vatnaskógur, sem nú er í miklum blóma, eingöngu hans verk. Og hann hefir haft hug á að friða Þórsmörk, en það hefir verið erfitt að koma því í framkvæmd, sökum þess, að það er á móti hagsmunum þess hjeraðs, sem hlut á að máli. En nú hafa hjeraðsbúar þó gefið það eftir fyrir sitt leyti, með því skilyrði, að hún yrði þá fullkomlega friðuð, og mjer virðist það benda til þess, að þeir hafi einmitt fult traust á skógræktarstjóra. Og það er ekki skógræktarstjóra að kenna, að ennþá er ekki búið að friða Þórsmörk, heldur er það eingöngu þinginu að kenna. Það hefir ekki lagt fram það fje, sem til þess þarf.

Jeg skal engan dóm á það leggja, hvort búnaðarmálastjóri er vel til þess fallinn að hafa skógræktarstörf með höndum. Honum tókst vel á Akureyri, en það sannar ekkert annað en það, að þar eru góð skilyrði til skógræktar, en þau eru, eins og kunnugt er, mjög misjöfn, og geta meira að segja verið mismunandi í sömu sveitinni. T. d. veit jeg, að svo er í Fljótshlíðinni. Þar er gott til skógræktar í innrihluta hlíðarinnar, en verra annarsstaðar. En það eru allir sammála um, að skilyrði til skógræktar sjeu mjög góð á Akureyri, en aftur á móti eru þau slæm hjer í grend við Reykjavík. Það hefir t. d. verið reynt að rækta skóg hjer inn við Rauðavatn, en það hefir ekki tekist, og það er ekki að neinu leyti útbúnaðinum að kenna, því hann er eða hefir verið allur í besta lagi. T. d. ágæt girðing sett í kringum ræktunarsvæðið. En jarðvegurinn er sennilega ómögulegur til skógræktar.

Þá mintist hv. frsm. minnihl. enn að nýju á gríska dósentinn, og hann sagði, að stuðningsmenn mínir eystra skildu ekki vel framkomu mína í því máli og væru óánægðir með hana. Það má vel vera, að eitthvað sje hæft í þessu, sök-

um þess, að þeir hafa enn ekki fengið aðra skýringu á því máli en þá, sem blað hv. 5. landsk. (JJ) hefir flutt. (**JJ**: Sú skýring er sú eina rjetta). Nei, það er einmitt sú skýring, sem jeg mótmæli.

Þá bar hv. þm. það á kjósendur mína, að þeir hefðu verið fullir á fundinum á Stórólfshvoli. Býst jeg við, að honum reynist erfitt að sanna þá ásökun. Skýt jeg því máli óhræddur undir dóm hæstv. forsrh. (JM) og hæstv. atvrh. (MG), sem báðir voru á fundinum. (**Forseti, HSteins**: Jeg óska þess, að hv. þm. fari ekki lengra út í þessa sálma.) Jeg tel mjer bæði skylt og heimilt að bera blak af kjósendum mínum, er þeir eru ranglega ákærðir. (**JJ**: Engum duldist, að sprútt höfðu þeir fengið.) Það hefir víst öllum dulist nema hv. þm. En það er ekki óhugsanlegt, að það skap, sem hann komst í á þeim fundi, hafi gert hann glámskygnan. Annars hefir hv. 5. landsk. um langt skeið lagt mig, eins og svo marga aðra menn, í einelti. Tel jeg mjer það síst til rýrðar. Meðal annara hluta hefir hann með fjálgleik talað um, að jeg hafi fallið við alþingiskosningar. Rjett er það, að jeg hafi fallið við næstsíðustu kosningar, en til þess lágu þær orsakir helstar, að mjer var þá ekkert fast í hendi að komast að. Hinsvegar veit þm. það, að í þetta sinn gekk jeg út úr kosningunum, eins og áður fyr, með fullum sigri. Og þó verður það ekki sagt, að hv. þm. hafi ekki gert sitt til þess að reyna að vinna mjer tjón. Allar hinar svæsnu árásir hans í „Tímanum" báru harla lítinn ávöxt fyrir hann. Orsakirnar til þess, hversu óhönduglega honum fórust þessar árásir, hafa máske meðfram legið í því, hve illa fór um hann á móhlaðanum í spítalakjallaranum á Stórólfshvoli, því þar mun uppkastið að greinum þessum flestum hafa til orðið. En þó hann haldi áfram að rita skammagreinir um mig og geti látið fara betur um sig í hægindastól uppi í Sambandshúsi, þá er ekki víst nema útkoman verði sú sama. Að minsta kosti get jeg látið mjer á sama standa. Það hefir oft komið fyrir mig á lífsleiðinni, þegar jeg hefi riðið fram hjá bæjum, að hundar, einn eða fleiri, hafa komið gjammandi og glefsandi. En mig hefir það ekki sakað, þótt þeir hafi glefsað í taglið á hesti mínum. Og þegar maður skiftir sjer ekkert af þeim, hætta þeir bráðlega eða gefast upp. Sömu aðferð hygg jeg að rjettast sje að beita gagnvart hv. 5. landsk. (JJ) eða blaði hans.

Frsm. minnihl. (Jónas Jónsson): Hv. 1. þm. Rang. hefir gefist upp við öll rök, og er það eitt af þeim fáu dæmum, sem jeg hefi sjeð um gáfnaneista í fari hans. Í stað þess hefir hann sagt ýmsa skrítilega hluti um það, hvernig hundar í Rangárvallasýslu haga sjer gagnvart gestum, og hversu hann fer að, þegar hann ætlar sjer að „dumpa" við kosningar. Úr því ekki er annað fyrir hendi, verður að athuga líka þessa hlið á máli hans. En áður en jeg kem að því, vil jeg víkja fáum orðum að vörn hæstv. atvrh. (MG) fyrir hinum óþörfu embættum.

Á næsta ári verða engir vitar bygðir og engin þörf á aðstoðarmanni. Þykir mjer það alldrýldin framkoma hjá vitamálastjóra að hafa í hótunum að hlaupast á braut frá starfa sínum, ef hann fái ekki þessum vilja sínum fram komið.

Sú var tíðin á stríðsárunum, að aðeins var einn maður við vitamálin, og

gekk vel. Voru þó bygðir margir vitar á þeim tíma. Nú á enga vita að byggja, heldur aðeins halda bygðum vitum við. Ef vitamálastjóri skyldi forfallast eða falla frá, vill svo vel til, að landið hefir í þjónustu sinni annan mann, sem er nákunnugur vitamálum vorum og tekið gæti við stjórn þeirra, a. m. k. til bráðabirgða. Hv. 2. þm. Rang. (EP) gleymdi líka að geta þess, að jeg hafði stungið upp á því í nefndinni, að hægt mundi, ef til vill, að nota til þessa aðstoðarstarfs silfurbergsverkfræðinginn. (**EP:** Hvernig átti meirihl. nefndarinnar að rannsaka það?) Tel jeg líklegt, að hv. stjórn hafi getað gefið fullnægjandi skýringu á því, ef til hennar hefði verið leitað. (**EP:** Er maðurinn hjer?) Já, hann er hjer, og mundi vafalaust rísa undir því, þótt störf hans væru dálítið aukin.

Ekki kemur mjer á óvart framkoma hv. 2. þm. Rang. í máli aðstoðarlæknisins á Ísafirði. Sýnir hún, sem margt annað hjá sama hv. þm., að hann er ekki djúphugull um ýmsa hluti; veður mest á yfirborðinu. Ekki hygg jeg þó, að hann haldi viljandi illu fram, heldur er honum það óafvitandi, en af innri, meðfæddri þörf. (**EP:** Þm. er altaf góðgjarn!) Já, maður lærir það af prestum og prófföstum. Þá hjelt hv. 2. þm. Rang. því fram, til stuðnings máli skógræktarstjóra, að girðingin við Rauðavatn sje í góðu lagi. Þetta var mjög óheppilegt dæmi, því að það er á allra vitorði, að girðing þessi er í mjög ljelegu ásigkomulagi. Veit jeg, að hv. atvrh. (MG) mundi fúslega lána hv. þm. (EP) einn af landssjóðsbílunum þangað uppeftir, ef þingmaðurinn vildi sjá girðinguna með eigin augum. (**Atvrh., MG:** Jeg hefi engan bíl!) Þá er hægt að hafa það eins og þegar konungurinn kom, að leigja bíla. — Annars vita það allir, að þessi girðing hefir legið niðri í mörg ár og geitur og stórgripir vaðið inn á hið girta svæði. Mundi hv. 2. þm. Rang. vera hollara að fullyrða minna og athuga betur sinn gang, áður en hann talar. Virðist þm. ganga nokkuð blindandi í gegnum lífið. Þetta dæmi, um girðinguna við Rauðavatn, bregður ljósi yfir dómgreind þessa þm. Þúsundir manna fara um veginn árlega. Allir sjá, að girðingin er í rústum, allir nema sá eini, sem þjáist og hefir alla æfi þjáðst af magnaðri sálarblindu.

Þá hjelt hv. þm. (EP) því fram, að hann hafi fallið við kosningarnar 1919 vegna þess, að hann hafi ekki viljað komast að. Duldist þó engum, að þm. sýndi a. m. k. alla ytri tilburði. Hann bauð sig fram, fór á alla fundi, sendi út smala, skreið inn í hvert kot, alveg eins og hann er vanur endranær, bað óvini sína griða og miskunnar. Þrátt fyrir alt þetta segist hann það ár hafa viljað falla. En skýring hans er einkar-góðgjarnleg gagnvart kjósendum hans. En kjósendurnir hafa sjeð inn í hug hans, sjeð valdalystarleysi hans, sjeð, að honum var best að falla. Og um það er jeg þeim alveg sammála.

Svo sagði hv. þm., að jeg legði sig í einelti. Hann ályktar af því, að jeg hefi nokkrum sinnum neyðst til að sýna fram á, hversu hann skortir greind og þekkingu. Einnig hefi jeg leitt rök að því, að hann er hvorki rökfimur nje stiltur. Jeg veit vel, að þetta hlýtur að vera á ýmsan hátt óþægilegt fyrir þingmanninn, en við það verður að sitja. Þá mintist þm. á, að hundar á bæjum

kæmu oft þjótandi í ferðamenn til að gera þeim óskunda, og talaði á þann hátt, að ekki varð betur sjeð en að hann væri að sneiða að sumum sveitungum sínum í sambandi við fundinn fræga á Stórólfshvoli. Að vísu var þar nokkuð af ölvuðum, ómentuðum ræflum, sem æstir höfðu verið upp. En hvort líking prófastsins á að takast bókstaflega, geta hlutaðeigandi sóknarbörn hans best borið um.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. 5. landsk. (JJ) hjelt því fram, að ekki væri þörf fyrir aðstoðarmann hjá vitamálastjóra, sökum þess, að engir nýir vitar verði bygðir. En hjer ber ekki aðeins að líta til næsta árs, heldur til allra næstu ára. Eru hjer 44 vitar, sem þarfnast árvakrar gæslu, viðhalds og endurbóta. Má búast við, að bráðlega verði nauðsyn að hefja framkvæmdir í vitabyggingum. Hv. 5. landsk. hreytti hnútum í vitamálastjóra vegna brjefs hans. Kvað hann það vera dæmi um dríldni embættismanna. Jeg tel það vera hreinskilni hjá vitamálastjóra að segja, að hann muni segja af sjer, ef hann fái ekki nægja aðstoð við starf sitt.

Jeg skal ekki fara langt út í viðskifti þeirra hv. 5. landsk. (JJ) og hv. 1. þm. Rang. (EP). En jeg var á Stórólfshvolsfundinum, og skal lýsa yfir því, að jeg sá þar ekki öl á nokkrum manni.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 348, frá meirihl. allshn., samþ. með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, JJós, JóhJóh, JM, SE, BK, EP, HSteins.

nei: IP, JJ, SJ, EÁ, GÓ.

Einn þm. (HSn) fjarstaddur.

6. Kosningar til Alþingis.

Á 7. fundi í Nd., laugardaginn 23. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis (þmfrv., A. 39).

Á 8. og 9. fundi í Nd., dagana 26. og 27. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., föstudaginn 29. febr., var frv. enn tekið til 1. u m r.

Flm. (Halldór Stefánsson): Frv. þetta til breytingar á núgildandi kosningalögum, sem við þm. N.-M. berum fram, berum við fram að óskum margra kjósenda okkar, og falla þær saman við eigið álit okkar.

Það er alment talið svo, að með almenna kosningarrjettinum beri kjósendur ábyrgðina á löggjöf og stjórnarfari. Jeg hefi ýmislegt að athuga við þá skoðun, þar á meðal það, að kjósendum er með gildandi lögum ekki gert hæfilega auðvelt að neyta þessa rjettar síns.

Breytingar þær, sem hjer er farið fram á, lúta allar og eingöngu að því að tryggja það og gera það auðveldara kjósendum að geta neytt kosningarrjettarins.

Efnisbreytingarnar eru þrjár: 1) Heimild til að skifta hreppum í kjördeildir. 2) Færsla kjördags frá hausti til vors. 3) Breyting á kjörgögnum og kjörseðlum. Aðrar breytingar eru aðeins orðabreytingar, sem leiða af þessum framantöldu.

Jeg skal nú víkja að hinum einstöku breytingum.

Tillagan um, að skifta megi hreppum í kjördeildir, styðst við það, að sum-

staðar eru staðhættir þannig, að torvelt er að sækja kjörfund á einum degi, vegna vegalengda og tálmana af vötnum. Fordæmi fyrir slíkri skiftingu í kjördeildir er í núgildandi kosningalögum um skifting kaupstaðanna í kjördeildir. Og það er gert í sama tilgangi: að tryggja og auðvelda kosningarjettinn, þó að aðrar ástæður liggi þar til skiftingarinnar.

Þá er um færslu kjördagsins. Fyrsti vetrardagur eru illa valinn kjördagur, einkum fyrir sveitirnar. Þá eru dagar stuttir, von allra veðra, og oftast ilt umferðir, einkum fyrir kvenfólk. Haustveðrátta er svo ótrygg og hættuleg, að mjög ótrygt er, vegna fjenaðarins, að allir liðtækir menn fari frá heimilunum. Eitt stórhríðarveður getur þá hrakið og lagt undir fönn fjölda fjár, aðeins fyrir það, að menn eru fjarstaddir heimilum sínum. Kjördagur seint á vori hefir ekki þessa ókosti. Þá eru dagar langir, engin hætta með fjenað, og torfærulaust um ferðir.

Loks er breytingin á kjörgögnum. Eins og nú er ákveðið eru önnur kjörgögn notuð við kjördæmakosningarnar heldur en við landskjörið. Af því leiðir óvissu kjósenda, og enda kjörstjórna — eins og dæmi þekkjast til frá síðustu kosningu — um það, hvaða kjörgögn eigi að nota, og hvernig. Stimpillinn og stimpilpúðinn eru áhöld, sem flestir kjósendur eru óvanir að nota, enda getur stimpillinn auðveldlega bilað, og þar sem enginn varastimpill er til, þá er ekki auðvelt úr að bæta. Af stimpilblekinu geta kjörseðlar auðveldlega klínst, annaðhvort fyrir óhöndugleik kjósanda, eða að óvöru, og það getur svo valdið ógildingu atkvæðisins. Blýantur er þar á móti áhald, sem allir þekkja og eru tiltölulega leiknir í að fara með. Af þessum ástæðum virðist rjett að samræma aðferðirnar við hlutbundna og óhlutbundna kosningu og velja þá, sem auðveldari er. Ef tekinn væri upp blýanturinn, þá virðist okkur að breyta þyrfti kjörseðlunum þannig, að stækka auða reitinn í borðanum úr ½ í 1 cm. í þvermál, því það er nokkuð hæpið fyrir t. d. skjálfhenta kjósendur að hitta á að gera greinilegan kross í reitinn eins og hann er nú.

Hjer er komið fram annað frv., þar sem aðalmarkmiðið er það sama: að gera kjósendum hæfilega auðvelt fyrir um kosningaathöfnina. Hefir því frv. verið vísað til nefndar, og vona jeg, að svo verði líka gert um þetta frv., og getur nefndin þá athugað hinar mismunandi tillögur. — Jeg fjölyrði svo ekki meira um málið, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og allshn., að lokinni þessari umr.

Hákon Kristófersson: Jeg ætla ekki að fjölyrða um þetta mál. Aðeins vil jeg benda á það í þessu sambandi, að mjer er ekki kunugt um, að nokkur almenn óánægja ríki vegna stimpilsins. Það er ekki frambærileg ástæða, að þeir, sem ekki geta notað stimpil, geti betur notað blýant. Blýanturinn var notaður fyrst, og þá munu ógild atkvæði hafa verið mun meiri en síðan var breytt til. Að seðlar sjeu taldir ógildir, ef sjest á þeim blekklessa, held jeg sje ekki rjett, svo framarlega sem það er sýnilegt, að um það þurfi ekki að efast, hvern viðkomandi vildi kosið hafa.

Jeg man ekki til, að jeg hafi heyrt neina óánægju yfir stimplinum, nema aðeins frá einum manni í Gullbringu- og Kjósarsýslu, er bauð sig þar fram,

fyrsta árið, sem þessi koningaaðferð var notuð, og virtist kenna stimplinum um það, að hann náði ekki kosningu. Um almenna óánægju mun alls ekki vera að tala.

Flm. (HStef) talaði um það, að það væri vandi að gera við stimpilinn, ef hann bilaði, en þá fer nú flest að verða örðugt, ef viðgerð á jafneinföldu áhaldi er nokkrum torveldleikum bundin.

Þá talaði hv. flm. um færslu kjördagsins, sem væri nú mjög óhentugur fyrir sveitirnar. Það kann að vera rjett, að svo sje sumstaðar háttað, að núverandi kjördagur sje óheppilegur, sjerstaklega fyrir Norður- og Austurland, og ef til vill fyrir sumar sveitir á Vesturlandi. En jeg hygg, að hvaða kjördagur sem ákveðinn yrði, þá mundi svo reynast, að hann yrði óheppilegur fyrir einhver hjeruð. Hvernig sem menn deila um þetta atriði, mun það verða flestra sanngjarnra manna álit, að núverandi kjördagur sje heppilegri fyrir sjómenn en að færa hann til sumarsins.

Frv. gerir ráð fyrir því að skifta hreppunum í kjördeildir. Þá ætti það að verða til þess að gera menn ánægðari með kjördag þann, sem nú er, ef það er aðallega, sem menn setja út á hann, að tíðarfars vegna sje erfiðara að sækja kjörfund um veturnætur, af því svo hagi til, að langt sje til kjörstaðar.

En annars er vandi að finna fyrirkomulag, sem ekki væru örðugleikar á og óánægja fylgdi. Á þetta vil jeg benda nefndinni, og vona jeg, að hún hugsi sig vel um áður en hún gangi inn á frv. Það mætti slá því fram, að kosið yrði á hverju heimili. — Annars er þetta sífelda hringl alls ekki til bóta. Að vísu var jeg með síðustu breytingu á lögunum, en reynslan hefir sýnt, að hún hefði betur verið ógerð, því eftir því sem heimakosningarnar hafa verið framkvæmdar við síðustu kosningar, þá má telja þær hafa orðið til stór-vanvirðu.

Flm. (Halldór Stefánsson): Jeg get látið athugasemdir hv. þm. Barð. (H K) hlutlausar að mestu leyti. Jeg vil aðeins drepa á eitt atriði. Hv. þm. sagði, að færsla kjördags gæti orðið til þess að gera sjómönnum erfitt fyrir. Það mun nú vera svo, að haustkjördagurinn hafi upphaflega verið ákveðinn með tilliti til sjómanna. En síðan hefir lögunum verið breytt, svo sjómenn geta kosið, hvar sem þeir eru staddir. Er því engin ástæða til að telja færslu kjördagsins varhugaverða þeirra vegna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 14. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 102, 128).

Frsm. (Jón Kjartansson): Allshn. hefir haft til meðferðar tvö frv. um breytingar á kosningalögunum; það er frv. á þskj. 26 og þskj. 39. Nefndin hefir ekki getað fallist á aðalbreytingar frv. á þskj. 26, sem sje þær, að lengja tímabilið, sem kosningar standa yfir, í 12 klst. í kaupstöðum og 3 sólarhringa til sveita. Myndi það hafa litla þýðingu, hvað kaupstaðina snertir, nema þá helst hjer í Reykjavík, og mun þó kosning standa oftast lengur yfir hjer en 12 klst. En að lengja tímann svo til sveita sem farið er fram á er nefndin sammála

um, að ekki sje heppilegt. Myndi það leiða til ruglings og truflunar við kosninguna, gefa kosningasmölunum mjög góðan tíma til athafna og verða þess valdandi, að flestir frestuðu aðeins kosningu sinni í 2 daga eða fram á síðustu stund, svo hagnaðurinn yrði enginn. Nefndin er því einróma sammála um að leggja til, að breytingar þessar verði ekki samþyktar, og er því ekki að vænta neins sjerstaks nál. um frv. á þskj. 26, þó nefndin hafi hinsvegar haft það til hliðsjónar við samning nál. á þskj. 102, um frv. á þskj. 39.

Þá kemur til athugunar frv. á þskj. 39, og eru það aðallega þrjár efnisbreytingar, sem frv. fer fram á, eins og drepið var á við 1. umr.

Nefndin er sammála um, að fyrsta efnisbreytingin sje heppileg, sú, að skifta megi hreppum í tvær kjördeildir, því víða er það erfiðleikum bundið að sækja kjörstað, eins og nú er. En nefndin hefir álitið það rjettara að leggja það í vald sýslunefnda, hvort skifta skuli hreppi í kjördeildir, heldur en að fela það hreppsnefndum, enda er það betur í samræmi við kosningalöggjöf kaupstaðanna, þar sem kjördeildaskifting er leyfð, en þar fara bæjarstjórnirnar með það vald. En frv. ætlast til, að hreppsnefndir fari með þetta vald.

Önnur efnisbreyting frv. er fólgin í því að flytja kjördaginn, sem nú er hinn fyrsti vetrardagur, til laugardagsins í 10. viku sumars.

Nefndin er ekki sammála um þetta atriði. En meirihl. álítur, að fyrsti vetrardagur sje óheppilega valinn kjördagur; þá er allra veðra von, og getur því farið svo, einkum til sveita, að fjöldi kjósenda geti ekki sótt kjörfund, enda víða langt á kjörstað og oft yfir slæmar torfærur að fara. Því telur meirihl. nefndarinnar heppilegra að velja annan dag, að sumrinu. En laugardagurinn í 10. viku sumars virðist ekki heppilega valinn. Hann getur fallið á tímabilið frá 23. til 29. júní, en það er óheppilegt, þar sem þá er aðal-vorkauptíð til sveita. Þessvegna hefir meirihl. valið laugardaginn í 11. v. sumars, sem fellur á tímabilið frá 30. júní til 6. júlí. Kann að vera álitamál, hvort ekki hefði mátt fara lengra, til laugardagsins í 12. viku sumars, en nefndin þorði ekki að fara svo langt, og jeg hefi átt tal við suma hv. þdm., sem voru henni sammála um það. Það má geta þess strax, í þessu sambandi, hvort ekki væri óheppilegt, að þessi brtt. næði fram að ganga, ef almennar kosningar og kosningar til landskjörs færu fram sama árið, en þær kosningar eru ákveðnar, eins og kunnugt er, 1. júlí. En okkur þótti ekki ástæða til að flytja brtt. um landskjörskosningarnar nú á þessu þingi, þó heppilegra væri, að ef svo fjelli, að hvorttveggja kosningin væri sama árið, að sami kjördagurinn væri þá fyrir báðar.

Þriðja efnisbreytingin, sem frv. fer fram á, er sú, að breytt sje algerlega um kjörgögn, að stimpillinn sje lagður niður, en í stað þess tekinn upp blýantur og með honum krossað eins og við landskjörið.

Nefndin er alveg sammála um, að ekki sje heppilegt að breyta þessu, þar sem menn eru nú farnir að venjast kjörgögnunum, og gæti því breytingin orsakað truflun og rugl hjá kjósendum. Og þó önnur gögn sjeu við landskjörið, þá er þess og að gæta, að þar er alt annað fyrirkomulag, listar og annað alt öðruvísi útlítandi en við almennar kosning-

ar. Nefndin leggur því eindregið með því, að breyting þessi verði feld, en stimplunum haldið. Hinsvegar verða kjörstjórnir að sjá um, að þessi gögn sjeu í góðu standi. Og nefndin leggur áherslu á það við hæstv. stjórn, að hún víti þær kjörstjórnir, þar sem misbrestur varð á þessu við síðustu kosningar.

Nokkrar fleiri breytingar eru það, sem nefndin leggur til, að verði samþyktar, og eru þær sumar bein afleiðing af þeim aðalefnisbreytingum, sem nefndar hafa verið. Svo er um það, að kjörskrárnar gildi frá 20. júní til 19. júní *næsta ár á eftir*. Nú gilda þær frá 1. júlí til 30. júní næsta ár á eftir, en væri það látið haldast, en kjördagurinn fluttur eins og nefndin leggur til, yrði það til þess, að ýmist yrði kosið eftir gömlum kjörskrám eða nýjum. Leiðir því þessi brtt. nefndarinnar beint af annari aðaltillögunni.

Meirihl. vill og gera breyting og viðauka á 36. gr. kosningalaganna, og er það í því fólgið, að nefndin vill koma samræmi á milli almennu kosningalaganna og ákvæða þeirra, sem gilda um alþingiskosningar í Reykjavík, um það, hvort merki eða einkenni á atkvæðaseðli geti gert hann ógildan. Eftir ákvæðum almennu kosningalaganna má ógilda hvern seðil, sem eitthvert merki er á, en eftir ákvæðum kosningalaga þeirra, sem gilda hjer í Reykjavík, má því aðeins gera seðilinn ógildan, að merkið sje viljandi gert, til þess að gera seðilinn þekkjanlegan, þ. e. „er ætla má, að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan“, eins og greinin orðar það. Lítur meirihl. svo á, að það sje nær anda kosningalaganna.

Þá vill meirihl. með viðbætinum við 36. gr. slá því föstu, að seðill verði ekki ógildur í tvímenningskjördæmi, þótt aðeins einn sje kosinn. Má vera, að þetta sje deilumál, og líta ýmsir svo á, að það sje heimilt samkv. kosningalögunum að kjósa aðeins einn, enda meirihl. nefndarinnar þeirrar skoðunar. Meirihl. fanst sem dregið væri úr rjetti kjósanda, ef hann væri skyldaður að kjósa tvo frambjóðendur. Getur vel staðið svo á, að einhverjir vilji aðeins kjósa einn af frambjóðendunum, og hefir því ekki um annað að velja, eins og nú er, en annaðhvort að gera seðil sinn ógildan eða kjósa einhvern þeirra, sem hann vill ekki eða telur víst, að komist ekki að, og gæti jafnvel leitt til, að maður með litlu fylgi yrði kosinn. En þar sem það hefir verið föst venja hjá kjörstjórnum að ógilda þá seðla, þar sem aðeins einn væri kosinn, er tvo átti að velja, vill nefndin taka af allan vafa með því að tilgreina þetta með berum orðum í lögunum. Annars má minna á, þessu til stuðnings, að Alþingi hefir, með því um árið að ógilda aðeins kosning annars þingmannsins hjer í Rvík, gefið úrskurð um það í rauninni, að seðlar sjeu ekki ógildir fyrir þetta atriði. Einnig liggur og sama til grundvallar, þar sem við landskjörið er ekki skylt að hafa á lista eða kjósa jafnmarga og kosning eiga að ná.

Ein brtt. nefndarinanr, sú við 38. gr. kosningalaganna, er aðeins smávægileg, að lágmark þess tíma, er kosning skuli standa yfir, sje lengt úr 3 upp í 5 klst.

Um aðrar brtt. nefndarinnar sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða. Aðeins vil jeg taka það fram aftur, að aðallega er um þrjár efnisbreytingar að ræða og leiðir hinar flestar af þeim.

Jeg heyrði, að hæstv. forseti skýrði frá, að nú hefði verið útbýtt hjer brtt.

um kosningarnar í tvímenningskjördæmunum; jeg hefi ekki sjeð hana enn, en þar sem jeg geri ráð fyrir, að hún sje þess efnis að fella ákvæði nefndarinnar, mun meirihl. að sjálfsögðu leggjast á móti henni; ræður hann til, að brtt. nál. verði allar samþyktar en aðrar brtt. feldar.

Jörundur Brynjólfsson: Eins og nál. á þskj. 102 ber með sjer hefir mig greint á við hv. meirihl. um tvö aðalatriði.

Fyrra atriðið lýtur að því, hvernig atkvæðaseðill eigi að líta út til þess að vera tekinn gildur. Eins og segir í nál. hefir meirihl. í því efni vikið að því orðalagi, sem er í kosningalögum Reykjavíkur, þ. e. lögum nr. 11, 18. maí 1920. Þar er svo að orði komist, að kjörseðill verði ógildur, ef kjósandi hefir sett kross við fleiri en eitt nafn, skrifað nafn sitt á seðilinn, sett á hann strik eða rispu eða önnur slík einkenni, er „geti gert seðilinn þekkjanlegan." En í 36. gr. almennu kosningalaganna er komist ákveðnar að orði um þetta, og þar sem greinin er mjög stutt, leyfi jeg mjer að lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta. Greinin hljóðar svo:

„Engin merki má á seðilinn gera önnur en að stimpla yfir auða reitinn, hvorki rispu nje blýantsstrik nje önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum. Finnist slíkt merki á seðli við atkvæðatalninguna á eftir, eða ef stimplað er út fyrir ytri brún svarta borðans, er slíkur seðill ógildur."

Eins og heyra má af þessu orðalagi, þá er ætlast til þess, samkv. kosningalögunum, að allir seðlar, sem bera einhver einkenni, umfram stimpilinn, sjeu gerðir ógildir. Fellur mjer vel, að svo skýrt sje tekinn allur vafi af því, hvernig gildur seðill eigi að líta út, og sje jeg síst ástæðu til að gerð sje breyting í þá átt, að seðill geti verið þannig úr garði gerður, að álitamál kunni að vera, hvort gildur skuli teljast eða ekki. Því altaf geta orðið skiftar skoðanir um, hvort það, sem umfram er stimpilfarið, sje gert til að gera seðilinn þekkjanlegan frá öðrum eða ekki. Og þeir, sem ekki geta greitt atkvæði eftir lögum þessum, verða að gjalda þess í því, að atkvæði þeirra verði gert ógilt. Jeg mæli því eindregið með því, að þetta ákvæði kosningalaganna fái að standa óbreytt.

Jeg vil svo stuttlega víkja að öðru atriðinu, sem jeg var ekki ásáttur hv. meirihl. um, þ. e. um gildi seðla í tvímennigskjördæmum. Hingað til hefir það verið föst regla, að þeir seðlar væru gerðir ógildir, sem aðeins einn væri kosinn á, þegar tvo átti að kjósa. Þessu vill hv. meirihl. allshn. breyta þannig, að kjósandi sje ekki skyldur til að kjósa nema einn. Þetta tel jeg mjög óheppilega tillögu. Fyrst og fremst er með því raskað algildri venju, því þótt kosningalögin segi ekki beinlínis, að tvo skuli kjósa, þá veit jeg ekki til, að kjörstjórnir nokkursstaðar á landinu hafi skilið þetta ákvæði nema á einn veg, þann, að sá seðill væri ógildur, þegar einn væri kosinn, en tvo ætti að velja, alveg eins og að sá seðill væri ógildur, þegar fleiri væru kosnir en tveir, ef kjósa ætti aðeins tvo. Getur því ekki leikið neinn vafi á í þessu efni, og mun jeg greiða brtt. á þskj. 128 atkvæði mitt, svo þetta sje skýrt hjer eftir.

Annars má benda á það, að ef þessi brtt. nefndarinnar yrði samþykt, þá gæti það haft þau áhrif, að maður með sára-litlu fylgi yrði kosinn, jafnvel sá, sem

einna minst fylgið hefir, því svo gæti á staðið í kjördæminu, að einn frambjóðandinn hefði þar yfirgnæfandi fylgi, en menn alment hirtu ekki um neinn hinna. Í stað þess ef að kjósendurnir vissu það, að seðill þeirra yrði gerður ógildur, ef þeir kysu aðeins einn, þá myndu þeir kjósa tvo, þá sem þeir teldu besta, og gæti þannig alt annar orðið fyrir kjöri en sá, sem kosinn yrði, ef seðlar þeir, sem einn væri aðeins kosinn á, yrðu teknir gildir.

Svo má og drepa á það, að þegar kjósendum er leyft að kjósa aðeins einn, en tvo á að kjósa, þá þýðir það atkvæði, sem frambjóðandinn fær einn, í raun og veru tvö atkvæði, því enginn hinna frambjóðendanna fær þá atkv. á móti. Er atkv. þannig í raun og veru tvígilt, og tel jeg það óheppilegt. Vera má, að sumir telji, að kjósendum eigi í þessu efni að vera jafnfrjálst að kjósa einn eins og þeir mega láta vera að kjósa nokkurn. En jeg lít öðruvísi á. Svo framarlega sem kjósandi vill velja sjer fulltrúa, á honum ekki að leyfast að gera það aðeins að hálfu leyti. Annaðhvort á hann að láta vera að kjósa, eða velja jafnmarga fulltrúa og eiga að vera fyrir kjördæmið.

Ennfremur virðist mjer raskað leynd kosninganna með þessu, því hægara er að vita um, hvernig menn hafa kosið, þegar aðeins einn er kosinn, og er þá brotin meginregla og tilgangur kosningalaganna.

Enn verð jeg að taka fram eitt atriði, þó jeg geri ekki mikið úr því, þá er það samt hugsanlegt, að aðeins einn yrði kosinn í tvímenningskjördæmi. Og væri slíkt ótækt, að lögin gerðu engar ráðstafanir til að hindra, að það gæti hent, heldur gæfu jafnvel tækifæri til þess, að svo mætti verða.

Auk þess, sem jeg hefi nú tekið fram, virðast mjer þessi atriði þess eðlis, að löggjafarvaldið ætti ekki að fara breyta gildandi ákvæðum. Þau eru orðin nokkuð gömul og hafa gefist allvel, en breytingarnar virðast fyrirfram bera það með sjer, að þær verði alls ekki til bóta, heldur þvert á móti.

Um aðrar brtt. skal jeg ekki fjölyrða. Jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara, sem var aðallega um þessi 2 atriði, sem jeg hefi nú minst á.

Árni Jónsson: Hv. allshn. hefir ekki getað orðið sammála um frv., sem sjá má af því, að 3 nefndarmenn af 5 hafa skrifað undir nál. með fyrirvara. Þó hygg jeg, að þessi ágreiningur sje ekki svo mjög um frv. sjálft sem um brtt. nefndarinnar. Mjer skilst, að meirihluti nefndarinnar sje meðmæltur aðalbreytingum frv. á gildandi kosningalögum, og get jeg verið nefndinni þakklátur fyrir það.

Frv. þetta er fyrst og fremst fram borið til þess að bæta úr því misrjetti, sem íbúar strjálbygðra og ógreiðra sveitahjeraða verða fyrir á móts við þá menn, sem í kaupstöðum búa, er kemur til kosningarrjettar. Aðalbreytingarnar, sem fram koma í frv. okkar flm., skifting hreppa í kjördeildir og færsla kjördags, hniga báðar í þessa átt.

Eins og nú standa sakir, má svo að orði kveða um suma hreppa, þar sem örðugast er yfirferðar, að íbúar þeirra hafi ekki nema ½ atkvæði til móts við þá kjósendur sama kjördæmis, sem búa í kauptúnum. Jeg þekki t. d. bæi, sem naumast verður farið til og frá kjör-

stað á minna en 4 dögum, um það leyti árs, sem kosning fer nú fram. Á Norður- og Austurlandi er oft komin mikil ófærð um þetta leyti, svo að ekki verður komið við hestum, en þó að þeim yrði við komið, er bændum mjög illa við að þurfa að nota þá, þegar svo er áliðið hausts, er hestarnir eru flestir þreyttir og þvældir eftir langar kaupstaðarferðir, og þyrfti þá helst að taka þá á gjöf. Menn fara því flestir gangandi á kjörstað. Nú vita menn, að mikill þorri bænda er einyrkjar, og eiga þeir mjög erfitt með að sækja kjörstað, þar sem langt er til hans, og um konurnar er auðvitað ekki að tala.

Með því að fjölga kjörstöðum, svo að ekki verði eins langt til að sækja, höfum við flm. hugsað okkur að bæta úr þessu, og þó engu síður með hinu, að færa kjörtímann til vorsins. Allir, sem ferðast hafa um þetta land, geta borið um muninn á því að vera á ferð að vorinu, þegar enginn er munur nætur og dags, vegir bestir og hestar í fullu fjöri, eða að haustinu, þegar oft verður ekki þverfótað fyrir ófærð.

Hv. allshn. hefir líka haft fullan skilning á þessu og gengið inn á þessar tillögur okkar flm. Hún hefir aðeins gert þá breytingu, að kjördagur sje fluttur í 11. viku sumars, í stað 10. viku, og í stað hreppsnefnda skuli það vera sýslunefndir, sem skifta hreppunum í kjördeildir, og höfum við að sjálfsögðu ekkert við það að athuga.

Þá hefir hv. nefnd einnig samræmt þessar breytingar öðrum ákvæðum kosningalaganna, að því er snertir tímann um gildi kjörskráa, og erum við henni þakklátir fyrir.

Ein er sú breyting í frv. okkar, sem háttv. nefnd hefir ekki getað fallist á, en það er 5. gr. frv., þar sem talað er um breytingu á kjörgögnunum. Eins og menn vita, hafa þótt töluverðar misfellur á notkun þessara kjörgagna, sem nú gilda. Og er þess skemst að minnast, að nú í þingbyrjun fengu menn sjer fluttan heim sanninn um það, að mönnum virðist ekki vera orðið tamt að nota þessi gögn. Mjer er sagt, að mikið þætti á því bera, að menn væru tauga-óstyrkir við þá hátíðlegu athöfn að greiða atkvæði. Og það er ekki nema eðlilegt. Þarna situr fyrst kjörstjórnin, þögul og leyndardómsfull; síðan er mönnum vísað inn í skuggalegan klefa, og vill þá grípa menn einhver ótti við hið óþekta. En þó tekur út yfir, þegar inn í klefann kemur og fyrir mönnum verða þessi myrku og galdralegu kjörtól. Það er síst furða, þó að sumum kjósendum fatist þá listin.

Okkur flm. þótti rjett að reyna að ráða bót á þessu, og breyta lögunum aftur þannig, að nota mætti blýant í stað stimpils. Og til þess að gefa mönnum svigrúm til þess að setja dálitið verklegan kross, vildum við stækka reitinn framan við nafn frambjóðanda, þannig, að hringurinn yrði 1 cm. að þvermáli, í stað ½ cm. Þessi breyting er einnig í samræmi við landskjörið, þar sem menn mega nota blýant. En nú má búast við, verði færsla kjördagsins samþykt, að saman geti fallið landskjör og kjördæmakosning, og væri mönnum þá eflaust ótamt að nota til skiftis stimpilinn og blýantinn, og gæti þá svo farið, að stimplað væri þar, sem setja átti kross, en krossað þar, sem setja átti stimpil. Mjer finst hv. nefnd því hafa gert rangt í því að fella niður þessa grein úr frv.

okkar, og vænti þess, að hv. deild samþykki hana eins og hún er í frv.

Þá er eitt nýmæli, sem meirihluti nefndarinnar leggur til að samþykt verði, að kjörseðill skuli talinn gildur í tvímenningskjördæmi, þótt aðeins sje merkt við nafn eins frambjóðandans. Þessa breytingu tel jeg mjög varhugaverða. Hv. 2. þm. Árn. (JörB) hefir minst rækilega á þessa tillögu, og hefi jeg þar litlu við að bæta. Úr því að tveim mönnum er ætlað að vera fulltrúar fyrir kjördæmið, sje jeg ekki, að hjá því verði komist að kjósa 2 menn, en ekki einn. Jeg hygg, að þá væri miklu betra að snúa sjer að því að skifta öllum tvímenningskjördæmunum og gera þau að einmenningskjördæmum.

Bernharð Stefánsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. við 7. brtt. hv. allsherjarnefndar, þar sem nefndin leggur til, að gildur sje seðill úr tvímenningskjördæmi, þótt aðeins einn sje kosinn, þá vil jeg snúa því alveg við og lögfesta, að sá seðill sje ógildur.

Eins og menn muna, varð töluverður ágreiningur við síðustu kosningar, hvort slíkir seðlar væru gildir eða ógildir samkvæmt kosningalögunum. Jeg tel því rjett af hv. allshn. að taka þetta til íhugunar og leggja til, að lögin mæli beint fyrir um þetta. Það er einungis niðurstaða nefndarinnar, sem jeg tel ekki rjetta.

Jeg þarf ekki að tala langt mál um þetta, þar sem tveir hv. þm. hafa þegar mælt í gegn brtt. nefndarinnar, og hefi jeg litlu við það að bæta.

Eins og hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) drap á, eru menn kvaddir saman í tvímenningskjördæmum til að kjósa 2 menn, og er sú athöfn til þess ger, að kjördæmið fái 2 þingmenn, en ekki einn. Það er því óeðlilegt, ef einstökum mönnum, sem á annað borð neyta rjettar síns til að taka þátt í þessari athöfn, yrði leyft að gera annað en athöfnin er ætluð til, eða kjósa einn mann í stað tveggja. Þá gætu allir kjósendur gert slíkt hið sama, og er þá hugsanlegt, eins og hv. 2. þm. Árn. (JörB) tók fram, að kjördæmi geti fengið aðeins einn þm., þó að tvímenningskjördæmi sje. (**MJ:** Getur verið, að það fái engan). Það verður ekki, nema enginn kjósi, en með þessu móti gæti tvímenningskjördæmi fengið 1 þm., þó að kosningarathöfnin fari löglega fram. Menn munu ef til vill halda því fram, að þetta sje óhugsandi, þar sem hvert þingmannsefni þurfi ákveðna tölu meðmælanda. En engin vissa er fyrir því, að meðmælandi kjósi þann, sem hann hefir lofað að styðja, og þannig gæti líka staðið á, að enginn meðmælandi neytti kosningarrjettar síns.

Eins og tekið hefir verið fram, er þetta, að kjósa aðeins einn frambjóðanda í tvímenningskjördæmi, einhver besta auðkenning, sem gerð verður á seðlunum. En aðalatriðið í þessu máli er þó frá mínu sjónarmiði það, að þetta ákvæði miðar ekki að því, að kosið verði um stefnur, heldur mundi hver frambjóðandi þá reyna að ota fram sínum tota og kjósendur síður skiftast um mál þau, sem fyrir liggja. Þetta er alveg augljóst. Margir kunna nú að líta svo á, að þetta sje í raun rjettri enginn galli, mestu varði að velja góða menn og gegna á þing, hvaða stjórnmálaflokki sem þeir sjeu í. En þau mál geta þó legið fyrir, að nauðsynlegt sje að kjósa um þau, en álit á hverjum einstökum

frambjóðanda verði frekar að lúta í lægra haldi. Jeg skal nefna til dæmis uppkastið 1908 og kosningarnar um það. Hvaða maður, sem vildi ekki líta við því frumvarpi, hefði látið sjer koma til hugar að kjósa heimastjórnarmann, hversu mætur maður sem hann hefði verið, og hvaða heimastjórnarmaður hefði þá kosið sjálfstæðismann, þó að hann hefði hið mesta álit á honum?

Þannig getur komið fyrir, að nauðsynlegt sje, að þjóðin gangi til kosninga beinlínis til þess að skera úr þeim málum, sem fyrir liggja, en þessi brtt. nefndarinnar miðar að því að gera kjósendum auðveldara að skiftast eftir persónulegu fylgi, heldur en eftir málefnum. En eins og hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) tók fram, væri það miklu heppilegra að skifta þeim tvímenningskjördæmum, sem eftir eru, í einmenningskjördæmi, ef menn kenna svo mjög í brjósti um kjósendur, að þeir þurfi að kjósa 2 þingmenn.

Jeg vil nota tækifærið að beina fyrirspurn til hv. allshn. Jeg sje, að hún leggur til, að þar sem hreppi sje skift í 2 kjördeildir, sje hreppstjóri sjálfkjörinn oddviti annarar kjördeildarinnar, en hreppsnefndaroddviti hinnar. Jeg tel rjett, að ákveða þetta með lögum, en í brtt. er ekki tekið fram um, hvað gera skuli, ef hreppstjóri og oddviti eru báðir í sömu undirkjördeild. Vjer getum hugsað oss, að í einum hreppi sjeu 2 dalir, og að kjördeildunum sje skift um fjallið á milli þeirra, en báðir þessir menn búi í sama dalnum. Er þá ætlast til, að annar þeirra fari úr sinni eigin kjördeild til þess að vera oddviti hinnar? (**JK:** Já). Þá yrði oddvitinn að greiða atkvæði sem utanhjeraðsmaður, því að jeg geri ráð fyrir, að sjerstök kjörskrá yrði fyrir hvora kjördeild.

Jeg tel mikla bót að því að færa kjördaginn fram á vor, en skal ekki bæta neinu við það, sem sagt hefir verið því til stuðnings.

Þá hefir verið um það rætt, hvort kjörgögnin sjeu heppileg. Flm. frv. leggja til, að þeim sje breytt enn og blýantskrossinn tekinn upp aftur, þar sem stimpillinn hafi gefist illa. Jeg get ekki annað sagt, að mjer stendur nákvæmlega á sama um, hvor aðferðin er höfð. Mjer finst báðar mjög einfaldar, og er þeim varla við hjálpandi, sem ekki geta komist klaklaust fram úr hvorri sem er. Ef nokkur munur er, hygg jeg, að mönnum muni vera heldur handhægra að beita blýantinum heldur en stimplinum.

Jón Baldvinsson: Það eru sjálfsagt allir sammála um þá breytingu á kosningalögunum, sem fer fram á, að skifta megi hreppum í undirkjördeildir. Þessi breyting kemur sjer sjálfsagt mjög vel, þar sem svo hagar til, að fjarlægðir eru miklar eða stór vatnföll, sem tálmað geta sókn á kjörstað. Og ekki kemur þetta í bág við hagsmuni annara kjósenda, en er einungis til hægðarauka á þeim stöðum, sem svona er ástatt um, og jafn tryggilega um kosninguna búið sem annarstaðar.

En þetta verður ekki sagt um aðrar breytingar, frv., því þó að segja megi, að þær sjeu einum til hagræðis, þá eru þær öðrum til óþæginda, og á jeg hjer aðallega við þá tillögu að flytja kjördaginn við almennar kjördæmakosningar frá 1. vetrardegi yfir á sumar. Við 2 nefndarmenn, hv. 4. þm. Reykv. (MJ)

og jeg, höfum ekki getað fallist á þessa breytingu og teljum hana vera til svo mikils óhagræðis fyrir mikinn þorra kjósenda, að það yrði tvímælalaust til ills að samþykkja hana. Aðalástæðan fyrir færslu kjördagsins, sem flestir minnast á, er veðráttan, að um veturnætur sje allra veðra von, einkum á Norðurlandi. Vitanlega má halda þessu fram, en þetta ákvæði um kjördaginn hefir staðið nú um hríð, og hefir ekki heyrst, að það hafi komið nokkursstaðar að verulegu meini, heldur virðast kjósendur hafa yfirleitt unað því vel. Það mun einnig vera svo um alt land, að á þeim tíma geta menn frekar sótt kjörfund og fylgst með öllum undirbúningi undir kosningar, því kosningarathöfnin sjálf er ekki nema lítill hluti kosninganna, og má því athuga, hvort undirbúningurinn undir þær kemur á heppilegum tíma. Verði kosið um mánaðamótin júní—júlí, kemur kosningaundirbúningurinn á svo dýrmætan tíma, að það mun verða landsmönnum til stórmikils fjártjóns, ef þeir sinna þá kosningum og undirbúningi undir þær, en haustið er aftur á móti miklu heppilegra til þess.

Á það má einnig minnast, að allur þorri fólks í sjávarhjeruðum er dreifður um þetta leyti út um alt land í atvinnu og atvinnuleit. Sjómenn eru þá t. d. farnir vestur og austur, menn og konur dreifast út um sveitirnar til ýmissa starfa, og er þessu fólki þá gert mjög erfitt að neyta kosningarrjettar síns. Jeg heyri einhvern minnast á atkvæðagreiðslu utan kjördæmis, en ef menn vilja kynna sjer, hvernig sá rjettur er notaður alment, munu menn sjá, að það er ekki ýkja mikið. Og þótt mikil þátttaka hafi verið í síðustu kosningum, og mörg skrifleg atkvæði, mun það stafa af heimakosningunum og því, að flokkarnir hafa beinlínis látið sækja atkvæði heim til manna.

Það er yfirleitt flest, sem mælir á móti breytingunni. Þessi kjördagur hefir nú verið lögákveðinn síðan 1909, og hefir ekki borið á neinni óánægju með hann meðal kjósenda. Og sjálfsagt hafa þeir, sem þennan kjördag samþyktu, þekt tíðarfarið jafnvel og þeir, sem nú eiga sæti á Alþingi, og enginn heldur því fram, að tíðarfarið sje annað nú en þá var.

Þá kem jeg að því atriði, um rýmkun á úrskurði gildra seðla, sem háttv. 2. þm. Árn. gat um í ræðu sinni. Þær breytingar, sem þar er farið fram á, munu vera mótaðar af þeim röddum, sem fram komu að nýafstöðnum kosningum nú í haust. Töldu margir, að ákvæði laganna væru þar herfilega ströng og yrðu aðeins til þess að ónýta kosningarrjett margra manna. Jeg er því algerlega mótfallinn, að hjer verði gefinn lausari taumurinn en verið hefir. Ætti mönnum að vera það vorkunnarlaust að læra að inna rjett af hendi ekki vandasamara verk en þetta er, að merkja rjett seðil.

Meirihl. nefndarinnar leggur það til, að sú venja verði tekin upp, að seðill verði ekki úrskurðaður ógildur í tvímenningskjördæmi, þótt einungis einn sje kosinn. Þessu er aðeins einn nefndarmanna ósamþykkur, — háttv. 2. þm. Árn. —. Jeg ljet þetta atriði afskiftalaust í nefndinni, tel það fremur lítilfjörlegt og legst ekki á móti því.

Stórkostlegasta breytingin er sú, sem jeg hefi áður um rætt, að flytja kjördaginn á dýrmætasta annatíma ársins. Sá flutningur yrði til talsverðs óhag-

ræðis fyrir þá, sem búa við sjávarsíðuna, og jeg hygg, að það yrði einnig til baga fyrir bændur. Hefi jeg átt tal við ýmsa menn úr sveit um þetta efni, og hefir þeim öllum borið saman um það, að miklar annir sjeu einmitt um þennan tíma. Er mín spá sú, að yrði þetta samþ. nú, þá mundi innan skamms koma kröfur um að breyta aftur í gamla horfið. Mætti vel svo fara, að Alþingi yrði að beygja sig fyrir þeim kröfum, en þá væri ver farið en heima setið.

Björn Líndal: Jeg er íhaldsmaður í íhaldsflokki, enda vil jeg ekki breyta lögum, sem vel hafa reynst, að ástæðulausu. Jeg er háttv. 2. þm. Reykv. þakklátur fyrir það, sem hann hefir lagt hjer til í íhaldsáttina, enda mun hann vera meiri íhaldsmaður en hann sjálfan grunar. Sumar þær breytingar, sem hjer er um að ræða, eru bara lögskýringar, og er það gott, þegar lögin eru óskýr áður. Jeg tel þessa breytingu, að skifta megi hreppi í tvær kjördeildir, eindregið til bóta, en hinu er jeg aftur mótfallinn, að kjördeginum verði breytt. Get jeg þar fyllilega skrifað undir ræðu hv. 2. þm. Reykv. Jeg tel heppilegast, að kosningar fari fram á þeim tíma, sem fólk er ekki svo önnum kafið, að það hafi þó einhvern tíma aflögu til þess að ræða alþjóðarmál. Tel jeg af tvennu betra, að fáir kjósi, ef þeir hafa haft tækifæri til að setja sig inn í dagskrármál þjóðarinnar, heldur en að múgur manna safnist að kjörborðinu, sem enga þekkingu hefir á því, sem gera skal og forðast skal.

Viðvíkjandi þessu atriði, hvort kjörseðill úr tvímenningskjördæmi skal talinn gildur, ef aðeins einn er kosinn, þá skal jeg taka það fram, að jeg hallast á þá sveifina, að ekki sje sanngjarnt að neyða kjósendur til að kjósa nokkurn mann á þing. En þetta er gert, ef ógild er kosning eins manns í tvímenningskjördæmi. Í einu kjördæmi voru t. d. í framboði við síðustu kosningar tveir menn úr Framsóknarflokknum, tveir úr Borgaraflokknum, en aðeins einn jafnaðarmaður. Það liggur í augum uppi, að þarna var úr vöndu að ráða fyrir vesalings jafnaðarmennina í kjördæminu.

Jeg vil að lokum endurtaka það, að jeg tel mjög óheppilegt og illa ráðið, að breyta kosningadeginum frá því, sem nú er. Sá dagur hefir reynst ágætlega valinn til þessa. Og þótt fyrir geti komið, að erfitt verði í örfáum kjördæmum að sækja kjörfund þennan dag, þá verður ekki sá dagur fundinn, sem öllum kjósendum landsins er hagkvæmastur.

Það er að vísu gott, að sem flestir kjósi, en hitt er þó meira virði, að þeir, sem kjósa, kjósi af viti.

Hákon Kristófersson: Jeg get verið mjög stuttorður, því hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hefir tekið fram margt af því, sem jeg vildi sagt hafa. Þó get jeg ekki stilt mig um að geta þess, að þegar jeg leit þetta nál., þá duttu mjer í hug þessi orð eins látins heiðursmanns: „Jeg sje eftir pappírnum.“ Mjer fór líkt, er jeg leit þetta nál.; jeg sá eftir prentkostnaðinum.

Jeg vildi helst, að háttv. allshn. hefði lagt það til, að frv. yrði felt. Jeg get ekki sjeð, að neinar breytingar þar sjeu til neinna verulegra bóta.

Hv. frsm. (JK) sagði, að lítið væri um störf í sveit á þessum tíma árs. Það getur hann aðeins sagt af því, að hann er nú orðinn næsta ókunnugur háttum

sveitamanna. Jeg verð, sem kunnugur maður, að halda því fram, að sjaldan sjeu meiri annir í sveitinni en einmitt um þann tíma. Þannig víkur þessu einnig við víða við sjávarsíðuna. Sjóróðrar hamla mönnum ekki síður þá en endranær að sækja kjörfund. Hvað það snertir, að þeir menn geti þá kosið þar, sem þeir eru staddir, þá er þess að gæta, að þeir verða þá að hafa afsalað sjer kosningarrjetti sínum annarsstaðar, en því fylgir meira umstang en svo, að þorri manna nenni eða hafi tíma til að standa í því. Áhuginn víðast hvar ekki svo mikill, að menn vilji vinna það til að sleppa góðum fiskiróðri. Verð jeg einnig að líta svo á, að ef sú breyting kemst á, að hreppi, sem víðlendur er, verði skift á tvo kjörstaði, þá tel jeg það einhlítt. Það getur þá varla orðið svo örðugt, þótt að haustlagi sje, að komast til kjörstaðar, að þörf sje þessvegna að breyta kjördeginum.

Jeg skal ekki fara langt inn á deiluna um það, hvort rjett sje að telja kjörseðil gildan, þótt aðeins einn maður sje kosinn á honum, þar sem um tvímenningskjördæmi er að ræða, því að það getur naumast talist neitt aðalatriði. Þó skal jeg taka það fram, að jeg mun hallast að því, að tæplega sje rjett að ógilda atkvæði, þó kjósandi hafi ekki viljað nema einn af þeim, sem á kjörseðli standa. Því jeg tel í rauninni ósanngjarnt að kúga menn til að neyta rjettar, sem þeir vilja ekki notfæra sjer. Og jeg get ekki skilið þann hugsunarhátt hv. 2. þm. Árn. (JörB), að með þessu sje sumum veittur tvöfaldur atkvæðisrjettur, en öðrum aðeins einfaldur. Því allir hafa hjer jafnan rjett, hvort sem þeir vilja neyta hans eða ekki. — Annars er það skoðun mín, að tvímenningskjördæmin ættu ekki að vera til.

Þá röksemd hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ), að stimpilaðferðin sje ónothæf, sökum þess, hve hún sje myrk og galdraleg, get jeg varla tekið alvarlega. Veit jeg ekki, af hverju sú kukl-kend hv. þm. stafar, nema ef vera skyldi af því, að svertan er svardökk á litinn. En mjer finst þá muna minstu á henni og blýantinum, enda mun sú raunin á, ef um verulega myrkfælinn mann er að ræða. Hv. þm. (ÁJ) kvað stimpilaðferðina slæma fyrir taugaóstyrka menn. Myndu þá taugar þeirra styrkjast við það að nota ritblýið. Ekki held jeg það, að reynslan hafi sýnt það, meðan blýanturinn var notaður.

Þessi kosningaaðferð, sem við notum nú, er nú tíu ára gömul, og hefi jeg fáa heyrt kvarta undan henni. Finst mjer óþarft að fara nú að glundra í henni, enda myndi það brátt koma í ljós, að kjósendum yrði enginn hagur í því. Menn eru nú farnir að venjast gömlu aðferðinni, og breyting mundi aðeins valda ruglingi. Finst mjer þetta mál bera þess ljósastan vottinn, að breytingagirni í lagasmíðinni hjer virðist ekki hafa nein takmörk. Finst mjer, að sú minsta krafa, sem gerð verði, er menn fara að breyta svo gömlum og góðum lögum sem þessum, sje sú, að menn finni máli sínu einhver myndarlegri rök en að gamla fyrirkomulagið sje galdralegt. Galdratrúin er nú, sem betur fer, liðin hjá. (ÁJ: Ekki þó á Vesturlandi.) Hún hefir aldrei náð svo langt þar, að menn sjái draug í svörtum stimpli.

Jeg vona, að þótt svo fari, að háttv. deild samþ. þetta frv. í einhverri mynd, að hún samþykki ekki breytinguna á

kjördeginum og kjörgögnunum. Jeg get vel felt mig við það, að hreppunum verði skift, enda verði sú heimild ekki notuð nema þar sem þörf er á. Sömuleiðis get jeg fallist á það, að tíminn, sem kosningin stendur yfir, sje lengdur, en jeg tel það þó ekki neitt mikilvægt atriði.

Sveinn Ólafsson: Jeg get verið háttv. allshn. sammála að mestu leyti um 6 fyrstu brtt. á þskj. 102. Tel jeg þær yfirleitt vera til bóta. Eitt tel jeg þó athugavert við fyrstu brtt., en það er, að af henni verður ekki sjeð, að það sje hreppsnefndin, sem á að eiga upptökin að skiftingu hreppsins í kjördeildir, heldur lítur svo út sem það sje sýslunefnd. Auðvitað er hugsunin sú, að hreppsnefnd óski skiftingar, en sýslunefnd ákveði hana, en þetta kemur ekki ljóslega fram. Nefni jeg þetta hv. nefnd til athugunar.

Þá breytingu, sem hv. nefnd hefir gert um færslu kjördagsins, tel jeg til bóta. Aðalgallinn á því að hafa kjördag í 11. viku sumars er sá, að ef þinghald yrði aftur fært til sumars, eins og vera ætti, þá mundi tími nokkuð naumur milli kjördags og þingfarar. En mörgum mun þykja nægur tími að hugsa um þann galla, þegar að því rekur, að sumarþing verði tekin upp á ný.

Jeg skal, út af orðum háttv. 2. þm. Reykv. (JBald), taka það fram, að það er ekki rjett, að það hafi aldrei komið að sök, að kjördagur er á haustnóttum. Jeg man eftir þó nokkrum dæmum þess, að kjósendur hafa orðið að sitja heima vegna þess, að veður hefir ekki leyft annað, og ein tvö dæmi þekki jeg til þess, að mjög fáir af kjósendum komust á kjörstaðinn. Verður aldrei hægt að girða fyrir að slíkt geti komið fyrir, en næst því verður komist með því að hafa kjördaginn á þeim tíma, sem dagar eru langir og nætur eru bjartar.

Þá kem jeg að 7. brtt. nefndarinnar, og horfir alt öðruvísi við um hana. Á hana get jeg enganveginn fallist. Jeg get ekki fundið, að breytt sje til bóta í 36. gr. kosningalaganna á þann hátt, sem nefndin leggur til, þannig, að í stað orðanna: „er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum," komi: „er ætla má að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan." — Hjer er sett loðið og tvírætt orðalag í staðinn fyrir glögt og greinilegt orðalag, og þykir mjer það síður en til bóta, þótt það að vísu sje tekið eftir yngri lögum, sem sje lögum um kosningar í Reykjavík frá 1920. Þar hygg jeg að þetta orðalag hafi komist inn hreint og beint af vangá, og orðatiltækið ruglar fremur en skýrir hugmyndina.

Í öðru lagi er sú tillaga nefndarinnar, að ákveða það, þvert ofan í 33. gr. kosningalaganna, að gilda skuli seðill í tvímenningskjördæmi, þó aðeins einn sje kosinn á seðlinum. Jeg verð að líta svo á, að 33. gr. taki þó af allan vafa í þessu efni, svo ekki þurfi skýringa við. Með leyfi hæstv. forseta vil jeg leyfa mjer að lesa upp þau orð gr., sem að þessu lúta: „— — — og stimplar alveg yfir reitinn, sem er fyrir framan nafn þess, eða nöfn þeirra, ef fleiri eru en einn, sem á að kjósa." Mjer þykir undarlegt, að upp hefir komið vafi á því, hvernig þetta beri að skilja, enda óhætt að fullyrða, að tiltölulega fáar kjörstjórnir hafi vilst á þessu. Annars er það um þessa brtt. að segja, að ef hún nær fram að ganga, þá er hún svo

greinilegt brot á þeirri leynd, sem yfir kosningunum á að vera, að verra getur tæpast verið. Það er nærri ugglaust ráð til að geta keypt atkvæði og gefið merki um það, hversu kjósandinn kýs, ef þetta er leyft. Þetta hefir að nokkru verið tekið fram af öðrum, og skal jeg því ekki fjölyrða um það frekar, en aðeins bæta því við, að ef þessi breyting verður gerð, þá virðist mjer liggja nærri, að um það geti orðið deilt, hvort þessi eða hinn maður, sem kosið hafi einn í tvímenningskjördæmi, ætti ekki þá að ráða yfir 2 atkvæðum handa skjólstæðingi sínum. Þetta gæti leitt til þess, að á 2. eða 3. þingi hjer frá kæmi fram brtt. við kosningalögin af nýju, og farið fram á, að heimila slíkum kjósendum að gefa sama frambjóðanda 2 atkv., en af því gæti svo leitt, að aðeins einn yrði kosinn í tvímenningskjördæmi, eða þá annar mannanna með örfáum atkvæðum. (BL: Eru nokkur takmörk fyrir því, hvað þm. geta komið með vitlaus frv. á þingi?) Síðustu till. nefndarinnar á þskj. 102 sje jeg mjer heldur ekki fært að fylgja, en eins og þegar er fram tekið, þá álít jeg 4 þær fyrsttöldu til bóta og fylgi þeim hiklaust.

Sigurjón Jónsson: Jeg ætla ekki að gera hjer grein fyrir mínu atkv., það mun atkvgr. sýna, hvernig það fellur. En jeg vil taka það fram, að jeg get ekki verið sammála háttv. síðasta ræðumanni (SvÓ) í því, að fylgja brtt. á þskj. 102. Jeg skal sýna fram á það, að ef hann samþ. 1. gr., þá er honum ómögulegt að samþ. hinar breytingarnar, sem á eftir fara. Það er sjálfsagt gáleysi nefndarinnar að kenna. Eins og tekið er fram, fellur kjördagurinn eftir till. nefndarinnar á bilið frá 30. júní til 6. júlí. En síðar kemur fram, að kjörskráin gangi í gildi 20. júní. En jafnskjótt og framboðsfrestur er útrunninn, í maí, hafa kjósendur kröfu til þess að kjósa eftir gildandi kjörskrá. Jeg álít ómögulegt, að ekki sje kosið eftir einni kjörskrá við sömu kosningar, og það er sjálfsagt ekki tilgangur nefndarinnar. En hjer er ekki færður nóg til baka sá mánaðardagur, er kjörskrár ganga í gildi. Það mætti ekki vera seinna en 1. júní. — Þá er annað, sem rekur sig á. Í 11. gr. kosningalaganna er svo fyrir mælt, að aukakjörskrá skuli tilbúin fyrra hluta maímánaðar. Ef kjördagur er færður til og nú þyrfti að breyta aukakjörskrá, þá kemst hún ekki í gildi fyr en 15. júní, en þá er líka kominn sá tími, er kjósendur eiga heimting á að fá að kjósa, þeir, sem dvelja utan síns kjördæmis. Verði kjördagur færður eftir till. nefndarinnar, þá verður að samræma lögin, svo það gildi þó að minsta kosti ein og sama kjörskrá á hverjum stað.

Bernharð Stefánsson: Jeg vildi gera stutta aths. Háttv. þm. Ak. (BL) hafði það einkum á móti brtt. minni, að með því móti væri kjósandi neyddur til þess að kjósa andstæðing sinn, í mörgum tilfellum, og tók til dæmis kosninguna í Eyjafirði í haust. Þar var einn jafnaðarmaður í kjöri. Þm. (BL) spyr: hvernig á kjósandi, sem er jafnaðarmaður, að fara að, þar sem svo stendur á? Því er fyrst að svara, að tvímenningskjördæmi hlýtur að fá tvo þingmenn. Það er gefið. Nú kærir þessi maður sig ekki um nema einn af þeim, sem í framboði eru. En úr því kjördæmið hlýtur að fá tvo þingmenn, þá er ein-

sætt fyrir hann að kjósa þann besta af hinum, þó hann sje ekki hæstánægður með neinn þeirra. En svo hefir hann fleiri úrræði: hann getur boðið sig fram sjálfur eða stuðlað að því, að flokkur hans hafi 2 menn í kjöri. Jeg þarf ekki að svara þessu frekar. Það verður ekki sjeð, að neinum sje gert nokkuð rangt til með því, þó þessu ákvæði sje haldið fast.

Þórarinn Jónsson: Jeg mun ekki eltast við hinar ýmsu brtt., en sýni með atkv. mínu, hvernig jeg lít á þær. 1. brtt. nefndarinnar, um skifting hreppa í kjördeildir, finst mjer eðlileg og sjálfsögð. Það gæti bara verið álitamál, hvort hún gengi ekki heldur skamt. Eftir till. má ekki skifta hrepp nema í tvent. En það er sýnilega mikið heppilegra að geta skift í þrent. Mjer datt í hug, að það hefði mátt orða þetta: 2 eða fleiri. En það má þó hártoga, og betra að heimila að skifta í 2 eða 3 kjördeildir. Í mörgum tilfellum er það ekki of langt gengið. Jeg þekki hreppa með 60—70 kílómetra strandlengju, og dölum upp af. Þar er sannarlega þörf á, að kjördeildir sjeu fleiri en ein og fleiri en tvær, þegar það er athugað, að bæjunum og stærri kauptúnum er skift í fjölmargar kjördeildir. Hv. 2. þm. N.-M. gat um dæmi þess, að 4 daga ferð væri á kjörstað, fram og til baka. Mjer virðast 2 dagar fullmikið, þar sem hjer er ekki ætlast til að stytta leiðina nema um helming, og ástæða til að ljetta betur undir með kjósendum, þar sem slíkir erfiðleikar eru.

Annað atriði, sem jeg vildi minnast á, er færsla kjördagsins. Það er vitanlegt, að 1. vetrardagur er ekki heppilegur, vegna þess, hvernig þá getur verið komið færð og veðráttu. En sá tími, sem hjer er stungið upp á, er þó tvímælalaust allra mesti annatími ársins, þar sem jeg þekki til. Og mun alstaðar vera svo um seinnihluta vorsins í sveitahjeruðum landsins. Þá kemur til fjársmölun, rúning, rekstur á afrjetti, ullarverkun, kaupstaðarferðir og undirbúningur undir slátt. Þessi tími er því mjög óheppilegur til þess að undirbúa kosningar. Jeg held jeg verði því að vera á móti þessari færslu, ef ekki verða aðrar sjerstakar ástæður, sem knýja mig til hins gagnstæða.

Þá er enn eitt atriði, sem sje sú brtt. nefndarinnar, að seðill skuli gildur í tvímenningskjördæmi, þó ekki sje nema einn kosinn. Jeg vil undirstrika það, að ef þetta verður samþykt, þá verða hjer tvær lagasetningar í sama lagabálki, hvor annari andstæðar. Eftir 33. gr. má ekki kjósa færri en 2, en eftir 36. gr., ef brtt. nefndarinnar verður samþ., *má kjósa einn.* Orðalag 33. gr.-er svo ljóst, að ekki verður um það deilt, þar sem það er tekið fram, að kjósandi skuli gera merki framan við „nafn þess, *eða nöfn þeirra*, ef fleiri en einn á að kjósa“ (JÞ: „sem kjósandi vill velja.“) Jeg býst ekki við, að kjósandi vilji annað en velja tvo þm., þar sem tvo á að kjósa, því ella neytir hann ekki fulls kosningarrjettar síns. Með þessu getur hann því aðeins spilt fyrir sjer. Það myndi heldur ekki teljast full kosning í tvímenningskjördæmi, ef aðeins einn þm. yrði kosinn, og er það full skýring á þessu. Með því að taka einsatkvæðisseðla gilda í tvímenningskjördæmum, er pólitískum andstæðing gefið vopn í hönd. Hann getur sagt við kjósendur, er hann veit, að eru eindregnir með andstæðing hans, að þeir skuli

bara kjósa hann einan, með því sýni þeir traustast fylgi. En þar sem svo þessi atkvæði yrðu metin ógild, eins og þau eru nú að lögum, þá eru þetta einföld ráð til að fella mótstöðumann sinn.

Út í aðrar brtt. ætla jeg ekki að fara að sinni.

Jón Þorláksson: Það var aðeins stutt aths. út af því, sem hjer hefir verið talað um tímatakmark fyrir því, hvenær kjörskrár gangi í gildi. Jeg tel rjett að láta umræður um það falla niður, þangað til sjest, hvort kjördagur verður færður eða ekki. Verði hann ekki færður, þá er hitt fallið um sjálft sig. En annars skal jeg lofa því, fyrir hönd nefndarinnar, að þetta skuli athugað fyrir 3. umr., verði færsla kjördagsins samþykt.

Frsm. (Jón Kjartansson): Þetta mál sem hjer liggur fyrir, er stórmál, og jeg get ekki tekið undir með þeim, sem ekki vilja, að um það sje rætt. Fyrst vil jeg fara nokkrum orðum um þann ágreining, sem hefir orðið út af brtt. nefndarinnar við 36. gr. Jeg get ekki betur sjeð en með því sje verið að samræma orðalag og grundvallarreglur kosningalaganna. Það á vitanlega ekki að ógilda atkvæðaseðil, þó sjáist á honum blettur, nema því aðeins, ef ætla má, að blettirinn sje gerður til þess að auðkenna hann. Hjer er aðeins verið að lagfæra þetta ákvæði, svo það komist í meira samræmi við grundvallarreglu kosningalaganna.

Þá er undarlegt, að mótmælin gegn till. nefndarinnar um atkvgr. í tvímenningskjördæmum hafa aðallega komið frá mönnum þaðan, og aðalröksemdin hefir verið sú, að þessir hv. þm. óttast, að ef þessu yrði slegið föstu, þá væri hætt við, að ekki yrði nema einn kosinn. Þetta finst mjer mjög ljeleg ástæða og að þingmennirnir lýsi með því miklu vantrausti á sjálfum sjer. Þá staðfesta þeir hinsvegar með þessu þá skoðun okkar í nefndinni, að með þessu móti, sem nú viðgengst, gætu einhverjir flotið inn á þing með sama sem engu fylgi. En það á ekki að eiga sjer stað. Annars er þessi ástæða óframbærileg, líka vegna þess, að þá má með sama rjetti segja, að enginn verði kosinn. En vitanlega er ekkert því til fyrirstöðu nú, að allir geti skilað auðu, og þá er auðvitað enginn kosinn heldur.

Þá vil jeg svara fyrirspurn frá háttv. 2. þm. Eyf. (BSt) um það, hvort það væri tilætlun nefndarinnar, að oddviti og hreppstjóri stjórnuðu kosningu í kjördeildum, og ef þeir ættu heimili báðir á sama kjördeildarsvæði, hvernig þá færi með atkvæðagreiðslu þess, sem stjórnaði kosningu í hinum hlutanum. Auðvitað er það tilætlunin, að hreppstjóri og oddviti sjeu oddvitar kjörstjórnanna, sinn í hvorri kjördeild. En hvað snertir atkvæðagreiðslu þess þeirra, sem þarf að stjórna kosningu utan sinnar kjördeildar, þá er það vitanlega mjög einfalt. Hann nýtur kosningarrjettar síns samkv. hinu almenna ákvæði í 32. gr. kosningal., um kosning í öðrum hreppi, innan kjördæmisins. Hann þarf ekki annað en hafa með sjer vottorð um það, að hann standi á kjörkrá á hinu kjördeildarsvæðinu.

Þá er aðalmótbáran gegn færslu kjördagsins, sú, að með því sje sjómönnum gert erfitt fyrir um að neyta kosningarrjettar síns. Nú veit háttv. 2. þm. Reykv. (JBald), sem einkum hefir komið með þessa mótbáru, að það var vegna

sjómannanna, að kjördagurinn var ákveðinn 1. vetrardag. En síðan hafa komið lög um kosningu utanhjeraðsmanna, og þar með er ástæðan með 1. vetrardegi fallin, því það ákvæði var sett til að gera sjómönnum einkum hægt fyrir. Og fjarstaddir sjómenn eiga einmitt hægra með að koma atkvæðum sínum til undirkjörstjórna sinna á sumrin en á haustin, því þá eru samgöngur greiðari. Þetta atriði álít jeg að verði einmitt þvert á móti til talsverðra þæginda fyrir sjómennina. Það er vitanlegt, að hjer í Rvík eru flestir sjómenn í landi um mánaðamótin júní og júlí, að minsta kosti þeir, sem sjó stunda á togurum, því á þessum tíma liggja þeir jafnan inni að undirbúa sig undir síldveiðarnar, sem hefjast eftir miðjan júlí. En á haustin eru þeir oftast nær allir úti á ísfiski.

Háttv. þm. Ak. (BL) telur sig vera íhaldsmann, og erum við flokksbræður að því leyti, en jeg sje ekki, að hann hafi ástæðu til þess að finna að því, þótt lagfærður verði augljós galli á lögunum. Einnig heyri jeg af ræðu hans, að hann er fylgjandi aðalbreytingunum, sem nefndin leggur til, að gerðar sjeu á kosningalögunum, og erum við þá sammála að því leyti. Þá fann sami hv. þm. (BL) flutningi kjördagsins ýmislegt til foráttu, taldi t. d., að á vorin mundu menn síður hirða að sækja þingmálafundi og síður hugsa almenn mál. Þetta held jeg, að sje eigi rjett. Jeg held þetta geti ekki heimfærst upp á sveitirnar, því að á haustin eru allar ferðir þar erfiðari og meiri vandkvæðum bundið að halda mannfundi. Á vorin geta menn tekið tímann, er hentast þykir, en á haustin er víðasthvar annatími mikill rjett fyrir kosningarnar; þá stendur yfir haustkauptíðin og sláturtíminn; auk þess sem haustkauptíð og sláttur ná oft saman. Jeg hygg því, að þetta sje bygt á misskilningi hjá háttv. þm. (BL).

Háttv. þm. Ísaf. (SigurjJ) spurðist fyrir um það, hvort ekki væri með þessum breytingum verið að fremja glæp á kosningalögunum og benti í því sambandi á þá brtt. okkar að flytja til um gildi kjörskránna, að það kæmi í bág við kosning þeirra, sem nytu kosningarrjettar síns fyrir kjörfundinn, og nefndi í því sambandi sjómenn og aðra, sem fjarverandi væru. En þetta er mikill misskilningur hjá hv. þm. Við heimakosningar er alls eigi litið á neina kjörskrá. Það getur komið fyrir við heimakosningar, að maður kjósi, sem alls ekki er á kjörskrá. Á kjördegi athuga undirkjörstjórnir þau brjefaatkvæði, sem til hennar hafa borist, og gæta að því, hvort þeir, sem kosið hafa, eru á kjörskrá og úrskurðar um gildi þessara atkvæða. Sá, sem tekur atkvæðið, hefir ekkert með kjörskrá að gera, enda oftast ekki hjá honum þær kjörskrár, sem sá stendur á, er kjósa vill.

Jeg vil svo ekki þreyta hv. deild á frekari aths. um þetta, en vil þó nota tækifærið til þess að mótmæla því, sem tveir hv. þm. hafa haldið fram — þeir hv. þm. V.-Húnv. og hv. 1. þm. S.-M., — að það væri brot á gildandi kosningalögum, ef tekin yrði gild atkvæði úr tvímenningskjördæmum, þar sem aðeins einum frambjóðanda hefði verið greitt atkvæði, og hafa þeir vitnað til 33. gr. kosningalaganna í þessu efni. Hv. þm. S.-M. las upp atriði úr nefndri lagagrein, en stöðvaði auðvitað lesturinn, er hann kom að því atriði greinarinnar, sem laut að því gagnstæða. Jeg hefi

heyrt mjög góða lögfræðinga láta álit sitt uppi um þetta atriði, þar á meðal mann, sem á sæti í hæstarjetti, og töldu þeir ekkert því til fyrirstöðu í kosningalögunum, að einum manni af tveimur væri aðeins greitt atkvæði. Jeg álít þetta alls ekki vera lögbrot, en af því það hefir verið föst venja hjá kjörstjórnum að ógilda slíka atkvæðaseðla, þótti rjett að taka af allan vafa í þessu og setja ákvæði um þetta inn í lögin.

Halldór Stefánsson: Það hafa þegar orðið alllangar umræður, enda er hjer um að ræða mikilsverð mannrjettindi. Það eru aðallega þrjár breytingar á kosningalögunum, sem felast í frv. okkar flm. Fyrsta breytingin er skifting hreppa í tvær kjördeildir, og hefir þeirri breytingu verið vel tekið, bæði af hv. nefnd og einstökum hv. þm., og þarf jeg því ekki að ræða um það atriði frv. Önnur aðalbreyting frv. er færsla kjördagsins, og hefir nefndin einnig tekið því atriði vel, en einstakir þm. hafa lagt á móti því. Jeg þarf ekki að nafngreina þá hv. þm., en læt mjer nægja að víkja nokkrum orðum að helstu mótbárunum, sem fram hafa komið gegn þessu atriði.

Það er viðurkent af andmælendum þessarar breytingar, að hún yrði sveitabúum í hag, en jafnframt er því haldið fram, að hún væri til óþæginda mönnum, sem búa við sjó eða í kauptúnum. Gagnvart þessu vil jeg minna á það, að síðan þessi kjördagur var ákveðinn í lögunum, hafa kjósendur fengið þá rjettarbót að mega kjósa utan kjörstaðar síns. Síðan er það orðið auðvelt mönnum að neyta kosningarjettar síns, þótt ekki sjeu þeir staddir á kjörstað sínum á kjördegi. Þeir geta annað tveggja kosið áður en þeir fara að heiman, eða þá, ef þeir hafa gleymt því eða vanrækt, kosið þar, sem þeir eru staddir á kjördegi.

Þá hefir því verið haldið fram, að þó að kjördagurinn sje í sjálfu sjer ekki ver settur að vori til, sje þó undirbúningstíminn verri að vorinu, vegna anna. Jeg álít aftur á móti, að það sje enginn sjerstakur tími, sem kallast geti undirbúningstími undir kosningar. Allur ársins hringur jafnt er undirbúningstími undir kosningar. Menn eiga og þurfa að vera viðbúnir að ganga til kosninga á hverjum tíma sem er, á grundvelli þeirra skoðana, sem menn hafa myndað sjer um þjóðmálin. Ef það er meint, að ekki sje eins auðgert að koma við verklegum undirbúningi (agitationum) á þessum anna-tíma, þá má vera, að eitthvað sje hæft í því. En jeg fyrir mitt leyti met ekki mikils þesshátt undirbúning, nje vil mæla með honum. Enn hefir það verið fært fram, að atkvæðisrjettar sje lítt neytt utan kjörstaðar, þótt heimild sje til þess, og getur líka verið, að eitthvað sje hæft í því. En þegar litið er til þess, hvernig kosningarrjettar hefir verið neytt undanfarið í sveitum, hlutfallslega við kaupstaði, sjest glögt, að kosningarrjettar er yfir höfuð betur neytt í kaupstöðum og kauptúnum en til sveita, og hafa þessvegna þessar mótbárur lítið gildi. Það má deila um það, hvaða tími sje mestur annatími á árinu, og skiftir það ekki máli. Úr því að almenningi er ætlaður þessi rjettur, kosningarrjetturinn, þá má ekki minna vera en að kjördagur sje ákveðinn á þeim tíma, að sæmilega sje trygt, að menn geti neytt þessa rjettar síns, ef menn vilja, og að almenningur sje ekki svo þjakaður af daglegu striti

og álögum, að menn geti ekki varið einum degi eða dagstund til að neyta hans. Þegar ákveðinn hefir verið kjördagurinn til landskjörsins, þá hefir verið litið á þetta atriði líkt og við flm. gerum, því að hann er ákveðinn um mjög líkt leyti.

Nokkrir hv. þm., hafa lagst á móti breytingunni um kjörgögnin, en þær mótbárur, sem þar hafa komið fram, hafa verið fremur lítilsverðar. Háttv. frsm. (JK) hjelt því fram, að menn væru orðnir þessum kjörgögnum sæmilega vanir, og væri það því aðeins til þess að gera truflun að vera að breyta til í þessu. En menn eru einnig vanir því að nota blýant, og einmitt það getur valdið truflun að nota hvorttveggja, og eins og bent hefir verið á, getur það komið fyrir, að almennar kjördæmakosningar og landskjör fari fram sama dag, og þá getur það verið til truflunar að nota mismunandi kjörgögn á sama stað og í sama herbergi, við báðar kosningarnar. Núverandi kjörgögn hafa ýmsa ókosti, sem auðvelt væri að losna við, ef menn vilja. Stimpillinn er óalgengt áhald, sem margir kjósendur hafa máske aldrei sjeð, og brestur því leikni og kunnáttu í því að nota hann, þó eigi sje það vandi í sjálfu sjer. Enda hefir reynslan þegar sýnt það, að margir kjósendur eru hikandi við að nota þá, og telja það vera vandasamt. Þó að þessi áhöld sjeu í sjálfu sjer ekki margbrotin, geta þau auðveldlega bilað, og er þá ekki ætíð hægt að bæta úr því í flýti. Stimpillinn er handfang með álímdu togleðri, og er það vel hugsanlegt, að límið geti bilað, og ef enginn annar stimpill er til, getur farið svo, að hætta verði við kosninguna, eða þá að reyna að bæta úr þessu á einhvern annan hátt, sem þó getur orðið athugavert. Þá getur og verið, að stimpilblekið þrjóti, og hvað tekur þá við? Þó að segja megi, að við því megi sjá með nægri fyrirhyggju, þá er því ekki hægt að neita, að það er ekki alstaðar og altaf sýnd sú fyrirhyggja í þessu efni, sem þörf er á; getur þetta því vel komið fyrir. Það er og einn ókostur við þessi kjörgögn, að það eru svo margir hlutir, sem gert geta atkvæðaseðilinn ógildan, ef þau eru notuð. Það þarf að þerra seðilinn, og blekslettur geta lent á borðið og farið á næsta seðil, án þess að kjósandinn athugi það, en alt þesshátt má skoða sem merki á seðlinum, og getur gert hann ógildan. Viðvíkjandi stimpilpúðunum er það að segja, að þeir eru geymdir ónotaðir í 4 ár, og þegar til þeirra á að taka, er blekið orðið glerhart, og þó það megi takast að lina það eitthvað upp, verður púðinn altaf slæmur til notkunar. Blýantarnir hafa enga af ókostum þeim, sem taldir hafa verið hjer á undan, en þeir hafa þann kost, að allir eru vanir að nota þá, og eftir hætti leiknir í því að fara með þá.

Þetta var það, sem jeg vildi sagt hafa viðvíkjandi brtt. okkar flm. En þá verð jeg og að fara nokkrum orðum um brtt. nefndarinnar. Þá er fyrst brtt. um einkjörið, þ. e., þegar aðeins er einn maður kosinn í tvímenningskjördæmi. Brtt. er í tvennum skilningi hugsunarlega röng.–Ef kjósandinn kýs aðeins einn í stað tveggja, er hann má kjósa, neytir hann eigi rjettar síns nema til hálfs, en þó er atkv. hans talið sem heilt atkv. þeim frambjóðanda, sem það tilfellur, á móts við meðframbjóðendur hans. Úr þessu mætti bæta með því að reikna þannig greidd atkv. aðeins sem hálf atkvæði. Hin hugsun-

arvillan, sem þó ekki hefir neina verklega þýðingu, er sú, að ef aðeins einum frambjóðanda í tvímenningskjördæmi eru greidd atkvæði, getur svo farið, þó eigi sje það líklegt, að aðeins einn maður hljóti þar kosningu. Fer æði illa á því að hafa þannig löguð ákvæði í lögum, sem leitt geta — hugsunarlega — til annars en til er ætlast í lögunum. Eða þá hitt, að annar þingmaðurinn verði kosinn með óhæfilega fáum atkvæðum, og þó að engin takmörk sjeu við því sett, hvað atkvæðin megi vera fæst, er það þó allóviðkunnanlegt, ef þetta kæmi fyrir. Í öðru lagi yrði þessi brtt., ef samþ. yrði, til þess að vinna á móti þeirri leynd, sem til er ætlast að sje yfir kosningunum. En að kosningarnar eru hafðar leynilegar, er gert til þess, að fremur sje hægt að fyrirbyggja, að hægt sje að hafa óeðlileg áhrif á kosningarnar. Jeg er ekki með þessu að mæla sjerstaklega með leynd kosninganna, því mjer finst hún vera að mörgu leyti óviðkunnanleg, þó hún sje e. t. v. nauðsynleg. Með þessu væru gefnar ástæður til meiri undirróðurs við kosningar. Verði þessi brtt. samþ., án þess að breytt verði 33. gr. kosningalaganna, verður þetta að mótsögn í lögunum. Það þarf því að breyta orðalagi þeirrar greinar, til þess að samræmi komist á í lögunum, ef þessi till. yrði samþ.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg skal ekki lengja mikið þessar umræður, en jeg vil aðeins mótmæla ástæðum háttv. þm. Barð. (HK) fyrir því, að færsla kjördagsins sje óheppileg vegna vorvertíðarinnar á Vesturlandi. Vertíðarlok voru fyrrum 12 vikur af sumri, og hefði þá mátt þetta til sanns vegar færa, en þetta hefir breyst svo síðustu árin, að allir, sem nokkurn búskap stunda, eru komnir heim aftur í lok 11. viku sumars. Svo er þetta á Vestfjörðum, og jeg hygg víðar. Öðru þarf jeg ekki að bæta við það, sem tilfært hefir verið til stuðnings færslu kjördagsins til 11. viku sumars. En viðvíkjandi 7. brtt. nefndarinnar vil jeg benda á, að það er næsta óviðkunnanlegt að hafa ákvæði um gildi kjörseðla eftir því, hvar er kosið og hvort kosið er til kjördæma eða landskosninga. Í 71. gr., 4. lið laga frá 3. nóv. 1915, stendur svo, að seðill sje ógildur er kjósandi hefir: „sett á hann strik eða rispu eða önnur slík einkenni, er ætla má að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan.“ Þetta sama orðalag er og í lögum nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík. En í 36. gr. laga frá 3. nóv. 1915 (um kjördæmakosningar) er þetta orðað dálítið á annan veg. Þar stendur: „Engin merki má á seðilinn gera önnur en stimpla yfir auða reitinn, hvorki rispu nje blýantsstrik nje önnur slík einkenni, er gert geta seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum.“ Jeg tel óhjákvæmilegt að laga það ósamræmi, sem á sjer stað í þessu efni í kosningalögunum, og því er fyrirhafnarminst og eðlilegast að breyta til eins og hv. allshn. fer fram á.

Viðvíkjandi öðrum mótbárum gegn 7. brtt. verð jeg að segja, að þær eru fjarstæður einar. Þegar því er t. d. haldið fram, að fyrir geti komið í tvímenningskjördæmi, að annaðhvort aðeins einn eða enginn verði kosinn, tel jeg það vera hreinustu fjarstæðu. Jeg hygg, að þar sem tveir menn eða fleiri hafa boðið sig fram og fengið meðmælendur, geti það alls ekki komið fyrir, að ekki nái tveir menn kosningu. Kæmi slíkt

fyrir, væri það af því, að meðmælendur hafa verið blekking ein og maðurinn, sem þau meðmæli fjekk, hefir ekki haft neitt fylgi. Jeg vil svara hv. flm. frv., 2. þm. N.-M. (HStef) því, er hann ljet um mælt, ef kjósandi greiddi aðeins einum atkv., þá neytti hann aðeins til hálfs atkvæðisrjettar síns, og bæri því að reikna atkvæði þess kjósanda sem hálft atkvæði því þingmannsefni, er það hlyti. Þetta er röng ályktun. Það er að vísu rjett, að kjósandi átti kost á að kjósa tvo menn, en kaus aðeins einn, og hefir því aðeins neytt hálfs atkvæðisrjettar síns. Það væri að taka hálfan rjettinn af kjósendum, ef slíkt væri gert, eða þvinga hann til að kjósa öðruvísi en skoðun hans og sannfæring býður honum. Það er næsta óviðeigandi, ef einn frambjóðandi hefir tvímælalaust yfirburði fram yfir alla aðra, að það fái hvergi að koma fram í kosningunni, vegna þess, að menn eru neyddir til þess að kjósa fleiri en einn frambjóðanda. Yfirburðir þessa þingmannsefnis eru þurkaðir út, af því að hann er í kjöri í fleirmenningskjördæmi, en fylgismenn hans þvingaðir til þess að kjósa á móti sinni eigin skoðun og sannfæringu, til þess að missa ekki kosningarrjett sinn.

Jón Baldvinsson: Það voru aðeins tvö atriði í ræðu háttv. frsm. (JK), sem jeg vildi andmæla. Annað var það, að hann kvað 1. vetrardag hafa verið ákveðinn fyrir kjördag áður en lögin um kosningu fjarstaddra manna voru sett. Þar til er því að svara, að 1. vetrardagur var að vísu ákveðinn kjördagur á þinginu 1909. En sá dagur var endursamþyktur í núgildandi kosningalögum frá 1915, en þá var fyrir ári síðan (1914) búið að setja lögin um kosningu fjarstaddra manna. Sú ástæða hv. frsm. (JK), að 1. vetrardagur hafi verið ákveðinn af því, að menn hafi ekki getað neytt atkvæðisrjettar utan kaupstaða, er því með þessu hrakin.

Hitt atriðið var það, að um þetta leyti væru togararnir hjer í Reykjavík inni, og ættu sjómenn því hægt með að neyta rjettar síns. En þó svo sje, að togararnir liggi hjer, þá eru menn einmitt um þetta leyti í óðaönn að búa sig undir síldarveiðarnar eða aðra þá atvinnu, sem menn ætla að stunda að sumrinu, og margir farnir burt, eins og áður er sagt. Myndi það koma mörgum afarilla að mæta um þetta leyti þeim töfum, sem af kosningu leiða.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) vildi gera lítið úr undirbúningnum undir kosningarnar. Jeg er honum mjög ósamþ. í þessu. Þeir, sem áhuga hafa fyrir kosningum, halda fundi og sækja þá, hljóta að eyða til þess miklum tíma, og að það sje ekki hentugt að hafa kosningaundirbúninginn á mesta annatíma ársins, hljóta allir að skilja. Enda mun hafa komið sjer illa áður, eins og sjá má af vísunni um einn alkunnan áhugamann í kosningum, og sagt er um:

Komst því ekki til af túni töðu að hirða
þessi fleina-freyrinn mætur
fyr en undir veturnætur.

Og ekki hefir hann lagt lítið í sölurnar fyrir áhuga sinn. Verður varla um það deilt, að haustið sje hagfeldasti tíminn til þessa undirbúnings, því þá eru menn alment fæstum störfum bundnir. Sje jeg yfirleitt ekki, að neinar ástæður hafi komið fram, sem mæla með því, að kjördagurinn verði fluttur. Tel jeg þá rýmkun alveg nægja, að heimilt sje að skifta hreppi í 2 kjördeildir. Gæti jeg

lika vel fallist á það, að mjög víðlendum hreppum væri skift í 3 kjördeildir, og mætti þá heita, að sæmilega væri úr þeim vandkvæðum ráðið.

ATKVGR.

Brtt. 102, I (ný 1. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

— 102, II a samþ. með 24 shlj. atkv.

— 102, IV (3. gr. falli burt) samþ. með 16 : 4 atkv.

— 102, V (ný 4. gr., verður 6. gr.) samþ. með 18 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JAJ, JK, JS, JÞ, JörB, KlJ, MG, BSv.

nei: PO, ÞórJ, ÁF, BL, HK, JakM, JBald, MJ, MT.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 102, II b samþ. með 18 : 3 atkv. 2. gr. ákveðin með samþykt brtt. 102, II a og b.

— 102, III a—c (þrjár nýjar gr., verða 3., 4. og 5. gr.) samþ. með 18 : 3 atkv.

— 102, VI (5. gr. falli burt) samþ. með 16 : 7 atkv.

— 102, VII a (fyrri málsgr.) samþ. með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, BSv.

nei: PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, MT.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

7. gr. þar með ákveðin.

Brtt. 128 samþ. með 15 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JörB, KlJ, MG, MT, PÞ.

nei: ÁF, BL, HK, JAJ, JBald, JK, JS, JÞ, MJ, PO, SigurjJ, BSv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 102, VII a (síðari málsgr.) sjálffallinn.

— 102, VII b samþ. með 23 : 3 atkv.

8. gr. þar með ákveðin.

— 102, VIII (6. gr. falli burt) samþ. án atkvgr.

7. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 : 5 atkv.

Á 26. og 36. fundi í Nd., dagana 18. og 29. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 31. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 140, 170, 222, 264).

Jón Auðunn Jónsson: Jeg á brtt. á þskj. 170, sem jeg þarf að fara um nokkrum orðum.

Það stendur víða svo á, einkum á Vestur- og Austurlandi, að það bætir lítið, þótt kjörstaðir sjeu tveir í hreppi. Ef á annað borð á að breyta ákvæðum gildandi laga til þess að gera kjósendum auðveldara að sækja kjörfund, tel jeg sjálfsagt að gera breytinguna svo víðtæka, að hún komi að notum. Væri heimild til að skifta hreppum í þrjár kjördeildir, myndi það nægja til þess, að nærfelt allir kjósendur gætu sótt kjörfundi. Jeg geri ekki ráð fyrir, að sýslunefndirnar fari lengra í þessum efnum en brýn nauðysn krefur, þar eð þetta verður ætíð nokkur kostnaðarauki fyrir viðkomandi hreppa.

Þá er og önnur breyting, sem jeg fer fram á, að gerð verði á frv., þ. e. að

kjördagurinn verði ákveðinn laugardag í 12. viku sumars. Það má auðvitað ávalt um það deila, hvaða dagur sje heppilegastur sem kjördagur, en jeg hygg þó, þegar á alt er litið, að þessi dagur verði heppilegastur sem kjördagur. Jeg skal þó játa, að í kaupstöðunum sje 1. dagur vetrar betur fallinn til að vera kjördagur þar, því þá eru flestir þeir, er atvinnu stunda utan bæjanna, komnir heim aftur. En í sveitunum er alt öðru máli að gegna um þetta. Það má að vísu segja, að þá sje yfirleitt annalítið, en á hitt verður og að líta, að þá er allra veðra von, og þráfaldlega hefir það komið fyrir, að fjöldi kjósenda í sveitakjördæmunum getur ekki sótt kjörfund. Það verður að vera aðalatriðið, að kjósendur ekki verði útilokaðir í þátttöku þjóðmálanna.

Laugardagurinn í 12. viku sumars er betur fallinn til að vera kjördagur í kaupstöðum en laugardagurinn í 11. vikunni. Þá eru víðast hvar vertíðaskifti, vorvertíð enduð og menn að búa sig undir sumaratvinnuna, einkum síldveiðarnar, sem þá fara í hönd. Í sveitum er þá að vísu byrjaður sláttur á sumum stöðum, en ekki alstaðar; helst mun það vera á Suður- og sumstaðar á Norðurlandi, sem sláttur byrjar í þessari viku. En það er þó álit all-flestra, að betra sje að fella niður verk einn dag framan af slætti, meðan lítið er enn að hirða af heyi, en þegar miklar annir eru, t. d. í lestaferðum, flutningi úr verstöðum og þesshátttar. Verða brtt. mín um færslu kjördagsins samþykt, geta 2.—5. gr. frv. fallið niður. Þar sem þetta mál er svo kunnugt öllum háttv. þm. og þeir þekkja svo vel allar ástæður, hver í sínu kjördæmi, læt jeg útrætt um það.

Jón Baldvinsson: Jeg á, ásamt háttv. 4. þm. Reykv. (MJ), brtt. á þskj. 222, sem miðar í þá átt að færa í betra horf ákvæðin um kjördaginn, sem í frv. felast; höfum við með þessum brtt. tekið tillit til þeirra skoðana, sem fram hafa komið, og ætlumst til, að kjördagarnir verði tveir, annar 1. vetrardag, en hinn 10. september, og er það sá kjördagur, sem lengst hefir staðið, eða fram að árinu 1909. En á því ári var því fyrst hreyft hjer á þingi að fá þessu breytt.

Það er alveg augljóst af öllu, sem fram fór í þessu máli á því þingi, að menn hafa þá gaumgæfilega athugað alt, sem að því laut, hvaða dagar væri heppilegastir sem kjördagar til almennra kosninga um alt land, og menn komust þá að þeirri niðurstöðu, að 1. vetrardagur væri best fallinn til þessa.

Sá, sem fyrstur flutti till. um að breyta þessu þannig, var dr. Jón Þorkelsson, þm. Reykv., og ætlaðist til, að kjördagur yrði ákveðinn þ. 10. okt., en Sigurður Sigurðsson, þm. Árn., bar fram þá brtt. við þetta, að færa kjörd. til 1. vetrardags, og þingið fjelst á það, eftir langa og nákvæma rannsókn á öllum hliðum þessa máls. Jeg býst nú við, að menn verði að játa, að þessi háttv. þm. hafi verið svo vel kunnugur öllum högum og háttum manna víðsvegar um land, að hann væri manna best fallinn til að dæma um það, hvaða dagur væri heppilegastur til þessa, og að hann hafi getað talað af allmikilli reynslu um þá hluti. Þá fjalla þeir menn um þetta mál, sem þaulkunnugir eru á öllu landinu, og þeir þm., sem heima áttu í erfiðustu kjördæmum landsins, þar sem verst er að sækja kjörstað á þessum degi, vegna veðurs o. fl., þeir samþykkja

þetta líka, enda munu þeir og hafa athugað vel og nákvæmlega alt, sem mælti með þessu og móti. Þegar þessi lög, kosningalögin, voru endurskoðuð, árið 1915, var að vísu talað um færslu kjördagsins, en alt var það svo í lausu lofti, að ekki var auðvelt að henda reiður á því, enda enginn rök, sem nokkuð kvað að, færð fyrir þessu. Kjördagurinn var því látinn standa óbreyttur í lögunum.

Jeg vil benda á það, að ef þessi færsla kjördagsins, í 11. eða 12. viku sumars, verður samþykt, gæti það ekki ósjaldan komið fyrir, að tvö þing yrðu háð sama árið. Það getur vel hugsast, að sá meirihl., sem orðið hefir til við kosningar, sje annarar skoðunar en sá flokkur, er fór með völdin fyrir kosningarnar, og mundi hann ekki vilja láta sjer lynda, að sú stjórn, sem hann telur skaðlega, fari áfram með völdin frá því í 11. viku sumars til 15. febrúar næsta ár. Nei, þá verður ekki hægt að varna því, að kallað verði saman aukaþing, og er þetta allmikið fjárhagsatriði, sem jeg vil beina til þeirra að taka nákvæmlega til athugunar, sem vilja hafa þing aðeins annaðhvert ár. Þykir mjer ólíklegt, ef þeim líst að hafa þing tvisvar á sama ári, en þetta getur orðið afleiðing þess að hafa kjördag svona langt frá samkomudegi Alþingis.

Þetta eitt er ærin ástæða til þess að breyta eigi um kjördag, og auk þess þykist jeg vita, að yfirgnæfandi meirihl. kjósenda telur sjer hægara að kjósa fyrsta vetrardag en að vorinu.

Við flm. brtt. höfum þó ekki alveg viljað skera fyrir það, að kjósendur geti fengið að breyta til um kjördag. Því viljum við, að ríkisstjórnin geti, eftir tillögum sýslunefnda, veitt einstökum kjördæmum heimild til að láta kosningarnar fara fram hinn 10. dag septembermánaðar, á undan hinum almenna kjördegi. Þó þannig kosningar fari ekki fram sama dag um land alt, þá ætti það þó ekki að verða að miklum baga, þar sem lengra líður ekki milli en tímabilið frá 10. sept. til fyrsta vetrardags. Mætti því vel geyma atkvæðin þangað til kosningar hefðu farið fram um land alt. Væri þar með komið í veg fyrir það, að úrslit kosninganna í einu kjördæmi gætu haft áhrif á kosningar í öðrum kjördæmum. Alt annað væri, ef menn vildu aðhyllast að láta kosningarnar fara fram 1. vetrardag fyrir þau kjördæmi, sem erfitt ættu með að kjósa í 11. viku sumars. Sá galli er á því, að yrði aukaþing á milli, þá myndu þau kjördæmi sitja uppi fulltrúalaus, því óviðkunnanlegt myndi þykja að senda nokkra gamla þm. á þing með nýjum þm. En raunar mætti bæta úr þessum ágalla með því að láta kosningar gilda fyrst frá fyrsta vetrardegi. Aðalatriðið er auðvitað að gera kjósendum sem hægast fyrir um að notfæra sjer kosningarrjettinn. Og það sýnir best, hvern hug menn bera í þessu efni, að mótmæli gegn því að flytja kjördaginn til vorsins hafa þegar borist frá fjölmörgum kaupstöðum og kauptúnum landsins. Saga þessa máls, bæði frá 1909 og 1915, sýnir, að þm. þeir, sem kunnugastir eru öllum aðstæðum, hafa mjög lagt sig í í líma með að finna hentugan kjördag, en niðurstaðan hefir orðið sú, að yfirgnæfandi meirihl. hefir hallast að því, að 1. vetrardagur væri best valinn. Og hvílíkt reik er á hugum þeirra, sem nú vilja breyta til, sýna hinar mörgu uppástungur, sem fram hafa komið, þar sem sumir vilja hafa kjördaginn í 10. viku sumars, sumir í 11. vikunni og

enn aðrir í 12. viku sumars. En jeg vænti þess samt, að þm. sjái, að 1. vetrardagur sje heppilegastur, sami dagur sem verið hefir síðan 1909, og sem menn yfirleitt hafa verið ánægðir með. Þá vænti jeg þess líka, að hv. þd. aðhyllist brtt. á þskj. 222, og þá jafnframt brtt. á þskj. 264, sem ákveður, að beri 10. sept. upp á sunnudag, þá skuli kosið næsta virkan dag á undan.

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg skal geta þess, að allshn. hefir tekið til athugunar brtt. á þskj. 170, en sá sjer ekki fært að vera með þeim. Gæti jeg þó fyrir mitt leyti fallist á 6. brtt., um það, að kosningarnar fari fram í 12. viku sumars, þó jeg hyggi það ekki hafa mikla þýðingu fyrir kjósendurna.

1. brtt. á sama þskj. er um það, að skifta megi kjördæmunum í 3 kjördeildir. Því getur nefndin heldur ekki mælt með. Reynslan hefir verið sú, að sumstaðar hefir verið nógu erfitt að fá menn í eina kjördeild, hvað þá heldur tvær, og enn meiri örðugleikar yrðu þá á því, að fá menn í þrjár kjördeildir. Af þessum ástæðum viljum við aðeins hafa flest tvær kjördeildir. Má raunar vel vera, að það sje satt, sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) segir, að svo hagi til fyrir vestan, að þar sje heppilegast að hafa 3 kjördeildir, en við verðum þó að telja þessa leið varhugaverða.

Þá hefir allshn. ekki heldur tekið ákvörðun um brtt. á þskj. 222, en það má teljast leiða af sjálfu sjer, að hún sje því mótfallin, að einstöku kjördæmum sje leyft að hafa kosningar á öðrum tíma en hinum venjulega kjördegi. Er það vitanlegt, að það leiðir ekki til annars en ruglings og ýmsra óþæginda við kosningarnar.

Hvað sem annars breytingunum á kosningalögunum viðvíkur, þá vil jeg þó sjerstaklega leggja áherslu á 1. gr. frv., að gefa sýslunefndum heimild til að skifta hreppunum í 2 kjördeildir og að færa daginn í 11. eða 12. viku sumars. Jeg þarf ekki nú að fara að endurtaka ástæðurnar fyrir því að velja einmitt þann tíma, því hv. dm. hafa heyrt þær. En jeg vildi fá tækifæri til að fara nokkrum orðum um það, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði. Hann taldi mjög óheppilegt að láta kosningarnar fara fram að vorinu, einkum ef svo stæði á, að stjórnin væri í minnihl. og þm. kreföust aukaþings. Jeg minnist þess nú ekki, að ákvæði sjeu um það í stjórnarskrá vorri, að þm. geti krafist aukaþings. Það var til í gömlu stjórnarskránni, að mig minnir. Sú ástæða hefir því enga þýðingu og getur varla komið til greina.

Jeg finn nú ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en vænti, að aðalbreytingin á kosningalögunum, sú, sem jeg nefndi, nái fram að ganga. Eins og hv. þm. vita, þá er fram komið frv. um að afnema heimakosningar. Er þá einnig fyrir þær sakir mikils virði að fá inn í kosningalögin ákvæði, er heimilar sýslunefnd að skifta hreppi í tvær kjördeildir í þeim hreppum, sem erfiðast er að sækja kosningar.

Að lokum vildi jeg leyfa mjer að óska þess, að 6. brtt. á þskj. 170 verði borin upp á undan 2.—5. brtt.

Halldór Stefánsson: Viðvíkjandi brtt. þeim, sem hjer liggja fyrir, um skiftingu hreppa í tvær kjördeildir og flutning kjördagsins til 12. viku sumars, er það að segja, að við flm. teljum ekki máli skifta, hvort þær verða samþ. eða

feldar, en sjáum þó ekki beinlínis ástæðu til að mæla með þeim. Aðalatriðið teljum við færslu kjördagsins til vorsins, og skiftir þá ekki verulegu máli, hvort hann er viku fyr eða seinna.

Aftur á móti koma till. þeirra hv. 2. og 4. þm. Reykv. fastar móti stefnu frv. Þeir vilja halda fast við haustkjördaginn, og er ástæðan sú, að sjómenn og aðrir kaupstaðakjósendur eigi örðugra með að sækja kosningar að vorinu. Það hefir áður verið sýnt, hve lítil rök þetta hefir við að styðjast. Það er nefnilega svo, að þó að þeir sjeu ekki heima kosningadaginn, þá er þeim auðvelt annaðhvort að hafa kosið áður en þeir fóru að heiman, eða kjósa þar, sem þeir eru staddir á kjördegi.

Hvað annirnar snertir, þá er bæði það, að í kaupstöðum er fljótgert að neyta kosningarjettar síns, og í annan stað verður ekki sjeð, að verkamenn hlífist við að gera stærri verktafir, þó það sje af öðrum ástæðum og e. t. v. fyrir stærri sakir. En í sveitum er það svo, að á vorin, þegar nóttin er björt sem dagur, geta menn lagt meiri vinnu á sig fyrir töfina, ef mönnum þykir sjer þörf á. Og minna tjón er að því að sleppa niður eina dagstund vinnu að vorinu, en hvort sem væri, annaðhvort að eiga fjenað sinn í hættu og verða e. t. v. fyrir tjóni, eða geta ekki neytt kosningarrjettar síns.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði mikið um það, að kunnugustu menn hefðu valið þann kjördag, sem undanfarið hefir verið hafður, eftir mikla og nákvæma íhugun. Það er mjer líka fjarri að efast um það, að þeir hafi valið hann eftir bestu vitund. En síðan hefir reynslan fengist og sannfært menn um, að dagurinn hefir ekki verið sem best valinn. Þá sagði hann, að mörgum væri auknir örðugleikar með flutningi kjördagsins, en jeg þykist hafa sýnt hið gagnstæða. Því ekki tel jeg það með örðugleikum, þó menn, sem verða fjarri heimili sínu, þegar kosningarnar fara fram, þurfi að gæta þess, sem gæta þarf, til þess að neyta kosningarjettar síns samt sem áður, annaðhvort áður en þeir fara að heiman, eða þá þar, sem þeir eru staddir á kjördaginn.

Af öllum þessum ástæðum get jeg ekki fallist á brtt., og vænti, að hv. deild verði sömu skoðunar.

Björn Líndal: Það er ástæðulaust að tala langt mál, því eftir því sem atkvgr. fjell við 2. umr., mun nokkurnveginn augljóst, hvernig málið verður afgreitt hjeðan úr deildinni.

Það er merkilegt, að enn hefir engin almenn ástæða verið færð fram fyrir því, að nauðsyn beri til að breyta kjördeginum. Þetta hlýtur altaf að verða álitamál, og aldrei verður sá dagur fundinn, sem öllum líki. Menn eru að reyna að færa sönnur á mál sitt, aðallega með ýmsum veðurspám, en geta þó ekki bent á eitt einasta dæmi þess, síðan fyrst var farið að nota haustkjördaginn, að óveður hafi hamlað mönnum frá að sækja kjörfund. Þvert á móti hefir aðsókn altaf verið að aukast. Og það hygg jeg, að þessi tími, sem nú á að samþykkja, 11. eða 12. vika sumars, sje allra óheppilegasti tíminn fyrir mitt kjördæmi. Þá stunda mótorbátarnir veiðarnar af sem allra mestu kappi, og kaupafólk er þá á leiðinni upp í sveitirnar. Af þessu leiðir annríki svo mikið, að fólk getur ekki mist af neinum tíma til að hlusta á landsmálafundi. Tel jeg, að það sje ekki svo lítil ástæða, því þangað sækja kjósend-

ur þó margir hverjir megnið af sínu „pólitíska“ viti. Sje jeg því ekki, að nein rök hafi verið færð fram fyrir því, að þessi breyting yrði til bóta. Hún myndi þvert á móti verða flestum kjördæmum landsins til hins mesta óhagræðis og svifta fjölda manna tækifæri til þess að kjósa. Og þótt hugsast gæti, að annar kjördagur væri 2 eða 3 kjördæmum hagkvæmari, held jeg ekki sanngjarnt að breyta kjördeginum þeirra vegna á kostnað allra hinna.

Jón Baldvinsson: Það er alveg rjettilega tekið fram hjá hv. þm. Ak. (BL), að engin rök hafa enn verið færð fram fyrir því, að nauðsyn væri til að flytja kjördaginn. Hv. þm. V.-Sk. (JK) kvað ákvæði brtt. á þskj. 222 koma ruglingi á kosningarnar, en engin rök kom hann samt með fyrir því. Þá vildi hann hrekja það, að til þess gæti komið, að aukaþing yrði kallað saman, þó kosningar færu fram svo langt frá samkomutíma Alþingis, eins og frv. ætlaðist til. Jeg hafði þó greinilega bent á, hvernig það mætti verða. Það er raunar satt, að konungurinn kallar Alþingi saman, og honum er auðvitað vel við hverja þingræðisstjórn, en þegar hún er ekki lengur þingræðisstjórn, þá ber nauðsyn til að kalla þing saman til að mynda nýja stjórn, og ekki myndi konungur setja sig á móti því. Þá kvað hv. 1. þm. N.-M. (HStef) þetta engum óþægindum valda fyrir kaupstaðabúa. En nú er það svo, að fólkið fer oft og tíðum alveg fyrirvaralaust í atvinnu og atvinnuleit, og hefir þá engin umsvif til að fara niður á skrifstofu bæjarfógetans til að kjósa þar. Menn eru þann tíma í þeim hug, að þeir hugsa um það eitt að bjarga sjer og afla sjer einhverrar atvinnu, en síður um hitt, að skila atkvæði sínu. Reynslan hefir því sýnt, að þessi dagur er illa til þess fallinn, að hann verði gerður að kjördegi.

Jeg skil ekki, hvað það þýðir, að segja að verkamenn muni ekki hlífast við að hefja verkfall, og þá geti þeir eins vel lagt niður vinnu til þess að neyta kosningarrjettar síns. Þeim er heimilt samkvæmt lögum að ganga úr vinnu til þess að kjósa. Og veit jeg ekki til þess, að atvinnurekendur hafi reynt að ganga á móti lögunum í þessu efni, nema þá þeir, sem teljast verða af allra lakasta tæi. Þetta atriði kemur því ekki málinu við, er engin röksemd, heldur aðeins sagt út í loftið.

Jeg fæ ekki annað sjeð en að þeir, sem mæla með flutningi kjördagsins, slái út í hina og aðra sálma. En færa röksemdir fyrir máli sínu hefir þeim enn ekki tekist, hvað sem samþykt verður.

Frsm. (Jón Kjartansson): Það var aðeins viðvíkjandi ótta hv. 2. þm. Reykv. (JBald) við aukaþing. Jeg skil ekkert í því, að þessi mótbára skuli koma frá honum, sem þykist bera hag alls almennings og alþýðu fyrir brjósti. Jeg skil ekki í því, að hann geti þá verið á móti því, að almenningur fái að dæma um málin eða segja sitt álit, hvort þingið er orðið stjórninni mótfallið, eða stjórnin vill leita vilja alþýðu.

Þetta er lítilfjörleg mótbára, sem engu tali tekur. Eins er það vitanlegt, að konungur kallar ekki saman aukaþing, nema eftir beiðni stjórnarinnar, svo hún hefir í rauninni valdið í þessu máli.

Annars ætla jeg mjer ekki að ræða einstakar gr. Það var gert við 2. umr. Jeg hefi og þegar skýrt frá skoðun

allshn. á brtt.; tel því ekki, að frekari umr. hafi neitt að þýða, heldur verði leitað atkv.

Jón Baldvinsson: Jeg sagði það áðan í fyrri ræðu minni, þeim til athugunar, sem halda vilja þing aðeins annaðhvert ár, hvað þeir myndu segja til þess, ef þessi flutningur á kjördeginum leiddi að því, að þing yrði tvisvar á ári. Jeg sagði ekkert um skoðun mína á því máli.

Jeg mótmæli því, sem hv. þm. V.-Sk. (JK) sagði um það, að jeg væri á móti því, að vilji almennings kæmi í ljós. Jeg berst fyrir því, að hann njóti sín sem best við kosningarnar með því að vilja hafa þann kjördag, sem flestir eiga hægast með að neyta kosningarrjettarins.

Viðvíkjandi því að kalla saman aukaþing, þá mun hver stjórn í því efni fara eftir áskorun meirihluta þingsins, minsta kosti sú stjórn, sem telur sig fylgja þingræðinu. Það má vera, að þeir, sem hafa sýnt sig líklega til að mynda minnihlutastjórn, virtu ekki þingviljann mikils, hvorki í þessu efni nje öðru.

ATKVGR.

Brtt. 170, 1 a samþ. með 14 : 10 atkv.
— 170, 1 b—d samþ. án atkvgr.
— 170, 1 e samþ. með 14 : 1 atkv.
— 170, 6 samþ. með 14 : 9 atkv.
— 170, 2—5 samþ. með 14 : 2 atkv.
— 222 og 264 sjálffallnar.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JAJ, JK, JörB, KlJ, MG, BSv.

nei: SigurjJ, ÁF, BL, HK, JakM, JBald, JS, JÞ, MJ, MT, PO.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., þriðjudaginn 1. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 272).

Á 38. fundi í Ed., fimtudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., föstudaginn 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 272, n. 495).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Jónas Jónsson): Allshn. hefir komið sjer saman um, að þessu máli yrði, að lokinni 2. umr., vísað til stjórnarinnar og henni falið að rannsaka það og leggja árangur rannsóknarinnar fyrir næsta þing. Nú um nokkur ár hefir 1. vetrardagur verið lögfestur kjördagur. Hefir það í aðalatriðum gefist fremur vel, en það má að mestu þakka tilviljun einni. Um það leyti er allra veðra von og tilviljun ein, að stór óhöpp hafa ekki orðið með veður. Hefir þetta vakið almennan áhuga manna á Norður- og Austurlandi fyrir því að færa kjördaginn til vorsins. Fyrir því hafa þm. N.-M. borið fram þetta frv. Er það ekki flokksmál, því annar telst til Íhaldsflokksins en hinn til Framsóknar. Jeg er fæddur norðlendingur og minnist frá æsku minni stórhríða um þetta leyti, og mun vera óhætt að fullyrða, að hríðarveður hafi ráðið nokkru um úrslit einstakra kosninga á síðustu árum. Jeg nefni sem dæmi, að 1919 mætti jeg hjer í Rvík á

kjördaginn þáv. þm. Árn., sem hafði setið á þingi um 20 ár. Það var kalsaveður hjer. Hann sagði við mig: „Nú er jeg fallinn, úr því svona viðrar, nú verður lítið kosið ofan til í Árnessýslu.“ Þar, sem hann hafði fylgi, var kosningin illa sótt fyrir þessa sök. Sama mundi útkoman að líkindum hafa verið nú við síðustu kosningar í Árnessýslu, hefði illa viðrað kosningadaginn. Þá myndi núverandi 2. þm. Árn. hafa fallið, ef uppsýslumenn hefðu, sökum veðurvonsku, átt erfitt með að koma á kjörfund.

Jeg hefi tekið Árnessýslu, af því þar er hægara að sækja kosningar en í mörgum öðrum kjördæmum, t. d. á Norður- og Austurlandi. En þó getur veðrið haft mikil áhrif á kosningarúrslitin þar. Hygg jeg, að miklu minna sje um blindbylji á haustin í Árnessýslu en víða á Norður- og Austurlandi.

Eins og tekið er fram í nál., ræddum við málið rækilega í allshn. Er mjer óhætt að fullyrða, að allir hafi viðurkent, að núverandi tilhögun væri mjög óheppileg að þessu leyti. Til mála kom í hv. Nd. að breyta frv. þessu og hafa tvo kjördaga, með því að sterk mótmæli hafa komið úr kaupstöðum gegn því að færa kjördaginn yfir á sumarið. Niðurstaða allshn. varð því sú, að vísa málinu til hæstv. stjórnar, í því trausti, að hún rannsakaði það og beri það aftur fram, helst í einhverri þeirri mynd, að siglt verði fram hjá þessum annmörkum, sem leiða af sameiginlegum kjördegi fyrir alla þjóðina. Sveitafólkið er knúð til að kjósa í hvaða veðri sem er að haustlagi, en mörgu bæjarfólki er ókleift að kjósa að sumrinu, fjöldi þess er dreifður hjer og þar við atvinnu. Þetta er mikið vandamál; en maður verður að hafa það hugfast, að það dugar ekki að binda sig of mikið við útlendar venjur, þar sem járnbrautir og akvegir eru, öll bestu samgöngutæki, veður mild á öllum tímum árs, og ekki árstíðavinna, sem hamlar, eins og víðast hvar er í Norðurálfu, nema hjer; þar má kjósa á hvaða tíma árs sem er. En við verðum að taka tillit til þess, hvað á best við á okkar landi, sem er svo erfitt yfirferðar og strjálbygt. Býst jeg við, að við verðum að haga vali kjördagsins mjög eftir staðháttum, því sjálfsagt er að reyna að stilla þannig til, að kjósendur í hverju kjördæmi út af fyrir sig eigi sem hægast með að nota sinn rjett. Sumir halda fram, að miður heppilegt sje að vera að undirbúa kosningar í sveitakjördæmum og kjósa á vorin, en kjósa ekki í kaupstöðum fyr en á haustin. Jeg held ekki, að þetta myndi hafa nein teljandi áhrif á úrslit kosninganna í kaupstöðum, með því að það er kunnugt, að hver einstakur frambjóðandi og hver flokkur hefir sína eigin hugmynd um, hvernig kosningarnar falla í öðrum kjördæmum, þar til talið er. Menn spá, en það er nokkurskonar dægradvöl, líkt og spil eða tafl.

Minna má á það, að langlengst af þeim tíma, síðan Alþingi var endurreist, hafa kosningar ekki farið fram á sama tíma um alt land. Jafnvel fram undir aldamótin kom það fyrir, að maður, sem fjell í einu kjördæmi, gat boðið sig fram í öðru. Um það yrði þó ekki að ræða nú.

Þá var annað atriði í frv., sem við töldum til mikilla bóta, og það er að gera kleift að skifta stórum hreppum í fleiri kjördeildir, og er ætlast til, að það ákvæði komi aftur í hið væntanlega stjórnarfrv. Dálítill meiningamunur varð um kjörseðlana, svo sem nál. skýrir frá. Er sennilegt, að einhver ný atriði

komi fram í kosningalögunum við rannsókn hæstv. stjórnar, sem tiltækilegt væri að breyta. Í hv. Nd. var minst á að breyta um aðferð við að merkja seðlana, leggja niður stimpilinn og nota blýantskross. Þetta hefir sína þýðingu, með því að stimpillinn hefir þann galla að geta flekkað seðilinn og gert hann auðkennilegan og þá um leið vafasaman.

Jeg vildi mega óska, að hæstv. forsrh. ljeti að einhverju leyti í ljós skoðun sína á þessu máli, sem allshn. skýtur sjerstaklega til hans aðgerða, þó vitanlega sje ekki hægt að búast við ákveðnum svörum nema um sum atriði.

Forsætisráðherra (JM): Það er rjett til getið hjá hv. frsm. (JJ), að jeg geti ekki látið uppi álit mitt um einstök atriði, sem hjer er um að ræða. Jeg hefi átt tal við hv. nefnd um tvo kjördaga og það, sem að þeirri tilhögun lýtur, og verð jeg að segja, að mjer kom það nýstárlega fyrir. Getur þó vel verið, þegar maður íhugar þetta nánar, að manni þyki það ekki eins óaðgengilegt.

Það eitt get jeg sagt um málið, að það er sjálfsagt, að stjórnin rannsaki kosningalögin og þá um leið, hvaða breytingar megi á þeim gera. Skilst mjer, að hv. allshn. muni gera sig ánægða með þessa yfirlýsingu.

Sigurður Eggerz: Út af tveim kjördögum vil jeg taka það fram, að jeg held, að kosningarimman lengdist með þeirri breytingu. Sje fyrri kjördagur í júlí, þá byrjar kosningarimman svona í apríl eða maí, og svo yrði haldið að sjálfsögðu áfram til hausts. (**JJ:** Hún dettur niður um sláttinn). Flokkarnir hefðu aldrei frið í sínum beinum, ef sá eldur ætlaði að slokna, sem búið var að kveikja við fyrri kjördaginn. Þó að sje nú að vísu svo mikill hreinleiki í kosningum hjá oss, álít jeg ekki ástæðu til að lengja kosningahríðina. Jeg tala ekki um, ef fyrst yrði sjómannakjördagur. Þá myndi hún lengjast enn meir. Gæti komið fyrir, að þing stæði svo lengi, að liðið væri fram yfir kjördag, einnig getur þingið verið flutt yfir á sumarið. (**IHB:** Vonandi!) Já, ýmsir óska eftir því. Enda þekki jeg illa vort góða Alþingi, ef það þarf ekki einnig að breyta þessu bráðlega. Það kemur mjer ekki á óvart þó Íhaldið og Framsóknin rjetti hvort öðru hendina um þetta mál, því stefnumunur á milli þessara flokka er sáralítill. Þeir ættu eiginlega að vera einn flokkur með einum hirði. Allur þessi blaðaágreiningur er að mestu leyti látalæti. Báðir sjá jafnstutt frá sjer.

Frsm. (Jónas Jónsson): Jeg gat ekki búist við gleggri svörum frá hálfu hæstv. stjórnar að sinni. Þar sem óskað er eftir rannsókn á málinu má ekki heimta dóm fyrirfram. En út af ræðu hæstv. forsrh. (JM) og fyrri hluta ræðu hv. 1. landsk. (SE) vil jeg taka það fram, að því verður ekki neitað, að nokkrir erfiðleikar eru á tveimur kjördögum. Má vel vera, að við rannsókn sína finni hæstv. stjórn kjördag, sem sje sæmilegur fyrir alla málsparta. Það mun sannast, að sveitirnar gera æ sterkari og sterkari kröfur um að fá kjördeginum breytt frá því, sem nú er; jeg er viss um, að á hverju ári verða tilraunir í þá átt, uns rjettarbót er fengin. Allshn. vill vona, að hæstv. stjórn finni úrlausn á þessari þraut; takist það ekki nú, verður að leita enn fyrir sjer, því sama óánægj-

an og möglið mun halda áfram, svo lengi sem núverandi fyrirkomulag stendur.

Það gleður mig, að hv. 1. landsk. (SE) vill taka á sig það hlutverk að vera pólitiskur sálusorgari hjer í hv. deild. Hygg jeg hann vel færan til þess, vegna afls og vaxtar og annara góðra kosta, að gegna þeim vanda. Þó ekki sje ávalt sem fullkomnast samkomulag milli íhaldsflokksins og Framsóknar, þá er það gott um sum hin mestu mál, t. d. hæstarjett, þar sem Framsóknarflokkurinn hefir örugglega stutt forsrh. (JM) til sigurs um eitt mesta sparnaðarmál þingsins. Einnig var í hv. Nd. mjög gott samkomulag um sendiherramálið, og vona jeg, að gott samkomulag náist, þegar það mál kemur á ný í þessa háttv. deild.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 495, frá allshn., samþ. með 12 shlj. atkv.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Sveitarstjórnarlög.

Á 25. fundi í Nd., mánudaginn 17. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 19. júní 1922, um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905 (þmfrv., A. 142).

Á 27. fundi í Nd., miðvikudaginn 19. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., fimtudaginn 20. mars, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Pjetur Þórðarson): Jeg vil biðja háttv. þdm. að athuga það, að breyting sú á eldri lögum, sem í þessu frv. felst, er aðeins fólgin í orðamun í seinni hluta frvgr. Hjer er því ekki um neina aðalbreytingu að ræða, heldur eru ákvæði eldri laga látin ná til fleiri atriða en mönnum hefir hingað til komið ásamt um að láta þau ná. Hjer er sem sje um það að ræða, hvort nota beri almenn afnot fasteigna — sjerstaklega slægnaitök — sem skattstofn við álagningu sveitarútsvara. Mál þetta er kunnugt frá fyrri þingum, og átti að vera frá því gengið fyr, sjerstaklega á þingi 1919. Jeg vænti þess, að þingmenn hafi lesið ástæðurnar fyrir frv. í greinargerðinni og kynt sjer svo eldri lögin, sem þessar breytingar eiga við, að þeir sjái fljótlega og geti gert sjer frein fyrir, að þær eru í því fólgnar, að útsvarsskylda nái sem víðtækast yfir hlunnindi, ítök og jarðarafnot. Jeg býst við, að menn hafi skilið það, að jeg vil aftur á móti ekki láta útsvarsskyldu ná lengra en góðu hófi gegnir. Aðalinnihald frv. er það, að heimild sje til að leggja útsvör á slægjuafnot utanhreppsmanna og önnur ítök þeirra, svo að þeir verði skattskyldir eins og aðrir þeir, sem einhver hlunnindi hafa í hreppnum. Býst jeg við, að jeg þurfi ekki að útlista þetta frekar, því að ólíklegt er, að nokkur hafi á móti því, að utanhreppsmenn, hvort sem þeir eru íbúar sveita, kauptúna eða kaupstaða, sæti sömu kjörum og hinir, sem í hreppnum búa, og lausamenn þá eins og aðrir. Leyfi jeg mjer að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr., með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 42., 43. og 45. fundi í Nd., dagana 4., 5. og 8. apríl, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. apríl, var frv. enn tekið til 2. u m r. (A. 142, n. 193 og 203, 226)

Frsm. meirihl. (Jón Baldvinsson): Allshn., eða rjettara sagt meirihl. hennar, hefir ekki getað fallist á þetta frv., og leggur því til við háttv. þd., að það verði felt. Frv. þetta fer fram á, að gerð verði breyting á sveitarstjórnarlögunum í þá átt, að leggja megi útsvar á ítök og önnur hlunnindi utansveitarmanna. Frv. er fram borið í tilefni af hæstarjettardómi, eins og vísað er til í greinargerð frv. Meirihl. nefndarinnar álítur, að þegar sje gengið of langt í álagningu útsvara á utansveitarmenn, sjerstaklega eftir að sveitarstjórnarlögunum var breytt með lögum frá 1922, og álítur því ekki rjett að samþ. nú þessa breytingu á þeim. Einnig telur nefndin alveg óupplýst, hvort umræddur hæstarjettardómur nær fremur til almenns efnis laganna eða þar sje aðeins um einstakt atriði að ræða. Það virðist og af greinargerð frv. koma í ljós, að flm. þess þyki í raun og veru ekki vera ástæða til þess að vera að elta með útsvörum fátæka þurrabúðarmenn, þótt þeir hafi haft einhver slægjuafnot eða þessháttar utan sveitarfjelags síns, og má fullkomlega af því ráða, að hann leggi ekki mikið kapp á þessa breytingu á lögunum, þótt hann beri það fram að vilja kjósenda sinna. En ef það á að fara að breyta lögunum á annað borð, geri jeg ráð fyrir, að meirihl. allshn. vilji fella ýmislegt niður, sem komið er inn í lögin, því nú er verið að elta menn með útsvarsálagningum, án þess að nokkur takmörk sje um það sett, eða hve lengi atvinnan hafi verið rekin, þar sem útsvarið er lagt á. Þannig eru núgildandi lög, að minsta kosti í sumum tilfellum, ákaflega nærgöngul. Þessvegna leggur meirihl. allshn. það til, að þetta frv., sem enn fer í þá áttina, verði felt.

Um till. frá hv. þm. Borgf. (PO) er það að segja, að nefndarmenn hafa þar óbundnar hendur um atkv. sitt, því að það segir sig sjálft, að ef frv. verður felt, getur þessi brtt. illa staðist. Brtt. er að vísu alveg sjerstaks efnis og tekur til þess, að svæðið frá Reykjanesi til Garðskaga skuli í þessu tilliti teljast til Faxaflóa, og er ástæðan fyrir því, að þessi brtt. er borin fram, dómur, sem fallið hefir um útsvarsmál frá Sandgerði. Þó að sanngirni sje í því að samþ. þessa brtt., finst mjer þó ekki vera ástæða til þess að gera aðeins þessa breytingu á lögunum og enga aðra. Verði þetta samþ., teldi jeg rjett að koma fram með miklu víðtækari breytingar á lögunum.

Nefndarmenn hafa sem sagt óbundnar hendur um þessa brtt., en meirihl. nefndarinnar leggur til, að frv. sje felt.

Frsm. minnihl. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg hefi ekki getað orðið samferða hv. samnefndarmönnum mínum í þessu máli. Er það till. mín, að breyting sú á sveitarstjórnarlögunum, sem

hjer er farið fram á, nái fram að ganga; og hefi jeg í nál. á þskj. 203 gert grein fyrir þeim rökum, er til þess liggja. Frá minu sjónarmiði er ekki nema sjálfsagt, að eins og kaupstaðabúar eru skattskyldir fyrir afnotarjett af ítökum og slægjum í öðrum hjeruðum, þá sjeu utansveitarbændur það líka. Og þó það sje satt, að oft hafi verið fullangt gengið í því að heimila slíkar skattaálagningar, þá lagast ekki þeir agnúar við það að halda því misrjetti áfram, sem verið hefir í þessu efni. Samræmisins vegna ætti hv. deild því að geta felt sig við breytinguna.

Jeg get fúslega fallist á brtt. hv. þm. Borgf. (PO) á þskj. 226. Hygg jeg, að hún sje í fullu samræmi við það, sem lögin ætluðust upphaflega til. Landfræðislega sjeð nær Faxaflóa milli Reykjanestár og Snæfellsness, og þeir firðir, sem þar eru á milli, heyra þessum flóa til. En brtt. þessi tekur af allan vafa í þessu efni, og það er gott.

Annars álít jeg þetta mál ekki vera svo mikið stórmál, að taki að hafa langar umræður. Jeg hefi aðeins í fám orðum viljað skýra frá afstöðu minni og gera grein fyrir því, hversvegna mjer finst bót að þessum breytingum, ef þær ná fram að ganga.

Pjetur Ottesen: Jeg á brtt. við frv. þetta á þskj. 226. Fer hún fram á, að á eftir síðustu málsgr. 1. gr. l. 1922, um breyting á sveitarstjórnarlögunum, komi ný málsgrein svohljóðandi: „Svæðið frá Reykjanestá að Garðskaga telst í þessu efni liggja við Faxaflóa.“ Vil jeg nú gera stutta grein fyrir því, af hverju þetta er nauðsynlegt.

Svo er mál með vexti, að nýlega hefir fallið dómur í útsvarsmáli í Sandgerði. En þar er svo á litið, að hin landfræðislegu takmörk Faxaflóa hjer að sunnanverðu sje Garðskagi en ekki Reykjanes, sem frá öndverðu og alt til þessa hefir verið álitið að takmarka flóann hjer að sunnan. Skal jeg ekkert um þann dóm segja hjer, enda tjáir ekki að deila við dómarann. Svo hagar hjer til, að Sandgerði liggur rjett sunnan við Garðskagann. Þar er aðalbækistöð mótorbáta við allan Faxaflóa á tímabilinu frá nýári til vertíðarloka. Má víst segja, að mótorbátaútvegurinn hjer við flóann byggist á því, að hann geti haft þarna afdrep og haldið þaðan út á þessu tímabili, því það er eini staðurinn, sem bátar frá veiðistöðvum hjer við innanverðan flóann geta stundað veiðar frá, svo arðsvon sje um þetta leyti árs. Hinsvegar sækja þeir þó á þau fiskimið, sem vafalaust er, að sjeu að mestu innan Faxaflóa, þrátt fyrir það, þó flóinn sje talinn takmarkast af Garðskaga. Fiskjarins er með öðrum orðum aflað innan takmarka Faxaflóa, þó að honum sje gert og hann saltaður ýmist í landi eða á höfninni í Sandgerði, sem samkvæmt þessum nýfelda hæstarjettardómi telst að liggja utan við hin landfræðislegu takmörk Faxaflóa.

Það leiðir þó af sjálfu sjer, að samkvæmt ákvörðun og anda þeirra fyrirmæla sveitarstjórnarlaganna, þar sem ræðir um útsvarsskyldu, þar sem veiði er stunduð við sama fjörð og flóa, þá eigi þau í orðsins fylsta skilningi við um þá menn úr öðrum veiðistöðvum hjer við Faxaflóa, sem veiðar stunda frá Sandgerði, þó niðurstaða hæstarjettar hafi orðið þessi. En til þess að þessi dómur raski ekki í neinu þessum ákvæðum laganna, hvað Faxaflóa snertir, þá hefi jeg borið þessa brtt. fram, að svæðið frá

Reykjanestá að Garðskaga teljist í þessu efni liggja við Faxaflóa.

Þess má ennfremur geta í þessu sambandi, að Sandgerði er eign tveggja manna, sem svo að segja hafa öll ráð þessara viðlegumanna í hendi sjer, að því er snertir þau gjöld og þær kvaðir, er þeir verða að inna af hendi fyrir þau hlunnindi að eiga þarna innhlaup. Veit jeg því, að hv. deild finnur og skilur, hversu mikil sanngirni er í þessari till., og vænti þess, að hún samþykki hana.

En það er líka önnur hlið á þessu máli, sem gerir þessa breytingu ekki síður nauðsynlega. Eins og mönnum er kunnugt, er vöknuð hjer á landi sterk hreyfing í þá átt að neyta allrar orku til þess að fá landhelgina rýmkaða, svo allir firðir og flóar sjeu friðaðir fyrir botnvörpuveiðum. Þetta er óumræðilegt nauðsynjamál, og á því mun útvegur vor í framtíðinni velta. Það sjá því allir, hver munur yrði á því — er slík hamingjustund rynni yfir þetta land — hvort svæðið milli Garðsskaga og Reykjanestár teldist til Faxaflóa eða ekki. Þetta eitt út af fyrir sig gerir það því alveg nauðsynlegt og sjálfsagt að samþykkja þessa till., og þó menn væru ef til vill ekki sannfærðir um nauðsyn þeirrar breytingar, sem hv. þm. Mýra (PÞ) leggur til, að gerðar verði á sveitarstjórnarlögunum, þá gerir þessi till. það nauðsynlegt, að breytingin gengi fram. Vil jeg því leyfa mjer að beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann hagi svo atkvæðagreiðslunni, að þessi brtt. geti orðið samþ. þó frv.greinin kunni að verða feld.

Björn Líndal: Í hv. Ed. hafa breytingar á sveitarstjórnarlögunum verið á ferðinni, og mun öll allshn. þeirrar deildar hafa verið sammála um að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá. Eins finst mjer að ætti að vera hjer. Það er í skjótu máli sagt, að jeg get alls ekki fallist á frv. á þskj. 142, og vænti þess, að það fái ekki fram að ganga. Mín skoðun er sú, að gengið hafi verið alt of langt í því að leggja útsvar á aðkomumenn, eins og það, að leggja skatt á þá menn, sem fara t. d. upp í sveit til sumardvalar, ef þeir annaðhvort veiða eitthvað af laxi eða fá sjer slægnablett, svo sem til hressingar eða skemtunar. Þetta hefir líka orðið til þess, að sumir hafa borgað útsvar, en aðrir hafa sloppið við það, eða útsvarið ekki innheimst hjá öðrum en þeim, sem greiddu það góðfúslega. Jeg vil nú ekki fara út í smáatriði, en mjer er það ljóst, að stefna frv. er þveröfug við það, sem jeg kysi. Það er nú margbúið að breyta þessum lögum, og þó hægt sje í bili að komast að einhverri niðurstöðu um efni eins og þetta, þá hefir það jafnan sýnt sig, að margt hefir þar verið vanhugsað og meira ráðið hagsmunir sjerstakra sveitarfjelaga en þjóðarinnar í heild sinni. Vandaðar og vel athugaðar breytingar á þessum lögum er ríkisstjórnin færust um að undirbúa. Því geri jeg það að tillögu minni, að málinu í heild sinni verði vísað til stjórnarinnar. Brtt. hv. þm. Borgf. (PO) hefi jeg raunar ekkert á móti, og get því vel unt henni þess í sjálfu sjer, að hún nái fram að ganga.

Pjetur Þórðarson: Mál þetta er ósköp einfalt og óbrotið, og í raun og veru er ekki nema um eitt atriði að ræða og það heldur fyrirferðarlítið. Get jeg því verið fáorður.

Í nál. meirihl. allshn., og eins í ræðu hv. frsm. (JBald), er minst á það, að

hjer væri of langt gengið, að heimila útsvarsskyldu á ítök í öðrum hreppum. Jeg held, að þetta sje bygt á misskilningi eða ónógri athugun. Og að með þessu frv. sje verið að elta menn um of með álögum, eins og hv. þm. Ak. (BL) sagði, þá er óhætt að fullyrða, að alt slíkt, sem hann nefndi í þessu sambandi, er til í lögum áður. Breytingin, sem hjer er um að ræða, er aðeins um ítök bænda og annara í öðrum hjeruðum. Það er ekki að neinu leyti verið að ganga lengra með þessu frv. en sanngjarnt er, heldur aðeins tekið inn í atriði, sem liggur nær og virðist hafa sjest yfir, þegar hitt var upp tekið, sem of langt gengur. En hitt er satt, eins og jeg hefi líka látið skína í gegnum greinargerð mína við frv., að áður hafi oft verið gengið lengra en góðu hófi gegnir í því að leggja útsvör á heyskap manna í öðrum hjeruðum. En þegar slík útsvarsálagning á kaupstaðarbúa var heimiluð síðast með lögum 1922, hefir alveg verið gengið fram hjá því atriði, sem frv. mitt tekur upp. Er ekki raunar svo að skilja, að þetta sje mjer kappsmál, en hinsvegar fæ jeg ekki sjeð nje skilið, hvernig aðrir eins menn og þeir, er skipa meirihl. allshn., geta álitið, að með frv. mínu sje gengið of langt eða með því sje verið að seilast lengra en áður hefir verið gert. Að svo sje ekki, er það minsta, sem jeg get gert kröfu til að fá viðurkent.

Það gefur að skilja, og kemur ljóst fram í áliti hv. meirihl., að hann hefir fallist á það, sem jeg ljet á mjer skilja í greinargerð með frv. mínu. Og nær er mjer að halda, að þessir góðu menn hefðu með fullri sanngirni getað gert eitthvað fyrir frv. annað en ráða háttv. deild til að fella það, hefðu þeir lagt alúð sína fram til þess. Og líklegt þætti mjer, að hv. deild viðurkendi nú, að það væri ekki rjett, sem meirihl. nefndarinnar leggur til.

ATKVGR.

Till. frá þm. Ak. (BL), um að vísa málinu til stjórnarinnar, samþ. með 13 : 8 atkv.

2. Vinnutími í skrifstofum ríkisins.

Á 10. fundi í Nd., fimtudaginn 28. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um ákvörðun vinnutíma í skriftsofum ríkisins (þmfrv., A. 58).

Á 12. og 15. fundi í Nd., dagana 1. og 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Nd., laugardaginn 8. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Jeg get búist við því, að það sje heldur enekki óvinsælt verk að flytja frv. um lenging vinnutíma starfsmanna á opinberum skrifstofum. Það er óvinsælt, að minsta kosti á meðal þeirra, sem líta svo á, að stuttur daglegur starfstími en há laun lýsi mestum menningarbrag hjá þjóðinni. Jeg held líka, að hinir fyrirfarandi óstöðugu tímar hafi átt sinn þátt í því að ala á þeirri hugsun. Og alveg víst er það, að sumir menn álíta, að þjóðin geti ekki á annan hátt en þennan sýnt skylduga rækt við þá menn, sem í þjónustu hennar eru. Og þingið hefir meira að segja sjálft viðurkent þetta. Þarf ekki annað en minna á lögin um hækkun

launa bankastjóra, sem síðasta þing samþykti.

Jeg skal þó strax taka það fram, að jeg er ekki að gefa það í skyn á nokkurn hátt með frv. þessu, að skrifstofumenn ríkisins eigi ekki að hafa sæmileg laun. Það er síður en svo. En það er önnur hlið á þessu máli, sem veit að almenningi. Starfsfyrirkomulagið á æðstu stöðum, eða hjá ríkisstjórninni, á að vera til fyrirmyndar fyrir aðra. Það á að vera og getur verið menningarmál. Og það á að setja menningarsnið á samskonar fyrirkomulag annarsstaðar, um leið og það á að gera öll viðskifti og alla afgreiðslu geðfeldari og greiðari.

Sveitamönnum þykir það óviðfeldið, þegar þeir sjá skrifstofumenn hjer með stýrurnar í augunum kl. að ganga 11. Og það geta vel verið komnir að morgninum menn ofan úr Mosfellssveit, utan af Kjalarnesi og jafnvel ofan úr Kjós, og þó þurft að bíða eftir að fá afgreiðslu á sumum skrifstofum ríkisins. Þetta er alt annar starfsmáti en þeir eru vanir við, og það er alveg áreiðanlegt, að þetta hvetur menn ekki til árvekni eða dugnaðar, en í því ættu og gætu einmitt skrifstofur ríkisins verið til fyrirmyndar.

Tildrög til þess, að jeg flyt frv., eru fyrst þau, að á þinginu 1922 voru farin að koma í ljós talsvert glögg sjúkdómseinkenni á fjárhag landsins. Vorvonirnar í þessum efnum, sem komist höfðu í mestar öfgar 1919, voru brostnar. Og það er ekkert um það að segja, það getur hver játað það kinnroðalaust, sem ól þær vonir, að hann var of skammsýnn, og úrræðin eru þá heldur ekki þau, að sakast um orðinn hlut, heldur skygnast um eftir bjargráðum. Fjárveitinganefndin á þinginu 1922 fór því að leita að ýmsu, sem hún áleit, að þyrfti að laga, og á meðal þess var það, að starfstími á skrifstofum ríkisins væri of stuttur, að minsta kosti sumstaðar, og mannahald þar af leiðandi óþarft. Hún byrjaði á að kynna sjer þetta í stjórnarráðinu og bar málaleitanir sínar síðan fram fyrir stjórnina. Hún tók því ekki illa, og taldi það geta komið til mála að lengja starfstímann. En hitt taldi hún óheppilegt, að hafa opna afgreiðslu lengur en er. Einnig benti stjórnin á það, að starfstími á einkaskrifstofum væri víða ekki lengri en þetta, og því myndi ekki auðið að velja úr mönnum á skrifstofurnar, ef aðrir byðu betri kjör. Jeg skal ekki rengja það, að jafnan hafi fengist úrval af mönnum á skrifstofur stjórnarráðsins, og ekki heldur hitt, að á einkaskrifstofum hafi verið styttri eða svipaður vinnutími; en hvað sem því líður, þá tel jeg nú víst, að yfirlit manna yfir fjárhagshorfurnar sje nú orðið á þann veg, að þó einhver hefði nú svipaðan skrifstofutíma og stjórnarráðið, þá myndi sá hinn sami fúslega breyta til, ef hjer yrði gengið á undan. Annars tel jeg ekki líklegt, að þetta eigi sjer nokkursstaðar stað nú, og ekki benda á það auglýsingar, sem nú eru í blöðunum hjer, þar sem skrifstofutími firmanna er frá kl. 9 árd. til kl. 6 síðd. Og það er einmitt sá tími, sem jeg vil láta ákveða á skrifstofum hins opinbera.

Það, sem jeg þykist vita, að háttv. deild krefji mig um, er svar við þeirri spurningu, hvernig jeg ætlast til, að launauppbæturnar verði, ef þeirra yrði þörf hjá þeim, sem nú eru lægst launaðir, með svona auknum störfum. Því vil jeg svara þannig, að jeg ætlast alls ekki til að launalögunum verði breytt, þó þau tækju til einhverra þeirra, sem

hækka þyrfti launin hjá; þeim vil jeg ekki láta hreyfa við fyrr en á þeim tilsetta tíma, 1925, er þau verða endurskoðuð. En þetta má verða á annan veg. Það er alkunnugt, að starfsmenn á skrifstofum stjórnarráðsins hafa ýmisleg aukastörf með höndum og þar mun breytingin valda mestri truflun. Sýnist það því brýn nauðsyn að hækka laun einhverra þeirra, þá væri einfaldast að leyfa þeim að vinna eitthvað af þeim aukastörfum í sjálfum starfstímanum.

Jeg get ekki gert neina glöggva áætlun yfir það, hve miklu sparnaðurinn myndi nema við þessa breytingu, yrði hún að lögum. Til þess er jeg ekki nægilega kunnugur og hefi heldur ekki fengið þær upplýsingar um þau efni, sem jeg hefi reynt að afla mjer. Við höfum líklega milli 10 og 20 ríkisskrifstofur, en á sumum þeirra er skrifstofutíminn máske svipaður því, sem hjer er farið fram á. En eitt getum við sjeð, og það er það, að þar sem 4 menn eru á skrifstofu og skrifstofutíminn lengist um 2 tíma, þá verður útkoman eins manns starf. Og væri þetta til staðar á 8 skrifstofum, þá er það 8 manna starf, sem sparast. Og þó vjer þyrftum að taka helming af launum þessara 8 manna til launabóta handa hinum, þá eru þó eftir laun 4 manna, sem sparast, og það eru líka peningar. Annars er það rjett, að það á algerlega að vera stjórnarinnar verk að koma lagi á þetta. Og þó lítið sparaðist við það peningalega, þá tel jeg þó rjett, að því verði komið í kring, því eins og jeg tók fram í upphafi, er ekki lítilsvert, að fyrirmyndarstarfsemi eigi sjer stað á skrifstofum hins opinbera. Því starf er það, sem á öllum tímum skapar athafnamanninn, og það, sem fyrst og fremst lyftir undir til allra þjóðþrifa, er starf, en iðjuleysið á hinn bóginn það, sem drepur niður jafnt einstaklinginn sem þjóðirnar.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um málið að sinni. Vænti jeg, að hv. deild lofi því, að lokinni umr., að ganga til nefndar, sem jeg leyfi mjer að leggja til að verði allshn. — Að lokum vildi jeg bæta því við, að ef til vill væri rjett að setja inn í frv. ákvæði um það, hvernig fara skuli, þegar starfsmenn verða veikir. Þegar slík tilfelli hafa borið að, þá mun ýmsum og ólíkum reglum hafa verið fylgt, en þeir munu oftast hafa verið látnir halda launum í lengri eða skemri tíma, en þó enginn maður komið í þeirra stað. Um þetta atriði væri æskilegt, að sett væru greinileg ákvæði inn í frv.

Jón Baldvinsson: Jeg býst við, að það sje rjett hjá hv. flm. (ÞórJ), að það þyki mikill menningarbragur að hafa hóflegan starfstíma. Og viðleitnin í þá átt hefir gengið út á það að fá vinnutímann styttan. Jeg þarf þó ekki að fara mörgum orðum um frv. þetta, en get strax lýst yfir því, að jeg er andvígur því, sem það hefir að geyma.

Eftir ræðu hv. flm. (ÞórJ) að dæma, mætti halda, að talsvert sleifarlag væri á starfseminni á skrifstofum ríkisins. Það hefði því legið beinast við fyrir hann að beina því til hæstv. stjórnar, að hún hefði betra eftirlit með því, hvernig unnið væri á skrifstofun hennar. Því sje það rjett, sem hv. flm. tók fram, að opinberar skrifstofur sjeu ekki opnar fyrri en á 11. stund fyrir hádegi, þá er það auðvitað engu öðru að kenna en slælegu eftirliti af hálfu stjórnarinnar. Og jeg er ekki heldur andvígur því, ef það sannast, að slík brögð sjeu að

þessu sem hv. flm. vildi vera láta, að þá sæti hæstv. stjórn ávítun fyrir það.

Mjer er ekki fullkunnugt um lengd vinnutímans í stjórnarráðinu, en hygg, að hann sje frá 10—12 árd. og 2—4 síðd. Vel má vera, að þetta sje of skammur tími, en gífurlegt stökk má það kallast, ef nú á að færa hann upp í 8 stundir. Hygg jeg það fjarri allri sanngirni. Hitt væri náttúrlega ekki nema æskilegt, að fyrirmyndarstarfsemi ætti sjer stað á skrifstofum ríkisins, og yfirleitt finst mjer mál þetta vera svo vaxið, að athugandi sje, hvað satt sje í því, að sleifarlag sje nú á starfseminni þar. Vil jeg beina þessu til hæstv. stjórnar til íhugunar. Hitt finst mjer varhugavert að fara nú að órannsökuðu máli að lengja starfstímann með lögum.

Annars geri jeg það ekki að kappsmáli frá minni hálfu, hvort málið verði látið ganga til nefndar. En mjer finst, að ekki ætti að afgreiða það á þinginu, heldur vísa því til stjórnarinnar.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Það er alger misskilningur hjá hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að jeg hafi viljað gefa í skyn, að sjerstakt sleifarlag ætti sjer stað með tilliti til starfseminnar á skrifstofum ríkisins. Hitt getur átt sjer stað, að starfsmennirnir hafi stýrur í augunum fram á 11. stund, þó skrifstofan hafi verið opnuð kl. 10. Það, sem liggur til grundvallar fyrir frv., er einungis það, að mjer finst vinnutíminn of stuttur. Hitt er rjett, að það er stjórnarinnar að hafa eftirlit með þessu á hendi, og hefi jeg vikið að því í nál. En eðlilegt getur það verið, að henni finnist viðkunnanlegra að hafa lagaákvæði um þessi efni til að styðjast við. Vera má og, að lenging starfstímans sje full mikil eftir frv. Það verður altaf álitamál. En skilningi hv. þm. (JBald) á orðum mínum vil jeg fastlega mótmæla.

Magnús Jónsson: Jeg skal ekki ræða neitt um frv. þetta að þessu sinni, og er mjer enda meinlaust við, að það fái að íhugast í nefnd. En jeg vil aðeins leyfa mjer að skjóta þeirri spurningu til hv. flm. (ÞórJ), hvort hann ætlist til, að skrifstofur þær, sem frv. fjallar um, sjeu opnar til afgreiðslu 8 st. daglega. Jeg skil frv. svo, að ástæðan fyrir því sje sparnaður við mannahald, og væri þá þetta mjög óheppilegt ákvæði, því erfitt er að vera fastur við vinnu meðan skrifstofan er opin til afgreiðslu. Mjer er ekki ljóst, hvern skilning hv. flm. leggur inn í ákvæði frv. um þetta, og þætti því vænt um, að hann upplýsti það nú.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Jeg býst við, að þörfin verði látin ráða því, hvað lengi hinum ýmsu skrifstofum verði haldið opnum. Geri jeg ráð fyrir, að þeim henti eigi öllum sami lokunartími, og verður því reynslan að skera úr um þetta atriði. Einnig er athugandi, að ekki eru allir menn á skrifstofunum bundnir við afgreiðsluna og geta því sint öðrum störfum. Annars verður þetta að vera ákvæði, sem ríkisstjórnin setur hverri einstakri skrifstofu, í samræmi við það, sem teljast verður nauðsynlegt eða heppilegt á hverjum stað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., föstudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 58, n. 312).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Eins og nál. ber með sjer, hefir allshn. leitað sjer upplýsinga um þetta mál hjá þeim opinberu stofnunum, sem tilgreindar eru í nál. Hún hefir svo borið saman svör þessara stofnana og upplýsingar þeirra um launagreiðslur, og samkvæmt því verður eigi annað sagt en að vinnutími þeirra sje sem næst því, sem frv. það tiltekur, er háttv. þm. V.-Hún. (ÞórJ) bar fram.

Eftir þessum upplýsingum var nefndin öll á einu máli um það, að ekki væri ástæða til þess að farið væri að lögbjóða ákveðinn vinnutíma. Hinsvegar fjelst hún algerlega á ástæður hv. flm. um eftirlit með starfseminn á þessum skrifstofum, engu síður en með annari starfsemi hins opinbera. En eftir þeim upplýsingum, sem nefndin aflaði sjer, verður ekki annað sagt en að víðast hvar sje unnið á skrifstofunum eins og hægt er að krefjast af starfsmönnunum. Undantekningarlaust er þetta þó varla, og einkum er vinnutíminn í stjórnarráðinu stuttur. Þar fá starfsmennirnir aukaþóknun, ef þeir vinna lengur en 5 tíma, nema hvað skrifstofustjórarnir vinna oft lengur. Nú er nefndin þeirrar skoðunar, að heppilegra sje bæði starfsmönnunum og ríkinu, að þar verði vinnutíminn lengdur og launakjör starfsmannanna verði að sama skapi bætt. En eins og nú er, getur það ekki talist vafamál, að launin eru þar alt of lág til þess, að starfsmennirnir geti framfleytt sjer og fjölskyldu sinni með þeim einvörðungu. Til þess að bæta þetta upp, vinna margir þeirra í eftirvinnu annarsstaðar, og þá að alls ólíkum störfum. Þetta fyrirkomulag er í alla staði óheppilegt. Væri miklu nær, að starfsmennirnir væru færri, en ynnu svo alla sína vinnu í stjórnarráðinu, en fengju þá um leið svo mikil laun, að þeir gætu lifað sómasamlega af þeim.

Um aðrar stofnanir ríkisins er það að segja, að þar er starfstíminn víðast hvar 7—8 stundir og sumstaðar lengri, eins og t. d. á pósthúsinu og í Landsbankanum, en hjá þessum stofnunum eru launakjörin líka betri, en annars enginn aukaþóknun greidd fyrir þann tíma, sem menn vinna umfram venjulegan starfstíma. Þetta fyrirkomulag telur nefndin miklu eðlilegra og heppilegra, að greiða mönnunum sæmilega fyrir sinn starfa, en hafa þá starfsmannafjöldann ekki meiri en þarf til þess að komist verði yfir störfin. Um flestar aðrar stofnanir ríkisins má víst segja hið sama. Hinsvegar hefir nefndin rekið sig á það, að hjá einstaka stofnun sjeu launin of há í samanburði við laun embættis- og sýslunarmanna landsins. Svo er t. d. um áfengisverslunina og landsverslunina. Þar hafa víst sumir starfsmennirnir fullkomin ráðherralaun eða meira. Og þó auðvitað sje ekki nema gott um það að segja, að geta launað starfsmönnum sínum vel, þá verður þó að taka tillit til þess, hverjum launakjörum starfsmenn ríkisins yfirleitt sæta, og er það ekki nema sanngjörn krafa, að strangar gætur sjeu hafðar á því, að þar á sje fult samræmi. Og þar sem sumir starfsmenn við þessar stofnanir hafa hærri laun en hæstlaunuðu embættismenn ríkisins, þá má teljast ókleift að láta slík launakjör ná til starfsmanna ríkisins yfir höfuð. Því vill nefndin leggja mikla áherslu á það, að framvegis verði komið á meiri jöfnuði um laun þessara starfsmanna og annara starfsmanna í þjónustu ríkisins. Ennfremur teldi nefndin mjög æskilegt, að hæstv. stjórn vildi rann-

saka, hvort ekki væri unt að breyta fyrirkomulaginu á bókfærslunni í sumum þessum stofnunum og gera hana einfaldari og umsvifaminni. Það er enginn vafi á því, að þing síðari ára hafa með lagasetningum gert það að verkum, að skrifstofukostnaðurinn á sumum stofnunum ríkisins, og þá ekki hvað síst skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík, hefir aukist um skör fram á síðari tímum. Nefndin álítur nú, að alt þetta skrifstofuhald megi gera einfaldara og óbrotnara, án þess að skert sje tryggingin fyrir góðri og áreiðanlegri bókfærslu. Því eru það tilmæli nefndarinnar, að stjórnin taki þetta til gaumgæfilegrar athugunar, og væntir þess fastlega, að með því móti megi spara talsvert á mannahaldi á þessum skrifstofum.

Að öllu þessu athuguðu komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að ekki væri rjett að leggja til, að frv. nái fram að ganga, en leyfir sjer að bera fram rökstudda dagskrá, sem birt er á þskj. 312 og — með leyfi hæstv. forseta — hljóðar svo:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin hafi aðgæslu með starfsemi í skrifstofum þess opinbera, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Jeg skal í þessu sambandi geta þess, að sæi hæstv. stjórn sjer ekki fært að gera nauðsynlegar breytingar til þess að færa niður skrifstofukostnaðinn, og ef breyta þyrfti lögum til þess, að það yrði hægt, þá væntir nefndin þess, að hún láti undirbúa það mál fyrir næsta þing.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta meir. Heldur sje jeg ekki ástæðu til að færa fram einstök dæmi, tilvitnanir í lög o. s. frv. Hv. þm. er sjálfum kunnugt um launakjörin, og vildu einhverjir fræðast frekar um þá hluti, þá eru hjer fyrirliggjandi skjöl, sem gefa upplýsingar um þessi atriði.

Vil jeg svo að lokum leggja til, að hv. deild samþ. hina rökstuddu dagskrá, sem nefndin ber fram og jeg hefi nýlega lesið upp.

Þórarinn Jónsson: Það fyrsta, sem maður rekur augun í, þegar athugað er nál., er það, að þar eru hv. þm. Reykv. loksins ekki einir sjer. En þeir hafa annars venjulega verið í minnihluta og stundum þurft að auglýsa það. Hvað hv. 2. þm. Reykv. (JBald) snertir, þá kemur mjer hans aðstaða ekki undarlega fyrir sjónir, því það er vitanlegt, að hann fyllir flokk þeirra manna, sem vilja láta greiða sem hæst laun fyrir sem minst starf. Og hvað viðvíkur hv. 4. þm. Reykv. (MJ), þá er það líka kunnugt, að hann vill halda starfsmenn ríkisins ríkmannlega. En jeg er hissa á því, að hinir skuli hafa látið sannfærast.

Hv. nefnd lætur þess getið, að hún hafi skrifað öllum skrifstofum ríkisins hjer í bæ og fengið hjá þeim skýrslur um launakjör og starfshætti á þeim. Þetta er náttúrlega handhæg aðferð, en í sjálfu sjer sannar það ekkert, því þó setið sje svo og svo lengi á skrifstofunum, þá er ekki þar með sagt, hvað lengi sje unnið þar. Og um það efni vantar auðvitað allar upplýsingar. Suma rekur máske minni til þess, að þegar vínverslunin var fyrst sett á stofn, þá voru við hana 20 menn, og þegar beðið var um skýrslu um mannahaldið, þá var talið, að ekki væri hægt að komast af með færri. Síðan hefir það þó sýnt sig, að þetta mikla mannahald var algerlega óþarft. Eitthvað svipað má vist segja um þær skýrslur, sem hv. nefnd hefir

nú fengið, að hæpið er að taka þær allar trúanlegar í strangasta skilningi.

Það er annars einkennilegt, hvernig farið er að, þegar skrifstofur eru settar á stofn fyrir ríkið. Fyrst er þá að útvega mikið og rúmgott húsnæði. Áfengisverslunin greiddi 84 þús. krónur fyrir húsnæði sitt í fyrra. — Næst er svo að útvega forstöðumanninum gott pláss, því þó hann hafi annars ekkert að gera, þá þarf hann að gæta þess, að bætt verði við mönnum, ef að hætta er á, að annars verði að vinna fimm mínútur fram yfir tímann. Nú er jeg viss um, að ef rannsökuð væri starfsemin á skrifstofu vínverslunarinnar, þá yrði niðurstaðan sú, að fækka mætti starfsmönnunum um helming, því jeg fullyrði, að sumir þeirra hafi ekkert að gera. En alt þetta getur nú fyrst talist fullkomlega rannsakað, þegar stjórnin hefir gengið þangað t. d. í 10—20 daga, og tekið náið eftir starfi hvers manns. Því menn verða að láta sjer skiljast, að það er alt annað að sitja á skrifstofum 5—7 tíma á dag en að vinna á skrifstofum 5—7 tíma á dag.

Þá var mjer áður kunnugt um, að sumstaðar, t. d. í pósthúsinu, er vinnutíminn lengri. En þar eru þó ekki að sama skapi hærri laun. Annars væri fróðlegt að bera saman starfsmannahaldið við vínverslunina og stórar vöruskiftaverslanir, sem jeg hafði áður kynni af. Þær verslanir höfðu sumar um 800—1000 viðskiftamenn, en samt unnu ekki aðrir við þær en verslunarstjórinn, einn bókhaldari og afhendingamaður og pakkhúsmaður. Jeg hika ekki við að telja, að starfið við þessa verslun hafi verið eins mikið og við vínverslunina. En þar hjálpuðust menn við störfin. Nú eru hópar manna fengnir til að annast hvað eina af þessu. Þetta er enginn sparnaður. Og svo er verið að segja, að ekki megi lögfesta vinnutímann, því víðast sje nógu lengi unnið hvort sem er. En hversvegna má ekki gera það? Og myndi stjórnin ekki standa ólíkt betur að vígi með eftirlitið með starfseminni á skrifstofunum, ef hún hefði lagastafinn að styðjast við? Jeg veit, að loftslagið og tískan hjer í bæ er ákaflega rík, og því veit jeg ekki, hvort stjórnin án slíks stuðnings treysti sjer að gera þá byltingu, sem þarf á þessu sviði. Það er orðið daglegt brauð, að menn sjeu teknir til sáralítilla starfa frá öðrum meiri og gagnlegri störfum. Það þarf ekki annað en að koma inn í tóbakseinkasöluna til að ganga úr skugga um, hvað miklir starfskraftar fara hjer oft til lítils. Því hefðu kaupfjelög og kaupmenn þessa verslun, þyrfti engum manni við að bæta. Aftur hefi jeg aldrei haldið því fram, að jeg vildi láta starfsmenn ríkisins vera varlaunaða. Jeg hefi einmitt tekið það fram, að sjálfsagt væri að hækka launin, þar sem þess væri þörf, en þá er líka um leið til þess ætlast, að menn hafi sitt aðalstarf þar, sem þeir vinna. En eins og því er nú háttað, vinna þeir oft annað eins úti í bæ.

Hv. frsm. (JörB) mintist á, að sumstaðar myndu menn vera fullhátt launaðir á hinum nýju skrifstofum. Það er því ekki einungis, að þar sjeu menn, sem ekkert hafa að gera, heldur eru þeir launaðir svo, að það er hið fylsta ranglæti gagnvart öðrum starfsmönnum ríkisins.

Jeg vil líka minnast á annað atriði í þessu sambandi. Mjer hefir komið það svo fyrir sjónir, að þegar starfsmaður hafi forfallast, þá hefir ekki altaf verið

þörf á að setja annan í hans stað. Eins er það, að þegar þessir menn veikjast, þá eru þeir stundum teknir strax af launum, en annarsstaðar ekki fyrri en seint og síðarmeir. — Annars eru það fulltrúarnir, sem jeg skil minst í. Líklega er til þess ætlast, að hægt sje að grípa til þeirra, ef skrifstofustjóri forfallast. En trúað gæti jeg því, að eitthvað af þeirra starfi færi í að rannsaka, hvenær skrifstofustjórinn væri ekki við.

Vel má vera, að sumum þyki jeg hafa verið full fastorður í ræðu minni, og máske hefi jeg gefið mönnum höggstað á mjer. En jeg hefi aðeins verið að láta skoðun mína í ljósi. Jeg álít þetta mál vera nauðsynlegt vegna fjárhagsins, og nauðsynlegt einnig til þess að koma á föstu og ákveðnu vinnu-fyrirkomulagi. Og þó jeg vantreysti stjórninni á engan hátt að rannsaka þetta mál og hefjast handa í því, þá vil jeg gera henni það starf auðveldara með lögum um þessi efni. Því mun jeg líka greiða atkvæði móti þeirri rökstuddu dagskrá, sem fram er komin, og vænti þess, að hv. deild geri það einnig.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg vil leyfa mjer að taka það strax fram, að það var af vangá hjá mjer áðan, þegar jeg talaði, að jeg ekki drap á það, að önnur nefnd hjer í hv. deild, fjhn., hefir til meðferðar starfsmannahaldið í áfengisversluninni, en einmitt þar virðist sem mannahald sje óþarflega mikið. Falla skoðanir okkar flm. (ÞórJ) í því efni saman, og geri jeg ráð fyrir, að nefndin muni bráðlega koma fram með till. um breytingu á starfstilhöguninni á þessum skrifstofum og fækkun starfsmanna. Nær það fyrst og fremst, eins og jeg sagði, til vínverslunarinnar og landsverslunar.

Okkur hv. flm. (ÞórJ) ber í rauninni ekki neitt í milli, nema ef honum virðist sem nefndin hefði getað rannsakað málið svo til hlítar, að hún hefði getað borið fram ákveðnar till. um starfsmannafækkun. Nefndin sá sjer ekki fært að rannsaka málið svo, að hún gæti gert till. um, hvar skyldi fækka og hvað mikið. Hún gat aðeins aflað sjer nauðsynlegustu upplýsinga og gagna, en engar till. gert af þeim ástæðum, sem jeg skal nú víkja að.

Fyrst og fremst treysti nefndin sjer ekki að rannsaka svo alla starfsemi þessara stofnana, að fulltrygt væri, og yrði stjórnin að hafa alla framkvæmd í málinu. Upplýsingar gat nefndin ekki fengið aðrar en þær, að spyrja forstöðumenn skrifstofanna um starfshætti og launakjör, enda má ætla, að þeir sjeu allra manna kunnugastir um þetta, og jeg verð að segja það fyrir mitt leyti, að svo framarlega sem menn hafa ekki reynt annað en trúverðugleik af þessum mönnum, þá ætti að vera algerlega óhætt að leggja upp úr orðum þeirra, um þetta efni sem annað.

En svo virtist, að til þess að sparnaði yrði við komið, yrði að breyta um starfshætti, án þess þó að draga úr trygging stofnananna, og þó að nefndin gæti ekki rannsakað málið til hlítar, treysti jeg hæstv. landsjórn fyllilega til að leiða þetta til lykta. Hún hefir lengri tíma til þess en nefndin hefir átt kost á, og henni er í lófa lagið að gera allar þær ráðstafanir, sem hún telur nauðsynlegar til að koma verkinu í framkvæmd. Þetta, að gera störfin einfald-

ari og breyta fyrirkomulaginu, það er einmitt falið í brtt. nefndarinnar.

Hvað launakjörin snertir, þá er jeg, eins og jeg hefi drepið á, hv. flm. (ÞórJ) sammála um, að jeg tel laun manna við vinverslunina og landsverslunina alt of há, og jafnvel órjettmæt og í fylsta ósamræmi við önnur embættismannalaun, og getur það dregið illan dilk á eftir sjer.

Hv. flm. drap á — og kann það að vera eðlilegt frá hans sjónarmiði — að betra væri, að lögboðinn vinnutími væri á skrifstofunum. Jeg hygg ekki. Á sumum opinberum skrifstofum að minsta kosti mun allverulega vera unnið fram yfir stundum, — jafnvel upp í 9—10 stundir á dag. En ef vinnutíminn yrði lögboðinn 7—8 stundir, þá er jeg hræddur um, að starfsmenn myndu krefjast aukaborgunar fyrir yfirvinnu. Annars get jeg tekið það fram, að sanngjarnt virðist í alla staði, að laun þeirra manna sjeu hærri, þar sem lengur er unnið.

Hæstv. stjórn hefir nú heyrt álit nefndarinnar um það, að hún telur þann vinnutíma, sem frv. fer fram á, hæfilegan, og að ekki skuli borgað sjerstaklega fyrir aukavinnu, og lít jeg svo á, að hún geti því talið sig hafa yfirlýstan vilja í þessu efni, þó dagskráin verði samþ. Og þótt jeg sje ekki stuðningsmaður hæstv. stjórnar, treysti jeg henni fyllilega til að fara með þetta mál. Og jeg ætla, að tilgangurinn, sem liggur að baki frv., náist betur með dagskránni. Í þessu efni, eins og reyndar í allri starfsemi hins opinbera, heyrir það fyrst og fremst til, að forstöðumennirnir hafi strangt eftirlit með starfsmönnunum og sjái um, að hver geri skyldu sína. En því næst er það landsstjórnarinnar að hafa eftirlit með forstöðumönnunum og stofnunum og gæta þess, að þeir geri sína skyldu. Og að því leyti á hv. flm. þakkir skyldar fyrir frv., að það hefir vakið þetta umtal hjer í þinginu, sem ætti að verða til þess, að stjórnin fyndi enn ríkari hvöt hjá sjer til þessa eftirlits en verið hefir.

Hv. flm. drap á, að það, að enginn væri tekinn í skrifstofuna, þó annar forfallaðist, sannaði, að ekki væri þörf allra mannanna. Kann að vera, að svo sje sumstaðar, og skal jeg ekkert fullyrða um það, en jeg vil geta þess, að það þarf ekki að vera. Jeg veit, að til eru dæmi um, að störfum manns, sem forfallast, er bætt á annan, sem fyrir er, án þess að borgað sje fyrir, en þar sem greitt er fyrir aukavinnu á stjórnarskriftum, býst jeg við, að slíkt hafi einhvern kostnað í för með sjer. Og að lokum vil jeg geta þess — sem minnar persónulegu skoðunar, en ekki fyrir hönd nefndarinnar — að jeg vil ekki taka strangt á því, þó maður, sem veikist, fái borgað eitthvað af launum sínum, þann tíma, sem hann er frá störfum, einkum ef hann á bágt með að komast af án þeirra. Jeg tek ekki hart á tilhliðrunarsemi í því efni, þó auðvitað verði þar að vera samræmi, sem annarsstaðar. En þetta getur hver gert upp við sjálfan sig.

Jeg held, að jeg þurfi svo ekki að fjölyrða frekar um málið að sinni, því munurinn á skoðunum nefndarinnar og hv. flm. (ÞórJ) er ekki mikill í þessu máli.

Forsætisráðherra (JM): Jeg ætla ekki að fara neitt út í málið eða aðfinslur hv. þm. nú, en aðeins láta þess getið, að stjórnin mun taka hvorttveggja til

athugunar, og býst jeg ekki við, að meira sje heimtað í bili. Það verður alt athugað.

Jón Kjartansson: Jeg held satt að segja, að hv. flm. (ÞórJ) og okkur, sem berum fram dagskrána, greini ekki eins mikið á og hann heldur. Það, sem dagskráin á við, er aðallega fólk á opinberum skrifstofum, en alls ekki starfsmenn við áfengisverslunina nje landsverslun. Við erum hv. flm. algerlega sammála um það, að launakjör og fjöldi þeirra manna nær ekki nokkuri átt. En þegar við sömdum þessa dagskrá, þá tókum við tillit til þess, að á sumum skrifstofum, einkum í stjórnarráðinu, þar sem vinnutíminn er stystur, þá eru launin ákaflega lág, og okkur fanst, að ómögulegt væri að fyrirskipa lengri vinnutíma nema með því að breyta um leið launalögunum.

Fulltrúar í stjórnarráðinu hafa sem sje 3500 kr. byrjunarlaun, aðstoðarmenn 2000 kr. byrjunarlaun og skrifarar 1600 kr. Ef þessi laun eru borin saman við önnur, t. d. laun starfsmanna á lögreglustjóra- og bæjarfógetaskrifstofunni, þá eru þau miklu lægri en þar gerist. En þess ber þá líka að gæta, að á þeim skrifstofum er miklu lengri vinnutími, jafnvel lengri en ákveðið er í frv. Því þar hefir hver maður sitt ákveðna starf, sem hann verður oft að rækja fram á kvöld, svo vinnutími hans getur orðið alt að 10 klst. Við sáum því ekki, að hægt væri að lengja vinnutímann í stjórnarráðinu, nema hækka launin, svo að lífvænleg yrðu. Einnig eru launin mjög lág á pósthúsinu, og þeir verða að vinna, þegar þörf þykir, hvenær sem er. Starfsfólkið við símann er einnig illa launað. En það var alls ekki ætlun okkar, að dagskráin næði til áfengis- og landsverslunarinnar. Það er föst skoðun mín, að þar verði að breyta sem fyrst um, og því fyr, þess betra. Því það nær ekki nokkurri átt, að afgreiðslumaður þar hafi eins há eða hærri laun en skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, og sendisveinn hærri laun en skrifari í stjórnarráðinu. Jeg býst líka við, að það mál verði hjer síðar til umræðu, og þá fast tekið í taumana og samræmi á komið.

En þar sem dagskráin miðar aðeins að því, að stjórnin athugi, hvort ekki væri heppilegt, að vinnutíminn væri lengdur á stjórnarskrifstofunum og jafnvel einhver launauppbót veitt, vona jeg, að hv. flm. geti sætt sig við hana. Því eins og jeg hefi tekið fram, sáum við okkur ekki fært að breyta launalögunum nú, svo að hægt væri að ákveða lengri vinnutíma. Við álítum, að það mætti bíða, þar til öll launalögin verða endurskoðuð, sem væntanlega verður á næsta ári.

En laun starfsmanna við áfengis- og landsverslun koma aftur á móti því máli ekkert við. Þeim er hægt að breyta án nokkurra laga. Er að sjá svo sem forstjórar þeirra stofnana ráði þar öllu um, og má þingið ekki lengur láta svo búið standa, heldur taka fast í taumana og koma samræmi á við aðrar stofnanir. Enda hefir ósamræmið, sem nú er, valdið mikilli gremju, því ýmsir opinberir starfsmenn aðrir hafa vitnað til þeirra stofnana, t. d. nú í vetur símamennirnir, þegar þeir kröfðust launauppbótar. En þeir hafa ekki hálf laun á við starfsmenn þessara stofnana.

Pjetur Þórðarson: Mjer þykir ekki ólíklegt, að dagskráin verði samþ., því

hún heimtar ekki mikið, og finn því ástæðu til að fara nokkrum orðum um málið.

Hún er stutt og hógvær — dagskrá-in — og er aðalefni hennar að beina aðgæslu ríkisstjórnarinnar að því að hafa eftirlit með opinberum skrifstofum. Bæði frv., sem fyrir liggur, og nál. beina aðgæslu hæstv. stjórnar ákveðið í eina átt, þá, að hafa gott eftirlit með því, að ekki sje unnið of lítið eða of stutt á þessum opinberu skrifstofum. En jeg vildi beina athygli hæstv. stjórnar að því, hvort ef til vill væri ekki of litlir starfskraftar á sumum skrifstofunum til að annast öll störfin. Jeg hefi góðar og gildar ástæður til þessa, og vil jeg leyfa mjer að nefna eitt dæmi þess. Dæmið er um skrifstofu hins íslenska brunabótafjelags. Hreppur minn hefir sveitabrunatrygging, og geldur auðvitað venjulegt iðgjald í sjóð þess fjelags. Árið 1922 var það iðgjald sent eins og venjulega til fjelagsins. Svo leið langur tími, en engin kvittun kom. Sendi þá oddvitinn fjögur brjef þess efnis, að spyrjast fyrir um, hvort iðgjaldið hefði ekki komið til fjelagsins. Svar kom ekki við brjefunum það ár, og heldur ekki eftir áramótin. Snemma árs 1923 varð dálitill brunaskaði í sveitinni, og var þá farið að eins og venja er til, og skilríki send Brunabótafjelagi Íslands og krafist ½ ábyrgðarinnar, sem það á að greiða að lögum. Árið leið út, án þess að svar kæmi frá fjelaginu eða kröfunni væri sint. Þá talaði oddviti við skrifstofuna og spurðist fyrir um málið, og vissi hún ekki, hvort brjefin, iðgjöldin nje krafan hefði komið, og veit það víst ekki enn. Jeg get ekki ímyndað mjer, að þetta komi af öðru en því, að starfskraftarnir á þessari skrifstofu sjeu of litlir. Jeg hefi sjálfur talað við gjaldkerann, eða einn mann þarna, og enga niðurstöðu fengið í málinu. En ef alla þessa vansmíði leiðir af því, að starfskraftarnir sjeu of litlir, finst mjer fylsta ástæða til að beina athygli hæstv. stjórnar að því, að hún sjái um, að ekki sje of mikið lagt á skrifstofumennina.

Um málið sjálft eða dagskrána hefi jeg lítið meira að segja. Mjer liggur þó næst skapi að greiða atkv. með frv. Vitanlega getur það verið álitamál, hvort ákveða eigi vinnutímann með lögum, því það er virðingarvert, að menn vinni fram yfir ákveðinn vinnutíma, þegar þörf krefur, eins og hv. þm. V.-Sk. (JK) drap á. En frv. virðist heldur ekki taka fyrir það, því þar er sagt, að vinnutíminn skuli vera „alt að“ þetta, þ. e. ekki minni. Hitt er ekki bannað, að hann sje lengri.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vildi aðeins benda hv. þm. Mýra (PÞ) á það, að honum er best að senda umkvartanir um þetta efni til stjórnarráðsins, því að það er algerlega þýðingarlaust að draga þetta inn í umr. hjer. Sjeu þessar kvartanir hans á rökum bygðar, munu þær ábyggilega verða teknar til greina þar, en þingmál getur þetta ekki talist.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg geri ráð fyrir því, eins og hv. þm. Mýra. (PÞ), að afráðið sje að svæfa frv. þetta. Þetta frv. er rödd utan af landi gegn skrifstofubákninu, og mjer er óskiljanlegt, hversvegna allshn. vill draga úr þunga þeim, er felst í frv. Það er alkunnugt, að margir starfsmenn ríkisins taka margföld laun fyrir störf sín. Þannig fá sumir starfsmenn sjerstök laun fyrir að halda reikninga við sjóði, er fyrir

skömmu heyrðu undir embætti þeirra. Mjer er líka kunnugt um, að einn af starfsmönnum ríkisins hefir sjerstök laun fyrir úrskurð í sveitfestismálum, og svo mætti lengi telja.

Það er miklu meiri kraftur í því fólginn að samþ. frv. óbreytt, eins og hv. flm. (ÞórJ) hefir haldið fram, heldur en dagskrána, sem felur í sjer fullkomið undanhald, og jeg vona, að hv. deild sjái muninn á þessu og greiði atkv. með frv. óbreyttu. (**HK:** Og það verða margir, sem gera það).

Jón Baldvinsson: Úr því að menn eru farnir að vitna hjer, finst mjer ekki nema rjett, að jeg geri það líka.

Í nál. allshn. er svo um mælt, að heppilegast muni vera, að stjórnin sjái um starfsmannahald á skrifstofum stjórnarráðsins. Jeg held, að ekki verði um vilst, hvað dagskráin og nál. á við, og get jeg því ekki skilið, hví menn eru að fetta fingur út í það.

Úr því að farið er að tala um laun starfsmanna ríkisins, verð jeg að láta þess getið, að mjer finst það í rauninni alveg sanngjarnt, að starfsmenn áfengisverslunarinnar og landsverslunarinnar hafi hærri fastalaun en skifstofumenn ríkisins yfirleitt. Bæði er það, að stöður manna við þessar verslanir eru ótryggari en hinar, og í öðru lagi er beinlínis til þess ætlast, að margir skrifstofumenn ríkisins hafi aukastörf með höndum. Það er líka bein afleiðing af stuttum vinnutíma og lágu kaupi, enda er það hverju orði sannara, að margir þeirra hafa miklar aukatekjur, og eru jafnvel dæmi til þess, að menn, sem vinna í skrifstofum ríkisins, hafa haft um 20 þús. kr. árstekjur fyrir störf sín. En við svo búið má ekki standa. Kaupið þarf að vera nægilegt til lífsframfæris, svo að engar aukatekjur fyrir önnur störf þurfi að koma til mála. Það er vitanlega aðeins blekking að tala um lág laun þessara manna, meðan ástandið er sem það er nú. Ríkið á að vera sanngjarnt og hagsýnt um leið. Og því á það ekki að skera kaup manna svo við neglur sjer, að þeir freistist til aukastarfa. Jeg hygg því, er menn athuga dagskrána og nál., að mönnum verði það ljóst, að stjórnin, sem hefir hönd í bagga með skrifstofunum, hafi líka afskifti af þeim í þessa átt, enda er ekki við því að búast, að þingið hafi þekkingu á hverju einstöku tilfelli.

Hv. sessunautur minn (ÞórJ) talaði um, að það væri nú mín stefna, að menn bæru sem mest úr býtum fyrir sem minsta fyrirhöfn. Jæja, látum svo vera; þetta er þó ekki nema mannlegt. Þetta er nefnilega það, sem allir leitast við að gera, hvort sem þeir eru nú bændur, kaupmenn, útgerðarmenn eða verkamenn. En í þessu máli held jeg að þessi ummæli hitti mig ekki. Jeg hefi einungis lagt áherslu á, að ríkið borgaði fult kaup fyrir fult starf. Og það er svo fjarri mjer að vilja draga úr því, að menn vinni sem mest og best.

Ágúst Flygenring: Jeg er dálítið kunnugur einni af þessum ríkisstofnunum, og það er áfengisverslun ríkisins. Jeg hefi kynt mjer þar bæði laun og vinnubrögð og okkur hv. 1. þm. N.-M. (H-Stef) kom saman um, að þar væri ekkert hægt að laga, nema að færa launin niður. Um það má altaf tala. En nú vil jeg samt benda hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) á eitt vel launað starf þar, en vil þó enganveginn segja, að það sje of vel launað. Það er fólgið í því, að halda ná-

kvæma spjaldskrá yfir það, hvað hver maður drekkur í landinu samkvæmt þeim háleitu drengskaparloforðum, er menn verða að undirskrifa, til þess að öðlast nokkurn dropa. Yfir þetta er ekki aðeins haldin ársskýrsla, heldur mánaðarskýrslur yfir hvern drykkjumann í þessu landi. Eftir reglugerðinni ber að halda þessu í lagi; það er eitt aðalatriði í augum bindindismanna. Forstjóri gat þess við mig, að þessi maður væri í raun og veru alt of miklum störfum hlaðinn, enda þótt hann hefði ekki treyst sjer til að borga sjerstaklega fyrir yfirvinnu, þá væri það samt ekki ósanngjarnt; því eins og allir geta skilið, hlýtur starf þetta að vera afarmikið.

Hv. þm. Mýra. (PÞ) talaði áðan um eina skrifstofu hjer í bænum, sem ástæða mundi vera til að bæta starfskröftum við, og gladdi það mig að heyra slíkt til hans. Jeg vildi nú í því sambandi skjóta því til hæstv. stjórnar, hvort ekki væri ástæða til að bæta við starfsliði á þessum stað, er jeg gat um, því engum getur dulist, hve áríðandi er, að spjaldskráin sje í lagi, og ef þar er ekki mikið í húfi, veit jeg ekki hvar það er. Til hvers skyldu menn um alt land, sem kaupa vín, vera látnir sverja eið um notkun þess, ef þessu er svo ekki haldið til haga og skrásett? Og til hvers skyldi vera ákvæði um það, hve mikið hver og einn má mest drekka, ef ekki væri haldinn neinn reikningur yfir slíkt? Til þess að halda þessu í góðu lagi, býst jeg við, að bæta þurfi við á skrifstofuna 4 mönnum.

Hv. þm. Str. (TrÞ) var að tala um of mikið starfsmannahald á skrifstofum ríkisins. Þótt slíkt sje náttúrlega ekki tilfellið hjer, þá þykir mjer ekki ólíklegt, að einmitt hann hafi stuðlað að því að koma þessu í það horf, sem það er í, eins og aðrir bindindismenn. (**TrÞ**: Fullkominn misskilningur!).

Þórarinn Jónsson: Jeg hefi ekki miklu að svara hjer. Flestir hv. þm., er til máls hafa tekið, hafa þóst vera mjer sammála. Þó vildi jeg víkja nokkrum orðum að frsm. (JörB). Hann talaði um, að venjulegur vinnutími á skrifstofum væri 7—8 stundir. Eftir því sem jeg best veit er 6 stunda vinnutiminn algengari, og sumstaðar þar fyrir neðan. Hann drap og á, með rjettu, að athugavert væri, þegar ekki þyrfti að koma maður í manns stað á þessum skrifstofum, og alt gengi sinn vanagang fyrir því. Jeg veit dæmi til þess, að svo hefir verið, enda er það ekkert undarlegt. Hann gat þess, að bæta þyrfti launakjör manna á skrifstofum í stjórnarráðinu, en nefndin hefði ekki viljað hagga við launalögunum. Jeg tók það fram, að þar sem svo stæði á, gætu menn unnið í vinnustundum sínum þau störf, er þeir fá nú aukalaun fyrir, og þannig mætti jafna hin lágu laun, án þess að breyta launalögunum á þessu þingi.

Jeg vildi minnast lítillega á hagstofuna. Jeg veit ekki, hvort menn hafa gert sjer ljóst, hvað hagskýrslurnar kosta, en víst er um það, að þær eru þær langdýrustu bækur, er koma út með þjóðinni, þar sem til hagstofunnar er varið um 40 þús. árlega og hvert hefti skiftir því líklega þús. kr. að dýrleika. Þó væri það sök sjer, ef þær væru ekki ætíð 1—2 árum á eftir tímanum, eins og þær eru. Á þessari skrifstofu er hætt vinnu kl. 1 á laugardögum. Aðra daga veit jeg ekki hve lengi er unnið þar. Mjer finst einnig

fullkomin ástæða til að athuga, hvort hinir ýmsu skrifstofustjórar eru í raun-inni færir um að stjórna þessum skrif-stofum. Að minsta kosti má ekki ann-að eins og þetta vera óátalið.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði, í sambandi við ummæli mín um hann, að þetta væri nú mannlegt og algengt, að menn vildu fá sem mest fyrir sem minsta fyrirhöfn. Hann gat um bænd-ur í því sambandi og kjötsölu. Þeir verða nú oft og tíðum að sætta sig við þann gróða, að verða að kosta meira til framleiðslunnar en hún gefur af sjer. Þeir eru því alls ekki sambærilegir í þessu sambandi.

Líklegt tel jeg, eins og jeg hefi áður minst á, að sum störf mætti með öllu leggja niður. Og illa kunni jeg við það, sem hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) gerði, að hafa starf þetta, er hann gat um, við áfengisverslunina, í skopi, af því að þar er um sorglega misbeitingu drengskap-arheita að ræða, sem ætti strax að upp-ræta. Það, sem gera þarf, er að samþ. frv., svo að stjórnin fái eitthvað til þess að byggja á í viðreisnarstarfsemi þeirri, er hún þarf að hefja í þessu efni.

Það er ekki rjett að halda því fram, að það fari eftir launum, hve vel starfið er stundað. Þannig munu vera einna lægst laun á pósthúsinu. Þó er það á allra vitorði, að starfsemi öll og stjórn er þar í besta lagi.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Það er útlit fyrir, að umræður ætli að lengj-ast, og er ef til vill við því að búast. vegna þess, hve þm. álíta, að málið sje mikilvægt. Jeg held, að það sje nú mikil-vægara í orði en það þarf að vera á borði, svo framarlega sem stjórnin gerir skyldu sína. Ef landsstjórn og forstjór-um ríkisstofnananna er ekki til þess trúandi, án sjerstakra lagafyrirmæla, að hafa eftirlit með þessu, þá hafa lög um það lítið að segja.

Mjer er það ekkert kappsmál, hvort frv. eða dagskráin verður samþykt. Eins og jeg hefi sagt, legg jeg ekki mikið upp úr lagafyrirmælum um þetta efni, en því meira upp úr trúmensku stjórn-ar og forstjóra. Skyldurækin stjórn þarf einskis lagabókstafs. Óhæf stjórn metur hann einskis.

Háttv. flm. (ÞórJ) vill hafa starfs-tímann minst 8 stundir. Jeg hygg, að mjög sje í hóf stilt að ákveða þar 8 stunda vinnu að jafnaði. En eigi það að vera lágmarkið, og svo eigi oft og tíð-um að vinna þar fram yfir þann stunda-fjölda, þá finst mjer of langt gengið. Jeg hefi ekki verið á skrifstofu, enda þótt jeg sje kunnugur þeim störfum. Jeg er líka mjög kunnugur allri úti-vinnu, og jeg ber ekki saman 8 stunda skrifstofuvinnu og 12 stunda útivinnu. Svo miklu eru skrifstofustörfin áreynslufrekari og óhollari. Mjer stend-ur á sama, hvað kjósendur segja um þetta; þetta er satt engu að síður.

Hv. flm. má gera eins mikið úr ágreiningi okkar og hann vill. Jeg skal ekki fara frekar út í málið að sinni, enda tók jeg öll höfuðatriði þess fram í framsöguræðu minni. Þó láðist mjer að geta um eina stofnun, þar sem starfs-mannahald er alt of mikið. En af því að að því verður vikið einhvern næstu daga, mun jeg ekki fara út í þá sálma hjer.

Hv. flm. kvað ekki mundi vera unnið eins lengi í ýmsum skrifstofum og stofnunum og nefndin gæfi í skyn. Jeg hygg þó, að rjett sje frá sagt um all-flestar stofnanirnar, þegar sú stofnun

er talin frá, sem við erum sammála um að hafi of marga starfsmenn. Jeg hefi fyrir mjer upplýsingar frá forstöðumönnum þessara stofnana; jeg hefi ekki haft tækifæri til að njósna um starfshætti á þessum skrifstofum, en jeg tel, að fyrirfram beri að treysta forstöðumönnum stofnananna til þess að sjá um, að mennirnir sitji ekki aðeins á skrifstofunum, heldur vinni. Ef ekki má taka trúanleg orð forstöðumannanna, þá er það stjórnarinnar að rannsaka þetta, því að þingmenn hafa ekki tíma til að gera það. Jeg hefi að minsta kosti ekki haft neinn tíma til að vera á hnotskóg um þetta, síðan þing kom saman, og hefi jeg því orðið að byggja á upplýsingum annara. Og til frekari fullvissu þykir mjer rjett, að þessi dagskrá verði samþykt, í þeim tilgangi, að hæstv. stjórn fullvissi sig um, að allir starfshættir sjeu í röð og reglu og starfsmenn sjeu ekki óþarflega margir.

Að frv. hafi meiri áhrif, ef það verður að lögum, heldur en dagskráin, fæ jeg ekki skilið, ef hæstv. stjórn gætir skyldu sinnar. Það má einu gilda, hvort heldur verður samþykt, það skiftir engu fyrir málið.

Þar sem hv. flm. bar brigður á, að upplýsingar nefndarinnar um vinnutímann á opinberum skrifstofum væru rjettar, þá veit jeg ekki, hvaðan hann hefir þær upplýsingar, og get jeg því ekki dæmt um, hve rjettar þær eru. En hann getur ekki ásakað mig, þó að jeg hafi farið eftir umsögn þeirra manna, sem eru þessu kunnugastir.

Hv. þm. mintist á hagstofuna, að þar væri vinnu hætt kl. 1 á laugardögum. En þó að svo stuttan tíma sje unnið þennan eina dag, þá getur verið unnið þar vel og sæmilega alla aðra daga vikunnar. Rit hagstofunnar eru að vísu dýr, en á það verður þá að líta, að sú vinna, sem liggur í þeim, er þess eðlis, að hún hlýtur að vera ákaflega seinleg og dýr. Hvort þessi stofnun geri annars skyldu sína, get jeg ekki dæmt um. En jeg þekki forstöðumanninn nokkuð og veit, að hann er mjög starfsamur og samviskusamur. Vænti jeg þess, að hann sje jafnframt svo skyldurækinn húsbóndi, að hann vinni ekki aðeins sjálfur, heldur sjái um, að starfsmenn hans liggi ekki á liði sínu.

Þá verð jeg að víkja nokkrum orðum að hv. þm. Str. (TrÞ). Það var að heyra á orðum hans sem hann mundi þykjast hafa himin höndum tekið, ef frv. væri samþykt. Það má vera, að honum verði að von sinni. En þá skal jeg hugsa til hans síðar, ef við eigum þá báðir sæti í Alþingi, og minna hann á reynsluna, ef framkvæmdirnar verða svipaðar eins og hingað til. Það má auðvitað reyna að kippa þessu í lag með lögum, en ef einhver árangur verður af því, þá er það blátt áfram af því einu, að betra eftirlit er komið á heldur en hingað til hefir verið.

Þar sem hv. þm. býst við, að skriffinska mundi verða minni, ef frv. yrði samþykt, og kostnaður því minka að sama skapi, þá mun það ekki vera eins sjálfsagt og hann hyggur. Jeg vil í því sambandi leyfa mjer að minna hv. þm. á hans eigin verk á þingi. Það hefir verið samþykt að gera ekkert í vegamálum, nema nauðsynlegasta viðhald. Hver er svo kostnaðurinn við stjórn og undirbúning vegamálanna eftir frv. því, sem hann hefir fjallað um í nefnd og afgreitt til deildarinnar? Hann er rúmar 23 þús. kr., og þó á ekkert að gera. Það er ekki

einu sinni skriffinska, sem þetta fje er greitt fyrir, heldur ekki neitt. (ÁF: Það er eintómur undirbúningur). Undirbúningur undir ekki neitt. Svo er greitt fyrir stjórn vitamála 18950 kr. Engan vita á að byggja. Þetta er því aðeins kostnaðurinn við stjórn og undirbúning. Stjórn á hverju, og undirbúning undir hvað? Jeg þykist vita, að hv. þm. muni segja, að ekki sje auðið að kippa í burtu þessum kostnaði vegna gildandi laga, og mun það rjett, en mundi þá ekki mega færa svipaðar ástæður um það málefni, sem liggur nú fyrir.

Hinsvegar er jeg á því, að úr þessum kostnaði megi draga og eigi að draga. Jeg drap á það í upphafi, að þar sem lagabreytinga mundi þurfa til þess, þá óskaði nefndin þess, að hæstv. stjórn undirbyggi það undir næsta þing. Að þetta sje undanhald, eins og hv. þm. Str. (TrÞ) komst að orði, undanhald undan áhrifum hjer í Reykjavík og skriffinskunni, er slegið fram út í bláinn.

Jeg hygg, að hv. þm. Str. hafi haft þá aðstöðu, að hann hefði getað vitt það stranglega, ef óþarft mannahald hefir verið á skrifstofum ríkisins, en það hefir hann ekki gert. Jeg veit til þess, að vínverslunin hafði um 20 starfsmenn, þegar hún var sett á stofn, og nú munu þar vera um 15 fastamenn. (TrÞ: Það var vitt af þm. Str.). Ekki hefir borið ýkjamikið á því í blöðum landsins, að þarna væri óþarft mannahald. (TrÞ: Margvitt!) Veit jeg ekki, hvort þeir, er slá slíku fram um undanhald, muni vera fastari fyrir á svellinu um að draga úr óþörfu mannahaldi heldur en við nefndarmenn.

Að lokum skal jeg geta þess, út af ummælum háttv. samnefndarmanns míns, þm. V.-Sk. (JK), að mjer komu þau mjög á óvart. Það var vitanlega ætlun nefndarinnar, að tillagan tæki til allra stofnana, sem heyra undir stjórnina, en ekki til þeirra einna, sem beint heyra undir stjórnarráðið. Jeg hygg, að flestir nefndarmenn telji, að þetta eigi engu síður við um hinar aðrar stofnanirnar, en hv. deild mun nú bráðlega gefast kostur á að sýna vilja sinn um sparnað í áfengisversluninni.

Pjetur Ottesen: Það eru aðeins nokkur orð í tilefni af ummælum hv. 1. þm. G.-K. (ÁF). Hann stóð upp til þess að gerast málsvari vínverslunarinnar, og þá helst aðalskrifstofunnar, og skýrði frá með dæmum, hvað væri sjerstaklega verkefni skrifstofunnar. Hv. þm. bar svo ótt á, honum þótti svo gaman að útmála þessi störf, að jeg náði ekki alveg þræðinum. Kvað hann það verkefni eins mannsins að gæta þess, hve mikið menn drykkju og hvort undirskriftirnar væru egta; jeg hygg, að jeg hafi tekið rjett eftir þessu „egta". Kvað hann þetta verk ekki ætlandi einum manni, það væri fullkomið 4 manna verk, og mætti því ætla, að svo væri litið á sem þessi maður væri 4 manna maki. Þó sagði hv. þm., að þess væri ekki krafist, að þessi maður nje aðrir þar á skrifstofunni ynni nema 5—6 stundir á dag. Nú er það kunnugt, að sá maður, er hjer um ræðir, fær 600 kr. á mánuði, eða 7200 kr. árskaup fyrir þessa 5—6 stunda vinnu á dag. Auk þess er það mjög dregið í efa, hvort þetta stundahámark er altaf uppfylt. Það er að minsta kosti talið af mörgum kunnugum mönnum, að allmikið hafi brostið á í þessu efni, og þegar talað er um „humbug" í sambandi við það starf, sem þessi maður á að

vinna, þá getur það legið í því, að þetta verk hafi ekki verið unnið, og þannig í framkvæmdinni gert að „humbugi". Það ætla jeg nú, að sje það rjetta og sanna í málinu. En sje verkið vanrækt, stingur það enn meir í augu, að 7200 kr. skuli vera greiddar fyrir það. Það er og vitanlegt, að þessi maður hefir einnig verið í stjórnarráðinu og hefir þar virðulegan titil og viðbót við hin launin, svo að hann mun ekki hafa minna en 9000 kr. í árslaun. Hjer er verkefni fyrir hina nýju stjórn, að hún rannsaki og athugi alt þetta skrifstofuhald.

Mjer þykir vænt um að heyra frá öllum, sem tekið hafa til máls, að þeir bera óskorað traust til núverandi stjórnar að kippa þessum málum í lag og halda þeim í góðri reglu, og skal jeg síst mótmæla því. Jeg þykist og vita, að hæstv. stjórn muni ekki bregðast vonum og trausti deildarmanna í þessu eða öðru. En þó að jeg taki undir með hv. þdm. og sje þeim fyllilega sammála um það, að núverandi stjórn kippi því ólagi, sem nú kann að vera á skrifstofum ríkisins, til rjetts horfs og haldi þar góðri reglu á, þá tel jeg þó lagastafinn tryggilegri til frambúðar. Því vil jeg samþ. frv., en tel samþykt dagskrárinnar undanhald í þessu efni. Jeg varð hissa, þegar jeg heyrði hv. flm. tala um, að hann mundi ef til vill standa einn í þessu máli. Það er auðvitað þvert ofan í þann anda og stefnu, sem hefir verið ríkjandi í hv. deild nú á þessu þingi, að gæta hins mesta sparnaðar á öllum sviðum. Væri því nær að ætla, að þeir, er bera dagskrána fram, mundu standa einir, en allir aðrir á móti.

Tryggvi Þórhallsson: Hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) fullyrti ekkert, en kvaðst þó búast við því, að jeg mundi hafa verið einn þeirra, sem stóðu að því, að seðlafarganið komst á við áfengisverslunina. Jeg get með sanni sagt, að því fer svo fjarri, að þetta hafi verið gert að mínum ráðum, að jeg mælti beinlínis á móti því. Jeg vissi um, þegar þetta var ráðið, og lagðist jeg þá allfast gegn því, og sama var um þáverandi atvrh., hv. 2. þm. Rang. (KlJ). Jeg tel þetta „humbug", að því leyti sem því er ætlað að draga úr vinnautninni, og að leggja drengskaparorð við slíkar yfirlýsingar er blátt áfram hneykslanlegt.

Jeg skal þá víkja nokkrum orðum að hv. frsm. (JörB), þó að jeg hafi enga tilhneigingu til að lenda í deilum við hann, hvorki um þetta mál nje önnur. Það er enginn furða, þó að hv. þm. Borgf. (PO) beri fult traust til stjórnarinnar. En jeg tók einmitt fram, að það væri harðari áminning fólgin í því að samþykkja frv. heldur en dagskrána, og því vil jeg samþykkja frv. sjálft, að jeg tel þörf á, að hæstv. stjórn fái þá áminninguna, sem meiri veigur er í. Þar sem hv. frsm. (JörB) sagði, að í þessu efni væri alt komið undir stjórninni og lagasetning væri því gagnslaus, þá furðaði mig á því, að hann skyldi beina þessu máli með svo mikilli vægð til hæstv. stjórnar. Jeg veit ekki betur en að skrifstofufarganið og aukaborgun hafi aukist hvað mest undir þeirri stjórn, sem hæstv. núverandi forsrh. (JM) veitti einnig forstöðu. (PO: Vínverslunin er yngri). Það er satt, og tek jeg undir þau hörðu ummæli, sem fallið hafa um hana, enda muni fáir hafa jafn harðlega vítt opinberlega þá starfsemi sem jeg.

Hv. frsm. (JörB) lagði mjer þau orð

í munn, að jeg vildi minka skriffinskuna með því að samþykkja þetta frv. Jeg sagði þetta nú raunar aldrei, en má þó færa til sanns vegar. Og þá veifaði hv. þm. fjárlögunum, eins og jeg bæri ábyrgð á þeim, og mun þessu hafa verið miðað til okkar hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) beggja, þar sem við eigum báðir sæti í fjvn. Vitnaði hv. frsm. (JörB) í skrifstofukostnað vegamálastjóra og vitamálastjóra. Það má vera, að hann hafi ekki heyrt það, sem hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) sagði af hálfu nefndarinnar, að það væri samhuga álit hennar, að leggja bæri niður aðstoðarmannastöðurnar á þessum skrifstofum, en hún treysti sjer ekki til þess að leggja það til, þar sem launalögin verða endurskoðuð næsta ár. Nefndin hafði fullan hug á þessu, en það var af praktiskum ástæðum, sem nefndin vildi ekki opna launalögin, og því hreyfði hún því ekki. Jeg skal ekki deila lengur um þetta við hv. frsm. (JörB), en jeg gat ekki að mjer gert að brosa, þegar hann fór að veifa fjárlögunum.

Forsætisráðherra (JM): Jeg skal láta þess getið út af ummælum hv. þm. Str. (TrÞ), að jeg kannast alls ekki við, að aukaborganir hafi aukist í minni tíð til starfsmanna í stjórnarráðinu, og veit jeg minsta kosti ekki til, að það hafi átt sjer stað á minni skrifstofu. Jeg býst við, að mjer sje eins vel kunnugt um það og flestum öðrum, hvernig hagaði til í stjórnarráðinu í þessu efni fyrir 1917, og ennfremur hygg jeg, að alveg eins megi finna aukaborganir eftir að jeg ljet af stjórn, svo að það er ekki víst, að það sje vert fyrir hv. þm. að minnast mikið á þetta. Það þarf auðvitað altaf að greiða eitthvað fyrir aukastörf, en að það hafi verið meira á árunum 1917—1922 heldur en fyr eða síðar, get jeg ekki viðurkent. Auðvitað hafa störfin í stjórnarráðinu aukist á þessum tíma sem annarstaðar, og er ekki um það að tala.

Jeg verð að segja það, að mjer þykir dálítið ósmekklegt að nota mál eins og þetta til þess að ráðast á stjórn, sem er farin frá fyrir löngu, en það verður að taka því eins og það er. Jeg þekti vel til á landshöfðingjaskrifstofunni frá 1896—1904 og var í stjórnarráðinu frá 1904—1908, og var sömu reglum fylgt alla þá tíð.

Klemens Jónsson: Þó að umræðurnar sjeu orðnar æði langar, miklu lengri en búist var við, hefir mjer fundist ýmis þau orð falla, sem gefa mjer fult tilefni að taka til máls. Jeg skal þá fyrst geta þess, að jeg mun fylgja frv., en þó ekki óbreyttu. Verði það samþykt nú, mun jeg flytja brtt. við 3. umr., þess efnis, að vinnutíminn skuli vera 7 stundir, en 8 stundir finst mjer of langt. Að jeg kýs fremur að fylgja frv. en dagskránni, stafar af því, að jeg hygg, að stjórnin geti beitt sjer betur, ef hún hefir lög um þetta. Það er ekkert áhlaupaverk fyrir hæstv. stjórn að kippa öllu þessu í lag, fækka mönnum og reka frá störfum sínum, og mun henni veitast erfiðara að gera það, ef hún hefir ekki lagaheimild.

Það hefir nokkuð verið minst á stjórnarráðið. Af því að jeg þykist vera þar eins kunnugur og hver annar, þá skal jeg geta þess, að það er ekki rjett, sem haldið hefir verið fram, að ekki sje unnið þar nema 5 stundir. Það er þvert á móti unnið oft og tíðum seinni hluta dags, að minsta kosti 1—2 tíma, eink-

um á dómsmála- og atvinnumálaskrifstofunum. Á fjármálaskrifstofunni er minna um eftirvinnu, enda er starfið þar að mestu leyti endurskoðun, sem liggur ekki sjerstaklega á. En á hinum skrifstofunum verður oft að afgreiða mál í skyndingu, sem tími hefir ekki unnist til að skera úr á skrifstofutímanum, og verða því skrifstofustjórarnir og starfsmennirnir að vinna eftir skrifstofutíma að þeim. Það kemur og fyrir, eða hefir þó komið fyrir, að starfsmenn verða að taka heim með sjer verkefni, sem þarf skjótrar úrlausnar. Það er því ekki rjett, að vinnutíminn sje eins stuttur og sagt hefir verið. Heldur ekki verður það með sanni sagt, að of mikið mannahald sje í stjórnarráðinu að öllu verulegu athuguðu, því það hefir raunar ekki verið aukið mikið við mönnum á skrifstofurnar síðan þær voru settar á stofn. Helst er það á fjármálaskrifstofunni, en þar hafa skrifstofustörfin aukist stórlega síðustu árin, vörutollsendurskoðun bæst við, auk sívaxandi síma- og póstreikninga.

Það má annars að ýmsu leyti benda á það, að sparnaðar hefir verið gætt í rekstri þessarar stofnunar. Ef skrifstofustjóri hefir verið veikur, þá hafa hinir skrifstofumennirnir bætt störfum hans á sig. Man jeg, að eitt sinn var einn skrifstofustjórinn veikur í næstum því eitt ár, og var þó ekki bætt við manni á skrifstofuna. Þá mun hv. dm. kunnugt um, að í fyrra var einn skrifstofustjórinn settur bankastjóri í Íslandsbanka og hefir verið þar til þessa, og hefir fulltrúinn á þeirri skrifstofu gegnt störfum hans þann tíma. Verð jeg yfirleitt að halda því fram, að ýms ummæli, sem hjer hafa fallið um stjórnarráðið, hafi við mjög lítil rök og enn minni þekkingu að styðjast.

Að því er snertir deilu hæstv. forsrh. (JM) og hv. þm. Str. (TrÞ) um það, hvenær upp hafi verið teknar aukaborganir, þá skal jeg taka það fram, að þegar jeg var landritari, þá hafði jeg á hendi alla þá sjóði, sem stiftsyfirvöldin og landshöfðingi höfðu haft áður, og gætti jeg þeirra í 13 ár með öllu borgunarlaust. — Er nú þessum störfum skift milli tveggja skrifstofustjóra í stjórnarráðinu og fá borgun fyrir þessa starfa. Hitt er annað mál, að stjórnin verður oft að leita aðstoðar utan stjórnarráðsins til sjerstakra starfa, aðstoðar við lagasamningu o. s. frv., og auðvitað verður að borga það starf.

Þá vildi jeg víkja nokkrum orðum að áfengisversluninni, þótt hún hafi ekki heyrt undir mig, þar sem sá maður, sem þar á hlut að máli, á ekki sæti í þessari deild. Það hefir verið talað mikið um hið mikla mannahald, sem væri við þá verslun. Þetta var gert þegar í byrjun, enda kvaddi þáverandi stjórn forstöðumann verslunarinnar þegar á sinn fund, og að athuguðu máli skipaði hún honum að segja upp fjórum af starfsmönnunum. Lengra treysti stjórnin sjer ekki til að fara, enda myndi það vart hafa verið forsvaranlegt. Annars liggur nú listi yfir þessa starfsmenn fyrir þinginu, og geta hv. þm. sjálfir lesið hann til þess að komast að niðurstöðu í málinu. Er jeg þess fullviss, að þeir munu vera mjer samdóma um það, að ekki sje unt að fækka þar meira, nema þá um einn mann, en til þess þyrfti fyrst að breyta reglugerðinni.

Að því er snertir landsverslunina, þá heyrði hún undir mig. Og jeg átti oftar en einu sinni tal um það við forstjóra

hennar, að mjer þætti laun starfsmannanna of há. Hann gat samt ekki sannfærst um, að það væri rjett, og bar það fyrir, að þar myndi yfirleitt vera lengri vinnutími en á öðrum skrifstofum. Kvað hann algenga vinnutímann vera 7—8 tíma, og stundum kæmist hann jafnvel upp í 10—12 tíma; auk þess væru launin ekki sambærileg við aðrar stofnanir ríkisins. Stjórninni þótti því ekki rjett að fara lengra út í þetta, enda mun svo fara, að ef vinnutíminn á öðrum skrifstofum ríkisins verður lengdur og borgun aukavinnu afnumin, þá verði laun starfsmanna líka jafnframt hækkuð.

Að lokum vil jeg taka það fram, að jeg tel það hyggilegra, að öllu athuguðu, að samþ. frv. en ekki rökstuddu dagskrána. Lít jeg svo á, að þá sje nær því takmarki, sem þorri hv. þm. óskar að ná í þessu efni.

Jakob Möller: Jeg stóð upp, af því að mjer fanst tími til kominn, að einhver bæri friðarorð á milli hv. dm. Einkum tel jeg þessa þörf að því er snertir flokksmenn hæstv. stjórnar, því þeir hafa farið mjög geist og rasandi í þessu máli. Jeg gat vel skilið, fyrst, er hv. flm. (ÞórJ) bar fram frv., af hverju hann bar það fram í þessu formi. Þáverandi stjórn var ekki hans flokksstjórn, enda var ekki hægt að komast hjá því að skoða frv. sem nokkurskonar vantraustsyfirlýsingu til stjórnarinnar. En það þykir mjer gegna furðu, að hann skuli nú vera enn grimmari í þessu efni, rjett eins og nú sje um ennþá meiri nauðsyn að ræða. Sama er að segja um hv. þm. Borgf. (PO), að hans grimd í málinu hefir einnig vaxið. Jeg skal nú að vísu játa, að ef þessi hv. þm. vantreystir svo mjög sinni nýju stjórn, þá virðist ekki sitja á mjer að bera sættarorð þar á milli, en jeg vil nú samt, af bróðurlegum kærleika, benda á það, að þessi framkoma hv. þm. er alt að því óviðfeldin, eftir að hæstv. forsrh. hefir mælst til þess, að frv. yrði ekki samþ. (**Forsrh. JM:** Það er misskilningur, að jeg hafi mælst til þess). Hæstv. ráðherra (JM) kvaðst ekki búast við því, að meira yrði heimtað í bili en að málið yrði athugað. Þar sem nú frv. ber bæði vitni um, að menn treysti stjórninni ekki meir en í meðallagi og er auk þess viðurhlutamikið eins og það nú er, þá þykir mjer það sæta sjerstakri furðu, er flokksmenn hæstv. stjórnar fara svo geist.

Að því er snertir launakjörin á skrifstofum þess opinbera, þá þurfa menn ekki að ímynda sjer, að nokkurntíma komist samræmi á þar á milli. Hvað snertir skrifstofur stjórnarráðsins og aðrar slíkar, þá nýtur ríkið þess, að það hefir ávalt nóg af þessu lærða „proletariati", en þar sem aftur er að ræða um verslunarfyrirtæki, þá verður það að keppa við önnur samskonar fyrirtæki og borga starfsmönnunum eins og þau. Væri það ekki gert, þá myndi ríkið aðeins ná í úrkast þeirra manna, og myndi það trauðla borga sig. En af þessu leiðir, að altaf verður ósamræmi á milli launakjara þessara ríkisstofnana. Eina ráðið er bara þetta, að hverfa algerlega frá þessum ríkisrekstri. Verði þetta ekki gert, þá verður krafa þeirra löglaunuðu starfsmanna, um meira samræmi, að lokum svo hávær, að ekki verður unt að komast hjá að láta undan henni að meira eða minna leyti. Þá er líka önnur leið, sú, að bæta mönnum upp þessi lágu laun með aukabitling-

um, og er það sú leið, sem farin hefir verið til þessa.

Jeg get að vísu tekið undir það með hv. frsm., að skriffinskunni sje of langt komið, en það er ekki á svipstundu hægt að kippa slíku í lag. Það er jafnan hægara að auka við manni en að losna við hann aftur, hægara að hækka kaup manna en að færa það aftur niður.

Jeg geri annars ráð fyrir, að ekki velti á miklu, hvort þetta eða hitt verður ofan á í þessu máli; jeg býst við, að árangurinn verði nokkuð svipaður, hvort sem ber sigur úr býtum, frv. eða dagskráin. Það er því algerlega að óþörfu, sem hv. þdm. hafa farið svo geist í málinu.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vildi aðeins láta í ljós ánægju mína yfir því, að Nd. fær nú að sjá framan í hæstv. forsrh. (JM). Þetta er þeim mun meira fagnaðarefni sem deildin hefir mjög sjaldan átt þess kost, því það hefir örsjaldan bólað á hæstv. ráðherra, og það jafnvel, er um stórmál hefir verið að ræða, sem snerta hann sjerstaklega.

Það, sem hjer hefir annars borið á milli, er þetta, að jeg gat þess, að í tíð hæstv. forsrh. (JM) hefði komist á það lag, að mönnum í stjórnarráðinu hefði verið borgað fyrir aukastörf. Þessu mótmælti hæstv. forsrh. (JM), en hv. 2. þm. Rang. (KlJ) stóð þá upp og lýsti yfir því, að hann hefði áður sem landritari haft á hendi reikningshald ýmissa sjóða, án sjerstakrar borgunar. En þar sem það nú er upplýst, að þetta hefir síðan verið launað sjerstaklega, þá hefir hann þar með sannað mitt mál. Þá sagði hæstv. forsrh. (JM) loks í öngum sínum, að ekki væri vert að tala meir um þessar sakir, en jeg vil þá halda því fram, að það sje bein skylda þm. að tala um þær, úr því að þeir á annað borð eru sannfærðir um, að þetta hefir farið í ólestri. Jeg skal þó játa, að jeg hefði ekki farið að tala um gerðir fyrverandi stjórnar, ef ekki hefði staðið svo á, að höfuð þeirrar stjórnar var það sama og höfuð stjórnarinnar nú.

Forsætisráðherra (JM): Það kemur oft fyrir hjá sumum hv. þm., að þeir taka ekki orð manna eins og þau eru töluð, og svo fór áðan um hv. þm. Str. (TrÞ). Það, sem jeg sagði, var, að ekki hefðu aukastörf þessi verið borguð fremur í minni stjórnartíð en bæði fyrir og eftir. Skal jeg til dæmis nefna, að þegar landshöfðinginn bað mig um að gerast landshöfðingjaritara, þá sagði hann, að jeg skyldi hafa umfram embættisstörf mín bæði endurskoðun við Landsbankann og svo útgáfu Stjórnartíðindanna og þóknun, er þeim aukastörfum fylgdi. Þetta hafði verið svo áður og er að nokkru svo enn.

Það mun óhætt að fullyrða, að hvergi sje svo vel launað á þessum skrifstofum ríkisins, að menn geti lifað af þessu eingöngu. Hvort þetta sje heppilegt, skal jeg ekkert um segja, en hitt er víst, að þessari reglu með aukastörfin hefir verið fylgt til þessa.

Það er rjett, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) sagði, að í hans landritaratíð hafi ekki verið borgað fyrir reikningshald þeirra sjóða, sem hann gat um áðan. En þess er að gæta, að það reikningshald er miklu erfiðara nú en það var þá. Upplýsingar hv. 2. þm. Rang. voru því ekki nein sönnun þess, að óhæfilegt væri að borga fyrir þessi störf nú. Og jeg vil ekki heldur standa hv. 2. þm. Rang. að baki í því að bera sannleikanum vitni,

og skal því bæta því við, að jeg hefi fyrir satt, að einn aðstoðarmaður í stjórnarráðinu hafi ekki fyrir alllöngu síðan farið fram á það við fyrv. atvrh. (KlJ), að hann fengi launabót, sem næmi 100 kr. á mánuði, og að hann hafi fengið þetta þegar í stað. Veit jeg ekki til, að nokkurntíma áður hafi verið svo ríflega skamtað úr þeim aski, enda hafa komið fram kvartanir um þetta frá öðrum skrifstofumönnum í stjórnarráðinu.

Að því er snertir fögnuð háttv. þm. Str. yfir nærveru minni nú, þá kann jeg honum þakkir fyrir. Fyrir fjarveru minni vil jeg aftur á móti gera grein á þann hátt, að jeg hefi ekki getað tekið neinn verulegan þátt í gangi málanna í Nd., sökum þess, að svo áliðið var þings, er jeg átti kost á því. Öðru máli er að gegna um Ed., því þar á jeg þingmannssæti. Að vísu hefir það hingað til verið venja, að ráðherrarnir sitji löngum í Nd., en þar með er ekki sagt, að þetta sje ávalt heppilegast.

Jón Kjartansson: Jeg er flm. að öðru máli, sem snertir laun starfsmanna í áfengisversluninni og landsversluninni, og vildi því taka það fram, að jeg hefi óbundnar hendur í því máli, þótt þessi dagskrá verði samþ.

Mjer finst það annars ekkert óeðlilegt, þótt ýmsir hv. þm. hrópi hátt um skriffinskuna hjer í Reykjavík, því á þann hátt hefir einmitt verið ritað af þeim, sem ætla skyldi, að hefði manna best vit á því máli. Jeg hefi hjer fyrir framan mig ritgerð, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) hefir skrifað um þetta mál. Vildi jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkrar setningar. Þar segir:

„Æðsta stjórn landsins kostaði 1915 58 þús. kr., nú 201 þús. kr., þar mætti líka spara mannahald."

En nú stendur hv. þm. (KlJ) upp og fullyrðir, að ekki sje hægt að fækka mönnum í stjórnarráðinu. Veit jeg ekki, hverjum jeg á hjer frekar að trúa, höfundi greinarinnar, sem jeg vitnaði í, eða hv. 2. þm. Rang. (KlJ). Þó má vera, að minna sje að marka greinina, þar eð hún var skrifuð handa kjósendum út um land til lestrar, en hin skoðunin er fram borin af manni, sem hefir nú ábyrgð þingmenskunnar á herðum sjer. Í fyrnefndri grein stendur hjer enn, með leyfi hæstv. forseta:

„Dómgæslan hefir vaxið úr 87 þús. kr. upp í liðuga hálfa miljón (506 þús. kr.). Það er skifting bæjarfógetaembættisins í Reykjavík, sem þar ræður mestu um. Það er alveg ótrúlegt mannahald, sem þessi embætti þurfa. Það er því ekki eins mikil fjarstæða og sýnast kann í fyrstu, sem einn fyndinn náungi sagði við mig um daginn, að nú hefðu 60 menn það starf á hendi í Reykjavík, sem 6 menn hefðu unnið fyrir 10—12 árum."

Nú hefir greinarhöfundur verið ráðherra undanfarin ár, og hefir hann þó þolað þetta og ekki hafst að. Hann hefir ekki hreyft við þessum „sextíu" mönnum; af þeim hefir hann þó álitið, að 54 væru óþarfir. Til þess að háttv. dm. sjái enn betur, hvernig moldin getur stundum rokið upp í slíkum málum, þá vil jeg enn, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp ummæli sama greinarhöfundar í öðru máli. Þau hljóða svo:

„Þá var borgað fyrir prentun þingtíðindanna árið 1920, 96 þús. kr., þriðjungi hærra en Ölfusárbrúin kostaði á

sínum tíma, og talsvert meira en þjórsárbrúin kostaði. Og það væri þó sök sjer, ef Alþingistíðindin væru sannur spegill af þinginu, en því fer fjarri, að svo sje, því þingmenn breyta ræðum sínum alveg eftir geðþótta eftir á. Og hve margir lesa svo þessa dýru bók?"

Nú hefir nýlega komið frm frv. um að fresta prentun Alþingistíðindanna, en það var umræðulaust drepið af hv. 2. þm. Rang. (KlJ) og flokksmönnum hans. Sjest best af þessu, hver alvara fylgir þessum háu hrópum til kjósendanna. Það er undarlegt, að hv. þm. Str. (TrÞ) skuli tala svo fullum hálsi um skriffinsku, þar sem henni hefir aldrei vegnað betur en undir stjórn hans eigin ráðherra. Annars veit jeg, að hv. 2. þm. Rang. hefir ekki verið full alvara, er hann skrifaði þá grein, sem jeg hefi vitnað í, enda vona jeg, að hv. þm. (KlJ) finni meir til ábyrgðar sinnar nú en hann gerði þá.

Eina lausnin á þessu máli er að vísa því til stjórnarinnar, því þær breytingar, sem hjer er um að ræða, er ekki hægt að gera nema með því að breyta um leið launalögunum. Býst jeg við, að við, stuðningsmenn hæstv. stjórnar, treystum henni til þess að taka öll þessi launamál til alvarlegrar athugunar.

Þórarinn Jónsson: Hv. 2. þm. Árn. (JörB) sagði, að sama væri sjer, hvort samþykt yrði, frv. eða dagskráin. Það er nú svo. En annars er þessi hv. þm. að hóta því, ef frv. yrði samþ., þá skyldi hann minna mig á árangurinn síðar. Mjer þykir þetta hálfkynlegt hjá háttv. þm. (JörB), og kem því illa saman.

Hvað snertir ummæli hv. 2. þm. Rang. (KlJ) um það, að tíminn sje of hátt ákveðinn í frv., þá hefi jeg margtekið það fram, að því má breyta, ef nauðsynlegt þykir. Annars er það hreinn misskilningur, að jeg sje með þessu frv. að færa niður launin á skrifstofunum. Tilgangur frv. er sá, að færa saman vinnuna, gera hana hagkvæmari og lengri, svo mennirnir geti tekið sín laun í einu lagi. Og eins og jeg áður tók fram, þá má hæglega gera þetta án þess að breyta launalögunum. En hvenær sem þetta verður gert, og jafnvel hvernig sem það verður gert, er jeg sannfærður um, að það verður til mikils sparnaðar.

Hvað það snertir, sem háttv. 2. þm. Rang. sagði, að menn hefðu farið úr stjórnarráðinu, án þess aðrir hefðu verið teknir í staðinn, þá sannar það einmitt til fulls mitt mál, að þar hafi verið ofaukið starfsmönnum.

Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði, að þetta frv. væri vantraust á hæstv. stjórn. En það er síður en svo. Aftur get jeg trúað því, að dagskráin sje fram borin í þeim tilgangi að geta síðar fengið höggfæri á stjórninni. En eins og jeg hefi flutt þetta mál, þá er það hvorki vantraust á fyrverandi og því síður núverandi stjórn, sem jeg styð.

Þá sagði sami hv. þm. (JakM), að þetta frv. mundi leiða til þess, að ekki fengist nema úrkast af mönnum til þess að vinna á stjórnarskrifstofunum. Jeg hygg, að þessu fari fjarri, því vinnutíminn á einkaskrifstofum mun hvergi minni en 7—8 tímar og sumstaðar lengri, og jeg býst ekki við, að fram úr því verði farið. Hitt er annað mál, að launin eru ef til vill ekki í öllum tilfellum eins há og einstakir menn geta boðið. Slíkt getur einlægt komið fyrir. En jeg hefi hvergi haldið því fram, að launin ættu að lækka, heldur vil jeg

hafa launin forsvaranleg og verkið fullkomið, sem afkastað er fyrir launin.

Klemens Jónsson: Hæstv. forsrh. (JM) játaði það, að það væri rjett, að landritari hefði áður haft ýmsa sjóði til umsjónar án sjerstaks endurgjalds, sem nú væri greidd sjerstök þóknun fyrir. En hann tók það jafnframt fram, að þessir sjóðir hefðu vaxið síðan, og reikningshaldið því miklu erfiðara. Jeg held nú, að þessir sjóðir, svo sem Jóns Sigurðssonar sjóður, Hannesar Árnasonar og Herdísar sjóður o. fl. sjóðir, sem ekki vaxa nema sem svarar rentunum árlega, eins og altaf að undanförnu, geti ekki hafa stækkað svo, að það hafi gefið tilefni til þess, að nú er borgað sjerstaklega fyrir umsjón þeirra, og það fulteins mikið og aukalaun þess manns nema, er hæstv. forsrh. mintist á, og jeg hafði veitt. Hann vinnur vissulega fyrir þeim.

En hæstv. forsrh. nefndi líka kirkjujarðasjóð. Það er rjett, að hann hefir vaxið mikið. En sá sjóður heyrði aldrei undir mig, heldur skrifstofusjórann á 1. skrifstofu, og hafði hann frá upphafi einhverja sjerstaka þóknun fyrir. Ræktunarsjóður lá aftur undir atvinnumálaskrifstofustjórann, og hafði hann líka þóknun fyrir. Jeg sje heldur ekkert athugavert við það, þó greitt væri aukalega fyrir þessa sjóði, því við þá er mikið verk. En hinir sjóðirnir eru allir svo litlir, að ekki er mikið verk að stjórna þeim.

Hæstv. forsrh. (JM) vildi bera sannleikanum vitni um það, að einn maður í stjórnarráðinu hefði fengið launaviðbót nýlega, sem valdið hefði talsverðri óánægju. Jeg skal nú kannast við það, að hafa veitt einum manni launaviðbót, eða sjerstök laun. Þetta er mjög duglegur og fær maður, sem ráðinn var í fyrri stjórnartíð hæstv. forsrh. (JM), og tel jeg, að það hafi verið mjög heppilegt. En nú kom þessi maður til mín og kvaðst ekki geta haldið áfram sínu starfi í stjórnarráðinu nema hann fengi launaviðbót. Þessi maður er sjerstaklega fær í útlendum málum, einkum ensku, og var honum því veitt uppbótin, og það sjerstaklega tilskilið, að hann skuli annast allar þýðingar af og á ensku ókeypis, en eigi löggiltur túlkur að annast slíkt, er það mjög dýrt. Jeg veit ekki til þess, að sú ráðstöfun hafi vakið óánægju nema hjá einum manni, sem líka var sæmilega að sjer í útlendum málum.

Þá sneri hv. þm. V.-Sk. (JK) sjer til mín og las upp kafla úr ræðu eftir mig. Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem jeg hefi þá ánægju að heyra kafla úr þessari ágætu ræðu hjer á þingi. Það hefir mjer veist tvisvar áður, og það gladdi mig að heyra hv. þm. V.-Sk. lesa nú upp í þriðja sinn úr henni. Jeg vona, að hann geri það oftar, því hann hefir vissulega gott af því að kynna sjer hana nákvæmlega. Þessi hv. þm. (JK) sagði, að það væri sitthvað að tala við kjósendur og tala á Alþingi. Já, það sannast á honum og fleirum, en ekki á mjer, í þetta sinn að minsta kosti, því á þeim tíma, sem jeg flutti þessa ræðu, datt mjer ekki í hug að bjóða mig fram til þings, enda þá engar kosningar í nánd. Jeg var því ekki að tala fyrir neinum kjósendum, heldur sagði jeg á fjölmennum fundi skoðun mína afdráttarlaust. Hún var haldin til að hvetja til sparnaðar og var því með „agitations"-blæ. Jeg taldi í ræðunni, að spara mætti mannahald í stjórnarráðinu, og jeg hefi líka sýnt það í verki, að þetta er rjett, svo hjer er ekki

um neina mótsögn að ræða. Þannig var skrifstofustjóri burtu fult ár, og gegndi fulltrúi störfum hans, án þess að bætt væri við manni, nema aukaskrifara, og það með köflum aðeins, í viðlögum. Jeg lít líka svo á, að fækka mætti um ½ mann á 1. og 2. skrifstofu. Að jeg hafi liðið það sem ráðherra, að lögreglustjóri og bæjarfógeti hefðu svo og svo mikið af starfsmönnum, er alveg tilhæfulaust. Til þess hafði jeg engan myndugleik. Sá hv. þm. (JK) veit líklega ekki, að hver ráðherra hefir sinn verkahring, og blanda sjer ógjarnan hver í annars málefni. (**HK:** Ekki er nú samvinnan góð!) Ójú, hún getur verið það fyrir því, og var það. — Annars gekk ræða mín eindregið í sparnaðaráttina. Og jeg held, að jeg hafi sýnt það á þessu þingi, að jeg er enn sömu meiningar. Jeg hygg, að það sjeu velflest sparnaðarmál á þessu þingi, sem jeg hefi fylgt. Það kann að vera, að jeg hafi ekki fylgt hverju einasta slíku máli, en vissulega hefi jeg hjer gengið miklu lengra en hv. þm. V.-Sk. (JK), þó hann telji sig til íhaldsflokksins. Það er þó reyndar ekki fyllilega að marka, með því að honum virðist ekki ætið fullkomlega ljóst, hvernig hann á að greiða atkvæði. Þannig greiddi hann atkvæði bæði með og móti einu og sama máli nýlega.

Jeg játa, að það er fallegt hjá hv. þm. V.-Sk., þar sem hann hjelt því fram, að menn ættu að bera jafna ábyrgð á orðum sínum hjer í þingi og annarsstaðar. Jeg vona því, að hann fylgi þessum orðum sínum um ábyrgðina sem þingmaður og blaðstjóri. En sýnilega er það í byrjun fyrir honum enn, og skamt á veg komið. Það er auðsjeð á hinni stuttu blaðastjórn hans.

Forsætisráðherra (JM): Jeg verð að gera dálitla athugasemd út af orðum hv. 2. þm. Rang. (KlJ). Þessi hv. þm. talaði fyrst aðeins um þá sjóði, sem hann hefði haft endurgjaldslaust sem landritari, en nú væri goldið aukalega fyrir. En svo játaði hann, að í hans landritaratíð hefði verið borgað sjerstaklega fyrir aðra sjóði. Hvað er þá um að tala? Jeg er ekki að lasta þetta. En það sýnir, að árás hv. þm. Str. (TrÞ) á mig er öldungis ástæðulaus. Svona hefir það verið bæði fyr og síðar. Jeg var ekkert að lasta það, þó hv. 2. þm. Rang. (KlJ) bætti laun þessa umgetna starfsmanns. Það var samt engin sjerstök ástæða til þess, og það var misrjetti gagnvart öðrum starfsmönnum í stjórnarráðinu. Engin nauðsyn vegna þýðinga. Í stjórnarráðinu er löggiltur og prófaður skjalþýðari annar. Að það hafi þótt misrjetti, fjekk jeg sönnun fyrir í morgun. Jeg fjekk þannig brjef í morgun frá manni, sem sagðist ekki geta lifað af launum sínum og verði að fara, eða fá launin hækkuð, og „citerar" þetta dæmi. Þessi maður hefir miklu lægri laun en hinn. — Það er annars ekki vert að vera að pexa um einstök dæmi. Því þar sem hv. þm. Str. (TrÞ) kemur með eitt, skal jeg koma með þrjú.

Tryggvi Þórhallsson: Það gladdi mig að heyra hæstv. forsrh. (JM) vitna í Sturlungu í lok tölu sinnar, en margt annað er þó ekki líkt um okkur. — Annars var þar ekkert svaravert, nema eitt einasta atriði, sem jeg skrifaði orðrjett upp eftir honum. Hann sagði: — Svona hefir það altaf verið, bæði fyr og síðar. — Þetta er höfuðatriðið, sem ber á milli. Jeg og margir fleiri hjer í þess-

ari hv. deild viljum einmitt ekki, að það sje áfram eins og það er og hefir verið. Það, sem mjer og hv. flm. (ÞórJ), er um að gera, eru ekki launakjörin í sjálfu sjer, heldur hitt, að ekki sjeu ofmargir menn í þjónustu ríkisins, heldur hæfilega margir menn, sem fá dágóð laun.

Þá var hv. þm. V.-Sk. (JK) að biðja menn að skifta sjer sem minst af því, sem skrifað væri í blöð, og vildi yfirleitt, að sem minst væri tekið eftir slíkum skrifum. Hv. ritstjórinn getur áreiðanlega verið rólegur. Honum mun verða að ósk sinni, hvað hann sjálfan snertir.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að með frv. hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) væri horfið frá þeirri stefnu, sem áður hefði ríkt hjer. En jeg held, að hv. þm. (TrÞ) hafi þá ekki lesið frv., fyrst hann segir þetta. Hv. flm. gerir í frv. ráð fyrir 8 stunda vinnutíma. En að gefnu tilefni frá hv. 2. þm. Rang. (KlJ) hefir hann nú lýst því yfir, að þessu atriði frv. megi breyta í 7 stundir. En hvað lagast nú við þetta? Verði þetta samþykt, þá er starfstíminn kominn ofan í það, sem hann er stystur nú, nema í stjórnarráðinu, og er þar með lögfestur. Og með þessu ætlar flm. að fækka starfsmönnum. En vitanlega verður það til hins gagnstæða. Hv. flm. sagði, að jeg hefði sagt, að mjer lægi í ljettu rúmi, hvort samþykt yrði, frv. eða dagskráin, en þó haft í hótunum að minna hann á þessar umr. síðar, ef frv. yrði samþ. En hann gleymdi að láta fylgja: ef sú stefna, sem hefir ríkt hjer, breytist ekki. En það fer vitanlega eftir því, hvernig stjórnin heldur á lögunum.

Eitt var það í orðum hv. flm., sem jeg gat ekki skilið, og fanst kenna mótsagnar hjá sjálfum honum. Hann sagði, að ef dagskráin yrði samþ., þá yrði auðveldara að ráðast á stjórnina á eftir, vegna hennar aðgerða í málinu, heldur en ef frv. yrði samþ. Jeg er ekki frá því, að jeg hafi áðan sagt heldur mikið, að mjer lægi í ljettu rúmi, hvort dagskráin yrði samþ. eða frv. Það ætti miklð fremur að samþ. hana. Ekki þó svo að skilja, að jeg ætlaði mjer að nota hana síðar sem árásarefni á hæstv. stjórn. Jeg er ekki svo grályndur, að búa yfir slíkum undirmálum. Og jeg ber það gott traust til hæstv. stjórnar, að hún muni gera sitt besta. En það er mín skoðun, að ef fylgja á frv. um sjö stunda vinnutíma, og ekki þar framyfir, þá sje það gagnslaust, og gagnstætt tilætlun hv. flm. Hjer eru menn að fara í kringum aðalatriði málsins; en aðalatriðið er það, að eftirlit sje gott hjá yfirmönnum skrifstofanna og hæstv. landsstjórn. Lágmark vinnutíma er þýðingarlaust í þessu efni, ekki síst, ef það er miðað við það lágmark, sem nú tíðkast.

En nú geta menn valið um frv. og dagskrána og samþ. frv., þeir, sem það vilja, til þess að forða hæstv. stjórn frá árásum síðar, eins og hv. flm. sagði, sem leiða kynni af dagskránni, ef hún væri samþykt. En það er vitanlega alveg úr lausu lofti gripið. En spá mín er sú, ef sjö tíma vinna verður lögboðin, að þá verði það ekki til þess að unnið verði lengur eða meira en nú er gert, heldur þvert á móti, og er þá ver af stað farið en heima setið.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 312, frá allshn., feld með 12 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: SigurjJ, ÁF, BSt, JBald, JK, JörB, MJ, BSv.

nei: PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, HStef, HK, IngB, JAJ, KlJ.

JakM, JÞ, MG og MT greiddu ekki atkvæði.

Fjórir þm. (ÁJ, BJ, BL, JS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 13 : 6 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 13 : 4 atkv.

Fyrisögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 6 atkv.

Á 50. fundi í Nd., mánudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 58, 378).

Afbrigði um brtt. 378, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. í e. hlj.

Sigurjón Jónsson: Brtt. mín er aðeins falin í því, að í 1. gr. standi 7 stundir í stað 8. Jeg er alls ekki ánægður með frv., þar sem mjer finst í alla staði óviðurkvæmilegt að ákveða, að styst sje unnið 8 tíma. Jeg veit það, að á skrifstofum ríkisins er oft og tíðum unnið talsvert lengur en ákveðið er. En á flestum þeirra mun hinn venjulegi vinnutími vera frá 10—6 daglega, að einum tíma frádregnum til matar. Hefi jeg komið með þessa brtt., þar sem jeg veit, að mörgum þykir það ærið nóg að vinna 7 tíma á skrifstofum, þar sem sú vinna er þreytandi og lamandi. Annars sje jeg enga ástæðu til að fara um till. fleiri orðum, þar eð málið var rætt mikið við 2. umr. og hv. flm. frv. mun þegar hafa náð aðaltilgangi sínum, sem jeg lít svo á að hafi verið að brýna fyrir ríkisstjórninni að halda starfsmönnunum vel að vinnu.

Þórarinn Jónsson: Í raun og veru hefi jeg ekki mikið á móti brtt. hv. þm. Ísaf. (SigurjJ), því að ekki vakir fyrir mjer að ákveðinn verði ósanngjarnlega langur vinnutími, heldur að það verði fastákveðið, hve starfsmenn á skrifstofum ríkisins skuli vinna margar stundir á dag minst. En jeg get alls ekki sjeð, að sá tími, sem farið er fram á í frv. mínu, sje of langur, þar sem upplýst er, að starfsmennirnir vinna nú lengri tíma á degi hverjum, þó að öll vinnan sje ekki á skrifstofunum. En jeg vil einmitt, að unnið sje á sama stað, en ekki hingað og þangað. Ef menn vinna hinn ákveðna tíma á sama stað, gerir það starfið frekar að manns eigin, og eykur áhugann. Annars skal jeg láta óátalið, hvort frv. verður samþ. óbreytt eða brtt. hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) verður samþykt.

Magnús Jónsson: Jeg er alveg sammála hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) um það, að í raun og veru hafi nú flm. náð tilgangi sínum með flutningi frv. En jeg tel afar óheppilegt að ákveða þennan fasta vinnutíma, hvort sem hann er 7 eða 8 stundir daglega. Störfum á ýmsum ríkisskrifstofum, t. d. pósthúsinu, er þannig háttað, að stundum berast störfin svo ótt að, að vinnutíminn verður að vera lengri en hægt er að ætlast til að menn hafi dag eftir dag og viku eftir viku. Aðra stundina er aftur á móti minna að gera. Væri nú ákveðinn viss tími daglega, mundu starfsmennirnir þegar í stað segja: Við eigum ekki að vinna nema okkar vissa tíma og gerum það ekki. Væri þá hætt við, að alt lenti í stífni, þar sem áður var gott samkomulag. Í svona málum þarf staka lempni, og ekki þarf að búast við, að stjórnin geti haft eftirlit með daglegri vinnu á skrifstofum ríkisins. Sjeu skrifstofu-

stjórarnir ekki færir um það, getur stjórnin ekkert þar við ráðið.

Mjer er þetta ekkert persónulegt áhugamál. En jeg vildi óska þess, að þetta frv. verði felt, þar sem jeg veit, að það verður frekar til tjóns og óþæginda en til gagns.

Sigurjón Jónsson: Jeg býst við því, að þetta frv. verði samþykt, eins og við 2. umr. En jeg held, að rjettast sje að samþ. brtt. mína, þar sem annars er hætt við að þetta verði bara pappírslög, og veit jeg þá, að hv. flm. þætti ver farið en heima setið.

Þórarinn Jónsson: Mjer þótti mjög vænt um það, að hv. 4. þm. Reykv. (MJ) kom fram með nýjar upplýsingar í þessu máli. Suma dagana er, eftir því sem mjer skildist á honum, lítið eða ekkert unnið, en fjöldi starfsmanna miðaður við þá vinnu, sem inna þarf af hendi, þegar mestar eru annirnar. Sje þetta svona, held jeg, að þetta frv. mitt hafi fyllilega verið tímabært. Býst jeg við, að allir sjái, að slíkt fyrirkomulag nái ekki nokkurri átt. Altaf ætti hjer í bænum að vera hægt að fá nóga menn til að vinna á skrifstofunum, þegar mest er að starfa, án þess að þeir menn yrðu fastir starfsmenn. Hjer í bænum er fjöldi af færum mönnum á þessu sviði, og munu ekki allir hafa þær annir, að ekki þægju þeir tímavinnu hjá ríkinu, þegar það þyrfti á þeim að halda. Jeg get verið þakklátur hv. 4. þm. Reykv. (MJ) og vona, að hv. þdm. sjái, að þetta frv. á fult erindi.

Magnús Torfason: Jeg greiddi atkv. á móti dagskrá allshn., vegna þess, að mjer fanst hún máttlaus. Jeg fyrir mitt leyti lít ekki svo á, að neinn sparnaður verði að því, að þetta frv. verði að lögum, hvort heldur óbreytt eða með breytingu hv. þm. Ísaf. (SigurjJ). Það yrði aðeins til þess að kaupa þyrfti dýra eftirvinnu, þegar miklar annir væru á skrifstofunum. Í samræmi við það, sem jeg hefi sagt, leyfi jeg mjer að bera fram svohljóðandi rökstudda dagskrá:

> **Deildin felur stjórninni að ganga ríkt eftir, að vinnutími á opinberum skrifstofum sje notaður sem best, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.**

Magnús Jónsson: Hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) varð eins og reið ljónynja, sem ver afkvæmi sitt, þegar ráðist var á þennan unga, sem úr hans eggi er kominn. Það væri reyndar rjettara að líkja honum við grimman fugl, úr því að jeg líkti frumvarpinu við unga úr eggi kominn.

Jeg er nokkuð kunnugur á sumum þessum skrifstofum hjer í bæ, og það veit auk þess nær allur almenningur, að verk þau, sem þar skulu unnin, eru misjafnlega mikil, t. d. á pósthúsinu er stundum aðeins lítið að gera, þegar langt er á milli póst- eða skipaferða. En ekki þó rjett að segja, að þá sje ekkert að gera, því að bæði þarf þá að vinna upp margt, sem ekki vinnst til fulls í mesta annríkinu, og svo eru náttúrlega altaf mikil dagleg afgreiðslustörf. En verulegan renslisjöfnuð er ekki unt að framkvæma á ekki stærri skrifstofum en hjer er um að ræða. Sama gildir um bankana. Þar eru langmest störfin, þegar stórir póstar eru nýkomnir frá útlöndum. Þetta vita líka allir, og eins hitt, að

stjórnin hefir öðrum hnöppum að hneppa en að rápa á milli skrifstofanna. Það er því þetta, sem háttv. flm. hefir líklega eigi vitað um, og nú fengið loks upplýsingar um í ræðu minni áðan. Já, stjórnin verður að trúa sínum trúnaðarmönnum, skrifstofustjórum og öðrum forstöðumönnum stofnanna, fyrir því, að þar sje vel unnið. En hún getur þar fyrir gengið misjafnlega ríkt eftir því við trúnaðarmenn sína, að þeir haldi starfsfólkinu til vinnu og hafi ekki fleiri menn en nauðsyn býður. Í stjórnarráðinu á stjórnin vitanlega hægast með að líta eftir vinnubrögðunum, og eins og sagt hefir verið, getur hún með orðum og eftirdæmi haft góð eða ill áhrif í þessu efni. En of mikið má ekki leggja upp úr getu stjórnarinnar í þessu máli. En það er alls ekki þetta, sem hv. flm. (ÞórJ) er hjer með. Nei, með þessu frv. er verið að innleiða óheppilegan stífnis-anda á skrifstofur ríkisins, sem stefnir að því, að menn munu ekki fást til að vinna þar neitt lengur en hinn lögákveðna vinnutíma, en krefjast sjerstakrar aukaborgunar, ef þeir þá fást til að vinna eitthvað lengur. Þessu er alls ekki hægt að bera á móti. Þetta frv. er vantraust á alla þá, sem falin hefir verið umsjá með slíkum stofnunum, og er víða bæði ranglátt og óverðskuldað, og verði farið að beita stífni á aðra hliðina, er mjög hætt við, að hún komi þá einnig fram hinumegin. Frv. þetta getur því aðeins orðið til ills eins, ef það verður samþ. Mjer skildist það á háttv. þm. Ísaf. (SigurjJ), að við yrðum sóma okkar vegna að láta það fara lifandi út úr deildinni, þar sem það hefði verið samþ. við 2. umr., og svo mundi Ed. laga það. En þetta er alveg ófær regla við afgreiðslu mála hjeðan úr deildinni, ef það á að samþ. þau í trausti þess, að Ed. lagi það, sem aflaga fer. Þó það sje satt, eða hafi komið fyrir, að Ed. hafi lagað eða felt frv., sem hjeðan hafa komið, hafa þau stundum einnig verið aflöguð þar. Jeg held því fast við alt, sem jeg hefi sagt í þessu efni, að við eigum í engu að varpa okkar áhyggjum upp á Ed., heldur gera sjálfir hreint fyrir okkar dyrum.

Björn Líndal: Jeg ætla í fáum orðum að gera grein fyrir því, hversvegna jeg er á móti þessu frv. Það er þá fyrst, að jeg álít, að það, sem frv. fjallar um, eigi að vera frjálst samningsatriði milli hlutaðeigenda, og í öðru lagi á jeg erfitt með að skilja, við hvað er átt með frv. í heild. Er það tilgangur frv., að opinberar skrifstofur skuli vera opnar til afgreiðslu í átta tíma á dag, eða vill flm. aðeins tryggja það, að þar sje unnið í 8 klukkutíma? Alt þetta er óljóst í þessu frv. En ef það á sjerstaklega að skilja svo, að enginn megi vinna þar skemur en 8 klst. á dag, er jeg á móti frv., einnig af þeirri ástæðu. Jeg álít það nauðsynlegt, að ungir lögfræðingar fái tækifæri til að afla sjer þar undirbúnings og æfingar í ýmsum „praktiskum“ viðfangsefnum, áður en þeir takast önnur embættisstörf á hendur, og þeir geta óvíða fengið betri æfingu undir umboðsstörf sín en á stjórnarskrifstofum, þar sem vel er unnið og góð regla er á öllu. (**HK:** Jú, þeir hafa líka verið svo framúrskarandi vel að sjer, sem þaðan hafa komið!) En jeg vil benda á, að þetta hefir mörgum ungum lögfræðingi að góðu haldi komið, þó ekki hafi þeir unnið þar nema fáar stundir á dag. En kaup það, er þeir fá, er mjög lágt, og ef á að binda þá 7—8

stundir á dag, er tekið frá þeim tækifærið til að afla sjer nægilegrar tekna, svo þeir geti komist af. Það er oft allerfitt fyrir unga lögfræðinga að takast á hendur flókin viðfangsefni strax eftir að þeir eru komnir frá prófborðinu, þótt þeir kunni sín „theoretisku" fræði, en „praktiska" æfingu fá þeir, eins og jeg tók fram, óvíða betri en í stjórnarráðsskrifstofum, sem vel er stjórnað.

Tryggvi Þórhallsson: Nú þykir mönnum mikils við þurfa að ganga frá frv. dauðu. Háttv. 1. þm. Árn. (MT) hefir nú gengið í lið með þeim, sem vilja koma þessu frv. fyrir, og hefir hann borið fram rökstudda dagskrá í þeim tilgangi, og var það ráð vel til fundið og hefir oft reynst vel til að drepa mál. Þessi rökstudda dagskrá er nákvæmlega sú sama og hjer var borin fram af nefndinni við 2. umr., nema að orðunum „í trausti þess" er nú slept, og var það viturlega gert að sleppa þeim orðum. Háttv. 1. þm. Árn. fer nærri um það, að þessi þingdeild muni ekki samþykkja neitt það, er felur í sjer traust til stjórnarinnar, því það er vitanlegt, að í þessari þingdeild á stjórnin einskis trausts að vænta. Þessi dagskrá er alveg í sömu átt og hin fyrri dagskráin, og jeg álít, eins nú og við 2. umr., að það sje undanhald frá frv., að samþ. nokkra slíka dagskrá. Legg jeg því ákveðið til, að frv. verði samþ.

Þórarinn Jónsson: Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) var að bera eitthvað af sjer og burðaðist við að unga út nýju eggi, sem hann var að verja fyrir sjálfum sjer. Helst skildist mjer, að hann vildi losna við að hafa sagt eitthvað, sem hann hefir sagt. Hann hefir nú endurtekið þá staðhæfingu sína, að stjórnin geti ekkert gert í þessu máli, og hefir með því sýnt, að dagskrá allshn. hafði enga þýðingu; en hann hefir ávalt verið móti þessu frv., og hefði því átt að meðganga það strax og reyna að fella frv. þegar í upphafi. Hann fór að draga pósthúsið inn í þetta mál, en það er öllum vitanlegt, að þar er ávalt unnið miklu lengur en annarsstaðar, líklega að jafnaði meir en 8 st. daglega, en þó eru launin ekki meiri þar en á öðrum stöðum, nema síður sje.

Þá kvartaði hv. þm. Ak. (BL) yfir því, að honum hefði ekki skilist, hvort skrifstofur ríkisins ættu að vera opnar í 8 stundir á dag til afgreiðslu, eða ekki. Um það er ekkert tekið fram í frv., enda þarf þess ekki, því það má vinna þar, þó að þær sjeu ekki opnar, og hlýtur stjórnin ávalt að ráða öllu þar um, eftir því sem hentast þykir. Hann ruglar og saman föstum mönnum með fastákveðnum launum og lausamönnum, sem aðeins fá þar aðgang stuttan tíma. (BL: Hvernig sjest þetta á frv?) Frv. á aðeins við fasta menn, og sjest það glögt á tímalengdinni, og mátti hv. þm. Ak. vel finna það út, að manni, sem ekki þyrfti að halda á nema 2 stundir, væri óþarft að ákveða 8 stunda vinnu! Og það er alveg áreiðanlegt, að þessir ungu lögfræðingar, sem hann ber svo mjög fyrir brjósti, geta komist þar að samt til ígripa. Það, sem fyrir mjer vakti með þessu frv., var að koma á samræmi í vinnutíma á ákveðnum skrifstofum.

Magnús Torfason: Það var út af ummælum háttv. þm. Str. (TrÞ), sem jeg stóð upp. Í þessari till. felst einmitt traust til stjórnarinnar. Í till. stendur, að þetta skuli falið stjórninni, og er

traust í því fólgið, að stjórninni er trúað til að gera þetta. En það eru margir hv. þm. svo gerðir, að þeir mega ekki sjá orðið „traust“ í dagskrám, sem afgreiddar eru til stjórnarinnar, og var því rjett af mjer að fella þessi orð burtu, til þess að þeir hv. þm. gætu verið með þessari dagskrá, þó á móti sjeu stjórninni, og er því þessi dagskrá mín fullkomlega formlega rjett, og ættu allir að geta fallist á hana í þessu formi. Jeg gat alls ekki greitt þeirri dagskrá atkv., sem hjer kom fram við 2. umr., vegna þess, hve hún var óákveðin í orðalagi. Þetta, að „hafa aðgæslu með“ o. s. frv., er svo óákveðið og svo kauðalegt orðalag, að jeg get varla tekið mjer það í munn. Hjer í þessari dagskrá er alt öðruvísi kveðið að orði, stjórninni falið „að ganga ríkt eftir“ o. s. frv., og er það miklu ákveðnara, og er því mikill efnismunur á dagskránum, og jeg veit, að háttv. flm. (ÞórJ), mun miklu betur geta felt sig við þessa till. en hina, sem allshn. kom fram með við 2. umr., er hann veit, að í stjórninni sitja að minsta kosti tveir sparnaðarmenn, þar sem eru þeir hæstv. fjrh. (JÞ) og hæstv. atvrh. (MG), og mun hann treysta þeim til að gera alt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að það mál, sem hjer hefir verið hreyft, hafi sín tilætluðu áhrif.

Forsætisráðherra (JM): Það var út af trausti því, sem hv. þm. Str. (TrÞ) ber til stjórnarinnar, og vill, að lýst verði yfir, sem jeg vil segja fáein orð.

Það stóð víst í dagskránni, sem fram kom við 2. umr. þessa máls, „í trausti þess“, o. s. frv., að stjórnin geri eitthvað, sem er hið sama og vonast sje eftir, að stjórnin geri einhver ákveðin verk. En í því felst í sjálfu sjer ekkert traust. En nú segir hv. þm. Str. (TrÞ), að þetta beri að skilja sem traust til stjórnarinnar, og hefir henni því bæst einn stuðningsmaður enn í hv. deild, sem ráðuneytið hafði ekki beint reiknað með.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg ljet þess getið við 2. umr., að mjer lægi í ljettu rúmi, hvort samþykt yrði, frv. eða dagskrá allshn. En eftir þeim umr., sem hjer hafa farið fram, má vera, að jeg muni þar fullmikið hafa um mælt. Jeg álít því, að langheppilegast hefði verið að samþ. dagskrá okkar, en ekki þetta frv., og benda þessar umr. ótvírætt í þá átt. Jeg gæti trúað, að ef þingið færi nú að setja lög um þetta, gæti það orðið forspil til annars meira, sem þm. mundu sjá eftir að hafa komið af stað. Jeg fyrir mitt leyti að minsta kosti vil ekki vera með í því. Að því er dagskrá nefndarinnar snertir, vil jeg í engu hopa frá því orðalagi hennar, að það væri í fullu trausti til stjórnarinnar, að hún taki þetta mál til athugunar, og telst jeg þó ekki til stuðningsmanna stjórnarinnar. Jeg mun því greiða atkvæði með tillögu þeirri, sem nú er hjer fram komin, um að vísa málinu til stjórnarinnar, og vona jeg, að háttv. deild samþ. hana.

Tryggvi Þórhallsson: Það var aðeins örlítil kvittun til hæstv. forsrh. (JM), og rætist nú á honum hið fornkveðna, að „litlu verður Vöggur feginn“, er hann gerir sig ánægðan með það traust, sem þessi dagskrá felur í sjer. Jeg geri þá og ráð fyrir, að hann hafi verið ánægður með hina fyrstu kveðju, sem þessi hv. þingdeild sendi honum um leið og hann var að setjast í stjórnarsætið. En

sú var kveðjan til hans, að deildin drap þá með miklum atkv.mun eitt hið fyrsta frv., sem telja mátti, að frá hans stjórn væri komið. Sje hann ánægður með þá traustsyfirlýsingu, sem deildin gaf honum þá, gæti jeg trúað, að hann hefði ekki minni ánægju af ræðu hv. 1. þm. Árn. (MT), er hann taldi upp þá sparnaðarmenn, er sætu ættu í stjórninni og nafngreindi báða hina ráðherrana, en slepti að minnast á hæstv. forsrh. (JM) í því sambandi.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi alt af verið þeirrar skoðunar, að ef rökstudd dagskrá verður samþ., væri það mál, sem hún ætti við, þegar fallið. Þannig hefði jeg líka skilið það, ef dagskrá allshn. við 2. umr. hefði verið samþ., væri þá frv. þar með fallið. Þessi dagskrá hv. 1. þm. Árn. innifelur í sjer alls ekkert traust til stjórnarinnar, og það er alls ekki rjett hjá hv. 2. þm. Árn. (JörB), að í dagskrá allshn. hafi staðið „í fullu trausti". Það var ekki orðað þannig, heldur „í trausti þess" o. s. frv., enda hefði ekki þýtt að bera hana undir atkvæði, hefði verið til þess ætlast, að hún lýsti nokkru trausti, hvað þá fullu, á stjórninni.

Forsætisráðherra (JM): Það voru aðeins smávægilegar aths., og enda eigi þess vert að tefja lengur þessar umr. Hv. þm. Str. (TrÞ) gerir sig sannarlega ánægðan með lítið, ef hann er ánægður yfir þessu. Það hefir æði oft komið fyrir aðra ráðherra, sem hv. þm. Str. (TrÞ) hefir verið allant um, að stjfrv. þeirra hafa verið feld fyrir þeim. En hjer var eigi því að heilsa um prentun þingtíðandanna. Það var ekkert stjfrv., og auk þess þann veg vaxið, að engum hefði dottið í hug að gera það að fráfararefni. Jeg ætla ekki að fara í deilur við hv. þm. Str. (TrÞ) um sparnaðinn. Það er sjálfsagt gott að vera sparnaðarmaður, en jeg veit þó ekki, hvort það eitt er einhlítt, og í öðru lagi býst jeg ekki við, að það hafi átt að vera sneið til mín, þótt hv. 1. þm. Árn. (MT) kæmist þannig að orði, og tek jeg það því alls ekki til mín. Hitt, að umrætt frv. var felt á þeirri stundu, sem jeg var að taka sæti hjer sem formaður stjórnarinnar, finst mjer fremur vera atburður einn, en ekki neitt jarteikn.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Það var aðeins stutt aths. út af orðum hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Jeg held hann hafi komist þannig að orði, að jeg hafi verið með dagskránni í fullu trausti til stjórnarinnar. Jeg man ekki nákvæmlega, hvernig hann orðaði það. Jeg og fleiri aðrir fylgdum dagskránni vegna þess, að við treystum stjórninni fyllilega til þess að gera það, sem þar var farið fram á. Jeg skal þó, að gefnu tilefni, gjarnan undanskilja hv. 2. þm. Reykv. (JBald) í því efni, hvað fyrir honum hafi vakað með dagskrána, því jeg vil ógjarnan verða til þess, að blettur falli á hans skygða skjöld í þessu máli.

Björn Líndal: Jeg geri það að tillögu minni, að þessu máli verði v í s a ð t i l s t j ó r n a r i n n a r, og eru þær endalyktir þessa máls bestar að mínum dómi.

Hákon Kristófersson: Jeg hefi ekki blandað mjer inn í þessar orðasennur, en það mun sýna sig við atkvgr., hvernig jeg lít á það mál, hvort menn eigi að vinna fyrir því kaupi, sem þeim er

greitt, eða ekki. Jeg vil skjóta því til hæstv. fjrh., hvort hann eigi sjái sjer fært að laga eitthvað vinnubrögðin í bönkunum. Það mun vera t. d. þannig nú, að Landsbankanum er lokað kl. 3 síðd. alla virka daga, nema á laugardögum, þá er honum lokað kl. 1 e. h. Þetta fyrirkomulag virðist vera óhæft, og kemur allilla niður á viðskiftamönnum bankanna, einkum þeim, sem utanbæjar eru og máske langt að, utan af landi, og verða því að bíða eftir afgreiðslu langt úr hófi fram, oft og mörgum sinnum.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg skal fúslega taka þessi orð hv. þm. Barð (HK) til athugunar. Jeg skildi hann svo, sem hann kvartaði aðallega yfir því, að bankarnir væri ekki nógu lengi opnir til afgreiðslu, eins og heppilegast væri fyrir viðskiftamenn þeirra. En jeg veit ekki, hvort háttv. þm. á við það, að ekki sje lengur unnið en þetta, og má hann vita, að svo er. Það er mikið unnið eftir að bönkunum er lokað eftir afgreiðslu. (**HK:** Það var óþarft að taka þetta fram, jeg vissi það vel.)

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. Árn. (MT) kom ekki til atkv.

Till. frá þm. Ak. (BL) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 13 : 11 atkv.

3. Aðflutningsbann á ýmsum vörum.

Á 17. fundi í Nd., föstudaginn 7. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um aðflutningsbann á ýmsum vörum (þmfrv., A. 88).

Á 19. fundi í Nd., mánudaginn 10. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Stefánsson): Jeg get að nokkru leyti vísað til greinargerðar frv. þessa, en verð þó að víkja að frv. nokkru nánar.

Það er ekki langt síðan, aðeins 2—3 ár, að bóla tók á því, að peningar vorir töpuðu gildi sínu gagnvart erlendum peningum, en svo hraðfara hefir tap þetta verið, að nú gilda þeir ekki nema til hálfs við útlendan, ófallinn gjaldeyri. Og fari þeir sílækkandi, eins og útlit er fyrir, ef ekkert verður aðhafst til að stöðva hrunið, þá má búast við því, að eftir 3—4 ár verði gildi þeirra að engu orðið, að svo miklu leyti sem slíkt má verða um peninga.

Menn eru nú farnir að skilja það, að ein afleiðing þess, að verðgildi gjaldeyrisins minkar, er sífrakandi efnahagur og örðugleikar á öllum sviðum. Ríkissjóður tapar við það, að tekjur hans *missa gildi sitt*. Einstaklingarnir tapa, einkum verkalýðurinn og starfsmenn ríkisins, því þeir geta ekki lengur látið tekjur sínar hrökkva fyrir útgjöldunum. Og alt atvinnulíf og framleiðsla líður við það, að verkamennina ber upp á sker og verða á einhvern hátt til byrði. Viðhorfið er fjárhagslegt ósjálfstæði ríkis og einstaklinga. Eru menn þegar farnir að tala um, að alment hrun og gjaldþrot vofi yfir, ef þessu fer fram. Jeg, fyrir mitt leyti — og jeg hygg, að það sje almennasta álitið um land alt — hefi litið svo á, að þetta sje fyrsta, sjálfsagðasta og brýnasta viðfangsefni þingsins að rjetta við fjárhaginn og styðja og efla atvinnuskilyrðin og atvinnulífið eftir föngum. Einn aðalþátturinn í því starfi er að stöðva gengishrunið, festa

gengið og snúa því aftur til hagkvæmara horfs.

Deilt hefir verið um, hverjar væru orsakir lággengisins, og getur verið, að mönnum sjeu þær enn ekki fyllilega ljósar. Fullyrða má, að orsakirnar sjeu fleiri en ein, og verður þá að skilja þær að, taka hverja sjer og setja þau ráð við, sem við eiga. Mun jeg ekki fara frekar út í það, heldur snúa mjer að einni aðalorsök lággengisins, þeirri, sem óhætt má telja, að öllum almenningi komi saman um. Hún er sú, að við öflum ekki eins mikils og við eyðum, að við getum ekki með árlegri framleiðslu greitt árlega eyðslu vora í viðskiftum við erlendar þjóðir. Um þetta atriði verður flestum fyrst fyrir að leita til verslunarskýrslnanna sem sönnunargagns, en þegar til þeirra er farið, virðast þær ekki staðfesta, að gengishruninu valdi það, að hærri sjeu að verðgildi innfluttar vörur en útfluttar. En hjer er þess að gæta, að verslunarskýrslurnar eru ekki einhlítar, því þær taka alls ekki yfir öll viðskifti vor við útlönd. Sýna þær aðeins vörukaup, en ekki hve mikil lán eru tekin og hversu skuldirnar þannig aukast árlega. Ekki sýna þær heldur vexti af þeim lánum, nje fje það, sem Íslendingar eyða erlendis, hvort heldur er við dvöl eða ferðalög erlendis. Þá eru og smyglvörur ótaldar — sem vonlegt er — og eins það, að sumar útfluttu vörurnar munu ekki tilheyra oss Íslendingum sjálfum, heldur eru þær framleiddar af útlendingum hjer á landi með útlendu fjármagni og vinnukrafti. Verður þá að leita annarsstaðar en í hagskýrslurnar til að komast að raun um, hvernig viðskiftahagur vor standi við útlönd, og er þá ekki í annað hús að venda en til reynslunnar sjálfrar, enda er hún ólygnust.

Fyrir nálega ári síðan mátu og áætluðu þeir, sem því voru kunnugastir, skuldir vorar við útlönd, og taldist svo til, að þær næmu 50—60 miljónum. Veit jeg ekki til, að það hafi verið alvarlega vefengt nje nein þau straumhvörf hafi orðið á síðasta ári, að þetta hafi breyst að mun, og þá síst til batnaðar. Má þá ætla, að skuldirnar sjeu eitthvað nálægt þessu, og hefir þetta fje tapast að mestu eða öllu leyti á þrem til fjórum síðustu árum. Hefir þá það, sem þessu nemur, vantað upp á það, að við öfluðum eins mikils og við eyddum í viðskiftunum við útlönd. Þegar það er athugað, hver hin eiginlega gjaldeyrisþörf okkar er, þá á hún að vera jöfn vöruinnflutningnum að við bættu afborgunum og vöxtum af lánum og skuldum, kostnaði við utanríkismál og ferða- og dvalarkostnaði Íslendinga erlendis. Þetta eru helstu þættirnir í viðskiftunum við útlönd. Ef allir þessir þættir viðskiftanna við útlönd væri óhjákvæmileg nauðsyn, þá væri ekkert hægt við þessu að gera. En nú vill svo til — sem betur fer — að hjer má skilja á milli þess, sem kalla mætti brýna nauðsyn og óbrýna eða ímyndaða nauðsyn.

Brýn nauðsyn er á því, að keyptar sjeu þær vörur, sem óumflýjanlegar eru til framleiðslu eða framfærslu, svo og afborganir og vextir af lánum. Einnig er ferða- og dvalarkostnaður Íslendinga erlendis nauðsynlegur, þó minni gæti hann verið, og loks kostnaður við utanríkismálin.

Hinn þáttur viðskiftaþarfarinnar, sem óbrýnn verður að kallast, er innflutn-

ingur alóþarfrar vöru, sem mikið er að gert, svo og innflutningur annara vara, sem að vísu geta ekki heitið alóþarfar, en sem betra er þó að vera án en að stofna sjer þeirra vegna í fjárhagslegt ósjálfstæði. Í þriðja lagi eru þær vörur, sem mikið er til af í landinu og því óþarft að auka við í bráðina. Og loks eru þær vörur, sem vjer getum sjálfir veitt oss með auknum iðnaði eða framleiðslu.

Virðist því af þessu, að það sje eitt aðalráðið til gengisviðreisnar og til að rjetta við fjárhag ríkis og einstaklinga, að minka þörfina á erlendum gjaldeyri með því að taka alveg fyrir óþörf viðskifti við útlönd. Ekkert getur verið sjálfsagðara nje einfaldara.

Þá er næst að gera sjer grein fyrir því, hvernig höft á innflutningi myndi verka á gengismuninn. Alment er talið, bæði hjer og annarsstaðar, að almennur sparnaður sje öflugasta ráðið til gengisviðreisnar. Frv. það, sem hjer liggur fyrir, myndi styðja þá menn til sparnaðar, sem þess eru fúsir, og knýja hina, sem ekki vilja spara. Í öðru lagi myndu innflutningshöftin ýta undir og styðja innlenda framleiðslu og iðnað. Og aukinn iðnaður og framleiðlsa gæti veitt einhverju því fólki atvinnu, sem nú hefir enga. Í þriðja lagi myndi leysast fjármagn það, sem bundið er nú í vörubirgðum um land alt, hvort sem það væri þarfur eða óþarfur varningur. Mætti nota fjeð, sem losnar, annaðhvort til að auka framleiðsluna innanlands eða til þess að greiða eitthvað af skuldunum erlendis.

Alt yrði þetta til þess að minka þörfina og eftirspurnina eftir erlendum gjaldeyri, án þess að draga úr framleiðslunni, og ætti því að leiða til þess, að gengisfallið stöðvaðist, og, ef til vill, að gengið rjettist við aftur; gera landsmönnum yfirleitt mögulegt að mæta viðskiftaþörfinni og greiða afborganir og vexti af erlendum skuldum. Þetta er hin almenna skoðun um það, hvernig innflutningshöftin verka, og má því til sönnunar vísa í þingmálafundargerðirnar síðustu, víðsvegar af landinu.

Jeg get búist við, að einhverjir vefengi, að almenningur hafi vit á þessum málum, en jeg held, að oft sje það einmitt almenningur, sem finnur þau ráð, sem duga, og hafi heilbrigðast vitið. Ef einhverjir eru þeir, sem vantreysta heilbrigðu viti almennings í þessu máli, get jeg vitnað í álit bankanna beggja, því til stuðnings, og skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa örstutta kafla úr brjefum beggja bankanna til stjórnarinnar, um þessi mál, frá s.l. hausti.

Stjórn Landsbankans segir svo: „Að því er snertir gjaldeyriseftirspurnina af hálfu almennra vöruinnflytjenda, þá hafa bankarnir, að svo miklu leyti sem þeim er unt, haft hemil á eftirspurninni með því að takmarka lánveitingar til vöruinnflutnings. En bankarnir megna ekki heldur á þessu sviði að hafa áhrif nema að nokkru leyti; mikill fjöldi vöruinnflytjenda hefir sjálfur fje til slíkra hluta, eða þá nýtur lánstrausts erlendis. Verður því ekki hjá því komist að gera sjerstakar ráðstafanir til þess að hefta vöruinnflutninginn."

Og stjórn Íslandsbanka kveður enn fastar að orði. Hún segir:

„Það getur nú eðlilega verið álitamál, hvaða ráðstafanir sjeu hagkvæmastar í framangreindu efni. En vjer verðum nú sem fyr að vera þeirrar skoðunar, að það, sem fyrst og fremst virðist liggja fyrir að gera, er að draga sem mest úr

innflutningi til landsins, bæði á nauðsynjavörum og á þeim vörutegundum, sem unt er að komast af án um nokkurt tímabil, eins og t. d. 1 til 2 ár, og þar með ætti þá landsfólkinu jafnframt að verða beint í sparnaðaráttina, en það sýnist að vera lítt gerlegt á annan hátt. Vjer hyggjum, að ef til kæmi, væri rjettast að leggja afdráttarlaust bann við innflutningi þeirra vörutegunda, sem telst, að komast megi af án um tiltekið tímabil, en veita ekki undanþágur til innflutnings á þeim, því að það hefir sýnt sig, að þær draga mjög úr áhrifum bannsins, enda er slíkt fyrirkomulag auðveldast viðfangs. En innflutning á nausynjavörum yrði að reyna að minka á þann hátt og með því fyrirkomulagi, sem tiltækilegast þykir eftir nánari yfirvegun.

Með þessu mætti að líkindum spara erlendan gjaldeyri svo miljónum króna skifti árlega, og ætti það að geta orðið gengi íslensku krónunnar að ekki litlu gagni."

Loks skal jeg minna á ummæli hæstv. atvrh. (KlJ) um þetta nýlega hjer í deildinni.

Jeg skal með örfáum orðum víkja aftur að orsökum lággengisins. Skoðanirnar um það hafa verið og eru á reiki, aðgerðirnar líka. Eina ráðið, sem reynt hefir verið hingað til, er að taka lán, en reynslan hefir sýnt, að það er einskisvert ráð, eða verra. Má t. d. benda á það, að eftir töku enska lánsins, sem minsta kosti átti meðfram að vera til gengisviðreisnar, þá örvaðist gengisfallið, og annað fyrirbrigði þessu líkt er það, sem endurtekur sig á hverju ári, er megnið af íslenskum gjaldeyrisvörum er selt á útlendum markaði, að þá fellur gengið. Hefir mönnum komið það mjög á óvart, hafa fremur búist við, að gengið rjetti þá við, en reynslan sýnir annað. Einhverjar hljóta orsakirnar að vera, og mætti gera tilraun til að skýra þetta á svofeldan hátt. Fyrst er það, að lántökur eru altaf skammgóður vermir, því fyr eða síðar dregur að skuldadögunum og vexti þarf stöðugt að greiða. Og einkennilegt er það, ef menn trúa því, að gengisfallið stafi af erlendum skuldum, að þeir skuli ætla sjer að koma í veg fyrir það með því að taka fleiri lán, bæta við skuldirnar; það er líkt og að kasta olíu í eld til að slökkva hann. En aðalorsökin til þess að lánin koma að svo litlu haldi er ef til vill sú, að lánin eru ekki rjettilega notuð, því ef einhverju af lánunum er varið til innkaupa á erlendum óþarfavarningi, verður það auðvitað til þess eins að örva gengisfallið. Svo verður og, ef andvirði seldra afurða er notað á sama hátt; verður þá gengisfallið auðskilið á sölutímanum. Jeg skal ekki fjölyrða frekar um þetta; jeg hygg, að menn sjeu nú orðnir sammála um, að lántökur sjeu einskisnýtar í þessu efni. Á hinn bóginn viðurkenni jeg, að innflutningshöft eru ekki það eina, sem gera þarf til úrræða. Það þarf til viðbótar skipulag um sölu afurðanna og eftirlitið með því, hvernig gjaldeyririnn er notaður.

Þetta er ekki ný hugmynd, heldur hefir oft verið á það bent áður, en jeg tel það alveg nauðsynlegt, ef menn vilja af nokkurri alvöru reyna að ráða fram úr gengisvandræðunum, og hefi jeg von um, að síðar á þinginu komi fram tillögur í þessa átt.

En fleira mætti ef til vill gera. Gengisskráningin er nú eingöngu í höndum

bankanna. En nú mætti ætla, og jafnvel færa til þess nokkrar líkur, að bankarnir gætu haft hag af því, að verðgildi íslenskra peninga minkaði, einkum á vissum tímum ársins. Ef það er rjett, þá er það augljóst, að gengisskráningunni er ekki vel komið í höndum bankanna einna. Mjer virðist heppilegra, að gengisskráningin væri í höndum nefndar, er skipuð væri einum manni frá hvorum bankanna, einum frá hverjum aðalatvinnuvegi, sjávarútveg, landbúnaði, verslun og ef til vill iðnaði, og einum ráðherra. Þetta er þó aðeins lausleg tillaga, sem jeg vildi kasta fram, mönnum til athugunar.

Jeg skal þá víkja að frv. sjálfu. Það er bygt á þeirri hugsun og sannfæringu, sem jeg hefi nú reynt að lýsa. Þar er í fyrsta lagi lagt til að banna allan óþarfan varning. Í öðru lagi varning, sem vjer getum komist af án um stundarsakir, annaðhvort vegna þess, að nægar birgðir eru til í landinu, eða varning, sem snertir lítið beinar lífsnauðsynjar, þó að það geti snert þægindi einstakra manna, að hafa hann. Loks er lagt til, að bannaður verði varningur, sem vjer getum veitt oss sjálfir með aukinni framleiðslu og iðnaði.

Eftir lauslega áætlun kaupum vjer nú árlega fyrir 8—9 milj. kr. af þeim varningi, sem lagt er til að banna innflutning á; það skiftir ekki svo miklu, hve alnærri hinu rjetta þessi áætlun er, um hitt er meira vert, að vjer greiðum ekki minna en þessu nemur, af skuldum vorum erlendis. Ef vjer skuldum 50—60 milj. króna, eins og jeg gat um, munu vextir af því nema 3—4 milj. kr., og er afgangurinn þá ekki of mikill til afborgana, og þyrfti þó mörg ár til að losna úr þessum skuldum.

Þó að menn sjeu samdóma um aðalatriði þessa máls, geta verið skiftar skoðanir um formið. Til eru lög, sem heimila stjórninni að banna innflutning á óþarfavarningi, en jafnframt til yfirlýstur þingvilji frá fyrri þingum um að nota þessa heimild sem vægast, og hafa lögin því ekki verið framkvæmd að ráði. Nokkur munur er á heimildarlögunum og þessu frv. Frv. lýsir miklu ákveðnari vilja í málinu, bendir á ákveðna leið að ákveðnu takmarki. Heimildarlögin eru óákveðin í formi sínu, gefa tilefni til hiks og hvörflunar í málinu, en veita ekki nægan stuðning eða aðhald.

Þetta mál mun nú þrauthugsað af hv. þm., og geri jeg mjer ekki vonir um, að jeg hafi skýrt það mikið fyrir þeim. Þó skal jeg nú látá hjer við sitja. Vona jeg, að málið verði ekki látð gjalda þess, þó að framsagan hafi ekki tekist fimlega. Jeg vænti þess, að málið fái að ganga áfram, og eftir eðli þess er nauðsynlegt, að því verði hraðað sem mest. Ef það er vilji þingsins, að frv. verði að lögum, þarf að koma í veg fyrir, að þessar vörur verði fluttar inn í landið á þeim tíma, sem hlýtur að líða þangað til innflutningshöftin eru komin á. Jeg vil því leyfa mjer að beina því til hæstv. stjórnar, hvort hún treysti sjer ekki til að gefa út auglýsingu, er banni innflutning á þessum vörum, meðan stendur á meðferð málsins hjer á þingi. Leyfi jeg mjer svo að óska þess, að frv. fái að ganga til 2. umr. og til fjhn. að þessari umr. lokinni.

Magnús Guðmundsson: Jeg vil nota það tækifæri, sem hjer býðst, til að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stjórnar, og

þá sjerstaklega hæstv. fjrh. (KlJ), hvort hann hafi ekki, eins og venja er til, beðið hagstofuna að safna skýrslum um skuldir landsmanna erlendis og inneign þeirra þar, og ef svo er, hvenær slíkra skýrslna sje von. Ennfremur vildi jeg spyrja hann, hvort hagstofan hafi ekki með höndum bráðabirgðayfirlit yfir verðmæti inn- og útfluttra vara árið 1923, því að jeg tel mjög mikilsvert fyrir Alþingi að fá það yfirlit, einmitt vegna þessa máls, sem hjer er til umræðu.

Yfirlit þetta er viðskiftareikningur hinnar íslensku þjóðar við útlönd, og það hlýtur að vera öllum, sem um þetta mál fjalla, hin mesta nauðsyn að fá þann reikning, og einnig öllum landsmönnum, sem nokkuð hugsa um þessi mál. Það mundi ekki vera talinn hyggginn bóndi, sem ekkert hugsaði um að athuga viðskiftareikning sinn við kaupfjelag eða kaupmann. Og það mundi þykja misvitur atvinnurekandi, sem ekkert hugsaði um að athuga, hver niðurstaðan væri eftir árið. En ef þetta er svo um einstaklinga, hví mundi það þá eigi einnig gilda um þjóðina í heild? Og alveg sjerstaklega hlýtur þetta að varða okkur, sem hjer eigum sæti. Jeg hlýt því að ganga út frá því sem gefnu, að hæstv. stjórn hafi sjeð svo fyrir, að vjer fáum þessar skýrslur sem allra fyrst.

Jeg tók það fram, að jeg liti á skýrslur um inn- og útfluttar vörur sem viðskiftareikning vorn við erlendar þjóðir. Úttektin er hinar innfluttu vörur, en innleggið er hinar útfluttu vörur. Það þarf nú ekki að skýra það, að eftir því sem hinn fyrnefndi liður er lægri og hinn síðarnefndi hærri, er reikningurinn hagstæðari, en nægilega hagstæður er hann ekki nema útfluttar afurðir nemi meira verðmæti en innfluttar, og verður þar að minsta kosti að muna því, sem vjer verðum að borga í vöxtu og afborganir af erlendum skuldum.

Undanfarin ár hefir þessi reikningur vor við útlönd verið óhagstæður. Það vitum vjer. Þó verð jeg að taka það fram, að um síðastliðið ár get jeg ekki fullyrt þetta, en hinsvegar þykir mjer mjög líklegt, að svo hafi verið, og ályktа jeg það af hinu sífallandi og hraðfallandi gengi hinnar íslensku krónu, því að jeg er í engum efa um, að einn meginþátturinn, er veldur gengisfalli hinnar ísl. krónu, er óhagstæður verslunarjöfnuður gagnvart útlöndum. Þetta virðist mjer í rauninni auðsætt, jafnauðsætt og það, að bóndi, sem tekur meira út í verslunarreikning sinn en hann leggur inn, safnar skuldum og missir að lokum álit sitt.

Ef þetta er rjett, og um það vona jeg, að flestir verði sammála, er það ekki að undra, þótt hins áðurnefnda verslunarreiknings við útlönd sje beðið með óþreyju ár hvert. Og sje svo, að vjer í þeim viðskiftum höfum tekið meira út en vjer höfum lagt inn, er óhjákvæmilegt, sjerstaklega ef svo er ár eftir ár, að taka í taumana og jafna reikninginn, og í raun og veru er það aðeins hægt með því að draga úr innflutningnum, því að verðmæti hins útflutta er eriftt að auka í skjótu bragði.

Að þannig vöxnu máli er jeg meðmæltur meginstefnu þessa frv., er hjer liggur fyrir, en um einstök ákvæði þess vil jeg ekki ræða nú við þessa umr. Þó vil jeg taka það fram, að mig uggir, að töluverðra breytinga muni þurfa á ýmsum ákvæðum þess, ef vel á að fara, og nefnd sú, sem málið fær til með-

ferðar, verður að taka til álita og rannsóknar þá hliðina, sem að ríkissjóði snýr, og að minni vitund er ekki útilokað, að nauðsynlegt verði að bæta ríkissjóði hallann með auknum tollum.

Jeg vjek að því áðan, að verslunarjöfnuður vor gagnvart útlöndum hefði verið óhagstæður hin síðari árin, þannig, að vjer höfum flutt að verðmæti meira inn en út. Og eins og jeg hefi sýnt fram á er þetta háskalegt hvaða þjóð sem er. En þrátt fyrir það hefir hæstvirt landsstjórn ekkert gert til þess að reyna að jafna þennan halla, og má sennilega ályktа af því, að hún telji ekki rjetting málanna í þessu fólgna. Hæstv. fjrh. mintist að sönnu á þetta atriði við 1. umr. fjárlagafrv. fyrir næsta ár, en lagði engan dóm á sjálfur, hvort h a n n teldi viðskiftahöft nauðsynleg, og virtist í því efni vilja beygja sig undir vilja þingsins.

Hinsvegar gat hann þess, sem rjett er, að til eru lög frá 1920, er heimila stjórninni að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi, og jafnframt er stjórninni í þeim lögum heimilað að ákveða, hver varningur sje þarfur og hver óþarfur.

Þessi lög hefir landsstjórnin sama og ekkert eða mjög lítið notað, og þó hefði, að minu áliti, verið unt að spara miljónir fyrir þjóðina með því. Jeg verð því að álita, að hæstv. stjórn hafi með þessu drýgt mikla synd og sýnt mikið tómlæti um það að gæta almenningsheilla, því að jeg tel, að hjer sje falin ein ástæðan til gengisfallsins. Hæstv. fjrh. sagði í nefndri ræðu sinni, að hann hefði eigi notað lögin frá 1920 vegna þess, að meirihluti þings hefði verið því andvígur, en hvaðan honum kemur sú vitneskja, er mjer hulin ráðgáta. Ef hann hefir haft eða hefir allan sinn flokk að baki sjer í þessu máli, sje jeg ekki, að hann þurfi eða hafi þurft neitt að óttast. Til aðgerða þingsins 1922 getur hæstv. ráðherra ekki vísað sínu máli til stuðnings, því að þótt andstaða væri gegn frv. í þessa átt, er þá kom fram, var það vegna annara ákvæða, er í því voru, en alls ekki vegna ákvæða þess um innflutningshöftin.

Annars verð jeg að **segja** það, að hæstv. fjrh. er sannleiks**elskari** en blað hans, því að það hefir haldið því fram, að aðflutningshaftaheimildin hafi verið afnumin 1921, en hann kannast aftur á móti við, að lögin um þetta efni frá 1920 sjeu enn í gildi, og nú er tekinn af lífi mjög hreinlega þessi „Tíma"-sannleiki, því að í frv. því, sem hjer liggur fyrir til umræðu, er gert ráð fyrir að fella burtu lög þessi, og það mundi varla teljast nauðsynlegt, ef þau væru þegar úr gildi fallin. Það mundi vera álitamál, sem jeg hirði ekki um að fara nánar út í við þessa umr., hvort hægt er að komast lengra áleiðis í takmörkun innflutnings með frv. því, sem hjer liggur fyrir, ef að lögum verður, en með lögunum frá 1920. Má vera, að jeg víki nánar að því atriði, þegar jeg sje, hvernig frv. verður, þegar nefnd hefir rannsakað það.

En um liðna tímann er það að segja, að það er mikið böl og aumt til þess að vita, að hæstv. stjórn skuli hafa haldið að sjer höndum og ekki notfært sjer lagaheimildina frá 1920, þótt hún sæi, að gengi hinnar ísl. krónu fjelli svo að segja daglega, og þótt hún hefði átt að geta sagt sjer sjálf, að það, sem oss reið mest á, var að spara erlend kaup. Þessi aðferð stjórnarinnar minnir á manninn, sem ekki nenti að taka hendurnar

upp úr vösunum til þess að reka frá sjer eiturflugurnar, heldur beið, þar til þær stungu hann til bana.

Út af því, sem háttv. aðalflm. þessa máls sagði, skal jeg geta þess, að þótt svo sje, að nú sjeu margir, og sennilega meirihl., fylgjandi innflutningshöftum, verðum vjer að gera oss ljóst, að líklegt er, að ýmsir muni snúast á móti þeim, er þau koma í framkvæmd, því að það er óhjákvæmilegt, að framkvæmdin komi óþægilega við ýmsa, en þá ríður á, að þeir, sem fyrir þessum málum standa, haldi fast á og láti ekki undan síga, þótt straumurinn verði þungur.

Háttv. aðalflm. gat þess, að bankarnir fylgdu þessu máli fast, og las upp kafla úr brjefum frá þeim til landsstjórnarinnar því til stuðnings. En einmitt þetta sýnir, að því minni afsökun hefir landsstjórnin í því, að hafa ekki beitt frekar en hún gerði innflutningshaftaheimildinni frá 1920.

Hv. flm. (HStef) sagði, að hið eina, sem vjer hefðum gert til þess að stöðva eða laga gengi vort, væru lántökur. En þetta er ekki rjett. Hann verður að minnast innflutningshaftanna 1920 og 1921, og um enska lánið er það að segja, að það var tekið til þess að greiða áfallnar skuldir, sem ómögulegt var að greiða á annan hátt. Gengisráðstöfun var það aftur á móti ekki, og ef háttv. þm. hefir kynt sjer það, sem jeg hefi áður haldið fram í þessu efni, veit hann, að jeg hefi jafnan ráðið frá að taka lán í þessu skyni.

Jeg tek undir tilmæli háttv. aðalflm. (HStef) um að nauðsyn sje á, að stjórnin hlutist til um, að ekki verði dyngt vörum inn í landið meðan verið er að athuga þetta mál í þinginu.

Í tilefni af niðurlagsorðum hv. flm. verð jeg að segja, að það er engin hætta á, að málið gjaldi framsögu hans, því að hún var bæði skýr og skipuleg.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Mál það, sem hjer er til umræðu, er enginn nýr gestur. Það hefir verið á döfinni hjer um nokkur undanfarin ár, og samkomulag um það ekki altaf verið sem best. Má yfirleitt segja, að það hafi löngum átt erfitt uppdráttar. Nú er þó svo að sjá sem nokkur breyting sje orðin á þessu, m. a. hjá hv. þm. Býst jeg við, að sú breyting eigi ekki hvað síst rót sína að rekja til þess, að frá fjölmörgum þingmálafundum, sem haldnir hafa verið víðsvegar úti um land, hafa borist sterkar raddir um það, að nauðsyn beri til að hefta innflutning á ýmsum óþörfum vörutegundum. Þannig geri jeg ráð fyrir, að ýmsir hv. þm. hafi orðið að beygja sig fyrir þjóðarviljanum. Þetta er mjer gleðiefni, því eins og kunnugt er, þá hefi jeg verið mjög fylgjandi þessu máli á þeim tveim þingum, sem jeg hefi setið sem ráðherra.

Hv. 1. þm. Skagf. (MG) mintist á afskifti bankanna af málum þessum, og gat þess m. a., að annar bankinn að minsta kosti hafi margsinnis skrifað stjórninni og hvatt hana til að halda sem strangast á innflutningshöftunum. Það er satt, að bankarnir hafa verið því mjög fylgjandi, en hins minnist jeg ekki, að frá bankanna hendi hafi stjórninni borist nýlega nema tvö brjef þessa efnis. En annars sagði mjer einn bankastjóranna, að stjórninni myndi berast nýtt brjef um þetta áður en þing kæmi saman, og var jeg þess mjög hvetjandi. Það brjef er samt ókomið ennþá, en sýnir þó hug bankans til þessa máls, enda

auðgefið að fá það brjef hvenær sem vill.

Hvaða skoðun jeg hefi á þessum efnum, viðreisn fjárhagsins og viðrjetting gengisins, hjelt jeg að hefði komið nægilega ljóst fram í ræðu þeirri, sem jeg hjelt við framlagningu fjárlaganna. Jeg gerði þá skoðanir Dana á orsökunum til gengisfallsins að mínum, og það eru fleiri þjóðir, sem hafa sömu skoðun á orsökunum. Jeg hefi t. d. hjer fyrir framan mig grein í hinu alþekta danska blaði „Berlingske Tidende", frá 19. febr. þ. á., eftir Svend Paulsen ritstjóra, sem mörgum er hjer kunnur. Hann hefir verið á ferð í Tjekkóslóvakíu og fengið m. a. tækifæri til að kynnast því, hver ráð það ríki hafi notað til þess að rjetta við og festa gengi sitt. Land þetta var mjög illa leikið af ófriðnum, allur iðnaður var í kaldakoli og akrarnir fallnir í órækt. Hjer þurfti því sterk tök til að rjetta landið við aftur, og ráðin, sem fundust til bjargar fjárhaginum og genginu, voru í sem fæstum orðum þessi:

1) Að koma í veg fyrir ofaukning (Inflation) ótrygðra seðla. Seðlaprentsmiðjunum var því ekki leyft að halda áfram eins og gert var í Austurríki og Þýskalandi, heldur voru þær stöðvaðar. 2) Að koma á pósitívum verslunarjöfnuði með því að stemma stigu fyrir því, að meira yrði flutt inn í landið en út. 3) Að gæta sem mestrar sparneytni, ekki aðeins af hálfu hins opinbera, heldur einnig meðal einstaklinganna og hjálpa þeim í þeirri viðleitni. — Auk þessa hefir hið opinbera strangt eftirlit með gjaldeyrinum. Þessum aðferðum hafa Tjekkóslóvakar beitt með svo miklum dugnaði, að afleiðingin hefir orðið sú, að þeirra króna er síst lengur undir sannvirði.

Jeg hefi að undanförnu hugsað talsvert um þetta mál, enda er megnið af frv. frá mjer komið. En það, hvaða leiðir skuli fara, til að draga úr ofmiklum innflutningi, er mjer ekki kappsmál, aðeins ef eitthvað verulegt verður gert, sem miðar að því. Það geta t. d. orðið skiftar skoðanir um það, hvað sje heppilegast, að banna algerlega innflutning óþarfra vörutegunda, eða leyfa hann, en hækka toll á þeim til muna, eða sameina þessar leiðir báðar að nokkru. Slíkt getur altaf orðið álitamál, og eins og jeg tók fram við framlagningu fjárlaganna, og gat um áðan, þá er mjer fjarri að gera það að kappsmáli.

Þá vil jeg víkja með fám orðum að ræðu hv. 1. þm. Skagf. (MG). Hann mun ekki hafa búist við að tækifæri fengist til að finna stjórn þessa í eldhúsinu, og því viljað nota þennan dag til eldhúsverka. Þeir eru nokkuð bráðir á sjer, sumir í íhaldsflokknum. En það má mjer standa á sama um, því svo kunnugur er jeg orðinn þessu máli, að jeg get vel svarað án frekari undirbúnings.

Það voru þá fyrst tvær spurningar, sem hv. þm. (MG) beindi til mín. Sú fyrri var um það, hvort stjórnin hefði rannsakað innieignir erlendra manna hjer á landi. Til þessa er því að svara, að hagstofan hefir það með höndum nú. Hvað síðari spurningunni viðvíkur, um það, hvort gerðar hafi verið skýrslur um verðmæti út- og innfluttra vara, árið sem leið, þá get jeg upplýst, að það er ómögulegt að gera slíkar skýrslur nú, svo nokkuð sje á þeim að byggja, en þó eru nokkur skýrsludrög til.

Því er jeg sammála hjá háttv. þm.

(MG), að verslunarreikningarnir okkar hafa verið óhagstæðir frá 1920, og sennilegt, að þeir sjeu það líka fyrir árið 1923, þó jeg viti ekkert um það enn með vissu, því fjölda verslunarskýrslur vantar enn, einkum frá Vestmannaeyjum og Akureyri.

Að svo miklu leyti sem í orðum hv. þm. (MG) virtist liggja ásökun til stjórnarinnar fyrir að hafa ekki beitt haftalögunum frá 1920 strangara en gert hefði verið, þá vil jeg taka það fram, að þar heggur hann helst til nærri sjálfum sjer, því tvö árin af þeim, sem lögin hafa gilt, voru einmitt stjórnarár hans. Hann verður því að svara sjálfur til saka um það, sem ógert var látið af því, sem gera átti, að minsta kosti 1921 og jafnvel líka 1920. Hv. þm. varð mjög skrafdrjúgt um það, að stjórnin hefði beitt slælega þessum lögum, og taldi, að með því hefði mátt spara margar miljónir. Eftir þessu mætti maður búast við, að stjórnin 1920—1921 hefði beitt þeim mjög stranglega. En það gerði hún samt sem áður ekki. Reglugerðin um beint bann á innflutningi tiltekinna vörutegunda kom ekki frá henni fyrri en eftir 1 ár, og var svo úr garði gerð, að hefði henni verið fylgt út í æsar, þá hefði sparnaðurinn orðið kr. 1200 þús. á ári, eða 2400 þús. kr. þau tvö ár, sem jeg hefi setið við stjórn. En við þennan útreikning er þó það að athuga, að óhjákvæmilegt hefði altaf orðið að leyfa sumt, sem þar var bannað, svo það hefði að sjálfsögðu höggvið skarð í sparnaðinn, og hann ekki litinn.

Hv. þm. (MG) talaði enn um það, að reglugerðinni hefði verið slælega fylgt, og má vel vera, að meiri strangleika hefði mátt beita í því tilliti. En jeg geri ráð fyrir, að í stjórnartíð þessa hv. þm. (MG), þá hafi skrifstofustjóri annast nær einvörðungu um þessi störf, og svo hefir verið enn. Jeg mun ekki persónulega hafa haft afskifti af því, nema máske 4—5 sinnum — og jeg veit ekki betur en sá skrifstofustjóri hafi nákvæmlega fylgt sömu reglum og venju um þetta eftir að jeg tók við sem í stjórnartíð hv. þm. (MG) sjálfs. Þess skal meira að segja enn getið, að nokkurn tíma árs 1922 var að mestu tekið fyrir öll innflutningsleyfi. En þar sem búist var þá við, að horfurnar færu að batna, og þar sem vitað var, að Alþingi var illa við innflutningshöft, þá var losað um þetta haustið 1922. Þó hefir altaf verið nokkrum strangleika beitt í þessu efni, svo láta mun nærri, að ekki hafi verið leyfður innflutningur á vörum nema að litlum hluta af því umbeðna. Það er því síður en svo, að hver maður hafi fengið innflutningsleyfi fyrir það, sem hann hefir æskt. Jeg vil samt ekki verja mál mitt með neinum vafningum, og get vel játað, að meiri hörku hefði verið hægt að sýna en gert var. En jeg vona, að mjer fyrirgefist það, að jeg hefi jafnan talið mjer skylt að taka alveg tillit til vilja þingsins, og þingviljinn 1921 var án efa sá, að takmarka bæri innflutningshöftin eða jafnvel afnema þau. Skal jeg því til sönnunar lesa upp örstuttan kafla úr nál. viðskiftan. frá þessu sama þingi; þar segir svo:

„Það hefir orðið að samkomulagi í nefndinni að fallast á það, að heimildarlögin frá 8. mars 1920 hjeldust í gildi fyrst um sinn, en með því skilorði, að „óþarfur varningur" í þeim lögum merki einungis óþarfar v ö r u t e g u n d i r, en alls ekki nauðsynlegar vörur, þótt landsstjórninni þyki óþarft að flytja þær til landsins eftir þeim kringumstæðum,

sem kunna að vera fyrir hendi í einhverju einstöku tilfelli.“ Og enn: „Þó telur nefndin óhjákvæmilegt, að undanþágur frá slíku innflutningsbanni sjeu, ef til kemur, veittar, eftir svipuðum grundvallarreglum og viðskiftanefndin hefir fylgt hingað til.“ (Alþt. 1921, A., bls. 540—541).

Það er eftir þessu lögð áhersla á það, að undanþágur sjeu veittar, og þær eiga að veitast á svipuðum grundvelli og viðskiftanefndin hafði veitt þær. Það vildi nú svo heppilega til, að einn maður úr þeirri nefnd var skrifstofustjóri í atvinnumálaráðuneytinu. Hann tók alla framkvæmdina í hendur árið 1921, þegar hv. 1. þm. Skagf. (MG) var ráðherra, og heilt ár eftir að jeg tók við, og framkvæmdin var á sama hátt í tíð beggja. Álasið og ákúrurnar til mín eru því harla einkennilegar frá hans hálfu.

Hv. 1. þm. Skagf. (MG) sagði, að ef jeg hefði haft allan Framsóknarflokkinn með mjer 1922, þá hefði mjer verið innan handar að skipa svo þessum málum sem jeg hefði viljað. Jeg verð að segja, að mjer sje nú ekki annað kunnugt en að allur sá flokkur hafi fylgt mjer þá, en hitt er jafnkunnugt, að hann var í minnihluta. Því er þetta staðlausustafir hjá hv. þm. (MG). Jeg hefi ávalt viljað meta meir yfirlýstan vilja þingsins en mína eigin skoðun, og kemur mjer það kynlega fyrir, ef hv. þm. vilja láta mig sæta vítum fyrir það.

Jeg hefi nú í fám orðum skýrt frá afstöðu stjórnarinnar til þessa máls, og hygg jeg, að varla verði annað sagt en að hún hafi stýrt þeim með gætni og samkvæmt vilja þingsins. Og þó jeg sje einn þeirra manna, sem álíta haftapólitíkina tvíeggjað sverð, meðal annars vegna þess, að ríkissjóður missir við hana tekjur, sem hann má varla við, þá skilst mjer það, að óbeinlínis sje svo mikill hagnaður að henni, að rjett sje að framfylgja henni eins og nú standa sakir.

Hv. flm. (HStef) beindi til mín þeirri spurningu, hvort stjórnin mundi ekki vilja gefa út reglugerð um bann á innflutningi á meðan málið er til umræðu í þinginu. Jeg býst nú ekki við, að stjórnin treystist til að gera það samkvæmt lögunum frá 1920 einum, en verði það yfirlýstur vilji þingsins, að svo verði gert, þá er mjer óhætt að segja, að hún muni ekki hika við að gera það.

Jakob Möller: Það mætti halda, eftir umræðunum um þetta mál að dæma, að talsverð breyting hefði orðið á þinginu frá því 1921, enda hafa kosningar farið fram síðan. Það er nefnilega ekkert efamál, að þingið 1921 var mótfallið innflutningshöftum. Það var að vísu gert fyrir þáv. stjórn að lofa lögunum frá 1920 að vera í gildi, en aðeins í því skyni að gera henni ljúfara að hverfa frá innflutningshöftum. Og hvernig sú stjórn leit á þau lög, má ljósast sjá af því, hvernig hún framkvæmdi þau. Hún gaf raunar út reglugerð um innflutningshömlur á nokkrum vörutegundum, sem álitið var, að alveg mætti banna innflutning á, en hún framkvæmdi þessa reglugerð svo, að innflutningurinn mun hafa verið svipaður eftir sem áður. Þetta var eðlileg afleiðing af því, hvernig álit menn höfðu á innflutningshöftunum þá á Alþingi. Kom það og skýrt fram í því, hvernig fór um frv. frá mjer, um að fella lögin frá 8. mars 1920 úr gildi. Jeg hafði þá ekki upphaflega ætlað mjer að gera það að ágreiningsatriði, hvort lög þau yrðu áfram í gildi eða ekki, en orð

þáverandi atvrh. gáfu mjer átyllu til að halda, að stjórnin myndi teygja orð þeirra, svo að þau næðu lengra en ætlast var til, og vildi jeg með frv. um að fella þau úr gildi koma í veg fyrir, að innflutningshöft yrðu ef til vill látin ná til nauðsynjavara. Þetta frv. var samþ. við 1. umr. með 14 : 12 atkv. Þar með hafði hæstv. stjórn fengið yfirlýstan vilja þingsins um það, að ekki væri ætlunin, að orðalag laganna næði til fleiri vörutegunda en þeirra, sem beinum orðum voru heimiluð innflutningshöft á. Enda varð sú raunin á, að stjórnin teygði það orðalag ekki lengra. Síðan hefir innflutningshöftunum stórum aukist fylgi, en jeg hefi ekki breytt um mína skoðun á þeim. Mjer hefir jafnan skilist svo, að þegar um þessi mál sje rætt, þá fari menn utan við þær aðalorsakir, sem til þess liggja, að fyrir meira verðmæti er flutt inn í landið en út. Það er eins og flestir haldi, að kaupmennirnir sjálfir ráði þessu, og því sje eina örugga ráðið að grípa fram fyrir hendurnar á þeim. En í raun rjettri er það landslýðurinn sjálfur, sem ræður þessu. Undirrótin er þá það, að kaupgeta einstaklingsins er hlutfallslega meiri en kaupgeta þjóðarbúsins í heild. En því verður ekki ráðin bót á með innflutningshöftum. Hið óheppilega hlutfall breytist ekki við það, og er auðvelt að skýra þetta. Mismunurinn stafar af því, að verð á útfluttri vöru lækkar meira en verð á innfluttri vöru, en launakröfur og kaupþörf fer auðvitað aðallega eftir verðlagi innfluttra nauðsynja. Menn hafa líka vaðið reyk í því, hvað mikill sje munurinn á aðfluttri og útfluttri vöru. Skýrslur um þau efni koma seint og gefa heldur ekki nema óljósa hugmynd um það.

Það er sem sje altaf svo, að því er jeg veit best, að í þeim löndum, þar sem er einhver framfaraviðleitni og ráðist í stór atvinnufyrirtæki, þá er innflutningur altaf meiri en útflutningur. En það stafar af því, að mikið af framleiðslutækjum hefir verið keypt, sumt með útlendu lánsfje, sumt útborgað með innlendu fje út úr landinu. Jeg sje nú ekkert óheilbrigt í því, þó slík tæki sjeu keypt, enda þó verslunarskýrslurnar sýni halla fyrir bragðið. En þær leiðir, sem stungið hefir verið upp á að fara í þessu efni, byggjast á því, að þessi halli sje altaf óheilbrigður. Það er vitanlegt, að framleiðslan hefir aukist stórkostlega hin síðari ár, þótt verðið hafi fallið á erlendum markaði. Og í trausti þess, að verslunarhallinn sje ekki óheilbrigður, þá hefir verið stungið upp á því að stöðva gengi íslensku krónunnar með lántöku erlendis, sem flm. (HStef) taldi ranga leið. Hann sagðist ekki sjá, að það bætti úr, að auka skuld á skuldir; en það er algerður misskilningur; þetta er ekki til þess að auka skuldirnar, heldur til þess að festa skuldir, sem þarf að borga undir eins, og fá þannig frest. Það er misskilningur, að enska lánið hafi orðið til þess að fella gengi krónunnar. Einmitt upp úr því fóru bankarnir að yfirfæra peninga, og náðu þannig gjaldeyrisversluninni í sínar hendur. Að gengið fór að lækka aftur síðar, var alls ekki enska láninu að kenna, nema þá að því leyti, að það hafi verið of lítið. Því til staðfestingar, að það sje ekki svo fráleitt að taka lán til þess að stöðva gengi, þá skal jeg geta þess, að hingað er alveg nýkomið simskeyti um það, að Svíar sjeu að taka 20 milljón dollara lán í Ameríku til þess að stöðva gengi sinnar krónu. Nú er það

alviðurkent, að Svíar sjeu ágætir fjármálamenn, enda hefir þeirra króna einlægt staðið í fullu gildi. En þetta bendir til þess, ef fregnin er rjett, að þeim sýnist lántaka alls ekki eins fráleitt úrræði og margir vilja telja.

Nú ef eyðsla eins lands er meiri en svari því, sem út er flutt, þá horfir það vitanlega til ills, ef lengi er haldið áfram á þeirri braut. En menn verða að athuga, þó það komi fyrir eitt til tvö ár, hvaða ástæður valdi í hvert skifti. Nú er öllum vitanlegt, að undanfarin ár hefir verð íslenskra afurða verið langt fyrir neðan það, sem vera ætti, samanborið við annað verðlag. Þannig hefir fiskur verið neðan við það verðlag, sem var fyrir stríð, en erlend vara hinsvegar langt þar fyrir ofan. Hinsvegar er verðlag útflutningsvara talsvert hærra nú, og því full ástæða til að vona, að þetta fari að lagast. Horfurnar eru nú þannig, að maður hefir leyfi til að byggja á þeirri von. Það er því varhugavert að grípa til örþrifaráða í þeim tilgangi að bæta verslunarjöfnuðinn. En það kalla jeg örþrifaráð, ef þannig á að taka fram fyrir hendur manna í viðskiftalífinu og trufla eðlilega lífnaðarhætti manna, svo sem frv. þetta bendir til. Það finst mjer vel megi kalla örþrifaráð. Auk þess mundi það gera truflun í atvinnurekstri manna, gera nokkra atvinnulausa og auka margvísleg vandræði. Menn verða að gæta þess, hver áhrif slík ráðstöfun hefir. Og auk þess er svo engin trygging fyrir því, að tilgangurinn náist, sem sje: að minka eyðsluna í landinu. Þó menn geti ekki eytt þessu, þá eyða menn hinu. Nú er því svo varið um allann almenning, að hann hefir ekki meira fje en svo, að hann verður að neita sjer um fjölda margt, og þó kaupir hann eitthvað af þeim vörum, sem hjer á að banna. Þó það tækist nú að hefta þennan innflutning, þá mundi það fje, sem annars fer fyrir þær vörur, alls ekki ganga í sparisjóð eða fyrirtæki, heldur til annarar eyðslu, fyrir aðrar erlendar vörur, þó þessar sjeu heftar. Hjer er ekki bannaður innflutningur á vínföngum, en aftur á ávöxtum. Ætli menn bættu sjer ekki upp ávextina með víninu? Í öðru lagi er fólki varnað að fá sjer ýmislegan fatnað. Aftur er mönnum ekki meinað að ferðast til útlanda. Mætti þá svo fara, að meiru yrði eytt til siglinga. Flm. tók það rjettilega fram, að það væri ekki lítið fje, sem gengi í ferðalög til annara landa. En ef mönnum er gert erfitt fyrir að nálgast þá hluti, sem þeir vilja eiga, og svo gott sem vísað til annara landa til þess að nálgast þá þannig, þá er hætt við að ekki minki kostnaðurinn af siglingum landsmanna. Það eru margir vegir til þess að peningar geti gengið til útlanda, þó ein leið sje hindruð. Jeg skal nefna einn enn. Það eru „spekulationir“. Jeg kom um daginn hjer á pósthúsið, og sá í kvittanabókinni, að kvittað hafði verið fyrir sendingar frá Stokkhólmi í óvenju stórum mæli, á mörgum síðum. Hvað var nú þetta? Jú, þetta var „lotteri“. Það fer sem sje töluvert fje fyrir erlendan gjaldeyri á þennan hátt, og mun örðugt að koma í veg fyrir það, enda er hjer engin trygging sett fyrir því, að menn leggi ekki stund á slíkar „spekulationir“, ef þeim leyfist fje til þess frá annari eyðslu. Það er kunnugt, að á krepputímum einmitt hneigjast menn mjög til „spekulationa“, í von um skjótan, auðtekinn gróða. Mín niðurstaða er því sú, að ef farin er þessi leið, að

banna innflutning, þá leiðir það til þess, í fyrsta lagi, að verð á þeim vörum, sem bannaðar eru, hækka, meðan birgðir endast — og þær munu endast lengur en eðlilegt er. Afleiðingin yrði ekki önnur en aukin dýrtíð á þessu sviði. En hefði þann ókost, að ríkissjóður fengi ekkert af því fje. Ef menn vilja ekki horfa í það að auka dýrtíð, þá er nær að leggja á háa tolla til þess að minka eyðslu. Á þann hátt mætti, eins og hæstv. fjrh. (KIJ) benti á, komast langt að sama marki. Jeg vil því, sem fyr, ráða frá því, að þessi braut sje farin. Að vísu tel jeg lítilsvert, hvort bann er lagt á einstaka óþarfavöru, sem stjórnin hefir heimild til að banna með reglugerð samkv. lögunum frá 1920. Það breytir lítið þjóðarbúskapnum, enda engin trygging fyrir því, að ekki yrði öðru eytt í þeirra stað. En að fara inn á þá braut, að banna innflutning á nauðsynlegum vörum, það tel jeg hættulegt. En hitt, sem rætt var um í sambandi við það, hversu hækka skyldi gengið, þá má vitanlega eins ná þeim tilgangi — verslunarjöfnuði — með því að hækka tolla á þessum vörum og draga úr innflutningi á þann hátt, en bæta um leið hag ríkissjóðs, svo illur hagur hans þurfi ekki að fella krónuna.

Annars er það vitanlegt, hvað snertir gengið, hvort það fellur eða ekki, að þar koma margvíslegar ástæður til greina. Þannig leiðir gengislækkunina síðustu eingöngu af því, að bankarnir treystust ekki til að halda krónunni uppi, þegar danska krónan fjell. Þetta er óvefengt. Hið sama hefir átt sjer stað með norsku krónuna. Hún hefir sætt sömu forlögum. Að vísu eru þar ekki nákvæmlega sömu ástæður fyrir hendi, en þó líkar. Eins og öllum er kunnugt, höfum við lengstum átt mest okkar viðskifti við Dani, og þó nú sje nokkur breyting á þessu orðin, þá eigum við enn mest alt okkar lánstraust í Danmörku, og viðskiftaskuldir að mestu. Það er því eðlilegt, þegar minkar munur danskrar og íslenskrar krónu, þá er tækifæri til þess að borga þessar skuldir. En það eykur kaup á útlendum gjaldmiðli, sem hefir aftur lækkandi áhrif á ísl. krónu. Viðskiftasamband landanna hefir þannig áhrif á gengið, og meðan sakir standa eins og nú, þá er það hrein fjarstæða að ætla að miða gengi ísl. krónunnar við sterlingspund, þar sem það er vitanlegt, að allar skuldir landsins standa í dönskum krónum, en ekkert lánstraust til í sterlingspundi. Til þess að breyting verði á þessu, verður að afla landinu lánstrausts í Englandi, til þess að að geta borgað þessar skuldir í Danmörku, hvenær sem væri, þessar skuldir, sem nú valda verðfalli krónunnar. Hjer kemur líka til greina, að hingað til hefir verið miklu meiri trú á því hjer á landi, að danska krónan rjetti fyr við en hin íslenska, en þetta veldur því, að hún hlýtur að falla meira. Því meðal margs, sem veldur gengisbreytingum, er trú, mismunandi traust á gjaldeyri landanna. Viðvíkjandi sænsku krónunni, þá er sýnilegt, ef skeyti það er rjett, sem jeg gat um áðan, að eitthvað hefir komið fyrir, sem hefir gert það að verkum, að sænskir fjármálamenn hafa orðið hræddir um að gengið mundi raskast og vilja koma í veg fyrir það. En það skal játað, að þeir standa miklu betur að vígi en flestir aðrir, vegna þess, að trúin á stöðugleik sænsku krónunnar hefir verið óbifanleg, og því lítið að óttast. (MT: Hún getur fallið áður en varir.) Hún

getur fallið, segir hv. þm. (MT), og er því ekki að neita, að heyrst hafa raddir í þá átt fyr.

Þetta hafa verið lauslegir skraddarabankar mínir um gengismálið. Jeg er ekki undir það búinn að ræða það ítarlega við þessa umræðu, en hefi verið svo fjölorður vegna ummæla annara. Um innflutningshaftafrv. er það að lokum að segja, að þótt jeg sje yfirleitt á móti málinu, þá hefi jeg samt ekki á móti því, að það gangi til fjhn. og 2. umr.

Umr. frestað.

Á 20 fundi í Nd., þriðjudaginn 11. mars, var fram haldið 1. umr. um frv.

Magnús Guðmundsson: Það voru aðeins nokkur orð, sem jeg vildi segja út af ræðu hæstv. fjrh. (KlJ) í gær. Hann kvað það mundi vera tilgang minn að innleiða eldhúsdag. En svo var ekki. Ef jeg vildi fara að ýfast við þann hæstv. ráðherra, þá hefi jeg nóg tækifæri til þess síðar, því þótt hann verði ef til vill ekki lengi eftir þetta í þessu sæti, þá fer hann samt ekki út úr deildinni. Nei, það, sem gerir, að jeg fór að álasa hæstv. stjórn, var það, að mig tekur mjög sárt til þessa máls. Hæstv. ráðherra sagði út af verslunarjöfnuðinum, að það hefði ekki staðið nær sjer en mjer að hefta innflutninginn. Jeg skal játa það, að þetta stendur báðum jafnnærri, en jeg mun líka hafa gert ólíkt meira í þá átt. Hann kvað ár hafa liðið frá því er lögin voru staðfest um þessa heimild stjórnarinnar til aðflutningshafta og til þess er jeg hafi gefið út reglugerðina. En það er fjarri því, að svo hafi verið. Reglugerðin var gefin út þrem dögum eftir að lögin voru staðfest af konungi, en fyr var það vart mögulegt. Þótt undarlegt megi virðast, þá hefir hæstv. ráðherra gersamlega gleymt árinu, sem innflutningsnefndin starfaði, og er því engin furða, þótt hinu sögulega yfirliti hans skeiki nokkuð á þessu tímabili.

Hæstv. atvrh. (KlJ) sagði, að hæstv. stjórn hefði gert töluvert til að hefta innflutninginn. Jeg ætla mjer ekki að vefengja það, en undarlega kom mjer fyrir sjónir auglýsing frá stjórninni í sumar um það, að innflytjendur ættu að sækja um leyfi fyrirfram, en ekki eftir að vörurnar væru komnar hingað til landsins. Það stóð ekkert í þessari auglýsingu um það, að menn fengju ekki hvaða vörur, sem þeir bæðu um, aðeins að þeir sæktu um leyfið áður en innflutningurinn ætti sjer stað.

Jeg viðurkenni þá sannleiksást, sem fram kom hjá hæstv. atvrh. (KlJ), er hann játaði, að hægt hefði verið að ganga skarpar fram í máli þessu; en um leið og hann viðurkennir það, getur hann ekki ámælt mjer fyrir að finna að því, að linar hafi framkvæmdirnar verið.

Um það, sem gerðist á þinginu 1922, er ekki ástæða til að fjölyrða. Jeg rengi ekki það, sem hæst. atvrh. (KlJ) segir, að hann hafi þá haft öflugan flokk að baki sjer. En hafi svo verið, og hann verið málinu fylgjandi, eins og hann segir, hversvegna var því þá ekki komið í framkvæmd, heldur aðeins látið ganga til 2. umr. og nefndar, sem það sofnaði í. Mjer virðist það benda ótvírætt á, að innflutningshöftin hafi ekki verið talin aðalatriði þess frv., enda var því skýrt yfir lýst af mjer og fleirum, að við værum í því atriði sammála.

Það hefir verið talað um, að enginn

yfirlýstur þingvilji lægi fyrir frá þinginu 1922, og hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði, að það hefði aðeins verið gert til hugnaðar stjórninni, að láta lögin frá 1920 standa. Má vel vera, að hann líti svo á, því að hann bar þá fram frv. um að nema lögin úr gildi. Og jeg skoðaði það frv. svo — og held það sje rjett — sem eina af tilraunum þess hv. þm. (JakM) til að koma þáverandi stjórn frá, því hún hafði lýst því yfir, að ef lögin væru úr gildi numin, myndi hún segja af sjer. Og ef jeg lít á atkvgr. um málið, þá sje jeg, að það voru einmitt menn úr Framsóknarflokknum, sem fylgdu honum. (**JakM:** Var þá stjórnin í minnihluta?) Nei, hún var ekki í minnihluta, sökum þess, að sumir vildu láta tillöguna ganga til 2. umr., þó þeir ætluðu sjer ekki að samþykkja hana að lokum; mætti benda á dæmi því til sönnunar. Hv. sami þm. (JakM) sagði, að girt væri með skilningi manna á þinginu 1921 fyrir það, að hefta mætti annað en alóþarfar vörur, en alls engar nauðsynjavörur. En í framsögu nefndarinnar stendur, að ekki megi hefta nauðsynjavörur, og ekkert ákveðið, hverjar þær sjeu, svo hefta má innflutning á öllu því, sem stjórnin telur ónauðsynlegt. Sami hv. þm. (JakM) talaði um, að við fengjum langtum lægra verð fyrir útfluttar vörur en í rauninni bæri. En hver getur gert við því? Við getum ekki annað en vandað vöruna og reynt að selja hana sem best, en markaðsverðinu fáum við ekki ráðið.

Mjer skildist, að afstaða hv. 3. þm. Reykv. (JakM) í málinu sje sú, að hann telji ekki, að hægt sje að koma á innflutningshöftum svo að gagni komi, en ef það væri framkvæmanlegt, þá væri innflutningshöft til góðs. Virðist mjer því, að við sjeum sammála um aðalgrundvöllinn. Jeg skal játa, að það er miklum vandkvæðum bundið að koma höftunum tryggilega á, en ef menn eru sammála um, að þau myndu draga úr innflutningi eitthvað og bæta hag ríkisins, þá virðist mjer auðsætt að reyna þau. Og þó við mætum miklum örðugleikum og tökum mörg víxlspor fyrst í stað, eins og æfinlega er fyrst í stað um slík mál, þá dugir ekki að setja það fyrir sig. Eins og enginn maður, sem sjóferð þarf að fara, hættir við hana, sakir þess eins, að hann veit að slys og torfærur kunna að mæta honum.

Jón Þorláksson: Hæstv. atvrh. (KlJ) hjelt því fram, að yfirlýstur þingvilji hefði fram komið á þinginu 1921, um það, hvernig beita ætti heimildarlögunum frá 1920, og hefði hann ekki sjeð sjer annað fært en að hlíta þeim þingvilja. Sá þingvilji kom ekki fram nema í nál. frá samvinnunefnd viðskiftamálanna á því þingi og hjá frsm. hennar.

En þess verður fyrst og fremst að gæta, að það, sem þá varð ofan á, verður að skoðast í ljósi þeirra viðburða og orsaka, sem fyrir hendi voru og rjeðu ákvörðunum þingsins. Stjórnin hafði þá sett bráðabirgðalög, sem heimiluðu miklu víðtækari höft en næðu til algers óþarfa, og hafði veitt innflutningsnefndinni vald til að banna allan innflutning, einnig á nauðsynjavörum. Þess verður að gæta í þessu sambandi, að verðlagið náði hámarki sínu árið 1920, en verðfallið erlendis hófst þá þegar um haustið og jókst hraðfara alt fram á þingtímann 1921. Var þá komið svo, að helstu atvinnurekendur landsins virtust ekki lengur geta staðist, þar sem tilkostnaðurinn var svo miklu meiri en

það, að afurðirnar gætu borið hann uppi, þar sem verðfallið náði ekki síður til okkar en annara þjóða.

En svo stóð á, að hjer í landi var mikið fyrir af dýrum vörubirgðum, sem keyptar höfðu verið 1920, og kom innflutningsnefnd og hæstv. stjórn saman um, að hindra bæri innflutning þeirra vörutegunda meðan birgðirnar entust. Og var því beint lýst yfir af þáverandi ráðherra (Pjetri Jónssyni), að það væri gert til þess að forða þeim frá fjártjóni, er lágu með vörurnar. En þetta varð til þess, að verðfall það, sem átti sjer stað erlendis um þær mundir, náði ekki hingað. Út af þessu sneri fjöldi atvinnurekanda sjer til þingsins og fór eindregið fram á, að höftum væri ljett af, þar sem nauðsynlegt væri að lækka kaup verkalýðsins, en þeir treystust ekki til að gera það meðan nauðsynjavörurnar lækkuðu ekki í verði.

Þetta verður að hafa í huga, þegar vitnað er í ákvæði þingsins 1921, og kemur það skýrt fram í nál. samvn. viðskiftamálanna, sem hæstv. atvrh. (KlJ) las aðeins upp lítinn kafla úr. (KlJ: Les meira upp bráðum!) Það er því rjett, að hin viðtæku innflutningshöft hafi skapað öfluga mótstöðu bæði innan þings og utan, eins og æfinlega verður, þegar farið er út í öfgar, og veldur það því, að menn geta oft og einnatt ekki greint þá í augnablikinu það, sem kann að vera gott og heilbrigt í ráðstöfuninni. En það stendur fast, að heimildin til að banna innflutning á óþarfa var látin standa óbreytt, enda þótt jeg og margir litu svo á, að þar væri um svo lítinn innflutning að ræða, að ráða myndi litlu um gjaldeyrinn, hvort bannaður væri sá innflutningur eða ekki. Hinsvegar voru aðrir á annari skoðun. Var jeg frsm. nefndar þeirrar, sem með málið fór, og var hún að vísu ekki sammála, en kom sjer saman um þessa málamiðlun, og vildi jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp örfá ummæli mín um málið, sem jeg viðhafði síðar á sama þingi, þegar farið var fram á að fella heimildarlögin alveg úr gildi. Jeg sagði:

„Eins og kunnugt er, þá hefir verið gengið svo frá þessu máli, að búið er að taka af stjórninni heimildina til að takmarka eða banna innflutning á nauðsynjavörum, og var það gert með því að fella bráðabirgðarlögin frá 15. apríl úr gildi. Nú er því aðeins eftir heimildin til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi, en samkv. eðli málsins hlýtur altaf að vera nokkurt álitamál um einstakar vörutegundir, hvort óþarfar sjeu eða ekki."

Og er þetta álit mitt alveg í samræmi við nál. það, sem hæstv. atvrh. (KlJ) las upp úr lítinn kafla. Verður því ekki deilt um, að heimild til að hefta innflutning á óþarfavörum hafi verið fyrir hendi síðan. En rjettmætt gæti talist, að hæstv. stjórn teldi vilja þingsins 1921 bindandi fyrir sig, ef ekki hefðu verið háð þing síðan. En hefði hæstv. stjórn fundist þingviljinn koma í bág við sína skoðun í málinu, þá hefði verið rjett og sjálfsagt, að hún hefði snúið sjer til þinganna 1922 og '23, til þess að komast að raun um, hvort þá væri litið öðruvísi á málið. Að það var ekki gert, virðist fullgild sönnun fyrir því, að hæstv. stjórn hafi þótt þessi þingvilji frá 1921 í samræmi við sína eigin skoðun. Hæstv. atvrh. (KlJ) sagði og eina setningu í þessu sambandi, sem virðist sýna álit hans greinilega. Hann kvaðst hafa viljað fylgja höftunum fram „með allri gætni."

Áfelli jeg hann ekki fyrir að vilja viðhafa gætni; hennar þarf með í svona máli. En fyrst svo er, kann jeg ekki við, að stjórnin sje nú að skjóta ábyrgðinni af sjer og yfir á þing, sem háð var fyrir 3 árum síðan. Vitanlega eru nú alt aðrar ástæður og ástand hjer og annarstaðar en þá var, og ef stjórninni hefði litist svo sem framfylgja bæri heimild þessari harðar en beinn yfirlýstur vilji var um, þá átti hún að sjálfsögðu að gera það, annaðhvort upp á eigin eindæmi eða með því að leita á ný eftir þingviljanum. Jeg verð því að líta svo á, að hvort sem heiður eða halli hlýst af meðferð máls þessa, þá sje hann eign hæstv. stjórnar, sem við tók 1922.

Jeg skal ekki fara langt út í efni þessa frv., sem nú liggur fyrir. En frá mínu sjónarmiði fá ekki ein eða nein innflutningshöft rjett verslunarjöfnuðinn nje gert innflutninginn minni en útflutninginn, ef þær ástæður haldast, sem nú eru. Því það, sem gert hefir verslunarjöfnuðinn óhagstæðan hingað til, er það, að kaupgeta almennings hefir verið meiri en landsins í heild, eða það, sem kalla mætti, að fölsk kaupgeta hefir átt sjer stað.

Í landi þessu er ótakmörkuð þörf fyrir útlendar vörur, og má víst teljast föst regla, að jöfnu verði útfluttrar vöru sje varið til kaupa á þeim, hvort sem óþarfinn er bannaður eða ekki. Jeg skal nefna einn vöruflokk, sem við höfum ótakmarkaða þörf fyrir; það er byggingarefni. Og takmarkast innflutningur þeirra aðeins af því, hvað menn treysta sjer til að leggja út fyrir þau. Eins er um aukning skipastólsins; hún er okkur ekki síður nauðsynleg, og vona jeg, að menn vilji ekki takmarka þá aukning á annan hátt en þann, hvað menn telja sjer fært að eyða í þeim tilgangi. Því næst það aldrei með innflutnigshöftum, að fá afgangs upphæð útfluttra vara í verslunarskýrslunum, og hafa því höftin ekki bein áhrif á gengið. Höftin eru aftur á móti góð, ef þau eru framkvæmanleg, til þess að hindra fólkið í að nota kaupgetu sína sem miður heppilegan eyðslueyri, en bein áhrif á gengið hafa þau ekki. Fyrsta og fremsta ráðið til að bæta það, er að uppræta síðustu leifarnar af þeirri fölsku kaupgetu, sem verið hefir mikil undanfarið. Sjerhvert fyrirtæki, sem rekið er með tapi, skapar falska kaupgetu. Og undanfarið hefir mest fölsk kaupgeta skapast við það, að ríkið rekur búskap sinn með tekjuhalla ár frá ári.

Það sem því liggur næst fyrir að gera, til þess að stöðva gengisfallið, er að taka fyrir tekjuhallann á ríkissjóði og snúa heldur inn á þá braut, að tekjuafgangur náist, sem svo mætti annaðhvort nota til styrktar atvinnuvegunum eða til að borga af skuldunum.

Jeg skal ekki að þessu sinni tala um þá kosti eða galla, sem eru á frv. þessu. Innflutningsbann er altaf vandasamt, og verður að framkvæma það með allri gætni, eins og hæstv. atvrh. (KlJ) sagði. En menn mega ekki missa sjónar á því, að tiltækilegasta leiðin til að afla landinu tekna og koma um leið í veg fyrir falska kaupgetu, er eflaust sú, að leggja háa tolla á miður nauðsynlegar vörur. Það verður altaf heppilegasta leiðin. Þar með er jeg ekki að mæla gegn því, að gera jafnframt aðrar ráðstafanir, nje að halda því fram, að innflutningshöft á óþarfavarningi geti ekki komið að einhverju gagni í bili.

Það hefir verið blandað inn í umræður þessar ýmsum uppástungum öðr-

um til að bæta gengið. Hv. samþm. minn (JakM) taldi, að lántaka væri best í því skyni. Það er engin vafi á því, að gengishrun í hverju landi er bundið við sjerstakar ástæður og ástand, sem þar er fyrir hendi. Þó nú einhverjir reyni lántökur til að halda við gengi sínu, þá tel jeg ástand okkar þannig nú, að slík leið sje bæði ótæk og óleyfileg, og það þótt einungis væri um það að ræða, að taka lán til að gjalda önnur, sem fyrir eru. Það er t. d. hætt við því, að ef við færum að gjalda skuldir okkar í Danmörku, þá myndu lánardrotnarnir, sem þannig fá óvænt goldnar skuldir sínar, vera meira eða minna fúsir til að lána okkur aftur, og svo er lánsviljinn ekki dauður í landinu, að menn myndu ekki færa sjer slíkt í nyt. Yrði því ný lántaka aðeins til að auka skuldasúpuna, og er þess síst þörf sem stendur.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg skal játa það hreinskilnislega, að jeg varð alveg forviða í gær, þegar jeg fjekk álas fyrir framkomu mína í þessu máli; jeg átti alls ekki von á neinu álasi, og það þegar af þeirri ástæðu, að málinu var ekki hreyft með einu orði á síðasta þingi. Þá var stjórninni fundið margt til foráttu, og ekki alt stórvægilegt, en ekkert orð fjell henni til áfellis í þessu máli. Og þó hafði heimildarlögunum frá 1920 verið beitt vægar fyrir og um þingtímann, heldur en nokkru sinni fyr eða síðar á þeim 2 árum, sem núverandi stjórn hefir farið með völd, því að síðastliðið haust var aftur hert á framkvæmd þeirra. Mjer kom því mjög á óvart, að þetta mál skyldi nú notað til árásar á mig, þar sem það hafði ekki verið gert áður. Það kom ekki síður á óvart, að hv. 1. þm. Skagf. (MG) skyldi verða til þess að álasa mjer um þetta, því að um leið og hann gerir það, álasar hann einnig þeirri stjórn, sem hann átti sjálfur sæti í. Það er því nauðsynlegt að rekja sögu þessara viðskiftahafta og hvernig þeim hefir verið framfylgt, síðan þau voru leidd í lög 1920.

Frv. um viðskiftahöft kom frá fjhn. Nd. og var hv. 1. þm. Skagf. (MG) einmitt frsm. Fyrst í stað fór frv. einungis fram á að banna innflutning á glysvarningi eingöngu, en áður en það komst í gegnum þingið var það orðið víðtækara, svo sem lögin eru nú. Það sætir furðu, að ekki skyldu verða meiri umræður um málið heldur en urðu, og hafa menn vafalaust ekki gert sjer í hugarlund, að málið mundi varða mjög miklu fyrir þjóðina. Eins og frv. var orðið, bar það ekki með sjer, að sjerstaka nefnd skyldi skipa, heldur verður ekki sjeð annað en að stjórnin skyldi hafa alla framkvæmd í málinu. Það var aðeins einn þm., sem lagði áherslu á, að skipuð yrði sjerstök nefnd til að hafa eftirlit með innflutningi. Aðrir lögðu eindregið á móti nefndarskipun. Háttv. þm. Borgf. (PO) kvaðst enga trú hafa á slíkri nefndarskipun, háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) var einnig mótfallinn skipun sjerstakrar nefndar, og sama er að segja um hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Hv. 1. þm. Skagf. (MG) var ekki harður á því, og orðaði hann það svo: „Jeg skal ekki eyða frekari orðum að því, hvort nauðsynlegt væri að skipa sjerstaka innflutningsnefnd til þess að annast eftirlitið", en tók það þó fram, að stjórnin mundi þurfa einhverja aðstoð. Síðan bætti hann við: „Hjer mundi að eins verða bannaður innflutningur á tiltölulega fáum vörutegundum." Hann gerði þá ekki ráð fyrir mikl-

um og ströngum höftum. (MG: Jú, það átti að vera algert bann á þessum tegundum.) Þetta eru óbreytt orð hv. þm. (MG: Þau eru ranglega þýdd.) Þau verða ekki skilin á annan veg.

Þáverandi forsætisráðherra (JM) kemst svo að orði um frv.: „ — — Það er gott, að stjórnin hafi heimildina, og g e t u r verið ástæða til að beita henni, en þó skal jeg ekki um það segja, hvort það verður gert eða ekki.“ Og síðar segir hann svo: „En sem sagt, þá er gott að hafa heimildina, og verður reynt að nota hana, ef hægt verður og það henta þykir.“ Og enn segir hann: „Jeg skal ekkert um það segja, hvort stjórnin sjer sjer fært að nota þessa heimild, en þó er gott að hafa hana.“

Umræðurnar voru sem sagt mjög stuttar í þessari hv. deild, en alls engar í Ed. Niðurstaðan af þeim er sú, að upphaflega var ætlast til, að höftin næðu eingöngu til glysvarnings, en síðar til tiltölulega fárra vörutegunda. Stjórnin lýsti yfir, að gott væri að hafa heimildina, og gæti vel verið, að hún yrði notuð. Þetta var alt og sumt.

Hinn 8. mars 1920 voru lögin samþykt, og þegar í stað, 11. s. m., samin og gefin út reglugerð, þar sem öll framkvæmd laganna var falin sjerstakri nefnd, er kölluð var viðskiftanefnd. Jeg skal ekki fara út í, hversvegna þessi mikla og volduga nefnd var skipuð, en tilefni þess verður ekki sjeð á umræðunum. Ekki skal jeg heldur fjölyrða um það, hvernig nefndin var skipuð eða beitti valdi sínu. En það þykist jeg geta sagt, að þessum ráðstöfunum var ekki tekið með einróma lofi landsmanna.

Það kom og brátt í ljós, að þingið hafði ekki mikla trú á þessari nefnd. Eitt af fyrri verkum þingsins 1921 var að afnema hana með öllu, og var þá gefin út reglugerð 31. mars, sem telur upp þær vörutegundir, sem voru bannaðar. Jeg hjelt því fram í gær, að ekki hefði verið gefin út reglugerð um það, hvaða vörur bannað væri að flytja inn, fyr en ári eftir samþykt laganna. Þetta er alveg rjett, því að þessi reglugerð bannar fyrst innflutning á ákveðnum vörutegundum; þangað til var viðskiftanefndin einvöld. Mjer þykir annars undarlegt, að svo mikilvæg reglugerð skyldi ekki vera prentuð í Stjórnartíðindum, heldur einungis birt í Lögbirtingablaðinu.

Nú voru framkvæmdirnar komnar í hendur stjórnarinnar, og var það eftir að viðskiftamálanefnd hafði fjallað um málið á þingi 1921. Það leynir sjer ekki, að vilji nefndarinnar var sá, að innflutningshöftin væru að mestu leyti afnumin. Nefndin var í raun rjettri þeirrar skoðunar, að afnema bæri innflutningshöftin, en til samkomulags voru heimildarlögin látin standa óhögguð fyrst um sinn, þó með ákveðnum skilningi, eins og jeg las upp í gær. Til þess að sanna, að komið hafi fram yfirlýstur þingvilji það ár, sem miðaði til að draga úr höftunum, skal jeg leyfa mjer að lesa nokkuð frekar upp úr nál. samvinnunefndar viðskiftamála á þinginu 1921 — með leyfi hæstv. forseta. En áður skal jeg taka það fram, að jeg er samþykkur því, sem hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) sagði um afstöðu þingsins til þessa máls.

Í nál. segir svo: „Þó telur nefndin óhjákvæmilegt, að u n d a n þ á g u r frá slíku innflutningsbanni s j e u, e f t i l k e m u r, v e i t t a r, e f t i r s v i p u ð u m g r u n d v a l l a r r e g l u m og viðskiftanefndin hefir fylgt hingað til, en telur, að stjórnarráðið eigi að afgreiða slík-

ar undanþágur sjálft, án þess að halda uppi sjerstakri skrifstofu til þess.“ Og enn segir nefndin:

„Meðal nefndarmanna eru skiftar skoðanir um það, hvort rjett eða hagkvæmt sje, að stjórnin noti þessa heimild laganna frá 8. mars. Meirihluti nefndarmanna er þeirrar skoðunar, að minkun sú á innfluttu vörumagni, sem leitt gæti af notkun heimildarinnar, muni nema svo litilli fjárhæð, að ráðstöfunin yrði þýðingarlaus fyrir verslunarjöfnuð landsins, og kæmi því ekki að haldi til gjaldeyrissparnaðar. En nokkrir nefndarmenn álíta, að upphæðin muni nema svo miklu, að rjett sje að taka upp þessa tilhögun fyrst um sinn. Varð það að samkomulagi að leggja það á vald stjórnarinnar, hvort hún notar heimildina eða ekki.“

Það er satt, að ekki liggur fyrir formlega yfirlýstur þingvilji, en jeg vona, að allir þeir hv. þm., sem vilja meta þingræðið einhvers, leggi mjer það ekki til lasts, að jeg hefi fylgt því, sem jeg þóttist sannfærður um, að vilji meirihluta þingsins væri fyrir. Jeg er svo gerður, og hefi jafnan hallast æ meir að því, eftir því sem reynsla og aldur færist yfir mig, að jeg tel það óhæfu hverri stjórn að brjóta gegn vilja þingsins, hvernig sem hann er. (**JÞ**: Samanber steinoliumálið!) Það mál má gjarna taka upp aftur; jeg er alls óhræddur við það, og hefi þar skýlaus lagafyrirmæli bak við mig, sem standa óhögguð enn, og óvíst, að þau hafi meirihluta þingsins á móti sjer.

Það var tekið fram í þeim kafla, sem jeg las upp úr nál. viðskiftamálanefndar 1921, að lögin ætti að framkvæma eftir svipuðum grundvallarreglum sem viðskiftanefndin hefði gert. Nú vildi svo heppilega til, að einn af nefndarmönnum í viðskiftanefndinni var einnig skrifstofustjóri í atvinnumáladeild sjórnarráðsins. Enginn gat því verið kunnugri en hann um meginreglur nefndarinnar. Hvernig var lögunum svo framfylgt? Á þann hátt, að oft og tíðum voru gefnar undanþágur, og eftir upplýsingum, sem jeg hefi fengið, talsvert meiri en veittar voru á síðari hluta ársins 1923. Þegar núverandi stjórn tók við völdum, snemma á árinu 1922, hjelt þessi maður nákvæmlega hinni sömu reglu um framkvæmd laganna, að minsta kosti framan af árinu. Það sem hv. 1. þm. Skagf. (MG) álasar mjer fyrir, er því miklu fremur álas á stjórn þá, sem hann átti sjálfur sæti í.

Á þingi 1922 var þetta mál enn til umræðu. Þá bar Framsóknarflokkurinn fram frv. um innflutningshöft, og kom það til umræðu, en ekki lengra. Hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) spyr, hversvegna málinu hafi ekki verið haldið áfram. Af þeirri ástæðu, er allir vissu, að engin von var til þess að fá málinu framgengt. Má vera, að það hafi nokkru um valdið, að það stóð þá í sambandi við annað mál, er einnig var á döfinni, sem sje gjaldeyrisráðstafanir. En hefðu andstæðingar þess máls viljað koma innflutningshaftafrv. fram, gátu þeir flutt brtt. við frv. (**MG**: Þær komu fram.) En þeim var ekki nægilega framfylgt.

Haustið 1922 var eins og lifnaði yfir öllu, og menn urðu talsvert bjartsýnni en áður. Jeg hygg, að það hafi þá verið talsvert almenn skoðun, ekki einungis meðal atvinnurekenda, kaupsýslumanna og þingmanna, heldur einnig með allri alþýðu, að horfurnar hefðu batnað svo, að nú þyrfti ekki lengur að halda í þessi höft. Það var því talsvert losað um þau, og á þingi 1923 komu engin ummæli

í þá átt, að stjórnin hefði misbeitt þessu valdi á neinn hátt. Hafði stjórnin fulla heimild til að gera ráð fyrir, að framkvæmd laganna væri fullkomlega í samræmi við þingviljann.

Nokkru síðar versnaði ástandið að mun og gjaldeyririnn lækkaði enn meir, og var því innflutningur á óþarfavarningi heftur miklu meir en áður, svo að nú voru einungis einstaka undanþágur veittar. Jeg skal leyfa mjer að nefna örfá dæmi til þess að sýna, hvernig þessum lögum var beitt upp á síðkastið.

Kaupmaður á Akureyri beiddi um leyfi fyrir 5 pianóum og 30 harmoníum, en fjekk að flytja inn 1 píanó og 3 harmoníum. Kaupkona ein úti á landi beiddi um að mega flytja inn silki fyrir 10000 kr., en var leyft fyrir 2000 kr. Firma hjer í bæ óskaði eftir leyfi til að flytja inn kaffibrauð fyrir 6000 kr., fjekk leyfi fyrir 1000 kr. Í október var beðið um leyfi til að flytja inn leikföng fyrir 5000 kr., en var alveg synjað. Í sama mánuði beiddi annar maður um að fá að flytja inn 36 harmoníum, en fjekk ekkert. Öðrum var í sama mánuði neitað um innflutning á flugeldum fyrir 5000 kr. Menn munu nú samt hafa þóst verða þess varir á nýársnótt, síðustu, að eitthvað væri til í bænum af flugeldum, og þótt það grunsamlegt, þar sem ekki hafði verið leyfður innflutningur á flugeldum langan tíma. Stjórnarráðið lagði því fyrir lögreglustjóra að rannsaka þetta sjerstaklega, og komst hann að þeirri niðurstöðu, að þetta hefðu verið gamlar birgðir. Jeg gæti nefnt miklu fleiri dæmi; hefi aðeins tekið þessi af handahófi og þykir ekki ástæða til að þreyta hv. deild á lengri upplestri. Þó skal jeg bæta því við, að kaupmaður einn á Sauðárkróki, jeg veit ekki hvort hann er kjósandi hv. 1. þm. Skagf. (MG), beiddi um leyfi fyrir 21 harmoníku, en þess var synjað. Þá kom það í ljós, að maðurinn hafði keypt þetta í Þýskalandi og borgað, og vörurnar voru komnar á land og lágu undir skemdum á afgreiðslunni. Þótti þá eftir atvikum rjett að veita leyfið, og vænti jeg þess, að hv. 1. þm. Skagf. (MG) muni ekki álasa mjer mjög fyrir, þó að jeg hafi þannig orðið þess valdandi, að auðið hefir verið að halda uppi dálitlum gleðskap hjá þeim góðu Skagfirðingum í vetur.

Jeg hygg, að jeg hafi skýrt nægilega frá, hvernig lögunum hefir verið beitt í seinni tíð, en þyki það ekki fullrætt, má bæta úr því við 2. umr. Jeg held því eindregið fram, að jeg hafi í þessu farið eftir vilja meirihluta þingsins. Og þar sem frv. til þessara laga var í upphafi flutt aðallega af hv. 1. þm. Skagf. (MG), þykir mjer undarlegt, að hann skuli verða til þess að álasa mjer fyrir framkvæmd mína á lögunum. Mjer hefði síður komið það á óvart, þó að hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) hefði álasað mjer fyrir að gefa ekki alt laust.

Út af fyrirspurn hv. 1. þm. Skagf. (MG), um verslunarjöfnuðinn á síðastliðnu ári, skal jeg endurtaka það, sem jeg sagði í gær, að ennþá verður ekki sagt neitt um það með fullri vissu. Hagstofan hefir tjáð mjer, að samkvæmt skýrslum þeim, sem hún hefir fengið, hafi útflutningsgjöld 1923 numið 428.533 kr., og telur hún það samsvara 42,8 milj. kr. útflutningi. Þar við bætist síldarútflutningur, sem hefir numið 200000 tunnum, eftir skýrslum, sem lögreglustjórar hafa gefið jafnóðum og síldin var flutt út, en er sennilega of lágt reiknað eftir tollupphæðinni að dæma.

Áætlað söluverð þeirrar síldar er 6 milj. kr. Ennfremur hefir verið flutt út fóðurmjöl og áburðarefni fyrir um ½ milj. kr., og hefir útflutningurinn þá numið alls um 49,3 milj. kr.

Um innflutninginn getur hagstofan ekki sagt neitt með vissu ennþá, því að mjög margar innflutningsskýrslur eru ókomnar til hennar. Eftir skýrslum þeim, sem henni hafa þegar borist, hafa verið fluttar inn vörur á árinu fyrir 38 milj. kr. En hagstofustjóri gat þess munnlega við mig, að vel gæti verið, að margar upphæðir væri taldar í dönskum krónum, án þess að það væri tilgreint, og þá hækkar upphæðin nokkuð, auk þess sem enn vantaði margar skýrslur. En hann taldi ósennilegt, að þetta mundi nema svo miklu, að verslunarjöfnuðurinn yrði oss ekki hagstæður. Nákvæmari skýrslu er ekki unt að gefa að sinni.

Jeg hygg, að jeg hafi nú svarað flestu því, er máli skiftir. Hv. 1. þm. Skagf. (MG) spurði, hversvegna frv. um innflutningshöft hafi verið stöðvað á þingi 1922. Því hefi jeg svarað að nokkru leyti, og býst jeg við, að hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), sem innan skamms mun taka til máls, muni svara því betur, en hann var þá framsögumaður þess máls af hendi Framsóknarflokksins.

Hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) fanst það ekki eiga vel við, að stjórnin kastaði nú allri ábyrgð á þingið 1921. Nei, það er öðru nær en það sje gert. Á þingi 1922 var stjórnin nýtekin við völdum, og hefir verið skýrt frá allri aðstöðu á því þingi. Á þinginu í fyrra komu engar ákærur á hendur stjórninni fyrir framkvæmdir hennar í þessu máli, og hafði hún því fylstu ástæðu til að ætla, að hún væri fullkomlega í samræmi við þingviljann. En síðan hafa orðið svo miklar breytingar, bæði vegna þess, að krónan hefir farið dagfallandi og kaupgeta manna minkað, að ástæða virðist til að gera eitthvað í þessu máli, og það hefi jeg gert með því að stuðla að því, að þetta frv. kom fram, og var ýmsum kunnugt um það, áður en frv. var útbýtt, svo sem hv. 1. þm. Reykv. (JÞ). Mjer er ekki kappsmál að halda í einstakar leiðir í þessu máli, heldur mun jeg beygja mig undir vilja þingsins í því efni. Jeg gæti t. d. vel sætt mig við, að svo hár verðtollur yrði lagður á sumar vörutegundir, að það jafngilti fullkomnu banni. Skal jeg svo láta staðar numið að sinni, enda mun tækifæri til að ræða málið betur síðar, því að jeg þykist þess fullvís, að frv. fái að ganga til nefndar.

Sveinn Ólafsson: Jeg get farið nokkuð fljótt yfir sögu, því að hæstv. atvrh. (KlJ) hefir tekið fram margt af því, sem jeg ætlaði mjer að drepa á. Upphaflega kvaddi jeg mjer hljóðs vegna þess, að mjer virðist frv. það, sem nú liggur fyrir, eigi vera nógu víðtækt og þurfa nokkurra breytingu. Annars skal jeg lýsa ánægju minni yfir því, að frv. er fram komið og í þeim búningi, sem það er. Jeg vona, að því byrji nú betur en 1922, þegar það var einnig hjer á ferðinni, þótt í nokkuð öðrum búningi væri.

Jeg þykist vita, að reynsla tveggja síðustu ára hafi fært mörgum manni heim sanninn um það, bæði utan þings og innan, að slíkar ráðstafanir sjeu harðla nauðsynlegar. Veit jeg að vísu, að margir telja, að tilganginum, gengishækkun og skuldajöfnuði verði ekki náð með þessu, aðflutnningshöftum, en

þeim mönnum er hætt við að einblína of mjög á annmarkana eða agnúana, sem eru við framkvæmd slíkra laga sem þessara, og gera þeir þá oft úlfalda úr mýflugunni. En jeg verð að líta svo á, að hugboð þeirra um mótþróa hjá fólkinu eigi ekki sjerstaklega mikinn rjett á sjer.

Að menn eru yfirleitt sannfærðir um, að slíkar ráðstafanir sem innflutningshöft hafi mikla þýðingu og stefni til bóta, sjest best á þeim undirtektum, sem þetta mál hefir fengið í vetur nær alstaðar, þar sem þingmálafundir hafa verið haldnir. Á því nær öllum þingmálafundum hefir verið skorað á Alþingi að gera viðtækar ráðstafanir til að takmarka eða hefta aðflutning á óþörfum og miður nauðsynlegum varningi.

Í slíkum kröfum fólksins liggur yfirlýsing um það, að það vilji sýna sjálfsafneitun og taka á móti erfiðleikunum. Fólkið skilur vel, að eyðslusemin er meinsemd sú, sem haft hefir í för með sjer lággengið og þá fjárhagsörðugleika, sem af því stafa, og fólkið veit líka, að slík meinsemd verður ekki numin burt sársaukalaust. En eins og jeg tók fram í upphafi ræðu minnar, þá var aðalástæðan til þess, að jeg stóð upp, sú, að mjer fanst vanta í frv. tvö öryggisákvæði, sem við þarf, ef frv. á að ná sínum fulla tilgangi. Í fyrsta lagi þarf að reisa einhverjar skorður við því, að tíminn, sem fer í það að afgreiða lög þessi, verði notaður til þess að flytja inn óhóflega mikið af þeim vörum, sem frv. leggur bann á, og í öðru lagi þarf að finna ráð til þess að bæta ríkissjóði að einhverju upp halla þann, sem hann bíður við minkun innflutnings. Þetta hvorttveggja ætti að geta tekist með litlum breytingum á frv., og skal jeg síðar gera grein fyrir því, hverjar leiðir jeg tel hagkvæmast að fara í þessu efni.

Mjer hefir verið skýrt svo frá af kunnugum manni, að úti í Kaupmannahöfn dveldi nú ýmsir kaupsýslumenn hjeðan og biði þess, hverju fram færi í þessu málum á þingi. Munu þeir hafa fullan hug á að birgja sig upp með bannvörur, áður bannaður verður innflutningur, og verði ekkert gert til að afstýra því, er það sýnilegt, að frv. myndi ekki ná tilgangi sínum. Jeg held því, að ef menn vilja ekki hamla þessum innflutningi á annan veg, t. d. með því að gefa út reglugerð til bráðabirgða samkvæmt lögum 8. mars 1920, og banna innflutninginn meðan máli þessu er ráðið til lykta í þinginu, þá megi þó setja inn í frv. ákvæði, sem komi að líkum notum. Það hefi jeg hugsað mjer á þá leið, að allar bannvörur sem til sjeu í landinu, þegar lögin öðlast gildi, skuli tollaðar, og þá leyfð sala á þeim í sex mánuði eða lengur, en þó undir settu hámarksverði, og síðan skuli tollurinn á þeim hækka á hverjum sex mánaða fresti, uns þær þrytu. Þetta myndi reynast sá hemill á innflutningnum, sem dygði.

Annars er það auðvitað mál, að ef hægt er og þingið vill gera ráðstafanir til að hefta innflutninginn meðan lögin eru í smíðum, eftir heimild þeirri, sem lög 8. mars 1920 veita, þá er á þann veg hægt að reisa skorður við þessu. En hiki stjórnin og þingið við að fara þá leið, get jeg ekki betur sjeð en það ráð, sem jeg hefi minst á, gæti vel komið að liði, og hefi jeg því ákveðið að bera fram brtt. þess efnis, sem fyrst. Hitt atriðið, að bæta ríkissjóði hall-

ann af minkuðum innflutningi, álít jeg líka að nást megi með þessu fyrirkomulagi, sem jeg hefi lýst, og sjeu vörurnar þá aðeins seldar með leyfi stjórnarinnar eða verðlagsnefndar og með hámarksverði, sem á þær verði sett.

Það var þetta atriði, sem jeg áleit mestu máli skifta að benda á. En úr því jeg stóð upp á annað borð, þá vildi jeg grípa tækifærið til að minnast á nokkur atriði, sem fram hafa komið í umræðunum. Jeg get þó verið stuttorður, þar sem hæstv. atvrh. (KlJ) hefir þegar svarað flestu því, er varðar þá hlið málsins, sem mjer þykir nokkurs um vert.

Einu atriði hjó jeg sjerstaklega eftir úr ræðu háttv. 3. þm. Reykv. (JakM). Hann var að telja upp annmarkana, sem væru á framkvæmd laga sem þessara, og er það rjettilega tekið fram, að sumir þeirra eru slæmir viðfangs. En einn af þessum annmörkum, sem hann taldi upp, var þess eðlis, að mjer stóð ekki á sama um það, að hann skyldi vera nefndur í því sambandi. Hv. þm. (JakM) hjelt því nefnilega fram, að fyrirmæli sem þessi hlytu að hafa mjög alvarlega röskun á atvinnuháttum manna í för með sjer og svifta fjölda fólks atvinnu, það er að segja, kaupsýslu-atvinnu. En út af þessu vil jeg segja það, að jeg tel það einmitt mjög mikilsverðan kost á frv., ef það hefir þessa röskun í för með sjer, því að kaupsýslu-atvinnan, eins og hún hefir víðast verið rekin á undanförnum tímum, hefir verið okkar þjóðfjelagi alt annað en holl, og væri gott til þess að vita, ef von væri til, að frv. þetta hefði þá rjettarbót í för með sjer, að eitthvað af hinum fjölmenna mangara- og braskaralýð hyrfi að öðrum nytsamari atvinnurekstri. Þykist jeg því ekki þurfa að svara þessu atriði með fleiri orðum.

Þá vildi jeg lítillega drepa á örfá atriði í ræðum hv. 1. þm. Skagf. (MG) í dag, og enda frá í gær. Hann ljet á sjer skilja, að hann hefði verið fylgjandi innflutningshöftum árið 1922, eins og líka nú. Í öðru lagi gat hann þess, að ekki hefði verið leitað þingvilja um það, hvort nota ætti heimild laga 8. mars 1920, um innflutningshöft, síðan 1921. Að því er síðara atriðið snertir, þá er það ekki rjett, að þingvilja hafi ekki verið leitað frá 1921, um aðflutningshöft. 1922 var þessa þingvilja leitað með frv. um innflutningshöft og gjaldeyrisráðstafanir. Stuðningur hv. 1. þm. Skagf. við það var harla vafasamur. Hann taldi þá gengi íslensku krónunnar hækkandi og líklegt til að ná sjer. Þessvegna litla þörf á gjaldeyriseftirliti. En til að varpa dálitlu ljósi yfir stuðning hans þá við innflutningshöftin, skal jeg lesa upp nokkur orð úr ræðu hans í málinu þá, með leyfi hæstv. forseta. Hann kvað svo að: „.... Um innflutningshöftin er það að segja, að jeg get enga nauðsyn sjeð á því að samþykkja þessi ákvæði frumvarpsins."

Hv. þm. (MG) taldi þá heimild laga 8. mars 1920 nothæfa og einhlíta. En nú hefir hann lýst yfir því í dag, að hann hafi ekki getað farið lengra en farið var í hefting innflutnings í hans stjórnartíð, vegna þingviljans, sem dró úr þeim 1921. Þetta kom ljóst fram í ræðu hans. Þingviljans um innflutningshöft var því ákveðið leitað á þinginu 1922 með frv. um innflutningshöft og gjaldeyrisráðstafanir, sem flutt var samkvæmt ósk stjórnarinnar af minnihl.

viðskiftanefndar. En sú varð niðurstaðan, að því var ekki leyft að fara í gegnum þingið, því jafnvel sumir þeirra þm., sem töldust fylgjandi höftunum, snjerust á móti því af torskildum hvötum, eða sökum þess, að þeim fjell það ekki að formi til. En með þessu er þeirri spurningu svarað, hversvegna innflutningshöftunum hafi ekki verið stranglegar framfylgt 1922 og síðan. Það var ógerlegt, þegar jafnvel sumir þeir, sem höftunum sögðust vera fylgjandi, lögðust á móti þeim, formsins vegna. Jeg skal fúslega viðurkenna, að hv. 1. þm. Skagf. (MG) hefir nú tekið mjög liðlega undir þessa viðleitni, að stemma stigu fyrir óþörfum innflutningi.

En að ekki var leitað þingvilja í þessu máli 1923 var mjög eðlilegt, þar sem þá átti sæti sama þing sem 1922, og varla við því að búast, að þm. hefðu á milli þinga skift um skoðun.

Fleira álít jeg ekki þörf á að taka fram að sinni, því eins og jeg tók fram í upphafi ræðu minnar, þá hefir þegar mörgu af því verið svarað, sem jeg annars myndi hafa farið frekar út í.

Flm. (Halldór Stefánsson): Umræðurnar um þetta mál eru nú þegar orðnar langar, en megnið af þeim hefir snúist um hina sögulegu hlið málsins, sem, úr því sem komið er, liggur algerlega fyrir utan málefnið, enda mun það reynast tímafrekt, ef menn hugsa sjer að gera þær sakir allar upp við þessa umræðu.

Hinsvegar get jeg ekki annað en verið ánægður með þær undirtektir, sem frv. hafa hlotnast hjer í hv. þingdeild. Raunar hafa ýmsar athugasemdir verið gerðar við það, líka af fylgjendum þess, en þær hafa flestar verið almenns eðlis, og er ekki nema eðlilegt, að slíkt hafi komið fram. Almennasta ástæðan, sem borin hefir verið fram gegn frv., hefir verið sú, að það hafi í för með sjer tekjurýrnun fyrir ríkissjóð, og er það rjett athugað. En í fyrsta lagi er svo, að tekjurýrnun þessi mun alls ekki eins stórfeld og menn ef til vill hafa gert sjer í hugarlund, og í öðru lagi býst jeg við, að auðvelt muni að ná þeim tekjum á annan hátt. Það var aðallega 3. þm. Reykv. (JakM) sem hafði verulega að athuga við frv. Hann tjáði sig mótfallinn stefnu frv., og færði þar ýmislegt til. En flestum þeim mótbárum hefir nú þegar verið svarað af öðrum hv. þm., og er óþarfi að fara að endurtaka það, enda get jeg að mestu látið mjer nægja að vísa til þeirra andmæla. — En mótbárur hv. 3. þm. Reykv. (JakM) skildist mjer, að aðallega bygðust á því, í fyrsta lagi, að tilgangur frv. næðist ekki, þó það yrði samþykt, í öðru lagi, að ýms mikilvæg vandkvæði væru á framkvæmd laga sem þessara; í þriðja lagi, að ástand landsins væri ekki ennþá orðið svo bágborið, að grípa þyrfti til slíkra örþrifaráða sem hann taldi innflutningshöft vera, og í fjórða lagi bygði hann mótbárur sínar á því, að höftin, þó hægt væri að framfylgja þeim, myndi alls ekki duga eða verka eins og til væri ætlast.

Að mestu leyti hefir þessu þegar verið svarað. Þó vil jeg leyfa mjer að fara ofurlítið nánar út í einstök atriði. Hv. 1. þm. Reykv. (JÞorl) er samþm. sínum (JakM) sammála um það, að það sje kaupgeta manna, sem ráði innflutningnum, og því verði honum ekki reistar skorður með innflutningshöftum svo nokkur árangur verði. Þessi skoðun er auðvitað andstæð þeirri hugsun,

sem til frv. liggur. Sem betur fer mun kaupgeta manna ekki vera ennþá alveg þrotin. En hún mun vera komin í tiltölulega fárra hendur, og þá annaðhvort í þeirra, sem svo eru efnum búnir, eða búa við slík kjör, að þeir eru enn óneyddir af fjárhagsörðugleikunum, eða í þeirra hendur, sem ekki hafa viljað eyða sinni kaupgetu heldur hafa sparað saman og vilja spara, og þarf þá varla að óttast, að þeir myndu kasta henni á glæ. En það er mikill munur á því, hvernig kaupgetunni er beitt, hvort hún fer í óþarfa eða til nauðsynja, og hvort hún rennur út úr landinu eða henni er beitt innanlands. Og það, sem liggur að baki frv., er einmitt það, að vernda kaupgetuna og veita henni í aðrar áttir og koma í veg fyrir, að skuldir vorar við útlönd aukist. Lánstraust er líka kaupgeta, því er jafnan hollast að beita var lega. Það má ekki nota það yfir viss takmörk. Ef þessvegna ekkert er hægt að gera — samkv. skoðunum hv. 1. og 3. þm. Reykv. — til að hindra það, að kaupgetan tæmist, þar með talið lánstraustið, — ja — hvað liggur þá fyrir annað en gjaldþrot?

Hæstv. atvrh. (KlJ), hefir lýst því yfir, að stjórnin muni ekki treysta sjer til að hindra innflutninginn á þeim vörum, sem frv. tekur til, á meðan það bíður afgreiðslu, nema henni komi áður hvöt til þess frá þinginu. En þar sem jeg hygg, að flestum hv. þm. muni koma saman um það, að nauðsyn beri til að stemma stigu fyrir óhóflega miklum innflutningi á óþörfum varningi meðan málið er í höndum þingsins, þá vona jeg að hv. deild sjái sjer fært að gefa hæstv. stjórn þann stuðning og þá hvöt í þessu efni, sem þörf er á, til þess hún sjái sjer fært að hefjast handa í því.

Loks væri það mjög æskilegt, fái málið að ganga lengra, að hv. þm. takmörkuðu mál sitt svo, að 1. umr. gæti orðið lokið á þessum fundi.

Jakob Möller: Jeg þarf ekki miklu að svara í ræðum þeirra háttv. þm. sem nú hafa talað. Aðeins vildi jeg tala nokkuð um deilu þá, sem orðið hefir um þingviljann. Jeg hefi nú verið að lesa umræðurnar á þingi 1921, um frv. það, er jeg flutti þá, um að nema úr gildi heimildarlögin frá 8. mars 1920. Og þar sjest, að það er yfirlýstur vilji 7 manna af 10 í viðskiftamálanefnd, um það, að stjórnin beiti alls ekki á nokkurn hátt lögunum frá 8. mars, þó þau yrðu látin gilda áfram. Það er því fullkomlega sannað, að lögin voru látin vera í gildi aðeins til þess að hjálpa stjórninni yfir örðugasta augnablikið í sínu lífi. Þegar hv. 1. þm. Skagf. (MG) segir, að það hafi verið hans einlæg skoðun, að höftin væru eina bjargráðið, þá hefi jeg ekki efast um það. En því átakanlegra hefir það verið, þegar hann varð að hörfa frá þessu atriði 1921, bara til þess að stjórn hans gæti haldið áfram. Það verður því ekki um það deilt, að um eindreginn og yfirlýstan vilja þingsins 1921 hafi verið að ræða.

Út af ræðu 1. þm. Reykv. (JÞ) vil jeg taka fram, að mjer fanst hún nokkuð óákveðin, þar sem ræða var um þingviljan 1921. Jeg skal vekja athygli á því, að í umræðunum um frv. mitt um að fella úr gildi lögin frá 8. mars, þá segir hann, að þau sjeu svo lítilsverð, að þau geri ekkert gagn, og því greiði hann atkv. með frv. mínu. Þar

með undirstrikar hann það, sem hann segir í nefndarálitinu, hvernig nefndin hefir litið á það, hvernig bæri hjeðan af að framkvæma lögin frá 8. mars, sem sje, að einskorða þau við óþarfan varning, það, sem í daglegu máli sje nefnt svo, en ekki þann varning, sem stjórnin kunni á ýmsum tímum að telja óþarfan, eftir ástæðum. Það má auðvitað lengi um það deila, hvað sje óþarfi eða ónauðsynlegt, er í nauðir rekur. En nefndin undirstrikar hjer, að það eigi ekki við annað en það, sem svo er nefnt í daglegu tali. Nú held jeg, að það sje óþarfi að deila um þingviljann 1921. Hann kemur hjer skýrt fram. Og hann skýrist enn meir við atkvgr. um frv. mitt. Háttv. 1. þm. Skagf. (MG) sagði, að það væri ekki rjett, að atkvgr. hefði ekki farið eftir afstöðu til stjórnarinnar. Í því sambandi vil jeg benda á atkvgr. háttv. 1. þm. Reykv. (JÞ). Hann greiddi atkv. með, og ætlaði að gera það út í gegn, ef til hefði komið. Og mun engum detta í hug, að hann hafi með því viljað fella stjórnina. Og fleiri stuðningsmenn stjórnarinnar greiddu frv. atkvæði. Jeg flutti frv. út af því, sem komið hafði fram í rumræðum um hin almennu innflutningshöft, eða framkvæmdina á þeim, og með atkvgr. er undirstrikaður sá vilji þingsins, sem stjórnin og síðan tók til greina með því að banna eingöngu óþarfan varning.

Háttv. 1. þm. Skagf. (MG) fullyrðir, að síðan hafi ekki komið fram yfirlýstur þingvilji um málið. Það er rjett, og því er furðulegt, að hann skuli vera að víta hæstv. stjórn fyrir það að hafa ekki framfylgt þessum lögum.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að svara þessu frekar. Því hefir litlu verið svarað, sem jeg sagði hjer í gær. Jeg vildi aðeins leiðrjetta misskilning, sem mjer þótti kenna hjá háttv. 1. þm. Reykv. (JÞ). Jeg hefi aldrei haldið því fram, að lántaka gæti ráðið bót á raunverulegum verslunarhalla. (JÞ: Það sagði jeg heldur ekki.) Nei, en það mátti skilja það á orðum háttv. þm. Jeg sagði, að það væri eina leiðin til þess að stöðva gengi íslenskrar kr. gagnvart danskri. Það er engin ástæða til að óttast, að slíkt lán, til þess að greiða áfallnar skuldir, verði til þess að auka skuldir yfirleitt. Það er alls ekki meiningin, að hjer verði um óvæntar greiðslur að ræða, heldur ekki að borga allskonar skuldir, en að ljetta undir þær greiðslur, sem menn geta int af hendi.

Háttv. aðalflm. (HStef) virtist vilja vefengja það, að það væri rjett, sem hjer hefir verið haldið fram, að það sje mismunurinn á kaupgetu þjóðarinnar í heild, sem haft hafi áhrif í þá átt að skapa halla á viðskiftareikningi þjóðarinnar við útlönd. Hann hjelt því fram, að kaupgeta almennings væri tæmd. En hún getur legið við neyð og þó verið meiri en svari kaupgetu heildarinnar gagnvart útlöndum. En um það verður ekki deilt, að ef meira er keypt og eytt af erlendri vöru en framleiðslu landsins svari, þá hlýtur það að vera af því, að kaupgeta einstaklinga sje meiri en kaupgetu heildarinnar svari. En til þess geta legið ýmsar orsakir, eins og háttv. 1. þm. Reykv. (JÞ) tók fram, svo sem hin falska kaupgeta ríkissjóðs, sem mynduð er með tekjuhalla. Aftur finst mjer dálítið vafasamt, hve mikla áherslu beri að leggja á það að borga afborganir

af skuldum ríkisins nú, er atvinnuvegirnir eiga sem erfiðast. Það er líka óálitlegt að kappkosta mjög að greiða skuldir, þegar gengi er lágt og ríkið verður að borga hátt verð fyrir útlendan gjaldeyri. Það verður að fara eftir ástæðum, en mjer finst fullmikið gert úr því, að ástæða sje til þess að borga sem mest af ríkisskuldunum, þegar mest kreppir að.

Að sinni ætla jeg ekki að tala meira um þetta mál alment. Þó verð jeg að segja það, að mjer virðist hæpið að ætla að hefta eða banna innflutning á svo og svo miklu af vörum, sem til landsins flytjast, og um leið að auka tekjur ríkissjóðs, eins og bersýnilegt er að þarf. En til þess verður þá ekki önnur leið en sú, að leggja þann tekjuauka á allra nauðsynlegustu vörur, sem inn verða fluttar. Ef banna á óþarfan varning, verður að margfalda toll á nauðsynjavörum. Önnur leið er ekki fær. Það er ekki fær leið að auka beina skatta, eftir því sem slíku hefir byrjað á þingum undanfarið. En mjer virðist þetta hættuleg braut, að auka dýrtíð á öllum vörum, sem þarf til rekstrar atvinnuveganna og framfærslu almennings.

Dýrtíðin knýr þarfir manna upp og veldur því, að kaupkröfur einstaklinganna hækka og kaupgjald hækkar þá og óumflýjanlega, en við það aukast erfiðleikar atvinnuveganna og gjaldþol þeirra rýrnar.

Það er því háskaleg braut, sem lagt er inn á, ef á að fara að tolla nauðsynjavörur stórlega, því það eru þær, sem alt miðast við. Mjer virðist því liggja miklu beinna við, hvað snertir þær vörur, sem hjer á að banna, að leggja á þær háan toll og afla ríkissjóði tekna á þann hátt, um leið og með því yrði dregið úr innflutningnum.

Magnús Guðmundsson: Jeg get ekki orðið mjög stuttorður, því margir hafa veist að mjer og gefið tilefni til andmæla. Jeg skal þá byrja á háttv. 3. þm. Reykv. (JakM). Hann talaði margt um hina sögulegu hlið þessa máls, einkum meðferð þess á þingi 1921. Hann sagði, að það hefði verið yfirlýstur þingvilji þá, að fella úr gildi öll höft. En jeg vil segja, að það hafi ekki verið þingvilji að láta lögin frá 1920 falla úr gildi. Og jeg held, að tilraun hans (JakM) til þess þá, að fá lögin numin úr gildi, hafi í rauninni verið tilraun til þess að fella stjórnina. Slóttuglega útbúin tilraun, af því hann vissi, að stjórnin hafði gert málið að fráfararatriði, en á hinn bóginn gátu nokkrir fylgismenn stjórnarinnar ekki annað en greitt frv. hans atkv. En þeir skutu þm. (JakM) þar ref fyrir rass með því að svæfa málið í nefnd. Þetta er rjett frá skýrt um gang málsins. Háttv. þm. (JakM) læst vorkenna mjer; en víst er það, að ekki bar á neinni meðaumkun hjá honum á þinginu 1921. Þá var hann á móti flestu eða öllu, sem jeg flutti þar. En jeg fjekk nú samt mestu af því framgengt, eitthvað um 30 frv., að mig minnir. Hvað það snertir, að enginn greinilegur þingvilji hafi komið fram í þessu efni 1921, þá er það náttúrlega rjett, að hann kemur ekki neinstaðar fram í lögum. En á þingi 1922 kom fram frv., sem snerti þetta mál, og þá var þingið greinilega með höftum, hvernig sem var 1921. Jeg vil benda hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) á það, að það var hans synd og hans flokks, að frv. komst ekki fram. Þá fluttu fjórir menn utan Framsóknarflokksins til-

lögur um að nema úr frv. annað en það, sem snerti innflutningshöftin. Það er nóg til að sýna, að þeir voru með höftum. Svo ef Framsóknarflokksmenn hefðu þá staðið saman, þá hefðu þeir verið vissir með að koma frv. í gegnum þessa deild þingsins að minsta kosti. En þeir voru ekki sammála þá, hvað sem nú er.

Þá sagði hæstv. atvrh. (KlJ), að um leið og jeg álasaði núverandi stjórn, þá álasaði jeg þeirri fyrverandi. Jeg hjelt, að hæstv. ráðh. hefði ekki það álit á fyrv. stjórn, að hann gæti sætt sig við að vera tekinn til jafns við hana. (**Atvrh., KlJ:** Jú, einstaka menn úr henni.) Minsta kosti ekki mig. Jeg get þó sagt hæstv. atvrh. (KlJ), að það er mikill munur á framkvæmd fyrv. stjórnar á innflutningshöftunum eða síðan hefir verið. (**Atvrh., KlJ:** Ekki segir skrifstofustjórinn.) Þegar jeg gekk í stjórnina, var þetta mitt aðalmál, þótt það lenti ekki undir þá deild, sem jeg stjórnaði. Einhver spurði, hversvegna nefnd hefði verið skipuð. Það yrði of langt mál að rekja það, en jeg get nefnt þann mann, sem ekki átti hvað minstan þátt í því. Það var Hallgrímur heitinn Kristinsson. (**Trþ:** Framsóknarmaður!) Hann áleit, að ekki yrði hægt að hafa hönd í bagga með innflutningnum, nema með nefnd. Já, sumir voru nefndinni hlyntir, en aðrir ekki. Engin slík nefnd eða maður, sem beitir sjer fyrir því að bera slíkt fram til sigurs, getur vænst þess, að hljóta almannalof. Með úrslitunum á þingi 1921 var það beinlínis lagt á vald stjórnarinnar, hvernig hún notaði lögin frá 1920. Rökstudd dagskrá um málið frá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) var tekin aftur, og önnur rökstudd dagskrá frá háttv. þm. Ísaf. (JAJ) kom ekki til atkvæða. Því verður að líta svo á, að stjórnin hafi haft frjálsar hendur.

Hæstv. atvrh. (KlJ) gerði mikið úr því, að hann hefði ekki álitið rjett að gera frekari framkvæmd í málinu, eftir því, sem komið hafði í ljós í fyrra. En þess ber að gæta, að afstaðan hefir breyst mikið síðan, og sterk hvöt fyrir stjórnina að taka þjettar í taumana, þar sem var hið sífallandi gengi íslensku krónunnar. Þá taldi hæstv. atvrh. (KlJ) upp ýmsar vörutegundir, sem hann hefði bannað, flugelda og slíkt. En jeg held hann hefði mátt banna fleira, t. d. jólatrje, sem svo mikið var flutt inn af, að sjálfsagt nægir til næstu jóla, það sem liggur óselt hjá kaupmönnum. Hvað harmónikurnar snertir, sem hann leyfði kaup á til Sauðárkróks, þá mun jeg ekki spila á þær, þó jeg komi þangað.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. mars, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Ágúst Flygenring: Umræðurnar hjer á undan hafa aðallega snúist um fortíð þessa máls, hvað í því hafi gert verið á fyrri þingum og um alt viðhorf þessara mála þá. En eins og nú er ástatt um hagi landsins, er full ástæða til þess að menn snúi sjer einnig að nútíðinni og að þessu frv. meira en gert hefir verið í umræðunum. Með þessum formála, ætla jeg þá að snúa mjer að frv. því, sem hjer liggur fyrir, og fara um það nokkrum orðum.

Háttv. flm. ætlar sjer að bæta hag þjóðarinnar með þessu frv., og um leið með þeim þjóðarhagsbótum að hafa bætandi áhrif á gengi hinnar íslensku krónu. Jeg get ekki verið á þeirri skoð-

un, að þetta sje rjetta leiðin til þess að rjetta hag ríkissjóðs, og til þess að bæta upp tekjuhalla ríkissjóðs verðum við að velja einhverja aðra leið; með þessu frv. verður það ekki gert. Við verðum þá t. d. að leggja háa tolla á aðrar vörur, sem nauðsynlegri eru taldar en þessar. En jeg efast mjög um það, að skattþegnar verði færari um að greiða háa skatta, þó þetta frv. verði samþ. Jeg hygg, að frv. muni hafa alveg gagnstæð áhrif. En nýir skattar verða alveg óumflýjanlegir, og jeg hygg, að enginn sje sá, sem hugsi sjer, að hjá því verði komist að grípa til þeirra. Jeg álít það vera óviðurkvæmilegt að banna með öllu innflutning á óþörfum eða lítt nauðsynlegum vörum, í stað þess að leggja tolla á þær og láta ríkissjóð taka tekjur af innflutningi þeirra. Ef þetta er ekki gert, verður að leggja gjöldin, tollana, á vörur, sem vjer getum ekki eða lítt án verið, annaðhvort til neyslu eða framleiðslu. En jeg vil draga úr og takmarka neyslu óþarfavarnings með háum tollum, en láta ríkissjóð hafa hag af því, sem inn flyst af þeim. Margar af þeim vörum, sem. frv. vill láta banna oss að nota, eru alls ekki ónauðsynlegar. Vjer höfum vanið oss á að nota þessar vörur og getum því illa án þeirra verið. Þar á meðal er t. d. klæðnaður og skófatnaður. Heimilisiðnaður er nú orðinn nær enginn til hjer, og þó að til sjeu tvær klæðaverksmiðjur, sín í hvorum landshluta, Suður- og Norðurlandi, er langt frá því, að þær geti fullnægt klæðaþörf landsmanna; auk þess geta þær ekki búið til nema örfáar tegundir utanyfirfataefna. Sama gegnir um skófatnaðinn; án erlends skófatnaðar getum vjer ekki verið, þar sem enginn innlendur iðnaður er til, er getur bætt hann upp fyrir oss. Hv. flm. (HStef) segir frv. vera bygt á og borið fram af almennum þjóðarvilja. Jeg fæ hvorki sjeð, hversu almennur sá þjóðarvilji er, nje að hann sje bygður á svo traustum grundvelli sem vera skyldi. Almenningsviljinn er vanur að breytast, og það oft fljótlega. Verði þetta frv. samþ., mun þessi almenni þjóðarvilji breytast fljótt, er hann rekur sig á afleiðingar bannsins, og hann mun reka sig illa á. Almenningsviljinn mun alls ekki vilja una því að fara aftur á bak og lifa upp aftur lífi forfeðra vorra fyrir 100 árum síðan. Það ætla jeg, að enginn maður á landinu vilji; enda hafa lifnaðarhættir þjóðarinnar breyst svo mjög á þessum síðustu 100 árum, að jeg efast um, að hægt verði að færast aftur í skorður þeirra tíma. Og við eflum ekki heimilisiðnaðinn með aðflutningsbanni einu saman; þar verður að koma fleira til. Enn eru margar þær nauðsynjavörur á bannlistanum samkvæmt þessu frv., sem ómögulegt er án að vera, nema menn eigi að fara að lifa eins og Eskimóar. Þó veit jeg ekki nema jeg geti orðið hv. flm. samferða í því að hefta að einhverju leyti eitthvað af þeim vörum, sem eru miður nauðsynlegar, því jeg tel mjög æskilegt, að menn kaupi sem minst af alóþörfum vörum. Hitt læt jeg þó ósagt um, hvort yrði betri leið að banna innflutning þeirra eða hátolla þær. Þó held jeg jafnvel, að hátollarnir mundu reynast skárra úrræði og þjóðin una betur við það. Að rjettu lagi — og það er heilbrigðast — ætti ekki að banna neinar vörur nema þær, sem skaðlegar eru, en ekki allar ónauðsynjavörur. Hljóðfæri eru t. d. ónauðsynleg, þ. e., menn komast af án þeirra, en þó er mjög óviðkunnanlegt að banna þau,

því þau veita manni svo mikinn unað og ánægju. Það væri alllangt spor aftur á bak. Jeg hugsa mjer nú, að hv. flm. ætli sjer ekki að banna margt af þessum vörum nema um stundarsakir, t. d. 2—3 ár, og mætti þá vitanlega komast af án þeirra. Bifreiðar eru t. d. mjög þægileg samgöngubót, einkum til vöruflutninga, og er þar sparnaðarauki að þeim. Eru þær víða álitnar nauðsynlegar, og svo verður nú orðið að álítast hjer. Þær hafa rutt sjer til rúms um allan heim á síðastliðnum 24 árum. Á Norðurlandasýningunni um aldamótin, sem haldin var í Kaupmannahöfn, voru þær að vísu, en þá lítt þektar, en síðan hafa þær dreifst út um öll lönd í miljóna tali. Vjer getum alls ekki talið, að þær sjeu „luxus"-vörur hjer á landi, þótt svo kunni sumstaðar að vera, og varla eru þær taldar vera það í Ameríku, þar sem svo að segja hver bóndi á bifreið. Fæstar vörur geta talist alóþarfar, og líti maður á þær eingöngu, þá nemur það ekki miklu, sem vjer flytjum inn af þeim; máske fáein 100 þús. kr. virði, og munar þjóðarbúskapinn það ekki miklu. Það var í gær talið frv. til gildis í einni þingræðu, að það fækkaði til muna braskaralýð, sem ræðumaður taldi bæði óþarfan og óheiðarlegan, — en svo nefndi ræðum. þá kaupmenn, sem versluðu með þessar vörur. Þetta þykja mjer bæði ósæmileg og ómakleg orð af þingmanni um þessa stjett. Margir þessara manna eru í engu óþarfari eða óheiðarlegri en t. d. þeir, sem versla með kol og salt o. s. frv., og verði þeir dæmdur óþarfur lýður í landi, þá má svo að kveða um alla verslunarstjettina. Þeir menn, sem með þessar vörur hafa verslað, standa að mínum dómi — jeg þekki sjálfur marga þeirra — engum öðrum borgurum landsins að baki í mannkostum og heiðarleik. Fjöldi manna hefir nú þessa atvinnu að lífsstarfi, og ef nú lögin banna þetta, sem allstaðar er leyft annarsstaðar, finst mjer það vera mjög óeðlilegt og allnærri gengið persónufrelsi manna, ef þessir menn skulu sviftir atvinnu og þeim sama sem kastað út á götuna. Jeg held vissulega, að ef nú á að raska mjög grundvelli frjálsrar verslunar og kreppa mjög að persónufrelsi manna, og þar með svifta fjölda manna atvinnu, verði það aldrei til þess að bæta eða efla velgengni í landinu. Til þess verða menn að finna aðrar leiðir, og jeg efast ekki um það, að hv. flm. muni sjá þetta eins vel og jeg, er hann athugar það nánar.

Hv. flm. taldi þetta vera hið fyrsta spor í áttina til þess að gera nauðsynlegar breytingar til bóta á fjárhagsástæðum landsins. Næsta sporið yrði þá líklega einkasala á afurðum landsmanna, og að gjaldeyrisverslunin yrði lögð í hendur ríkisstjórnarinnar. Þetta liggur hjer að vísu ekki fyrir til umr., en jeg hefi þó eitthvert hugboð um, að þetta muni vera í undirbúningi hjá einhverjum þingmönnum. Get jeg ekki annað sagt um þetta, en að mjer finnist þessar fyrirætlanir vera hreinræktaður „bolsjevismus", en um þetta verður máske síðar tækifæri að ræða hjer á þinginu. Það er annars mikil umhyggja, sem af sumum hv. þm. er látin í veðri vaka um velferð lýðsins. Það á að sjá um með lagahöftum, að landslýðurinn geri ekki ýmislegt, sem hann kunni að gera sjálfum sjer í óhag. En um leið eru sífelt lögð bönd á persónufrelsi manna, og allt á að framkvæmast með höftum og banni. Það er verið að fara með almenning eins og börn, sem bannað er

að fara með skaðlega hluti. Allt óhóf á að lækna með banni. Þetta er alls ekki sæmilegt fyrir þjóð, sem telur sig vera menningarþjóð, og síst sæmilegt mönnum fram að bera, er telja sig vera meðal forystumanna á Alþingi. Það væri óskandi, að þetta frv. gæti orðið að notum að einhverju leyti, til þess að draga úr neyslu óþarfa varnings, eins og hv. flm. ætlast til, eftir að því hefir verið breytt. En jeg vil um leið óska, að það mætti takast að fá því þá breytt eitthvað á þann veg, að það gæti orðið ríkissjóði tekjulind um leið. Annars vinnur það þjóðinni aðeins ógagn.

Jón Baldvinsson: Það er alls ekkert óeðlilegt í því, að mönnum verði það á að renna augunum aftur í tímann og athugi, hvað áður hafi gerst í þessu máli. Það er eðlilegt, að menn leiti þar eftir reynslu fyrri ára; því innflutningsbönn höfum vjer áður haft, og af reynslunni má margt læra. Menn hafa drepið á afstöðu Alþingis til þessa máls á fyrri þingum, og það orðið að deiluefni. En jeg hygg, að enginn vafi geti leikið á um vilja Alþingis í þessu máli 1921. Það mál er svo skýrt í hugum margra þm. enn, og það verða að teljast útúrsnúningar, ef menn vilja fá annað út en það, að þingið vildi fella niður öll þau höft á innflutningi, er þá voru, ásamt skömmtun á nauðsynjavörum. Mjer þykir undarlegt, hvernig hv. 1. þm. Skagf. (MG) læst vilja misskilja þennan þingvilja. Því jeg veit ekki betur en sú stjórn, sem hann átti sæti í, beitti sjer fyrir þessum þingvilja og framfylgdi honum á þrennan hátt: 1) stjórn hans tók af skömmtunina, 2) lagði niður viðskiftanefndina, og 3) dró úr framkvæmd innflutningshaftanna með reglugerð, sem hún gaf út. Hún hefir því í verkum sínum sýnt, að hún fylgdi þingviljanum frá 1921. Þegar hann (MG) er að tala um, að það hefði mátt spara margar milj. kr. með framkvæmd innflutningshaftalaganna frá 8. mars 1920, er það sagt út í hött, vegna þess, að það er alveg víst, og það veit hann vel sjálfur, að þingið ætlaðist ekki til, að bannaður yrði innflutningur eftir þeim lögum.

Þá var það annað atriði, sem hv. þm. (MG) mintist á út af orðaskiftum hans við hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að við hefðum ekki getað ráðið verði íslenskra afurða á erlendum markaði. Þetta hefir oft verið sagt áður, en mjer finst nú sannt, að við gætum þar hafa haft hönd í bagga, og ráðið að minsta kosti nokkru um verðið á afurðum okkar á erlendum markaði, þótt vjer eigi getum ráðið þar öllu. Að þessu er og vikið í brjefi frá Landsbankanum, sem kafli var lesinn úr hjer í deildinni. Þar er svo litið á þetta mál, að eigi sje það skipulag á afurðasölunni, sem vera bæri.

En það, sem aðallega kom mjer til þess að taka til máls í þetta sinn, voru nokkur ummæli hv. 1. þm. Reykv. (JÞ). Það var að vísu ekki neitt nýtt, sem þar kom fram, því hefir oft verið haldið fram áður, en jeg tel rjett að mótmæla því, í hvert skifti, sem það er sagt, vegna þess, að jeg tel það þjóðinni skaðlegt, en það var að mæla bót lággenginu. Fyrst talaði hv. þm. (JÞ) um kaupþörfina á ýmsum erlendum vörum, og fer jeg ekki út í það, þótt hann nefndi til ýmsar vörur, svo sem byggingarefni o. s. frv. En síðan talaði hann um kaupgetu manna árið 1919, hversu mikil hún hafi þá verið, og að þá hefðu menn keypt fyrir gullkrónur, og frá þessum tíma stafaði öll sú kreppa, sem síðan hefði orð-

ið. Taldi hann, að nú þyrfti að uppræta leifar af þeirri fölsku kaupgetu landsmanna. Þegar þetta er skoðað í sambandi þið það, sem þessi hv. þm. hefir áður haldið fram, verður að álíta, að hann haldi, að íslenska krónan standi nú í hærra verði en sannvirði hennar sje. Hann virðist því álíta, að enn þurfi að fella krónuna í verði og enn lækka kaup og náttúrlega minka kaupgetu. Hv. þm. (JÞ) hefir áður, oft mjög, talið lággenginu margt til gildis. Það væri svo hentugt til þess að lækka kaupgjald og kostaði ekki svo mikil umsvif, eins og í algengum kaupdeilum. Gengislækkun komi yfir án þess almenningur viti af, eða átti sig á því fyrst í stað. En þeir, sem flytja út vörur, hafi hagnaðinn, en þó því aðeins, að kaup manna hækki ekki sem gengislækkuninni svarar. — Jeg grip tækifærið til að mótmæla þessari kenningu um ágæti lággengisins, og það ekki síður fyrir þá sök, að þessi hv. þm. (JÞ) kann að geta, eftir því sem nú lítur úr fyrir, haft allmikil áhrif á það, hvernig fer um gengi peninga vorra. Ef stjórnarvöldin eru sammála um ágæti lággengisins, er það afarauðvelt þeim að fella það. Hitt er erfiðara, að stöðva það eða festa. En það er nú skoðun flestra, að það eigi að vera takmark vort í fjármálunum að stöðva fyrst gengið og síðan að leitast við að smáhækka það. Frv. það, sem hjer ræðir um er fram komið vegna þess, að hv. flm. þess (HStef), vildi reyna þá leiðina, til þess að stöðva verðfall íslensku krónunnar. Jeg skal fúslega viðurkenna það, að tilgangur hv. flm. er góður, sá, að reyna að halda uppi verðgildi ísl. krónunnar, en spurningin verður þá um það, hvort þessi sje leiðin, sem til bóta liggi í þessu máli.

Það hafa komið fram tvær leiðir. Önnur leiðin er sú, að hækka tollinn á ýmsum vörum. Hin er algert aðflutningsbann. Er hvorug leiðin góð, að mínu áliti, og mundu sjálfsagt nokkuð auka dýrtíðina í landinu.

Jeg vil nú benda á þriðju leiðina, sem nær báðum þessum takmörkum, að hefta innflutning og takmarka verðhækkunina. Sú leið er, að ríkið taki meginhluta verslunarinnar í sínar hendur. Að vísu veit jeg það, að margir eru hjer innan veggja, sem vilja draga úr starfsemi landsverslunarinnar á allan hátt. Og illu heilli hefir það tekist að draga saman starfsemi verslunar ríkisins. Nú tel jeg það heppilegast að auka hana svo, að hún yrði eins yfirgripsmikil og á stríðsárunum. Myndu landsmenn með því móti fá talsvert ódýrari vörur en ella, og ríkissjóður jafnframt geta verið vel haldinn af. Þetta álít jeg það besta ráð, sem við eigum nú völ á. Að hækka tollana er neyðarúrræði, og myndi það reynast ennþá skaðlegra um innflutningshöft, því það myndi verða til þess að auka dýrtíðina í landinu enn meira en höftin.

Jeg verð því frekar að hallast gegn þessu frv. Þó skal jeg ekki vera móti því, að það fái að ganga til nefndar. Verði það látið fara lengra, þá kemur náttúrlega ekki til mála að ýmsar af þeim vörutegundum, sem þar eru tilgreindar, verði bannaðar, skal jeg t. d. nefna klæðnað og skófatnað, sem landsmenn geta ómögulega án verið. Jeg skil vel þá kröfu hv. flm. til stjórnarinnar, að óska þess, að hún setji höft til bráðabirgða gegn innflutningi, svo ekki verði alt fylt af vörum meðan stendur á afgreiðslu og umræðum málsins. En skyldu ekki stærri og efnaðaðri kaup-

mennirnir þegar vera búnir að búa sig undir þetta, og búnir að ná inn vörum, sem þeir svo auðvitað, í skjóli hafta, gætu selt með háu verði.

Annars verð jeg að segja það, að eftir þá reynslu, sem við fengum af framkvæmd innflutningshaftanna 1921, þá get jeg ekki haft neina trú á slíkum ráðstöfunum. Og enn verri trú hefi jeg á þeim, ef sú stjórn, sem er falið að framfylgja þeim, er þeim andvíg, eins og mundi verða, ef einlit kaupmannastjórn tæki nú við völdum.

Þorleifur Jónsson: Að undanförnu hafa umræðurnar um þetta mál að miklu leyti snúist um það, hvað gert hefir verið í málinu áður og hver afstaða þm. hafi þá verið til þess. Jeg vil aðallega snúa mjer að því, hvað nú sje ráðlegast að gera, enda tel jeg það varða alla mestu.

Jeg veit með vissu, að það hafa sjaldan komið fram svo einróma raddir um það hjá þjóðinni, að stemma beri stigu fyrir innflutningi óþarfavöru, eins og nú. Þær raddir koma fram í svo að segja hverri einustu þingmálafundargerð, sem þinginu hefir borist, og allsstaðar ríkir þessi skoðun, að krónan muni hækka, ef hagfeldur verslunarjöfnuður náist. Menn finna, hve þungbært það er, þegar krónan fellur stöðugt, og ekki gott að segja, hvar staðar muni nema, ef ekki er að gert.

Það hefir verið deilt á hæstv. stjórn fyrir það, að hún hafi ekki notað heimildarlögin frá 1920 eins og skyldi. En jeg skal játa það, að þar er henni nokkur vorkunn. Því eftir því sem hugir manna voru á þinginu 1921, þá var varla von, að stjórnin yrði stórstíg í þeim efnum. Þá komu fram háværar raddir um það, sjerstaklega frá kaupmönnum hingað og þangað af landinu, að ljetta af innflutningshöftunum, og varð þingið að nokkru leyti við þeirri ósk með því að afnema innflutningsnefndina. Þá var því haldið fram mjög kröftuglega, að það stafaði bara bölvun frá höftunum, og að alt mundi lagast af sjálfu sjer, er þau yrðu afnumin. Lít jeg svo á, að það hafi í raun og veru verið gott, að stjórnin hafi svo lítið gert í því efni, því fyrir bragðið hafa menn nú fengið þá reynslu, að ekki hefir ástandið neitt batnað, þótt viðskiftin yrðu frjáls. Ástandið hefir þvert á móti versnað, krónan lækkað og skuldir farið vaxandi. Og hver vill nú ábyrgjast, að gjaldmiðill okkar falli ekki niður úr öllu valdi, ef ekkert er gert? Jeg hefi heyrt hjer í ræðum einstakra hv. þm., að þeir hafa ekki trú á innflutningshöftum og telja þeir, að krónan muni ekki hækka fyrir það. Jeg skal játa, að lággengi hennar mun stafa af fleiru en einni orsök. En hinu verð jeg þó að halda fram, að ekki mun til lengdar falla gjaldmiðill þess lands, sem ekkert skuldar erlendis frá ári til árs. Það, sem hjer er nú um að gera, er þetta, að spara. Hitt getur verið álitamál, hvar ætti helst að spara. Það er nú svo um þorra manna út um sveitir landsins, að þeir verða að spara, og hafa líka allan vilja á því, og jafnvel hafa sumstaðar verið gerð samtök um það. En það, sem hamlar, er þetta, að samtökin eru ekki almenn. Til þess að ná almennum, samtaka sparnaði, verður þingið að taka málið í sínar hendur, og það er þetta, sem frv. fer einmitt fram á. Ef þetta frv. yrði að lögum, og við það sparaðist 8 miljónir króna, þá er öllum það auðsætt, að talsvert mundi um það muna.

Einstöku þm. hafa andmælt þessu frv. Mest hefir hv. 3. þm. Reykv. (JakM) haft á móti því. Kveður hann það myndi auka mjög dýrtíðina í landinu. Það getur verið, að vörur, sem lítið er af, kynnu að hækka í verði. En þá er ekki annað en setja á þær hámarksverð. Þessi hv. þm. benti á þá leið, sem jeg tel verst gegna, að taka lán til að bæta gengið. Jeg hjelt annars, að menn væru nú loksins komnir að þeirri niðurstöðu, að við værum búnir að taka nóg lán. Það hefir best sýnt sig hjá Dönum, hve óholl þessi aðferð er. Lán það, sem þeir tóku hjá Englendingum, virðist hafa haft mjög öfug áhrif á gengið við það, sem búist var við. Að minsta kosti hefir króna þeirra lækkað stórum síðan. — Nei, til þess að komast úr þessari kreppu, verðum við að spara, allir að spara. Jeg veit, að vísu, að aukin framleiðsla hefir mikið að segja, en framleiðslan getur ekki aukist í einum rykk, og því verður að grípa til sparnaðarins, í bili að minsta kosti.

Hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) andmælti líka þeirri leið, sem hjer er farin. Hann vildi fremur fara þá leið að setja háa tolla á þessar vörur. Um þetta má náttúrlega lengi deila, en jeg óttast, að með því lagi verði auðveldara að smeygja sjer hjá lögunum og tollsvíkja þessar vörur. Hann kvað, að ekki yrði af komist án sumra þeirra vara, sem í frv. væri, svo sem fataefna og skófatnaðar. Það er rjett, að það verður að sjá um það, að ekki verði skortur á klæðnaði, en jeg hygg, að talsvert sje til í landinu af þessum vörum, og svo geta landsmenn sjálfir framleitt meira af þeim en nú er gert.

Hv. þm. (ÁF) gerði mikið úr því, hve óviðfeldin þessi leið væri. Hann kvað það sama sem að fara um 100 ár aftur í tímann. Jeg held, að við myndum trauðla færast svo mörg ár aftur í tímann, þótt nokkur skortur yrði á þessum vörum um tveggja til þriggja ára bil.

Hjer er nú á ferðinni það mál, sem jeg verð að telja merkilegast þeirra mála, sem fram hafa komið á þessu þingi. Vona jeg, að hv. þm. sjái, að nauðsynlegt er að aðhafast eitthvað verulegt í þessu efni, En það þarf að vinda bráðan bug að því. En þar sem ekki verður hjá því komist, að nokkur tími fari í það að ræða það, þá tel jeg æskilegt, að hæstv. stjórn gefi út bráðabirgðareglugerð, sem banni að flytja inn þær vörur, sem taldar eru upp í frv. En til þess verður hæstv. stjórn auðvitað að hafa ljósan þingvilja að baki sjer.

Pjetur Ottesen: Jeg get tekið undir það með hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) að það, sem mestu máli skiftir nú, er að búa svo í haginn, að innflutningshöftin komi að sem mestu liði fyrir þjóðina, og er það þá vitanlega sú hliðin, sem að framkvæmd þeirra snýr, sem gerst þarf að athuga, því eftir því, hvernig um þá hnúta er búið, fer um árangurinn. Það er þetta, sem framundan er, sem mestu máli skiftir eins og nú er komið. Það er tómt mál að tala um það nú, þó hæstv. stjórn hafi illa gætt hagsmuna þjóðarinnar nú á undanförnum 2 árum, með því að láta nær með öllu undir höfuð leggjast að nota heimild þá, sem til er, til þess að takmarka og banna innflutning á óþarfavarningi. Hefir saga haftamálsins á undanförnum þingum verið dregin allmjög inn í umr. nú, og það svo einhliða, að eigi verður hjá því komist að skýra nokkuð, hver hinn

eiginlegi og ráðandi þingvilji var í haftamálinu. Þessar miklu umr. munu hafa mest sprottið af því, að sumir háttv. þm. hafa, og það enganveginn ófyrirsynju eða ástæðulaust, ámælt hæstv. stjórn fyrir það að hafa ekki notað betur heimild þá til innflutningshafta, sem til er, en raun ber vitni um. En hæstv atvrh. (KlJ) og stuðningsmenn hans hafa verið að afsaka stjórnina með því að túlka vilja undanfarandi þinga í haftamálinu, þannig, að hann hafi verið andvígur öllum höftum, og því hafi stjórninni verið vorkunn. Hvað sem þessu leið, er þetta vitanlega engin afsökun fyrir stjórnina, hafi hún á annað borð verið sannfærð um gagnsemi innflutningshafta, en jeg ætla nú að sýna fram á, að þessu var alls ekki svona varið.

Vilji undanfarinna þinga hefir mjög verið túlkaður hjer, mjög einhliða, að því er mjer virðist. Það hafa eingöngu verið dregnar fram skoðanir þeirra manna, sem þá voru á móti hömlunum. Aftur á móti hefir verið mjög, og nær með öllu, gengið fram hjá yfirlýstum vilja hinna, sem voru með höftunum. Því ber alls ekki að neita, að á þinginu 1921, er mest var um þetta mál rætt, voru mjög skiftar skoðanir um málið, en þó klofnaði nefndin ekki, sem hafði það til meðferðar, þó þessara mismunandi skoðana gætti þar allmikið. Nefndin var sem sje öll sammála um það, að heimildarlögin frá 8. mars 1920 væri látin standa, og ber það skýrastan vottin um, hver hinn ráðandi þingvilji var í þessu máli, því hefðu þeir menn, sem engar innflutningshömlur vildu hafa, verið í meirihluta, hefðu þau lög að sjálfsögðu verið feld úr gildi.

Jeg vil nú, út af orðum þeirra hv. þm., sem hafa haldið því fram, að frjáls innflutningur hafi þá verið eindreginn vilji þingsins, jeg vil nú út af orðum þeirra drepa með nokkrum orðum á skoðun hinna, sem jeg tel hafa verið fulltrúa hins ráðandi vilja. Jeg átti þá sæti í þessari nefnd, og einnig þáverandi þm. Ak. (Magnús Kristjánsson), og vil jeg nú lítið eitt drepa á afstöðu okkar í málinu:

Um það, hvernig nota bæri heimildarlögin, komst jeg meðal annars svo að orði:

„Það er altaf teygjanlegt orð, óþarfavara. Það fer eftir ástandinu í hvert skifti, en jeg lít svo á, að heldur eigi að ganga lengra en skemra í því efni.“ — Það er, að takmarka innflutninginn. Það var ýmislegt fleira, sem jeg sagði þá í þá átt, að það bæri að miða það, hve langt væri gengið í banninu, við ástandið á hverjum tíma, og hafði jeg þá samið alllangan lista yfir ýmsar vörutegundir, sem jeg vildi láta banna innflutning á, og sem var lagður til grundvallar, er samin var reglugerð um bann gegn óþarfa varningi, sem kom út þá nokkru síðar.

Á sama þingfundi kemst Magnús Kristjánsson svo að orði:

„Jeg mun því halda fast við þá stefnu, að bannaður sje allur innflutningur á óþarfavarningi, og skírskota til ræðu hv. þm. Borgf. (PO), sem er gagnlaust að hafa hjer upp aftur, en jeg get að mestu leyti fallist á.“

Á þessu geta menn sjeð, að það var skýlaus vilji okkar að nota þessi heimildarlög, og þá kom sá rjetti vilji þingsins fram, því eins og jeg hefi áður tekið fram, voru heimildarlögin látin standa óhögguð.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald), kom fram með þessa sömu fullyrðingu, að þing-

viljinn 1921 hefði verið mótsnúinn höftum og stjórnin hefði látið að honum. Þetta er hvorttveggja alveg rangt. Því eins og jeg drap á rjett áðan, gaf þáverandi stjórn þegar út reglugerð um takmörkun og bann á innflutningi óþarfavöru, og var sú reglugerð í gildi og henni framfylgt — þó undanþágur væru nokkrar veittar — alla þá tíð, er sú stjórn sat að völdum. Þó innflutningsnefndin væri afnumin, var það ekkert undanhald í málinu, en hinsvegar var heldur slakt á klónni með undanþágugjafir, og má svo ekki vera eftirleiðis — þó hinsvegar sje náttúrlega nokkurt aðhald frá þeirri hlið að ganga þó ekki svo langt, þó æskilegt væri að öðru leyti, að ríkissjóður, svo sárþurfandi sem hann nú er, sje ekki sviftur svo miklum tekjum, að honum sje stefnt í voða.

Vænti jeg nú þess, að það sjáist af aðgerðum stjórnarinnar, sem jeg hefi drepið á, hver hinn eiginlegi og ráðandi þingvilji 1921 hafi verið. Hvað viðvíkur meðferð málsins á þinginu 1922, þá var aftur meirihlutinn með því, út af fyrir sig, að rjetta það, sem áfátt væri við innflutningshöftin og framkvæmd þeirra, þó það mál væri þá af flm. þess dregið til baka af ósamkomulagi um önnur atriði, og verð jeg að vona, að nú sje einnig nægur stuðningur til þess að knýja fram takmörkun og bann á innflutningi óþarfs varnings. Og eins og áður er drepið á, er full heimild til þess í lögum, þar sem heimildarlögin eru. Jeg verð því að segja — þó ekki þýði að tala um liðna tímann — að þessvegna hefði mátt beita heimildarlögunum betur 2 síðastliðin ár en hæstv. atvrh. (KIJ) viðurkendi, að gert hefði verið, svo komið hefði meir að gagni landi og þjóð. En þar sem það hefir verið vanrækt, þá er því meiri ástæða nú til þess að taka vel í taumana.

Jeg ætla mjer ekki að fara út í sjerstakar greinar eða ákvæði þessa máls nú; þau koma sjerstaklega til athugunar, þegar málið hefir verið að fullu undirbúið og endanleg ákvörðun um það tekin, á hvaða grundvelli höftin skuli bygð. Verður þá vandlega að gæta þess, að búa svo um hnútana, að málið sje framkvæmanlegt. Eins og frv. þetta er úr garði gert, verður ekki hægt að framkvæma innflutningshöft. Og vil jeg sjerstaklega beina því til hv. nefndar, sem málið fær til meðferðar, að hún geri innflutningshöftin svo úr garði, að sem minstar undanþágur þurfi að veita. Væri betra að taka hreinlega út úr þá vöruflokka, sem ekki er algerlega hægt að banna innflutning á, og setja háa tolla á þá. Reynslan hefir sýnt, að undanþágurnar eru miður heppilegar, og jeg er hræddur um, að höftin kæmu að litlu gagni, ef enn væri inn á þá braut gengið.

Jeg ætla ekki að bera fram neinar ákveðnar tillögur þess efnis nú, enda gefst tækifæri til þess að koma því að síðar.

Jeg mun fyrir mitt leyti fylgja því nú sem fyr fast fram, að takmarka beri aðflutning til landsins, eins og sakir standa nú. Ber brýn nauðsyn til að losa fje það, sem bundið hefir verið og menn binda enn í ýmiskonar innfluttum óþarfavarningi, og eins gæti það verið nauðsynlegur og góður skóli fyrir eyðslugirnd þjóðarinnar, að gerðar væru ráðstafanir til þess að hindra hana í að nota allskonar óþarfa, sem henni er til mikils skaða og miðar að því að stofna í voða fjárhag og efnalegu sjálfstæði landsins.

Jeg vil að lyktum taka undir tilmæli hv. flm. (HStef), að stjórnin gefi þegar út reglugerð um bann gegn innflutningi óþarfavarnings, þar sem umræðurnar hafa þegar orðið og munu verða alllangdregnar um svo vandasamt mál, og nokkurn tíma tekur það sjálfsagt, þangað til það verður til lykta leitt, í hvaða formi innflutningshöftin verða. Er jeg hræddur um, að sá tími yrði notaður til að flytja óskaplega mikið inn af þeim vörutegundum, sem bann eða hömlur yrðu settar á, og vænti því, að hæstv. stjórn verði við tilmælum um þetta. Skiftir það engu máli, þó að slík bráðabirgðareglugerð, sem gilda á í svo stuttan tíma, yrði ekki í einhverju atriði í samræmi við endanlegar lyktir þessa máls, t. d. eitthvað bannað, sem svo yrði ekki treyst til að banna í þeim fyrirmælum, er gilda eiga til frambúðar.

Pjetur Þórðarson: Jeg mun ekki þreyta menn með langri ræðu. Jeg hefi verið að reyna og mun enn reyna að telja mjer trú um, að þessar miklu umræður um málið, sem nú hafa staðið yfir í 3 daga, og sem að mestu leyti hafa snúist um skoðanir manna í þessu efni á undanförnum árum, verði að einhverju leyti til góðs fyrir málið, þó jeg hinsvegar sjái ekki enn, hvernig svo má verða. En ein afleiðing má þó segja að orðið hafi af umræðunum fyr og síðar, sú, að allir spádómarnir um, og öll rökin, sem færð hafa verið á móti málinu, af þeim ástæðum, að svona frv. væri óþarft, því ástandið lagaðist af sjálfu sjer, það hefir reynst rangt. Ástandið hefir ekki undanfarið, og getur ekki enn, lagast af sjálfu sjer. En aftur á móti má segja, að þeir, sem mælt hafa með málinu og sagt, að ástandið færi versnandi, ef ekki yrði gripið til innflutningshafta eða banns, hafi fengið stuðning máli sínu hjá reynslunni sjálfri, því ástandið hefir altaf farið versnandi. Þessi reynsla, hverjar afleiðingar hafa orðið af því, að ekki var framfylgt því, sem jeg og sumir aðrir vildu að reynt væri með aðflutningshöftum, hefir meðal annars orðið til þess, að jeg hefi lánað því stuðning minn, að málið væri tekið enn á ný til athugunar.

Undir þessum síðustu umræðum hefir ekkert nýtt komið fram móti málinu, heldur aðeins það, sem áður hefir verið borið fram gegn því, enda þótt reynslan hafi sýnt og sannað, að þær ástæður hafi látið sje til skammar verða að undanförnu.

Til þess að þurfa ekki að endurtaka neitt af því, sem sagt hefir verið um málið, eins og það horfir nú við, vil jeg taka það fram, að hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) hefir getið um flest það, sem jeg vildi sagt hafa. Fáum atriðum vil jeg við það bæta.

Hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) hjelt því fram, og eins hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að vörukaup frá útlöndum myndu ekki takmarkast neitt, þó innflutningsbanni væri á komið, að þau sköpuðust aðeins af kaupgetu manna. Má vel vera, að svo sje, en mikill munur er á því, jafnvel þó jafnmikið sje keypt, hvort keypt er svo og svo mikið af óþarfa og miður nauðsynlegum vörum, eða tómur nauðsynjavarningur. Það er svo mikill munur, að mjer virðist, að sú ástæða væri nóg til að banna innflutning á óþarfa. Auk þess mælir þessi mótbára sjálf á móti sjer í eðli sínu. Því varla munu verslanir kaupa eða flytja inn mikið meira af nauðsynjavarningi en brúka

þarf og þær geta selt jafnótt og inn er flutt; og mjer vitanlega hefir enginn skortur verið á nauðsynjavörum undanfarið, svo innflutningur þeirra ætti nú að aukast við það, að óþarfinn væri bannaður. Fellur því ástæða þessi um sjálfa sig.

Það var víst 1. þm. G.-K. (ÁF), sem hjelt því fram, að banna bæri aðeins innflutning á alóþörfum vörum, en andvirði þeirra væri svo lítið, aðeins örfá hundruð þús., að ekki tæki því að vera að leggja bann á innflutning þeirra. En þetta, hvað óþarft sje, fer mikið eftir því sem hver lítur á málið. Nefnd sú, sem væntanlega fær málið til athugunar, hefir nú fengið mikið af ýmiskonar hugvekjum sjer til leiðbeiningar. Ætla jeg ekki að fara að leggja henni frekari lífsreglur, en aðeins leggja áherslu á, og vona, að hún sjái sjer fært, að fella ekki mikið niður af þeim takmörkunum innflutnings, sem frv. fer fram á, bæði hvað snertir óþarfar vörur og eins þær, sem framleiða má í landinu sjálfu. Öllum ber saman um, að ekki er nú of mikil atvinna í landinu, en ef höft þessi næðu fram að ganga, gætu sjálfsagt einhverjir þeir verslunarmenn, sem atvinnu kynnu að missa, og aðrir sem atvinnulausir eru, fengið vinnu við að framleiða þær vörutegundir, sem nú eru aðfluttar að meira eða minna leyti. Hv. sami þm. (ÁF) var mikið að tala um, að höftin væru skerðing á persónufrelsi manna, og verður ekki þar um sagt annað en það, sem áður hefir þegar sagt verið, að öll löggjöf, sem að einhverju leyti setur þjóðfjelaginu skorður, er haft á persónufrelsi einstaklinganna.

Sami hv. þm. (ÁF) mintist á, að vel gæti verið, að menn kæmust af án einhverra varanna, sem frv. fer fram á að hefta, í 2—3 ár. En það er ekkert annað, sem ætlað er með frv., en að takmarka þennan innflutning í skemri eða lengri tíma; fyrir hinu er alls ekki gert ráð, að hætt sje að flytja inn vörurnar um aldur og æfi, og ber frv. það sjálft með sjer.

Jeg vil aftur minnast á það, að ástandið lagast ekki af sjálfu sjer. Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) lagði áherslu á það, að undirrót þessarar ráðstafanar og annara, sem samhliða eru og á eftir kunna að koma, væri gengisfallið. Hann hjelt því fram, að það væri mest áríðandi að hafa sterka trú á því, að það lagaðist af sjálfu sjer. Það færi betur, að svo væri, og að allir gætu tekið þessa trú, en án þess að líkur sjeu færðar fyrir því, að hún komi að gagni, held jeg, að margir öðlist hana ekki. Jeg er hræddur um, að til þess að menn taki hana, þurfi að færa sterkari líkur en þær, að sjálfsagt sje að lofa öllum einstaklingum að þjóna lund sinni í verslun og viðskiftum, þá fari alt vel, þó þeir aðeins notfæri það sjálfstæði til þess að kaupa með hinni raunverulegu og fölsku kaupgetu sinni jafnt óþarfa sem þarfa, þangað til í öngþveiti er komið. Reynsla annara þjóða hefir sýnt, hve hættulegt það er; má t. d. benda á Þýskaland og Austurríki.

Við, sem borið höfum fram málið, eða að minsta kosti jeg fyrir mitt leyti, höfum nú að nokkru leyti náð tilganginum með því að vekja umræður þessar. Jeg býst við, að nú sjeu öll sterk rök móti málinu fram komin, þó hin, sem styðja það, sjeu ekki tæmd. Og tilganginum er að sumu leyti náð. Því ekki veldur sá er varir, þó ver fari, og höfum við þannig gert skyldu okkar, þó hv. þd. beri ef til vill ekki gæfu til að

ráða bót á því, sem mest er áríðandi af því, sem við höfum til meðferðar hjer á þingi, en það er gengisfallið.

Hv. nefnd, sem nú tekur við málinu, ræður því, hvað hún tekur til greina af þeim athugasemdum, sem fram hafa komið í umræðunum. En jeg vænti þess, að hún, við nána athugun, komist að þeirri niðurstöðu, að ekki megi mikið fella niður af því, sem frv. fer fram á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 1 atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 49. og 50. fundi í Nd., dagana 12. og 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., þriðjudaginn 15. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 88, 212, n. 310 og 340).

Frsm. meirihl. (Jón Auðunn Jónsson): Það mun óhætt að fullyrða, að gengismálið sje það mál, sem nú á tímum veldur öllum hugsandi mönnum áhyggjum.

Menn greinir, eins og kunnugt er, mjög á um það, hverjar sjeu orsakir lággengisins. Í flestum löndum hafa sjerfræðingar á fjármálasviðinu og lærðir hagfræðingar um árabil leitast við að leysa gátu þess og finna meðulin við því, og miklu fje og miklum starfskröftum hefir verið varið til þessara rannsókna, en niðurstöðurnar orðið næsta misjafnar. Það, sem þó má telja að hafi unnist á við allar þessar athuganir, er það, að menn hafa sannfærst um, að orsakir lággengisins sjeu margar og mismunandi í hinum ýmsu löndum, og að þar af leiðandi sje ekkert eitt ráð einhlítt við þessu meini.

Það er þó talið nokkurnveginn sannað, að í flestum löndum sjeu þrjár höfuðorsakir lággengisins, og sem ráða þurfi bót á, ýmist hverri út af fyrir sig eða í sambandi hverja við aðra:

1. Ógætileg seðlaútgáfa. Að ofmikil seðlaútgáfa, einkum lítt gulltrygðra seðla, leiði til lággengis, mun nú alstaðar viðurkent, og í flestum löndum hafa einhver ráð verið fundin til þess að koma í veg fyrir ótakmarkaða seðlaútgáfu.

2. Halli á ríkisbúskapnum og þar með aukning á skuldum bæjar- og sveitarfjelaga.

3. Óhagstæður greiðslujöfnuður við útlönd eða að útfluttar vörur og verðmæti nægi ekki til borgunar á innfluttum vörum ásamt afborgunum og vöxtum af erlendum skuldum.

Tvær fyrstu orsakirnar, sem jeg hefi bent á, þurfa að leysast í sambandi hvor við aðra. Skal þetta skýrt í fám orðum. Til þess að seðlaútgáfan geti færst niður, verður að viðhafa nauðsynlegan sparnað í ríkisbúskapnum yfirleitt, fyrst að því er ríkissjóðinn snertir og einnig að því er við kemur bæjar- og sveitarsjóðum, og ástæðan er sú, að ef ríkisbúskapurinn er rekinn í stærri stíl og með meira fje en nauðsynlegt er í þrengstu merkingu, þá hlýtur hann annaðhvort að taka rekstrarfje frá atvinnuvegum landsmanna eða að leiða til meiri seðlaútgáfu en nauðsynlegt og holt er.

Á árunum 1918—21 er sannanlegt, að leyfð hafi verið of mikil seðlaútgáfa, af því að ríkissjóður var ávalt í fjárþröng

og stjórnin þessvegna samþykt seðlaaukningu, til þess að fá lán hjá bönkunum. Nú síðustu tvö árin hefir ríkissjóður tekið 3½ miljón króna lán, og bæjarfjelögin líklega um 1½ milj. kr. lán í bönkunum hjer, mest í Landsbankanum. Þessar stóru lántökur hins opinbera hafa dregið svo úr getu bankanna til að veita lán til atvinnuveganna, að mjög víða hafa stöðvast nauðsynlegar framkvæmdir á því sviði. Af þessum dæmum vona jeg, að hv. þdm. verði ljósar þær afleiðingar, sem ógætileg stjórn á fje ríkissjóðs og bæjarfjelaganna hafi beint á gengi íslensku krónunnar, auk þeirra óbeinu afleiðinga, sem það einnig hefir á þjóðarhaginn yfirleitt, svo sem t. d. í hækkandi sköttum til ríkis og bæjarsjóðs.

Þá er það greiðslujöfnuðurinn við útlönd. Hjá okkur þýðir þetta út- og innflutningur, en hjá öðrum þjóðum getur verslunarjöfnuðurinn verið hagstæður, þrátt fyrir það, þó útflutningurinn sje minni en innflutningurinn. Ýmsar þjóðir hafa sem sje aðrar tekjur, t. d. af skipastól sínum og eignum erlendis, sem jafnað geta verslunarmismuninn. Afkoma ríkissjóðsins og bæjarsjóðanna getur haft áhrif á verslunarjöfnuðinn, ýmist með því að stofna beint til skulda erlendis, eða með því að stofna til skulda við innlenda banka og þar með knýja þá til lántöku erlendis. Þær eru margar og örlagaþrungnar afleiðingarnar af skuldasöfnun ríkis- og bæjarsjóðanna.

Eins og komið er hjá okkur, þá er það ekki nægilegt, að við höfum eins mikið verðmæti í útfluttum vörum og innfluttum. Útfluttar vörur þurfa, að mínu áliti, að vera minst 6 milj. kr. meiri árlega nú í nokkur ár. Jeg geri ráð fyrir, að til vaxta og samningsbundinna afborgana af erlendum skuldum þurfi 3½ miljón árlega, og að útlendingar selji eða verki hjer afla, umfram það, sem þeir greiða í vinnulaun, um 2½ miljón árlega, en þær útflutningsvörur eru taldar með okkar útflutningsvörum í verslunarskýrslunum.

Náist ekki þessi nauðsynlegi greiðslujöfnuður við útlönd, er óhugsandi að gengið lagist. Nú sem stendur er fult útlit fyrir, að þetta náist, en þó er sjálfsagt að gera þær ráðstafanir, sem hægt er, til þess að hjálpa og styðja gengið á íslensku krónunni.

Það er enginn minsti vafi á því, að öll ofeyðsla, eða eyðsla umfram þarfir, og framkvæmdir, sem ekki gefa af sjer beinan arð, hjálpa til að halda við lággenginu, ekki síst, ef þessi eyðsla er framkvæmd af hinu opinbera. En hitt verður líka að játa, að eyðsla einstaklinganna, þó hún sje í smærri stíl, styður líka að lággenginu. Af þessum ástæðum er það, að sjálfsagt virðist, fyrst og fremst, að reyna að takmarka útgjöld ríkissjóðs, þar næst eyðslu bæja-, sýslu- og sveitarfjelaga, og þá eyðslu einstaklinganna, eftir því sem hægt er að koma því við. Mjer þótti leitt að heyra það, er einn háttv. þm., 2. þm. Rang., hjelt því fram hjer í deildinni fyrir nokkru, að bæja-, sýslu- og sveitarfjelögin ættu að vera ein um sínar athafnir, og ríkisvaldið ætti ekki að skifta sjer af framkvæmdum þeirra á neinu sviði. Það er nauðsynlegt, að ríkisvaldið hafi líka auga með, hverju fram vindur í fjármálum, einkum hinna stærri bæjarfjelaga. Því að ef þau geta ekki staðið straum af skuldum sínum, þá er flúið til ríkissjóðs. Og við vitum líka, að öll stærri lán eru vanalega fengin með ábyrgð ríkissjóðs. Jeg skal minna á, að

ríkið hefir nú þegar ábyrgst lán fyrir Reykjavík og aðra kaupstaði, sem nema um 6 milj. kr., og geti þessi bæjarfjelög ekki staðið í skilum, verður ríkissjóður að hlaupa undir baggann, og hann mun mjög nýlega hafa neyðst til að greiða um 30 þús. danskar kr. fyrir eitt bæjarfjelagið, Hafnarfjörð. Af þessum ástæðum, og að gefnu tilefni, vil jeg hjer með lýsa því yfir, að sú er mín skoðun, að jeg teldi það óverjandi, að bæja-, sýslu- og sveitarfjelög væru látin algerlega einráð um fjármál sín. Auðvitað ætlast jeg ekki til, að ríkisvaldið grípi inn í bráðnauðsynlegar framkvæmdir í smærri stíl og dagleg störf þessara stofnana — síður en svo.

Þá er það eyðsla einstaklinganna. Það er altaf viðkvæmt mál, þegar taka á fram fyrir hendur manna um það, hvers þeir neyti eða ekki, hvað þeir nota til daglegra þarfa eða ekki. En á tímum eins og þessum, þegar ekki virðist vera hægt að komast af án þess að taka eitthvað í taumana, hvað snertir eyðslu einstaklinganna, þá verður að gera það. Af þeim þrem ástæðum, sem jeg held að sjeu fyrir lággenginu, þá höfum við að miklu leyti ráðið bót á einni, þ. e. seðlaútgáfunni. Nú er verið að leggja grundvöllinn að því að ráða bót á annari, þ. e. stöðva tekjuhalla ríkissjóðs, og þá er sú þriðja, eða verslunarjöfnuðurinn, eða öllu heldur greiðslujöfnuðurinn við útlönd, og við viljum líka ráða bót á honum. Það mun nú hafa vakað fyrir flestum hv. þm., þegar þeir komu til þings í vetur, að þeir yrðu að taka til all-alvarlega ráðstafana í því efni. En af því að orsakirnar og meðulin við þeim verða að haldast í hendur, verður að gjalda varhuga við því að rífa ekki niður á öðrum stað það, sem bygt er upp á hinum.

Eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, þá eru megintekjur ríkissjóðs bygðar á aðflutningsgjaldi eða tollum, beint eða óbeint. Um helmingur tekna ríkissjóðs byggist beint á aðflutningsgjaldi. En óbeint fær ríkissjóður meir en hálfar tekjur sínar á þann hátt. Því bæði eru tekjur af ríkiseinkasölunni runnar af innfluttum vörum, og eins er mikill hluti tekjuskattsins tilkominn af verslunararði, og þar með innfluttum vörum. Af þessari ástæðu hygg jeg, að ekki sje hægt að ganga eins langt í því efni að hefta innflutning á erlendum vörum eins og jeg og ýmsir fleiri óskuðu í upphafi. Því ríkissjóður mundi við það missa tryggustu og mestu tekjurnar. Sjerstaklega líka, þegar svo stendur á, að nauðsynjavörur eru lágt tollaðar og jeg held, að fæstir myndu vilja ganga lengra inn á þá braut að tolla þær til muna hærra. Jeg tel víst, og er þess fullviss, að flestir hv. þdm. gengu nauðugir að verðtollsfrv., sem samþ. var hjer fyrir nokkru, þó það tæki ekki mikið til nauðsynlegustu hluta, sem almenningur notar. En menn sáu þörf ríkissjóðs til að losna við tekjuhallann og koma jöfnuði á, og þar sem hagur ríkissjóðs stendur í nánu sambandi við gengið, verður að hafa fulla hliðsjón af ástæðum hans, og athafnir þingsins í haftamálinu hljóta því að miðast talsvert mikið við þessa stórmiklu þörf ríkissjóðs.

Þá er önnur hlið á haftamálinu, sú, sem snýr að almenningi. Menn verða aldrei á einni skoðun um það, hver áhrif innflutningshöft hafa fyrst og fremst á verslunarjöfnuðinn, og eins á

hag almennings. Jeg hygg, að þó minna sje gert að innflutningshöftunum en hugsað var í þingbyrjun, þá bæti það þó verslunarjöfnuðinn, en engum getum þarf að leiða að því, að höftin eru altaf til óþæginda fyrir almenning, en þó mest í svip, því menn finna ýmsar leiðir til að bæta út óþægindunum, þegar frá líður. En hitt er víst, að þeir, sem versta afkomu eiga á þessu landi, kaupstaðabúar og þeir, sem eiga heima í sjávarþorpum, verða harðast úti af innflutningshöftunum, og jeg hygg, að því verði ekki neitað, að þeir verði verst úti, sem erfiðast eiga. Þetta á við, ef innflutningshöftin eru mjög yfirgripsmikil, en ef þau ná aðeins til óþarfavarnings eða þess, sem að mestu leyti má án vera, þá snerta þau mest þá, sem besta getu hafa og geta veitt sjer meira en þeim er nauðsynlegt.

Upp á móti þessum óþægindum vegur það, að með innflutningshöftunum er að minsta kosti stigið eitt spor í þá átt að bæta úr lággenginu. En jeg hygg, að innflutningshöftin verði altaf að meira eða minna leyti, ef þau eiga að vera ráð til viðreisnar genginu, að miðast við tekjuþörf ríkisins og ástand ríkissjóðs. Frv. það, sem hjer liggur fyrir hv. deild, um að banna innflutning á erlendum varningi, er að miklu leyti miðað við ónauðsynlegan varning. Það af nauðsynjavörum, sem í frv. er lagt til að bannað verði, vilja flm. veita undanþágur fyrir. Þó eru auðvitað nokkrar vörutegundir þar taldar, sem ágreiningur yrði um, hvort banna ætti eða ekki.

Jeg veit, að öllum kemur saman um að banna innflutning á vörum, sem ekki eru nauðsynlegar; jeg hefi ekki heyrt neina rödd á hinu háa Alþingi á móti því. En menn greinir á um það, hvað langt skuli farið í því að hefta innflutning á vörum, sem taldar eru nauðsynlegar, og um það, hverjar þær sjeu, eru skoðanirnar víst jafnmargar og mennirnir. Þarfirnar eru líka misjafnar á ýmsum stöðum. Í landssveitunum mun hægt að komast af, án þess að brúka neitt til muna af erlendum varningi annað en kornvöru, sykur og ýmiskonar áhöld. En í sjávarþorpunum víkur þessu alt öðru vísi við. Þar er nauðsynlegt að brúka margfalt fleiri erlendar vörur, sjerstaklega fatnaðarvöru. Aðalágreiningurinn er um formið á framkvæmd haftanna.

Við, sem höfum ritað undir álit meirihl., teljum best, að stjórnin hafi algerlega framkvæmdina á hendi. En hv. minnihl. vill aftur á móti setja lög, sem skilgreina og tiltaka, hverjar vörutegundir eru bannað. Jeg, og við í meirihl., erum nú hræddir um, að erfitt sje að ákveða með lögum allar vörutegundir, sem nauðsyn er á, eða verður að flytja inn, og þá ekki síður, hvað banna þarf, þegar framkvæmd laganna sýnir sig.

Fyrst er það, að maður getur búist við, að bannvörurnar komi inn í landið í breyttri mynd, þ. e., að það sjeu sömu vörurnar að efni til, en með öðrum nöfnum og öðruvísi tilbúnar. Þessu er miklu auðveldara að afstýra, ef framkvæmdin er í höndum stjórnarinnar og hún getur gefið út reglugerð og breytt henni eftir þörfum. Auðvitað álít jeg, að tíðar breytingar sjeu ekki æskilegar. Eins er það okkar álit, að stjórnin verði að hafa til hliðsjónar tekjuþörf ríkissjóðs og fleiri ástæður, sem geta komið til

greina, og er hægra fyrir stjórnina að mæta þeim með reglugerð en lögum, sem ekki er hægt að breyta á milli þinga.

Hv. minnihl. vill komast hjá þessu, með því að láta landsverslunina versla með þær vörur, sem nauðsynlegt væri að undanþiggja banni, og að hún sjái um úthlutun þeirra til landshlutanna. Við teljum þetta fyrirkomulag alveg ótækt, því bæði þyrfti að auka starfskrafta við landsverslunina og setja þangað menn með sjerþekking á vefnaðarvöru, og ef til vill fleiru, og þó það yrði gert, þá er fyrirsjáanlegt frá upphafi, að um mikil mistök yrði að ræða og megna óánægju. Og það er ekki hugsanlegt, að þó um 1 eða 2 sjerfræðinga væri að ræða, að þeir gætu ráðið svo úr þessu sem þörfin krefði. Því sama vörutegundin þyrfti að vera breytt eftir staðháttum. Það væri ekki til neins að flytja eins dýr efni til fátækra verstaða og hingað til höfuðstaðarins, jafnvel þó um algengar vörur, t. d. tvistau og ullartau væri að ræða. Svo teljum við ekki rjett að binda meira fje í versluninni en nú er.

Jeg vona, að ekki verði lengur um það deilt, að lögin frá 8. mars 1920 gefi stjórninni næga heimild til að hefta innflutning á vörum, eftir því sem nauðsynlegt er. Menn hafa deilt um það á fyrverandi þingum og eins nú, en jeg hygg, að deilunni sje lokið með reglugerð þeirri, sem fyrv. stjórn gaf út í síðastliðnum mánuði, og ekki hefir verið átalin af hinu háa Alþingi.

Jeg skal ekki fara út í einstök atriði frv. fyrri en hv. frsm. minnihl (HStef) hefir mælt fyrir frv. Meirihl. fjárhagsnefndar, að undanskildum einum nefndarmanna (JakM), leggur til, af öllum þeim ástæðum, sem jeg nú hefi fært fram, að frv. verði afgreitt með þeirri rökstuddu dagskrá, sem við berum fram á þskj. 304.

Frsm. minnihl. (Halldór Stefánsson): Það hefir dregist nokkuð, að mál þetta kæmi til 2. umr., sumpart af ástæðum, sem kunnar eru frá umr. um verðtollsfrumvarpið, og svo af öðrum ástæðum, sem ekki þýðir að tala frekar um, en flestir munu skilja. Það kom brátt í ljós í nefndinni, að menn voru meira og minna sammála um, að gagnlegt væri að setja einhver höft á innflutning erlends varnings til landsins. En skoðanir manna skiftust aftur á móti um hitt, hversu víðtæk höftin skyldu vera og í hverju formi. Komu fram aðallega tvær skoðanir um það, í hverju formi höftum skyldi beitt, önnur vildi fara hátollaleiðina, en hin kaus fremur bann á innflutningi. Nú varð það að samkomulagi í nefndinni, að báðar leiðirnar skyldu farnar. Þessvegna bar nefndin í heild fram verðtollsfrv., og var svo frá því gengið, að formlega þurfti það engan veginn að reka sig á hreint aðflutningsbann.

En þegar að því kom að ákveða, hvernig bannið skyldi framkvæmt, þá skiftust skoðanir nefndarmanna aftur, og fram komu enn tvær stefnur. Önnur var sú, að þingið ætti að ráða formi bannsins, ráða því, hvað bannað yrði að flytja til landsins og hvað ekki. Hin stefnan vildi fela hæstv. stjórn að ákveða þetta samkv. heimildarlögum frá 8. mars 1920. Mun jeg víkja að þessu atriði síðar, en fyrst drepa örlítið á brtt. okkar minnihl. nefndarinnar.

Það er þá fyrst að segja, að við 1. gr. frv., upptalningu þeirra vörutegunda, sem skulu bannaðar, höfum við gert þær

brtt. ýmist að fella úr eða bæta við. Þó höfum við meira gert að því að fella úr, og var það gert til að sveigja til, ýmist fyrir almenningsálitinu eða verðtollslögunum. Ætti frv. með þessum breytingum að vera aðgengilegra fyrir þá, sem þótti of langt gengið upphaflega. Önnur brtt. okkar er sú, að heimila landsverslun að flytja inn bannvörur, ef brýn nauðsyn kynni að reka til þess að einhverju leyti. Og brtt. II og III á þskj. 310 miða að því að tryggja hæfilegt verðlag á þeim bannvörum, sem fyrir kunna að liggja í landinu. Þessar till. eru einnig fluttar til samkomulags og í samræmi við þær mótbárur, sem frv. hefir sætt. Mun jeg smámsaman geta þessara brtt. nánar, en vil nú víkja nokkrum orðum að brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) á þskj. 212. Brtt. hans við 1. gr. getur ekki samrýmst tillögum okkar minnihlutamanna, og teljum við rjettara að samþ. okkar brtt. Um hinar brtt. hans er það að segja, að þær ganga í þá átt að girða fyrir of hátt verðlag, og fæ jeg því ekki betur sjeð en að þær sjeu samræmanlegar við þær brtt. okkar, sem jeg mintist á áðan, og stefna til hins sama. Munum við því ekki leggjast á móti brtt. hv. þm. (SvÓ), nema þeim, sem snerta 1. gr. Þær eru sumpart öryggi gegn háu verðlagi og sumpart fara þær fram á tekjuauka fyrir ríkissjóð.

Mun eg þessu næst fara nokkrum orðum um hinar almennu mótbárur, sem fram hafa komið gegn frv.

Við 1. umr. var strax bent á það, að ef frv. væri samþ., rýrðust tekjur ríkissjóðs eigi alllítið. Þessu verður ekki mælt í móti, en til þess að bæta ríkissjóði hallann gengum við að verðtollsfrv. Og þar sem það mun gefa ríkissjóði a. m. k. helmingi meiri tekjur en rýrnunin samkv. þessu frv. getur numið, þá er sú ástæða ekki lengur fyrir hendi.

Þá var það sagt við 1. umr., að frv. væri árás á kaupmenn. Frá okkar hálfu, flutningsmanna, er ekki um neina slíka árás að ræða. Ef að frv. er árás, þá mætti ef til vill segja, að það væri árás á það verslunarform, sem hjer hefir lengi staðið og hefir þá annmarka, að í skjóli þess hefir vaxið óhæfilegur fjöldi kaupmanna, og að í skjóli þess hefir ennfremur verið flutt inn og haft á boðstólum óforsvaranlega mikið af alóþörfum varningi, sem engum er til gagns. Það má líka kanske segja, að frv. sje árás á það afskiftaleysi, að vilja ekki ráða bót á þessum annmörkum. Nei, frv. er engin árás á kaupmenn þessa lands, heldur er það borið fram af þjóðhagslegum ástæðum.

Þó að frv. þetta hafi enn ekki verið mikið rætt í þinginu, þá hefir verið talsvert um það rætt, bæði nær og fjær, síðan það var borið fram. Hefir mönnum því gefist tækifæri á að kynnast þeim mótbárum, sem komið hafa fram gegn því, og vil jeg nú minnast dálítið á hinar helstu þeirra.

Það hefir verið sagt, að frv. geti ekki náð tilgangi sínum, vegna þess, hversu mjög slík lög, bannlög, yrðu brotin. Þessvegna væri mjög varhugavert og tilgangslítið að samþykkja það, þar eð það aðeins ylli fleiri lögbrotum og meiri siðspillingu.

Það er einkennilegt við þessa mótbáru gegn frv., að hún er einkum borin fram og haldið á lofti af þeim mönnum, sem best ganga fram í því að halda hlífiskildi yfir kaupmönnum. Því ef að þessi ummæli væru á rökum bygð, þá lýsa þau því vantrausti á heiðarleik

kaupmanna yfirleitt, að jeg fyrir mitt leyti vil vísa þeim á bug. Við teljum kaupmenn yfirleitt svo vel hugsandi og heiðarlega borgara þjóðfjelagsins, að ekki sje rjett að hafna frv. af þessum ástæðum. Auðvitað kynnu slík bannlög að verða brotin eitthvað lítilsháttar, en ekki dugar að setja það fyrir sig, ef að heildarárangrinum verður að öðru leyti náð. — Annars ætti þessi ótti við lagabrot að gilda engu síður um verðtollinn en um bann á innflutningi, og verður því ekki sjeð, að þeir, sem hiklaust samþyktu þann toll, hafi nokkra ástæðu til að leggjast á móti þessu frv. — af hræðslu við lagabrot. Og eins og hv. 2. þm. Rang. (KlJ) tók rjettilega fram í umræðunum um verðtollsfrv. hjer á dögunum, þá er það tollalöggjöfin, sem hefir kent mönnunm að smygla vörum inn í landið og orðið þar nokkurskonar forskóli lögbrota, ef þau er nokkuð verulega að óttast. Það er því alveg ástæðulaust að gera mun á hættunni á lagabrotum, þegar um tolllög, og allra helst hátollalög, er að ræða annarsvegar, en hinsvegar bannlög, enda er gert ráð fyrir auknu eftirliti vegna verðtollsins. Strandlengjan er hin sama, og jafnerfitt að gæta tolllaga sem bannlaga. Hvötin til að brjóta er jafnrík, og jafnvel enn ríkari að brjóta tolllög, og er auðveldara að dylja þau brot.

Þá hefir það verið borið fram gegn þessu frv., að það leiddi af sjer dýrtíð í landinu, ef það næði fram að ganga. Þessi mótbára er ástæðulítil, einkum þegar þess er gætt, að frv. sjálft, og brtt. okkar, setja skorður við því, að svo geti orðið, með ákvæðunum um verðlagsnefnd og sölubann á þær verslanir, sem gera sig sekar í því að selja óhæfilega dýrt. Jeg skal geta þess, að hugmyndin um sölubann er komin frá tveim frúm hjer í bænum, sem komu á fund okkar fyrir hönd einhvers kvenfjelags, skildist mjer, og ræddu við okkur um frv. á mjög skynsamlegan hátt, enda þótt þær væru okkur ekki sammála um einstök atriði. — Loks hníga brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) einnig í þá átt að tryggja sanngjarnt verðlag á vörum í landinu, þó að frv. verði samþykt. Verð jeg að segja, að ekki er síður ástæða til að vera hræddur við óhæfilegt verðlag í skjóli verðtollslaganna, en þó að þetta frv. nái fram að ganga með breytingum okkar.

Þá kem jeg að þeirri mótbáru gegn frv., að vöruskortur verði í landinu, ef það verður að lögum, því að það gangi of langt í því að banna innflutning. Um þetta atriði má lengi deila. En jeg hefi þegar vikið að því, að við höfum, með brtt. okkar við 1. gr., sveigt talsvert til fyrir þessari skoðun, þar sem við höfum slept ýmsum vörutegundum, sem bannaðar voru í frv. upphaflega. Ennfremur eru til í landinu allmiklar birgðir þeirra vörutegunda, sem banna skal innflutning á samkv. till. okkar. Og þar sem ætlast er til, að bannið standi aðeins í 3 ár, má ætla, að þær endist langdrægt, svo að enginn skortur verði á algerlega nauðsynlegum varningi. Loks má benda á það, að við höfum í landinu mikið af innlendu efni, sem nota má — og nota á betur en tíðkast hefir síðustu árin. Og þetta er eitt hið veigamesta atriði í sambandi við þetta frv., að það á að laða menn og leiða og jafnvel knýja til að nota betur þau efni, sem til eru í landinu.

En þrátt fyrir það, þó að við óttumst ekki vöruskort, þá leggjum við samt til, að heimila stjórninni að flytja inn

bannvörur, gegnum landsverslun, ef knýjandi nauðsyn verður fyrir hendi. Við gerum reyndar ekki ráð fyrir, að til þessa þurfi að koma, heldur er þetta miklu fremur öryggisráðstöfun, til þess að koma í veg fyrir að ástæðulaus ótti grípi fólk, svo að það hlaupi til og kaupi þær vörur, sem bannaðar verða, af óþarflega miklu kappi og máske of háu verði. En til þess ætlumst við, að þessi heimild verði ekki notuð, fyr en brýn ástæða verður til — og teljum við harla ólíklegt að svo verði nokkurntíma.

Þá vil jeg drepa á ágreining þann, sem varð í nefndinni um form haftanna, eða öllu heldur innflutningsbannsins, því að orðið „höft" sýnist geta valdið og hafa valdið misskilningi, þar sem hátollurinn er í rauninni „haft" líka.

Þegar litið er á það, í hvaða tilgangi við ætlum að setja innflutningsbann á ýmsar vörur, og þegar alment er álitið, að bannið komi því aðeins að nokkru gagni, að það nái ekki eingöngu til algerlega óþarfs varnings, heldur verði það einnig að ná til vörutegunda, sem fólkið telur sjer þægindi að, ýmist sönn eða ímynduð, og þegar við ennfremur lítum á, að bannið á að fá menn til að leggja fram vinnu, orku og ástundun til þess að nota betur þau efni, sem fyrir hendi eru, þá verður ljóst, að slíkt innflutningsbann kemur því aðeins að notum, að því verði örugt framfylgt. Í því efni má ekki sýna neitt hik.

Þegar maður ber saman þær tvær leiðir, sem nefndin hefir klofnað um, þá er það um heimildarlögin frá 1920 að segja, að þau eru of óákveðin og of sveigjanleg fyrir allri áleitni. Þetta er af sumum talinn kostur, hvað þau eru sveigjanleg, og má vera, að svo sje að nokkru leyti. En það er þó ennþá meiri ókostur, því að telja má það víst, að bannið verði fyrir mikilli áleitni, fyrst og fremst frá hálfu þeirra, sem eru á móti öllu slíku innflutningsbanni, og svo frá hinum, sem finst, að það snerti þægindi sín eða hagsmuni. Og þessir þættir mótstöðunnar hafa nóg ráð til þess að koma fram mótmælum sínum og óánægju sinni gegn banninu. Menn fá gerðar fjelagssamþyktir og jafnvel flokkssamþyktir, senda stjórninni áskoranir og fá blöðin til að ala á því áliti, að slaka þurfi að einhverju leyti til á banninu. Við höfum dálitla reynslu í þessum sökum, og hún segir okkur, hversu erfitt það er að standast slíka áleitni; en þegar slakað hefir verið til í einu atriði, þá er hætt við að það geti leitt til nýrra tilslakana. Stjórn, sem framfylgja ætti banni skv. heimildarlögum þessum, hefði sem sagt engan frið fyrir sífeldum áskorunum um tilslakanir — og ef nú er gert ráð fyrir því, að hún sjálf kynni að vera hikandi í áliti sínu um gagnsemi slíks innflutningsbanns, eða hversu víðtækt það skuli vera, þá er ekki ólíklegt, að hún myndi, þó ekki væri nema til að kaupa sjer frið, láta undan þessum áskorunum.

Af þessum ástæðum teljum við árangurinn af því að beita nefndum heimildarlögum mjög tvísýnan, og ekki þann, sem þörf væri á. — Ef að þar á móti ákveðið er með lögum, hvaða vörur er bannað að flytja til landsins og hverjar ekki, þá er málið þar með komið í fastar skorður og ósveigjanlegar, þann tíma, sem bannið stendur. Og vitneskjan um það, að engra tilslakana væri von, myndi halda niðri áleitni manna við stjórnina, en hinsvegar vekja hugsun þeirra og viðleitni í þá átt að reyna

að bjarga sjer sem best gegndi. Þessvegna nær frv. þetta betur en heimildarlögin frá 1920 takmarki því, sem stefnt er að.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að nál. hv. meirihl. nefndarinanr á þskj. 340. Þar er byrjað að rekja málið líkt og við gætum gert, eins og eðlilegt er, þar sem báðir hlutar nefndarinnar eru sammála um, að innflutningsbanni skuli beita. Leiðirnar skilur fyrst, þegar að formi bannsins kemur: hvort nota skuli heimildarlögin frá 8. mars 1920, eða setja ný lög. Hv. meirihl. talar um sveigjanleika nefndra heimildarlaga, og telur hann kost, vegna þess, að ekki sje að vita, nema rjett væri að banna að flytja inn fleira en í frv. er talið, og svo vegna hins, að komið gæti fyrir, að bannaðar vörutegundir yrði fluttar inn eftir sem áður í breyttu formi eða undir öðru heiti, og þurfi stjórnin að hafa heimild til að fyrirbyggja slíkt. Jeg skal ekki neita því, að þetta er að vissu leyti rjett hugsað, en ekki er líklegt, að til þessa komi, og enda er auðvelt að gera við því. Þyrfti ekki annað en t. d. láta heimildarlögin frá 1920 halda gildi sínu jafnhliða þessum nýju lögum, eða þá að taka upp í frv. sjálft heimild fyrir stjórnina til þess að gera ráðstafanir, sem fyrirbygðu slíkt. Annars þykist jeg hafa sýnt fram á, að heimildarlögin hafa fleiri ókosti en kosti, samanborið við ný lög, og þarf því ekki að fara um það fleiri orðum.

Í nál. eru taldir upp ýmsir ókostir á frv. Er hinn fyrsti sá, að ef til kæmi, þá myndi þurfa að auka mannahald við landsverslunina. Sje jeg ekki, að það ætti að teljast ókostur, ef því er haldið fram, sem sumir hv. þm. virðast gera, að bannið geti orðið til þess, að einstakir menn missi við það atvinnu sína. Getur ekkert komið sjer betur fyrir þá, en að þeirra sje þörf í landsverslunina. Þá hefir frv. verið talið það til foráttu, að það mundi valda ýmsum mistökum vegna ókunnugleika manna á vöruþörfinni og mistaka í vöruvalinu. En jeg hygg, að ekki væri um brýna þörf að ræða, ef landsmenn gætu ekki gert landsversluninni glöggva grein fyrir því, hvers þeir þörfnuðust. Gæti jeg frekar trúað því, að það yrði á engan hátt auðveldara en þennan að mæta þörfum landsmanna, auk þess sem líklegt væri, að hentugri og ódýrari vörur yrði þá fluttar inn. Þá er það sagt, að vörurnar mundu verða dýrari en ella. Jeg get ekki fallist á þá skoðun. Hygg jeg frekar, að þær verði ódýrari, því að þá er það á valdi landsverslunarinnar að ákveða verðið. Þá er ennfremur sagt, að verslunin eigi að vera frjáls að því er þær vörur snertir, er óhjákvæmilegt er að flytja inn. Þetta er gamla kenningin um frjálsa verslun, en á þá kenningu ætla jeg mjer ekki að deila hjer, þar eð þetta á hvort eð er að vera bráðabirgðaráðstöfun. Þá er á það minst, að innflutningur í gegnum landsverslun muni vekja tortrygni til þeirra manna, er undanþágu fái. Eftir tillögum okkar minnihlutamanna, þá á enginn sjerstakur að fá undanþágu. Þessi mótbára hittir því einmitt þá skipun, sem meirihl. vill hafa á um undanþágurnar. Þá segir loks í nál. meirihl., að ekki þurfi lengur að deila um það, að næg heimild sje til að banna innflutning eftir þörfum í heimildarlögunum, það sýni auglýsing sú um innflutningsbann, sem nú er í gildi. Um það er heldur alls ekki deilt; heimildin er næg eftir heimildarlögunum, ef ákveðinn þingvilji stendur

að baki, og enda víðtækari en eftir frv. En það er formið á höftunum, sem um er deilt, hvort stjórninni verður falin slík ráðstöfun með heimildarlögum, eða hvort þingið sjálft samþykki ákveðin lög þar að lútandi. Eins og menn vita, þá hefir þjóðin látið uppi einróma álit sitt um það, að til varnar almenningshag bæri að banna innflutning á ýmsum vörutegundum, og hún hefir ætlast til þess, að þingið ákvæði, hverjar þær vörur skyldu vera. Er það lítilmótlegt fyrir þingið að ætla að skjóta sjer á bak við ríkisstjórnina í þessu efni. Tel jeg það heldur ekki rjett gagnvart stjórninni, því að hún mundi verða of mjög fyrir áleitni manna út af undanþágum, sem hún að öllum líkindum mundi verða að láta undan með. Jeg þarf ekki að minnast sjerstaklega á ræðu hv. frsm. meirihl. nefndarinnar. Hann rakti málið líkt og jeg mundi hafa gert, enda erum við að mestu sammála, nema um formið, en um það hefi jeg áður talað. Aðalágreiningurinn liggur í því, í hvaða formi eigi að setja þetta á, og því er ekki ástæða til að vera að fást um lítilsverðan ágreining um hin smærri málsatriði.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal þegar í stað taka fram, að mjer eru gefeldust þau úrslit þessa máls, að samþykt verði hin rökstudda dagskrá, sem háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) hefir mælt fyrir, og að jeg tel þá lausn málsins heppilegasta, þegar á alt er litið.

Eins og hv. deildarmenn munu minnast, lýsti jeg og hæstv. fjrh. (JÞ) því yfir hjer í deildinni, er verðtollsfrv. var á ferðinni, að innfutningshöftum mundi verða beitt eftir því sem samrýmanlegt væri hag ríkissjóðs, og vitaskuld er hugur minn í þessu óbreyttur, og get jeg því endurtekið þessa yfirlýsingu nú. Hitt virðist mjer aftur á móti auðsætt, að lengra er ekki fært að fara, því að það er ein af fyrstu skyldum þings og stjórnar að sjá um, að nú sje ekki lengur haldið áfram á hinni hálu og stórhættulegu tekjuhallabraut. Innflutningshöftin vil jeg reyna, af því að jeg tel þau geta orðið til þess að rjetta gengi hinnar ísl. kr. með því að draga úr erlendum kaupum. En mjer er það einnig ljóst, að einn þátturinn í viðreisn gengisins er einnig það, að hagur ríkissjóðs rjetti svo við, að vjer getum farið að afborga skuldir hans. Þessu má ekki gleyma. Það má ekki gleyma því, að til þess að bæta gengið er ekki til neitt allsherjarmeðal, enginn kínalífselixír eða voltakross nje annað kynjalyf. Til þess að laga það, þarf að hugsa um báða þessa þætti, þar dugar ekki að halda í annan og sleppa hinum. Og þetta hefir þingið ennfremur viðurkent hingað til. Það hefir viðurkent það með samþykt verðtollslaganna og með samþykt tollaukalaganna, að það verður að taka fult tillit til ríkissjóðsins.

Nú er það svo, að enginn getur sagt um, hve mikil áhrif verðtollurinn kann að hafa á innflutninginn, en fyrst um sinn virðist mjer enginn efi á að hann valdi töluvert minni innflutningi, og dreg jeg það meðal annars af því, að margir, sem vörur hafa pantað, hafa komið til mín og óskað vottorðs um, að þetta eða hitt væri bannað að flytja hingað, til þess að geta notað það sem ástæðu til þess að losna við pantanir, því að þeir treystust ekki að flytja inn vegna tollsins, af ótta fyrir að þeir geti ekki selt, því að verslun mun yfirleitt

vera dauf, nema að því er lífsnauðsynjar snertir.

Ef vjer nú setjum lög eins og hjer er farið fram á, er það því auðsætt, að vel getur svo farið, að ríkissjóður verði fyrir mjög tilfinnanlegri tekjurýrnun í tollum, tekjurýrnun, sem hann má alls ekki við. Hitt er sjáanlega miklu rjettara, að láta stjórnina hafa þetta mál með höndum, svo að auðvelt sje að aka seglum eftir vindi, þannig, að hægt sje að gæta hags ríkissjóðs og draga úr innflutningi eins og hann leyfir.

Auk þessa hefir þetta fyrirkomulag annan kost, og hann er sá, að með þessu fyrirkomulagi, sem jeg nú hefi gert ráð fyrir og hin rökstudda dagskrá sömuleiðis, er hægt með framhalds- og viðbótarreglugerðum að bæta upp og lagfæra þá galla, sem kunna að vera á um höftin. Því er sem sje svo varið, að hversu vel, sem vandað kann að vera til frumsmíðar í þessu, leiðir reynsan í ljós, að einhverju er gleymt, sem taka mátti fyrir innflutning á, og eitthvað tekið með, sem ekki er alveg hægt án að vera. Til þess að bæta úr þessu, er reglugerðarleiðin mjög hentug, en lög óhentug. Jeg játa það, að með þessu er meira vald fengið stjórninni heldur en ef alt þetta er ákveðið í lögum, og þetta er ef til vill eitt nægilegt í augum þeirra, sem ekki treysta stjórninni til neins góðs. En þeir hinir sömu ættu að athuga það, ef þeir á annað borð vilja þessu máli vel, og þannig dettur mjer ekki í hug að efast um að sje hjá ýmsum andstæðingum stjórnarinnar, að mál þetta verði ekki svo rígbundið í lagaskorðum, að það hvorttveggja í senn nái ekki tilgangi sínum og verði svo óvinsælt, að sterk andúðaralda rísi gegn því þegar í byrjun, en svo mundi þetta verða, ef ekkert er hægt að slaka á klónni, þar sem reynslan sýnir þörf á því.

Jeg hefi hugsað mjer framkvæmd þessa máls þannig, að ekki væri, nema þá að litlu leyti, heftar aðrar vörur en þær, sem hinn nýi verðtollur nær til, en aftur á móti svo mikið af þeim sem hagur ríkissjóðs leyfir. Sumar þessara vörutegunda hugsa jeg mjer alveg bannaðar, en sumar leyfðar með undanþágum, og er það bæði vegna ríkissjóðs og vegna þess, að um margar vörutegundir er það svo, að þær eru nauðsynjavörur að vissu marki, en ekki þörf á svo miklu sem inn er flutt. Sem dæmi get jeg nefnt egg og smjörlíki. Egg eru nauðsynleg handa sjúklingum, og brauðgerðarhús þurfa tegundir af smjörlíki, sem ekki er framleitt nægilegt af hjer á landi.

Um það frv., sem hjer liggur fyrir, er þess að geta, að það fer að mínu áliti í sumu of skamt en í sumu of langt. Jeg sje t. d. ekki hvaða vit er í því að leyfa ótakmarkaðan innflutning á regnkápum, en banna t. d. alveg tilbúinn fatnað. Mjer er ekki ljóst, hvort prjónavörur falla undir frv., eða hvort leyfilegt er að flytja þær inn. Heklaðar vörur, kniplingar og þesskonar geta varla talist til vefnaðarvöru.

Ennfremur sje jeg ekki ástæðu til að nema staðar við niðursoðið kjöt og fisk. Ætti það að vera hið sama, þó öðruvísi sje með farið. En hvernig er það með appelsínur og hnetur? Má neita um innflutning á þeim? Um kaffibætinn þarf ekki að ræða, þar sem fram er komin brtt. um hann. Jeg man ekki, hvort hv. frsm. minnihl. talaði um hana. Af kaffibætinum er greiddur hár tollur, og yrði það því mjög tilfinnanlegt fyrir ríkissjóð, ef innflutningur á honum yrði

bannaður. Þó að nú sje hjer ein verksmiðja, er framleiðir þessa vörutegund, þá efast jeg um, að hún geti fullnægt eftirspurninni, og að öðru leyti finst mjer þetta óþarflega mikil vernd fyrir hana, að láta hana vera eina um hituna, þar sem hún borgar engan toll, en ríkissjóður fær 60 aura af hverju kg. af erlendum kaffibæti.

Það getur verið nauðsynlegt að veita undanþágu með maltextrakt, vegna þess, að sjúklingum er oft ráðlagt að neyta þess sjer til heilsubótar. Þá er liðurinn, sem talar um reiðtygi, töskur og þesskonar varning úr skinni. Það álít jeg megi banna alveg. Um liðinn undir „l" verð jeg að segja það, að þar væri hægt að ganga töluvert lengra. Það er vissulega engu síður ástæða til að banna gólfáburð og baðlyf, heldur en skósvertu. Allar þessar vörutegundir eru framleiddar hjer á landi. Ýmislegt fleira hefi jeg rekist á, t. d. legsteinar, jeg sje ekki neina ástæðu til að flytja þá inn í landið, því það má hæglega búa til fallega legsteina hjer á landi, og ættum við að geta látið okkar ástvini liggja undir íslensku grjóti ekki síður en útlendu.

Svona mætti alllengi telja. Það er mikið yfirleguverk að finna allar vörutegundir, sem hægt er að banna eða takmarka innflutning á, en verður alls ekki ákveðið í fljótu bragði. Einmitt þessvegna er það svo hættulegt að lögbinda þetta.

Jeg skil það vel, að þeir, sem ekki treysta þeim loforðum, sem jeg hefi gefið um þetta efni, haldi að muni verða eftir gefið í hvert skifti, sem farið verður fram á undanþágu, haldi að verði sama sem ekkert gagn að innflutningshöftunum.

Jeg viðurkenni það, að það verði erfiðara að framkvæma innflutningshöft á þann hátt, sem jeg hefi lýst, en af því að jeg er jafnviss um, að það verður besta úrlausn málsins, vil jeg taka á mig byrðina, sem fylgir því, þó hún sje ekki sem þægilegust.

Klemens Jónsson: Hv. frsm. meirihl. og minnihl. hafa þegar talað. Mætti því í raun og veru láta staðar numið með umræður, og ganga til atkvæða. Þó umræður verði langar og margorðar, býst jeg ekki við, að þær leiði í ljós neitt nýtt í þessu máli, og skyldi jeg fúslega sleppa því að ræða málið, ef aðrir hv. þm. vildu gera það sama. (**ÁF:** Jeg vil gera það sama! **JAJ:** Jeg vil gera það sama!) Ef hv. deild er fús til þess, þá er jeg reiðubúinn. (Þögn). — Það lítur ekki svo út sem allir vilji falla frá orðinu, og held jeg því áfram.

Jeg endurtek, að jeg býst ekki við, að hjer verði tekið fram neitt annað en það, sem hefir heyrst áður, ekki einungis á þessu þingi, heldur einnig oft áður. Jeg geri ekki heldur ráð fyrir, að jeg muni koma fram með neitt nýtt í málinu. En jeg hlýt, vegna fyrri stöðu minnar, að gera nokkra grein fyrir minni afstöðu til málsins, og svara því, sem komið hefir fram gagnvart mjer sem fyrverandi atvinnu- og samgöngumálaráðherra. Ræður, sem haldnar verða til og frá um þetta mál, munu vart breyta skoðun nokkurs þm. í hv. deild, því eftir því sem jeg veit best, liggja fyrir samningar innan flokkanna í þessu máli. Geri jeg því ráð fyrir, að hver þm. haldi sinni skoðun fram, hvað sem á gengur.

Jeg get gengið inn á röksemdaleiðslu og almennar aths. háttv. meirihl. í nál. hans, í aðalatriðum; við erum í raun og

veru á sama máli. Jeg get einnig fullkomlega skrifað undir það, að í lögum frá 8. mars 1920 felst næg heimild til að takmarka og banna innflutning. Enda hefi jeg sýnt þetta í verki, því annars hefði jeg ekki sjeð mjer fært að gefa út reglugerð um það efni fyrir mánuði síðan. En það gerði jeg að vilja og ósk þingsins, á meðan málið var ekki útkljáð endanlega.

Jeg skal taka það fram, út af blaðagrein um þetta efni, að reglugerðin sje óbreytt frá þskj. 88, að þetta er alls ekki svo; auk þeirra vörutegunda, sem þar eru taldar, er bætt við ýmsum tegundum, sem nú eru bannaðar samkv. reglugerðinni frá 1921. Þetta sýnir að minsta kosti það, að sum blöðin hafa ekki einu sinni gert sjer það ómak að lesa málið niður í kjölinn, ekki nent að bera reglugerð mína saman við frv. Þetta sýnir líka nákvæmni og samviskusemi þeirra.

Þó jeg hafi gefið þessa viðurkenningu um heimild stjórnarinnar frá 1920, verð jeg þó að álíta ný, ákveðin lög miklu æskilegri í þessu efni. Jeg persónulega treysti hæstv. atvrh. til að standa við loforð sín um það að beita höftum, eins og fært þykir ríkissjóðs vegna, og það því fremur sem mjer skildist á hæstv. ráðherra, að hann teldi það geta orðið „kabinet"-spursmál að beita þeim frekara. (**Atvrh., MG:** Alveg rjett!) En hæstv. ráðherra er ekki einráður um þessi mál; hann þarf að bera sig saman við embættisbræður sína um það. Jeg hygg, að jeg fari ekki með getsakir, þó jeg segi, að hæstv. fjrh. (JÞ) sje ekki sjerlega hlyntur innflutningshöftum. Um hæstv. forsrh. (JM) er ekki kunnugt í þessu efni; mjer vitanlega hefir hann ekkert látið uppi, hvorki til nje frá. En 1920, þegar haftalögin voru til umr., var hann alls ekki hrifinn af þeirri hugmynd. En margir menn, bæði utan þings og innan, hafa skift um skoðun síðan. 1921—22 var meirihl. þm. andvígur höftum, en nú er meirihl. þeim hlyntur. Má því vel vera, að hæstv. forsrh. (JM) hafa einnig skift skoðun. Tímarnir breytast og hugsunarhátturinn. Kann því vel að vera, að hæstv. atvrh. (MG) fái nægan styrk frá embættisbræðrum sínum. En ef það bregst, er tvísýnt, hvernig haftapólitíkin fer. Lagavegurinn yrði því miklu tryggari leið. Almenningur þarf líka strax að geta gengið út frá, hvað sje bannað og ekki bannað.

Jeg skal að vísu játa, að lagaleiðin hefir einnig sína ókosti, svo sem hæstv. atvrh. hefir tekið fram. Aðalókosturinn er, að lögin eru ósveigjanleg og ekki hægt að gefa neinar undanþágur. Aftur á móti er það hægt með reglugerð að undanskilja ýmsar tegundir, sem tíminn kann að sanna að eru nauðsynlegar, og yfir höfuð að sveigja til. Eins og hæstv. atvrh. tók fram, er það bót málsins í því, sem minnihl. fer fram á, að ríkisstjórnin geti falið landsverslun að flytja bannvörur, sem skortur kynni að verða á. Þetta fyrirkomulag tel jeg mjög heppilegt, og vona, að hæstv. atvrh. beiti þessum ákvæðum, jafnvel þótt frv. yrði ekki að lögum.

Hæstv. atvrh. (MG) kvað undanþágur nauðsynlegar. Það kann að vera rjett, en það er óþægilegt fyrir stjórnina. Hefði jeg átt að vera atvrh. áfram, myndi jeg miklu heldur hafa kosið að hafa lög bak við mig, heldur en aðeins reglugerð. En það er virðingarvert af hæstv. atvrh. að vilja taka á herðar sjer þann vanda og ábyrgð, sem sam-

fara er því að framfylgja höftum með reglugerð einni. Enginn vafi er á því, að hann fær ótal beiðnir, sem koma honum í vanda. En hann er maður á góðum aldri og mun taka sjer þetta ljettara þessvegna.

Því hefir verið haldið fram, að höftunum hafi verið fremur linlega framfylgt í minni stjórnartíð, og sjerstaklega upp á síðkastið. Þetta er algerlega rangt, eins og jeg þegar hefi margoft tekið fram. Reglugerðinni hefir aldrei verið eins stranglega framfylgt í minni stjórnartíð og frá því í október s. l. Fyrra ráðherraár mitt var henni framfylgt af sama manni og var í innflutningsnefndinni og nákvæmlega á sama hátt sem fyr, og eftir því sem þingið hafði lagt fyrir stjórnina að framfylgja henni.

Þá eru nokkur einstök atriði. Jeg gat þess, að jeg hefði sett reglugerðina til þess að enginn innflutningur gæti átt sjer stað á óþarfavöru, meðan málið var ekki endanlega útkljáð, en þó var alls ekki meining mín að banna framvegis skilyrðalaust allar vörutegundir, sem þar eru nefndar, og tók jeg fram, að jeg myndi ekki greiða því atkv. í þinginu. Nokkrar af þeim eru taldar upp sem leyfðar í brtt. frá minnihl., t. d. höfuðföt, skófatnaður o. s. frv.

Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að frv. færi sumpart of langt og sumpart of skamt. Jeg er honum sammála um, að það er ómögulegt á stuttum tíma að finna nákvæmlega út, hvað skal banna og hvað leyfa. Og vafalaust yrði langsótt að vinsa úr og velja um vörur, og erfitt að fá samkomulag milli þingmanna. Jeg kannast við, að þetta er ókostur, sem mundi fylgja þessum lögum.

Bendingar þær, sem hæstv. atvrh. (MG) hefir gefið um þessi efni, vil jeg athuga til 3. umr., því jeg vona, að frv. fái að ganga svo langt. Jeg er reiðubúinn að taka upp í frv. hverja þá breytingu, sem er á rökum bygð. Hæstv. atvrh. fanst hart að banna innflutning á kaffibæti; hann gæfi af sjer góðar tolltekjur, og hinsvegar yrði bannið til að gefa kaffibætis-verksmiðjunni hjer alt of mikla vernd. Má vera, að verksmiðjan fullnægi ekki þörf vorri, þó að líklega mætti gera hana svo úr garði, að hún yrði sjálfsagt að leggja tolla á hana. Það er alls ekki meiningin að vernda iðnað einstaks manns án alls endurgjalds. Hæstv. atvrh. (MG) gat þess um vindlinga, að þeir gæfi miklar tolltekjur, því sú tóbakstegund væri mjög notuð. Þetta mun rjett vera, og það er einmitt það, sem vakir fyrir mjer, að þessarar tegundar er geysimikið neytt bæði af konum og körlum, ekki síst unglingum, en hún mun vera skaðlegasta tóbakstegundin, sem til er, og einmitt þessvegna er líka ástæða til að banna innflutning hennar. Hann skýrði frá, að strax væri farið að panta áhöld til að búa til vindlinga. Þeir verða aldrei reykjandi; þeir verða ekki til táls fyrir unga fólkið.

Þá eru legsteinarnir. Þeir hafa hreint og beint gleymst. Sömuleiðis marmari. Yfirleitt er jeg hæstv. atvrh. (MG) sammála, nema hann álítur reglugerðarformið hentugra, þó það sje vandasamara. Jeg álít vandaminna að hafa lög, og betra fyrir þjóðina að vita þegar, hvað sje leyft og hvað bannað.

Það hefir bólað á þeirri skoðun hjer í þinginu, svo sem hv. frsm. minnihl. tók fram, að frv. sje árás að kaupmönnum. Þetta er mjög fjarri sanni, já, fullkomin staðleysa. Jeg veit af eigin reynslu, að margir ágætir kaupmenn skilja þessa

ráðstöfun vel og finst hún eðlileg. Fleira ætla jeg ekki að segja um þetta mál að svo stöddu.

Hv. frsm. meirihl. (JAJ) virtist ekki samþykkur orðum mínum um það, að bæjarfjelög og sýslufjelög ættu að vera einráð með fjármál sín. Hann vildi, að ríkið hefði þar eftirlit. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir haldið hinu sama fram. Jeg verð þó enn að halda fram minni skoðun sem rjettri. Jeg hefi haldið þessu sjerstaklega fram um bæjarfjelögin, en þó einhver vafi kunni að vera um þau, þá er alls enginn vafi um sýslufjelögin. Í sveitarstjórnarlögunum, eins og þau komu frá milliþinganefnd og voru lögð fyrir þingið, voru ákvæði um það í 81. gr., að samþykkis stjórnarráðsins þurfi til ýmissa þýðingarmikilla athafna, t. a. m. lántöku. En þessi grein var feld burtu á þinginu 1905, með þeirri „motiveringu", að sýslunefndirnar ættu að hafa einræði um þessi atriði.

Jakob Möller: Jeg hefði getað fallist á það, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) stakk upp á, að láta vera að segja nokkuð um málið, ef umr. gæti orðið sem fyrst lokið. Hvað margar ræður sem haldnar verða í dag, hefi jeg ekki trú á, að þær breyti neinu. Þó jeg hafi staðið upp, af því jeg hefi sjerstöðu í nefndinni, býst jeg ekki við að fá miklu áorkað um atkvæðagreiðsluna. Sjerstaða mín kemur fram í nál. meirihl. fjhn., sem sje, að jeg tel öll innflutningshöft ótímabær og tilgangslítil. Þessa skoðun hefi jeg ávalt haft. Fyrst, þegar fór að brydda á haftastefnunni hjer, var sú alda uppi í heiminum. Nú er sú breyting á orðin, að aldan er alstaðar að falla. Menn eru alstaðar að hverfa frá innflutningshöftum, enda hefir hvergi orðið neinn árangur af þeim. Í Danmörku hefir innflutningshöftum að vísu verið haldið fram nú fram á síðustu tíma. En þó fór svo, að í nýafstaðinni kosningabaráttu þar í landi, þá veit jeg ekki til, að það mál hafi verið haft á oddinum að nokkrum mun.

Meiningin með innflutningshöftum er auðvitað sú, að lagfæra gengið. Þegar gengishrunið kemur yfir menn, finst þeim það vera eitthvað óskiljanlegt fyrirbæri, og grípa til þeirra ráða, sem eru hendi næst, eins og innflutningshöftin virðast vera. En þó eru þau ekkert ráð. Ef hægt væri að takmarka innflutning á öllum vörum, mætti vænta einhvers árangurs. En það er nokkuð, sem er ómögulegt. Til þess yrði að koma á allsherjar-skömtun undir ströngu eftirliti um land alt, og þó yrði ekki hægt að hindra, að peningar færu á annan hátt út úr landinu.

Þótt ein vörutegund sje bönnuð, kemur eyðslan fram á annari, og menn eru engu nær. Um þetta eru mýmörg vitni á þingskjölunum. Þannig vill minnihl. nefndarinnar láta banna innflutning á cigarettum. Hið eina, sem af því leiddi, yrði aukinn innflutningur á smávindlum. Þannig vill sami hv. minnihl. láta banna innflutning á sætu kexi og kökum. Auðvitað yrði það til þess, að meira yrði flutt inn af ósætu. Sumum þykir það meira að segja betra. Og alstaðar mun bera að þeim brunninum, að eyðslan verður hin sama og áður, þótt eyðsluvörurnar verði aðrar.

Auk þessa má líta á öll þau óþægindi, sem þetta mundi valda einstökum mönnum. Minnihl. vill veita undanþágur. Það er ómótmælanlegt, að slíkar undanþágur hljóta að kippa fótum undan tilgangi frv. Alt er því á eina bókina lært:

tóm vonbrigði og hjegómi. — En enda þótt jeg hafi ekki trú á, að innflutningshöft geri neitt gagn í því efni að bæta gengið, hefi jeg þó viljað ganga svo langt, til samkomulags, að fallast á, að innflutningshaftalögin frá 1920 haldist, en þó með þeirri breytingu, að aðeins megi banna innflutning á ónauðsynlegum vörum. Að vísu má lengi deila um, hvað sje ónauðsynlegt og hvað ekki. Það hefir t. d. verið orðað hjer, að samkvæmt heimildinni í lögum frá 1920 mætti hefta innflutning á salti, þegar nægar birgðir væru til í landinu. Jeg vil því láta vísa þessu máli til stjórnarinnar, með alveg ákveðnum forsendum um það, hvaða vörum megi hefta innflutning á, þannig, að aðeins alónauðsynlegar vörutegundir komi þar til greina. Og má þó gera ráð fyrir því, að bagi geti orðið að því. Hjer hefir t. d. verið rætt um það, hvílík fjarstæða það sje að flytja inn marmara. Mjer er kunnugt um, að maður nokkur, sem bygði hús hjer fyrir skömmu, hafði stigann marmaralagðan eldhúsmegin, og þótti mörgum hin mesta furða. Þegar hann var spurður, hverju þetta sætti, svaraði hann, að það væri ódýrara en að dúkleggja. (ÁF: Þetta er alveg rjett!) Þannig er af misskilningi hægt að stofna til aukinna útgjalda með því að hefta innflutning á því, sem ef til vill virðist óþarft fljótt á litið. En það er til alveg ákveðinn skilningur á því, hvað telja megi óþarfan varning í þessu sambandi. Þingið 1921 feldi úr gildi hin almennu innflutningshöft, sem framkvæmd höfðu verið þá um árs-skeið, en heimilaði þó stjórninni að beita lögunum frá 8. mars 1920 gegn „ónauðsynlegum vörutegundum". Samkvæmt þeim yfirlýsta vilja þingsins, að ekki yrði gengið lengra, gaf stjórnin síðan út reglugerð, þar sem upp voru taldar ónauðsynlegar vörur, sem innflutningur skyldi bannaður á, og tel jeg, að una megi við þá skilgreining, og með því fororði legg jeg til, að máli þessu verði vísað til stjórnarinnar, sbr. till. mín aftan við nál. meirihl. fjárhagsnefndar.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þetta frv., sem hjer er um að ræða, fer fram á að banna innflutning á ýmsum tollvörum. Jeg hefi athugað, hve mikil tekjurýrnun ríkissjóðs verður, ef frv. nær fram að ganga. Tillögurnar hafa að vísu gengið mislangt, en jeg hefi miðað við frv. með brtt. minnihl. Niðurstaða mín varð sú, að tekjurýrnunin á tollvörunum einum saman yrði um 450000 kr., ef miðað er við verslunarskýrslur frá 1921. Jeg hefi líka reynt að reikna þetta út eftir verslunarskýrslum frá 1922, en þær eru ekki svo fullkomnar ennþá, að hægt sje að komast að öruggri niðurstöðu. Vindlar og vindlingar eru þar t. d. gefnir upp í einu lagi. Þó virðist tollurinn heldur hærri samkvæmt þessum skýrslum. En jeg hygg samt, að 450000 kr. sje sú upphæð, er næst verður komist. Þar að auki mundi tapast einhver vörutollur, en um það tjáir ekki að fást.

Hingað til hefir það ekki þótt fært, sökum fjárhags ríkissjóðs, að banna innflutning á tollvörum, enda sje jeg ekki, að hann megi við því. Og það er að minsta kosti alveg óverjandi að ætla að svifta hann þessum tekjum án þess að koma með tillögur í tæka tíð um að bæta honum þetta upp á annan hátt.

Eins og kunugt er, lagði stjórnin fyrir Alþingi frv. um 25% hækkun á tollum og sköttum, sökum gengislækkun-

ar. Þetta frv. er nú orðið að lögum. Það mun láta nærri, að það frv. auki tekjur ríkissjóðs um þá fjárhæð, er þetta haftafrv. vill minka þær um. Jeg fæ ekki sjeð, að hv. deild geti varið það, eftir að hún hefir afgreitt fjárlögin með lítilfjörlegum tekjuafgangi, að fara nú að lækka stórkostlega tekjur ríkissjóðs.

Það er satt, að mikil þörf er á að rjetta við greiðslujöfnuðinn, og öllum skynsamlegum tilraunum í þá átt mun vel tekið. En hinu mun síður vera vel tekið að auka á tekjuhalla ríkissjóðs. Ef einhver ber það traust til núverandi stjórnar, að hún geti bætt hag ríkissjóðs, enda þótt hann sje sviftur tekjuaukum sínum, þá er það annaðhvort oftraust á núverandi stjórn eða vantraust á hina fyrverandi. Ef hv. deild vill fara þá leið að beita innflutningshöftunum, verður hún að taka svo mikið tillit til ríkissjóðs, að fella burtu tollvörur hans. Það má ekki bregðast, eins og jeg þykist hafa sýnt fram á.

Sveinn Ólafsson: Jeg stend upp vegna þess, að jeg á hjer brtt. við frv. Háttv. frsm. minnihl. gat um brtt. mína á þskj. 212, og gaf í skyn, að 1. liður þeirra gæti ekki samrýmst aðaltill. minnihl. Jeg sje, að þetta muni vera rjett athugað, og lýsi því yfir, að jeg tek aftur 1. lið tillagnanna.

Hinsvegar legg jeg mikla áherslu á, að 2. og 3. brtt. mín verði samþykt, því að mjer skilst, að vafasamur árangur muni verða af lögfestingu þessa frv., ef ekki verða sett í það svipuð ákvæði sem þau, er jeg legg til með þessum tillögum mínum, að sett verði. Í þeim eru einmitt öryggisráðstafanir, sem vantar í frv., gegn misferli í viðskiftum, og ákvæði um nauðsynlegt eftirlit, sem setja verður, þegar slíkt aðflutningsbann er lögleitt sem hjer er ráðgert.

Sumt í till. hv. minnihl. kemur dálítið óþægilega við brtt. mínar, einkum brtt. við 4. gr. Sú tillaga virðist óþörf, ef mín brtt. verður samþykt, enda er hún fyllri. Báðar geta að vísu staðist, en þá mundi þurfa að víkja orðalaginu eitthvað til og hefla frv. við 3. umr. Svipað er um síðustu brtt. hv. minnihl. að segja, en slíkar misfellur má laga við 3. umr., og er það lítilfjörlegt formsatriði.

Jeg skal þá leyfa mjer að víkja örfáum orðum að meðferð málsins, eins og það birtist hjer í hv. deild. Eftir undirtektum hv. meirihl. nefndarinnar má ætla, að hann sje í raun og veru hlyntur aðflutningshöftum. Virðist ekki vera mikill ágreiningur um annað en aðferðina, hvort styðjast skuli við lögin frá 8. mars 1920, eða lögfesta frv. það, sem fyrir liggur, eða annað svipað. Vitaskuld er sú skoðun enn uppi meðal nokkurra manna, að innflutningshöft sjeu tilgangslítil eða tilgangslaus, en jeg hygg, að þessi skoðun eigi ekki ýkjamarga formælendur hjer á þingi, auk hv. 3. þm. Reykv. (JakM).

Að bann á aðflutningi ýmiskonar varnings muni verða tilgangslaust til þess að lagfæra gengi íslensku krónunnar, hygg jeg, að fáir geti skilið, ef menn íhuga það, að lággengið er ekki annað en fátækt þjóðarinnar, eða getuskortur til að greiða útlendar skuldir og útlendan varning, sem inn er fluttur. Af því leiðir hugsunarrjett, að til þess að efnahagurinn batni og fátæktin minki, þarf þjóðin að spara við sig. Þótt jeg reki þetta ekki nánar, virðist mjer ekki geta verið róttækur skoðanamunur um það, að þegar öllu er á botninn hvolft, er lággengið afleiðing ofmikillar

eyðslu, sem ætíð leiðir til fátæktar. Það er að vísu rjett, að lággengi getur einnig verið vottur um lamað traust á þjóðinni út á við og ennfremur um vantraust hennar á sjálfri sjer, en þó verður það ekki hrakið, að í insta eðli sínu er það fátækt, afleiðing af kröggum, ekki aðeins ríkisins, heldur og einstaklinganna, því að vantraustið á gjaldgetu vorri er afleiðing fátæktarinnar, en ekki orsök hennar.

En svo ber á milli um aðferðina, hver heppilegust sje. Hæstv. stjórn telur einfaldast að beita heimildarlögunum frá 1920, en miða þó ætíð við, hvað er haganlegast ríkissjóði og rýri minst tekjur hans. Gæti þá svo farið, ef alt ætti að miða við tekjur ríkissjóðs, að stjórnin sæi sjer ekki fært að banna neitt. Það er augljóst, að hve lítið sem bannað er, snertir það hag ríkissjóðs og rýrir tekjur hans. En þegar verið er að reyna að komast úr fátæktinni, verður spurningin um það, hvort rjett sje fyrir 1 milj. kr. tekjur að leyfa innflutning á óþörfum eða þá miður þörfum vörum fyrir 5 milj. kr.

Ef svo væri á litið, að mótspyrnan gegn því að beita lögunum frá 1920 væri á því bygð, að þeir, sem kjósa heldur haftafrv., treystu hæstv. stjórn ekki til að fara með lögin frá 1920, þá er það ekki rjett á litið. Fremur væri ástæða til að líta svo á, að menn styðji þetta frv. af umhyggju fyrir hæstv. stjórn, því að þá, eftir lögfestingu þess, verður vandinn margfalt minni fyrir hana, heldur en ef beita á lögunum frá 1920. Það er vafalaust, að umvöndunin kemur á eftir, ef stjórninni tekst ekki að beita heimildarlögunum svo, að árangur sjáist af, og er hún þá vissulega miklum mun ver sett en hún mundi vera, ef þingið setti slík lög sem þetta frv. Það er auðvitað, að frestur er á illu bestur, og þá líka fyrir hæstv. stjórn að taka við aðfinslunum, en hún stendur áreiðanlega meira berskjölduð fyrir, þegar að því kemur, ef hún á að beita lögunum frá 1920 og svara til gerða sinna eftir þeim.

Það er mjög eðlilegt, að hæstv. fjrh. (JÞ) leggi mikla áherslu á tekjurýrnun þá, sem mundi leiða af höftunum. Kemur það í ljós í hverju máli, sem varðar á einhvern hátt tekjur ríkissjóðs, að hann er þar mjög árvakur. Þetta er ekki ámælisvert, en þó má gera of mikið að því. Það má ekki líta einhliða á ríkissjóðinn, og ef um tvent er að velja, hag ríkissjóðs eða þjóðarinnar, þá er vafalaust miklu meira vert um hag og afkomu þjóðarinnar en ríkissjóðs, sem er ekki nema brot af eignum alþjóðar.

Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta mál, því að margt hefir verið tekið fram af öðrum hv. þm., sem jeg vildi sagt hafa, og hefir hv. 2. þm. Rang. (KlJ) einkanlega svarað og andmælt ýmsum athugasemdum, sem gerðar hafa verið við frv. Þó skal jeg leyfa mjer að benda á, í tilefni af orðum hæstv. atvrh. (MG) og samanburði hans á þeim vörutegundum, sem bannaðar væru í frv., og öðrum, sem mætti banna, en væru ekki teknar í frv., að það tekst aldrei að skera algerlega fyrir rætur alls óþarfs varnings, hvort sem farið er eftir þessu frv. eða lögunum frá 1920. En takast mætti að fara svo langt, að það skifti ekki máli, hvort einstaka óþarfar vörutegundir komist undan. Sýnilega tekst aldrei að ná öllu, fyr en þá seint og síðarmeir, þegar reynslan hefir kent mönnum, en það mundi ekki verða fyr en í lok þess tímabils, sem

þessu banni er ætlað að gilda, og mundi það þá litlu máli skifta.

Frsm. minnihl. (Halldór Stefánsson): Þegar það var orðað að slíta umræðum, þótti mjer það alger óþarfi um jafn mikilsvert mál, þegar á það er litið, hve langar umræður eru um ýms smámál. Hinsvegar skal jeg ekki lengja mjög umræðurnar, hvorki tala langt mál nje gefa sjerstakt tilefni til andsvara.

Jeg skal þá fyrst víkja að þeim orðum hæstv. atvrh. (MG), að traust landsfólksins til stjórnarinnar mundi miklu varða um afstöðu manna til þessa máls. Þetta er ekki aðalatriðið fyrir mjer. Jeg treysti hæstv. atvrh. (MG) allvel í þessu máli, og hefir hann gefið yfirlýsingu, sem gefur ástæðu til að treysta því, að hann muni framkvæma lögin frá 1920 og beita innflutingshöftunum allstranglega. En heimildarformið er miku erfiðara til framkvæmdar heldur en ákveðin lög um aðflutningsbann. Um aðfinslur hæstv. atvrh. (MG) við frv., að það gangi ýmist of langt eða of skamt, er það að segja, að þetta er jafnan álitamál, og má ef til vill til sanns vegar færa margt, er hann sagði. En það er engin ástæða til að vera andvígur frv., því að enn er tími til að auka við það eða draga úr, eftir því sem mönnum kemur saman um. Jeg hefi líka áður bent á aðra úrlausn á þessu, annaðhvort taka upp í frv. heimild fyrir stjórnina til þess að banna innflutning á fleiri tegundum en þar eru taldar, eða láta heimildarlögin frá 1920 standa óhögguð, þó að þetta frv. verði að lögum. Annars skal jeg ekki ræða um einstök atriði, sem hæstv. atvrh. (MG) nefndi. Jeg get tekið undir margt af því, sem hann sagði, og skal ekki standa á mjer að taka það til athugunar síðar við meðferð málsins, ef þess verður auðið.

Jeg vil benda á, að það, sem kallað er fölsk kaupgeta, getur stafað af öðru en lánum; hún getur líka komið af auknum tekjum af tollum, og þó að það sje ef til vill ekki að öllu leyti það sama, þá er það þó nokkuð líkt. Jeg vil því taka undir með hv. frsm. meirihl. (JAJ), að aðalatriðið á að vera sparnaður á tekjum ríkissjóðs, bæjar- og sýslufjelaga og einstaklinga, sparnaður á öllum sviðum. En frv. hnígur einmitt að því að reyna að fá framgengt meiri sparnaði en verið hefir.

Þá vil jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. stjórn, hverjar tryggingarráðstafanir er auðið að gera um verðlag á vörum í landi hjer, með þeim heimildarlögum, sem hún vill beita. Jeg veit ekki, hvort slík heimild er til, sem beita mætti jafnframt lögunum. Í heimildarlögunum sjálfum eru engin slík ákvæði. Meðan ófriðurinn mikli stóð yfir, voru að vísu lög, sem heimiluðu að skipa verðlagsnefnd, en þau lög voru tímabundin við ófriðarástandið, og þori jeg ekki að fullyrða, hvort nokkur heimild er enn í lögum, er geti trygt menn gegn of háu verðlagi. Ef svo er ekki, er það bert, að þetta frv. er tiltækilegra en lögin frá 1920.

Hæstv. fjrh. (JÞ) hafði rannsakað, hve miklu næmi sú tekjurýrnun, sem samþykt þessa frv. mundi baka ríkissjóði, og komst að þeirri niðurstöðu, að hún mundi vera um 450000 kr. Jeg skal ekki vefengja þetta, og væri lítt afsakanlegt að samþykkja slíkan tekjumissi, ef ekkert hefði verið gert til þess að afla nýrra tekna í staðinn. En þegar við í minnihl. gengum að verðtollsfrv., sem ætlað var að myndi gefa 1 milj. kr. tekju-

auka, enda þótt bannaður yrði innflutningur að miklum mun, var það með það fyrir augum, að tekjurýrnun myndi verða af innflutningshöftunum. Er ekki víst, að það frv. hefði verið samþykt viðstöðulaust hjer í hv. deild, ef ekki hefði verið gengið að því með þessum skilningi af okkar hálfu. Annars virðist mjer auðheyrt, að nokkurt ósamræmi er á milli hæstv. ráðh. (MG og JÞ) um það, hversu víðtækt höftunum skuli beitt. Hæstv. fjrh. (JÞ) ætlast ekki til, að banninu verði beitt svo freklega samkvæmt heimildarlögunum, að af því stafi veruleg tekjurýrnun. En það er atriði, sem mjög mikið hefir verið gert úr, sambandið milli bannsins og tekjurýrnunarinnar. Virðist mjer hæstv. fjrh. (JÞ) líta nokkuð einhliða á málið og sjá lítið annað í þessu máli en tekjur ríkissjóðs. En margs er að gæta, og víðar er veikur hagur en ríkissjóðs, og það er það, sem þetta frv. á að reyna að bæta úr Það á að leiða til almenns sparnaðar og nýtni á það, sem er fyrir hendi, losa bundið fjármagn, sem liggur í óþarflega miklum vörubirgðum, minka gjaldeyrisþörfina og jafnvel bæta atvinnuleysið með því að stuðla að auknum iðnaði innanlands, og má alt þetta gera án þess að draga úr framleiðslunni. Heildarhagurinn virðist ekki missa neins í, þó að eitthvað kynni að tapast úr ríkissjóði, því að hann hefir því betra tækifæri til að efla hag sinn sem hagur almennings, er undir stendur, er betri. Hæstv. fjrh. (JÞ) vildi skora á hv. deild að draga undan tollvörur, ef frv. yrði samþykt. Þetta gæti komið til álita; málið er ekki komið svo langt, að allar leiðrjettingar og lagfæringar geti ekki komist að.

Jeg finn enga ástæðu til þess að víkja að ummælum hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Það er alkunnugt, að skoðanir hans eru nokkuð sjerstæðar, og geri jeg ekki ráð fyrir, að betur gangi hjeðan af en hingað til að gera upp við hann. Hv. þm. virðist sem fyr gleyma því, að bannið á ekki að hafa þann einn árangur að hefta innflutning, heldur og fá menn til að nota ódýrar vörur og efla innlenda framleiðslu og hagsýni um það, sem eytt er og notað.

Hv. þm. vildi telja þessa stefnu sem nokkurskonar átrúnað almennings, sem sprottinn sje af undirróðri blaða og einstakra manna. Nú hefir enginn betri aðstöðu en hv. þm. til að innræta almenningi skoðun sína. Hann ræður yfir fjöllesnu blaði, og er því undarlegt, að honum skuli ekki hafa tekist betur að fá almenning til þess að aðhyllast skoðun sína. En þó að menn hafi oft lítið álit á skoðun almennings, er hún þó oft rjett; hún er e. t. v. oft ekki síður bygð á tilfinningu en ályktunum af hugsunum, og þær geta oft ekki síður bent á rjetta leið.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um málið. Um það verður að fara sem auðið er. En það vil jeg taka fram að lokum, að verði frekar hallast að heimildarlögunum og árangur verði minni af banninu en líkur þykja til, þá er það ekki okkar sök, sem leggjum það til, að þingið ráði, en ekki stjórnin.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Magnús Torfason: Allir þm., jafnvel hv. 3. þm. Reykv. (JakM) geta undir-

strikað þau orð, er standa fyrir neðan nál. (MJ: Á að fara að neyða menn til að taka til máls?) Það var óþarft fyrir hann að munnhöggva mig, og virði jeg það vettugi, en sný mjer að málinu sjálfu.

Það sem því deilan stendur um, er ekki það, hvort innflutningshöft skuli haldast eða ekki, heldur, hve langt skuli gengið á þeirri braut. Annar flokkurinn vill, að haftavaldið sje hjá þinginu, en hinn vill hafa það hjá stjórninni, og um þetta er barist. En það einkennilega er, að umræðurnar snúast ekki um það, heldur um hitt, hver eigi að fara með haftavaldið. Og er ekkert um það að segja annað en „klipt var það, skorið var það." Nú ef aðeins væri um þessar tvær leiðir að ræða, kýs jeg heldur, að valdið sje hjá þinginu. Fyrst og fremst er það af því, að jeg er þingmaður, en ekki stýrimaður. Í öðru lagi stafar það af því, að þótt hv. atvrh. (MG) sje höftum hlyntur, er jeg ekki viss um, að hann sje einráður í þessu efni.

En í þessu máli er ekkert „annaðhvort eða." Það er nefnilega til miðlunarleið. Það eru til vörur, sem öllum kemur saman um að eigi að banna, og líka til vörur, sem öllum kemur saman um, að ekki sje hægt að banna innflutning á. En svo er til flokkur af vörum, sem á að takmarka innflutning á, eftir að rannsakað hefir verið, að hve miklu leyti það sje fært. En sú rannsókn hefir ekki farið fram, af því stjórnhaftaflokkurinn hefir neikvæða aðstöðu til haftafrv. Væri þetta ráð tekið, að hafa miðflokk, hefði þingið vissu fyrir því, að tilgangi haftalaganna yrði náð í öllum verulegum atriðum. Með þessu móti væri stjórninni gefið vald til að undanþiggja ákveðnar vörutegundir og finna leið til að tryggja hagsmuni ríkissjóðs, og atvinnumálaráðherra losaður við nudd kaupmanna viðvíkjandi undanþágum og ljett af honum öllum hugraunum um það, hvort hann á að prjóna í dag, hekla á morgun og knipla þriðja daginn.

Jeg skal ekki að svo stöddu fara út í einstök atriði till. minnar, en víst er um það, að hún raskar bæði frv. og reglugerðinni frá 11. mars 1920, og breytir grundvelli haftamálsins. Þar er aðeins gert ráð fyrir að hefta innflutning á óþörfum vörum, og vitanlega er þar gengið of skamt, því að nú eru þingmenn sammála um að draga þurfi úr innflutningi á vörum, er ekki geta talist beinlínis óþarfar. Jeg er sammála hæstv. atvrh. (MG) um það, að varhugavert geti verið að fastákveða innflutning með lögum, en víst er, að ekki er síður varhugavert að láta stjórnina leika lausum hala, ekki síst á meðan svo fengsamur fjármálaráðherra er við stýrið og nú.

A. m. k. býst jeg ekki við, að bannaður yrði innflutningur á sumum vörum, er vera ættu í milliflokknum, til langframa, og því er sjálfsagt að hafa þær í sjerstökum flokki, og veita stjórninni rjett til að veita undanþágur frá innflutningsbanni á þeim. Reynslan verður auðvitað að skera úr, hvort banna skuli innflutning á þessum vörum og hve lengi. Og það er til eitt fyrirbæri, er segir til, hvenær slakað skuli á höftunum. Það er verðið. Þegar of lítið er orðið af vörum í landinu, verður farið að okra á þeim.

Því á stjórnin að fá vald til að leyfa undanþágur. En að veita einstökum mönnum þessar undanþágur, er jeg algerlega mótfallinn. Það býr til misrjetti

og óánægju, og er engin trygging fyrir, að það komi í veg fyrir okur. Því er rjettara að veita landsverslun einkasölu á sumum af þessum vörum, eða leyfa alveg frjálsan innflutning í bili. Einmitt sú aðferð mundi verða til þess að halda okri niðri. Ef menn ættu stöðugt innflutningshöft yfir höfði sjer, myndu þeir ekki fara að liggja með vörur í því skyni að okra á þeim. Ef þetta næði fram að ganga, þrengdist svið haftadeilunnar að miklum mun. Deilan hlyti að standa um það eitt, hvaða vörur lentu í miðflokknum. Jeg hefi nú áður tekið fram, að þar ættu að lenda vörur, sem ekki gætu talist óþarfar, en þó væri ástæða til að takmarka innflutning á. Sumir vildu koma mörgum vörum í þennan flokk, aðrir fáum, og mundi þá barist um fáeinar vörutegundir, en æsingamál gæti það aldrei orðið, því um stórmál væri hjer ekki að tefla.

Það hefir verið sagt, að þetta mál sje einn þátturinn í gengismálinu. Því er ekki að leyna, að fyrsta og helsta starf þessa þings átti að vera viðreisn gengisins, en einn þátturinn í því er vissulega höft. Um það eru allir sammála, að þau bæti verslunarjöfnuðinn og að það sje einna mest áríðandi fyrir oss.

Hinsvegar hefir það verið haft gegn höftunum, að þau dragi úr greiðslu ríkisskuldanna, sem allmikil áhersla hefir verið lögð á að greiða. Það þarf þó ekki að vera að öllu leyti. Árangurinn af þessum ráðstöfunum á að vera sá, að gengið hækki, en við það minka vextir og greiðslur af erlendum lánum, og nýtur ríkissjóðurinn þess. En það nær ekki til ríkissjóðsins eins, heldur og til annara stofnana, svo sem bankanna. Þessa er ekki getið í nál., og þykir mjer það merkilegt, þar sem bankarnir hafa farið fram á, að sett yrðu nokkur höft, og telja þeir það fyrsta ráðið til þess að laga verslunarjöfnuðinn gagnvart útlöndum. Nú er það vitanlegt, að bankarnir skulda ófafje í útlöndum, og stendur þeim því ekki á sama um, hvort gengið hækkar eða lækkar. Og þá verð jeg að segja það, að jeg tel óvíst, hvort framar á að meta, að ríkissjóður missi nokkur hundruð þúsunda af tekjum sínum, eða bönkunum sje hjálpað til að losna við erlendar skuldir. Hæstv. stjórn tekur á sig mikla ábyrgð, ef hún gengur í gegn tillögum bankanna, því að það er víst, að þeir þurfa stuðnings.

Jeg hefi áður í þingræðu tekið fram, að jeg, sem margir aðrir, tel hækkun gengisins aðalbjargráð vort. Einmitt þessvegna tel jeg nauðsyn á skörpum höftum í bili, einkum þar sem horfur eru á því, að engum öðrum bjargráðum í þessu efni fáist framgengt nú á þingi. Þar sem þetta er talið koma illa niður á kaupmönnum, tel jeg skakt á litið af þeim að vera andstæðir skörpum höftum í svip. Það er víst, að ef oss tekst að skapa traust á krónunni, svo að gengið tæki að hækka, mundi það draga úr nauðsyn aðflutningshafta, þá mundi enginn kaupmaður þora að birgja sig upp, vegna þess tjóns, sem hann kynni að hafa af því, að vörurnar lækkuðu í verði í útlöndum, og mundi það verða til þess, að í landinu væri eins lítið af vörum og minst má komast af með. En þegar svo er komið, má slaka á höftunum, tilganginum er þá að miklu náð, og nauðsyn þeirra miklum mun minni. Með skörpum höftum verður því þrautin stutt hjá atvinnurekendum þeim, sem hafa tjón af þeim.

Það var tekið fram í ræðu í gær, að Danir hafi sýnt það við nýafstaðnar

kosningar, að þeir væru mótfallnir höftum. Jeg verð að segja, að jeg skil ekki mælt mál, ef þessu er þannig varið. Jeg veit ekki betur en að þeir flokkar, sem urðu ofan á, sjeu einmitt með höftum.

Þá er eitt atriði, sem jeg tel að geri það óhjákvæmilegt, að þingið setji nú lög um innflutningshöft. Þetta frv. hefir verið rætt mjög í erlendum blöðum, og einkum dönskum, og höfum vjer fengið þar gott lof fyrir þessa bjargarviðleitni vora. Þar eru þessi mál í hinni mestu óreiðu, og er það að heyra á blöðunum, að þau öfundi oss af því að hafa kjark til að hafast eitthvað að. En það er ekki einskisvert fyrir oss, hvernig Danir líta á þetta mál, þar sem það er nú komið fram, að íslenska krónan er bundin hinni dönsku. Jeg held því fast við það, að ef vjer bregðumst því trausti, sem útlendir hafa á þessari bjargarviðleitni vorri, þá muni það hafa tilfinnanleg áhrif á gengið. Jeg tel því, að ekki megi fella frv., heldur sje skylda þingsins að láta það ganga fram í einhverri mynd. Í öðru eins máli og þessu er það skylda hæstv. stjórnar að draga hugi manna saman, en gera ekki neitt til þess að draga þá sundur, en það gerir hún, ef hún legst á móti frv.

ATKVGR.

Till. frá 3. þm. Reykv. (JakM), sbr. þskj. 340, að vísa málinu til stjórnarinnar, samþ. með 14 : 13 atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Vatnsorkusjerleyfi.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um vatnsorkusjerleyfi (stjfrv., A. 7).

Á 3. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Þessi vatnalög eru búin að vera alllengi á döfinni, eins og kunnugt er; fyrst hjá milliþinganefndinni, en síðan hafa þau legið fyrir 4—5 þingum. Fyrst í fyrra tókst Alþingi að binda enda á annað frv., þ. e. vatnalögin, en þetta frv. varð eftir óútrætt. Bæði þessi frv. voru lögð fyrir Ed. í fyrra, og þetta frv., sem hjer er um að ræða, komst svo langt, að það varð samþykt við 2. umr. í Ed. Ef tími hefði þá enst til þess að ganga frá frv. þar, er enginn vafi á því, að það hefði þá verið mjög í sömu mynd og þetta frv. En það komst ekki til Nd. í það sinn, og því áleit jeg rjett að leggja frv. nú fyrir þessa háttv. deild, til þess að hún eigi einnig kost á að sjá frv. og fjalla um það. Breytingar þær, sem Ed. í fyrra gerði á frv. stjórnarinnar, álít jeg mjög til bóta, einkum tvær þeirra, lenging sjerleyfistímans og ákvæði um árgjaldið. Frá mínu sjónarmiði sjeð er það stór kostur á frv., að sjerleyfistíminn var lengdur, úr 55 upp í 75 ár. Jeg álít það meiningarlaust að vera að gefa kost á sjerleyfi, en um svo stuttan tíma, að fyrirsjáanlegt er, að ekkert fjelag þorir að leggja út í starfrækslu í stærri stíl. Ekkert fjelag og enginn einstakur maður þorir að starfrækja orkuver eða leggja út í stóriðju með sjerleyfi til stutts tíma; það gera menn yfirhöfuð ekki, nema það sje víst, að umráðin yfir orkuverunum og öðru vari svo lengi, að fyrirtækin geti borgað sig og gefið sæmilegan arð, sem ekki verður á fáum árum. Hitt atriðið, sem jeg tel til bóta, er, að ákveðið er í frv., að árgjaldið skuli haldast óbreytt um ákveðið árabil. Enda segir það sig sjálft, að það er afarerfitt fyrir fjelög eða einstaklinga að leggja út í stóriðju, ef það má búast við, að árgjaldið hækki eftir örstutt árabil. Menn verða að hafa vissu um það, að árgjaldið breytist ekki um æði-langt skeið, og á því byggja menn útreikninga sína, að árgjaldið haldist óbreytt um tiltekið, alllangt árabil. Jeg hefi verið í stjórn fjelags, sem, eins og kunnugt er, hafði áformað að starfrækja orkuver í Þjórsá, ef sjerleyfi hefði feng-

ist, og er jeg því persónulega kunnugur, að það hefði alls ekki komið til mála, að fjelagið gæti hagnýtt sjer leyfið, þótt fengist hefði, ef árgjaldið hefði verið ákveðið og miðað við lægri árafjöldann. Það hefði alls ekki sjeð sjer fært að leggja út í þetta. Aðrar breytingar, sem Ed. í fyrra hefir gert á frv., eru fremur lítilvægar, en að mínu áliti þó heldur til bóta.

Um leið og jeg nú legg þetta frv. fyrir háttv. Nd., vona jeg, að henni vinnist tími til að ljúka nú loksins þessu máli, sem svo lengi hefir verið á ferðinni, enda þótt tímarnir sjeu nú ekki eins hentugir og var fyrir 4—5 árum síðan. Þá mundi hafa verið byrjað á starfrækslu hjer, ef sjerleyfislögin hefðu verið til. Nú eru ekki mikil líkindi til, að þau verði notuð fyrst um sinn; málið er ekki lengur praktiskt, því góðu tímarnir eru horfnir, tækifærið er liðið hjá. Þó tel jeg rjett vera að binda enda á málið nú á þessu þingi, og vona jeg, að háttv. deild taki þessu frv. vel og annaðhvort vísi því til allshn., eða þá setji sjerstaka nefnd í það, ef deildin vill það heldur. Í fyrra var þetta mál í Ed. í allshn., en ef háttv. deild vill heldur kjósa sjerstaka nefnd í málið, má hún það fyrir mjer.

Bjarni Jónsson: Það er rjett, sem hæstv. atvrh. sagði, að það er kominn tími til, að vatnamálunum ljúki á Alþingi. En um hitt er jeg honum ekki sammála, að þessi frestur, sem á málinu hefir orðið, sje úr hófi tiltakanlega langur. Í flestum löndum öðrum hefir þessi löggjöf tekið lengri tíma. Mál þetta mun hjer hafa verið tekið upp um 1917, og er því aðeins um hæfilegan tíma að ræða, og enda tel jeg þenna frest hafa verið heppilegan og málefninu góðan. Það er hepni, að rás viðburðanna sló niður öfgadraumana um gullið, sem fallvötn og fossar áttu að vefa landi og þjóð. Þá dreymdi menn fagra drauma um stóriðju vatnsorkunnar og margt glæsilegt, er með henni fylgdi, og þá voru þeir vart taldir í húsum hæfir, sem í móti þessu mæltu. En þetta er eðlileg tímanna rás. Rjett fyrir ófriðinn ultu mörg fyrirtæki af þessu tæi um koll, enda stóðu slík fyrirtæki mjög tæpt víða erlendis, t. d. í Noregi Eydeverksmiðjurnar. En er ófriðurinn kom, komst alt í uppnám, sakir þess, að þörfin á sprengiefni jókst úr hófi, og voru gerðar kröfur til mjög aukinnar framleiðslu, og græddu fyrirtækin þá of fjár, sem nú hafa lítinn eða engan gróða.

Nú veit jeg ekki, hvernig stóriðjunni vegnar í Noregi, en jeg hygg, að líkt mundi hafa farið hjer, ef stóriðja hefði verið hafin fyrir þennan tíma. Hygg jeg nú, að yfir höfuð hafi álit manna skýrst á þessum málum, og nú vilji menn ekki renna blint í sjóinn um það, hvort þessi fyrirtæki muni borga sig. Álita nú margir, að það sje mjög hæpið, að nokkur stóriðja geti borið sig hjer á landi, og flestir hallast nú að því, að hjer sje ekki um annan auð að ræða en kraft, afllindir, sem geymdar eru þjóðinni til þess að hún taki þær í sína þjónustu jafnóðum og hún þarf þess með sjálf.

Að því er snertir undirbúning málsins í nefndinni, sem jeg þó og hefi verið nokkuð við riðinn, tel jeg hann góðan. Jeg tek mark á því, að hjer er venjan að telja eftir mönnum, ef þeir fá borgun fyrir verk sín; en í þessu máli hefir mjög lítið verið talið eftir, og skil jeg það svo, að menn hafi verið sann-

færðir um, að vel hafi verið unnið. Jeg held jeg megi segja fyrir hönd meirihluta nefndarinnar, og tel jeg það ekki raup, að hann hafi lagt góð frv. upp í hendur stjórninni. Allar breytingar, sem gerðar hafa verið á frv. nefndarinnar, horfa til hins verra. Draumaruglið gerði það að verkum, er vatnalögin voru lögð fyrir þingið, að þau urðu talsvert lakari en frv. meirihl. milliþinganefndarinnar, því að stjórnin hafði lagt sjereign á vatni til grundvallar. Þessu frv. til sjerleyfislaga, sem hjer er lagt fram, er í mestu haldið til frv. meirihl. milliþinganefndarinnar, þó að breytingar sjeu á stöku stað, og þykir mjer öllu betur, að það er komið fram. Samverkamaður minn í meirihl. milliþingan. tók skýrt fram í nál., sem við sömdum í fyrra og lagt var fram á síðasta þingi, að þessi sjerleyfislög gætu á engan hátt samrýmst frv. stjórnarinnar til vatnalaga, sem samkv. 2. gr. var bygt á sjereignarstefnu, áður henni var breytt, en allsherjarstefnan var grundvallarstefna sjerleyfislaganna, enda óhugsandi að bera þau fram á öðrum grundvelli, því hitt yrði til þess að opna allar dyr. Með því að leggja fram þetta frv., sýnir stjórnin skilning sinn á þeirri breytingu, sem gerð var á 2. gr. vatnalagafrv. Með þeirri breytingu var allsherjarstefnan ákveðin í vatnalögunum, og því víkur stjórnin brott frá sjereignarstefnunni, en hverfur yfir til allsherjarstefnunnar. Hefði stjórnin lagt annan skilning í þetta, mundi hún hafa lagt fram sjerleyfislagafrv. minnihl., sem bygðist á sjereignarstefnunni, og samið var eftir norskum lögum. Enda þótt það, sem fram fór á Alþingi í fyrra, sje mönnum enn að vísu í fersku minni, vil jeg þó minna á 2. gr. í frv. stjórnarinnar til vatnalaga; þar segir svo — með leyfi hæstv. forseta: „Landareign hverri fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, með þeim takmörkunum, sem lög og venjur setja." Þetta er, eins og sjá má, greinileg skilgreining á fullum eignarrjetti, og þegar einstaklingur á í hlut, verður löggjöfin að takmarka notkun hans, ef hún vill ekki þola hana án takmarka. Að afnema eignarrjettinn er ekki hægt samkvæmt stjórnarskrá vorri, og því verður að takmarka hann. Samkvæmt brtt. okkar meirihl.-manna í milliþinganefndinni var 2. gr. vatnalagafrv. breytt, og hljóðar því 2. gr. vatnalaganna nú svo — með leyfi forseta:

„Landareign hverri fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila."

Jeg og samverkamaður minn í nefndinni í fyrra erum báðir vel minnugir og þakklátir hæstv. atv.- og fjrh. (KlJ) fyrir þá mikilvirku aðstoð, sem hann þá veitti okkur, og er það honum að þakka, að þessari breytingu varð komið á, og breytingin er afar þýðingarmikil. Hjer er í lög leidd notkunarheimild á hlut, sem annaðhvort er ríkiseign eða res nullius, auk þess herðir það á og skýrir stefnu laganna, að skilgreining eignarrjettarins var í frv. stjórnarinnar, en var feld í burtu úr greininni af þinginu, og í staðinn sett afnota- og umráðaheimild. Sýnir þetta, að þingið leit svo á, að hjer væri um allsherjareign eða res nullius að ræða, og er þar með allsherjarstefna vatnalaganna ákveðin. Þar sem nú að allsherjarstefnan hefir sigrað, get jeg vel verið með þessu frv. til sjerleyfislaga, en ekki hefði mátt eiga

sjer stað, að þau yrðu leidd í lög, ef sjereignarstefnan hefði sigrað. Þó vil jeg leyfa mjer að nefna nokkur atriði, þar sem þessu frv. hefir verið breytt til hins verra frá frv. meirihl. milliþinganefndarinnar, sem það er að mestu leyti samhljóða í höfuðatriðunum. Er sjerleyfistíminn lengdur að stórum mun; í 11. gr. þessa frv. stendur, að tímalengdin megi vera alt að 75 árum í stað 55 ára, sem nefndin hafði í till. sínum látið sjer lynda, eða með öðrum orðum, lengdur tíminn um 20 ár og gert að 3 aldarfjórðungum, sem sjerleyfin megi standa.

Sakir þess, hversu alt er nú á annan veg en var á uppvaxtarárum okkar, sem hjer sitjum, er þetta alt of langur tími, og stórhættulegt að binda sig um svo langt skeið. Það, sem áður tók tugi ára, ryðst nú yfir oss á einu, tveimur eða þremur árum. Það hafa orðið ýmislegar og víðtækar breytingar í viðskifta- og þjóðlífi voru, sem og annara þjóða, og nýir straumar og öflugir eru komnir til, sem setja allar breytingar miklu örar yfir nú en menn óraði fyrir áður, og er því alls ekki viðunandi að hafa slík sjerleyfi svo langlíf sem hjer er farið fram á. Þeir, sem mesta hafa reynsluna í þessum efnum, eru altaf af stytta sjerleyfistímann hjá sjer. Það var einn milliþinganefndarmaður, sem nú á ekki setu hjer, er hafði kynt sjer mjög vatnamál í Vesturheimi; á hann son þar vestra, sem þar er orðinn nákunnugur, og segir hann í brjefum sínum, að þar hafi menn byrjað á 100 ára sjerleyfistíma, en síðan iðrast eftir, og væru nú einlægt að stytta tímann, eftir því sem því yrði viðkomið, og væri nú komnir niður í 30—35 ár. Þessvegna álít jeg 55 ár fullríflegan tíma, og að ekki komi til mála að hafa hann hjer lengri. Það telja allir, sem vanir eru slíkum fyrirtækjum, að ef þau borgi sig ekki á 30—35—40 árum, eigi alls ekki að leggja í þau, því þá geri þau það aldrei. Þessi 55 ára tími ætti því fullkomlega að nægja hjer.

Svo er 33. gr. frv. Hún kveður svo á, að landsstjórninni sje heimilt eftir 40 ár að taka vatnsvirkjunina í sínar hendur. Meirihl. vatnamálanefndar lagði aftur á móti til, að þetta mætti gera hvenær sem væri, einungis með 5 ára fyrirvara, enda verð jeg að líta svo á, að þetta sje heppilegra. Þau 40 ár, sem frv. ákveður, eru auðvitað miðuð við hinn langa sjerleyfistíma. Vonast jeg til þess, að nefnd sú, sem væntanlega fjallar um þetta, lagi þetta, ásamt fleira, sem miður fer í frv.

Að lokum er svo í 2. lið 27. gr. breyting á orðalagi frá því, sem var hjá nefndinni. Tel jeg, að nefndin hafi þar komist skýrar að orði, og því rjett að taka upp hennar orðalag.

Jeg vildi segja þetta við 1. umr. málsins, í því skyni að þurfa síður að ónáða nefndina seinna, er hún skilar málinu til 2. umr. Efast jeg ekki um, að hún muni fallast á þetta, sem jeg hefi nú sagt, og lagfæra þann ágalla.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal ekki fara langt út í viðauka þann við mál þetta, sem nú er fram kominn hjá háttv. þm. Dala. (BJ). Hann kvartaði um það, að breytingar þær, sem hann hefði borið fram á síðasta þingi við vatnalögin, hefðu eigi komist fram, en það frv. hefði verið skemt af áhrifum minnihl.-stefnunnar frá 1919.

Jeg ætla ekki að innleiða neina nýja deilu um það mál nú, en aðeins mótmæla sem fjarstæðu öllum hans kenn-

ingum um ríkisumráð vatna á einstakra manna löndum. Að vísu skal jeg játa, að svo leit út á síðasta þingi sem margir gerðu sjer ekki ljóst, hvert stefndi með ákvæði þeirra laga um þau umráð. Skal jeg sem dæmi benda á það, að við breytinguna, sem gerð var á 2. gr. laganna, fjell burtu skilgreining á rjetti, sem annars er hvervetna í lögunum viðurkendur, umráðarjetti landeiganda yfir vatninu. Við það urðu lögin álappaleg og skemdust, þótt þau geymi að öðru leyti skýr ákvæði um eignarumráð landeiganda, og einmitt þessarar skemdar vegnar vildi jeg ekki samþykkja þau. En það er einmitt þessi skemd laganna, sem háttv. þm. Dala. er nú að fagna yfir og flagga með, þótt ekki snerti þetta mál.

Margar af vatnsiðjuþjóðunum hafa engin sjerleyfislög, eins og þau, sem hjer er lagt til að sett verði, heldur hafa þær allar sjerleyfistakmarkanir í almennum vatnalögum. Aðrar hafa aftur á móti sjerstök lög um þetta efni. Engin þjóð hefir þau jafnítarleg og Norðmenn. Er tilgangur þeirra sá, að takmarka svo rjett þeirra manna, sem eiga mikilli vatnsorku yfir að ráða, að þeir geti ekki unnið þjóðfjelaginu ógagn með stórfeldum fyrirtækjum með útlendu fjármagni eða orðið þeirri innlendu stóriðju ofjarlar. En auk þess að verja með því móti minni máttar þjóðfjelag fyrir erlendu peningavaldi, er þar einnig haft fyrir augum að tryggja ríkinu álitlegar tekjur af stórfeldum vatnsiðjufyrirtækjum.

Að nokkru leyti eru þessi öryggisákvæði komin inn í vatnalögin frá síðasta þingi, t. d. þar sem umráðamanni vatnsrjettinda er bannað að virkja án stjórnarleyfis meira en 200 hestöfl.

Fyrir milliþinganefndinni 1919 vakti einnig þetta skýrt. En hún klofnaði, svo sem kunnugt er, um það, hver ætti vatnsrjettindin, landeigandi eða ríkið. Þess var því að vænta, að frv. meiri- og minnihluta yrðu ólík að ýmsu leyti, og kom sá munur fram bæði í vatnalagafrv. og frv. til sjerleyfislaga. Það er rjett hjá hv. þm. Dala., að frv. meirihl. liggur aðallega til grundvallar fyrir þessu frv., sem hjer er fram borið. Af þeim sökum er sá stóri galli á þessu frv., að það kemur hvergi fram, að sá, sem sækir um sjerleyfi, þurfi að eiga vatnsrjettindi. En svo er það þó hjá öðrum þjóðum, að eignarheimild að vatninu verður fyrst að sanna. Frv. er að þessu leyti í anda meirihl. En margt er í því að öðru leyti, sem er gerólíkt samkynja lögum hjá öðrum þjóðum. Hjer eru settar flóknar reglur um það, hvernig umsókninni eigi að vera hagað og hvernig eigi að stíla þær. Norðmenn leggja aftur á móti meiri áherslu á það, hverjum veita eigi sjerleyfið og kvaðir þær, sem umsækjandi verður að gangast undir vegna verkalýðs, dvalarhjeraðs og ríkis. Þar er mjög lítið um þetta endalausa form, sem er svo fyrirferðarmikið í þessu frv., að umsækjendum veitir sjálfsagt ekki af að hafa lögfræðing til aðstoðar bæði að baki og brjósti og verkfræðing til hvorrar handar. Er líkast sem lögin væru samin í því skyni að veita þessum mönnum atvinnu. Hinsvegar kannast jeg við, að ýms ákvæði, sem þörf eru, hafa verið tekin upp úr lögum Norðmanna. Skal jeg t. d. nefna ákvæðin um það, hvernig fara eigi með hlutabrjef í vatnsvirkjunarfyrirtækjum til varnar því, að þau komist á fárra manna hendur. Það vantaði í frv. meirihlutans.

Jeg lít svo á, að þetta frv. þurfi að breytast í verulegum atriðum, til þess að það geti orðið fyllilega nothæft. Þar þarf að koma fram meðal annars, að hver sá, sem sækir um sjerleyfi, þurfi að eiga vatnsrjettindi, því að í vitund fólksins eru vatnsrjettindin í höndum jarðeigandans, og hinsvegar leiðir af skilyrðum um algerða afhendingu til ríkisins að loknum sjerleyfistíma, að leyfishafi verður að eiga það, sem hann afhendir. Hjá Norðmönnum er þessi varnagli sleginn, og getur leigurjettur á vatnsrjettindum ekki komið þar til greina í sambandi við sjerleyfi.

Um þær breytingar, sem gerðar voru á frv. í Ed. á síðasta þingi, skal jeg ekki fjölyrða að sinni. Það má vera, að það, að sjerleyfistíminn er lengdur, styðji að því, að sótt verði um sjerleyfi. En jeg met það lítils. Jeg er ekkert fíkinn í vatnsvirkjun útlendinga. Jeg er að svo stöddu alls ekkert fíkinn í neina stóriðju. Jeg tel hana óholla fyrir menningu þessarar fámennu þjóðar, og óska einskis frekar en að hún dragist, eða útlendingavastrið. En þegar þjóðinni vex fiskur um hrygg og hún getur sjálf hagnýtt afllindirnar, þá er alt öðru máli að gegna. Þá getur það orðið til þrifa og framfara, sem nú gæti valdið menningartjóni. Er mjer því ósárt um, þótt stóriðjan og virkjanirnar dragist enn um hríð.

Annars vil jeg benda á það, að eins og nú er um búið, þá eru litlar líkur til þess að slíkar umsóknir komi fram. Slík fyrirtæki þykja nú ekki lengur neitt ýkja-gróðavænleg, og auk þess er sjerleyfisgjaldið mjög hátt eftir frv., jafnvel að mínu viti óaðgengilegt. Býst jeg við, að flestum vaxi það í augum, enda harma jeg það ekki.

Af þessum sökum læt jeg mjer liggja í ljettu rúmi, hvort þetta frv. til sjerleyfislaga nær fram að ganga á þessu þingi eða ekki.

Það skiftir litlu máli, hvort frv. er sett í sjerstaka vatnamálanefnd eða vísað til allshn. En verði því vísað til allshn., sem jeg tel öllu viðfeldnara, þá væri ef til vill rjett að bæta 2 mönnum við þá nefnd, því hún hefir nú, eins og kunnugt er, þegar allmikið á sinni könnu, og er auk þess ekki sjerstaklega skipuð með hliðsjón af þessu máli.

Jón Þorláksson: Jeg vil aðeins geta þess, út af till. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um að vísa málinu til allshn., að jeg tel rjett að bíða með að auka við nefndina, þar til hún hefir sjálf látið uppi álit sitt.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Mjer virðast þessar umr., sem hjer hafa farið fram, eiga öllu betur við 2. umr. en 1. umr. Skal jeg ekki gera gyllingar til að þær verði öllu lengri, en vil þó fara fáum orðum um sum atriði, sem fram hafa komið.

Hv. þm. Dala. (BJ) hjelt því fram, að það væri ekkert tiltakanlega langur tími, sem nefnd og þing væru búin að vera með þetta mál á döfinni. eg veit ekki, hvað hann kallar langan tíma, en það eru nú um það 8 ár, og það kalla eg langan tíma. Jeg er þó á sama máli og hann, að betra er að vera hóti lengur og vinna verkið betur. Háttv. þm. (BJ) kvað þennan drátt hafa verið heppilegan, og kom mjer það ekki á óvart. Hann hefir altaf verið hræddur við vatnavirkjun í stórum stíl, af ótta við það, að útlendingar kynnu þá að fylla landið. En frá mínu sjónarmiði er það óheppilegt, að ekki var undinn bráður bugur

að lögunum. Jeg er í engum vafa um það, að ef sjerleyfislögin hefðu verið til 1920, þá hefði þá þegar verið farið að virkja vötnin í talsvert stórum stil, og þótt þau fjelög hefðu brátt orðið að hætta hjer, þá hefðu þau samt verið búin að koma hjer á fót mannvirkjum, sem haldið hefðu áfram að vera til, og hefðu þá veitt mörgum atvinnulausum hjerlendum atvinnu við þau. Hefðu þau mannvirki síðar getað komið landinu að góðum notum.

Háttv. þm. (BJ) kvaðst vera ánægður með frv., að því leyti sem það væri bygt á allsherjarstefnunni. Þó vildi hann fella niður umbætur þær, sem gerðar voru á því í fyrra í Ed. Ekki get jeg fallist á það. Jeg lít svo á, að vatnalögin, eins og þau lágu fyrir í fyrra, hafi verið samfeld heild, bygð á eignarrjetti einstaklingsins yfir vatninu. Lagði jeg þetta þá fyrir einhvern hinn glöggvasta lögfræðing, sem jeg þekki hjer á landi, og var hann sammála mjer í þessu. Sama skoðun varð ofan á í nál. Ed. Þar sat og góður lögfræðingur. Leit hann svo á, að frv., eins og það kom frá Ed., væri bygt á þeim rjetti. Nú er spurningin sú, hvort breyting sú, sem gerð var í fyrra hjer í deildinni á 2. gr. frv., hafi breytt því svo, að heildin hafi raskast. Jeg er algerlega á móti því. Hjer er aðeins um orðabreytingar að ræða, en ekki efnisbreytingar. Áður en jeg lagði frv. hjer fram, bað jeg þó þennan sama lögfræðing, sem jeg gat um fyr, að athuga, hvort þessi breyting kæmi að nokkru leyti í bága við þetta frv., eins og það var samþ. í Ed. við 2. umr. þar. Gerði hann það, en komst að þeirri niðurstöðu, að svo væri ekki. Jeg veit að vísu, að meiri- og minnihl. nefndarinnar geta aldrei orðið sammála um þetta atriði, og verður það svo að vera. En jeg hygg, að sá ágreiningur nái skamt út fyrir nefndina. Tel jeg rjettast að ræða það ekki frekar, en snúa sjer að frv. sjálfu.

Háttv. þm. Dala (BJ) vildi stytta sjerleyfistímann að miklum mun. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þá skoðun hans, en að eins taka það fram, að jeg tel 40 ár ekki ná nokkurri átt. Jeg hygði þá rjettara að láta vera að semja slík lög, heldur en að gera þau svo úr garði, að enginn geti notast við þau.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) kvaðst einnig vera óánægður með frv., en jeg tel ekki neina ástæðu að fara út í það nú. Væntanleg nefnd fær að fjalla um slíkt. En þar sem hann tók það fram, að það stæði hvergi í frv., að sá, sem sækti um sjerleyfi, yrði að vera eigandi vatnsrjettindanna, þá vil jeg svara því. Það liggur í augum uppi. Sá, sem sækir um þessi hlunnindi, verður auðvitað að sanna rjett sinn til þeirra, eins og sá, sem um einkaleyfi sækir, verður að sanna, að hann hafi fundið upp þann hlut, sem hann biður um einkaleyfi á. Þetta er svo sjálfsagt, að óþarft er að taka það beinlínis fram. Jeg minnist þess, að hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) óskaði, að ákvæði þessa efnis væri tekið upp í 2. gr. sjerleyfisfrv., og aðgætti jeg þá, hvort auðið væri að samræma þetta við aðrar greinir frv., en þá kom í ljós, að það var algerlega ósamrýmanlegt við sumar greinirnar.

Jeg skal svo ekki fjölyrða að sinni um frv., en vil mæla með því, að því verði vísað til allshn.

Bjarni Jónsson: Jeg hugði, að ýmsir fleiri hv. þm. mundu vilja ræða mál þetta frá almennu sjónarmiði, og ætlaði jeg því að bíða um hríð að taka til

máls aftur. En þar sem hv. þm. er nú svo tregt tungu að hræra, skal jeg nú þegar gera nokkrar athugasemdir við ræðu hæstv. atvrh. (KlJ).

Hæstv. atvrh. (KlJ) var mjer ekki sammála um það, að frestur sá, sem orðinn er á þessari lagasmíð, sje heppilegur. Hygg jeg þó, að gild rök megi færa fyrir þessu.

Ef þvílík sjerleyfislög hefðu verið gengin í gildi 1919—1920, ætlar hæstv. atvrh. (KlJ), að þá hefðu risið upp hjer á landi mikil og stórkostleg fyrirtæki, sem veitt hefðu fjölda manns atvinnu. En þar til er því að svara, að á þeim árum var enginn atvinnuskortur. Landsmenn áttu þá ærið að vinna, að gegna atvinnuvegum landsins til sjávar og sveita, er þá gáfu af sjer góðan ávöxt, ef menn hefðu kunnað með að fara og haft vit á að selja í tæka tíð. Náttúran rjetti fram fullar hendur, og ekki er henni um að kenna, þó að landsmenn hafi verið orðnir fátækari að þessum árum liðnum. Þeir hefðu og ekki auðgast neitt við það, þó að erlend fjelög hefðu þá veitt mönnum atvinnu. Menn hefðu ef til vill átt eitthvað afgangs af kaupi sínu, en til móts við það hefðu verið gerð hjer stórkostleg mannvirki, sem staðið hefðu svo ónotuð um aldur og æfi. Mjer er kunnugt um, að fjelag það, er hæstv. atvrh. (KlJ) nefndi, hafði þá í hyggju að ráðast í atvinnurekstur, sem aldrei hefði getað borgað sig, einmitt af þeirri ástæðu, sem verkfræðingur þessa fjelags tók fram við mig. Þá er jeg spurði hann, hvort þetta myndi ekki geta orðið til þess að skip vor hefðu meira að flytja frá landinu, neitaði hann því og kvað jafnmikið skiprúm þurfa undir hráefnin, sem flytja þyrfti til landsins. En með því móti getum vjer ekki kept við Noreg í þessum efnum. Það er deginum ljósara, að það getur ekki borgað sig fyrir oss að vinna úr hráefnum, sem flutt eru yfir höfin, þegar flytja verður afurðirnar út aftur. Jeg tel því heppilegt, að þetta skuli hafa beðið meðan draumvíman var að renna af mönnum, því að sú víma er nú runnin af flestum mönnum, þó að einhverjir kunni enn að ganga duldir hins sanna í þessu efni. Það er heppilegast, að landsmenn noti það, sem landbúnaðurinn og fiskiveiðarnar gefa af sjer, og það er yfrið nóg til þess að ala þjóðina, og það þótt hún aukist um helming. En þá fyrst, þegar þjóðin er orðin svo mannmörg, að þessir atvinnuvegir hrökkva ekki til, er gott að grípa til þessa afls, ef það þá hefir verið geymt þjóðinni, en ekki fengið útlendingum í hendur til þess að græða á eða til þess að fara á höfuðið á, sem sennilegra er að verða myndi. En það myndi aftur verða þjóðinni til ámælis og til stórspillingar lánstrausti landsins, ef menn gætu sagt, að alt færi á höfuðið, sem fje væri lagt í hjer á landi. Bankarnir yrðu þá og ver staddir og krónan ef til vill hrapa niður í námunda við markið. Þessar yrðu afleiðingarnar, en til jafns við þetta hefði eitthvað flust inn af erlendu fólki, og læt jeg kynbótamennina um að meta það, hvílíkur fengur það væri þjóð vorri. En vita þykist jeg, að væri um reiðhesta að ræða, myndu menn ekki vera tiltakanlega hrifnir.

Jeg skal enn ítreka það, að jeg get ekki fallist á að hafa sjerleyfistímann lengri en frv. meirihl. milliþinganefndarinnar kveður á. Jeg verð að halda því fram, að hafi fyrirtæki ekki borgað sig á 25—30 árum, svo að eigandinn geti

látið það af hendi eftir 35—40 ár með vel sæmilegum ágóða, hefði það betur verið óstofnað. Það má minna á fyrirtæki, sem hefir sjerleyfi hjer á landi, svo sem Íslandsbanka. Sjerleyfi hans gildir einungis um 30 ár, og þó að tilkostnaðarminna sje í upphafi að setja á stofn banka, þá er það fult eins áhættumikið eins og t. d. iðjuver, sem stofnað er á heilbrigðum grundvelli, en ekki fyrirsjáanlegt, að fara muni á höfuðið. Því að bankar fá oft og einatt mikla skelli, sem vegur á móti því, að stofnkostnaðurinn getur verið minni. Jeg tel því nóg að hafa sjerleyfistímann 35—40 ár, en til samkomulags í nefndinni ljet jeg mjer lynda, að hann yrði ákveðinn 55 ár. En 75 ár er alveg óhóflegt.

Jeg man það, að hæstv. atvrh. (KlJ) sagði það í fyrra hjer í hv. deild, er hann kom okkur hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) til hjálpar með brtt. okkar við 2. gr. vatnalagafrv., að hann hefði borið brtt. undir lögfræðing hjer í bæ, er hann teldi einna snjallastan í þeirri grein, og spurt hann, hvort lögin yrðu ekki samfeld heild, þó að brtt. okkar yrði samþykt. Kvað lögfræðingurinn það rjett vera, að lögin yrðu þá samfeld heild, og er það rjett svar, er sýnir, að þetta hefir verið góður löfræðingur. Því að með brtt. okkar urðu lögin fyrst samfeld heild. (**Atvrh., KlJ:** Nei, nei.) Jú, einmitt, því að áður stönguðust ákvæði frv. sem mannýg naut. Frumvarpið var samið í upphafi af Einari prófessor Arnórssyni, og allsherjarstefnan var alstaðar höfð fyrir augum. Lögfræðingur sá, sem hæstv. atvrh. (KlJ) gat um, hefir því rjett fyrir sjer, en lögfræðingurinn í Ed. fer villur vegar. Jeg hefi áður sannað það óhrekjanlega með tilvitnunum í gömul lög, að sá, sem les þau án þess að limlesta móðurmál sitt, hlýtur að komast að þeirri niðurstöðu, að allsherjarstefnan hafi altaf ráðið til forna.

Það er og rjett hjá þessum sama lögfræðingi, að frv. þetta er ekki í ósamræmi við vatnalög þau, sem samþykt hafa verið. Þó að sjereignarstefnan hefði orðið ofan á í fyrra, hefði frv. samt ekki þurft að vera í ósamræmi við lögin, en þá hefði það orðið ónýtt og gagnslaust. Því að frv. er bygt á allsherjarstefnunni, að fallvötn sjeu ríkiseign eða þá res nullius, sem ríkið eigi að ráðstafa með lögum.

Það er algerlega gagnlaust, þó að hv. þm. reyni að vefengja það, sem jeg nú hefi sagt um þýðingu brtt., sem samþykt var í fyrra, og færi til þess langar ræður. Hver og einn dómstóll, í þessu landi eða öðru, myndi dæma á þá leið, að þá hefði lagabálkurinn verið færður úr sjereignarstefnunni yfir í allsherjarstefnuna, og þeir, sem þekkja allan undirbúning frv., vita, að þá fyrst varð lagabálkurinn sjálfum sjer samkvæmur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr.

---

2. Fræðsla barna (stjfrv.).

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um fræðslu barna (stjfrv., A. 10).

Á 5. fundi í Nd., fimtudaginn 21. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (SE): Þegar skólamálin voru til umr. á síðasta þingi, lýsti stjórnin því yfir, að hún mundi leitast við að undirbúa skólamálin undir þetta þing. En vegna hinna sívaxandi fjárhagsörðugleika hefir stjórnin ekki sjeð sjer fært að koma með tillögur í fræðslumálunum, sem hefðu aukin útgjöld í för með sjer að nokkrum mun. Á síðasta þingi var talsvert deilt um það, hvort tiltækilegt mundi að breyta gagnfræðaskólanum á Akureyri í almennan mentaskóla. Stjórnin lítur svo á, að þetta geti ekki komið til mála, bæði vegna aukins kostnaðar og vegna þess, að kenslukraftar í landinu væri ekki nægir til tveggja slíkra skóla, auk þess sem stjórnin sjer enga nauðsyn á þessu.

Stjórnin er á þeirri skoðun, að fyrir hinni æðri mentun verði betur sjeð með sjerstökum lærðum skóla í Reykjavík, en samtímis yrði að sjá fyrir gagnfræðaskóla hjer, en til þess eru engin ráð eins og nú standa sakir. Telur stjórnin, að vel megi una við það fyrirkomulag, sem nú er, enn um nokkurra ára bil. Aftur á móti taldi stjórnin sjálfsagt að leggja þetta frv., sem hjer ræðir um, ásamt nokkrum öðrum frv., fyrir þetta þing; er það að mestu samið af mentamálanefndinni frá 1920; hefir þetta frv. komist inn á þing áður, en dagaði uppi í nefnd í það skifti. Mentamálanefnd hafði ekki í þessu frv. breytt í neinu grundvallaratriðum gildandi laga um þessi efni. Gerðar eru nokkuð meiri kröfur til fræðslunnar en áður, t. d. er ætlast til, að dráttlist verði skyldugrein, ennfremur er skipun skólanefnda hagað öðruvísi en áður, þannig, að meiri trygging er fyrir því, að nefndirnar hafi sjerþekkingu. Þá eru og nýjar reglugerðir um heimavistaskóla. Jeg leyfi mjer að óska, að málinu verði, að lokinni umr., vísað til hæstv. mentamálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 1 atkv. og til mentmn. með 14 shlj. atkv.

Nefndaráliti meirihl. mentmn. um málið, á þskj. 100, var útbýtt 12. mars og nál. minnihl., á þskj. 127, 14. mars, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Yfirstjórn fræðslumála.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um yfirstjórn og umsjón fræðslumála (stjfrv., A. 13).

Á 5. fundi í Nd., fimtudaginn 21. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (SE): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. Hjer er farið fram á, að stofnuð verði sjerstök skólaráð til yfirumsjónar með skólunum, og er með þessu til þess ætlast, að skólastjórnirnar verði eftirleiðis meiri sjerþekkingar aðnjótandi um það, er skólana varðar, en áður hefir verið. Stjórninni fanst rjett, að Alþingi fengi að sjá þessar tillögur mentamálanefndarinnar frá 1920, sem felast í þessu frv., og fjalla um þær, og því hefi jeg lagt þetta frv. hjer fram, enda þótt jeg sjálfur sje í vafa um það, hvort þær

breytingar, sem hjer er farið fram á, muni verða sem heppilegastar í alla staði. Jeg leyfi mjer að óska, að frv. verði, að umræðunni lokinni, vísað til mentamálanefndar.

Jörundur Brynjólfsson: Þetta frv. kann að virðast fremur lítilsvert, og að ekki sje vert að leggja stein í götu þess þegar í byrjun, en jeg tel mjög óheppilegt, að þetta frv. nái að ganga fram og verða að lögum. Jeg sje ekki betur en með þessu sje verið að fjarlægja frá skólunum þekking þeirra manna, sem ráða skólamálunum til lykta. Þetta frv. hefir og nokkurn kostnað í för með sjer, og eins og tímarnir eru nú, álít jeg það ekki vert að auka á kostnað ríkissjóðs um skör fram, og ekki síst, ef skoðanir manna á þessu efni eru eins og mínar, að nýmæli þetta yrði til hins verra. Jeg get ekkert atriði sjeð í þessu frv., sem til bóta horfir, heldur þvert á móti. Jeg fjölyrði svo ekki um þetta, en læt mjer í ljettu rúmi liggja, hvort frv. nær að fara til 2. umr. og í nefnd, en er það kemur aftur fram, mun jeg greiða atkv. á móti því.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: BSt, HStef, HK, IngB, JBald, JK, JörB, KlJ, MJ, PÞ, SigurjJ, SvÓ, ÞorlJ.

nei: BJ, JakM, JAJ, JS, JÞ, PO, TrÞ, ÞórJ, MG.

Fimm þm. (ÁJ, ÁÁ, BL, BSv, MT) fjarstaddir.

Frv. vísað til mentmn. með 15 shlj. atkv.

Nefndaráliti mentmn. um málið, á þskj. 101, var útbýtt 12. mars, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

4. Skipun barnakennara.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breytingar á lögum um skipun barnakennara og laun þeirra, frá 28. nóv. 1919, nr. 75 (stjfrv., A. 15).

Á 5. fundi í Nd., fimtudaginn 21. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (SE): Þetta frv. er einnig runnið frá mentamálan. 1920. Aðalbreytingarnar, sem þetta frv. fer fram á, eru, að gerðar eru strangari kröfur til barnakennara. Samkvæmt gildandi lögum á kennari, sem hefir stundað kenslu í 3 ár og hefir vottorð sóknarprests um, að hann sje hæfur til kenslunnar, rjett á að vera skipaður barnakennari. En þessi rjettur er nú burt fallinn, en í ákvæðum um stundarsakir er þó ákveðið, að skipa megi kennara, þó hann fullnægi ekki öllum skilyrðum. Ennfremur eru ný ákvæði um frávikningu kennara.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 7 atkv. og til mentmn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr.

5. Útflutningur hrossa.

Á 7. fundi í Nd., laugardaginn 23. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita undanþágu frá ákvæðum laga nr. 47, 3. nóv. 1915, um breytingu á lögum um útflutning hrossa, 22. nóv. 1907 (stjfrv., A. 40).

Á 14. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Eins og hv. þdm. vita, þeir er sátu á síðasta þingi, þá kom fram, frá landbn., frv. um að breyta lögunum um útflutning hrossa, þar sem stjórninni var heimilað, ef nauðsyn bæri til, að leyfa útflutning á tímabilinu frá 1. nóv.—1. júní. Ástæðan var sú, að stjórnin hafði þegar, áður en þing kom saman, og að nokkuru leyti eftir það, veitt slíka undanþágu og mikið af hrossum selst vel, landsmönnum til stórs hagnaðar.

Frv. var samþ. hjer, í þessari hv. deild, en því var vísað frá í hv. Ed. með rökstuddri dagskrá, með þeirri yfirlýsing, að lögin væru óþörf, þar eð stjórnin gæti altaf veitt undanþágu, með því að gefa út bráðabirgðarlög, ef nauðsyn krefði.

Ástæðan fyrir frv. því, sem nú liggur fyrir, er sú, að í nóv. síðastl. snjeri kaupmaður einn hjer í bænum, Garðar Gíslason, sjer til stjórnarinnar með beiðni um útflutningsleyfi. Að undangengnu samtali sendi hann stjórninni brjef, dags. 7. nóv. f. á., þar sem hann fór fram á að mega flytja út hross í nóv.—des. síðastl.

Þar sem stjórninni var kunnugt um, að góður markaður var fyrir íslensk hross erlendis, en hinsvegar hafði verið afarslæmur heyskapur um sumarið bæði á Norður- og Austurlandi — Norðurland eitt kemur að vísu hjer til greina — þá áleit hún, þar sem hrossin voru fullkomlega útflutningshæf, stórhagnað fyrir landið að geta selt, þó ekki væri nema nokkur hundruð hross til útlanda. Ennfremur hafði einn hv. fyrv. þm., Gunnar Sigurðsson, komið með samskonar beiðni.

Af þessum ástæðum gaf jeg út bráðabirgðalög í þessu skyni 21. nóv. f. á. Komu síðan 318 hross til skoðunar, og voru 24 af þeim kyrsett, voru of gömul eða gölluð á annan hátt, 54 voru seld til Danmerkur, 240 til Englands.

Sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða meir um málið, en jeg leyfi mjer, þó lögin sjeu þegar fallin úr gildi, samkv. stjórnarskránni, að leggja málið fyrir Alþingi, og vil leggja til, að frv. verði vísað, að umr. lokinni, til hv. landbn., og geri hún síðan þær till., sem henni finst ástæða til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., laugardaginn 8. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 40, n. 86).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Jeg hefi ekki annað að segja fyrir hönd meirihl. landbn. en stendur í nál., að nefndin leggur til, að frv. verði samþykt. En frá mjer sjálfum vil jeg bæta því við, að mjer var þeim mun ljúfara að leggja þetta til, sem jeg var einn af þeim, er stuðluðu að því, að þessi undanþága væri í fyrra sett inn í lögin frá 3. nóv.

1915, þótt ekki næði hún þá fram að ganga. Jeg álít, að með bráðabirgðalögunum, sem stjórnin gaf út í vetur, hafi hún viðurkent, að nauðsynlegt hafi verið að taka þetta ákvæði upp í lögin sjálf. Jeg tel annars óþarft að fara fleiri orðum um þetta frv., og vænti þess, að það verði samþykt án frekari málalenginga.

Hákon Kristófersson: Eins og háttv. frsm. (ÞÞ) tók fram, er meirihl. landbn. þessu máli fylgjandi. Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, og er það ekki svo að skilja, að jeg sje mótfallinn því að samþykkja frv. Það er alveg sjálfsagt, og frekar formsatriði, þar sem lögin hafa náð tilgangi sínum og eru nú fallin úr gildi af sjálfu sjer. En jeg hefi áður lýst afstöðu minni til þessa máls hjer í hv. deild, og er þess ekki að dyljast, að jeg hefi ekki skift skoðun síðan. Jeg tel það mjög óheppilegt að leyfa útflutning hrossa um hávetur. Ekki einungis vegna þess, að hrossum líði ver í skipum á þeim tíma, sem mjög er sennilegt, heldur álít jeg einnig, að hrossamarkaðir að vetrarlagi sjeu því nær óframkvæmanlegir, nema þar sem svo hagar til, að kaupa má hestana við útflutningshöfnina. Jeg tel það varla gerlegt að reka hross bygða á milli um hávetur, þegar allra veðra er von; þau fá ef til vill hríðar og bylji og verða svo að standa úti næturlangt bæði vot og þreytt, því að fá munu þau heimili, er geti hýst heilan hóp af hrossum.

Jeg skoða það sem undantekningu, ef ekki má framkvæma nauðsynlega hrossasölu á sumrin, eða mánuðina júlí til október. Þó skal jeg viðurkenna, að hross líta oft betur út í nóvembermánuði en í maí eða júní, enda líta þau stundum einna lakast út um það leyti.

Mjer er kunnugt um, að skipstjórar, sem sigla hjer við land, hafa vitað um þetta, og virðast þeir telja mjög óheppilegt, að hross sjeu flutt hjeðan að vetrarlagi.

Þessi orð mín mega ekki á neinn hátt skiljast sem árás á hæstv. stjórn fyrir að hafa leyft þessa undanþágu, en jeg vildi aðeins taka fram, að jeg er því mjög mótfallinn, ef sá siður yrði upp tekinn að leyfa útflutning hrossa um hávetur. Á jeg þar ekki við útflutning fárra hrossa, sem unt er að láta fara vel um, heldur heildarútflutning.

Magnús Guðmundsson: Þar sem svo stendur á, að lög þau, sem frv. þetta er samhljóða, gengu úr gildi í des. 1923, og frv. því aðeins borið fram til að fá álit þingsins um það, samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar, hvort ábyrgð skuli komið fram gegn stjórninni, þá ætti það í raun rjettri aðeins að ganga til 3. umr. og takast síðan aftur. Hefir líkt staðið á áður, og þá þessari venju verið fylgt. Hitt virðist óþarfi, að láta fara fram 6 umr. í báðum deildum um mál, sem í raun og veru er ekki ætlast til að gangi fram, og er þýðingarlaust, að gangi fram. Tilætlunin er hvort sem er ekki önnur en sú, að vita, hvort ábyrgð skuli komið fram á hendur stjórninni eða ekki. Jeg legg því til, að frv. verði samþ. nú, en ekki tekið aftur á dagskrá.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg ætlaði mjer einmitt að segja hið sama um frumvarp þetta sem háttv. 1. þm. Skag. (MG), þó hann yrði fyrri til að taka til máls. Jeg hugði upprunalega,

að nægilegt myndi vera að fá álit nefndarinnar og láta þar við sitja, en venja er fyrir því hjer að láta málið ganga til 3. umr., þegar svo stendur á sem hjer. Samkvæmt danskri venju er það álitið nægilegt að skýra aðeins frá slíkum lögum, sem þegar eru gengin úr gildi, er þing kemur saman, en vafamál er, hvort það samrýmist okkar stjórnarskrá. Því hefi jeg talið mjer skylt að leggja þau fyrir þingið, til að vita, hvort því þykir ástæða að láta stjórnina sæta vítum fyrir þau eða ekki.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 : 1 atkv.
2. gr. samþ. með 16 : 2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 3 atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Blöndun ilmvatna.

Á 1. fundi í Ed., laugardaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um blöndun ilmvatna o. fl. með kolokvintextrakt (stjfrv., A. 14).

Á 3. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Það hefir komið í ljós, að þær vörur, sem hjer um ræðir, hafa verið notaðar til drykkjar, og hefir því verið stungið upp á því að blanda þær með kolokvintextrakt og þar með gera þær ódrekkandi.

Mönnum til viðvörunar er í frv. ætlast til, að límdur verði miði á umbúðir þessara vara, sem segi til um blöndunina. Þessi aðferð mun víða höfð, t. d. í Danmörku. Leyfi jeg mjer að vænta þess, að frv. þessu verði vísað til allshn., að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 10 fundi í Ed., mánudaginn 3. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 66).

Frsm. (Eggert Pálsson): Nefndarálitið við frv. það, sem hjer er til umr., er ekki langt, og jeg býst heldur ekki við að halda langa framsöguræðu.

Mál þetta er ekkert stórmál, en eins og sjest á nál., telur þó meirihl. allshn. rjettara, að það verði samþykt. Hvað felst í fyrirvara háttv. minnihl., veit jeg ekki, en býst þó við, að hann geri ekkert sjerstakt ágreiningsatriði eða beinist verulega á móti frv.

Eins og tekið er fram í athugas. við frv., er gert ráð fyrir, að það komi í veg fyrir, að menn drekki ilmvötn og þesskonar vökva, vegna vínandans, sem í þeim er. Hvort það sje alment, að menn drekki vökva þessa, veit jeg fyrir mitt leyti ekkert um, því að jeg hefi ekki þekt það. En sje svo í raun og veru, sem nefndin heldur þó frekar, eftir þeim upplýsingum, sem hún hefir fengið, verður að teljast rjett að samþykkja frv. og gera á þann hátt tilraun til að koma í veg fyrir slíkt, því að það getur síst talist hollusta eða menningarbragur að slíku. Og hinsvegar, þar sem tal-

ið er víst, að farið sje nú þegar að blanda vökva þessa erlendis með eitri þessu og það getur því átt sjer stað, að þeir þannig blandaðir flytjist hingað inn meira eða minna, þá verður að telja ákvæði 2. gr. frv. mjög nauðsynlegt, sem sje það ákvæði að hafa miða á glösunum til aðvörunar almenningi um að vökvinn sje hættulegur til drykkjar. Því að það er vitanlegt, að slík aðvörun þarf að vera á skýru, innlendu máli, sem almenningur skilur, ef hún á að koma að tilætluðum notum.

En eins og jeg hefi þegar tekið fram, gerir nefndin það að engu kappsmáli, hvernig fer um frv. þetta.

Jónas Jónsson: Jeg hefi skrifað undir nefndarálit þetta með fyrirvara, og eins og háttv. frsm. (EP) tók fram, geri jeg að engu kappsmáli, hvernig um það fer.

En jeg vildi aðeins nota tækifærið til þess að skjóta því til hæstv. forsrh. (SE), að mjer finst kenna hjer svipaðrar framsýni og hjá manni nokkrum, sem átti að fara að hengja, en bað um að fá lánaða regnhlíf, af því að úði var þann daginn, til þess að hann yrði ekki innkulsa á leiðinni og fengi svo kvef.

Þó aldrei nema frv. þetta geti orðið til bóta, að svo miklu leyti sem það nær, er það ekki að síður hlægilegt, þar sem hjer flýtur alt í áfengum drykkjum, og meðal annars er talið, að áfengisverslun ríkisins hafi ekki minna en 200 tegundir af hinu svo kallaða Spánar-„sprútti". Hefði því óefað legið nær að fækka þessum vintegundum svo, að þær yrðu ekki fleiri en það sem nauðsynlegt er til þess að við stöndum við orð okkar við Spánverja. Svo jeg ekki tali um, hve miklu nauðsynlegra hefði verið að gera tilraun til að takmarka meir en gert hefir verið innflutning hinna sterku drykkja. En það vildi háttv. deild ekki gera í fyrra. Þá var felt frv., sem gekk í þá átt að herða að smyglurum.

Annars skal jeg taka það fram, að mjer finst frv. þetta svo nauðalítils virði, að stjórnin hefði helst ekki átt að bera það fram. Úr því hún kom ekki jafnframt með frv. í þá átt að hindra með öllu innflutning sterkra drykkja. Jeg sje þó ekki ástæðu til að greiða atkv. á móti því, af því jeg tel það bæði meinlaust og gagnslaust.

Forsætisráðherra (SE): Jeg skal ekkert um það segja, hversu margar vintegundir eru í áfengisversluninni. Hvort þær eru 200 eða hvað, veit jeg ekki, fyr en jeg hefi aflað mjer upplýsinga um það. En það er víst, að það er lögheimilað að flytja inn vín með alt að 21% styrkleika, og meiri styrkleika hafa vín þau ekki, sem eru í áfengisversluninni.

Hinsvegar hefir stjórnin gert alt, sem hún hefir getað, til þess að draga úr misnotkun áfengis, meðal annars með því að draga úr skamti þeim, er læknar og lyfjabúðir hafa fengið, og yfirleitt gert alt, sem í hennar valdi hefir staðið, til þess að draga úr sölu áfengis. En það er satt, að það er ákaflega erfitt að gera það svo um muni, og hefir smyglun átt sjer stað bæði áður og eftir að þessi nýja undanþága var veitt frá bannlögunum. Stjórnin hefir því ekki lagt árar í bát í þessu máli, eins og mjer skildist eftir ræðu háttv. 5. landsk. (JJ), að hann væri fús til að gera. Þvert á móti. Og frv. það, er hjer liggur fyrir til umr., gengur sömuleiðis í þá átt, því að það á að koma í veg fyrir, að menn, sem hneigðir eru til vín-

drykkju, drekki vökva þessa, sem eru mönnum svo mjög óhollir.

Það er því heilbrigt að samþ. frv., því að það er spor í rjetta átt, þó að ekki sje beinlínis hægt að telja það stórmál.

Jónas Jónsson:. Út af þeim orðum hæstv. forsrh. (SE), að jeg væri fús til að leggja árar í bát í áfengismálinu, vil jeg taka það fram, að mjer finst hæstv. ráðherra orðinn býsna minnislítill. Því jeg veit ekki betur en jeg flytti í fyrra tvö frv., sem gengu í þá átt að hindra innflutning sterkra vína í landið og halda í skefjum áfengisnautn. En hæstv. forsrh. (SE) og hans „parti" í þessari háttv. deild sáu sjer þá ekki fært að fylgja þessu. Gekk annað frv. þetta í þá átt að verja gróðanum af vínsölunni til menningar í landinu, og jafnframt til að halda smyglurunum í skefjum. En hitt til þess að herða á eftirlitinu, svo að vín væru ekki höfð ólöglega um hönd, en þetta var felt, eins og jeg hefi tekið fram, af því, að hæstv. ráðh. og hans fylgifiskar gátu ekki skilið gagnsemi þess þá. En þessi tilraun hefir verið sú eina, sem gerð hefir verið á síðari tímum til þess að reyna að halda áfengisbölinu í skefjum.

Jeg játa fúslega, að hæstv. forsrh. (SE) hefir gert töluvert með reglugerðum þetta síðastliðna ár til þess að halda vínaustri læknanna í skefjum. Sömuleiðis hefir hann gert rjett í því, að fjölga ekki útsölustöðum hinna spönsku vína. En jeg hefi heyrt ýmsa vínmenn halda því fram, að þeir ættu að vera miklu fleiri. Fyrir þetta er jeg honum þakklátur. En að hafa þennan fjölda víntegunda í áfengisversluninni verður að teljast miður heppilegt, því að slíkt gerir ekkert annað en lokka menn til að drekka. Vil jeg því skjóta því til hæstv. ráðh. hvort ekki myndi hugsanlegt, að komast mætti af með t. d. 10—12 tegundir.

Annars hefi jeg hreyft þessum mótmælum fyrir þá sök, að jeg tel með frv. þessu stigið of lítið spor í vörnum móti áfengi.

Forsætisráðherra (SE): Jeg skal ekkert fjölyrða um það, hversu margar tegundir vína munu vera í áfengisversluninni. Það get jeg upplýst síðar, ef þurfa þykir. Annars finst mjer það skifta minstu máli, hve tegundirnar eru margar, heldur sje aðalatriðið, hver skaðsemi þeirra er, því að 12 tegundir geta verið skaðlegri en 200.

Hið eina, sem verulegan árangur gæti borið í þessu máli, er að herða að miklum mun lögreglueftirlitið. En það er alveg fjarstæða, sem sumir bannmenn halda, að það muni duga að vera sífelt að breyta lögunum og setja ný og ný lög. Annars vildi jeg óska, að hv. 5. landsk. (JJ) mætti taka við stjórnartaumunum, svo hann fengi tækifæri til að sýna röggsemi sína í þessu máli. En jeg er þeirrar skoðunar, að stjórnin geti ekki tekið á þessu máli verulega hörðum tökum, nema því aðeins, að hún hafi verulega sterkan meirihl. að baki sjer í málinu.

Jóhann Jósefsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka til máls í þessu máli, en nokkur atriði, sem fram hafa komið í ræðum þeirra hæstv. forsrh. (SE) og hv. 5. landsk (JJ) hafa gefið mjer tilefni til þess.

Hæstv. forsrh. (SE) gat þess, að hann hefði gert töluverðar breytingar í þá átt að minka vín það, er læknar og lyfja-

búðir mega láta úti. Er þetta vel farið, og því er ekki að neita, að það hefir borið töluverðan árangur, því að vínaustur á þessu sviði virðist hafa minkað að miklum mun. Og mun nú ekki eins auðvelt eins og áður var að fá „resept“, svo jeg tali á hinu almenna götumáli.

En það er til önnur leið að ná víni á löglegan hátt, en hún er sú, að ná því út á áfengisbækur þær, sem lögreglustjórar láta úti og menn fá út á áfengi til iðnaðar. En mjer er ekki kunnugt um, að stjórnin hafi sett neinar nýjar reglur til þess að koma í veg fyrir, að ákvæðunum um þetta yrði misbeitt. Og jeg er þeirrar skoðunar, að þetta sje miklu skaðlegra en þótt læknarnir hefðu fengið að halda sínum skamti. Tel jeg því mjög nauðsynlegt, að frekari reglur verði settar um áskrift á bækur þessar, svo að þær verði ekki misnotaðar hjer eftir eins og hingað til. Jeg veitti því eftirtekt, að fyrir nokkrum árum drukku menn hármeðul þau, er hjer er um að ræða, og þá sjerstaklega hið svokallaða „Bayrum“, en nú held jeg, að því sje að mestu hætt, af því að mönum hafa opnast aðrar leiðir til að útvega sjer áfengi til drykkjar. Fyrst og fremst þetta iðnaðaráfengi, í öðru lagi hin spönsku vín, og í þriðja lagi vín, sem menn búa til í landinu sjálfu, sem jeg hygg, að farið sje að búa til allvíða. En það tel jeg hættulegast af öllu fyrir bannið.

Annars hygg jeg, að ástandið sje yfirleitt orðið svo vont nú, að bannmenn sjeu farnir að verða vondaufir um hin blessunarríku áhrif bannsins. Já, svo vondaufir munu margir nú vera orðnir, að þeir myndu fæstir greiða atkvæði með banni, sem áður gerðu það, ef það ætti nú að leggjast undir atkvæði þjóðarinnar.

Hæstv. forsrh. (SE) sagði, að það væri ekki nóg að setja ný og ný lög, sem hertu á banninu, heldur dygði ekkert annað en auka lögregluefirlitið, og það væri samt erfitt. En mjer er næst að halda, að lögreglustjórar hafi ekki gert skyldu sína í þessum efnum undanfarið, hvað þá meira, og skal jeg því til sönnunar nefna eitt lítið dæmi, sem jeg þekki.

Einu sinni kom skip til Vestmannaeyja, sem fyrst hafði komið til Fáskrúðsfjarðar, og svo víða þaðan á leiðinni til Reykjavíkur, og hjeðan kom það til Eyja. Fór jeg þá í umboði lögreglustjóra um borð í það, til þess að athuga innsiglið fyrir vínbirgðum þess. En þegar til kom, höfðu þær aldrei verið innsiglaðar. Þótti mjer þetta svo merkilegt, að jeg fjekk það skriflegt hjá brytanum. Þegar nú svona misfellur eru á löggæslunni yfirleitt, er ekki undarlegt, þó að litið sje smáum augum á frv. það, sem hjer liggur fyrir til umræðu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., miðvikudaginn 5. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 14).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 15. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt, eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 14).

Á 17. fundi í Nd., föstudaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (SE): Ástæðan fyrir því, að stjórnin hefir lagt þetta frv. fyrir Alþingi, er sú, að töluverð brögð hafa verið að því, að ilmvötn þessi hafa verið notuð til drykkjar, en með þessu er verið að koma í veg fyrir það, enda stafar hin mesta óhollusta af því, að þau sjeu drukkin.

Jeg legg til, að frv., að lokinni umr., verði vísað til hv. allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 2 atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Nefndaráliti meirihl. allshn. um málið, á þskj. 433, var útbýtt 23. apríl, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Brúargerðir.

Á 1. fundi í Ed., laugardaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir. (stjfrv., A. 16).

Á 4. fundi í Ed., miðvikudaginn 20. febr. var frv. tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Þetta frv. stendur að mestu leyti í sambandi við frv. það til vegalaga, sem nú hefir verið lagt fyrir þessa hv. deild, sbr. t. d. 2. gr., og að nokkru leyti í sambandi við breytingar, sem í fyrra voru gerðar á stefnu vegarins um Norður-Þingeyjarsýslu, þegar valin var hin svokallaða nyrðri leið, sem gerir nauðsynlegt að brúa nokkrar ár, og eru í frv. taldar 4 þeirra, tvær í Þistilfirði og tvær í Vopnafirði. Það er auðvitað mál, að brúargerðir þessar hafa talsverðan kostnað í för með sjer. En meiningin er, að ekki verði ráðist í framkvæmdir þeirra fyr en efni ríkissjóðs leyfa.

Frv. þetta ljettir talsverðum byrðum af sýslufjelögum, og veitist þeim þá hægra að halda við sýslu- og hreppavegum. og mun þess síst vanþörf. Jeg býst við, að frv. þessu verði vísað til samgmn., að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til samgmn. með 8 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., mánudaginn 24. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 16, n. 191).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Þetta frv. er að mestu leyti bein afleiðing af frv. um vegagerð, sem hv. deild hefir haft til meðferðar, og fer það í líka átt. Allshn. hefir athugað frv. ítarlega, og leggur til í einu hljóði, að það verði samþykt hjer í deildinni. En eins og hagur ríkissjóðs er nú, leiðir af sjálfu sjer, að fara verður mjög gætilega í sakirnar um framkvæmd þessara laga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., miðvikudaginn 26. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 16).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Nd.

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 16).

Á 35. fundi í Nd., föstudaginn 28. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Klemens Jónsson: Jeg leyfi mjer að leggja til, að frv. verði vísað til samgmn., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv., og til samgmn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr.

---

8. Sendiherra í Kaupmannahöfn.

Á 6. fundi í Nd., föstudaginn 22. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um afnám laga nr. 10, 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn (þmfrv., A. 34).

Á 8. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Mál þetta er alls ekki nýtt í þingsögunni. Um þetta mál hefir verið rætt og ófriður mikill staðið út af því á þingum og valdið umtali miklu um land alt. Hefir þetta verið einna mest ófriðarmál hjer á landi á síðari árum. Og þó er málið ekki gamalt mál. Á Alþingi 1919 fjell fyrst úrskurður um, að sendiherraembættið skyldi stofnað og veitt til þess í fjárlögum. 1922 var á Alþingi sá endi bundinn á þetta mál, sem nú er, og lögfest, að embættið skyldi standa. Það eru þessi lög frá 1922, sem jeg fer fram á í frv., að verði afnumin. Þó að þetta yrði, stóð þó glögt um úrslitin 1919, um fjárveitinguna til þessa embættis. Jeg veit, að margir hv. þm. munu minnast þess, að í Nd. urðu jöfn atkvæði um fjárveitinguna á fjárlögunum; jeg vek eftirtekt á þessu, vegna þess, að þetta skeði á því þingi, sem langdjarfast hefir verið til allra fjárframlaga. Á hvaða þingi öðru sem var, hefði þessi fjárveiting ekki verið samþykt, og jafnvel ekki heldur í það sinn, ef mótstöðumenn máls þessa hefðu neytt einhverrar annarar aðferðar en þeir viðhöfðu þá. Jeg er persónulega sannfærður um, að á engu öðru þingi en þinginu 1919 hefði þetta mál náð fram að ganga. Þá var eins og væri einhver sjálfstæðisvíma á mönnum, sem olli því, að embættið var stofnað. Jafnvel á því þingi varð málið að vera hálfgrímuklætt, að því er kostnaðinn snerti. Meðhaldsmenn þessa máls gerðu miklu minna úr kostnaðinum við þetta embætti en nú er komið á daginn; svo örðugur var róðurinn. Ýmsir innan þings og utan, jeg þar á meðal, fullyrtu,

að kostnaðurinn við embættið mundi stórkostlega aukast, er tímar liðu fram; en því var harðlega neitað, að kostnaðurinn væri of lágt áætlaður. En allar þessar spár hafa ræst. Skal jeg þessu til sönnunar nefna hjer nokkrar tölur. Á fjárlögunum 1920—21 var áætlað:

Laun 1920—21,	12	þús.	kr.,	nú	20	þús.
Húsaleiga	2	—	—	—	3	—
Risna	2	—	—	—	5	—
Skrifst.kostn. .	12	—	—	—	14	—
Samtals	28	þús.	kr.,	nú	42	þús.

Eða með öðrum orðum ⅓ hærra en meðhaldmenn sendiherraembættisins höfðu áætlað árið 1919. Jeg er því sannfærður um, að á Alþingi 1919 hefði þetta ekki náð fram að ganga, ef þeir menn, sem þá ljetu laðast til þess að vera með í því, hefðu trúað okkur, sem fullyrtum þetta um aukinn kostnað við embættið.

Jeg er ennþá sömu skoðunar eins og áður, að þetta embætti sje óþarft og alt of dýrt. Og nú er hjer komið saman nýtt þing. Tilgangur minn með þessu frv. er að fá úrskurð þessa nýja þings og gera tilraun um, hvort það vilji halda í embætti þetta eða taka nýja stefnu í málinu.

Þá ætla jeg að snúa mjer að aðalatriðum þessa máls, bæði sem mæla með og móti, og mun leitast við að gera það í sem fæstum orðum.

Meðhaldsmenn sendiherraembættisins telja það vera aðalástæðuna til stofnunar þess, að það sje merki um sjálfstæði landsins að hafa sendiherra í Kaupmannahöfn. Móti því vil jeg segja þetta: Ef sjálfstæði Íslands er bundið við þetta embætti, gef jeg ekki mikið fyrir það. Jeg er sannfærður um, að annaðhvort erum við sjálfstæðir eða ekki, hvað sem þessu embætti líður. Og við erum það, — hvort sem við höfum sendiherra í Kaupmannahöfn eða ekki. Þessi ástæða er því einskis virði. Á öllum kosningaundirbúningsfundum fyrir síðustu kosningar hjelt andstæðingur minn þessu mjög ríkt fram. Jeg álít fjárhagslegt sjálfstæði aðalatriðið, en tel ekkert varið í sjálfstæði í orði. Mjer er illa við alt orðatildur, sem ekkert gagn gerir, hvort sem það er sendiherratitill eða eitthvað annað.

Þá kem eg að öðru atriði, sem fyrir mjer er höfuðatriði: Er svo mikið raunverulegt gagn að því að hafa sendiherra, að vert sje að halda þá þessvegna? Þetta eru einu ástæðurnar, einu rökin, sem jeg mun beygja mig fyrir, ef hægt er að sannfæra mig um þetta atriði. Í þessu sambandi vil jeg taka þetta fram: Jeg ber fult traust til núverandi sendiherra og dreg ekki í minsta efa, að hann hafi þegar gert mikið gagn. En hinsvegar er jeg jafnsannfærður um, að hann hefði gert sama gagn án sendiherratitils, þó hann hefði t. d. heitið skrifstofustjóri eða eitthvað enn annað, og jafnvel undir sumum kringumstæðum meira gagn. Jeg er sannfærður um, að gagninu má öllu ná án þessa titils, en kostnaðurinn af honum er árlega afarmikill. — Ennfremur skal jeg taka fram: Eins og jeg ber fult traust til núverandi sendiherra vors, ber jeg og fult traust til Jóns Krabbe, skrifstofustjóra, og tel jeg málefnum vorum vel borgið í hans höndum. Skrifstofustjóri gæti því gert sama gagn og sendiherra.

Þá hefi jeg slegið því föstu, að gagnið má alt hafa af sendimanninum, þótt hann heiti ekki sendiherra. Lítum nú á, hvað mundi sparast við, að titillinn

yrði lagður niður og skrifstofustjóri færi með störf hans. Nú er veitt til þessa:

Til skrifstofuhalds	14	þús. kr.
Fyrir meðferð utanríkismála	12	— —
Ríkisráðskostnaður	4	— —
Samtals	30	þús. kr.

Jeg er sannfærður um að þessi upphæð mundi langdrægt nægja til að sjá málum vorum borgið, ef að sendiherraembættið yrði lagt niður. En auk þess er veitt nú:

Sendiherralaun	20	þús. kr.
Húsaleiga sendiherra	3	— —
Til risnu	5	— —
Samtals	28	þús. kr.

Jeg er sannfærður um, að þessi upphæð mætti langdrægt spara, — 20—25 þús. kr. að minsta kosti. Vil jeg vekja athygli á þessu: — að það er meira unnið við að spara þetta fje, sem alt rennur annars út úr landinu, en þó lögð yrðu niður embætti innanlands, með tilsvarandi launasparnaði, því það fje fer ekki út úr landinu.

Frv. kveður ekki á um að hætta skuli að launa sendiherra í Kaupmannahöfn; heldur hitt, að það skuli ekki lengur vera lögfest embætti.

Þetta er aðalatriðið í þessu máli nú, og vil jeg æskja eftir, að umr. snúist aðallega um það.

Frv. á að koma í veg fyrir, að ef embættið losnaði, rjúki stjórnin þegar til að veita það aftur; — en það er hún nú skyld að gera, meðan það er lögfest. Jeg ætlast til, að ef frv. nær að ganga fram, að þá sje kominn fram ótvíræður vilji þingsins um það, að þetta mál verði undir það borið og að það fái að tala með um það, hvort skipa skuli aftur mann í þessa stöðu eða ekki. Til þessa er því meiri ástæða sem það hefir margfrjest, að núverandi sendiherra muni gjarnan vilja hverfa frá þessu embætti og flytjast hingað heim aftur. Ef svo færi, vil jeg, að þingið fái að fjalla um þetta mál — að það hafi sýnt það með þessu frv., ef það verður að lögum, — að það vill tala með um, hvað gera skuli. Þessvegna er í frv. svo kveðið á, að þingið skuli í hvert sinn veita fje á fjárlögunum til sendimannsins.

Enn er fimta og síðasta atriðið. — Það er þetta:

Jeg tel alveg óþarft á þessu stigi málsins að taka nokkra ákvörðun um það, hvort nú eigi að hætta að veita á fjárlögunum til sendiherra í Kaupmannahöfn eða ekki. Frv. fer fram á að nema lögin um lögfesting embættisins úr gildi; við það vil jeg láta sitja. Það er nógur tíminn til þess að taka ákvörðun um hitt, þegar sjeð verður út um það, hvort þetta frv. nær að ganga fram, og hætt verður að lögfesta sendiherrann. Þegar fjárlögin verða rædd, verður nógur tími til að ákveða þetta, ef frv. verður þá orðið að lögum, hvort veita skuli fje áfram í þessu augnamiði eða leggja embættið niður þegar í stað. Þetta verður sjeð áður en fjárlögin verða afgreidd. Jeg hefi afráðið fyrir mig, hvaða stefnu jeg tek í málinu, ef frv. verður samþ. Þá fyrst er tími til kominn að kveða endanlega á um það í fjárlögunum, hvað eigi að gera, en jeg tel það óþarft að blanda því inn í umræðurnar nú, og aðeins tímatöf að því.

Að endingu aðeins örfá orð enn: Jeg geng að því vísu, að nú verður mikill hvellur gerður að mjer út af þessu frv.

Þetta hefir altaf verið ófriðar- og hitamál, en jeg læt þá um það, þá góðu herra, sem hrópa vilja hátt út af þessu; jeg sit óhræddur fyrir þeim. Mjer stendur alveg á sama, þótt einhversstaðar komi hljóð úr horni. En eitt vil jeg þó benda á. — Það er í rauninni alveg þýðingarlaust að stofna til langra umræðna um þetta mál. Allir þm. munu þegar hafa þrauthugsað málið og vegið ástæður með og móti og breyta því í engu skoðun sinni við langar umræður. Háttv. þm. munu þegar vera reiðubúnir til að taka ákvörðun um málið. Jeg tel það jafnvel álitamál, hvort ekki mætti taka ákvörðun um málið umræðulaust með atkvæðagreiðslu þegar í stað. Að öðru leyti er jeg jafnsannfærður um, að hvernig sem atkvgr. annars fer, sem nú mætti vel fram fara alveg hljóðalaust, — að það er áreiðanlega vilji mikils meirihl. þjóðarinnar, að embætti þetta verði lagt niður.

Að loknum þessum umr. óska jeg að frv. verði vísað til allshn.

Forsætisráðherra (SE): Það er ekki í fyrsta skifti, að þetta mál kemur til umr. á Alþingi; en furðu sætir, að þinginu skuli vaxa það í augum, þó eytt væri 42 þúsund krónum eða svo til utanríkismála þjóðarinnar.

Háttv. alþingismenn verða að læra að skilja, að utanríkismálin eru þau allra stærstu, vandasömustu og alvarlegustu mál þjóðarinnar. Svo er það hjá öllum þjóðum. Alþingi verður og að læra að skilja, að þó að, samkvæmt sambandslögunum, Danir fari með utanríkismál vor í umboði voru, eru þau framkvæmd þannig, að í raun og veru stjórnar íslenska stjórnin öllum utanríkismálunum algerlega sjálf. Það er ekki sett ein einasta smágrein, ekki komma eða punktur neinstaðar, án þess að stjórn Íslands segi til um, hvar það á að vera, eða eigi þar hlut um. Hefir hið háa Alþingi athugað, hvernig þessum málum er varið með öðrum þjóðum? Erlendis er utanríkisráðherrann jafnan sá ráðherra, sem valinn er af allra besta endanum. Hjer er svo lítið skeytt um þessi mál, að hjer í ráðuneytinu er enginn maður með sjerþekkingu á þeim.

Í utanríkisráðuneytinu eigum vjer ágætan mann þar sem Jón Krabbe er, en hvernig fer, ef hans misti við? Þá eigum við í augnablikinu engan mann, sem fær væri að taka við starfinu.

Auðvitað bera undanfarandi stjórnir, og jeg auðvitað einnig, ábyrgð á því, að ekkert hefir verið gert til þess að fá unga menn til þess að afla sjer sjerþekkingar í þessum málum, en á því væri í raun og veru hin mesta nauðsyn. Það ætti að vera nóg til þess að sýna, hvað mál þau, sem hjer er um að ræða, hafi mikla þýðingu fyrir þjóðina, að benda á alla þá samninga, sem búið er að gera og verið er að gera og nauðsyn er á að gera í framtíðinni um verslunarmál við aðrar þjóðir.

Jeg held við ættum allir að geta orðið sammála um, að okkur veitir ekki af að hafa þennan eina sendiherra, sem við eigum í Kaupmannahöfn. Þó hann sjer þar, þá hefir honum verið beitt í ýmsar ferðir, bæði til Noregs, Svíþjóðar og einnig til Englands. Hefir hann allan þann tíma, sem hann er búinn að gegna þessu þýðingarmikla starfi sínu, ávalt haft ærið nóg að gera.

Háttv. flm. (TrÞ) sagði í ræðu sinni, að það skifti minstu, hvað þessi maður hjeti. Mun hann þar hafa átt við það,

að ef skift væri um nafn, þá þyrfti hann ekki að vera svo hálaunaður. Þetta er algerlega misskilningur. Í fyrsta lagi af því, að ekki er hægt að fá úrvalsmenn í stöður, sem illa eru launaðar. En þetta er þó ekki aðalatriðið. Höfuðuatriðið er það, að fyrir manni í sendiherrastöðu eru allar dyr opnar erlendis. Það skiftir afarmiklu máli, að sendiherra vor á samkv. stöðu sinni beinan aðgang að þeim mönnum annara þjóða, sem mestu ráða um mál þeirra. En maður í lægri stöðu verður að halda sjer til skrifstofumannanna og þeirra, sem lægra eru settir, og er það auðsætt, hvaða þýðing þetta hefir fyrir úrslit málanna.

Hv. flm. (TrÞ) játar sjálfur, að maðurinn, sem starfinu gegnir, sje mjög hæfur maður og hafi gert mikið gagn. Það gagn hefir hann ekki einasta gert á þessum ferðum, sem jeg gat um, heldur og líka hjá sambandsþjóð okkar. Hefir nærvera hans þar að sjálfsögðu greitt úr ýmsu, sem valdið hefði getað misskilningi. Ein ástæðan fyrir því að halda sendiherraembættinu er sú, að í gegnum það getum vjer veitt mönnum undirbúning til þess, síðar meir, að taka þátt í meðferð þessara mála.

Bjarni Jónsson: Það hittist illa á, að jeg skyldi eiga að tala næst á eftir hæstv. forsrh. (SE). Hefði jeg heldur kosið, að einhver af ástvinum hv. flm. (TrÞ) hefði verið á milli, eða hann sjálfur. Hv. flm. ljet skilja á sjer hjer í öðru máli, að jeg myndi sem þm. hafa orðið ærið dýr þessu landi. Það má vera, að jeg sje dýr orðinn, en þá ætla jeg, að hv. flm. yrði öllu dýrari þm., ef hann kæmi fram þessu frv. sínu. Og jeg vil taka svo djúpt í árinni að fullyrða, að þótt það væri satt, sem ýmsir menn hafa verið að fleipra um mig í rógburðarskyni, sökum þess, að jeg hefi viljað styrkja nokkra fátæka menn, þótt það væri satt, segi jeg, að jeg væri allra þm. dýrastur, þá má hv. flm. vara sig á því, ef hann fengi nú ósk sína uppfylta, að hann yrði ekki, er tímar liðu, talinn 100 þúsund sinnum dýrari.

Hv. flm. byrjaði ræðu sína á því að tala um, að lög þessi hefðu verið samin í mestu sjálfstæðisvímunni, með öðrum orðum: í einskonar fylliríi. Vildi hann nú, slíkur bindindismaður sem hann er, stofna einskonar sjálfstæðisbindindi. En hann má vara sig á því, þessi mikli bindindispostuli, að hann verði ekki sjálfur ver haldinn af annari vímu ekki betri: — ósjálfstæðisvímunni. Það virðist svo sem hann og einstaka menn aðrir eigi svo bágt með að hrista af sjer endurminningar liðins tíma, að þeim er sem þeir sjeu enn að starfa í fortíðinni. Þeim finst enn sem ómögulegt sje að framkvæma það, sem þegar hefir fengist framgengt. Eins og sjá má af sumum frv. þeim, er fram hafa komið upp á síðkastið, hefir ósjálfstæðisvíma þessi hjá einstaka manni náð „delirium"-stiginu. Er í rauninni mjög misráðið að senda slíka menn á þing. Í nútíðina eiga þeir ekkert erindi. Öðru máli er að gegna um það, hve verðmætir þeir kunna að verða að menjagildi sem forngripir í íslenskum stjórnmálum.

Hv. flm. benti hv. deild á það, eins og góðum klerki sæmir, hve einskisvert það sje að sýnast á þennan hátt. Jeg felst á það með honum, að lítil bót sje að því að sýnast það, sem maður ekki er. En eins og hv. 4. þm. Reykv. (MJ) tók rjettilega fram ekki alls fyrir löngu, þá er það oft bæði rjett og heppilegt

að gera sjer far um að sýnast það, sem maður er. Á þetta ekki hvað síst við um viðskifti þjóða á milli. Það má að vísu segja, að sjálfstæði okkar í bókstaflegri merkingu sje ekki undir því komið, að við höfum sendiherra í Kaupmannahöfn. Samningnum hjeldum við engu að síður. En heimurinn gæti engu að síður auðveldlega gleymt því, að við værum sjálfstæð þjóð. Það hjálpar ekki eingöngu, þótt þessi samningur sje til. Heimurinn hefir annað að gera en að vera sífelt með þann brjefmiða í hendinni. Nei, það eina, sem hjálpar, er að við högum okkur þannig, að aðrar þjóðir hafi ávalt opin augun fyrir sjálfstæði landsins. Hjer er það skylda okkar að sýnast það, sem við erum. Sendiherra er besta auglýsingin hjá öðrum þjóðum um afstöðu þessa afskekta og lítt þekta lands. Hann sýnir ómótmælanlega, að við höfum rjettinn til að vernda — fullveldisrjettinn. Ef við aftur á móti sendum bara einhvern skrifstofustjóra, þá sýnir það ekkert í því efni. Sjerhver verslun getur gert það sama. Eða hvað ættum við svo sem að græða á því, að þessi maður heiti eitthvað annað en sendiherra? Er það bara ósjálfstæðisviman, sem er orsök í því, að hv. flm. þolir ekki orðið? — Það er engum efa bundið, að það hefir mikilsverða þýðingu fyrir viðskifti Íslands við aðrar þjóðir að hafa þarna mann, sem getur umgengist sendiherra þeirra. Það gagn er meira en nemur 45 þúsundum króna. Hvað ættum við að gera í slíkum málum, ef við næmum burtu þennan mann? Jú, við sáum það nýlega, hvað hv. flm. (TrÞ) myndi gera vilja. Hann myndi, eins og í kjöttollsmálinu, vilja senda 2—3 menn utan, bláókunnuga menn og titillausa. Þessir menn ættu að taka það að sjer að framkvæma fyrir Íslands hönd hina vandasömustu samninga, — samninga, sem á kynni að velta líf og velmegan þjóðarinnar. — Það er hverju orði sannara, sem hæstv. forsrh. (SE) tók fram, að slíkar sendiferðir eru ekki ætlandi mönnum, sem ekki eiga færi á að tala við aðra erlendis en undirtyllur undirtyllanna.

Jeg þarf ekki heldur að benda á það, sem hæstv. ráðh. tók fram, að ný ríki hafa margfalt meiri þörf fyrir slíka menn en önnur eldri. Það minsta, sem unt er því að hugsa sjer að við getum komist af með, er einn sendiherra í einu, mann, sem á aðgang að hæstu stöðum erlendis. Undir því er alt komið; hinir verða ávalt að sæta milligöngu annara, og þessir aðrir eru oft menn, sem lítinn skilning bera á erindið, sem þeim er ætlað að reka, og líta auk þess niður á svo smáa sendimenn svo smárrar þjóðar.

Þessi sendiherra, sem við höfum í Kaupmannahöfn, er sjálfkjörinn til að fara allar okkar sendiferðir erlendis. Er nauðsynlegt að hafa þarna mann, sem er vanur slíkum samningum og má treysta. Er í rauninni óskiljanlegt, hvernig sá maður getur stofnað til slíks frv., sem ætlaði að springa fyrir skömmu síðan af ákafanum að senda menn utan til samninga um kjöttollinn. En slíks er von af manni, sem geisist áfram á harða stökki, alt eftir því, sem hans ríka lund knýr hann, og hleypur svo á heila veggi, sökum þess, að sjónin er ekki skörp að sama skapi sem fjörið er mikið.

Enn er eitt atriði. Árið 1919 var það bundið fastmælum, að hvert land um sig skyldi hafa sendiherra sinn í hinu til þess að gæta hagsmuna sinna. Jeg

hefi síðan brugðið Dönum um það, að þeir hafi gert rangt í því að láta sendiherrann heyra undir annan ráðherra en venja er til. Jeg vildi því ógjarnan, að við gengjum lengra í því en þeir að ganga á bak talaðra orða. — Mjer er líka sem jeg sæi þá frændur okkar Norðmenn og Svía, er þeir frjettu þetta uppátæki okkar. Það yrði áreiðanlega brosað þar handan við hafið. Nokkrir myndu brosa raunamæddir, en aðrir skellihlæja. Og það væri heldur engin furða, því eftirminnilegri þjóðarskömm getur ekki á hverri öld.

Þá skal jeg lítillega minnast á sparnaðinn hjá hv. flm. Hann kvað spár sínar hafa ræst í því, að kostnaðurinn við embætti þetta hefði altaf verið að aukast. Það sáu fleiri fyrir en hann, að svo kynni að fara að krónutali. En myndi hann nú hafa aukist mikið raunverulega? Myndu 42 þúsundir nú vera meira fje en 28 þúsundir árið 1919? — Hann var að tala um það, hv. flm., hvað sparað væri, þegar þetta embætti væri niður lagt og falið Jóni Krabbe skrifstofustjóra. (Jeg þekki annars ekki þann mann, — engan skrifstofustjóra með því nafni. Jón Krabbe, sá er jeg þekki, er trúnaðarmaður í utanríkisráðuneytinu danska og sendisveitarritari hjá sendiherra vorum). Hann kvað með þessu sparaðar 25 þúsundir. — Og setjum nú svo, að þetta sje rjett reiknað. En hvað kemur á móti? Hvað kostar að senda árlega nefndir, 2, 4 eða 5 menn út um öll lönd? Það myndi augsýnilega verða langtum dýrara. Það einasta, sem hjer vinst, væri því, að enginn þeirra manna hjeti sendiherra. Þeir væru allir óþektir menn og fákunnandi á því sviði og gætu lítið gert. Á þessa leið yrði þá allur sparnaðurinn. Jeg hafði gaman að því, er hv. flm. byrjaði ræðu sína með því, að lítið þýddi að ræða málið. Jeg get vel skilið, að hann þoli illa að heyra mál manna um slíkt efni, — og í rauninni ætti það best við, að svona mál færi fram í kyrþey, og að aldrei yrði uppvíst, að það hefði fram komið á Alþingi Íslendinga.

Hv. flm. kvað, í lok ræðu sinnar, þetta vera vilja meirihl. þjóðarinnar. Þetta er ósatt, eins og meirihlutinn af því, sem þessi hv. þm. skrifar eða lætur skrifa í blað sitt.

Það er svo langt frá, að þó að hann riti um þetta í meira en 20 ár í blað sitt, þá mun aldrei fylgja því svo mikill ótími fyrir þjóð vora, að hún fallist á þessa skoðun. Hann getur ekki heldur haft annað fyrir sjer um þennan þjóðarvilja en í mesta lagi vilja nokkurra manna í því kjördæmi, sem hann var kosinn í í haust, í stað sjer miklu betri manns.

Sparnaðurinn við þetta verður ekki nema ímyndun ein, auk þess sem hv. flm. (TrÞ) kveður þetta gert til þess eins að ná lögunum í burt, en til þess sje ekki ætlast, að hætt verði að borga sendiherranum. Hver er þá sparnaðurinn? Eins og það kosti nokkuð, þó að lögin fái að standa í lagasafninu, þar sem þau eru komin. Það mætti og leggja niður sendiherraembættið, án þess að fella lögin úr gildi, og færi betur að gera það í hundahljóði, svo að vjer verðum oss síður til athlægis fyrir. Jeg get fullvissað hv. flm. (TrÞ) um það, að ef hann kemur þessu frv. fram, og jafnvel þó að það komist ekki lengra en það er komið, mun hann verða frægur að endemum, og jafnsögufróður maður sem hv. þm. er, ætti að skilja, hvílíkt eftirmæli hann mun fá fyrir þetta.

þetta er illa hugsað og ilt ráð, og ætti hv. flm. (TrÞ) að taka frv. aftur nú þegar og láta það ekki fara lengra.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg bjóst satt að segja við miklu meira en jeg hefi fengið úr þessari átt. **(BJ:** Getur komið síðar.) Hv. þm. Dala. (BJ) hefir oft verið miklu lotulengri við 1. umr. en nú.

Jeg skal fyrst snúa mjer að ræðu hæstv. forsrh. (SE). Hann þóttist furða sig á því, að þetta frv. skyldi koma nú fram. Hæstv. forsrh. (SE) hlýtur þó að vita, að þetta flaut í gegn á þingi 1919 með jöfnum atkvæðum, og síðan hefir jafnan staðið gnýr um þetta mál. Hvernig getur hæstv. forsrh. (SE) þá haldið því fram, að honum komi þetta frv. alveg á óvart og að hann stórfurði sig á því, að það er fram komið. Rjett á eftir lýsti hann yfir, að jeg hefði barið mótspyrnuna gegn þessu embætti inn í hug þjóðarinnar í viðlesnu blaði. En er þá nokkur furða, þó að jeg haldi áfram þessum barningi hjer í þingsalnum? Það er mikil mótsögn í þessu tvennu hjá hæstv. forsrh.

Hæstv. forsrh. (SE) vildi sem sagt kenna mjer mótspyrnuna móti sendiherraembættinu, með skrifum mínum í viðlesnu blaði. Jeg verð að þakka honum þetta traust. Margir þeirra, sem mjög hafa aðrar skoðanir á landsmálum en jeg hefi, hafa látið þessa sömu skoðun í ljósi, svo sem hv. 1. þm. Reykv. (JÞ), hv. þm. Borgf. (PO) og hv. 2. þm. Skagf. (JS). Jeg tek það sem traustsyfirlýsingu frá hæstv. forsrh. (SE), ef hann ætlar, að jeg hafi barið þessa skoðun inn í höfuð þeirra manna, sem jeg nú nefndi.

Hæstv. forsrh. (SE) mintist á Jón Krabbe, skrifstofustjóra, sem hv. þm. Dala. (BJ) vildi þó ekki kalla þeim titli, og talaði margt um, hvílíkur afburða-hæfileikamaður hann væri. Þessu er jeg algerlega samdóma, þótt jeg sje að vísu ekki jafnkunnugur og hæstv. forsrh. (SE) um starf þessa manns. En hvernig á þá að samrýma þetta við það, sem hæstv. forsrh. (SE) segir í sömu andránni, að hafi maðurinn ekki sendiherranafnbót, fái hann ekki að tala orð við aðra en undirtyllur undirtyllanna. **(Forsrh., SE:** Jón Krabbe er ekki sendiherra nú.) En þar sem hann er slíkur afburðamaður, má telja víst, að hann geti unnið oss hið fylsta gagn, og ennfremur má vænta þess, að hann fengi að tala við aðra en undirtyllur undirtyllanna. **(Forsrh., SE:** Jón Krabbe er engin undirtylla, heldur háttsettur embættismaður.) — Öll þessi orð, að sendimaður frá oss fái ekki að ná tali af neinum, nema hann hafi sendiherratitil, eru svo órökstudd, að þau eru ekki frambærileg. Jeg efast ekki um, að aðrar þjóðir muni sýna sendimönnum vorum fulla kurteisi, hvað svo sem þeir heita.

Þá mintist hæstv. forsrh. (SE) á ferðir sendiherrans til Spánar, Englands og Noregs. En hvernig var um sendiferðina til Spánar, og hvernig ætti sendiförin til Noregs að vera? Í Spánarförina voru sendir menn að heiman til aðstoðar sendiherra. Hv. þm. Dala. (BJ) talaði um, að það yrði mjög kostnaðarsamt að senda jafnan sendimann að heiman til þess að koma fram fyrir hönd landsins. En nú er það gert hvort sem er. **(BJ:** Það gera eyðslumennirnir, en ekki jeg.)

Jeg held því hiklaust fram, að einungis geti verið um tvennskonar sendi-

ferðir að ræða. Annaðhvort þurfum við að senda sjerfróða menn með sendiherranum, eins og til Spánar og Noregs, og kemur þá í einn stað niður, hvort við höfum sendiherra eða ekki, eða starfsmaður okkar ytra getur leyst ferðirnar einn af hendi, hverju nafni sem hann nefnist.

Hæstv. forsrh. (SE) talaði um, hve mikið gagn Sveinn Björnsson, sendiherra, hefði gert oss hjá sambandsþjóð vorri, Dönum. Þessu er jeg algerlega sammála. En þar sem hæstv. forsrh. (SE) undirstrikar svo sterklega, hvílíkur ágætismaður Jón Krabbe hafi verið fyrir vora hönd, er jeg sannfærður um, að hann hefði getað gert oss sama gagn hjá sambandsþjóð vorri sem sendiherrann.

Jeg þarf ekki að víkja eins mörgum orðum að hv. þm. Dala. (BJ). Hann kom að því í upphafi máls síns, að kvarta yfir því, að jeg hafi talað um, að einskonar sjálfstæðisvíma hafi verið yfir mönnum árið 1919. Kvað hann ósjálfstæðisvímu vera yfir mjer og minni pólitísku starfsemi. Jeg vil svara þessu því, að úr einni átt stendur þessari þjóð hætta af ósjálfstæðisvímu. Ekki af því, að afnumið verði sendiherraembætti suður í Kaupmannahöfn, heldur af hinu, að þjóðin verði fjárhagslega ósjálfstæð. Það er til þess að reyna að firra þjóðina þeirri hættu, að jeg hefi flutt þetta frv. og önnur fleiri, sem öll stefna í þá átt að draga úr útgjöldum ríkissjóðs.

Hv. þm. Dala. (BJ) drap á eitt atriði, sem jeg leiddi hjá mjer í framsöguræðu minni. Hv. þm. hefir áður um það talað, en jeg hugði, að hann mundi sleppa því nú. Þetta var, að sendiherrann væri lifandi auglýsing sjálfstæðis vors. Það sje ekki nóg, að Danir hafi lýst yfir sjálfstæði voru 1918, heldur þyrftum vjer jafnan að hafa þessa auglýsingu. Jeg segi um þetta hið sama sem áður, að sje sjálfstæðið ekki annað en þetta, og þurfi jafnan að auglýsa það út um allar jarðir, þá gef jeg lítið fyrir það. Mjer liggur það í ljettu rúmi, hvort Hottentottar eða Búskmenn vita um það eða ekki. (BJ: Hafa þeir sendiherra í Kaupmannahöfn.) Hv. þm. Dala. (BJ) mun vera kunnugra um það en mjer er.

Þá fór hv. þm. Dala. (BJ) að skamma Danastjórn fyrir að hafa brugðið loforðum sínum við hann. Þetta eru mikil tíðindi, og stór synd, að danska stjórnin skyldi ganga á loforð sín við hv. þm. Dala. (BJ). Jeg er ekki mikill ríkisrjettarfræðingur, og veit því ekki, í hvers umboði hv. þm. hefir tekið loforð af Danastjórn. Mjer kom þetta því kynlega fyrir.

Enn kom hv. þm. með nýja ástæðu gegn því að afnema sendiherraembættið. Kvað hann það svívirðing við Dani, ef sendiherrann yrði nú kvaddur heim. Þetta er mjög leiðinlegt, en jeg leyfi mjer að efast um, að Danir mundu taka þetta svo nærri sjer og telja sjer svívirðingu í gerða. Jeg vildi mælast til, að hv. þm. fengi skriflega yfirlýsingu frá Dönum í þessu efni, áður en jeg legg trúnað á þetta.

Mig furðaði mjög, að hv. þm. Dala. (BJ) skyldi ekki víkja að einu atriði í sambandi við þetta, sem hann hefir talað um áður. Hv. þm. og fleiri voru eitt sinn að panta sendiherra frá Noregi og Svíþjóð, og heyrði jeg hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) eitt sinn átelja hv. þm. Dala. (BJ) fyrir það. Jeg er hissa á því, að hv. þm. skyldi ekki nefna þetta og geta þess, að vjer þyrftum að eiga sendiherra í þess-

um löndum. (BJ: Veit hv. þm. ekki, að vjer höfum þar umboðsmann?)

Hv. þm. hjelt því fram, að kostnaður við utanríkismálin mundi verða jafnmikill eftir sem áður. Þetta er alger misskilningur, svo sem jeg hefi sýnt. Hv. þm. hjelt því fram, að jeg hefði ekki reiknað kostnaðinn rjett. Jeg spáði engu um, hve mikill kostnaðurinn mundi verða, tók einungis tölurnar upp úr fjárlögunum. Þó var að einu leyti rangt reiknað hjá mjer, eins og hæstv. atvrh. (KlJ) skaut rjettilega fram. Upphæð sú, sem jeg taldi að sparast mundi, er í dönskum krónum, og verður sparnaðurinn þeim mun hærri í íslenskum krónum. Þetta er ekki alveg ljóst í landsreikningnum, því að þar er kostnaðurinn reiknaður í dönskum krónum, en gengismunurinn reiknaður á öðrum lið, og hafði jeg ekki aðgætt það.

Þar sem hæstv. forsrh. (SE) sagði, að við ættum að kosta meiru til utanríkismálanna, skal jeg geta þess, að nú kostum vjer um 58.000 kr. til þeirra mála. Danir eru 30 sinnum fleiri, og ættu því að rjettu hlutfalli að kosta til þeirra mála 1¾ milj. kr. Þetta er álitleg upphæð. Það er ekkert vit í því að líta á kostnaðinn öðruvísi en í sambandi við það, hve þjóðin er stór og fær um að bera mikið.

Jeg skal að endingu henda á lofti þau orð hv. þm. Dala. (BJ), að jeg væri pólitískur forngripur. Jeg hygg, að það hafi ekki verið heppilegt af hv. þm. að tala um pólitíska forngripi. Því að flestum mönnum hjer á landi mun koma saman um það, að í þessum sal sje einungis einn pólitískur forngripur, og það sje einmitt hv. þm. Dala. (BJ).

Magnús Torfason: Jeg ætla mjer ekki að skemta mönnum. Þar sem þetta frv. er fram komið, býst jeg við, að því verði sýndur sá sómi að vísa því til nefndar, og tel jeg þá eðlilegt, að alt þetta sendimannamál verði athugað vel.

Í fyrsta lagi vildi jeg biðja væntanlega nefnd að athuga, hvort sendiherra vor sje viðurkendur af dönsku stjórninni. Af hirðskrá og embættismannaskrá Dana verður ekki sjeð, að hann sje viðurkendur á borð við sendiherra annara þjóða. Hann er ekki talinn með þeim, heldur settur einn sjer úti í horni og kallaður fulltrúi Íslands. Að því sem mjer er best kunnugt, hefir sendiherra vor ekki að öllu verið settur jafnfætis öðrum sendiherrum.

Eftir því sem hæstv. forsrh. (SE) sagði, hefir Sveinn Björnsson sendiherra verið sendur til þess að semja við Norðmenn, og ef jeg man rjett, einnig við Englendinga. Mjer kemur til hugar út af þessu, hvort ekki væri rjett að stækka verksvið sendiherrans, ef vjer eigum að halda því embætti við, og láta hann þá, ef unt er, vera fyrir öll Norðurlönd og Bretland. Hann situr þá óneitanlega vel í Kaupmannahöfn.

Það munu vera skiftar skoðanir um það, hvaða gagn vjer höfum af því fje, sem til þessa er veitt. Jeg vil því skjóta því til væntanlegrar nefndar, hvort hún vill ekki fá skýrslu um störf sendiherrans og árangur þeirra.

Svo sem bent hefir verið á, höfum vjer haft aðra sendimenn, sem kostað hafa margfalt meira fje en þessi. En mjer er ekki kunnugt um, að vjer höfum síðan í ófriðnum haft eyrisgagn af þeim, nema síður sje. Jeg vil því leyfa mjer að æskja þess, að væntanleg nefnd afli sjer vitneskju um störf þessara sendimanna og árangur þeirra.

Það var sagt áðan, að vjer yrðum að fórna miklu til þess að fá góða menn til að standa fyrir málum vorum í útlöndum. Þetta er að vísu satt. En ekki er þó alt fengið með því að fórna fje. Jeg minnist að hafa heyrt, að á ófriðartímunum beiddist stjórnarforseti í ríki einu, sem var í bandalagi við Frakka, þess af frönsku stjórninni, að hún sendi sjer duglegan og greindan mann sem sendiherra. Clemenceau svaraði þegar, að það gæti hann ekki, því að hann hefði ekki nema 2 slíkum mönnum á að skipa, sem ekki væru fábjánar. Þetta sýnir, að það er ekki einhlítt að ausa út fje til þess að fá góða fulltrúa.

Jeg vil leyfa mjer að óska, að þá er þetta mál kemur aftur til umræðu, liggi það þannig fyrir, að þjóðin geti myndað sjer skoðun á gagnsemi þessara sendimanna, sem kostað hafa blóðugt fje.

Forsætisráðherra (SE): Jeg skal aðeins svara hv. flm. (TrÞ) fáu einu. Hann veik að því, hvílík hætta það yrði fyrir þjóðina, ef stoðirnar undir fjárhag hennar biluðu. Um þetta erum við sammála, að aðalatriðið sje að treysta fjárhagslegu stoðirnar undir sjálfstæðinu. En ein af leiðunum til þess er sú, að vjer förum með fullri fyrirhyggju og viti í utanríkismálunum. Því verður ekki borið inn í suma menn, að þessi mál sjeu annað og meira en hjegómamál. En það sjest af Spánarmálinu og kjöttollsmálinu, að þau snerta afltaugar efnahags vors. Jeg vil enn á ný vekja eftirtekt á því, að þessi mál verða yfirgripsmeiri með hverju ári, og að vjer getum alls ekki leitt hjá oss þann kostnað, sem af því leiðir, að þau verði afgreidd á viðunanlegan hátt. Það má ekki glepja mönnum sýn, að Danir fara með þessi mál að sumu leyti. Því hefir jafnan verið svo hagað, að það er íslenska stjórnin, sem tekur ákvörðun um, hvað gera skuli í hvert skifti. Þetta getur verið afskaplegur vandi fyrir stjórnina, ef hún hefir ekki sjerfróða menn sjer við hönd.

Jeg mintist á Jón Krabbe, sem er trúnaðarmaður vor í utanríkisráðuneytinu, og að vjer hefðum engan í hans stað, ef hans misti við. Hv. flm. (TrÞ) vildi telja stöðu hans lægri en rjett er, því að hún samsvarar „departementchef". (**MT:** Ekki alveg.)

Hv. flm. (TrÞ) hjelt því fram, að vjer þyrftum oft að senda menn hjeðan að heiman, til þess að fara með mál vor. En ef vjer höfum ekki sendiherrann til þess að vera formaður fararinnar, getur alt lent í handaskolum. Ef vjer höfum engan mann, sem hefir lagt sig sjerstaklega eftir utanríkismálum, þá getur farið illa. Það getur heilbrigð skynsemi sagt hverjum og einum, að allar þjóðir væru ekki að hafa allan þennan kostnað að gamni sínu, ef hann væri óþarfur.

Jeg vona, að athugað verði, að hjer er um alvarlegt mál að ræða, sem ekki dugir að ráða til lykta án nákvæmrar íhugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 : 1 atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., fimtudaginn 6. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 34, n. 72).

Frsm. (Jón Þorláksson): Allshn. hefir nú athugað frv. þetta, og hefi jeg í rauninni litlu að bæta við það, er í nál. stendur.

Það er álit nefndarinnar, að kostnaðurinn við meðferð íslenskra mála í Kaupmannahöfn sje of mikill, sjerstaklega nú, þegar fjárhagurinn er eins þröngur og hann er. Enda hefir kostnaðurinn orðið miklu meiri í reyndinni en gert var ráð fyrir, þegar þetta embætti var stofnað. Síðan hafa launin verið tvöfölduð, og það óefað að brýnni nauðsyn, því þau laun, sem upphaflega voru ákveðin, voru og eru vitaskuld of lág til þess að maður í slíkri stöðu komist af með þau, ef hann á ekki kost annars fjárs sjer til framfærslu.

Hinsvegar hafði nefndin vitneskju um það, og álit ýmsra þeirra manna, sem þessu eru kunnugastir, að koma mætti málinu fyrir á ódýrari og þó fyllilega viðunandi hátt, sem sje þann, að láta sendisveitarritarann annast málin, sem starfræksjanda (chargé d'affaires). Þó að sú leið væri farin, væri það fjarri því, að það væri einsdæmi. Það er svo að segja tíska nú á tímum, að hin efnaminni ríki kveðji heim sendiherra sína, þá sem ekki er brýn nauðsyn á, og láti annast störf þeirra á kostnaðarminni máta. Væri okkur enginn vansi í að fara að þeirra dæmi.

Víma stríðs- og veltiáranna, þegar hver kepti við annan um íburð og bruðl úr hófi, er nú úti, og nú þykir hver sá fremstur og færastur, sem mestan sparnað sýnir í búskap sínum.

Eins og nál. ber með sjer, er ekki lengra gengið en það, að lögunum sje breytt í þá átt, að sendiherra sje hafður, hvenær sem veitt er fje til þess í fjárlögunum. Mætti með rjettu segja, að slík lagasetning væri óþörf, því þingið hefir altaf í hendi sjer að skipa sendiherra, þegar það vill gjalda honum kaup, en hún skaðar ekki.

Skal jeg svo ekki orðlengja meir um málið að sinni.

Forsætisráðherra (SE): Jeg skal játa það, að nál. hv. allshn. olli mjer mjög mikilla vonbrigða. Því í eðli sínu er þetta, að fella niður sendiherrann, og hitt, að ákveðið skuli með fjárlögum, hvenær hann skuli vera, alveg það sama. Það er hvorttveggja til þess, að embættið legst niður. Því þó þingið kynni að veita fje til embættisins, þá er enginn maður svo skyni skroppinn, að hann þyrði að taka við því, og er því, ef þetta nær fram að ganga, loku fyrir það skotið, að við höfum sendiherra í öðrum löndum.

Það er að nokkru leyti rjett, sem hv. frsm. (JÞ) sagði, að smáþjóðirnar reyndu að spara kostnað sinn við þessi embætti sem önnur, með því að kalla heim sendiherrana, þar sem þeir eru ekki alveg nauðsynlegir. En það eru engin dæmi til þess, að nokkur sjálfstæð þjóð dragi inn alla sína sendiherra, heldur einstöku þá, sem minst eru nauðsynlegir, og þá er farin sú leið að láta embættin standa opin, en fá þau chargé d'affaires, — jeg kann ekkert gott íslenskt orð yfir það — í hendur um stundarsakir.

En þegar þessi einasti sendiherra Íslands á að fara frá, þá hlýtur sú spurning að koma fram af alefli, hvort ekki hafi verið gagn að þessu embætti, þann tíma, sem vjer höfum haft það. Þó að vísu sje erfiðara að gera grein opinberlega fyrir starfi þessara manna en annara opinberra starfsmanna, þar sem störf-

in eru þannig í eðli sínu, að ýmsu, sem þessir menn hafa með höndum, og sumu því þýðingarmesta, er ekki hægt að skýra opinberlega frá, þá leyfi jeg mjer að fullyrða, að reynsla sje fengin fyrir því, að embættið hafi orðið að mjög miklu gagni. Og að reynslan af þessu starfi sje orðin sú, að ekki komi til nokkurra mála að leggja það niður

Ef vjer lítum til annara þjóða, þá er það fje, sem þær verja til sinna utanríkismála, afarmikið, og þar sem það er vitanlegt, að mál þau, sem vjer eigum að sækja út á við, eru afarmörg og þýðingarmikil fyrir þjóðina, þá verð jeg að segja það, að þó þessi maður hefði aðeins veitt eitt einasta gott liðsinni í þeim málum, þá hefði hann margborgað laun sín. Við erum altaf að gera samninga við útlönd, og jeg vil benda hv. deild á, að það er beinlínis nauðsynlegt fyrir stjórnina að hafa menn, sem skyn bera á þessi störf, sjer við hönd. Jeg get í þessu sambandi tekið fram, að jeg hefi í minni stjórnartíð ekki fundið annað en danski utanríkisráðherrann hafi borið mál vor mjög fyrir brjósti sjer, og á hann þakkir fyrir það, en þó svo hafi verið, þá nær það engri átt, að vjer höfum ekki full afskifti af þessum málum, þar sem það er á voru valdi, hvað í þeim er gert.

Jeg skal segja það hreint og beint, að mig tók það sárt að sjá, að frsm. þessa máls (JÞ) skyldi einmitt vera formaður Íhaldsflokksins, sá, sem flestir búast við, að taki við stjórn landsins. Mjer þykir afstaða hans til þessa máls afarill, því mjer virðist hún sýna ákaflega lítinn skilning á þýðing utanríkismála.

Jeg hefi nú aðvarað hið háa Alþingi. Jeg hefi bent á vora eigin reynslu. Og jeg hefi sýnt fram á, að allar aðrar þjóðir skapa þessum málum öndvegissess og verja ærnu fje til þeirra. En erum vjer þá svo smáir, að vjer eigum ekki ráð á einum sendiherralaunum? Eða, með öðrum orðum: höfum vjer ráð á að spara þetta fje og þau afskifti, sem vjer, í gegnum þetta embætti, getum haft á skipun þessara mála vorra?

Tryggvi Þórhallsson: Jeg get verið fáorður, en finn ástæðu til að þakka hv. allshn. fyrir, hve vel hún hefir tekið í mál þetta, einkanlega þar sem allir nefndarmenn hafa orðið sammála. Vona jeg, að það sje fyrirboði þess, að frv. gangi greiðlega gegn um þessa hv. deild og eins hv. Ed.

Nefndin hefir gert litlar brtt., og engar, sem jeg get ekki gengið fúslega inn á, því að þær snerta eingöngu formsatriði. Tilgangurinn næst jafnt með því, hvort frv. verður samþ. í upprunalegri mynd, eður eins og það kemur frá hv. nefnd. Því er jafnt af báðum skotið til þingsins, hvort það vill halda embættinu með því að veita fje til þess á fjárlögunum, eða að annast sje um mál þessi á annan hátt.

Hæstv. forsrh. (SE) þarf jeg engu að svara. Jeg ætla mjer ekki að ganga fram fyrir skjöld hv. frsm. (JÞ) honum til varnar; veit hann er fær um varnirnar sjálfur. Og hvað viðvíkur hv. Íhaldsflokkinum, þá kemur það ekki mál við mig.

Jakob Möller: Það mun vera meining allra, er að máli þessu standa, að „frelsa með því samvisku sína", eins og hæstv. forsrh. (SE) komst að orði. Það mun jafnt vera meining hv. flm. (TrÞ) með frv. sem hv. allshn. með brtt. sínum, og nú vil jeg frelsa mína samvisku með

því að mæla á móti frv., bæði í sinni upprunalegu og núverandi mynd. En jeg held, að við, sem erum annaðhvort með því að halda í embættið eða þá að leggja það beinlínis niður, eins og hv. flm. (TrÞ), sjeum hreinlyndari en hv. allshn. Því jeg sje ekki betur en að hún fari með brtt. sínum á bak við málið, látist ætla að leggja sendiherrann niður, en ætlist hinsvegar ekki til, að það verði gert.

Mjer er kunnugt um, að hv. flm. (ThÞ) hefir alla tíð verið á móti þessu máli, en svo er ekki um alla þá, er sitja í allshn., og liggur nærri, að draga megi þá ályktun af því, sem fram hefir komið, að málið muni standa fastar fyrir en í fyrstu var ætlað.

Reynslan hefir sýnt, að þetta embætti er afarnauðsynlegt og hefir komið að stórmiklu gagni. Leyfi jeg mjer því til sönnunar að vitna í ummæli fyrverandi stjórnar, sjerstaklega til háttv. 1. þm. Skagf. (MG). En eins og öllum er kunnugt, var það fyrir forgöngu þessarar stjórnar, að embættið var stofnað, og launin síðan hækkuð, til þess að halda manni þeim, er stöðuna skipar. Skýtur nú dálitið skökku við, er formaður Íhaldsflokksins, þess, er tveir aðalmenn fyrv. stjórnar eiga nú sæti í, hefir orð fyrir þeim mönnum, sem láta í veðri vaka, að leggja beri niður embætti þetta, sem flokksmenn hans komu á. Vildi jeg því gjarnan heyra meira úr því horni um afstöðu einstakra manna, og hverjar ástæður þeir telja helstar til að afnema embættið, þar sem nauðsyn þess er meiri nú en nokkru sinni áður. Annars verð jeg að líta svo á sem brtt. sjeu alt annað en það, sem þær eru gefnar út fyrir, sem sje það, að sparnaðarsamviska þessara manna sje með þeim að reyna að bjarga sjer í augum almennings með því að látið sje líta svo út sem fella eigi embættið niður, en að það verði ekki gert. Er það hálfljelegt, að mínum dómi, og myndi slíkt lítt friða mína samvisku.

Stjórninni er nefnilega heimilt að skipa sendiherra, ef fje er til hans veitt. En nú er það vitanlegt, að hæstv. fyrv. stjórn skipaði sendiherrann á eigið eindæmi, lofaði honum launahækkun og efndi það alt vel og drengilega. Og það má ganga út frá því, að svo fari altaf, að hver stjórn sjái sjer ekki annað fært en hafa sendiherra utanlands, og taki að sjer að sjá um það, að hann fái laun sín. Og ekki er jeg sammála hæstv. forsrh. (SE) um það, að enginn myndi vilja taka þetta starf að sjer, ef stjórnin hjet honum launum. Það hefir hingað til reynst alveg hættulaust að reiða sig á orð íslenskra stjórna.

Jeg sje ekki, að mál þetta sje þýðingarmikill sparnaðarpóstur. Að vísu eru sendiherralaunin allhá, eða 20 þús. kr., en það er látið í veðri vaka, að ef frv. nái fram að ganga, eigi sendisveitarritarinn að annast störfin, og hlýtur hann að fá talsverð laun, aldrei minna en helming þessa fjár, og er þá lítill sparnaður, einar 10 þús. kr. Svo geri jeg heldur ekki ráð fyrir, að viðtakandi stjórn segi við núverandi sendiherra, að hann megi fara heim, heldur sitji hann, uns hann segir af sjer, og sje svo, er ekki víst, að sparnaðurinn verði neinn í bráðina. Er því dálitið hæpið að rjettlæta þennan sparnað eins og hv. frsm. (JÞ) gerði, með neyð þeirri, er nú ríkir, og hversu fjárhagurinn er þröngur.

Út af ummælum hv. frsm. (JÞ), að aðrar þjóðir spari nú mjög kostnað

sinn í utanríkismálum, má geta þess, að svo er í sumum löndum; annarsstaðar er hann víða margfaldaður. Nú — þess ber líka að geta, hvað kostnaðinn snertir, að þá má ekki aðeins líta á bein útgjöld, heldur og á það, hver hagnaður það sje fyrir landslýð að hafa fulltrúa sinn úti í heimi. Tel jeg engan vafa á, að hagurinn af þessu embætti hafi orðið okkur margfaldur á við kostnað ríkissjóðs.

Frsm. (Jón Þorláksson): Ræður hæstv. forsrh. (SE) og háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) komu undarlega í bág hvor við aðra. Hæstv. forsrh. (SE) gat ekki betur sjeð en að frv., eins og það kom frá allshn., yrði til þess að sendiherraembættið fjelli niður, — hv. 3. þm. Reykv. (JakM) taldi brtt. aðeins látalæti, og yrði sendiherrann kyr eftir sem áður. Jeg held satt að segja, að báðir fari villir vegar, sannleikurinn liggi mitt á milli. Hv. allshn. getur auðvitað ekki lagt þingum framtíðarinnar neinar lífsreglur, en hún leggur til, að á hverjum tíma verði ákveðið í fjárlögum, hvort haldið skuli embætti þessu eða ekki. Er nú skamt að bíða þess, að fjárlagafrv., fyrir árið 1925, verði til umræðu, og er þá nægur tími til að athuga, hvað ofan á verður, ef frv. þetta verður samþykt.

Hæstv. forsrh. (SE) sagði, að engin þjóð legði niður alla sendiherra sína. Má vel vera, að svo sje, líti hann til ríkja, sem eru margfalt mannfleiri og auðugri en okkar er. En hitt er og alkunnugt, að mörg smáríki á borð við okkur treysta sjer ekki til að stofna nein slík embætti, en láta sjer lynda að sitja í skjóli stærri ríkjanna og undir vernd þeirra. Tjáir ekki að bera okkur saman við miljónaþjóðir, heldur verður í slíkum málum að líta fyrst á okkar eigin ástand og reyna að ráða fram úr því, eftir því sem nauðsyn krefur.

Enginn ber brigður á það, að núverandi sendiherra hafi reynst vel í stöðu sinni. Hvorki hv. flm. (TrÞ) nje háttv. allshn., hafa neitt sett út á starf hans, heldur eru menn fullkomlega ánægðir með það, þótt vitanlegt sje, að erfitt er að dæma um þessi mál, þar sem þm. verða í því efni að fara eftir umsögn annara.

Hæstv. forsrh. (SE) er vitanlega kunnugur þessu embætti vegna stöðu sinnar, en vitnað gæti jeg í menn utan þings, sem nær standa starfinu, og er það álit þeirra, að spara mætti sendiherralaunin og láta sjer nægja með c h a r g é d' a f f a i r e s. Á þessu byggi jeg miklu meir en á skoðunum hæstv. forsrh. (SE), að þetta sje óverjandi.

Svo sem títt er, þá er rætt er um sparnað, vjeku þeir báðir, hæstv. forsrh. og háttv. 3. þm. Reykv., að þeirri hliðinni, að svo mikill óbeinn hagnaður væri af þessum útgjöldum, að það borgaði sig að halda þeim. Alt þetta tal minnir mig dálítið á sögu, sem gekk einu sinni hjer í bænum, um mann einn, sem sagði öllum það í óspurðum frjettum, að hann væri altaf að græða, og sagði kunningi hans, að hann mundi halda áfram að græða, þar til hann væri kominn á höfuðið. Jeg hygg, að ríkissjóður sje kominn inn á þessa braut. Hann hefir margvíslegan tilkostnað, sem menn halda fram, að hann græði á, en niðurstaðan er sú, að ríkissjóður er að fara eins rækilega á höfuðið og auðið er. Þannig horfir málið við frá minu sjónarmiði. Jeg geri ekki

mikið úr þesskonar mótmælum gegn þessum sparnaði, einkum þar sem þeir, sem málinu eru kunnugastir, telja það vel gerlegt, að spara í þessu efni.

Hæstv. forsrh. (SE) kvað þessa frv. hafa verið minst í erlendum blöðum, og hefi jeg sjeð í skeytum, sem hingað hafa komið, að svo hefir verið. En jeg hygg, að þessarar sparnaðartilraunar verði minst fremur til lofs, einkum í samanburði við annan sparnað, sem nú er talinn nauðsynlegur hjer sem annarsstaðar. En jeg skal fúslega viðurkenna, að jeg hefði verið deigur til þess að ráða mönnum til að leggja þetta embætti umsvifalaust niður, hefði jeg ekki vitað álit þeirra, sem best eru kunnugir málinu.

Hæstv. forsrh. (SE) spurði, hvernig vjer ættum að fá að vita það, sem gerðist í heiminum, eftir að sendiherrastaðan væri lögð niður. Þessu vil jeg svara, að þá vitneskju fáum vjer á sama hátt sem fyr, áður en embættið var stofnað — frá hinni sömu skrifstofu, sem starfað hefir áður um langan aldur, þótt hún væri undir öðru nafni, og ætlast er til, að verði látin starfa framvegis, þó að sendiherraembættið sje afnumið. Það vita allir, að þeir menn munu sitja þar eftir sem áður, sem fullvel má treysta til að gefa stjórninni glöggar upplýsingar um öll þau efni, sem henni er vant að vita.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að svara hæstv. forsrh. (SE) frekar. Það, sem hann sagði, var mest endurtekning á þeim sömu ástæðum, sem hann hefir áður borið fram og jeg hefi svarað, svo sem samanburður við tilkostnað annara þjóða til utanríkismála. Í þeim efnum verður að líta á getu hverrar þjóðar. En því fer fjarri, að jeg vilji gera lítið úr þýðingu utanríkismálanna fyrir oss sem fyrir aðrar þjóðir.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hjelt því fram, að yrði sendiherrastaðan lögð niður, mundi þurfa að greiða sendisveitarritara sem svarar hálfum sendiherralaunum. Hv. þm. hefir ekki gætt þess, að sendisveitarritarastaðan er til nú þegar, og tekur hann laun við sendiherraskrifstofuna í Kaupmannahöfn. Jeg hygg, að menn megi óhætt treysta því, að það sje nálægt rjettu lagi, sem nefndin segir, að þótt greiða verði framvegis eitthvað af þeim kostnaði, sem nú er bundinn við sendiherraembættið, svo sem svarar því, er nú fer í risnufje og húsaleigu, muni sparnaðurinn nema að minsta kosti sendiherralaununum, eða um 20 þús. kr.

Að öðru leyti er það að segja um sparnaðinn af slíkri ráðstöfun sem þessari, að það veldur mestu, hver á heldur. Þetta má framkvæma á þann hátt, að af því verði ómerkilegur sparnaður, en jeg er í engum vafa um, að einnig má framkvæma það þannig, að sparnaðurinn verði að minsta kosti þessi, sem jeg gat um.

Það, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði um afstöðu þeirra tveggja fyrv. ráðherra í Íhaldsflokknum, til þessa máls, skal jeg ekki gera að umtalsefni. En í þessu sambandi vil jeg minna á, að nú virðist mjer að nokkru leyti horfin ein aðalástæðan, sem borin var fram fyrir stofnun þessa embættis, sem sje sú, að vjer teldum oss hafa rjett samkvæmt sambandslögunum til þess að skipa sendiherra. Það þótti þó nokkurs virði að fá þessu slegið föstu í reyndinni, og var þessu haldið fram sem

mikilvægri ástæðu af hálfu formælenda þessarar embættisstofnunar. Nú er þessi ástæða horfin, þar sem því hefir verið slegið föstu, með lagasetningu og í framkvæmd, að vjer höfum þennan rjett, sem vjer teljum oss hafa samkvæmt sambandslögunum og fullveldi landsins.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil leyfa mjer að benda á, að þegar sambandslögin voru samþykt, var búist við því, að vjer mundum reyna að hafa eins mikinn íhlutunarrjett um utanríkismál og unt væri, og taka þau algerlega í vorar hendur, þegar tímar liðu. Eitt aðalatriðið í þessu var stofnun sendiherraembættisins í Kaupmannahöfn. Með því að leggja niður þetta embætti, virðist slakað allmjög til í þessum efnum. Nú þykir ef til vill ekki skifta svo miklu máli, að hugsað sje um sjálfstæðismál vort. Tímarnir breytast og mennirnir með. En þó varir mig, að rísa muni sú alda, er segir, að ekki dugi að leggja niður afskifti vor af þessum málum. En þau afskifti munu ekki verða oss í hag, ef vjer erum sviftir möguleikanum til þess að kynna oss þessi mál sem best. Sje þetta embætti skorið niður, þykir mjer sem skorinn sje einn aðalþáttur sjálfstæðis vors. En vera má, að þá vakni sú viðkvæmni í ýmsum brjóstum, sem veldur því, að oftar verður ekki skorið.

Jeg viðurkenni fúslega, að mjer er þetta tilfinningamál. Mjer finst sem verið sje að ganga óafvitandi á rjett þjóðarinnar, að hún sje að minka við þetta mál. Jeg sje þær sýnir úr þessu sæti — og þetta mun að líkindum verða ein af síðustu ræðunum, sem jeg held úr því — að gangi þjóðin þessa leið hröðum skrefum, mun hún minka, en ekki vaxa.

Jeg vil nú leyfa mjer að beina einni spurningu til hv. frsm. (JÞ). Mjer skilst, að hv. nefnd ætlist til, að sá maður, sem nú gegnir störfum sendisveitarritara, veiti hinni nýju sendisveitarskrifstofu forstöðu. En hvernig verður þá aðstaða sendisveitarinnar til utanríkisráðuneytisins danska? Æðsti maður sendisveitarinnar verður að gera ýmsa samninga við utanríkisráðuneytið, og er þá undarlegt, ef þessi sami maður getur rekið erindi íslensku stjórnarinnar og verið um leið embættismaður í danska utanríkisráðuneytinu. Jeg verð að krefjast þess, að hv. nefnd athugi vel, hvort þetta tvent geti farið saman, að embættismaður í danska utanríkisráðuneytinu geti verið æðsti maður í sendisveit vorri í Kaupmannahöfn. Jeg fæ ekki sjeð, hvernig það getur samrýmst.

Hv. frsm. (JÞ) kvaðst hafa átt tal við þá menn, sem voru þessum málum kunnugastir, og hafi þeir sagt, að vel mætti leggja þetta embætti niður. Jeg veit ekki, hverjir þessir menn eru, og get því ekki sagt um það, hve mikið er leggjandi upp úr orðum þeirra. Jeg hefi átt tal um þetta við núverandi sendiherra, og álítur hann, að ekki megi með neinu móti leggja embættið niður. Eftir þeirri þekkingu, sem hann hefir aflað sjer á þessum störfum, telur hann, að það taki engu tali. Sendisveitarritarinn er alveg á sama máli. Jeg get rólegur skírskotað til þessara manna, því að jeg veit, að þeim kemur ekki til hugar að andæfa þessu. Jeg veit, að þeim muni kært, að jeg noti það traust, sem Alþingi ber til þeirra, til þess að skýra hjer frá skoðunum þeirra í þessu máli.

Jeg hygg, að ýmsir menn hafi mis-

skilið þetta mál og talið það smámál. Það er alveg rangt. Þetta er stórmál, sem varðar mjög stjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar.

Björn Líndal: Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) gaf mjer tilefni til að taka til máls. Mjer skildist hann gera ráð fyrir, að mál þetta hafi verið gert að flokksmáli í Íhaldsflokknum. Jeg vil taka það fram, að svo er alls ekki. Það hefir komið til umræðu á flokksfundi, og hygg jeg, að skoðanir flokksmanna á þessu máli sjeu mjög skiftar. Jeg vil því leyfa mjer að gera stutta grein fyrir afstöðu minni til málsins.

Málið hefir nú verið rætt frá ýmsum hliðum, en jeg vil vekja athygli manna á einni hlið þess, sem mjög miklu skiftir, í mínum augum, en það er, hvort það sje vansalaust fyrir heiður og virðingu þjóðarinnar, að þetta embætti sje lagt niður. Mjer virðist þjóðin hafa reynt á síðustu árum að sýnast meira en hún var. Það er eins og hið nýfengna sjálfstæði hafi stigið mönnum til höfuðs. Vjer gátum ekki lengur sótt mentun vora til erlends háskóla, sem mentamenn vorir um margar aldir höfðu stundað nám við. Vjer gátum ekki lengur hlítt við þann dómstól, sem reynst hafði oss rjettlátur æðsti dómstóll um margar aldir. Vjer höfum reynt að sýnast meira en vjer erum, en nú virðast þau straumhvörf vera orðin, að vjer viljum sýnast minni en vjer erum. En jeg vil, að vjer sýnumst það sem vjer erum, hvorki meira nje minna.

Sú upphæð, sem talið er, að hjer muni sparast, er svo lítil, að mjer finst vjer gera oss hlægilega með því að leggja niður sendiherraembættið fyrir einar 20 þús. kr. Það er ekki vegna þess, að jeg hafi frá upphafi verið fylgjandi stofnun þessa embættis. Því fer fjarri. Mjer fanst embættið einn liður í þeirri mikilmenskukeðju, sem þjóðin var að reyna að skreyta sig með. En þar sem embættið var stofnað og hefir vakið athygli á þjóðinni, tel jeg varhugavert að leggja það niður, ekki síst, þegar ekki meiri sparnaður er í aðra hönd. Þessa sömu upphæð mætti spara með því að segja upp 2 meir en óþörfum starfsmönnum við áfengisverslun ríkisins eða landsverslunina.

Því hefir verið fleygt, að núverandi sendiherra væri í þann veginn að sækja um lausn frá embætti. Ef menn vildu spara embættislaun hans, væri auðsætt að gera það á þann hátt, að veita embættið ekki aftur fyr en vjer þykjumst hafa vel hæfan mann í það. En ef vjer tökum embættið af manninum, komumst vjer ekki hjá því að veita honum eftirlaun, sem ekki kæmi til, ef hann bæði um lausn af sjálfsdáðum.

Afstaða mín er því í stuttu máli þessi, að jeg tel þennan sparnað ekki svo mikinn, að vjer getum gert oss hlægilega fyrir hann; þó að einstakir menn geti gert sig hlægilega fyrir 5 eða 10 þús. kr., getur íslenska þjóðin ekki gert það fyrir 20 þúsundir.

Jakob Möller: Það var rjett hjá hv. þm. Ak. (BL), að jeg bjóst við, að um þetta mál hefði verið rætt í Íhaldsflokknum, þó að jeg hins vegar giskaði ekkert á afstöðu flokksins til þess. Annars vil jeg þakka hv. þm. fyrir ummæli hans. Jeg geri ráð fyrir, að eftir að þau eru fram komin, sje tilgangslaust að bera fram spurningu, sem mjer hafði flogið í hug, hvort Íhaldsflokkurinn mundi beitast fyrir, að fjárveiting

til sendiherrans yrði feld niður af fjárlagafrv. Eftir orðum hv. þm. Ak. (BL) geri jeg ráð fyrir, að það hafi ekki komið til tals í flokknum.

Jeg er annars sammála hv. þm. Ak. (BL) um það, að það er blátt áfram hneisa fyrir þjóðina að leggja þetta embætti niður. En satt að segja, er jeg hættur að þora að eiga orðastað um, hvort hitt og þetta sje þjóðinni til vanvirðu. Það hefir ekki reynst svo giftudrjúgt að leggja sóma eða hneisu á vogarskálina, þegar peningar eru annarsvegar.

Háttv. frsm. (JÞ) kvað nú eitt aðalatriðið fengið, sem ætlað var að ná með stofnun embætttisins. En þó að embættið hafi staðið í 2—3 ár, hygg jeg, að það muni fljótt gleymast, ef það er lagt niður aftur og falið starfsmanni í utanríkisráðuneytinu danska. Þetta hafði mjer annars ekki komið til hugar. Jeg hugði, að sjerstökum manni mundi falin þessi störf, og að hann þyrfti þá, að sjálfsögðu, að fá laun fyrir. Jeg heyri, að hæstv. forsrh. (SE) er mjer samdóma um það, að tæpast geti komið til mála, að slá þessum tveim störfum saman, en verði frv. samþ., verður það vitanlega viðtakandi stjórn, sem þetta ákveður.

Hv. frsm. (JÞ) var að reyna að gera hlægilegt, að talað væri um, hve mikið græddist við það annarsvegar að halda slíkum stöðum. Það þótti mjer ódýr röksemd, að vitna í manninn, sem átti að græða, þangað til hann var kominn á höfuðið. Slíkt tel jeg neðan við það að vera svaravert. Það er oft, að menn koma með slíkt glamur, þegar þeir vilja komast hjá að svara aðalatriðunum, en jeg hugði, að hv. frsm. (JÞ) teldi það fyrir neðan virðingu sína.

Að öðru leyti skal jeg ekki orðlengja um málið. Hvort aðalstaðhæfing mín er rjett, að brtt. nefndarinnar sjeu komnar fram í því skyni að komast í kringum málið, án þess að leggja embættið niður, verður reynslan að skera úr.

Tryggvi Þórhallsson: Mjer þykir rjett að geta þess og leggja áherslu á af minni hálfu, í tilefni af orðum hv. 3. þm. Reykv. (JakM) um að frelsa samvisku sína, að hann getur ekki að neinu leyti beint því til mín, að jeg hafi sjerstaka ástæðu til að frelsa samvisku mína í þessu efni. Jeg hefi altaf farið beint af augum og aldrei verið myrkur í máli í þessu efni, heldur haldið hinu sama fram látlaust, síðan þetta embætti var stofnað.

Jeg verð að láta í ljósi undrun mína yfir því, að hæstv. forsrh. (SE) og hv. 3. þm. Reykv. (JakM) skuli vera að víkja að atriðum, sem áður eru marghrakin. Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) var að vitna í gagnið af þessu embætti, og sló því fram, að þeir, sem vilja afnema það, viðurkenni þó gagnsemi þess. Þetta er rjett, en því hefir verið haldið fram, og ekki verið reynt að hrekja það, að alveg sama gagni má ná, þó að þessi embættistitill hverfi. Eins er um það, er hæstv. forsrh. (SE) gat um, að þá væru horfnir allir mögulegleikar til að hafa kynni af utanríkismálum. Það er eins og allir heimar sjeu lokaðir, nema þessi fulltrúi vor hafi sendiherranafnbót, en það nær vitanlega engri átt.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) gaf í skyn, að hv. allshn. væri að reyna að svíkjast frá málinu, og að brtt. hennar væru lævísleg aðferð til að losna úr öllu saman. Jeg hefi að vísu enga tilhneigingu til að verja meirihl. hv. allshn., en þó

hefi jeg tilhneigingu til að halda því fram, að nefndin hafi ekki verið að gabba mig, þar sem hún fjekk mig til að fallast á brtt. sinar. Ef hv. þm. ber saman frv. mitt og brtt. nefndarinnar, hlýtur hann að sjá, að þar ber að sama brunni, að Alþingi skuli í hvert skifti ákveða í fjárlögum, hvort veita skuli fje til þessa embættis. Hvorki mjer nje nefndinni hefir auðvitað komið til hugar að taka fjárveitingarvaldið af Alþingi eða banna því að veita fje til sendiherra á fjárlögum. Jeg skil því ekki hugsunarferil hv. þm. í þessu.

Hæstv. forsrh. (SE) kvað þetta vera tilfinningamál fyrir sjer, og sá sýnir úr sæti sínu. Nú vita allir, sem eitthvað eru kunnugir fornbókmentum vorum, að fyrir stórtíðindum sáust jafnan sýnir um land alt. Að hæstv. forsrh. (SE) sjer nú sýnir úr sæti sínu er því ekki annað en góður og gamall íslenskur siður, og ofurskiljanlegt þetta sálarástand hans, eins og nú standa sakir.

Og svo örfá orð að síðustu út af ræðu hv. þm. Ak. (BL). Mjer komu orð hans á óvart. Eins og öllum er kunnugt, hefir nýlega verið myndaður hjer í þinginu stór og voldugur flokkur, sem nefnir sig Íhaldsflokk. Og stefnuskrá hans er sparnaður og fækkun embætta. Þessum þingflokki tilheyrir hv. þm. Ak. Jeg skal ekki fara að rekja ítarlega afskifti þessa flokks af sparnaðarmálum þingsins, þessa stuttu tíð, sem hann á að baki sjer, en vil aðeins taka örfá dæmi. Í hv. Ed. var til umræðu fækkun embætta við hæstarjett. Þá kemur einn sparnaðarmaður úr Íhaldsflokknum og segir n e i.

Í þessari hv. deild kemur svo fram frv. um fækkun kennara í guðfræði við háskólann, þar sem ráð er gert fyrir því, að biskupinn taki að sjer nokkuð af kenslunni. Þá stendur enn maður upp úr sama flokki og segir: nei, þetta megum við ekki gera! Og svo þegar rætt er um að takmarka þau útgjöld, sem leiðir af sendiherraembættinu, þá kemur sá þriðji til sögunnar og segir: nei, þetta megum við ekki gera! Og svona hefir farið í hverju málinu af öðru. Og merkilegt er þetta, ekki síst, þegar formaður flokksins hefir haldið ræðu með þessu frv. Máske er það rjett, að þetta sje ekki flokksmál, en hvað er þá um samheldnina, sem hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) talaði um að ríkti innan Íhaldsflokksins? Hann sagði okkur það um daginn, að þegar einn þm. úr flokknum kæmi með frv., þá væri það fyrirfram víst, að allur flokkurinn sameinaði sig um það. Jeg vil nú að minsta kosti skjóta því í allri vinsemd til formanns þessa flokks, hv. 1. þm. Reykv. (JÞ), hvort ekki væri heppilegt, að hann hjeldi meiri aga í flokknum.

Forsætisráðherra (SE): Jeg get vel skilið það, að hv. þm. Str. (TrÞ) sje í góðu skapi, enda fer sólskinsbrosið ekki af andliti hans. Hann hefir jafnan barist gegn sendiherraembættinu, og hefir nú fengið glæsilegan stuðning. Má telja þetta einn af „Tímans" stóru sigrum, og sýnir, hvað sterk blöð mega sín mikils.

Það er ómótmælanlegt, að aðstaða vor út á við veikist að stórum mun, ef embættið verður lagt niður. Jeg á ekki aðeins við álitsrýrnunina, sem því fylgir, heldur ekki síður við það, að örðugra verður fyrir oss að fylgjast með á öllum sviðum, þegar þessum persónulega millilið er kipt burt.

Hv. þm. Str. (TrÞ) hjelt að jeg sæi

einhverjar sýnir, sökum þeirra stóru viðburða, sem væru að gerast. En jeg get sagt honum, að jeg hefi sjeð þær áður. Jeg hefi altaf verið þeirrar skoðunar, að þetta mál væri eitt af okkar stóru sjálfstæðismálum og jeg er sannfærður um, að ekki líður á löngu, að hv. þm. (TrÞ) skilur þessar sýnir.

Frsm. (Jón Þorláksson): Það var ein athugasemd í síðari ræðu hæstv. forsrh. (SE), sem er svaraverð. Hann bað menn að athuga, hvort maður, sem er starfandi í utanríkismálaráðuneyti Dana, gæti verið æðsti maður í sendisveit vorri. Jeg sje nú ekki betur en að þar sem maður þessi er starfandi þar sem trúnaðarmaður Íslands, þá geti þetta alveg samrýmst. Vil jeg í þessu sambandi benda á 7. gr. sambandslaganna, sem jeg vil lesa upp, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo, meðal annars:

„Í utanríkisstjórnarráðuneytinu skal skipa eftir ósk íslensku stjórnarinnar og í samráði við hana trúnaðarmann, er hafi þekkingu á íslenskum högum, til þess að starfa að íslenskum málum."

Jeg get nú ekki sjeð, að nokkuð sje athugavert við það, þó þeim manni, sem þetta traust er sýnt, sje einnig falið að fara með önnur mál hinnar íslensku þjóðar, eftir því sem tími hans og starfskraftar leyfa. Jeg held því, að hæstv. forsrh. (SE) hefði átt að láta niður falla að koma með þetta. — Annars gladdi það mig að heyra, að það er ekki í fyrsta sinni, að hann sjer sýnir, því það er álitið feigðarboði, en þar sem það hefir oft áður borið fyrir hann, þá hefir maður ástæðu til að ætla, að það hafi ekki þessa gömlu þýðingu gagnvart honum, og jeg vil í einlægni vona, að andláts hann sje enn langt að bíða. — Hann kvað þetta mál vera sjer tilfinningamál. Því get jeg vel trúað, en fer ekki lengra út í þá sálma. Hann talaði líka mikið um það, að þetta væri sæmdarmál íslensku þjóðarinnar. Jeg er aftur á móti fyrir mitt leyti sannfærður um það, að oss væri meiri sæmdarvegur að kveðja sendiherra vorn heim og vera án hans, heldur en að halda áfram að greiða kostnaðinn við hann, án þess að geta það.

Hv. þm. Ak. (BL) lýsti rjett þeirri öldu ósparnaðarins og íburðarins, sem yfir land vort hefir gengið, en eftir orðum hans að dæma er mjer ekki grunlaust um, að hann hafi smitast af henni á síðustu tímum hennar, og er þá varla við því að búast, að honum sje enn fyllilega batnað. — Hvað viðvíkur afstöðu Íhaldsflokksins til þessa máls, þá skal þess getið, að mjer hefir aldrei komið til hugar að gera þetta að flokksmáli, eins og jeg líka er yfirleitt mótfallinn því að binda skoðanafrelsi nokkurs manns.

Um chargé d'affaires er það að segja, að slíkir menn hafa að öllu leyti jafngreiðan aðgang að þeim, sem stjórnir landa þurfa að semja við, eins og sendiherra. Og jeg skal viðurkenna, að með tilliti til þess er sá munur á frv og till. nefndarinnar, sem getur haft nokkra þýðingu fyrir málið.

Forsætisráðherra (SE): Mjer er óskiljanlegt, hvað mörgum virðist ganga treglega að koma auga á það, að það er að öllu leyti mjög óheppilegt og óviðfeldið, að æðsti maður sendisveitar starfi undir þeim manni, sem hann á að semja við. Við hinu er ekkert að segja, að hann sje gerður að chargé d'affaires í bili, en sem ráðstöfun til frambúðar

er það alveg óvenjulegt og, í einu orði sagt, ófært.

Mjer virtist hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) gefa flokksbróður sínum, hv. þm. Ak. áminningu, vegna þess, að hans hugarfar væri öðruvísi en það ætti að vera, en sá hv. þm. (BL) lagðist á móti afnámi sendiherraembættisins. Satt að segja bjóst jeg aldrei við öðru úr þeirri átt. Hitt þótti mjer leiðinlegra, að mjer skildist svo sem hv. þm. (BL) væri að amast við því, að hæstirjettur væri fluttur heim. Jeg er fyrir mitt leyti í engum vafa um það, að sú ráðstöfun hafi verið sjálfsögð og hin giftusamlegasta fyrir land vort.

Þá hefir hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) gert dauðastundir stjórnarinnar að umtalsefni. Til þess bjóst jeg ekki við að kæmi, svo mikla hugprýði sem jeg hjelt að jeg hefði sýnt í því dauðastríði. En þetta vil jeg segja við hv. 1. þm. Reykv. (JÞ): Sá, sem stendur, gæti sín, að hann ekki falli! Og þó jeg sje nú á dauðastundinni í þessum stól, þá vona jeg, að hv. þm. verði þess varir, að jeg lifi áfram í þingsölunum.

Jakob Möller: Í raun rjettri er háttv. samþm. minn (JÞ) búinn að taka af mjer ómakið við það að sýna fram á mismuninn, sem er á frv. og nál. Þarf ekki annað en minna á fyrirsagnirnar, sem ljósum orðum benda á, að annað fer fram á afnám sendiherraembættisins, en hitt fer aðeins fram á breytingu á lögum um sendiherra. Jeg verð því að álíta, að þegar hv. allshn. kom til hv. flm. frv. (TrÞ), þá hafi það verið með það fyrir augum að fara í kringum hann, og það hefir henni líka tekist. Aðaltilgangur hans hefir jafnan verið sá að fella niður titilinn, en nú er hann alt í einu horfinn frá þeirri áralöngu baráttu, og það er ekki aðeins, að ætlast sje til, að embættinu verði haldið áfram, heldur líka titlinum, sem honum hefir jafan verið svo meinilla við.

Hvað viðvíkur því, sem hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) sagði um trúnaðarmann Íslands í utanríkismálaráðuneytinu, þá er svo langt frá, að það sje nokkurt vantraust á þeim manni, sem nú fer með það embætti, þó sagt sje, að óheppilegt væri, að hann tæki að sjer sendiherrastörfin. Með því væri horfið til baka til þess ástands, sem var, og trúnaðarmennirnir yrðu ýmist íslenskir eða danskir, þó kanske oftar það fyrra. Og útlitið væri þá líkt og það var fyr, þ. e. að Ísland væri óaðskiljanlegur hluti Danaveldis. Og svo hjegómlegur er jeg, að mjer finst ekki lítið til koma þessa atriðis. Og það var þó þetta, sem hv. samþm. minn (JÞ) taldi eina helstu ástæðuna fyrir því að stofna embættið. Og þó sendiherraembættið hafi á undanförnum tíma verið sýnilegt tákn þess, að þjóðin er sjálfstæð, þá er jeg hræddur um, að það falli fljótt í gleymsku, þegar sendiherrann er kallaður heim.

Magnús Guðmundsson: Mjer skildist svo, að hv. 3. þm. Reykv. (JakM) óskaði að fá vitneskju um það, hvernig jeg liti á mál það, sem hjer er til umræðu. Þetta er mjer ljúft að gera honum til geðs, og skal þá strax lýsa yfir því, að jeg get gengið inn á nál., því jeg skil þær till. á sama hátt og hann, þannig, að ekki sje til þess ætlast, að embættið sje lagt niður, heldur sje breytingin frá því, sem nú er, fólgin í því, að hjer eftir skuli Alþingi í hvert skifti ákveða, hvort fje verði veitt til þess eða ekki. Nú er það kunnugt orðið, að sendiherra vor

vill fá lausn úr embætti sínu, og mjer er persónulega kunnugt um það, að hann langar að komast heim, enda mun honum þegar vera fyrirhugað embætti. Og þær upplýsingar get jeg gefið hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að ef ekki hefði verið völ á jafnágætum manni sem Sveini Björnssyni í sendiherraembættið, þá myndi stjórnin aldrei hafa skipað í það. Hvað því viðvíkur, hvort fært sje að fela hr. Jóni Krabbe störf sendiherrans, þá má minna á það, að hann er enganveginn algengur starfsmaður í utanríkisráðueytinu, heldur er hann þar sem trúnaðarmaður okkar, og ætti því síst að vera fyrir þær sakir ver fallinn til að gegna þeim öðrum málum vorum, sem undir sendiherrann heyra. Það væri þá helst óviðfeldið frá sjónarmiði utanríkismálaráðuneytisins danska, og trúi jeg þó varla, að það muni reka sig á, meðan vjer höfum til þessara starfa völ á slíkum manni sem Jóni Krabbe, sem að allra dómi er þeim eiginleikum gæddur, að allir, sem kynnast honum, bera traust til hans.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) mintist á það, að fyrverandi stjórn hefði hækkað fjárveitinguna til sendiherrans. Það er satt, að lagt var til í frv. til fjárlaga fyrir 1923 að hækka þá fjárveitingu, og var það gert eftir ósk sendiherrans sjálfs. En áður því yrði ráðið til lykta, fór þáverandi stjórn frá. En það var eitt af fyrstu verkum hæstv. forsrh., sem nú er (SE), að koma á fund fjvn. og biðja hana að hækka þessa fjárveitingu, og kvað hann það vera samkvæmt vilja allrar stjórnarinnar.

Hv. þm. Str. (TrÞ) var fjölorður um ósamlyndi innan Íhaldsflokksins. Það er ekki nema eðlilegt, að honum komi það kynlega fyrir, slíkum aga sem hann er víst vanur í sínum flokki. Annars væri mjer innanhandar að benda á nokkur dæmi um það, hvernig samlyndið hefir verið í Framsóknarflokknum, þó jeg hlífist við að gera það nú; má vel vera, að jeg fái tækifæri til þess síðar. Annars var það aldrei ætlun Íhaldsflokksins að gera hvert mál að flokksmáli, því það teljum vjer rjettast, að þó þm. skipi sjer í flokka eftir meginstefnu sinni, þá eigi þeir að hafa fullkomið skoðanafrelsi. Og eins er um það mál, sem hjer er á ferðinni, og væntì jeg, að það þurfi engan að hneyksla.

Pjetur Ottesen: Jeg gæti í raun rjettri eins vel fallið frá orðinu, eftir að hv. 1. þm. Skagf. (MG) hefir talað, en þó eru það nokkur atriði, sem mig langar til að fara örfáum orðum um.

Jeg býst ekki við, að nokkrum komi á óvart afstaða mín í þessu máli. Jeg var þegar í upphafi á móti stofnun þessa embættis, og ekki síður þá, er það var sett í fastar skorður með sjerstökum lögum, því jeg leit svo á, að með því móti myndi reynast ennþá erfiðara að draga úr kostnaðinum, sem af embættinu leiddi. En eftir því sem málið horfir nú við, má ætla, að ekki verði svo torsótt að koma slíkum sparnaði fram.

Í áframhaldi af þessu vil jeg geta afstöðu þingsins 1922 til þessa máls. Hv. 1. þm. Skagf. (MG) hefir raunar drepið lítillega á það atriði, en jeg vil aðeins í fáum orðum rifja það upp fyrir hv. deild, hvernig málið kom þá fyrir. Svo var mál með vexti, að stjórn sú, sem sat að völdum í þingbyrjun 1922 og samdi fjárlagafrv. fyrir 1923, gerði tillögu um það, eftir ósk Sveins Björnssonar, að laun sendiherrans yrðu hækkuð. Þáverandi fjvn. gat ekki orðið sam-

mála um þetta, og jeg og tveir þm. aðrir, sem kosnir höfðum verið í nefndina af sparnaðarbandalaginu, vorum mótfallnir þeirri hækkun og klufum nefndina. Oss var það nefnilega ljóst, eftir því meðal annars, sem Sveinn Björnsson hafði sjálfur gefið í skyn, að það, að koma í veg fyrir hækkun fjárveitingarinnar til embættisins, væri í raun og veru það sama og afnema það. Það tækifæri vildum við nú grípa, og var það í fullu samræmi við fyrri skoðun okkar á því máli. En um þetta sama leyti urðu hjer stjórnarskifti, og núverandi hæstv. forsrh. (SE) tók við. Man jeg það, að eitt af hans allra fyrstu verkum í ráðherraembættinu var að koma á fund nefndarinnar, og bað hana mjög fast og innilega um að stuðla að því, að laun sendiherrans yrðu hækkuð, og kvað hann það sameiginlegan vilja stjórnarinnar, að svo yrði gert.

Hæstv. atvrh. (KlJ) hafði þá nýlega í fyrirlestri talið þetta embætti ónauðsynlegt, kallað sendiherrann tildurherra. (**Atvrh. KlJ:** Jeg stend við það, sem jeg hefi sagt.) En hv. ráðherra (KlJ) var þó sammála forsætisráðherranum um nauðsynina á að hækka laun sendiherrans og halda embættinu, og hefir hann því viljað halda tildrinu áfram. Hann um það.

Jeg vil geta þess í þessu sambandi, að háttv. þm. Str. (TrÞ) hefir altaf, frá því fyrsta, verið á móti þessu embætti, og viljað, að það væri lagt niður. Nú læst hann hneykslast mjög á því, að einn eða svo af flokksmönnum Íhaldsins skuli leggja á móti því að fella embættið niður. Jeg vil þá benda háttv. þm. á það, að jeg man ekki til þess, að einn einasti Framsóknarflokksmaður greiddi atkvæði með því að fella niður hækkun á fjárveiting til þessa embættis, er við, fulltrúar sparnaðarbandalagsins í fjárveitinganefnd, fluttum tillögu um það á þingi 1922, og man jeg þó ekki til þess, að þeir fengju neinar ákúrur fyrir það í blaði þm. Það hefir þá verið gert í laumi. En opinberlega hefir það ekki sjest frá hans hendi, að hann hafi neitt hneykslast á þessu háttalagi flokksbræðra sinna. Jeg skal þá líka benda á það í sambandi við dæmi þau, sem háttv. þm. Str. talaði um, um afstöðu eins Íhaldsflokksmanns úr þessari deild til þeirra frv., sem hjer liggja fyrir um niðurfellingu embætta við háskólann, að hjer er alveg um samskonar mál að ræða og það, sem Framsóknarflokksmenn fylgdust dyggilega að að drepa á þingi 1922. Nú er það flutt af þeim. Þetta sýnir, að mótstaðan, sem málið vakti þá af þeirra hálfu, hefir einungis stafað af því, að það voru menn úr sparnaðarbandalaginu, sem þá fluttu það. Það er engin önnur skiljanleg ástæða fyrir þessum hringsnúningi.

Jakob Möller: Jeg vildi gera stutta athugasemd við ræðu háttv. þm. Borgf. (PO). Hann var að gefa upplýsingar um upptök þessa máls, sem jeg verð að telja, að ekki sjeu rjettar. Mjer er fullkunnugt um það, að Sveinn Björnsson tók við embættinu gegn ákveðnu loforði stjórnarinnar um það, að launin yrðu hækkuð. (**MG:** Það er ekki satt!) Jú! Á þingi 1921 flutti jeg svo breytingartillögu þess efnis, og bygði hana á þessu loforði stjórnarinnar, sem og studdi þá tillögu. Nú lætur háttv. þm. Borgf. (PO) í veðri vaka, að þessi krafa Sveins Björnssonar hafi komið öllum óvart. En hún var borin fram í fullu samráði við stjórnina, og háttv. 1. þm

Skagf. (MG) mælti eindregið með því, að launin yrðu hækkuð, bæði á þingi 1921 og 1922.

Magnús Torfason: Samkvæmt afstöðu minni í þessu máli, þá gladdi það mig stórlega, er þetta frv. kom fram, og jeg verð að segja, að með því frv. get jeg verið. En jeg fæ ekki sjeð, að háttv. allshn. hafi nokkuð bætt um það, nema síður sje. Jeg get ekki sjeð, að það sje nein þörf á því að búa til lög um það, hvað gera eigi á fjárlögunum. Ef þinginu sýnist að setja sjerstakan sendisveitarritara, ef fje er veitt, þá á að setja þetta í fjárlögin. Sje ekki veitt fje til sendiherraritara, þá nær það heldur ekki lengra. Það er því langhreinlegast að afnema embættið alveg, því þá er þingið frjálst um það, hvað það vill gera framvegis. Það sem þó einkanlega í mínum augum gerir það, að mjer finst tillögur háttv. allshn. spilla frv., er það, að með þessu móti er sendiherraembættið gert að þingbitlingi. Það álít jeg alls ekki viðeigandi. Það á ekki að vera hnotabit um það á hverju þingi, hvort embættið skuli standa af náð þingsins frá ári til árs. Annaðhvort á að afnema það alveg eða þá ekki.

Það, sem aðallega kom mjer til þess að standa upp, það voru orð háttv. 1. þm. Skagf. (MG) um það, að sendiherrann mundi líklega segja af sjer á þessu ári. Ef nú þetta er rjett, sem hert var á með því að segja, að honum væri fyrirbúið starf hjer á landi, hversvegna vilja menn þá ekki bíða þangað til að vissa er fengin fyrir því, hvort hann segir af sjer eða ekki. Ætti einmitt frv. þm. Str. (TrÞ) að liggja ósnert þangað til, svo menn gætu þá samþykt það, ef svo sýndist. Jeg vildi taka þetta fram. Og úr því þetta er ekki flokksmál hjá Íhaldsflokknum — en mjer hafði ekki dottið annað í hug en svo væri — þá get jeg ekki betur sjeð en það sje rjettast og hyggilegast að afgreiða málið svona. Minsta kosti held jeg, að ef jeg hefði staðið í sporum 1. þm. Reykv. (JÞ), þá hefði jeg ekki viljað fara svo í málið, að því yrði ekki komið aftur í samt lag og var.

Magnús Guðmundsson: Jeg vildi segja nokkur orð út af ummælum háttv. 3. þm. Reykv. (JakM), að stjórnin hafi lofað því í byrjun að hækka laun sendiherrans (**JakM**: Styðja að því!), eða styðja að því. Þvert á móti. Þetta má sanna með skjölum, þar sem sendiherrann viðurkennir þetta sjálfur. (**JakM:** Þetta er ekki rjett!) Það þýðir ekki fyrir háttv. þm. að berja höfðinu við steininn. Jeg get ef til vill sannað þetta með brjefi við 3. umr.

Viðvíkjandi ræðu háttv. 1. þm. Árn. (MT) skal jeg geta þess, að það er ekki nauðsynlegt að taka hjer upp heimild til þess að setja fjárveitingu á fjárlög. Auðvitað ræður Alþingi í hvert skifti, hvað skuli gert. En það er nokkuð annað að fella lögin alveg úr gildi. Þá talaði þessi háttv. þm. (MT) um það, að málið gæti beðið, þangað til það kæmi í ljós, hvort sendiherrann ætlaði að segja af sjer. Það kemur áreiðanlega bráðlega í ljós. En málið er heldur ekki komið út úr þinginu (**Forsrh., SE:** Nýja stjórnin biður!), þótt það sje samþykt hjer. Jeg skal ekkert segja um nýju stjórnina, en það er ólíklegt, að hún afgreiði á 3—4 dögum mál, sem gamla stjórnin hefir legið lengi yfir.

Jakob Möller: Háttv. 1. þm. Skagf.

(MG) segir beinlínis rangt frá. Við hittumst 1921 á skipi hjer við Ingólfsgarðinn, er Sveinn Björnsson sigldi, og hjet hann þá á mig til styrktar, til þess að fá laun sendiherrans hækkuð

Magnús Guðmundsson: Jeg kannast alls ekki við þetta viðtal, sem háttv. 3. þm. Reykv. talaði um, nje nokkra samninga eða loforð um þetta efni. Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) fer með ósannindi.

Jón Kjartansson: Það voru ummæli sessunauts míns, háttv. 1. þm. Árn. (MT), sem kómu mjer til þess að standa upp. Hann undraði sig yfir því, að þetta skyldi ekki vera flokksmál hjá Íhaldsflokknum, það stóð í einhverju blaði um þennan háttv. þm. (MT), að hann tilheyrði eða stæði a. m. k. mjög nærri Framsóknarflokknum. Það er nú samt ekki að sjá, að þetta hafi verið flokksmál þar. Ætti hv. þm. því fyrst að beina aðfinslum sínum þangað. Hinsvegar finst mjer ekkert að athuga við það, þó þetta sje ekki gert að flokksmáli. Aðalatriðið er, hvort hjer sje verið að skaða utanríkismál vor. Nú eru allir sammála um það, að sá maður, sem nú er sendisveitarritari, sje ágætur maður og mjög vel fallinn til að gegna sendiherrastörfum, get jeg því ekki skilið, að háttv. deild hafi á móti till. allshn., þar sem hjer er aðeins um fyrirkomulagsatriði að ræða. Það er heppilegt, ef sendiherraembættið losnar, að geta falið sendisveitarritara að gegna starfinu. Jeg get því ekki fallist á það, sem sessunautur minn, háttv. 1. þm. Árn. (MT) sagði, að frv. hafi versnað hjá allshn. Sist ætti Sjálfstæðisflokkurinn að vera á móti frv. eins og það er nú. Við álítum óheppilegt að afnema lögin, en heppilegt að leggja það á vald fjárveitingavaldsins, hvort eða hve miklu fje sje varið til þessa.

Virðast þá þessar deilur óþarfar. Allir eru sammála um, að sendisveitarritarinn sje heppilegur til að takast þetta starf á hendur. Það er aðalatriðið.

Þá vildi jeg beina fáum orðum til háttv. þm. Str. (TrÞ). Hann var að tala um ósamkomulag í Íhaldsflokknum. En hann ætti að skygnast um í sínum eigin flokki. Sjálfur hefir hann flutt hjer þrjú sparnaðarmál. Hann vill afnema dósentsembættið í klassiskum fræðum við háskólann. Helsti flokksmaður hans í Ed. vill láta flytja dósentinn að mentaskólanum.

Í öðru lagi vilja flokksmenn hans hjer í deildinni láta afnema kennaraembættið í hagnýtri sálarfræði. Helsti flokksmaður hans í Ed. vill gera þann prófessor að landsbókaverði, og enn annar að fræðslumálastjóra. Þannig mætti lengi telja. Þeir eru svo sem ekki allir sammála þar, og svo virðist sem þessar sparnaðartill. flokksmanna Framsóknarflokksins sjeu aðeins fram bornar til þess að sýnast.

Forsætisráðherra (SE): Það var alveg rjett, sem hv. þm. V.-Sk. (JK) tók fram, og jeg hefi margoft sagt, að Jón Krabbe er auðvitað mjög fær til að vera chargé d'affaires. En það kemur bara ekki til nokkurra mála að sameina chargé d'affaires og trúnaðarmannsstöðuna í utanríkisráðuneytinu danska, nema aðeins til bráðabirgða. Hjer er um svo ólík störf að ræða. Annars held jeg, úr því sem komið er, að besta lausn þessa máls sje sú, ef nú yrðu sendiherraskifti — að vísu liggur ekki fyrir nein yfirlýsing um það frá sendiherra enn þá, að hann

ætli að segja af sjer — að sendiherralögin sjeu látin standa eins og þau eru, en nefndin dragi sitt frv. til baka. Og svo gæti nýja stjórnin þá haft chargé d'affaires í bili, þangað til nýr maður væri fundinn til þess að gegna starfinu. Það eru því tilmæli mín til háttv. 1. þm. Reykv. (JÞ) og nefndarinnar, að málið sje látið bíða. Það fer áreiðanlega best á því, að lögin sjeu látin standa. Annars geri jeg fastlega ráð fyrir því, að þó þetta frv. nái að ganga gegnum hv. Nd., þá verði því alveg vafalaust slátrað í Ed. En svona er það! Hvað skyldi grískudósentinn vera búinn að kosta ríkið mörg þús. kr. á ári, á þennan hátt? Nú er einmitt nýbúið að fella frv. um hann í Ed. Jeg vil biðja þessa háttv. sparnaðarmenn að taka það til athugunar, hvað það kostar að lengja þingið með óþörfum umræðum, með því að taka upp aftur og aftur mál, sem altaf eru feld á hverju þinginu eftir annað, og sem frá byrjun er vitanlegt, að muni falla.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil benda hæstv. forsrh. (SE) á það, að það er ekki sem best samræmi í því að telja þetta eitt hið mikilsverðasta mál, en vera svo að kvarta yfir því, að umræður verða um það.

Hv. 3. þm. Reykv. lagði orð mín þannig út, að það væri aðalatriðið fyrir mjer að fá titlinum breytt. En hversvegna er aðalatriðið að fá titlinum breytt?: Það er vegna þess, að höfuðkostnaðurinn við þetta embætti stafar af titlinum. Með öðrum orðum: Það er sparnaðurinn, sem er aðalatriðið, og hann næst jafn-vel, hvort sem frv. mitt eða till. allshn. ná fram að ganga. Þessvegna get jeg vel verið þeim samþykkur.

Út af ummælum háttv. 1. þm. Skagf. (MG) skal jeg benda á, að þar kom líkt fram. Hann vildi gera mun á frv. mínu og till. allshn. Þetta er misskilningur. Að vísu er staðan ekki afnumin eftir till. allshn. En eftir frv. báðum getur þingið ákveðið um sendiherrann.

Þá voru þeir, hv. 1. þm. Skagf. (MG) og hv. þm. V.-Sk. (JK) að tala um samkomulagið í þeim tveim höfuðflokkum, sem hjer skiftast skeytum á. Það er vitanlega ekki tiltökumál, þó smá-ágreiningur verði um einstöku mál í flokki, sem hefir mjög margbreytta stefnuskrá. En nú hefir Íhaldsflokkurinn aðeins eitt atriði á sinni stefnuskrá, sem sje það, að fækka embættismönnum og spara. (MG: Hvar stendur það?) Í stefnuskrá flokksins eða yfirlýsingu. (MG: Nei!) Jú, það stendur þar. Og samt getur flokkurinn ekki komið sjer saman um þetta eina atriði.

Út af orðum hv. þm. V.-Sk. (JK), um ósamræmi í Framsóknarflokknum, út af afnámi embætta grískudósentsins og prófessorsins í hagnýtri sálarfræði, vil jeg taka fram, að þetta er hreinn misskilningur. Eins og jeg hefi áður sagt, var það alls ekki meiningin að ganga af þessum mönnum dauðum. Það er því alveg eðlilegt, þó skoðanir skiftist um það, hvað taka eigi við á eftir. Jeg benti líka á það, er jeg flutti frv. mitt um grískudósentinn, að ein leiðin til að sjá honum fyrir starfi væri sú, að flytja hann að mentaskólanum.

Þá kem jeg að ræðu hv. þm. Borgf. (PO), sem jeg get ekki látið ómótmælt, enda þótt mjer leiðist að eiga orðastað við þennan hv. þm., út af þessu máli. Við höfum altaf verið sammála um þetta efni frá því sendiherraembættið var stofnað. En jeg get ekki látið vera

að mótmæla því, er hann gaf í skyn, að hver einasti maður í Framsóknarflokknum hefði skipað sjer á móti þessu máli á þingi 1922, aðeins af því, að frv. hefði komið frá „sparnaðarbandalaginu", með öðrum orðum, að þeir hefðu beinst á móti því af því að það kom frá sjerstökum mönnum. Í þessu felst ákaflega hörð ákæra, og ef háttv. þm. vill halda við þetta, þá verður mjer að minnast hins forna spakmælis: Margur heldur mann af sjer — og að hann sje slíkur maður. En jeg vona, að þetta sje ekki meining hans, heldur hafi hann sagt þetta í fljótræði. En annars er það dálítið átakanlegt, að góðir bræður, sem hjálpuðust áður að því að stofna þetta embætti, skuli nú vera að sendast skeytum á. Er það alkunnugt, að þegar ríki leysist upp, þá berjast menn innbyrðis, og svo fer hjer.

Pjetur Ottesen: Jeg hjelt, að hv. þm. Str. (TrÞ), mundi reyna að bera eitthvað í bætifláka fyrri framkomu flokksbræðra sinna í þessu sendiherramáli hjer á þingi 1922 og sjálfs sín, í því að vera þá ekki betur á verði í því máli.

Á þingi 1922 gafst tækifæri fyrir Framsóknarflokkinn til þess að styðja okkur, sparnaðarbandalagsmennina, í því að fá sendiherraembættið lagt niður. En afstaða flokksins til málsins, sú, sem jeg hefi áður lýst, var þá látin óátalin af hv. þm. Str. (TrÞ). Jeg get ekki sjeð annað en hann hafi dottað þá á verði.

En hvað snerti ummæli hv. þm. (TrÞ) um stefnuskrá Íhaldsflokksins, þá voru þau víst bygð á ummælum hans sjálfs um stefnuskrána í Tímanum, en ekki á sjálfri stefnuskránni.

Þá taldi hv. þm. (TrÞ) það harða ásökun á flokksbræður sína, Framsóknarflokksmennina, að þeir hefðu verið á móti embættafækkun við háskólann á þinginu 1922, af því að það mál hefði verið borið fram af sparnaðarbandalaginu. En það verður ekki annað sjeð, en að sú ásökun sje í alla staði rjettmæt. Nú bera þeir fram þessi stóru mál, og ef þeir renna skeiðið til enda og fylgja þeim í gegnum þingið, ætla jeg, að full sönnun sje fengin í því efni. Það er framkoma þeirra sjálfra, þeirra eigin verk, sem sanna það.

En út af því, sem hæstv. forsrh. (SE) sagði um grískudósentsembættið, að umræðurnar um þetta mál ætu upp allan sparnaðinn við niðurlagning þessa embættis, vil jeg spyrja hæstv. forsrh. (SE), hverjir það sjeu, sem standa fyrir þeirri eyðslu. Eru það ekki einmitt þeir, sem harðast ganga fram í því að sporna á móti niðurlagning þessa embættis og yfir höfuð öllum sparnaðarmálum? Jú, vissulega er það þeirra sök, og það verður ekki annað sagt en hæstv. forsrh. (SE) leggi fram krafta sína heila og óskifta til slíkrar eyðslusemi og óspilunar.

Forsætisráðherra (SE): Jeg átti við þann óþarfakostnað, sem leiddi af umræðum um mál, sem sjálft þingið er ár eftir ár búið að reka sig á, að eru óframkvæmanleg; því þá er það aðeins aukinn kostnaður að bera fram þessháttar frv. Nú ber, t. d., háttv. 1. þm. Reykv. (JÞ) fram frv., um breytingu á skipulagi háskólans. Í því frv. er gert ráð fyrir, að grískudósentinn haldi sínum embættislaunum þangað til hann hafi fengið annað embætti. Þetta bendir á, að allur gauragangurinn um þetta dósentsembætti lendir á þinginu, til þess

að það fái tækifæri til að tala um sparnað, sem aldrei verður framkvæmdur. Það var því þessi áminning, sem jeg vildi gefa þinginu, — að vera ekki að vekja upp gamla drauga, sem illfært er að kveða niður aftur, því að það verður aðeins til þess að auka óþarfan kostnað. (PO: Hefir ekki stjórnin sjálf vakið upp þesshättar drauga, sameining þjóðskjalavarðarembættisins við landsbókasafnið?) Jeg tel víst, að þetta frv. verði samþ., en hin frv. frá síðasta ári, sem jeg bar fram og veit, að voru öll mjög heppileg, hefi jeg ekki borið fram, af því að jeg sje, að þingið er þannig skipað, að engar líkur eru til að þau gengi fram.

Frsm. (Jón Þorláksson): Jeg hefi nú þegar talað þrisvar í máli því, sem nú er til umr., en þar sem hæstv. forseti (BSv) leyfir nær öllum að tala að vild og hæstv. forsrh. (SE) notar sína ótakmörkuðu heimild til þessa, að taka til máls, og þó um önnur málefni sje, þar sem er háskólafrv. mitt, bið jeg hæstv. forseta að leyfa mjer einnig að víkja að því máli. Jeg hefi þar komið með tillögur um embættafækkun, þannig, að jeg ætlast til, að konungur noti vald sitt til þess að færa menn til í embættum, einkum er embætti losna. Nú gaf hæstv. forsrh. (SE) þá skýringu á þessu, að grískudósentinn hjeldi embætti sínu þangað til hann fjelli frá eða færi úr því á annan hátt. En jeg hefi nú svo mikið álit á hr. Bjarna Jónssyni, að það sjeu til mörg embætti önnur, sem hann sje vel fær til að gegna, og geri jeg ráð fyrir, að embætti það, er hann hefir nú, muni geta losnað á þennan hátt. En viðvíkjandi máli því, sem hjer liggur fyrir, þá var eitt atriði í ræðu háttv. 1. þm. Árn. (MT), sem jeg þurfti sjerstaklega að svara, en mun þó geyma það til 3. umr.

Magnús Guðmundsson: Það var aðeins viðvíkjandi stefnuskrá Íhaldsflokksins, sem jeg tók til máls. Hv. þm. Str. hrósar sjer af lestrarkunnáttu sinni, og skal jeg ekki efast um hana. En nú stendur í yfirlýsingu flokksins á þessa leið:

„Fyrsta verkefni flokksins ljetum við vera það, að beitast fyrir viðreisn á fjárhag landssjóðs. Vjer viljum, að því leyti sem frekast er unt, ná þessu takmarki með því að fella burtu þau útgjöld landssjóðs, sem vjer teljum ónauðsynleg, og með niðurlagningu eða samanfærslu þeirra landsstofnana og fyrirtækja, sem vjer teljum, að þjóðin geti án verið eða minkað við sig henni að skaðlausu. Vjer búumst við, að ekki verði hjá því komist að auka að einhverju leyti álögur á þjóðinni í bili, til þess að ná nauðsynlegri rjettingu á hag landssjóðs; en flokkurinn vill sjerstaklega láta sjer ant um að koma þessum málum sem fyrst í það horf, að unt verði að draga úr þeim álögum til opinberra þarfa, sem nú hnekkja sjerstaklega atvinnuvegum landsins.

Vjer teljum, að eftir því sem fjárhag landssjóðs er nú komið, sje ekki unt að veita fje úr honum til nýrra framfarafyrirtækja að neinu ráði, meðan viðreisn fjárhagsins stendur yfir. En jafnskjótt og fjárhagur landssjóðs leyfir, mun flokkurinn vilja veita fjárhagslegan stuðning til framfarafyrirtækja, og þá einkum til þeirra, sem miða beinlínis til eflingar atvinnuvegum landsmanna. Að sjálfsögðu vill flokkurinn nú þegar veita atvinnuvegunum þann

stuðning með löggjöfinni, sem unt er, án hnekkis fyrir fjárhag landsins.

Vjer teljum, að viðreisnarstarfið hljóti fyrst um sinn að sitja svo mjög í fyrirrúmi fyrir öllum öðrum málum, að vjer sjáum ekki nauðsyn til að gefa aðra eða víðtækari stefnuskrá en þetta að svo stöddu, en óskum, að þjóðin dæmi flokk vorn, þegar til kemur, eftir verkum hans og viðleitni í landsmálum."

Nú segist hv. þm. (TrÞ) hafa lesið þessa yfirlýsingu. Hví neitar hann þá, að þetta standi þar, og segir, að ekkert sje á stefnuskrá flokksins annað en embættasparnaður?

ATKVGR.

Brtt. 72, 1 (ný frvgr.) samþ. með 18 : 5 atkv.
— 72, 2 (2. gr. falli burt) samþ. með 19 : 3 atkv.
— 72, 3 (3. gr. falli burt) samþ. með 18 : 2 atkv.
— 72, 4 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv., svo breyttu, vísað til 3. umr. með 19 : 4 atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 10, 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn.

Á 19. fundi í Nd., mánudaginn 10. mars, var frv. tekið til 3. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. apríl, var frv. aftur tekið til 3. u m r. (A. 89).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 : 3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., miðvikudaginn 9, apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 89).

Á 54. fundi í Ed., föstudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 26. apríl, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Sigurður Eggerz: Jeg hefi bæði í hv. Nd. og einnig hjer við sum tækifæri haft ástæðu til að minnast á þetta mál. Þessvegna get jeg látið nægja að fara fáum orðum um það að þessu sinni.

Það er auðsjeð, að með þessari lagabreytingu er sama sem verið að fella alveg niður sendiherrastöðuna. Enda er í fjárlfrv. ekki gert ráð fyrir fjárveitingu til sendiherrans, aðeins til skrifstofuhalds.

Því hefir óspart verið haldið fram, að sambandslögin hafi aukið mjög á útgjöld vor. En þeir, sem aðeins vilja renna augum yfir fjárlögin, sjá, hve mikil fjarstæða þetta er. Til Dana greiðum við 12 þús. kr. á ári. Það er nú alt og sumt. Og sparnaðurinn, sem hjer er farið fram á, er rúm 20 þús. kr. á pappírnum. En auðvitað nær ekki nokkurri átt, að sparnaðurinn verði svo mikill, þar sem skrifstofan á að halda áfram. Og líklega verður einhver að veita henni forstöðu. Í bili mætti auðvitað hafa chargé d'affaires, þangað til nýr sendiherra væri fenginn. En engri átt nær það til frambúðar, að sami maður, sem er departementchef hjá utanríkisráðheranum, sje okkar æðsti maður í Danmörku, sem á fyrir vora hönd að semja við utanríkisráðherrann.

Ljettúðin er yfirleitt of mikil á hinu háa Alþingi, þegar talað er um utanríkismálin. Vjer ráðum þeim nú að

öllu leyti, þannig að minsta kosti, að ekkert er í þeim gert öðruvísi en vjer segjum fyrir. En til þess að taka ákvörðun í slíkum málum, þurfum vjer, ekki síður en aðrar þjóðir, sjerþekkingu. Í stjórnarráðinu er nú engin sjerþekking í þessum málum, og nú á að koma fyrir kattarnef þeirri sjerþekkingu erlendis, sem vjer vorum búnir að fá oss í þessum málum.

Jeg hygg, að öllum muni ljóst, að vjer í framtíðinni munum taka þessi mál í vorar hendur. En hvernig verðum vjer undir þau búnir, ef vjer höldum áfram að sofa svefni andvaraleysisins í þessum málum. Þegar Norðmenn tóku við sínum utanríkismálum, voru þeir búnir að undirbúa menn til þeirra starfa. Hjer er litið svo á, að vjer megum sleppa þessum eina manni, sem fengist hefir við utanríkismál. Vjer vitum, að stjórnum fjelaga, eins og t. d. Sambandsins, þykir sjálfsagt að hafa 2—3 menn út um heiminn, sem fari svo að segja með utanríkismál fjelagsins. En fyrir heila þjóð þykir það óhæfa og tildur að hafa einn einasta mann sem umboðsmann úti í heimi. Þessi maður hefir alstaðar verið notaður, þar sem við höfum þurft á sendimanni að halda erlendis. Hann hefir verið sendur til Spánar, Englands, Noregs o. s. frv. Er því skiljanlegt, og enda vitanlegt, að maður þessi, sem er mjög vel fær til slíkra starfa, hefir aflað sjer mikillar sjerþekkingar í öllum utanríkismálum, sem er hverjum manni ómissandi, sem við þau fæst. Annars gegnir það stórfurðu, að þar sem jafnvel einstök fjelög í landinu, svo sem Sambandið, geta ekki komist af án þess að hafa fulltrúa erlendis — og það tvo frekar en einn — þá skuli þeir menn vera til, sem álíta, að þjóðin sjálf komist af án slíks fulltrúa.

Jeg skal ekki segja, hvernig þessi hv. deild lítur á nauðsyn þessa sendimanns, en ef hún samþykkir frv. þetta, eins og hv. Nd. hefir gert, þá er það sýnilegt, að þjóðin er að missa trú á fullveldi sínu. Er þá eini möguleikinn, sem fyrir hendi er, sá, að hefja nýja sjálfstæðisbaráttu. Gamla sjálfstæðisbaráttan var um það, að ná öllum málum vorum í vorar eigin hendur. Hin nýja verður í því fólgin að hvetja þjóðina til þess að sleppa ekki aftur þeim rjettindum, sem hún hefir fengið. Það er meira en lítið alvörumál, ef að búið er að sljófga svo sjálfstæðismeðvitund þjóðarinnar, að hún horfi óátalið upp á það, að þau vopn sjeu slegin úr hendi henni, hjer á Alþingi, sem hún hefir barist langri og strangri baráttu til þess að ná. Jeg verð að leyfa mjer að vænta þess, að þessi hv. deild athugi samviskusamlega, ekki aðeins hið fjárhagslega tjón, sem það bakar landinu að leggja sendiherraembættið niður, heldur og hvílík minkun það er fyrir þjóðina. Það er ekki til neins að vísa til þess, að sumar aðrar þjóðir hafi kallað nokkra sendimenn sína heim og lagt embætti þeirra niður. Þetta getur að vísu vel verið satt, en það er þá aðeins þar, sem þessara sendimanna hefir ekki lengur verið þörf. Flestar, ef ekki allar sjálfstæðar þjóðir, hafa fulltrúa víðsvegar í öðrum löndum, eða alstaðar þar, sem þær eiga nokkurra verulegra hagsmuna að gæta. Ef við værum að reisa okkur hurðarás um öxl, með því að hafa of marga sendimenn erlendis, þá væri máske ástæða til þess fyrir þingið, að taka í taumana. En það er nú síður en svo, að því sje þannig varið.

Hjer er farið fram á að leggja niður starf e i n a sendimanns landsins í útlöndum, sem við notum þar að auki sem fulltrúa okkar svo að segja um allan heim, eftir því sem þörf krefur. Færri en einn umboðsmann erlendis getum við ómögulega komist af með, og er furðulegt, að hv. Nd. skuli vilja afnema embætti hans. En það virðist vera vilji þeirrar hv. deildar, því að þó að svo sje ákveðið í frv. þessu, eins og hún hefir skilið við það, að sendiherraembættinu skuli haldið við líði, þegar fje sje veitt til þess í fjárlögunum, þá hefir það jafnframt vakað fyrir háttv. deild að veita ekki fje til þess á fjárlögunum, eins og hefir komið á daginn. Enda fengist enginn sæmilega hæfur maður til þess að taka að sjer stöðu, sem þannig væri háð dutlungum þingsins frá ári til árs.

Það er í rauninni hið allra erfiðasta, sem fyrir þingmenn getur komið, að þurfa að standa í því að reyna að sannfæra þingið um svo einfalt mál sem þetta. Það er jafnaugljóst eins og 2 og 2 eru 4, að við megum ekki missa þennan eina sendiherra okkar erlendis. Reynsla alheimsins sýnir þetta best. Eða halda menn, að allar aðrar þjóðir, t. d. frændur okkar: Danir, Norðmenn og Svíar, geri sjer að leik að verja ógrynnum fjár til þess að geta haft fulltrúa víðsvegar um allan heim? Nei, reynslan hefir sýnt þeim, að það borgar sig vel.

Jeg skal svo ekki orðlengja frekar að sinni, en jeg vona, að ef svo skyldi fara, að þessi hv. deild sýndi sama andvaraleysi í máli þessu og hv. Nd., þá sjeu þó til meðal þjóðarinnar menn, sem vekja athygli hennar á því, hvað hjer er í húfi.

Forsætisráðherra (JM): Það er kunnugt frá fyrri þingum, að jeg vil hafa sendiherra í Kaupmannahöfn. En jeg mun þó geta fært nefnd þeirri, sem væntanlega fær frv. þetta til meðferðar, heim sanninn um það, á hvern hátt við, í bili, getum komist af með þetta embætti á ódýrari hátt, og mun sýna henni plögg þar að lútandi. Mun vera hægt að spara kostnað við embætti þetta jafnmikið og hv. Nd. ætlast til, og þó halda lögunum óbreyttum. Vona jeg, að frv. gangi til allshn., að umr. lokinni, og að mjer gefist kostur á því að leggja fyrir þá hv. nefnd þau gögn, sem jeg hefi í málinu.

Að öðru leyti lít jeg líkum augum á mál þetta eins og hv. 1. landsk. (SE), en sje ekki ástæðu til að ræða það frekar nú.

Jónas Jónsson: Mig langar til að segja fáein almenn orð um mál þetta nú, af því að ekki er víst, að til þess gefist tækifæri síðar á þessu þingi. Fyrst og fremst er ekki að vita, nema að frv. verði nú þegar felt frá 2. umr., og svo er engin sönnun fyrir því, að enda þótt því verði vísað til nefndar, þá verði það ekki svæft þar. Það hefir sem sje orðið býsna langur áfangi fyrir frv., frá því að það var afgreitt frá hv. Nd. og þar til nú, að það er tekið hjer á dagskrá til 1. umr. Er svo að sjá sem blýsakka hafi verið bundin við það síðan, og er því ekki ósennilegt, að því reynist erfitt flugið í gegnum þessa hv. deild.

Þegar embætti þetta var stofnað, var það meðfram gert til þess að sýna, að við værum fullvalda þjóð. Var einmitt lagt mikið upp úr því, að ef við hefðum sendiherra í Danmörku og Danir

sendu hingað sinn sendiherra, þá sýndi það vel, að við værum fullvalda. Nú er það mjög óalgengt, að þjóðir sjeu í miklum vafa um það, hvort þær sjeu fullvalda eða ekki. Veit jeg ekki til, að það hafi komið fyrir nema hjer hjá okkur. Og það var einmitt þessi efi manna, jafnvel einkum þeirra, sem munu vilja telja sig hafa staðið framarlega í samningagerðinni 1918, sem hratt því í framkvæmd, að embættið var stofnað.

Nú vildi svo illa til, að sambandsþjóð okkar sendi hingað sendiherra, sem svar við ákvörðun okkar, en sá ljóður er á, að þessi sendiherra hefir ekki verið talinn í embættisflokki með öðrum sendiherrum, heldur hefir embætti hans heyrt undir annað ráðuneyti, eins og væri hann embættismaður innanlands. Sama máli er að gegna með sendiherra okkar í Kaupmannahöfn. Danir skipa honum ekki á bekk með öðrum erlendum sendiherrum, heldur miklu fremur meðal æðstu embættismanna sinna, eða svo hefir reynslan verið við ýms hátíðleg tækifæri. — Það hefir því farið svo fyrir okkur í þessu máli, að:

„Þetta, sem helst nú varast vann,
varð þó að koma yfir hann,“

því að ekkert styrkir það fullveldi íslensku þjóðarinnar, þó að sendiherrann í Kaupmannahöfn sitji veislur á bekk með Sjálandsbiskupi, hæstarjettardómurunum og öðrum æðstu embættismönnum Dana.

Jeg álít, sem sagt, að öll röksemdaleiðsla um það, hvort við sjeum fullvalda þjóð eða ekki, eins og aðstöðu okkar er nú háttað, sje harla þýðingarlítil og efli á engan hátt fullveldið. Við höfum gert samning við Dani til ársins 1940, og samkvæmt þeim samningi eiga þeir að fara með utanríkismál okkar; þar um verður engu þokað.

En þá er spurningin sú, hvort við höfum betri skilyrði til að njóta fullveldis okkar, eins og því er nú varið, þó að við höfum sjerstakan sendiherra í Kaupmannahöfn. Það er rjett, sem hv. 1. landsk. (SE) sagði, að sendiherrann hefir farið víða í erindum okkar, t. d. til Englands. En það er rjett að benda á lántökuna í Englandi árið 1921. Að henni vann sendiherrann og hefir eflaust unnið vel; um það efast jeg ekki. En hvernig varð svo niðurstaðan? Þrátt fyrir aðstoð sendiherrans er sannanlegt, að um 100 þús. kr. gengu af láninu til þess að greiða öðrum mönnum með aðstoð við lántökuna. Til samanburðar vil jeg láta þess getið, að S. Í. S. lætur sína fulltrúa erlendis eina gera alla nauðsynlega samninga, hvort heldur um vörukaup eða peningalán er að ræða. Það þarf ekki á neinum aðvífandi milliliðum að halda. Jeg get þessa dæmis til þess að sýna, að ef til vill hefir mistekist að nota aðstoð sendiherra okkar erlendis, þegar mest lá á. — Það er langt frá því, að jeg vilji kasta rýrð á mann þann, sem nú gegnir sendiherraembættinu. Með því að hann er mjög ötull maður, þá býst jeg við, að hann hafi gert meira úr starfi sínu en upphaflega lá í því og rækt að miklu leyti venjuleg ræðismannsstörf, með því, að sinna löndum, sem leitað hafa til hans, á allan hátt. Enda er mjer kunnugt um, að svo hefir verið. En nú vil jeg spyrja: Getur íslenska stjórnarskrifstofan í Kaupmannahöfn ekki gegnt þessum störfum, eins og áður tíðkaðist og eins og gert er ráð fyrir að verði framvegis? Þarf til þess sjerstakan sendiherra? Nú

er svo komið, að telja má víst, að sendiherrann segi embættinu lausu og beri því við, að launin nægi ekki. Ef að við þá viljum hafa sendiherra áfram í Kaupmannahöfn, má telja víst, að til þess þurfi alls ekki minna fje en hingað til hefir verið veitt, því að núverandi sendiherra mun alls ekki vera mjög eyðslusamur. En sendiherra, sem stöðu sinnar vegna verður að umgangast háttsetta menn, sem hafa nægu fje úr að spila, getur ekki komist af með lítil laun. Titillinn einn skuldbindur hann til að vera örari á fje en ella.

Það, sem nú er að gerast í þessu máli, bendir í þá átt, að menn telji ekki lengur eins nauðsynlegt að hafa sjerstakan sendiherra í Kaupmannahöfn og áður. Hv. Nd. hefir nú felt niður úr fjárlagafrv. þá upphæð, sem sendiherranum hefir verið greidd, og hæstv. forsrh. (JM) hefir lýst því yfir, að stjórnin muni ekki skipa nýjan mann í embættið, þó að sá, sem nú gegnir því, segi af sjer, sem reyndar er talið alveg víst. Vilji hv. Nd. í máli þessu er ótvíræður, hvort sem hann er rjettur eða rangur. Með því bæði að samþ. þetta frv og fella fjárveitingu til sendiherrans niður úr fjárlagafrv., hefir sú hv. deild lýst því yfir, að hún vilji afnema embættið. Ennfremur sýnir afstaða hæstv. stjórnar það, að hún vill ekki halda því til streitu, að nauðsyn sje að halda embættinu við líði. Má sjá það á því, að hún ætlar ekki að skipa mann í embættið, ef að það losnar, þó að lögin standi, og gæti hún þó sjálfsagt látið fjárlagaákvæði þoka fyrir frumlögunum.

En ef að við getum vel komist af, án þess að hafa sendiherra í Kaupmh. árin 1925—27 t. d., þá getum við engu síður komist af án þess árin 1928—29, eða yfirleitt til ársins 1940.

Það gengur sú saga, að núverandi sendiherra í Kaupmh. leggi ekki mikla áherslu á það, að nauðsyn beri til að halda embættinu áfram. Jeg veit ekki, hvort þessi orðrómur er sannur og sel hann ekki dýrara en jeg keypti hann; en mjer sýnist sem skoðanir hæstv. stjórnar sjeu ekki langt hjer frá.

Jeg er ekki fylgjandi þessu frv. af sparnaðarástæðum fyrst og fremst. Jeg myndi ekki vera því fylgjandi að spara á þessum lið, ef að jeg áliti það rjett form og heppilegt, að við hefðum sendiherra í Kaupmh. En jeg álít, að við verðum að taka afleiðingunum af því að hafa falið annari þjóð að fara með utanríkismál okkar til 1940. Auk þess er jeg ekki viss um, að svo mikið gagn sje að því að hafa sendiherra í Kaupmh. Það liggur nær mjer að halda, að við það sje tiltölulega lítið unnið; sje miklu fremur dýrt og innantómt form.

Því hefir verið haldið fram, að annaðhvort væri hver þjóð „suværen“ eða ekki, og að ekki væri hægt að tala um hálf-fullvalda þjóðir. En þeir, sem fremst stóðu að samningagerðinni 1918, hafa illa aðstöðu að bera saman fullveldi okkar við fullveldi annara þjóða, sem eru full-„suværenar“ gagnvart umheiminum. Það er leiðinlegt, að jafngreindur maður og hv. 1. landsk. (SE) og fleiri skuli ekki skilja það, að enginn myndi telja t. d. Englendinga jafnsjálfstæða eftir sem áður, ef þeir hefðu falið Þjóðverjum að fara með utanríkismál sín.

Vitur maður hefir sagt við mig, að ástæðan til þess, að menn sæktust svo mjög eftir krossum og öðru þvílíku, væri

sú, að þeir væru ekki öruggir í vissunni um eigið gildi, að þeir þyrftu að fá slíkar „etikettur“ til þess að friða samviskuna og styrkja sig í trúnni á verðleika sína. Og það er án efa mikið hæft í þessu. En mjer finst dálítið raunaleg samliking milli þessa og sendiherraembættisins, þar sem höfuðástæðan til þess að það var stofnað var sú, að undirstrika fullveldissannfæringu þjóðarinnar og styrkja hana í trúnni á fullveldi sitt.

Í fyrra fjekk jeg tækifæri til þess að lýsa því, hvernig jeg vildi láta koma utanríkismálunum fyrir á meðan við erum í þessu hálf-fullvalda ástandi, sem jeg álít alls ekki, að eigi að vera varanlegt. Við ættum að velja 1 eða 2 unga menn árlega til þess sjerstaklega að stunda nám í hagfræði, lögfræði, heimspeki o. s. frv. í hinum stóru menningarlöndum.

Þegar menn þessir kæmu síðan heim, ætti þjóðfjelagið að hafa til handa þeim stöður, þar sem altaf væri hægt að grípa til þeirra, þegar á því þyrfti að halda að senda menn utan til samninga við aðrar þjóðir. Því höfuðgalli þeirra manna, sem við nú gætum notað til slíkra starfa, er, að þeir hafa ekki, þegar á unga aldri, fengið þann undirbúning, sem aðrar þjóðir veita þeim mönnum, sem fara með utanríkismál þeirra.

Það er alkunna, að Svisslendingar hafa engan fastan her; en þrátt fyrir það æfa allir ungir og hraustir menn þar í landi allskonar hernaðariþróttir í frístundum sínum. Ef að þeir væru ríkari þjóð, myndu þeir eflaust fara að dæmi hinna stærri þjóða og hafa fastan her, en það gera þeir ekki. Samt er það álit manna, að þeir geti hvenær sem er kallað saman vel æfðan og hraustan her, sem ekki stæði að baki herjum annara þjóða í hreysti og kunnáttu.

Við eigum að fara líkt að með utanríkismál okkar. Við eigum að ala upp menn, sem hafa fullkomna mentun til þess að fara með þau og altaf eru til taks, hvenær sem við kynnum að þurfa að grípa til þeirra.

Það er ekki til neins, að við gefum sjálfum okkur selbita í vasann með því að hafa sendiherra, þar sem honum er tekið nærri því eins og hann væri innlendur embættismaður hjá þeirri þjóð, sem hann er sendur til, og getur því í rauninni ekki verið neinn venjulegur sendiherra, af þeirri einföldu ástæðu, að við getum ekki fengið utanríkismál okkar í eigin hendur, fyr en samningurinn er útrunninn árið 1940. Sagan af sendimanninum til Spánar hjer um árið er gott dæmi þessa. Þá vantaði stjórnina hjer heima rjettargrundvöll til þess að gefa honum umboð sem sendimanni sínum þar suður í löndum.

Þessvegna varð danskur maður að undirskrifa þá samninga.

Sigurður Eggerz. Það var afskaplega margt skakt af því, sem hv. 5. landsk. (JJ) sagði í ræðu sinni. Í fyrsta lagi sagði hann, að vafi ljeki á um það, hvort við værum fullvalda ríki, og sendiherrann hefði verið sendur til þess að færa sönnur á, að svo væri. Þetta er algerlega rangt hjá hv. 5. landsk. Hann þarf ekki annað en líta í sambandssamninginn til þess að sjá, að við erum fullkomlega fullvalda ríki. Jeg held líka, að það hafi enginn dregið í efa, að svo væri, og í síðustu utanför minni varð jeg þess margfaldlega var, að um það

var enginn ágreiningur. Jeg var þá í samsæti með ýmsum helstu stjórnmálamönnum Dana, og voru ræður haldnar allmargar, er snertu samband ríkjanna, og engum datt í hug að tala um Ísland öðruvísi en sem algerlega fullvalda ríki, enda sýnir sambandslagasamningurinn þetta ótvírætt. (JJ: Hvernig er það með utanríkismálin?) Umboð það, sem 7. gr. samningsins ræðir um, sýnir einmitt það greinilega, að við erum fullvalda. Annars hefir svo mikið verið um þetta rætt, að óþarfi er að fara lengra inn á það við þetta tækifæri. Þó sendiherrann danski heyri undir forsætisráðherrann danska, það ráðum við ekki við. Það er eingöngu dönsk ráðstöfun. En jeg vil taka það fram, að sendiherra okkar í Kaupmannahöfn stendur í beinu sambandi við utanríkisráðherrann danska. Að hann heyrir undir forsætisráðherrann íslenska kemur hinsvegar af því, að hann fer með utanríkismálin.

Jeg get ekki sjeð, að það rýri neitt virðingu sendiherra vors, þó hann hafi verið í samkvæmi með Sjálandsbiskupi. Dönum hefir heldur aldrei dottið í hug að draga fullveldi vort í efa. Hans hátign konungurinn hefir t. d. við móttöku erlendra þjóðhöfðingja skipað íslenska forsætisráðherranum jafnt sæti og danska forsætisráðherranum og með því undirstrikað fullveldi Íslands. Jeg get best borið um það, því jeg hefi sjálfur tekið þátt í slíkri móttöku, og vissi, að það var lögð mikil áhersla á það af konungi Íslands og Danmerkur að taka jafnt tillit til beggja ríkja sinna. Það er því algerlega órjett hjá hv. 5. landsk. að segja, að Danir viðurkenni ekki fullveldi Íslands. Og það er leiðinlegt, ef nú á að þurfa að hefja nýja baráttu til þess að fá íslensku þjóðina til að trúa því, sem aðrar þjóðir viðurkenna, sem sje, að Ísland sje fullvalda ríki.

En ef svo væri, eins og hv. 5. landsk. hjelt fram, að Danir sýndu ekki sendiherra vorum þann sóma, sem staða hans heimtar, þá ættum við auðvitað að gera kröfu til þess, að honum yrði skipað svo hátt sem vera ber, en alls ekki leggja embættið niður fyrir þá sök, því slíkt undanhald er ekki sæmandi fullvalda þjóð.

Hv. 5. landsk. talaði um, að sendiherrann gæti ekki komist af með þau laun, sem hann hefir, og það má vel vera, að nokkuð sje til í þessu. En þess ber líka að gæta í því sambandi, að sá maður, sem nú skipar sendiherraembættið, hefir stóra fjölskyldu, og þarf þessvegna mikið fje. Jeg skal líka geta þess, að meðal annara þjóða eru oft teknir efnaðir menn í sendiherrastöður, og mjer finst það væri rjett, að við athuguðum, hvort við gætum ekki farið hjer sömu leið og ýmsar aðrar þjóðir, og fengið efnaða menn til að gegna sendiherraembættinu, þó launin, sem fylgdu því, væru svo lítil, að tæplega yrði lifað af þeim einum saman. En jeg vildi taka það fram, að það væri oflátungsháttur, ef vjer gerðum þá kröfu til sendiherra vors, að hann hjeldi sig eins og sendiherrar stórþjóðanna, að því er veisluhöld og samkvæmislíf snertir. Til slíks væri engin ástæða, enda hefir sendiherra vor skilið þetta, en hefir þó komið svo fram, að sendiherrar stórveldanna taka fult tillit til hans. Jeg hefi oft verið með honum og sendiherrum annara ríkja, og veit, að honum er skipað alveg eins hátt sæti og þeim.

Mjer þykir einkennilegt, að því skuli vera haldið fram, að núverandi sendi-

herra telji embættið ekki nauðsynlegt, eins og hv. 5. landsk. gerði, þótt hann raunar þættist hafa það annarsstaðar frá. Jeg held, að jeg sje nú manna kunnugastur því, hvernig sendiherrann lítur á það mál, því jeg hefi margsinnis átt tal við hann um það, og veit, að bæði hann og Jón Krabbe telja embættið mjög nauðsynlegt.

Jeg skal viðurkenna það, að ekkert er því til fyrirstöðu, að sendiherraembættið væri ekki veitt þegar í stað, heldur væri skipaður chargé d'affaires í bili, en auðvitað aðeins í b i l i, eins og hæstv. forsrh. (JM) mintist á. En þá er bara spursmál um, hve mikill sparnaður yrði að því. Jeg fyrir mitt leyti held, að sá sparnaður yrði lítill, því jeg býst varla við, að hinni góðu fjárveitinganefnd takist að strika út allan risnukostnað handa slíkum embættismanni, því chargé d'affaires þarf vitanlega fje til risnu, engu síður en sendiherra, á meðan hann gegnir embættinu. Annars verð jeg að endurtaka það, að það er þreytandi, hjer á Alþingi Íslendinga, að þurfa að halda uppi löngum ræðum um eins sjálfsagt mál og þetta mál er.

Eitt fanst mjer mjög einkennilegt, sem hv. 5. landsk. (JJ) hjelt fram. Hann sagði, að við ættum að ala upp nokkra menn og láta þá læra þau fræði, sem mættu þeim að gagni koma við sendiherrastörf í framtíðinni. Mjer finst þessi uppástunga hans að vísu ágæt, en hvernig stendur á því, að vjer þurfum menn með sjerþekkingu til þess að gegna þessum störfum í framtíðinni, ef vjer þurfum þess ekki í nútíðinni? (JJ: Við þurfum máske á sendiherra að halda, þegar samningnum við Dani er slitið, en ekki fyr.) Jeg er margsinnis búinn að taka það fram, að við erum fullkomlega fullvalda ríki, og verður ekki með neinum rökum í móti mælt. Og vegna þess fullveldis getum vjer gefið Dönum umboð, eins og heimilað er í 7. gr. samningsins, og það er ekkert gert í þeim málum án þess, að vjer sjeum að spurðir. Það er ekki sett svo sem komma eða punktur í samninga, sem okkur varða, án þess að samþykkis okkar sje leitað. (JJ: Hvernig var með sendimanninn til Genúa?) Jeg veit vel, að það var ágreiningur milli íslensku og dönsku stjórnarinnar um, hvort sá maður skyldi skipaður sem íslenskur eða sem danskur embættismaður. Sá ágreiningur var aldrei útkljáður, og eftir því sem jeg veit best, var það af því, að þingið feldi burt fjárveiting til þessa sendimanns. Ef þessi ágreiningur hefði gengið svo langt, að tækifæri hefði gefist til þess að ræða það mál ítarlega við dönsku stjórnina, þá er jeg viss um, að hefði mátt kippa því í lag, ef henni hefði verið sýnt fram á, hve skýlaus rjettur vor var.

Jeg vil í þessu sambandi minnast á landhelgisgæsluna. Það var um tima nokkur ágreiningur um það mál milli Dana og Íslendinga, en þegar í stað, þegar það mál var rætt nánar við dönsku stjórnina og henni sýnt fram á, hver rjettur vor væri í þessu efni, þá taldi hún sjálfsagt, að vjer hefðum sjálfstæða landhelgisvörn. Á sama hátt geri jeg ráð fyrir, að samkomulag hefði náðst um Genúamálið.

Og jeg vil í þessu sambandi benda á það, að í Danmörku einni hefir sendiherrann haft mjög þýðingarmikið starf með höndum, eins og skiljanlegt er. Danmörk og Ísland hafa mjög mikil viðskifti saman, og því er nauðsynlegt fyrir oss að hafa í Danmörku mann, sem

geti jafnað ágreining, sem upp kann að koma viðvíkjandi viðskiftum þjóðanna. Og það eru allir sammála um, að það sje gott og nauðsynlegt fyrir oss að hafa gott samkomulag við Dani, en fyrsta skilyrðið til þess er vitanlega að hafa góðan mann við hendina, er jafnan geti veitt rjettar upplýsingar um mál þau, sem upp kunna að koma og valdið geta ágreiningi. Nú er líka ný stjórn að taka við völdum í Danmörku, jafnaðarmannastjórn, sem aldrei hefir farið með völd áður, og því er einmitt nauðsynlegt að hafa mann í Kaupmannahöfn, í því skyni, sem jeg hefi áður tekið fram.

Háttv. 5. landsk. hjelt því fram, að okkar sendiherra væri ekki sendiherra í eiginlegum skilningi. Jeg veit ekki, hvaða ástæðu hann hefir til að halda slíku fram. Jeg vildi að jeg vissi, hverjar þær ástæður væru, því þá skyldi jeg hrekja þær. Jeg hefi nú áður bent á, að sendiherra vor stendur í beinu sambandi við utanríkisráðherrann danska. Hann hefir samið við hann beint fyrir vora hönd. Og samningar milli Íslands og Danmerkur eru undirritaðir af sendiherra Íslands fyrir Íslands hönd og danska utanríkisráðherranum fyrir hönd Danmerkur. (JJ: Hver undirritaði samninginn í Madrid, sem gjörður var við Spánverja fyrir Íslands hönd?) Samkvæmt umboði því, er vjer gáfum samkvæmt 7. gr. sambandslaganna, undirritaði danski sendiherrann í Madrid samninginn fyrir vora hönd. Annars skal jeg geta þess, úr því minst hefir verið á samninginn við Spánverja, að Danir komu mjög drengilega fram í því máli fyrir okkar hönd. Þó danska stjórnin hefði af mjög eðlilegum ástæðum getað haft tilhneigingu til þess að draga ekki okkar taum sem skyldi, því að hún hafði sjálf hagsmuna að gæta á Spáni, því þá stóðu yfir samningatilraunir milli Dana og Spánverja, þá gætti hún þó okkar hagsmuna á mjög ákjósanlegan hátt. Annars hefi jeg ekki athugað, hvort samningar eru nú gerðir milli Dana og Spánverja.

Annars er það leiðinlegt með háttv. 5. landsk., að hann hefir snúist á móti þessu máli án þess að hugsa það nokkuð eða kynna sjer það til hlítar. Og hann hefir snúist á móti þessu máli í blaði sínu og reynt að telja þjóðinni trú um, að hjer væri aðeins um tildur og hjegóma að ræða, og blaðið hefir haft þau áhrif, að mjög margir gera gys að þessu og álíta, að við höfum alls ekki neitt að gera við sendiherra í Kaupmannahöfn. Þetta er dæmi þess, hve mikil völd stór og útbreidd blöð geta haft, því blað þetta hefir snúið svo mjög hugum manna frá þessu nauðsynjamáli, að þó reynslan hafi sýnt ótvírætt gagnsemi embættisins, þá standa margir þó enn andvígir þessu máli.

Það er algerður misskilningur hjá hv. 5 landsk., að vjer höfum sendiherrann aðeins til að auglýsa fullveldi vort. Vegna beinna hagsmuna þjóðarinnar verðum vjer að halda uppi þessu embætti. Það er altaf álitið, þegar um merk mál er að ræða, að þeim verði ekki ráðið til lykta án sjerþekkingar. Jeg skal t. d. nefna seðlaútgáfumálið. Hæstv. fjrh. (JÞ) treysti sjer ekki til að ráða því máli til lykta án þess að fá aðstoð sjerfróðs manns, og jeg segi það alls ekki hæstv. fjrh. til lasts, heldur þvert á móti. Og hvernig eigum vjer að fara að gera samninga við önnur ríki án þess að hafa nokkurn mann, sem sjerþekkingu hefir í utanríkismálum? Og vjer þurfum altaf öðru hvoru að

vera að gera samninga við önnur ríki. Vjer höfum eigi einungis þurft að gera samninga við Spán og Portúgal, heldur við Finnland og fleiri ríki. Hvernig eigum vjer að geta heimtað það af forsætisráðherranum, sem þingmeirihlutinn venjulega styður vegna afstöðu til ýmsra innanríkismála, að hann hafi sjerþekkingu í utanríkismálum. Og hvernig á forsætisráðherrann, sem er önnum hlaðinn frá morgni til kvölds, að geta annað því, án nokkurrar sjerþekkingar annarsstaðar frá, að gera samninga við aðrar þjóðir og svara ýmsum tekniskum spursmálum, sem hann brestur sjerþekkingu á?

Alt skilningsleysi vort á þýðingu utanríkismálanna er að vísu afsakanlegt, af því að vjer um svo langt skeið höfum sama sem ekkert haft með slík mál að gera, en aðrir hafa hugsað um þau fyrir oss. En á þetta að halda svoleiðis áfram? Og jeg spyr: Til hvers vorum vjer þá að berjast?

Ef vjer nú lítum á þann 15—20 þúsund króna sparnað, sem yrði að því að leggja sendiherraembættið niður, og lítum svo hinsvegar á þá miklu hagsmuni, sem vjer höfum að gæta út á við, hvernig getum vjer þá varið það fyrir samvisku vorri að leggja embættið niður. Svo mikla trú hefi jeg á þessari hv. deild, að jeg er fullviss um, að hún gerir sig ekki seka í slíku glapræði. En ef þetta yrði nú ofan á, þá er aðeins um eina leið að ræða fyrir þá, sem vilja halda uppi sjálfstæði og heiðri Íslands, og það er að hefjast handa, hefja nýja sjálfstæðisbaráttu, því það væri illa farið, ef vjer sleptum sökum hirðuleysis úr höndum vorum, því, sem þjóðin hefir fyrir forgöngu sinna bestu manna barist fyrir í fjöldamörg ár, og unnið að lokum. Og það er sorglegt að þurfa að halda hjer langa ræðu til þess að benda á jafnaugljósan sannleika og þann, hve mikla þýðingu það hefir fyrir okkur að gæta vel hagsmuna vorra út á við, og hve hættulegt það getur verið fyrir okkur, ef vjer gætum ekki vel allra þeirra dýrmætu rjettinda, sem vjer höfum unnið með sjálfstæðisbaráttu vorri.

Jóhannes Jóhannesson: Hv. 5. landsk. sýndi með ræðu sinni, að hann kann ekki að gera mun á jafnólíkum hugtökum og umboði og aðild.

Hv. þm. taldi vafasamt, hvort Ísland gæti talist fullvalda ríki. Og jeg skildi þau orð hv. þm. þannig, að hann teldi landið ekki fullvalda, sökum þess, að það væri ekki fullvalda í utanríkismálum. Ef svo væri, þá væri ekki um nein íslensk utanríkismál að ræða, en þá hefði Ísland ekki getað gefið Dönum umboð til þess að fara með þau, því til þess að geta gefið öðrum umboð til þess að fara með utanríkismálin, þurftum við að hafa fult vald yfir þeim sjálfir. Og ef vjer værum ekki fullvalda, þá gætum vjer ekki sagt sambandssamningnum upp eftir 1940. Allir sjá því, hve mikla fjarstæðu hv. þm. (JJ) fór með, og ætla jeg því ekki að fara fleiri orðum um þetta, því menn, sem ekki skilja jafn-ofureinfalt mál, vil jeg alls ekki deila við.

Jónas Jónsson: Þetta mál virðist vera nokkuð loðið fyrir augum þeirra manna, sem stóðu að samningunum 1918 og átt hafa mestan þátt í meðferð þess síðan.

Hv. 1. landsk. (SE) heldur því fram, að það sje nauðsynlegt að hafa sendiherra í Kaupmannahöfn, og hann held-

ur því fram, að orsökin til þess, að bæði neðri deild Alþingis og mestallur landslýður vill leggja embættið niður, sje sú, að einn eða tveir menn hafa skrifað um, að embættið væri ónauðsynlegt. En jeg vil benda hv. þm. (SE) á, að það þyrfti meira en menska hæfileika til þess að koma slíkri sannfæringu inn hjá þjóðinni, ef um rangt mál væri að ræða. Það er alveg ómögulegt, hvorki með blöðum eða öðruvísi, að sannfæra heila þjóð um, að eitt embætti sje óþarft, nema því aðeins, að svo sje í raun og veru. En það eru fáar þjóðir, sem hafa borið gæfu til að búa við samskonar fullveldi og við fengum árið 1918. Þjóðin hefir komist að þeim beiska sannleika, að vjer afhentum annari þjóð utanríkismál vor árið 1918 og getum því ekki farið með þau sjálfir um ákveðinn tíma, og það er ástæðan til þess, að mönnum finst þýðingarlaust, að vjer sjeum að burðast með sendiherra, sem er í raun og veru ekki sendiherra í eiginlegum skilningi. Og í því sambandi duga engar hártoganir, eins og hv. þm. Seyðf. kom með, er hann hjelt því fram, að jeg kynni ekki að gera mun á umboði og aðild. Það getur verið gott að tala um slíkt við þá lögfræðisskussa, sem hafa aðeins lágmark heilbrigðrar skynsemi. En við menn, sem hafa óbrjálaða greind, er þýðingarlaust slíkt glamur.

Besta sönnunin fyrir því, hve lítið vald við höfum í utanríkismálunum, er ágreiningur sá, sem kom upp milli Dana og Íslendinga um sendimanninn til Genúa. Og í því máli gafst stjórnin upp og treysti sjer ekki til að framfylgja sinni kröfu, og hv. þm. Seyðf. gafst upp. (**JóhJóh:** Það var þingið, sem gafst upp. **SE:** Þingið gafst upp!) Og af hverju gafst þingið upp? (**SE:** Af sparsemi.) Eftir þessu hefir stjórn og þing 1921 afsalað sjer fullveldinu, um leið og stjórnin gafst upp í Genúamálinu. Fögur lýsing á varðliði föðurlandsins!

Stjórnina brast vald til þess að koma sínu fram, og þessvegna gafst hún upp. Það var veitt fje til sendimanns til Genúa, með því skilyrði, að hann væri íslensk-danskur embættismaður, og það hefir verið játað af bæði hæstv. forsrh. (JM) og hv. 1. landsk. (**SE:** En svo kom upp ágreiningur milli Íslendinga og Dana um það, hvort hann skyldi teljast íslenskur eða danskur embættismaður.) Já, og sá ágreiningur endaði með því, að íslenska stjórnin og þingið beygði sig fyrir hinum dönsku valdhöfum, af því þeir höfðu sterkari grundvöll í samningnum 1918.

Gamla Kópavogssagan endurtók sig árið 1918, þegar vjer með samningunum við Dani fengum þeim í hendur utanríkismál vor. Það er sorgleg sjón að sjá, hvernig hið fullvalda íslenska ríki hefir komið sínum utanríkismálum fyrir. Það eru ekki íslenskir, heldur danskir sendiherrar, sem fyrir vora hönd hafa undirritað samninga vora við erlend ríki, t. d. Spán, Noreg o. s. frv. Það er von til, að þeir menn, sem stóðu að samningagerðinni 1918, hafi vonda samvisku. Hv. 1. landsk. (SE) spyr, af hverju vjer ættum ekki að hafa sendiherra erlendis eins og aðrar þjóðir. Hvaða fullvalda þjóð, aðra en Íslendinga, þekkir hann, sem hefir afhent annari þjóð fult umboð til þess að fara með utanríkismál sín?

Nú vil jeg beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh. (JM), hvort hann, ef að frv. verður felt, ætli að skipa annan mann í sendiherraembættið.

Forsætisráðherra (JM): Hv. 5. landsk. (JJ) spyr um sendiherraembættið í Danmörku. Jeg tel þarflaust að reyna að skýra þetta mál fyrir honum; hann skilur það aldrei; það er margreynt.

Við háttv. 5. landsk. höfum áður átt umtal um þetta atriði, hvort Ísland sje fullvalda eða ekki. Jeg held, að hann einn standi uppi með þá kenningu, að svo sje ekki. Hann skilur það ekki, að stjórnarvöld annars ríkis geta farið með — í umboði — utanríkismál hins, án þess að fullveldi hins síðarnefnda skerðist.

Jeg get nú ekki verið að hrekja endileysur hans lið fyrir lið. Nóg að vísa til þess, er bæði innlendir og útlendir fræðimenn óvilhallir hafa ritað um sambandssamninginn frá 1918.

Annars býst jeg við því, að þetta frv. verði ekki felt nú, heldur verði því vísað til nefndar. Hv. 5. landsk. (JJ) á sjálfur sæti í allshn., og mun mjer þá gefast tækifæri til þess að skýra þetta mál betur fyrir honum.

Sigurður Eggerz: Hv. 5. landsk. (JJ) kom inn á samningana frá 1918. Jeg hygg, að hann hafi gleymt hinu verulega atriði samningsins, uppsagnaratriðinu. En ef það atriði er ekki skýr vottur fullveldisins, þá veit jeg ekki, hvað háttv. þm. heimtar í því efni.

En hvernig hefði farið, ef að vjer með samningunum 1918 hefðum sjálfir strax tekið að oss öll utanríkismál vor? Ef hv. 5. landsk. (JJ) þolir ekki einusinni, að við höfum sendiherra í Kaupmannahöfn, þá er jeg hræddur um, að við hefðum sýnt nokkuð litla rækt þessum höfuðmálum vorum. (**JJ:** Í neðri deild voru aðeins 3 atkv. með sendiherranum.) Þau málslok eru hnignunarmerki, og spá ekki góðu um framtíð þings og þjóðar, og það er ekki víst, að þeir hv. þm., sem nú greiða atkv. á móti sendiherranum, komi allir aftur eftir næstu kosningar.

Þeir menn, sem stóðu að samningagerðinni 1918, hafa ekki vonda samvisku. Sá samningur er eitt af stærstu happaverkum þessarar þjóðar. En þeir menn, sem nú vilja á allan hátt gera lítið úr og sleppa úr höndum sjer því, sem unnið er, þeir mega vel athuga sína eigin samvisku.

Jeg vona nú, að hv. 5. landsk. (JJ) snúi frá villu sinni. Bendir nú margt í þá átt, að hann sje að snúast.

Hann vill nú láta veita ungum, efnilegum mönnum uppeldi og fræðslu til þess að fara með utanríkismálin. Hann ætlast til þess, að þeir taki við þeim í framtíðinni. Hjer er hann á rjettum vegi. Það er aldagömul reynsla fyrir því, að aðrar þjóðir geta ekki verið án sendiherra hjá erlendum ríkjum. En því skyldum vjer vera einasta þjóðin, sem væri undanskilin þessu lögmáli. Reynslan í einu máli, kjöttollsmálinu, hefir sýnt oss, hvort það hefir ekki þýðingu að hafa mann, sem reki erindi vor erlendis.

Jónas Jónsson: Það gleður mig mjög, að eiga von á nánari skýringu á þessu máli, þegar það kemur í allshn. Sje jeg ekki þörf á því að svara mörgu í ræðu hv. 1. landsk. (SE). Hann hefir ekki hrakið mál mitt. Danir fara með utanríkismál vor og undirrita fyrir vora hönd samninga við erlend ríki. Vjer höfum sent Svein Björnsson og Einar H. Kvaran til Spánar, til þess að gefa upplýsingar í bannmálinu. En danski sendiherrann gerði samninginn. Vjer

getum ekki notað sendiherra vorn frekar en aðra skynsama menn, sem gefa dönskum sendiherrum upplýsingar um íslensk mál.

Jóhannes Jóhannesson: Ræða hv. 5. landsk. (JJ) bar vott um ákaflegan misskilning hans á þessu máli; blandaði hann þar saman óskyldum hugtökum og misskildi svo alt.

Vona jeg, að honum veitist frekari fræðsla, svo að honum auðnist að koma til rjetts skilnings á þessu máli.

Hv. 5. landsk. (JJ) furðaði sig á því, að sendiherra vor í Danmörku, hr. Sveinn Björnsson, skyldi hafa þar aðra aðstöðu en sendiherrar annara ríkja. Má þó hverjum, sem athugar þetta, vera ljóst, að þetta er ekkert furðulegt. Sendiherra vor í Danmörku kemur fram fyrir konung Dana sem umboðsmaður Íslands, en sami maður er konungur beggja ríkjanna, og af því stafar mismunurinn, sem er á afstöðu sendiherra vors til konungs og annara sendiherra.

Og hvað snertir danska sendiherrann hjer, þá heyrir hann undir danska forsætisráðherrann, en ekki utanríkisráðherrann, af sömu ástæðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 : 2 atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Nefndaráliti minnihl. allshn. um málið, á þskj. 503, var útbýtt 2. maí og nál. meirihl., á þskj. 539, 6. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Háskólinn.

Á 12. fundi í Nd., laugardaginn 1. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, frá 30. júlí 1909, um stofnun háskóla (þmfrv., A. 68).

Á 13. fundi í Nd., mánudaginn 3. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorláksson): Jeg skal ekki fara að endurtaka það, sem stendur í greinargerð þessa frv., en aðeins drepa á nokkur atriði, sem ekki eru rædd þar, eða þá aðeins lauslega að þeim vikið. Í fyrsta lagi tek jeg það fram til athugunar þeirri nefnd, er þetta frv. fær til meðferðar, að þó að hjer sje farið fram á að fækka háskóladeildunum úr fjórum, niður í þrjár, þá legg jeg ekki áherslu á það atriði, ef menn vilja fremur sætta sig við það að fækka kennurunum í sumum deildunum svo, að þar sjeu ekki fleiri en tveir fastir kennarar. Hitt finst mjer vera ótækt, að hið innra skipulag háskólans útheimti fleiri kennara en þörf er fyrir kenslunnar vegna. Að öðru leyti vil jeg taka það fram, að þó að frv. þetta fari fram á að fækka þeim kennurum, sem embætti hafa, álít jeg, að háskólanum sje alls ekki mein að því. Því jeg tel háskólanum sjálfum muni hentugra að setja þar heldur nokkra aukakennara, eftir þörfum, en fullskipa föstum embættismönnum í hverja deild. Þessu til stuðnings nægir að vísa til þess, að þetta fyrirkomulag hefir mikið verið notað í læknadeild háskólans og gefist vel. Jeg segi þetta sjerstaklega vegna þess, að vera kann, að einhverjum þyki naumt að ætla aðeins tveimur kennur-

um að kenna alla lögfræðina, en jeg álít fortakslaust, að það væri betra að bæta það upp, sem á kynni að vanta, með aukakennurum, en að hafa þrjá fastamenn í kennaraembættum við þá deild. Viðvíkjandi tilhögun þeirri, sem með þessu frv. er ætlast til að verði framvegis á háskólanum, tel jeg rjett að geta þess, að ákvæði um skipulag háskólans er nú að finna í tvennum lögum, lögunum um stofnun háskólans og í lögum um laun háskólakennara. Í þeim lögunum, sem síðar voru nefnd, eru ákveðið um það, hve margir kennararnir skyldu vera, en ekkert tekið fram um það í lögunum um stofnun háskólans. Nú hafa ákvæði um laun háskólakennara verið tekin upp í hin almennu launalög, og því er ekki þörf á því að halda sjerstökum lögum um laun háskólakennara, og óeðlilegt að hafa ákvæði um skipulag háskólans í tvennum lögum. Þetta er ástæðan til þess, að frv. fer fram á að setja í ein lög, háskólalögin, ákvæði um fasta kennara og annað skipulag háskólans. Lögin um laun háskólakennara ættu því að falla burt, ef þetta frv. verður að lögum. Fyrir mínum sjónum stendur þetta frv. í sambandi við tvö önnur frv., nefnilega frv., sem komið hefir fram í Ed. um nýtt skipulag á hæstarjetti, og frv. um sameining forstöðu þjóðskjalasafnsins og landsbókasafnsins. Á þinginu í fyrra kom fram frv. um breytingu á hæstarjetti. Samkvæmt því áttu sömu menn að hafa á hendi dómarastörfin í hæstarjetti og kensluna í lagadeild háskólans. Jeg var þessu frv. þá fylgjandi og taldi það vera þarflegt, vegna hinnar nauðsynlegu embættafækkunar, er af því leiddi. Þetta frv. mætti þá ákafri mótspyrnu, sem þá var ekki unt að yfirstíga. En þar sem nú er komið fram frv. í Ed. um fækkun dómara í hæstarjetti og um að leggja niður ritaraembætti hæstarjettar, byggi jeg von mína um að þetta frv., sem hjer er til umræðu, nái að verða að lögum, á því, að nú muni betur ganga en síðast, og jeg get sætt mig við það, þó að nú sje farin önnur leið til þess að ná þessari embættafækkun en jeg studdi þá. Jeg vil einungis benda á, að þessi þrjú frv., um háskólann, hæstarjett og sameining safnanna, taka til um 23 fastra embættismanna, auk eins aukakennara við háskólann, eða alls 24 fastra embættismanna á þessu sviði, en ef öll þessi frv. verða samþykt, sparast 9 föst embætti af 24, og er það all-viðunanleg fækkun á ekki stærra sviði embættismenskunnar. Og jeg verð að segja, að það ætti ekki að kosta miklar þrautir að ná þessari fækkun og þeim sparnaði, sem af henni leiðir; því jeg get ekki sjeð annað en að öll starfræksla geti verið viðunanleg í þessum stofnunum samt sem áður. Jeg er svo ekki að orðlengja þetta, og þar sem jeg vænti, að frv. þessu verði vísað til nefndar og öll þau frv. í þessa átt, sem fram hafa komið, hafa farið til allshn., óska jeg atkvæðagreiðslu um það, hvort þessu frv. skuli einnig vísað þangað; gæti jeg vel sætt mig við það, enda þótt jeg kysi þetta frv. fremur til mentmn.

Forsætisráðherra (SE): Jeg ætla mjer ekki að hefja umræður um þetta frv. á þessu stigi málsins, en vil aðeins skjóta því til væntanlegrar nefndar, sem fær þetta frv. til meðferðar og að líkindum heldur fund um það í kvöld, að leita

álits háskólans, um leið og hún tekur þetta mál til athugunar.

Tryggvi Þórhallsson: Það er aðeins örstutt athugasemd. — Jeg tek það strax fram, að mjer þótti vænt um þetta frv. og anda þann, sem að baki liggur, og jeg vona, að á bak við það standi sterk öfl frá báðum aðalflokkunum, um að gera nú alvarlegar tilraunir til embættafækkunar. En það er alveg sjerstakt atriði, sem jeg ætla að gera að umtalsefni í þetta sinn.

Það hafa fleiri frv. en þetta komið fram um það að spara mannahald við háskólann, og þau hafa gefið tvímælalaust í skyn, hvað við ætti að taka, ef embættin yrðu lögð niður. Jeg tók það fram í umræðunum um frv. um að leggja niður dósentsembættið í klassiskum fræðum við háskólann, að það ætti að koma til framkvæmda þegar í stað og að viðkomandi mann skyldi flytja að mentaskólanum. Sömuleiðis er nú frumvarp í Ed. um embættisniðurlagning, og í því sambandi talað um að flytja þann mann, er því gegnir, í annaðhvort af tveimur, forstöðumannsembætti landsbókasafnsins eða fræðslumálastjóraembættið. Það var bent á, að þessi fækkun embættanna gæti orðið svo að segja strax, er ákveðin starfaskifti gátu átt sjer stað. En nú stendur í þessu frv., sem hjer er rætt um, að til þess að þessi embættafækkun geti sem fyrst komist á, skuli ákvæðum 16. greinar stjórnarskrárinnar beitt. Með þessu er það lagt á stjórnarinnar vald, hvenær þetta kemur til framkvæmda, þrátt fyrir það, að þingið hafi þegar látið í ljós vilja sinn um, að þetta skuli strax koma fram. Jeg finn ástæðu til þess að benda háttv. flm. á þetta; því á þinginu 1922 ljet hann uppi ákveðnari skoðanir á þessu máli. Þá var til umræðu frv. um að leggja niður dósentsembættið í klassiskum fræðum. Ætla jeg með leyfi hæstv. forseta að lesa upp nokkur orð úr ræðu hans þá. Þar segir hann svo til forsætisráðherrans:

„Hann heldur því fram, að ekki megi leggja niður embætti, nema embættismönnum þeim, sem fyrir því verða, sje sjeð fyrir framfærslu á kostnað ríkisins. Þetta hefir við engin rök að styðjast. Það hefir verið regla hingað til, að embættismenn hjeldu embættum sínum meðan þeirra er þörf og þeir ekki hafa brotið af sjer við ríkið, þannig, að þeim sje vikið frá. — Hitt væri nýtt, ef ríkið þyrfti manna við til einhverra starfa, að það sje skyldugt að sjá þeim fyrir æfinlegum lífeyri, eftir að starfið er úr sögunni. Þetta nær auðvitað engri átt. Það er ekkert tiltökumál, þó að embætti sjeu lögð niður, og hefir það hingað til þótt sjálfsagt, ef embættin hafa orðið óþörf, og löggjafarvaldið ákveður sjálft þær reglur, sem það fer eftir í því. Mjer finst það ógeðfeld hugsun, að sá maður, sem kallaður er embættismaður ríkisins, hafi áunnið sjer æfinlegan framfærslurjett, — nokkurskonar sveitfesti á ríkissjóði."

Þetta er með öðrum orðum ákveðin skoðun, sem hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) þá hjelt fram, og jeg skrifa undir hvert orð af því, sem hann hefir þá sagt. En þar sem nú eru fram komin ákvæði um að þessar embættafækkanir verði framkvæmdar strax, með færslu yfir í önnur tiltekin störf, þá finst mjer þetta full-rúmlega orðað í frv. þessu, og jeg vil beina því til háttv. flm., hvort þetta sje tilviljun ein, eða að hann ætlist til,

að það komi ekki til framkvæmda fyr en nokkru síðar.

Flm. (Jón Þorláksson): Jeg skal svara því strax, að jeg er ennþá alveg sömu skoðunar og jeg var, þá er jeg hjelt ræðu þá, er hv. þm. Str. (TrÞ) las upp úr. En það er eigi að dylja, að umræðurnar um starfaflutning embættismanna hafa styrkt mjög mótstöðuna móti embættafækkuninni. Jeg hefi litið í kring um mig í þessu efni, og jeg held, að mitt fyrirkomulag verði til þess að koma embættafækkuninni fljótar á og án þess að embættismönnum sje kastað út á klakann, sem kallað er, ef þeir yrðu bæði í senn, sviftir starfi og launum. Jeg ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp ákvæði 16. greinar stjórnarskrárinnar, 3. lið, hjer að lútandi. Þar stendur:

„Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa um, hvort þeir vilji heldur embættaskiftin eða þá lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk."

Jeg sje, að nú er komin fram í frv.-formi tillaga um að flytja embættismann í aðra tiltekna stöðu, þegar embætti hans verður lagt niður. Mjer sýnist, að með því muni Alþingi ganga fullnærri konungsvaldinu, því valdi, sem konungi er gefið með þessu ákvæði stjórnarskrárinnar. Jeg hefi því ekki treyst mjer til þess að bera þetta fram í öðru formi en því, sem frv. mitt fer fram á. Jeg get fullvissað háttv. þm. Str. (TrÞ) um það, að hjá mjer eru engir bakþankar í þessu, og ef Alþingi samþykkir þetta frv. mitt, álít jeg hverri stjórn sem er skylt að framfylgja því — og að því muni verða unt að koma í framkvæmd mjög fljótlega.

Forsætisráðherra (SE): Jeg ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp nokkur orð úr ræðu þeirri, sem jeg hjelt á þinginu 1922 í þessu máli, sem hv. þm. Str. (TrÞ) vitnaði í. Þau eru á þessa leið:

„Háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) þótti það ógeðfelt, að ekki mætti kasta embættismönnum á gaddinn. En það er þó ekki í fyrsta sinn, sem þessu er haldið fram nú. Jeg veit ekki betur en að það hafi verið algild regla hjá þjóðinni undanfarið að veita embættismönnum biðlaun og eftirlaun, ef þeir hafa látið af embætti. Það er alt annað mál, ef embættismaðurinn sýnir sig ekki færan að gegna embætti eða brýtur eitthvað af sjer. Þá á hann enga kröfu á hendur ríkinu. Það hefir hingað til verið skoðað siðferðileg skylda að kasta ekki embættismönnum á gaddinn fyrirvaralaust. Má t. d. nefna, þegar landritaraembættið var lagt niður o. s. frv."

Það, sem jeg sagði á því þingi, var með öðrum orðum ekki það, að ríkið yrði að sjá þessum mönnum fyrir lífstíðarframfærslu, heldur, að ekki dygði að ætla sjer að kasta þeim út á gaddinn fyrirvaralaust.

Tel jeg líka vafasamt, að embættismenn hafi kröfu til biðlauna eftir núgildandi lögum. Og hvað sem um það væri, þá er eitt víst, að kennarinn í klassiskum fræðum við háskólann hefir enga slíka lagalega kröfu.

Það gleður mig annars mjög, að hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) skuli nú ekki lengur hallast að því að svifta þennan mann starfinu á slíkan hátt, enda var þess að vænta um mann, sem heyrir til jafnöflugum

ihaldsflokki og hjer hefir nú verið stofnaður. Það er einmitt þetta, sem er höfuðstyrkur ihaldsins, að það fer varlega í að breyta ríkjandi fyrirkomulagi. Er jeg hjartanlega sammála flokknum í þessu, að ekki hæfi, að Alþingi taki svona bolsjevíkastökk, eins og einstaka þm. virðast hafa svo ríka tilhneigingu til. Mun það verða mörgum mikil hugfróun í framtíðinni að vita, að flokkur er nú upprisinn til þess að vaka yfir að annað eins ranglæti og jeg hefi hjer minst á eigi sjer ekki stað.

Jón Kjartansson: Það er aðeins lítil aths. viðvíkjandi orðum hv. þm. Str. (TrÞ). Mjer þykir það leiðinlegt, að sama hugsunarvillan skuli koma fram hjer í þessari hv. deild og í hv. Ed. fyrir skömmu síðan, þessi, að það sje þingsins hlutverk að flytja menn á milli embætta. Jeg hefði búist við því, að hv. þm. væri það öllum ljóst, að með því væri þingið farið að grípa inn í verkahring umboðsvaldsins. Frv. hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) er að þessu leyti bygt á hárrjettum grundvelli. Hitt er brosleg firra, sem komið hefir fram í hv. Ed., því Alþingi getur aðeins lagt óþörf embætti niður, en það er umboðsvaldsins að færa menn á milli embætta, sbr. 16. gr. stjórnarskrárinnar.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg skal ekki eyða mörgum orðum um efni frumvarpsins. Jeg vildi aðeins leggja það til, að því verði vísað til mentmn. Að vísu hefir öðrum málum líks efnis verið vísað til allshn., en það var að flestra dómi misráðið. Þar sem nú þetta frv. felur í sjer öll hin, gefst nú kostur á að leiðrjetta í einu þau mistök, sem orðið hafa. Vegna þess sparnaðar, sem frv. fylgir, hefir þeim verið vísað til allshn., en sparnaðurinn er svo augljós, að ekki þarf að vísa til nefndar til að reikna hann út, en hitt er hreint mentamál, hvort samboðið sje menning vorri og þjóðarsóma að grípa til slíks sparnaðar, og sje það ekki verksvið mentamálanefndar, sje jeg ekki, hvaða verkefni þeirri nefnd muni ætluð.

Tryggvi Þórhallsson: Það mun líklega vera fyrirboði einhvers sjerstaks, að okkur hv. þm. V.-Sk. (JK) virðist svo gjarnt á að lenda hjer saman. Hv. þm. kvað það hugsunarvillu að ætla þinginu að færa menn á milli embætta og kvað það eingöngu vera í verkahring umboðsvaldsins. Jeg hjelt, að þessi hv. þm., sem einnig er lögfræðingur, vissi það, að Alþingi gæti skipað umboðsvaldinu að framkvæma vilja sinn jafnt í þessu efni sem öðrum. Hugsunarvillan verður því hans megin. — Jeg skal um leið geta þess, að mjer þykir leitt að heyra, að hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) skuli nú vera á hröðu undanhaldi í þessum málum. Í hitteðfyrra hjelt hann því óskorað fram, að ríkið hefði fullan rjett að segja embættismönnum upp starfi, er það þyrfti þeirra ekki lengur við. Nú vill hann taka tillit til „kringumstæðanna". Gengur hann nú svo langt, að honum þykir ekki einu sinni hlýða, að þingið færi menn á milli embætta. Hjer er greinilega um undanhald að ræða. Hann vildi vísa þessum málum til stjórnarinnar með skírskotun til 16. gr. stjskr. Sú grein er nú orðin næsta gömul, og man jeg ekki eftir, að hún hafi nokkurntíma verið notuð. Það átti að vísu að nota hana einu sinni við Skúla heitinn Thoroddsen, en hann færðist undan, og varð þá ekki af því. Myndi ekki geta farið

eins nú, ef þessir embættismenn neituðu að fara úr embættum sínum?

Jeg skal að lokum taka það fram, að jeg væri ekki svo fjarri að taka gilda skýra yfirlýsingu hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) um það, hvað hans vilji er í þessu máli. Mun hann skilja, hvað jeg á við með því.

Jón Kjartansson: Jeg vildi aðeins benda hv. þm. Str. (TrÞ), sem er nýbúinn að vinna eið að stjórnarskrá landsins, á það, að þetta ákvæði, sem hjer er um að ræða, er þar að finna. Mun hann þó væntanlega kannast við, að stjórnarskránni verður ekki breytt með einföldum lögum, og ef hann vill taka þetta vald frá umboðsvaldinu, verður hann að gera það með breyting á stjórnarskránni.

Flm. (Jón Þorláksson): Jeg hefi flutt þetta frv. án þess að bera það undir þann flokk, sem jeg er í, og ber jeg einn ábyrgð á því. En hitt má vera, eins og hæstv. forsrh. (SE) gaf í skyn, að það sje svo gott sambandið meðal íhaldsflokksmanna, að vel megi gera ráð fyrir, að það, sem einhver úr flokknum ber fram, fái stuðning hinna. Að því er snertir þetta, að færa menn á milli embætta, þá þarf jeg ekki að svara hv. þm. Str. (TrÞ), því hv. þm. V.-Sk. (JK) hefir gert það nægilega. — Hvað undanhaldið snertir, þá hefi jeg og mun ávalt halda því fram, að ríkið hefir engar skyldur að rækja við starfsmenn sína fram yfir það, sem lög kveða á um. Finst mjer og engum ungum manni vorkunn að brjóta sjer nýjan veg, þótt hann missi lítt launað embætti meðan hann er á unga aldri. En hitt verð jeg jafnframt að játa, að það er harðneskja að svifta aldraðan mann stöðu sinni, því hann á oft erfitt með að brjóta sjer nýjan veg. Er skoðun mín í þessu efni sú sama og hún hefir ávalt verið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Till. um að vísa frv. til allshn. feld með 14 : 8 atkv.

Frv. vísað til mentmn. með 17 shlj. atkv.

Á 41., 42. og 43. fundi í Nd., dagana 3., 4. og 5. apríl, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. apríl, var frv. enn tekið til 2. u m r. (A. 68, n. 224).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Mentmn. hefir sent frá sjer nál. um þetta mál, og þarf jeg ekki miklu við að bæta það, sem þar er tekið fram. Jeg vil þó aðeins drepa á helstu atriðin í áliti hennar.

Jeg skal þá fyrst taka það fram, að nefndin er mótfallin því, að laga- og heimspekideildin verði sameinaðar, enda býst hún við, að þetta verði ekki að neinu ágreiningsefni, þar sem flm. lýsti yfir því við 1. umr., að sjer væri þetta atriði ekki fast í hendi.

Að því er snertir þá breytingu, að biskup komi í stað eins prófessors við guðfræðideildina, þá gerir nefndin þá breytingu, að hann komi í stað dósentsins við deildina. Þykir nefndinni eðlilegast, að 2 prófessorar sjeu við guðfræðideildina eins og við hinar deildirnar, enda er naumast að búast við því, að biskup hafi á hendi fulla kenslu

á við prófessora deildarinnar. Það má að vísu segja, að deildin sje skert með þessu, en það er þó ekki svo mikið, að það sje nein frágangssök. Að því er snertir þá mótbáru, sem fram hefir komið, að óviðeigandi sje, að biskup hafi slíkt starf á hendi, þá er ekki það að óttast. Því verður ekki móti mælt, að biskup hefir nægan tíma til þessa. Alþingi hefir upp á síðkastið tekið af honum allmörg störf, og er þá rjettmætt, að honum sje bætt upp með þessu. Þetta er og í fullu samræmi við starfsemi biskups, enda er það algengt erlendis, að prófessorar hafi jafnframt á hendi prestsstörf, og þykir vel fara saman. Veit jeg t. d. til þess, að prófessorarnir í guðfræði við Uppsalaháskólann hafa til þessa, auk kenslunnar, þjónað sjerstökum söfnuðum. Var þetta ekki talið koma í bága við kenningarfrelsi deildarinnar, og því síður myndi það vera gert a voru landi, því íslenska kirkjan er frjálslyndasta kirkjan á Norðurlöndum. Hjer er kenningarfrelsi presta ekki minna en prófessora háskólans. Það er engum blöðum um það að fletta, að þetta gæti orðið til gagns bæði fyrir kirkjuna og guðfræðideildina. Eins og menn vita er hlutverk deildarinnar ekki einasta að veita mönnum guðfræðilega mentun, heldur og líka að búa þá undir prestsstarfið. Það er því síður en svo, að nokkuð sje á móti því, að deildin standi í nánu sambandi við kirkjuna. Má segja, að þetta yrði til þess að gera guðfræðideildina lítið eitt íhaldsamari, en biskupinn aftur á móti frjálslyndari, og myndi hvorttveggja til góðs leiða.

Það hefir verið bent á það, að þessi breyting sje ekki í samræmi við það ákvæði í gildandi lögum, að biskup skuli kosinn af öllum prestum landsins. Mjer er nú í rauninni alls ekki fast í hendi um þau lög, en þó er engin ástæða til að breyta þeim vegna þessa. Ef biskupskosningin hepnast og maður er kosinn, sem er vaxinn því veglega starfi, þá er hann um leið vaxinn því að veita kenslu við háskólann sem aukakennari. En hinsvegar ef aukakenslan við guðfræðisdeildina mistækist með þessu vali, þá væri það samt lítils virði hjá hinu, að mistekist hefði að velja mann í biskupssætið, en sú hætta er jafnt opin, þótt þetta frv. verði ekki samþ.

Þá kem jeg að því atriði frv., að lagadeildin verði svift einum prófessor, og þeirri brtt. nefndarinnar, að í stað hans komi lögákveðinn aukakennari. Í frv. var gert ráð fyrir, að bætt yrði við aukakennara, ef þörf krefði, en nefndin lítur svo á, að sú þörf sje þegar fyrir hendi, og vill því fastákveða þessa aukakenslu í lögunum. Það virðist ekki vera nein ástæða til að hafa fleiri prófessora í lagadeildinni en hinum, enda geri jeg ráð fyrir, að harðfylgi góðra manna hafi fremur gert það að verkum, að prófessorarnir voru upphaflega ákveðnir 3, heldur en að bein þörf hafi verið fyrir fleiri prófessora í þeirri deild en öðrum. Er sumum nefndarmönnum því ekkert sárt um að svifta lagadeildina þessum eina prófessor, þar sem auðsætt er, að hægt er að fá góðan mann til að gegna aukakenslu við deildina. Hjer er gott val ungra lögfræðinga, sem myndu telja sjer hag og heiður í því að fá slíkan starfa, auk þess sem þar væri að fá besta undirbúninginn fyrir þá menn, sem hefðu í huga að verða prófessorar seinna meir.

Þá vil jeg minnast á þá brtt. nefndarinnarí að í stað þess að einn prófessor og einn dósent sjeu í íslenskum fræð-

um, þá komi tveir prófessorar, svo sem áður hefir verið. Nefndin er þó ekki sammála í þessu efni, því 2 nefndarmenn hallast fremur að ákvæði frv. En sá hlutinn, sem jeg fylgi, leggur ríka áherslu á, að íslensk fræði verði ekki skert frekar en búið er að gera með því að fella niður aukakennarann, eins og gert var við 3. umr. fjárlaganna.

Það gegnir nokkuð öðru máli um íslensk fræði en önnur fræði við háskóla vorn. Það má með miklum rjetti segja um lögfræði, læknisfræði og guðfræði, að það sjeu aðeins kenslugreinir, en hin íslensku fræði aftur á móti vísindagrein við okkar háskóla. Það eru ekki gerðar þær kröfur til háskólakennaranna í fyrnefndum greinum, að þeir sjeu sjálfstæðir vísindamenn, heldur aðeins, að þeir geti miðlað íslenskum embættismannaefnum þeim fróðleik og kunnáttu, sem þeim er nauðsynleg, hverjum í sínu starfi. En aftur á móti er sú krafa gerð til háskólakennarans í íslenskum fræðum, að hann standi í broddi fylkingar þeirra vísindamanna, sem íslensku og norræna fræði stunda. Það á að vera okkur metnaðarsök, að háskóli Íslands leggi hið besta til vísindanna á þessu sviði. Við verðum að gera okkur ljósa grein fyrir því, í hvaða efni við getum staðið öðrum þjóðum á sporði, þrátt fyrir fátækt og fólksfæð, og hvar okkur þýðir að keppa við stærri þjóðir og auðugri. Það er augljóst, að í ýmsum fræðigreinum þýðir ekkert fyrir okkur að keppa við auðugri þjóðir. En í norrænum fræðum getum við staðið öllum þjóðum á sporði. Þessvegna leggur meirihl. ríka áherslu á það, að tveir verði prófessorar við háskólann í íslenskri málfræði, sögu og bókmentasögu, svo sem nú er. Báðir mennirnir, sem nú skipa þessar stöður, eru hinir mætustu menn, og mun enginn vilja lækka þá, og það er okkar von, að þó umskifti verði, þá skipi altaf ágætir menn þessar stöður.

Þá kem jeg að þeim tveim atriðum, sem hingað til hafa valdið mestri deilu. En það er kennarastóll í klassiskum fræðum og prófessorsembættið í hagnýtri sálarfræði. Þessi tvö embætti eru svo þrautrædd, hjer innan þings, að ekki ætti að þurfa að fara um þau mörgum orðum við þessa umræðu. Það eitt er eftir, að skera úr því með atkvæðum, hvaða leið menn vilji fara til þess að skipa þessum umþráttuðu embættum. Tillögur nefndarinnar eru hjer hinar sömu og till. hv. flm. (*JÞ*): að kennaranum í klassiskum fræðum sje haldið, þangað til hann flytur úr embættinu eða fellur frá. Jeg vil taka það skýrt fram, að nefndin ætlast alls ekki til þess, að sá maður, sem nú skipar embættið, sje fluttur í nokkra aðra stöðu. Hún skilur þetta ákvæði svo, að hjer sje gerð samskonar skipun eins og veiting embættisins væri bundin við nafn Bjarna Jónssonar. Þegar embættið fellur niður að honum látnum, má ráðstafa kenslu þeirri, sem hann hefir með höndum, á annan hátt. Sá maður, sem hjer ræðir um, hefir verið svo þarfur þjóðinni í ýmsum málum, þó rás viðburðanna snúist nú í ýmsu móti hans hugsjónum, að nefndin vill, að þingið sýni honum þá nærgætni, sem skylt er og þjóðin vafalaust heimtar.

Hvað snertir hitt embættið, þá er nefndin sammála um, að það sje ekki nauðsynlegt. Og með því, að í því situr maður, svo hæfur til margvíslegra starfa, sem þjóðin þarf að láta vinna, og hann mundi fá betur notið vinnukrafta

við, þá er það vilji nefndarinnar, að stjórnin fari þess á leit við hann, að hann flytjist í annað embætti jafntekjumikið og virðulegt. Það er alkunnugt, að þessi maður er bókfróður og í tölu bestu rithöfunda þjóðarinnar, og því vel farið, að hann tæki við einhverjum þeim störfum, sem skyldari væri bókmentunum en þau, sem hann gegnir nú.

Jeg fer svo ekki fleiri orðum um þetta að sinni, enda hygg jeg, að málið sje þegar svo þrautrætt, að ekki sje annað eftir en atkvæðagreiðslan. Jeg skal að síðustu geta þess, að einstakir nefndarmenn hafa sjerstöðu í einstöku greinum, og munu þeir skýra frá afstöðu sinni, hver fyrir sig.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg get verið þakklátur hv. mentmn., sem flm. þessa frv., fyrir meðferð hennar á því yfir höfuð. Og jeg vil taka það fram, að jeg get til samkomulags fallist á flestar brtt. hennar. En til þess að lengja ekki umræðuna, skal jeg láta þær till. óumtalaðar, sem jeg get fallist á, og einungis minnast á þær, sem jeg tel athugaverðar.

Það eru þá eiginlega aðeins tveir síðustu stafliðirnir, e og f, í 4. brtt. nefndarinnar. Sá fyrri hljóðar svo: Í staðinn fyrir „1 prófessor og 1 dósent í íslenskri málfræði og sagnfræði“ .... komi: „2 prófessorar í íslenskri málfræði, bókmentasögu og sagnfræði.“

Jeg tel þessa brtt. heldur til skemda. Ekki þó af því, að jeg sje á móti því, að þar sjeu tveir prófessorar í þessum fræðum, ef til eru tveir virkilega hæfir menn. En eins og stungið var upp á í frv. mínu, og nefndin hefir látið óhaggað standa, þá var það tilætlunin, að þessi embætti yrðu aðeins veitt þeim, sem að dómi háskólans væru sjerstaklega vel hæfir. Það er mikilsvert, að í þessi embætti sjeu ekki aðrir skipaðir en menn, sem eru sjerstaklega vel hæfir og geta einnig út á við skipað stöðurnar með fullum heiðri. En mjer virðist, að vel gæti staðið þannig á, að til væri maður, sem rjettmætt væri að skipa sem dósent, án þess að vissa væri fyrir því, að hann gæti risið undir prófessorsnafni með fullum heiðri. Því álít jeg hentugra, að í lögunum standi: einn prófessor og einn dósent. Hitt er vitanlegt, að öllum er svo ant um þetta starf, að ef að því kæmi ungur dósent, sem gæfist svo vel, að verðugt þætti að skipa hann prófessor, þá yrði það gert. Þetta yrði betri úrlausn fyrir háskólann og þjóðina heldur en till. nefndarinnar. Eins og menn sjá, er hjer ekki um efnismun að ræða, en jeg verð að halda fast við það, að uppástunga frv. sje hagkvæmari.

Þá er brtt. nefndarinnar 4, f: „Forstöðumenn þjóðskjalasafnsins, þjóðmenjasafnsins og landsbókasafnsins eru samkvæmt embættisstöðu sinni aukakennarar í íslenskum fræðum.“ — Jeg hefi áður tekið það fram, að mjer virðist eðlilegt að gera þessa skipun, ef mönnum sýndist að hafa ekki nema einn fastan kennara í íslenskum fræðum. En nú er gert ráð fyrir tveimur fastakennurum í frv. Jeg kýs því heldur, að þessi embætti — þjóðskjalavarðar og landsbókavarðar — verði sameinuð, en þá er vitanlega engin leið fyrir þann mann, er gegnir þeim báðum, að hafa kenslu á hendi. Nú er ósjeð, hvernig um það frv. fer við 3. umr., og vil jeg því fara þess á leit við nefndina, að

þessi till. verði ekki látin koma til atkv. fyr en við 3. umr., þegar sjeð eru forlög hins frv.

Jón Kjartansson: Jeg vil með nokkrum orðum skýra frá því, í hverju mig greinir á við nefndina. Jeg vil þá strax taka það fram, að mjer var hálfilla við brtt. nefndarinnar um að fækka prófessorum við lagadeild, þó jeg gerði það ekki að ágreiningsatriði. Jeg get eftir atvikum fallist á það að fækka um einn prófessor, með því skilyrði, að ákveðinn yrði fastur aukakennari. Það er ekki víst, að deildin biði neinn halla við það, því það er óheppilegt, að það sje strax, án nokkurrar reynslu, ákveðið um einn mann, að hann skuli verða prófessor. Jeg held einmitt, að það sje heppilegt að hafa aukakennarastöðu sem millistig og einskonar skóla fyrir mann, sem á að verða prófessor.

Hinsvegar hafði jeg hugsað mjer að koma með brtt. við frv. í þá átt, að það væri beint skilyrði fyrir veitingu dósents- eða prófessorsembættisins að hafa verið settur í embættið a.m.k. eitt ár. Jeg hefi þó ekki komið fram með brtt. í þessa átt, en getur verið, að jeg geri það við 3. umr. Jeg hefi átt tal um það við ýmsa menn, og þeir hafa álitið, að það mundi vera til mikilla bóta.

Þá hefir mig greint á við nefndina um heimspekisdeildina. Þar var jeg sömu skoðunar og hæstv. fjrh. (JÞ), að prófessor væri ákveðinn einn, en svo væru þrír góðir starfskraftar ofan af safni tengdir deildinni, í samræmi við till. próf. Halldórs Hermannssonar, sem jeg álít heppilegast. En það var ómögulegt að fá samkomulag um þetta í nefndinni, svo jeg kaus að halda með frv., eins og það liggur fyrir, og þá um leið að verða með sameining landsbóka- og þjóðskjalavarðarembættanna. Og tel jeg því ekki fært, að f liður 4. brtt. nefndarinnar sje samþyktur, ef sameining embættanna á fram að ganga. Jeg felst því á það, að atkvgr. um þennnan lið sje frestað, þangað til sjest, hvernig fer um sameininguna.

Magnús Jónsson: Jeg veit ekki, hvort hv. þdm. hafa athugað, að jeg er á annari skoðun en nefndarmenn mínir, af því að athugasemd mín hefir lent á annari síðu í nál. Þetta, hvað jeg er einmana á pappírnum, veit máske á það, að jeg verði líka einmana í deildinni. Annars hugga jeg mig, þegar jeg er í minnihluta, við orð Ibsens um það, að minnihlutinn hafi ætíð á rjettu að standa. En þegar jeg er í meirihluta, þá tek jeg auðvitað undir það fornkveðna: Vox populi, vox Dei.

Jeg á von á því, að þetta frv., sem hjer liggur fyrir, sigli beggja skauta byr gegnum deildina. Ef ætti að færa sönnur á það, að þinginu beri að hlynna að háskóla vorum, þá vantar illa hv. þm. Dala. (BJ), og býst jeg við, að mjer tjái illa að fara í hans föt og mæla hans máli. Við umræðu fjárlaganna fór hjer fram eftirtektarvert karp um fjárkláða og málverk. Var þar rætt um, hvers virði listin væri. Þetta er náttúrlega vel til þess fallið að deila lengi um það, því að það hefir svo ólíkar hliðar. Ef hungraður maður ætti Sixtinsku madonnu, og ljeti hana fyrir blóðmörskepp, þá mundi samt varla gerlegt að leggja þann mælikvarða á listaverkið, að það væri ekki meira en keppsvirði.

Einmitt í þessu tilliti er saga þjóð-

ar vorrar mjög eftirtektarverð. Við höfum frá upphafi lifað af landbúnaði og sjávarútvegi. Og þetta hefir altaf gengið illa og verið okkur til vanvirðu, alla tíð, fyrir það, hve miklir afturúrkreistingar við höfum verið í þessum efnum. Ef við hefðum ekki annað til að hrósa okkur af, þá værum við í sannleika lítils virði. Álit okkar út á við stafar alt frá vísindum okkar og bókmentum. Þær hafa farið furðu víða. Og þær hafa gert það að verkum, að þjóðin loks gat rjett sig úr kreppunni. Og það er einkennilegt, að þessum bókmentum hefir fylgt svo mikill kraftur, að aðrar þjóðir, eins og Norðmenn, hafa orðið að játa, að hefðu þeir ekki notið við íslenskra bókmenta, sem geymt hafa minningar frá þeirra fornu frægðartíð, þá mundu þeir ekki hafa rjett eins fljótt við og þeir gerðu.

Því er nú skotið fram, að við eigum ekki neinar bókmentir háskólanum að þakka. Jú, það getur verið, en þó er það nú ekki alveg rjett. En enginn skyldi halda það, að slíkar bókmentir sem fornbókmentir Íslands spretti upp alt í einu og sjálfkrafa. Á vissum tímum spretta fram sigild listaverk, en þau vaxa upp af iðju og svita þeirra, sem langtímum saman hafa kept að þessu marki, án þess nokkru sinni að ná svo hátt.

Nú, þegar við höfum rjett við þjóðfjelag okkar, þá höfum við litið svo á, að okkur bæri að leggja sjerstaka rækt við bókmentirnar. Og á þeirri stefnu er háskólinn reistur. Áður voru hjer skólar handa embættismannaefnum, svo háskólinn er ekki nýr í þeim greinum. Kenslan hefir aðeins verið aukin nokkuð síðan, en það mundi eins hafa verið gert við embættaskólana gömlu, þó að þeir hefðu verið áfram sjerstakir. Þrjár deildir háskólans eru áframhald af prestaskóla, læknaskóla og lagaskóla. Þær búa embættismannaefni undir lífsstörf þeirra, og yfirleitt munu þær hafa leyst það verk vel af hendi, og fremur vonum, þar sem bæði var styttri námstími og ljelegri kenslutæki en alment gerist við slíka skóla. En það sem rjettlætti það, að háskóli var stofnaður, og var hans eini tilgangur, það var að bæta við deild, sem hjeldi á lofti fornum fræðum íslenskum, sem við stöndum öllum þjóðum betur að vígi í, eins og hv. frsm. (ÁÁ) tók rjett og ljóslega fram.

Þegar í byrjun var heimspekisdeildin spent í þröngan stakk með fullkomnu kotungssniði. Henni var þannig ekki ætlað að búa menn til meistaraprófs. Þar átti að vera einn prófessor og einn dósent, og áttu þeir að annast það tveir, sem margir menn vinna við aðra háskóla. Úr þessu var dálítið bætt, er sá maður var gerður að prófessor, sem áður var dósent. Með því var viðurkent, að hjer væru störf handa tveim fullkomnum vísindamönnum, sem hjetu prófessorar. Og svo var með sjerstökum fjárveitingum bætt við nýjum manni, sem sjerstaklega hafði málfræðikenslu á hendi.

Svona sigldi þá háskólinn af stað. Af öllum þeim hæpnu stofnunum, sem við Íslendingar höfum sett á laggir, var háskólinn einhver sú hæpnasta.

Engin okkar stofnun hefir komist eins nærri því að kafna undir nafni. Enda varð þess vart hjá vinum okkar, Dönum, að þeir brostu heldur út í annað munnvikið að háskóla vorum, og ljetust ekki vita, hvort rjettara væri að kalla hann Universitet eða Højskole.

Það er ómögulegt að neita því, að há-

skólinn var stofnaður með allri þeirri hófsemi, sem unt var, svo ekki sje meira sagt, og siglt svo nærri vindi sem framast mátti, til þess að háskólinn gæti borið nafn sitt án vanvirðu. En síðan fer Alþingi að auka embættum við háskólann, án þess að háskólaráðið bæri fram um það minstu ósk. Var það einkennilegt ástfóstur, meira að segja mjög svo einkennilegt ástfóstur, sem Alþingi tók eftir á við þessa stofnun. Fyrst var stofnað griskudósentsembættið, eða kennaraembætti í klassiskum fræðum. Reyndar var háskólinn spurður ráða, og auðvitað svaraði guðfræðisdeildin því, að mjög svo æskilegt væri, að guðfræðanemendum yrði kend gríska. Býst jeg við, að enginn geti láð henni það. Svo kom embættið í hagnýtri sálarfræði. Þar svaraði háskólinn auðvitað því, að maðurinn væri ágætlega hæfur og æskilegt, að hann fengi starfssvið hjer. En það er jeg viss um, að ef háskólinn hefði vitað, hver ásteitingarsteinn þessi embætti yrðu síðar og hverjar eftirtölur yrðu hafðar um þau, þá hefði hann með öllu neitað, þá er hann var spurður um, hvort æskilegt væri að þau yrðu stofnuð. Því svo fór, að varla höfðu þau verið sett á stofn, fyr en þau urðu sá Akkilesarhæll, sem allir virtust þurfa að hæfa, sem undir niðri var litið um háskólann. Og brátt óx þetta. Það er nú einusinni svo, að ef brenna á hefilspónahrúgu í húsum inni, þá vill þannig fara, að ekki aðeins hrúgan brenni, heldur kvikni einnig í gólfinu og veggjunum. Eins var þarna; fyrst var byrjað á að níða þessi embætti, sem stofnuð höfðu verið án óska háskólaráðsins, og síðan ráðist á stofnunina í heild.

En eins og jeg hefi sagt, var háskólinn upphaflega stofnaður með þeim minstu kenslukröftum, sem unt var að komast af með. Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en einmitt þetta vakti fyrir mjer, þegar jeg skrifaði klausuna við nefndarálit mentmn., því að jeg vil ekki fyrir nokkurn mun, að þeir kenslukraftar, sem háskólinn var í fyrstu stofnaður með, sjeu að nokkuru leyti skertir. Um brtt. nefndarinnar ætla jeg ekki að vera margorður. Að biskup taki að sjer kenslu þá, sem dósent hefir nú á hendi, er ef til vill gott og blessað. Það er líklega ekki nema vel meint að stuðla að því, að biskup læri eitthvað í háskólanum ekki síður en lærisveinarnir, bara þá guðfræðisdeildin geti kent honum nokkuð. Annars verður ekki á móti því borið, að þetta er skerðing á kenslukröftum deildarinnar.

Nú hefir verið samþykt við 2. umr. að sameina landsbóka- og þjóðskjalavarðarembættin, og hjelt jeg þá, að heimspekisdeildin fengi að halda sínum kennurum. Finst mjer, að norrænudeildin megi ekki vel missa kenslukrafta úr því sem orðið er, þar sem feld hefir verið hjer í háttv. deild fjárveitingin til aukakennarans í málfræði og ekki er framar neinnar hjálpar að vænta frá söfnunum. En sje það meiningin, að skerða deildina framar en orðið er, þá held jeg, að betra sje að hætta þessu alveg, leggja hana alveg niður, því að þá er hún orðin til háborinnar skammar, enda ómögulegt fyrir hana að leysa starf sitt sæmilega af hendi. Gæti reyndar vel verið, að hún væri hentug fyrir menn, sem væru hneigðir fyrir norræn fræði, til þess að vinna að áhugamálum sínum í ró og næði. En boðleg háskóladeild í norrænum fræðum yrði hún ekki.

Þá er í frv. það ákvæði, að embættin verði ekki veitt, nema í þau fáist sjerlega færir menn. Þegar sá múrveggur, sem þetta ákvæði er, hefir verið hlaðinn, þá held jeg, að óhætt ætti að vera að segja, að ekki ætti að vera hættulegt að lofa deildinni að halda tveimur prófessorum. Hæstv. fjrh. (JÞ), sem er flutningsmaður frv., heldur því fram, að heppilegra sje að hafa einn prófessor og einn dósent, heldur en tvo prófessora, þar sem hægra muni að fá hæfan mann í dósentsembætti heldur en í prófessorsembætti. Jeg er þar á gagnstæðri skoðun. Í frv. er sagt, að ekki eigi að veita embættin, nema háskólaráðið telji umsækjandann vel hæfan. Sje jeg ekki annað en sá maður, sem hefði gengið í gegnum þann hreinsunareld, ætti alveg eins að geta verið prófessor og dósent, nema fremur væri. Og það er alveg víst, að hægra verður að fá hæfan mann í prófessorsembætti en í dósentsembætti, því að fáist hæfur maður — reglulega vel hæfur maður — þá getur háskólinn ekki verið þektur fyrir að bjóða honum annað en prófessorsembætti, enda mundi hann sjálfur ekki líta við öðru. Eiga og slíkir menn venjulega kost á líkum embættum annarsstaðar, og þá við betri kjör. Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að fengist reglulega hæfur maður, þá mundi þingið þegar í stað verða fúst til að breyta embætti hans í prófessorsembætti. Jú, það er víst ekki hættan á öðru. Þingmenn þurfa víst ekki annað en hugsa sig um til þess að finna, að þeir eru allir fúsir til þessa. En ein deild háskólans, guðfræðideildin, baðst þess hvað eftir annað, að dósentsembættið yrði gert að prófessorsembætti. Var það áður en jeg tók við því embætti, og tel jeg það alt annað mál, þó að mjer hefði verið neitað um slíka upphefð. En þá var í embættinu eldri maður, valinkunnur á allan veg, ágætur vísindamaður, skyldurækinn og góður kennari, og maður, sem aldrei mátti vamm sitt vita. En um það var ekki að tala, að hans embætti fengist gert að prófessorsembætti. En þegar farið var fram á það, að norrænudósentinn yrði gerður að prófessor, þá er það sjálfsagt, að þm. þjóti upp til handa og fóta: já, já, sjálfsagt, og þó fyr hefði verið. Nei, svo að við sleppum öllu gamni, svona rök á ekki að bera fram. Þau eru alt of lík háði um hv. þm.

Jeg vona, að hæstv. deild sjái það, að nú er búið að ganga svo frá háskólanum, eða að minsta kosti heimspekisdeildinni, að hann má ekkert missa. Sjerstaklega þegar ekki er að vænta neinnar hjálpar frá söfnunum og ekki á að veita þessi embætti nema sjerlega hæfir menn fáist í þau. Jeg vil því fara fram á það við hv. deildarmenn, að þeir felli frv. Stjórnin hefir hvort sem er á sínu valdi að losna við menn úr háskólanum, ef hún sjer þess þörf, þar sem er um það skýlaus heimild, að flutt sje til í embættum. Annars held jeg, að við sjeum ekki svo aðþrengdir ennþá, að við þurfum að kreppa meira að þessari aðkreptu stofnun. Læt jeg hjer svo lokið máli mínu að sinni.

Tryggvi Þórhallsson: Það eru aðeins örfá orð.

Mjer er það ljóst, að hæstv. fjrh. (JÞ) hefir tekið upp í frv. sitt tvö frv., sem jeg hefi borið fram, frv. um afnám gríska dósentsembættisins og frv. um að lagt verði niður eitt prófessorsembætti við háskólann og biskup taki að sjer kensluna.

En eins og nefndin hefir gengið frá frv., er þar ekki gert ráð fyrir jafnmiklum sparnaði og jeg hafði ætlast til í minum frv. Nefndin leggur til, að dósentsembættið verði lagt niður, en ekki prófessorsembætti í guðfræðideildinni, og er tekið fram, að breytingin verði ekki gerð fyr en þau losni, og sama gildir um griskudósentinn. En þrátt fyrir þetta vil jeg ekki ljúka máli mínu á sama hátt og hv. 4. þm. Reykv. (MJ), þar sem jeg býst ekki við, að mín frv. nái fram að ganga, og kýs þá, heldur en ekkert, það, sem nefndin leggur til. Mun jeg því greiða atkv. með frv., að áorðnum breytingum nefndarinnar.

Úr því jeg stóð upp, vil jeg bæta við nokkrum almennum athugasemdum út af því sem hv. 4. þm. Reykv. (MJ) sagði. Hann kvað bókmentir vorar, hinar fornu, hafa gert garðinn frægan, og værum við vonum framar öðrum þjóðum að góðu kunnir, einmitt fyrir þær. Jeg vil minna hv. þm. (MJ) á það, að þetta stendur ekkert í sambandi við embættaverksmiðju háskólans. Þaðan hefir okkur engin frægð staðið. Innlendar fræðaiðkanir lærðra og leikra hafa gert landinu mestan sóma, og er þar sama að segja enn í dag eins og áður fyrrum, og mest utan háskóla. Þykir mjer það ærið undarlegt, að sje hv. þm. (MJ) á þesari skoðun, þá vilji hann þó ekki styðja að því, að háskólinn fái að njóta framvegis þess mannsins, sem fyrst og fremst styður innlendu fræðaiðkanirnar, prófessors Sigurðar Nordal. Sá maður verður að teljast allra hluta vegna annar sjálfsagðasti forystumaður vor í rannsókn þeirra fræða, sem hafa gert og gera enn garðinn frægan. Vænti jeg þess því fastlega, að hv. þm. (MJ) leggi því lið, að þessi maður verði ekki látinn fara af landi brott fyrir þær sakir, að hið háa Alþingi kunni ekki að meta, hvers virði hann er.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Samkvæmt ósk hæstv. fjrh. (JÞ) ætla jeg að leyfa mjer fyrir hönd nefndarinnar að taka aftur til 3. umr. tillöguna um að landsbóka- og landsskjalaverðir kenni við heimspekisdeild háskólans. Mótmæli því enginn nefndarmanna, lít jeg svo á sem þeir sjeu því samþykkir.

Annars skildist mjer á ræðu hæstv. fjrh. (JÞ), að það væri alls ekki mikið, sem honum og nefndinni bæri á milli um það, hversu skyldi háttað kenslu ísl. fræða við háskólann. Eftir orðum hans að dæma, virðist ekki nógu skýrt tekið fram í frv., hvað hann meinar. En meining hans virðist vera sú, að því að eins sjeu ekki skipaðir tveir prófessorar til kenslu í íslenskum fræðum, að ekki fáist þar til reglulega hæfir menn. Mun hann því flytja þá brtt. við 3. umr., ef honum þykir svo mikils um vert, að íslensk fræði skuli kenna tveir prófessorar, en ef embætti losni og ekki fáist í það hæfur maður, þá skuli í bráðina setja dósent í staðinn, eða mann með dósentslaunum. Býst jeg ekki við, að neinir hefðu á móti slíkri breytingu, því að engum ætti að þykja æskilegt, að aðrir en afburðamenn yrðu gerðir að prófessorum í þeim fræðum, þar sem Íslendingum er metnaðarsök að standa framar öðrum að þekkingu. Tók jeg strax eftir þessu ákvæði í frv. hæstv. fjrh. (JÞ), og líkaði vel.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 4. þm. Reykv. (MJ). Hann virtist vera mjög hræddur um, að ætlun okkar, sem fylgjum þessu frv. sje sú, að rífa niður allan háskólann. En

jeg sje ekki, að hv. þm. (MJ) þurfi þar neitt að óttast. Honum fer þarna í raun-inni eins og ef undan honum brotnaði stólinn og hann hjeldi þá húsið vera að hrynja. Sje jeg ekki, að till. mentmn. snerti að nokkru stofn háskólans.

Sami hv. þm. (MJ) talaði mjög um málið á víð og dreif, og sagði raunar margt satt um bókmentir vorar og þá frægð, er þær hefðu aflað oss. En margt sagði hann einnig, sem jeg sje ekki að þessu komi hið minsta við. Rifjaði hann t. d. upp gamlar deilur um það, hvort háskólinn gæti kallast Universitet eða hvort hann ætti að heita „Höjskole". Jeg vil benda á það, að engin vanvirða þyrfti háskóla vorum að vera að því, þó að hann væri ekki nefndur Universitet. Miklu stærri og fullkomnari skólar bera „högskola"-nafnið, og nægir þar að taka til „högskolana" í Stokkhólmi og Gautaborg, sem eru báðir fullkomnir háskólar að öðru leyti en því, að þá vantar guðfræðideild.

Annars fanst mjer hv. þm. (MJ) sýna fullmikla viðkvæmni í þessu máli. Setti hann háskólann í svo náið samband við íslenskar mentir, að svo virtist sem ekkert væru bókmentir nema það, sem frá háskólanum kæmi. Það eru ekki bókmentir háskólans, sem hafa gert garðinn frægan. Prestaskóli hafði staðið hjer áratugum saman og lækna- og lagaskóli nokkra hríð, áður en háskólinn var stofnaður. En enn þá hafa engin svo merk vísindarit verið skrifuð í þessum fræðigreinum, að klassisk megi kallast. Sannar bókmentir eru innblásnar af spámannlegri og skáldlegri andagift, sem jafnt getur skotið rótum í íslenskri mold, hvort sem háskólinn er til eða ekki. Svo er um passíusálma Hallgríms Pjeturssonar og Vídalínspostillu. En í þessu frv. er ekki verið að grýta spámenn, heldur skipa svo málum, að fræðimenn og skriftlærðir sjeu ekki launaðir fleiri af landsfje en þörf krefur. Vona jeg því, að till. mentmn. fái góðan byr og frv. verði samþykt.

Magnús Jónsson: Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að bókmentastarfsemi Íslendinga stæði ekki í neinu sambandi við embættismannafabrikku háskólans. Þetta er alveg í samræmi við það, sem jeg hefi sagt, og þessvegna vil jeg einmitt hlúa að heimspekisdeild háskólans, því að það er hún, sem á að sá á þessum akri, svo að uppskeran verði okkur til gagns og sóma.

Annars blandaði þessi þm. alveg óskyldu máli inn í þetta. Jeg hefi aldrei lýst því yfir, að jeg væri á móti því að hækka laun dr. Sigurðar Nordals, en úr því að hv. þm. (TrÞ) minntist á það, þá get jeg vel sagt það nú, að jeg býst ekki við, að jeg verði með tillögu þeirri, sem fram er komin um þetta. En það er ekki af því, að jeg hafi ekki jafnmikið álit á manninum og aðrir. Jeg þekki hann mjög vel, kanske betur en flestir aðrir þingmenn, var með honum í latínuskólanum, þar sem hann var aðeins einum bekk á undan mjer. Og fanst mjer það þá þegar í stað, að hann væri engum öðrum manni líkur um andlegt atgervi. Síðan var jeg með honum í Kaupmannahöfn og loks hjer heima, og er álit mitt alveg óbreytt á honum. Jeg tel hann fremstan þeirra manna, er jeg þekki, um andlega hæfileika, án þess að aðrir sjeu með því lastaðir. En nú kem jeg að því, hversvegna jeg vil ekki, að aukið sje við laun hans með þeim hætti, sem tillagan fer fram á. Er það þá fyrst, að mjer finst það

ekki rjettlátt, þar sem nú er verið að færa saman kvíarnar og svifta aðra embættum þeirra, eða að minsta kosti telja þau eftir, að taka þá einn út úr og segja: En þennan vil jeg hækka. Hann má ekki fara, en hinir eiga að fara. Og þó eru meðal þeirra, sem fara eiga, menn, sem öll þjóðin þekkir og virðir. Það er nóg að slá þá með brottrekstrinum, þó þeim sje ekki gefinn „sinn undir hvorn" með þessum hætti. Einnig má benda á það, að gamlir og reyndir prófessorar háskólans sitja við sömu laun og áður, laun, sem þeir jafnvel geta ekki lifað af. En loks er sú ástæðan, sem er veigamest, og hún er sú, að jeg er viss um, að þó að þingið nú veiti dr. Nordal þessa uppbót, þá kæmi eftir eitt tvö ár fram tillaga um að fella hana niður, eða að minsta kosti eftirtölur, og þær enduðu með loforðasvikum. Væri þá maðurinn aðeins svikinn til að afsala sjer góðri og lífvænlegri stöðu, sem auk þess gefur honum miklu betri aðstöðu til þess að leggja stund á áhugamál sín. Og hjer er ekki um neinar óljósar og ósennilegar getsakir að ræða. Við höfum dæmið, deginum ljósara, fyrir okkur, t. d. þar sem er annar afbragðshæfileikamaður, dr. Guðmundur Finnbogason. Landið stofnaði handa honum embætti, þegar líkt stóð á. Hann átti kost á góðu embætti erlendis og hefir síðan orðið að una því, að á hverju þingi væri embætti hans talið eftir og reynt að fá það numið úr gildi. Og slíkt eru ekkert annað en bein svik við manninn.

En þetta er alveg utan við efni þess, sem hjer á að ræða, þótt háttv. þm. Str. hafi dregið það inn í umræðurnar.

Háttv. þm. V-Ísf. (ÁÁ) sagði, að jeg hefði látið allmikinn ótta í ljósi um að það mundi með þessu eiga að byrja á því að rífa niður háskólann, alt í grunn niður. Nei, jeg sagði ekkert slíkt. Jeg benti aðeins á það, sem orðið er. Neistinn, sem kveiktur var til þess að eyða griskudósentinum, hefir nú orðið að þessu báli, sem hefir læst sig um allan háskólann. En jeg óttast ekki, að sá eldur læsist frekara um háskóla vorn, því að það þýðir þá bara, að það á að leggja háskólann algerlega niður. Hann spurði um, hve mörg „klassisk" rit væru komin frá háskólanum okkar? Jeg svara með því að spyrja, hve mörg slík rit hafi t. d. komið frá Kaupmannahafnar- eða Kristjaníuháskólanum? Það getur vel verið að einhverju leyti rjett, að háskólarnir eru ekki sá rjetti jarðvegur, sem „klassisk" rit vaxi upp úr. En þeir geta verið og eru líka að nokkru leyti undirbúningur undir og skilyrði fyrir, að slík rit komi fram meðal þjóðanna. Meistari Jón Vídalín hefði áreiðanlega ekki orðið sá ræðuskörungur, sem hann varð, ef hann hefði ekki verið framúrskarandi vel lærður maður og lifað með þjóð, sem átti hærri mentunar kost. Sama á við, þegar háttv. þm. V.-Ísf. er að sýna fram á gildi alþýðumentunarinnar; hún skapar engin klassisk rit af sjálfri sjer, en hún er skilyrði fyrir því, að vjer getum lifað sem mentuð þjóð, og vjer þurfum því hennar jafnt við og hinnar hærri mentunarinnar, ef skólamentaðir menn eiga að geta komið fram meðal þjóðarinnar og menningin á yfir höfuð að halda áfram að lifa meðal vor. Jeg óttast ekki svo mjög, að menning okkar muni líða undir lok við þetta, en menn verða að gæta að því, að þessi stofnun er ein af höfuðstoðum okkar menningar, enda þótt við þurfum ekki að gera ráð fyrir,

að þar verði framleiddir neinir stórkostlegir afburðamenn. Afburðamennirnir, „geniin“, verða yfirleitt ekki „framleidd“ með neinum þeim aðferðum, sem við þekkjum. Þeim skýtur upp, svo að segja öllum að óvörum, úr hópi lærðra manna eða ólærðra á víxl. En á sliku er enga viðleitni hægt að byggja. Þeir eru blessun, sem þjóðir þær fá, sem vinna vel, nokkurskonar verðlaun góðra verkamanna, sem verkamenn að vísu búa ekki til, en engir fá þó, nema þeir, sem vinna vel.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg skal ekki svara þessu með langri ræðu. Jeg skal aðeins benda á, að þetta tal um það, hvernig bókmentir verði til, stafar af því, hversu háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) talaði mjög um þetta. Jeg hrek þessa ræðu hans með því að spyrja, hvaða „klassisk“ rit háskólinn hafi framleitt. Það er satt, sem hv. þm. (MJ) sagði, að þau eru yfirleitt sjaldgæf úr þeirri átt, og þessvegna átti hann alls ekki að vera að rugla bókmentunum inn í þetta mál. Jeg vil leiðrjetta þann misskilning hans, að í þessu landi sjeu til sjerstakar mentunargreinir, alþýðumenning og æðri mentun; það má vel vera, að hjer greinist eitthvað í sundur á sumum sviðum, en hvað sem um það er, er alþýðumenningin okkar æðri menning. Hún er það, sem alt hið ágætasta í okkar bókmentum og listum hefir vaxið upp úr.

ATKVGR.

Brtt. 224, 1 (1. gr. falli burt) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 224, 2 (2. gr. falli burt) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 224, 3 samþ. með 20 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt (verður 1. gr.), samþ. með 22 2 atkv.

Brtt. 224, 4 a samþ. með 14 : 8 atkv.
— 224, 4 b samþ. án atkvgr.
— 224, 4 c samþ. með 16 : 1 atkv.
— 224, 4 d samþ. án atkvgr.
— 224, 4 e samþ. með 14 : 9 atkv.
— 224, 4 f samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt (verður 2. gr.), samþ. með 21 : 3 atkv.

Brtt. 224, 5 samþ. með 17 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt (verður 3. gr.), samþ. með 20 : 3 atkv.

6.—7. gr. (verða 4.—5. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 : 4 atkv.

Á 47. fundi í Nd., fimtudaginn 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 327).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 : 4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 327).

Á 47. fundi í Ed., laugardaginn 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vildi aðeins láta þá von mína í ljós, að háttv. mentmn. taki frv. til rækilegrar athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til mentmn. með 11 shlj. atkv.

Nefndaráliti minnihl. mentmn., á þskj. 533, var útbýtt 5. maí og nál. meirihl., á þskj. 538, 7. maí, á þinglausnafundi í Sþ. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr.

10. Klassisk fræði.

Á 6. fundi í Nd., föstudaginn 22. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um afnám kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands (þmfrv., A. 36).

Á 8. og 9. fundi í Nd., dagana 26. og 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., föstudaginn 29. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg skal fylgja þessu frv. úr hlaði með nokkrum orðum, og vil jeg um leið leyfa mjer að óska þess, að ekki þyrftu að vera jafnlangar umræður um það og um síðasta mál. Samskonar frv. hefir áður legið fyrir þinginu; er þetta því margrætt mál og óþarft að rekja sögu þess.

Embætti þetta var stofnað á góðu árunum, þegar fjárhagsástæður vorar voru öðruvísi en nú. Síðasti þátturinn í þessu máli var leikinn á þingi 1922. Sparnaðarnefndin í Nd. bar þá fram frv. um afnám þessa embættis. Stóð hörð rimma hjer í hv. deild um frv., og var það afgreitt við 2. umr. á einkennilegri hátt en nokkurt annað mál, sem jeg man eftir, sem sje með þeim ósköpum, að það var „uden Hoved og Hale", eins og frsm. komst að orði. Við 3. umr. var það afgreitt með rökstuddri dagskrá, þess efnis, að málinu skyldi slegið á frest, í því trausti, að stjórnin legði síðar fyrir þingið tillögur um breytta embættaskipan. Nú er það alkunnugt, að stjórnin bar margar slíkar tillögur fyrir síðasta þing, svo að engin ástæða er til þess að fresta málinu lengur af þeim sökum. Nú er og komið nýtt þing, og virðist rjett að skjóta málinu undir það.

Tvær aðalhliðar eru á máli þessu. Sú fyrri, hvort embættið sje nauðsynlegt. Því hefir verið haldið fram mjög sterklega, og færð til þess tvenn rök.

Í fyrsta lagi þyrfti í heimspekisdeildinni að vera kostur á kenslu í latínu, vegna þeirra nemenda, sem leggja stund á norræn fræði og Íslandssögu, svo að þeir geti lesið á frummálinu latnesk skjöl, er varða sögu landsins á miðöldunum. Á Alþingi 1922 lá fyrir álit frá heimspekisdeildinni, þar sem hún telur æskilegt, að slík kensla verði látin í tje. Sterkar er ekki kveðið að orði. Auðvitað hlaut deildin að segja eitthvað í þessa átt, en jeg dáist að því, hve gætilega þetta er orðað.

Jeg get dálítið dæmt um þetta af eigin reynd. Jeg hefi varið nálega öllum tómstundum mínum í 10 ár eða meir til rannsóknar á sögu landsins, og hygg jeg vera sárfá skjöl og gögn, er hana varða á tímabilinu 1200—1550, sem jeg hefi ekki kynt mjer. En jeg verð að segja það, að við þessar rannsóknir hefði jeg mjög lítið saknað latínukunnáttu. Frá því sjónarmiði væri ekki síður ástæða til að kenna miðalda lágþýsku og miðalda ensku við háskólann. Þessi ástæða er svo lítilvæg, að hlægilegt væri að halda við embættinu fyrir hana.

Hin aðalástæðan fyrir nauðsyn embættisins er griskukenslan. Það hefir verið aðalstarf þessa kennara að kenna guðfræðinemendum grísku. — Þegar sparnaðarnefndin flutti frv. 1922, kom álit frá guðfræðideildinni, þar sem hún telur nauðsynlegt, að nemendur deildarinnar eigi kost á að læra grísku. Jeg skal ekki draga í efa, að það sje fyrir margra hluta sakir nauðsynlegt, að guðfræðinemendur læri grísku, svo að þeir geti lesið Nýjatestamentið á frummálinu. En jeg vil benda á annað í þessu sambandi.

Guðfræðideildin hefir að undanförnu jafnan verið að bæta við námsgreinum og lengja námið. Þó þurfa kennararnir ekki að kenna nema 1 klukkustund á dag að meðaltali, þessa 8—9 mánuði, sem kenslan stendur yfir á ári hverju. Jeg fæ ekki skilið, að neitt geti verið því til fyrirstöðu, að þeir bæti á sig griskukenslunni, og jeg er þess fullvís, að hver þeirra sem vera skal er fær um að kenna Nýjatestamentis grísku. Í þessu sambandi vil jeg skjóta því til hv. 4. þm. Reykv. (MJ), að verði biskupinn látinn kenna við háskólann, verður guðfræðideildin ekkert ófrjálsari, eins og hv. þm. var svo hræddur um, þó að biskupinn kendi þar grísku.

Niðurstaða mín verður því sú, að hvorug ástæðan er nægileg til þess að koma í veg fyrir, að embættið verði lagt niður. Það er einnig nauðsynlegt, að lögin sju afnumin nú, svo að embættið verði ekki veitt aftur, ef það kynni að losna.

Þá er hin hliðin á þessu máli, hvað við muni taka, ef embættið er lagt niður.

Sparnaðarnefndin 1922 lagði það til, að maður sá, sem nú gegnir þessu embætti, skyldi fá eftirlaun, ef frv. um afnám þess yrði samþykt, og varð um það mikil senna. Þá aðferð tel jeg algerlega ranga. Þetta tók hv. 2. þm. Árn. (JörB) fram í umræðunum um síðasta mál, og ennfremur hv. núverandi 1. þm. Reykv. (JÞ) á þingi 1922, að ríkið hefði skilmálalaust leyfi til að segja upp starfsmönnum sínum og væri ekki skuldbundið til að ala önn fyrir þeim æfilangt; það hefði í þessu efni sama rjett sem aðrir vinnuveitendur. Jeg skal ekki fara að endurtaka rök þessara tveggja hv. þm., en aðeins bæta einni röksemd við, þessu til stuðnings.

Það er öllum kunnugt, að ríkið veitir embættismannaefnum sínum ókeypis skólavist, og kostar stórfje til. Margir fá námsstyrk úr ríkissjóði, og sumir utanfararstyrk að loknu námi. Þessir menn fá svo embætti, en eru alls ekki bundnir við að þjóna þeim lengur en þeim sýnist. Þeir geta sagt upp starfi sínu eftir örstutta stund, án þess að ríkið hafi nokkur ráð til þess að halda í þá. Til þessa eru mörg dæmi, og skal jeg nefna eitt af handahófi. Svo sem kunnugt er, hefir ríkissjóður styrkt mann einn til náms árum saman, til þess að hann geti starfað fyrir Búnaðarfjelag Íslands sem áveituverkfræðingur. Ef þessi maður kæmi nú heim og vildi ekki líta við þessu starfi, sem hann hefir verið styrktur til að búa sig undir, heldur kysi að taka annað starf, svo sem t. d. við ritstjórn Morgunblaðsins, þá væri ekkert því til fyrirstöðu frá lagalegu sjónarmiði. En eins og þessir menn, sem ríkið hefir styrkt til náms, hafa leyfi til að hverfa frá störfum sínum, hvenær sem þeir vilja, eins á rík-

ið rjett á að vísa þeim úr þjónustu sinni, án þess að baka sjer nokkra skyldu til að sjá fyrir þeim eftirleiðis.

Margir menn munu líta svo á, að núverandi kennari í klassiskum fræðum sje verður opinberrar viðurkenningar og heiðurslauna fyrir stjórnmálastarfsemi sína. Jeg skal ekki dæma þar um, enda stendur það öðrum nær en mjer, þar sem jeg hefi jafnan, síðan jeg komst til vits og ára, verið honum andvígur í stjórnmálum. Alt um það virði jeg hann mjög mikið sem ágætan kennara. En eigi að sýna honum einhvern sóma, verður að gera það með öðrum hætti en þessum, að halda við óþörfu embætti, sem opin leið er að veita öðrum, ef þessi maður fellur frá.

Jeg skal nú að síðustu benda á sjálfsögðustu leiðina til þessa. Á fjárlögum þessa árs eru veittar 15000 kr. til tímakenslu í mentaskólanum, og í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 18000 kr. á næsta ári. Jeg skal ekki fjölyrða um, hve þessi fúlga er óeðlilega há, en benda á, að hjer er tvímælalaust staður fyrir mann þann, sem hjer ræðir um. Hann var kennari minn í 2 ár í latínuskólanum, og er einn af þeim bestu kennurum, sem jeg hefi haft. Hann er jafn-vel fallinn til að kenna í mentaskólanum, hvort sem er latína, íslenska eða þýska.

Þessu vildi jeg skjóta að væntanlegri nefnd til sjerstakrar athugunar. Jeg hefði kosið, að málinu yrði vísað til allshn., en best fer á, að sama nefndin hafi bæði þessi frv. til meðferðar; vil jeg gera það að tillögu minni, að málinu verði þangað vísað að lokinni þessari umræðu.

Forsætisráðherra (SE): Jeg hefi við mörg tækifæri lýst yfir því, bæði í hv. Nd. og hv. Ed., að jeg teldi æskilegt að gera embættakerfi landsins einfaldara en það er nú, og jeg hefi ekki látið sitja við orðin tóm. Stjórnin sýndi í fyrra mjög alvarlega viðleitni í þessu efni, þar sem hún reyndi að draga að mun úr kostnaðinum við embættismannahaldið. Jeg á við embættismannafrv., sem lögð voru fyrir síðasta þing. Hefði þeim frv. verið tekið, mundi stjórnin hafa gengið ennþá lengra í þessu efni. Jeg skal ekki draga þessi frv. inn í umræðurnar, en einungis benda á, að þar kom fram sá mesti sparnaður, sem nokkurntími hefir verið fram borinn á þingi. Jeg er í engum vafa um það, að þjóðin mun, áður en líður á löngu, heimta, að þessi frv. verði borin fram á ný.

En hitt er jafnvíst, að þótt þetta þing reyni að framkvæma hinn og þennan sparnað, þá verður sá sparnaður aldrei nægur til að bjarga landinu úr þeim augnabliksvandræðum, sem það er komið í. Jeg skal í þessu sambandi endurtaka það, sem jeg sagði í hv. Ed. fyrir nokkrum dögum.

Mjer virðist sem margir líti svo á, að hafi þeir skrifað nafn sitt á einhverja sparnaðartillögu, hafi þeir friðað samviskuna og bjargað þjóðinni. Þessir menn hugsa svo mikið um smáatriðin, að þeir gleyma þeim stóru, þeim málunum, sem mest á ríður.

Jeg skal játa, að hv. flm. (TrÞ) er færari en jeg að dæma um nauðsyn þessa embættis fyrir þá, sem leggja stund á sögunám við háskólann. En það er ljóst, að það er gott fyrir guðfræðingana að eiga kost á að læra grísku, svo að þeir geti lesið Nýjatestamentið á frummálinu. Svo margvíslegar eru nú skoðanir manna á trúmálum og skilningur á ritningunni, og þjóðkirkjan svo

rúm orðin, að nauðsynlegt virðist, að prestarnir geti sjálfir lesið hina umþráttuðu staði á frummálinu. Jeg hefi nýlega lesið ritgerð eftir einn af háttv. þm., þar sem mikið er úr því gert, hve heitur trúmaður fyrsti landnámsmaðurinn var, og var hann þó alheiðinn. Þetta bendir á, að það gildi einu, á hvað menn trúi, ef trúin er nógu sterk. Þegar lærðu mennirnir koma með annað eins og þetta, er við því búið, að við hinir getum ruglast í barnalærdómnum, og er því nauðsynlegt, að hver og einn prestur geti rannsakað ritningarnar sjálfur.

Mjer finst aðalatriðið í þessu máli vera það, að ekki megi afnema þessi lög, meðan sá maður gegnir embættinu, sem nú situr í því. Jeg minnist þess, að þegar stjórnin flutti í fyrra frv. um sameiningu þjóðskjalavarðar- og landsbókavarðarembættanna, sem felt var hjer í háttv. deild, var það talið merkilegt, að kenslumálaráðherra skyldi sýna svo mikið ræktarleysi gagnvart dr. Jóni Þorkelssyni að koma með það frv., að honum lifandi. Þó var tilskilið í frv., að hann skyldi sitja í embætti sínu svo lengi sem hann vildi og entist aldur til. En það er vitanlegt, að Bjarni frá Vogi hefir unnið til viðurkenningar fyrir starf sitt í þágu þjóðarinnar, og eitt er víst, að nafn hans mun lifa, þegar ýmsir aðrir eru gleymdir. Það er því afarmikið ræktarleysi að afnema þetta embætti í hans tíð og láta hann standa á klakanum með unga konu og 4 ung börn. En til er margt, sem getur hefnt sín, og ekki síst þetta, að sýna bestu mönnum sínum of mikið ræktarleysi. Það er að vísu satt, að hann er óhlífinn í orðum hjer á þingi og lætur óspart hnútur fljúga um borð til hægri og vinstri, og má vel vera, að sumum sárni það stundum. En jeg þykist vita, að hann muni ekki dæmdur fyrir það, heldur af verkum sínum, þeim, sem hann hefir unnið í sjálfstæðismáli þjóðarinnar. Og það má teljast undarlegt, að þegar sjálfstæðismál þjóðarinnar eru loksins komin í það horf, sem þau eru, að þá skuli altaf hið háa Alþingi vera að vega í garð þessa manns, sem hefir jafnan verið meðal hinna fyrstu forkólfa sjálfstæðisbaráttunnar.

Jeg geri ekki ráð fyrir, að þjóðin muni ekki meta þesa undarlegu tilhneigingu ýmsra hjer á Alþingi.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Mjer þykir gott til þess að vita, að útlit er fyrir, að ekki verði langar umræður. Jeg mun ekki fara mörgum orðum um þann hluta af ræðu hæstv. forsrh. (SE), sem snerist um guðfræðina og hans barnslegu trú. En hitt, sem hann sagði, að með þessu frv. væri verið að kasta þessum manni út á kaldan klakann, þá er þetta algerlega rangt og annaðhvort sprottið af misskilningi hjá hæstv. forsrh. (SE), eða því, að hann hafi viljað misskilja tilgang okkar flm. frv. Því jeg held, að eftir framsögu mína ætti honum að hafa verið það sæmilega ljóst, að við hefðum ætlast til að honum væri fengið starf við mentaskólann, sem hæfileikum hans væri samboðið. (SE: Er nokkurt embætti laust þar?) Það er á valdi forsætisráðherrans; hann getur jafnan látið þar verða laust starf, enda hefir hann nýlega stofnað þar nýtt embætti, án heimildar frá þinginu. Og jeg vil segja, að það væri makleg uppreisn fyrir þennan mann að láta hann nú hafa virðulegt embætti við þá stofnun, sem honum var sparkað út úr fyrir 20 árum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 4 atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr.

---

11. Hagnýt sálarfræði.

Á 6. fundi í Nd., föstudaginn 22. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um afnám kennaraembættis í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands (þmfrv., A. 35).

Á 8. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Eins og hv. þm. munu hafa tekið eftir, er komið fram í hv. Ed. frv. um sama efni. Það fer fram á að sameina prófessorsembættið í hagnýtri sálarfræði við landsbókavarðarstöðuna. Það er að nokkru leyti svipað þessu frv., þar sem það vill gera eitt embætti úr þessum tveim og spara þannig kostnaðinn við annað embættið, en vill þó halda prófessorsembættinu við. En frv. mitt fer fram á, að það verði lagt niður. Og á það legg jeg áherslu. Það er ekki tilætlun mín að leggja stein í götu þessa heiðursmanns, sem hlut á að máli, að hann geti orðið forstöðumaður landsbókasafnsins. Það skyldi gleðja mig, ef hann gæti komist í góða stöðu aftur sem allra fyrst. Það er ekki af löngun til þess að skerða tekjur hans eða svifta hann atvinnu, að jeg ber fram þetta frv., heldur til þess eins að reyna að draga úr útgjöldum ríkissjóðs.

Til þess er ætlast, að tekjur landsins nemi rúmum 8 milj. kr. á þessu ári. Það er kunnugt, að megnið af þessum tekjum fæst með tollum og sköttum. Skattabyrðin er nú orðin það há, að ekki vantar mikið á, að hún nemi 100 kr. á hvert mannsbarn í landinu. Þessi byrði er svo þung, að efnaðar þjóðir með blómlegum atvinnuvegum og margbrotnum mundu telja erfitt að rísa undir. Þeir, sem þekkja til atvinnuhátta vorra í samanburði við annara þjóða, mundu fara nærri um, hvort einhverjir gjaldendur þessarar þjóðar muni ekki þurfa að taka nærri sjer til þess að greiða það, sem þeim ber. Um það þarf ekki að deila. Það er fullvíst, að sje skattafúlgan til opinberra þarfa borin saman við allar tekjur þjóðarinnar, er hún komin langt fram úr því, sem erlendir fræðimenn (hagfræðingar) með margra alda reynslu fyrir augum, telja hæfilegt.

Mjer kæmi það ekki á óvart, þó að niðurstaðan yrði sú, að mikið vantaði á, að tekjur landsins næmu því á þessu ári, sem ráð er fyrir gert í fjárlögunum. Jeg hygg, að menn þurfi ekki að vera í vafa um, að ógerlegt er að ætla að fá meiri tekjur með því að íþyngja þjóðinni enn frekar en orðið er með sköttum.

Þó að tilraun væri til þess gerð, býst jeg við, að hún mundi bera lítinn árangur. Það væri ekki til annars en að blekkja sjálfan sig að reyna þá leið.

Þá skal jeg drepa stuttlega á útgjöld

landsins, hvers eðlis þau eru. Mestum hluta þeirra er þannig varið, að ekki verður komist hjá að greiða þau, nema landslögum sje breytt að mun. Það er ekki fjarri því, að 5 milj. kr. gangi til embættismannahalds og starfsmanna, og því nær 2 milj. kr. fara í vexti og greiðslur af skuldum. Þetta tvent nemur því alt að 7 milj. kr. á ári hverju.

Svo sem kunnugt er, höfum vjer einungis tvennskonar atvinnuvegi hjer á landi, landbúnað og sjávarútveg. Annar atvinnurekstur er svo smávægilegur, að ekki tekur því að telja hann fram, þegar rætt er um atvinnuvegi þjóðarinnar í heild sinni. Báðir þessir aðalatvinnuvegir vorir standa nú mjög höllum fæti. Það er ekki til neins að dylja það, að þeir búa nú við þröngan kost og eiga erfitt uppdráttar, vegna mikilla skulda og óhagstæðrar verslunar. Atvinnuvegir vorir þyrftu ekki að bíða mikinn hnekki til þess að tekjur landsins verði hvergi nærri eins miklar og áætlað er, jafnvel ekki einusinni 7 milj. kr. Og þó að þær yrðu nú um 7 milj. kr., hrekkur það tæpast til þess að greiða af skuldum og standa straum af embættismannahaldi ríkisins, og síst, ef gengi peninga vorra lækkar frá því, sem er. Jeg hygg því, að ekki muni af veita, þó að reynt sje nú að draga úr kostnaðinum við búskap landsins svo sem auðið er, og hefði gjarna mátt gera það fyr. Til þess eru fleiri leiðir en ein, en útlitið er það ískyggilegt, að ekki veitir af að fara þær allar. Það má leggja hömlur á innflutning þess varnings, sem þjóðin getur komist af án, og fara svo langt í því efni sem fært er með nokkuru móti. Nú er varla ráðist í nokkrar verklegar framkvæmdir, svo að ekki verður sparað á þeim lið. En allir sjá, hve mikil hætta þjóðinni er búin, ef verklegar framkvæmdir falla alveg niður. Þá verður hjer um engar framfarir, heldur kyrstöðu að ræða, en kyrstaða er beinlínis afturför. Þá er ein greinin, sem draga má úr kostnaði ríkissjóðs með, eins og þetta frv. fer fram á, og það er embættismannahaldið. Fleiri frv. eru fram komin í þá átt á þessu þingi. Það eru ekki ýkjamiklar upphæðir, sem sparast á hverjum einstökum lið, en safnast, þegar saman kemur. Og ef jeg hefði tíma til að íhuga betur embættakerfi landsins, mundi eg fús á að ganga lengra. En til þess þarf mikinn kunnugleika, og hygg jeg, að engum einstökum þingmanni muni vinnast tími með öðrum þingstörfum til þess að búa frv. um nýja embættaskipun svo úr garði, að frambærilegt væri. Jeg hygg, að það verði verkefni þeirrar stjórnar, sem fer með völd til næsta þings, að undirbúa það mál. En ef menn sjá nú leið til að draga, þó ekki sje nema að einhverju leyti, úr þessum kostnaði, er bein skylda hv. þm. að gera það sem þeir geta í því efni.

Um þetta embætti, sem hjer ræðir um, er jeg sömu skoðunar sem þá, er það var stofnað, að það sje alls ekki nauðsynlegt. Ekki vegna þess, að jeg telji ekki þann heiðursmann, sem í hlut á, starfsaman og hæfileikamann, heldur af því, að jeg álít þetta starf þess eðlis, að þjóðin geti verið án þess sjer að skaðlitlu eða skaðlausu. Vjer höfum aldrei haft, og allra síst nú, ráð á því að hafa fleiri starfsmenn en þjóðin kemst minst af með. Jeg skal ekki að fyrra bragði víkja að því, á hvern hátt þetta embætti var stofnað, en mun ef til vill gera það síðar, ef mjer verð-

ur gefið sjerstakt tilefni til þess. En jeg skal nú stuttlega minnast á, hvernig starfi heimspekisdeildarinnar við háskólann hefir verið varið, og fer jeg þar eftir árbók háskólans.

Veturinn 1915—16 voru í deildinni 6 kennarar, en enginn nemandi, 1916—17 7 kennarar og 1 nemandi, 1917—18 8 kennarar og 6 nemendur, 1918—19 8 kennarar og 8 nemendur, 1919—20 6 kennarar og 5 nemendur, 1920—21 6 kennarar og 9 nemendur og 1921—22 6 kennarar og 10 nemendur. Má af þessu sjá, þótt kennararnir hafi gert skyldu sína í því að fræða nemendur, eftir að þeir urðu nokkrir, hve fáir hafa notið þessarar kenslu.

Það er að vísu rjett, að auk kennarastarfsins halda þessir kennarar fyrirlestra fyrir almenning. En jeg get ekki sjeð, að manni þeim, sem hjer á hlut að máli, sje bægt frá að fræða almenning, ef hann hefir löngun til þess, þó að þetta embætti verði lagt niður. Auk þess má geta þess, að einn kennarinn býr nemendur annara deilda háskólans undir próf í forspjallsvísindum, en það er sama starfið sem prestaskólinn leysti af hendi áður en háskólinn var stofnaður.

Þó að það sje vafalaust mjög gott og gagnlegt, sem þessi heiðursmaður hefir að bera fyrir nemendur sína, er það ljóst, að vjer höfum ekki efni á að halda við embætti, sem er ekki notað meira. Jeg er sannfærður um, að vjer getum notið hans ágætu hæfileika til annarar starfsemi, sem meiri þörf er fyrir. Það var meðal annars vegna fullvissu minnar í því efni, að jeg leyfði mjer að flytja þetta frv.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál, en leyfi mjer að vænta þess, að frv. verði vel tekið og vísað til allshn. að lokinni þessari umræðu.

Bjarni Jónsson: Háttv. flm. (JörB) sýndi með niðurlagsorðum sínum, hve vel hann er að sjer í þessum efnum, þar sem hann vill láta vísa jafn ótvíræðu mentamáli til allshn., en ekki til mentmn. Hann er líkur tófunni að einu leyti. Einusinni var tófa úti í skógi. Þá kom maður hlaupandi og á flótta undan öðrum manni, sem vildi ná lífi hans. „Segðu ekki til mín, tófa góð!“ sagði maðurinn. Tófan lofaði þessu, og maðurinn faldi sig. Að vörmu spori kom hinn og spurði tæfu, hvort hún vissi til mannsins. Hún kvað nei við, en var þó altaf að skotra augunum í þá áttina, sem maðurinn hafði falið sig.

Líkt fer þessum háttv. flm. Hann tók það víst 10 sinnum fram, hvílíkur heiðursmaður Guðmundur prófessor Finnbogason væri, og að hann væri ekki að ráðast á þann háttvirta mann. En verkin segja til um hugarþelið, þar sem hann vill fleygja honum út á klakann, taka frá honum bæði starf hans og laun. Það er ekki að ráðast á manninn!

Guðmundur prófessor Finnbogason er nú fimtugur maður. Jeg man þá fyrst eftir honum, þegar hann var í efri bekkjum latínuskólans og jeg var nýbyrjaður að kenna þar. Í skóla sást það ljóslega, að hann var frábær námsmaður. Hann var þá fátækur, eins og hann er ennþá, og af fátækum kominn, en var þó svo djarfhuga, að hann lagði stund á námsgrein, sem þá var fyrirsjáanlegt, að aldrei myndi geta veitt honum rjett til að komast í lífvænlega stöðu. Þó hafði hann svo mikinn kjark, að hann lagði út í að stela þeim eldi frá guðunum, til þess að geta

látið oss Íslendinga verða hans aðnjótandi. Í Kaupmannahöfn var hann einnig vel metinn af kennurum sínum, og að loknu námi var honum veittur styrkur af sjóði Hannesar Árnasonar. Ferðaðist hann þá um ýms lönd, var t. d. samtímis mjer einn vetur í Berlín, og vissi jeg til þess, að hann hafði þar sem annarsstaðar gott álit kennara sinna. Síðan dvaldi hann annan vetur í Parísarborg og nam hjá hinum heimsfræga vísindamanni Bergson, og gat sjer enn gott orð. Hann hefir því fengið þá fullkomnustu mentun, sem veitt verður í þessari grein. Það verður því ekki sagt, að hann sje ófær til að rækja starf sitt vegna mentunarskorts, nema menn vilji frýja honum vitsmuna til þess. En sýna mun jeg, að það væri staðlausu stafir. Ef menn líta í doktorsritgerð þessa manns, þá er hún alveg óvenjulega góð, enda hlotið allra lof fyrir sjálfstæðar og merkilegar athuganir. Þetta er ekki eingöngu minn dómur, heldur þeirra, sem um ritgerð þessa dæmdu, — og enda þykist jeg vita, að háttv. þm. hafi lesið hana og kunni skil á því, hvað þar er sjálfstætt og hvað ei.

Önnur rit þessa manns hafa þann sjaldgæfa kost svipaðra rita, að þau eru öll skrifuð á sjerlega ljettu og lipru máli og öllum almenningi skiljanleg. Ná þau því athygli lesandans, svo sem frekast má verða. Og enda þótt þar sje ekki alt frumhugsað af höfundi, þá er þess að gæta, að ekki $^1/_{100}$ hluti þess, sem skrifað hefir verið í þessum vísindum, er frumhugsað. En það er ekki þar fyrir: Guðm. Finnbogason hefir ekki verið eftirbátur annara, hann hefir fyllilega lagt sinn skerf til þessara vísinda.

Þegar nú maður þessi kom heim, tekinn talsvert að eldast, og hafði varið allri ævku sinni og þroskaaldri til þess að búa sig undir þetta eina starf, stóð einmitt svo vel á, að hjer var skarð, sem þurfti að fylla. Þar sem menn höfðu lært að nota vísindin í þjónustu lífsins, svo sem í Þýskalandi, Vesturheimi og víðar, höfðu verið stofnaðir háskólar í hagnýtri sálarfræði. Er það sú grein sálfræðinnar, sem kennir, hvernig nota eigi sálarkrafta mannsins og sjálfsþekking vora í þjónustu lífsins. Byggist hún á rannsóknum á andlegu og líkamlegu starfhæfi manna, sem geta leitt í ljós til hvaða starfs hver og einn er best fallinn. Auk þess krefst hún allskonar tilrauna, er bætt geti vinnubrögð manna. Slík vísindi hafa víða verið stunduð af kappi, — og þegar nú Guðmundur Finnbogason kom heim, eftir að hafa kynt sjer þau víða um lönd, vildi hann hefja þau hjer til sóma, svo að þjóð vor mætti njóta ávaxta þeirra, sem vísindi þessi veita.

Síðan hefir hann starfað ósleitilega að rannsóknum í þessu efni og skrifað merkilegar ritgerðir þar um. Má t. d. nefna ritgerð um móvinslu, er hann samdi með Gísla Guðmundssyni gerlafræðing, sem að vísu þótti hjer ekki mikils virði, en Norðmenn kunnu vel að meta. Því að þar uppgötvuðu menn hið sama misseri síðar, og þótti þá jafnvel Íslendingum merkilegt.

Þá hefir hann komið því í kring, að kappsláttur hefir verið haldinn víða um land. Jeg sje, að háttv. flm. (JörB) brosir, en hygg þó, að hann mætti þakka fyrir að fá Guðm. Finnbogason til þess að búa orf og ljá í hendur fólki sínu. Þá hefir hann verið á Siglufirði og rannsakað síldveiðar. Hefir hann skrifað ritgerð um það efni og gert ýmsar tillög-

ur til endurbóta á veiði- og verkunaraðferðum. Hann hefir og rannsakað fiskvinnu og fiskverkun alla og einnig þar gert till. um endurbætur á verkfærum, t. d. fiskþvögunni, sem jeg kalla, eða, eins og það er alment kallað, fiskburstum o. m. fl. — Nú nýlega hefir hann einmitt skrifað í „Ægi“ um fiskverkun, og sýnir þar fram á, hvernig haga skuli fiskverkunarhúsum. Þykist jeg vita, að hv. þm. hafi kynt sjer það mál, en þess skal jeg geta, að nú er eitt útgerðarfjelag hjer í bæ einmitt að reisa hús, sem hagað verður eftir till. Guðm. Finnbogasonar.

Þá fer nú fram kappflatning o. s. frv. á Ísafirði nú þessa dagana, skv. brjeflegri fyrirsögn Guðm. Finnbogasonar.

Jeg sje, að ýmsir hv. þm. brosa að þessu, og er að vísu ekkert við því að segja um þá, sem eru svo verklægnir, að engu sje á bætandi; en hitt er óþolandi, að sjá ýmsa erkiklaufa, sem eru staðnir að klaufaskap í öllu, sem þeir hafa tekið sjer fyrir hendur, hlæja að þessu.

Umbætur Guðm. Finnbogasonar á vinnubrögðum þjóðarinnar myndu, ef ráðum hans verður fylgt, og það verður gert, spara þjóðinni margfalt meira fje en honum er borgað nú. Það er auðskilið, að þegar vinnan er orðin rannsóknarefni við háskóla þjóðarinnar, fær fólk miklu meiri mætur á henni en ella, og hver einasti hugsandi maður hlýtur að fara að íhuga, hvernig hann fái best bætt vinnubrögð sín. Það myndi áreiðanlega borga sig að halda 10 háskólakennara þjóðinni til hvatningar og leiðbeiningar í þessum efnum.

Heyýta Guðm. Finnbogasonar t. d. ein sparar mönnum meira fje en launum hans nemur.

Enda var það svo þá, að þeir, sem á þingi sátu, skildu hverju það skifti, að vísindi þessi næðu hjer sem mestum blóma — og veittu Guðmundi 3000 kr. árlegan styrk til rannsókna sinna. En árið 1917 bar svo við, að kennaraembætti í sálarfræði losnaði við háskólann í Kaupmannahöfn. Nú hafði Guðmundur Finnbogason lesið við þann skóla og hlotið þar doktorsnafnbót. Gat hann því gert sjer góðar vonir um að fá þetta embætti, og ljek honum hugur á að keppa um það. Hefði hann þá farið af landi burt, og er tvent ólíkt, að fá embætti við Hafnarskóla, eða sitja hjer með lítinn og óvissan styrk. Þingmenn þar ytra láta ekki við háskólakennara sína eins og mannýgir hrútar.

Háttv. flm. (JörB) þóttist ekki vilja ljósta því upp, hvernig embætti Guðm. Finnbogasonar hefði verið stofnað. Það skal jeg nú gera. Þegar svo var komið sem jeg nú skýrði frá, bar jeg fram frv. um stofnun embættisins, en jafnframt skyldi Guðmundur halda áfram rannsóknum sínum á sumrum, og þetta frv. var samþ. Það var alt og sumt. Alþingi hefir, með staðfestingu konungs, veitt dr. phil. Guðm. Finnbogasyni embætti það, er hjer um ræðir, á nafn hans, og enda þótt þetta sje ekki verk allra sömu þm., sem nú eiga sæti á þessu þingi, þá er þingið hið sama.

Við þetta þótti mjer margt unnið. Þinginu tókst að halda kyrrum í landinu gáfuðum manni, sem vígt hafði sjálfan sig þessum vísindum, enda þótt það sje oft hið sama og að vígja sig sulti, að maður nú ekki tali um eftirtölurnar og öfundina.

Þar að auki voru kraftar heimspekisdeildarinnar auknir, án nokkurs

aukakostnaðar, að teljandi væri. Nú kennir Guðmundur prófessor stúdentum ýmsar aðferðir við sálarrannsóknir. Er það svo mikill vandi, að ekki verður fengið öðrum í hendur en þeim, er kunna á því full skil. Hann kennir og trúarbragðasálarfræði. Menn vita, að trúin er sterk kend, sem valdið hefir straumhvörfum í örlögum þjóðanna öld eftir öld, og virðist því ekki úr vegi, að mentamenn vorir fái einhverja fræðslu um hana. Þá kennir hann og fagurfræði, sem er hagnýt sálarfræði. Ennfremur skýrir hann fyrir nemendum sínum vitnasálarfræði. Blandast engum hugur um, að hverju gagni slíkt má verða þeim, er síðar eiga að kveða upp dóma. Undir vitnasálarfræði heyrir athugunarskekkja og minnisskekkja og ekki síst sjálfskrök. Eins og kunnugt er, kemur ekki svo örsjaldan fyrir, að menn skrökva óafvitandi hinu og þessu að sjálfum sjer og telja síðan sannleika. T. d. skrökvar háttv. flm. (JörB) því nú að sjálfum sjer, að hann sje að gera þjóðinni þægt verk með frv. þessu, og ætti hann því að vera rannsóknarskepna í þessu efni.

Ennfremur kennir Guðmundur sálarfræði mannsins, og hefir m. a. skrifað merkilega bók um áhrif veðráttu á alt sálarlíf manna. Var það fylgirit með árbók háskólans það ár, sem hann var háskólastjóri.

Í stuttu máli sagt: Það er svo margt, sem maður þessi hefir vakið máls á og hvatt menn til umhugsunar um, að hann á sannarlega annað skilið og betra en að fá aldrei að vera öruggur um sig fyrir áreitni Alþingis.

Vel má vera, að einhverjir haldi, að nóg hefði verið að hafa einn kennara í heimspeki við háskólann, þann er fyrir var. En þeir þekkja ekki víðlendi þessara vísinda vísindanna og vita ekki, að hverjum einum manni er ofvaxið að fást við nema lítinn hluta þeirra. Þó hefði jeg viljað una við að hafa einungis einn kennara, ef ekki hefði staðið svo á, að Guðm. Finnbogason hafði varið allri æfi sinni til að búa sig undir slíkt starf, og var einmitt óvenju álitlegur háskólakennari. En hitt er og víst, að hinn kennarinn í þessum fræðum hefir síst dregið af sjer við þessa ráðstöfun, enda er hann sjerstaklega mikill starfsmaður og hefir ærið nóg að fást við, þó að hann starfi ekki á verksviði Guðm. Finnbogasonar. Mjer er að vísu ljóst, að þetta muni torskilið þeim, sem álíta, að við háskóla eigi hver kennari að hafa sitt ákveðna starf, að búa nemendur undir próf; en að þar megi allra síst bóla á vísindastarfsemi og að hver sjálfstæð hugsun skuli landræk gerr hið bráðasta. Og er það ekki merkilegt tímanna tákn, að jeg hefi hjer í fórum mínum frv. um að gera mig að lögskipuðum kennara í stærðfræði og íslensku. Sýnir það ekki vel, hversu mikla virðingu þessir háu herrar bera fyrir þekkingunni? Að vísu hefi eg tekið stúdentspróf fyrir 40 árum í þeim fræðum, sem mjer er ætlað að fara að kenna, en það mætti alveg eins skipa mig guðfræðiprófessor og biskup; eg gæti sem best hlýtt stúdentum yfir Helgakver og tekið mín laun, því að nú verður ekki lengur spurt að því, til hvers maður sje best fallinn. Slík frv. eru brennimörk á þá, er þau flytja.

Jeg hjelt, að þegar búið var að stofna þetta embætti Guðm. Finnbogasonar, þá fengi hann að vera í friði og vinna æfistarf sitt óáreittur. Síst bjóst eg við ofsóknum af hendi Alþingis, sem hafði

veitt honum embættið, fyr en þá að sýnt væri, að hann ræki það illa. En því er ekki til að dreifa. Samt býr hann sannarlega á „Óspaksstöðum“, og getur ekki verið öruggur frá ári til árs. Hann má búast við því, að næsta ár verði hann lögskipaður útgerðarstjóri í einhverju togarafjelagi, eða annað þesskonar. En að hann fái óhultur að rækja sitt æfistarf, það starf, sem hann kann — og enginn annar — því skyldi hann aldrei trúa.

Það er engu líkara en að þeir, sem svona láta, geti með engu móti þolað að sjá rjettan mann á rjettum stað. Þeir eru vísir til, einn góðan veðurdag, að skipa þaulæfðum sjómönnum lengst upp í afdali til þess að temja hross, en taka í staðinn sjóveika landkrabba og láta þá segja mönnum til í sjómensku. Þetta eru þeirra ær og kýr!

Jeg tala nú ekki um ósköpin, ef maður skyldi leyfa sjer að krefjast þess, að löggjafarþing þjóðarinnar sviki ekki gefin heit. Það tekur út yfir allan þjófabálk, í þeirra augum. Þjóðverjar eiga málshátt, svohljóðandi: Ein Mann, ein Wort. — Hvað myndu þeir segja um brigðmált löggjafarþing?! Og jeg leyfi mjer að spyrja: Eru hjer svo trygðarlausir og tirarlausir menn, að þeir hlífist ekki við að láta Alþingi rjúfa gefin heit? Jeg er viss um, að bóndinn, hv. 2. þm. Árn. (JörB) þyrði ekki að fara jafnilla með al-óvana kaupakonu úr Rvík, jafnvel þótt hún hefði aldrei snert á hrífu, eins og hann vill, að farið sje með þenna ágætismann þjóðarinnar. Og jeg vil öruggur vona, að Alþingi láti ekki þau firn spyrjast, að það samþykki frv. þetta.

Jeg hefi grenslast eftir því, hvort þetta væri flokksmál hins svokallaða Framsóknarflokks. Hvort flokkur þessi ætlaði sjer að „sækja fram“, með öllu sínu stórskotaliði, gegn Guðmundi Finnbogasyni, heimspekisdeildinni, háskólanum og allri þekkingu í landinu. En mjer til mikillar gleði hefi jeg fengið það svar, að svo væri enganveginn, og vil jeg trúa því.

En hversvegna er nú frv. þetta fram komið? Hvaða bjargráð felast í því? Jú, háttv. 2. þm. Árn. (JörB) hjelt langa ræðu um fjárhag landsins, hversu erfiður hann væri, og að frv. væri fram komið af sparnaðarástæðum. Þetta er hið venjulega skálkaskjól illviljaðra manna. Þeir þykjast gera öll sín strákapör með „sparnaðinn“ að yfirskini. En hver er svo sparnaðurinn að þessu frv., ef það skyldi illu heilli ná samþykki? Ætla mætti, að hann væri ekkert smáræði. Og það fer líka fjarri því, að svo sje. Sparnaðurinn verður sem sje heil króna af hverjum þúsund, sem goldnar eru úr ríkissjóði. Það er svo sem engin furða, þótt þeir reisi sig og tali hátt um sparnað. — Það er þessi fullkomna vanþekking á verðmætum lífsins, sem lýsir sjer í þessu. Öðrumegin er sparnaðurinn 1‰, en þar í móti kemur það, sem glatast: æskuþrá og sólarsýn unglingsins, æfiþrá, starfsgleði og metnaður hins þroskaða manns, sólskin heillar mannsæfi, þá er hann er sviftur áhugastarfi sínu, sem hann hefir búið sig undir og kostað öllu til, fram að fertugu. En hjer er meira glatað. Það er meira en lífsstarf mannsins, sem um er verið að tefla; það eru heilar hersveitir þjóðarvona, vinavona og foreldravona, sem varið hafa öllum kröftum sínum og lagt alla sína alúð, fórnfýsi og sjálfsafneitun fram, til þess að syninum væri kleift að búa sig sem best undir það starf, sem hann hugði að helga líf sitt. Og það fer ekki

hjá því, að slíkar viðtökur sem þessar hljóti að varpa dimmum skugga inn á heimilið og yfir á framtíð barna hans og myrkva ófæddar vonir. — Og það er engin afsökun, þótt sagt sje, að það sje ekki tilætlunin að kasta honum á klakann. — Jeg efa ekki, að maður með hans hæfileikum geti orðið sjer úti um einhverja þá atvinnu, að hann fengi sjeð fyrir sjer og sínum og þyrfti því ekki að þola beinan sult. En sumir eru svo gerðir, að fyrir þeim er tilgangur lífsins annað og meira en matur og matarvonir. Og því er það vægast sagt ósvífni, gagnvart þeim mönnum, sem sjerstakri þekkingu og hæfileikum eru gæddir í ákveðnar áttir, og ósvífni gagnvart þjóðinni, sem þeirra hæfileika á að njóta, að ætla sjer að leika með þá eins og menn á taflborði, taka þá þaðan, sem svigrúmið er fyrir krafta þeirra og segja við þá: „Farðu nú út í fjós og passaðu kálfana."

Háttv. frsm. (JörB) skaut því að mjer, að jeg myndi eiga eftir að standa skil orða minna við kjósendur mína. Því get jeg svarað, að hjer tala jeg sem sá, er valdið hefir, því að jeg tala fyrir munn kjósenda minna. Jeg var kosinn til þess að halda embættinu við. Svo bar nefnilega við, að mótstöðumaður minn, sem annars er hæverskur maður og orðvar, nefndi bitlinga á fyrsta fundinum, sem við hjeldum. Jeg skal til skýringar geta þess, að hann varaðist að minnast á það oftar. En þetta minti mig á þann orðróm, sem orðinn er landrógur, að jeg sje hin versta eyðslukló, og fjekk jeg þar tækifæri til að hnekkja þeirri þjóðlýgi. Tók jeg það fram á fundinum, að jeg hefði oft verið því mótfallinn, að vegið væri að mönnum á þennan hátt, því mjer væri hitt kærara, að hjálpa sonum þeirra og dætrum. Ljetu menn sjer þetta vel líka, og upp á þetta er jeg kosinn og hingað kominn. Hitt veit jeg ekki, hvort Árnesingar hafi gefið þingmanni sínum umboð til að flytja þetta frv. hjer, eða hverjar þakkir þeir kunna að gjalda honum fyrir þau afskifti. Þeir áttu einusinni fulltrúa á þessu þingi, mann sparsaman, og man jeg, að þeir fundu honum það til foráttu á mörgum þingmálafundum, að hann væri of naumur á fje til vísinda og lista.

Jeg skal ennfremur geta þess, að á þingmálafundum þeim, sem jeg átti með kjósendum mínum í sumar og jeg gat um áðan, gafst mjer tilefni til að minnast á Guðm. Finnbogason. Skýrði jeg frá, hvern hlut jeg hefði átt í, að stofnað væri embættið handa honum, og sá jeg ekki betur en að menn teldu það nytsamt og sjálfsagt. Hv. flm. þarf því engan kvíðboga að bera fyrir því, að kjósendur mínir muni verða mjer reiðir. Hinu gæti jeg betur trúað, að hans kjósendur reiddust öllu hans rausi um þennan sparnað hans, sem nú á að vera hið eina sáluhjálplega meðal, en munar þó aldrei meira en sem svarar því, að hundraðasti hver hundur í landinu væri tekinn og sveltur annan hvern dag.

Vel má fara svo, að nafn háttv. flm. verði lengi í minnum haft. Kannast menn við Herostratos frá Efesos, er brendi Artemishof, nóttina sem Alexander mikli fæddist (364 f. Kr.). Nafn hans er ennþá þekt fyrir þetta eina ólánsverk. Er það gamall sannleikur, að þeir lifa lengst, sem frægir verða að endanum. En

So setzest du der ewig regen,
der heilsam schaffenden Gewalt,

die kalte Teufelsfaust entgegen,
die sich vergebens tückisch ballt.

Bernharð Stefánsson: Það getur varla talist álitlegt fyrir mig að byrja að tala, eftir að jafn-vígfimur maður og hv. þm. Dala. (BJ) hefir haft í hótunum við mig fyrir það eitt, að kveðja mjer hljóðs.

Hv. þm. Dala. var allfjölorður um einhvern illan tilgang, sem lægi á bak við frv. okkar, t. d. það, að við vildum fleygja viðkomandi manni út á kaldan klaka, eða að minsta kosti að ganga svo frá hnútunum, að hann gæti ekki stundað sín störf. En eftir þeirri lofræðu að dæma, sem hv. þm. hjelt um próf. Guðm. Finnbogason, er mjer óskiljanlegt, að þjóðin geti ekki notið hans góðu hæfileika á annan hátt en þann, að viðhalda fyrir hann óþörfu embætti. Jeg hjó eftir því hjá hv. ræðumanni, að hann hefði viljað við það una, að ekki hefði verið nema einn prófessor í heimspeki við heimspekisdeildina, ef ekki hefði staðið svo á, að þessi maður hefði verið fyrir hendi. Mjer finst, að í þessu efni sje skýlaus viðurkenning á því, að embættið sje stofnað vegna mannsins, en ekki þarfa háskólans eða þjóðarinnar. Og það er þetta, sem við flm. frv. höfum viljað ráðast á, að stofnuð sjeu embætti handa einstökum mönnum, án tillits til þess, að þörf sje á því, en ekki hitt, að við höfum viljað á nokkurn hátt vega að jafnágætum manni sem G. F., eða nokkrum öðrum. Þegar háskólinn var stofnaður 1911, þá gerðist það á þann hátt, að þrem æðstu skólunum, sem fyrir voru, var steypt saman og auk þess bætt við fjórðu deildinni, heimspekisdeildinni, þar sem svonefnd forspjallsvísindi skyldu vera kend og auk þess stund lögð á íslensk fræði, þ. e. sögu þjóðarinnar og tungu. Nú er það skoðun okkar og margra annara, að í þessum skorðum eigi háskólinn að vera fyrst um sinn, og að meiri áherslu beri að leggja á það, að fullkomna kensluna í þeim greinum, sem honum var frá upphafi ætlað að fást við, heldur en að bæta við nýjum vísindagreinum. Það er ekki eingöngu, að við höfum ekki efni á að bæta nýjum vísindagreinum við í háskólanum, heldur álít jeg, að hann hafi engin skilyrði til að veita jafngóða kenslu í þeim fræðum, sem eru sameign allra þjóða, eins og hægt er að fá annarsstaðar, jafnvel þótt okkur vantaði ekki menn til að hafa kensluna á hendi, sem væru starfi sínu fullkomlega vaxnir, þar sem hjer myndi jafnan verða skortur á fje og tækjum, sem nauðsynleg eru við háskólakenslu. — Nú er hjer raunar ekki nema um eitt embætti að ræða, og mætti því kanske segja, að þetta kæmi ekki til greina. En fyrir mjer vakir það, að þegar einum manni hefir verið veitt embætti, sjálfs hans vegna, en ekki vegna þarfar þjóðarinnar, hafi með því verið gefið fordæmi og út á þá braut farið, sem ef til vill yrði erfitt fyrir okkur að stöðva okkur á, ef ráðið er ekki tekið í tíma, svo að næst, þegar líkt stæði á með einhvern mann, þá yrði fjölgað embættunum á svipaðan hátt, með skírskotun til hins fyrra. Því álítum við heppilegast að taka skarið af strax, áður en það er orðið of seint. Og jeg býst við, að miklu meiri greiði væri háskólanum gerður með því að útvega honum betra húsnæði, heldur en að halda í svona embætti og stofna slík ný. Jeg hefi raunar ekki gerst víðförull í kenslustofum háskólans, en svo hefi jeg litið til, að það húsnæði, sem hann hefir yfir að ráða, hljóti að vera harla ónógt.

Og það lítið, sem jeg hefi af því sjeð, þá virðist mjer það algerlega óhæfilegt fyrir háskóla, og reyndar hvaða skóla sem væri. Það myndi því borga sig betur að leggja sem svaraði einum prófessorslaunum á ári í húsbyggingarsjóð handa háskólanum, heldur en að viðhalda þar óþörfu embætti.

Hv. þm. Dala rakti nokkuð æfisögu próf. G. F., og býst jeg við, að hann hafi skýrt rjett frá, eins langt og það náði. En honum láðist þó að geta þess, að þessi maður mun um árabil hafa búið sig undir annað starf en það, sem hann hefir haft síðustu árin á hendi, og verið kostaður til þess af landsfje. Nú stendur svo á, að sá maður, sem gegnir því embætti, sem próf. G. F. bjó sig undir í fleiri ár og átti í raun og veru að fá, er orðinn gamall, og getur því ekki liðið á löngu þar til hann þarf að fá hvíld frá störfum, og get jeg því ekki annað skilið en G. F. sje eins geðfelt að taka það starf að sjer nú, þar sem það líka mun á allra vitorði, að hann sje manna færastur til að gegna þeirri stöðu. Þá talaði hv. ræðumaður um hinar ýmsu rannsóknir próf. á verklegum sviðum. Jeg skal þá strax taka það fram, að jeg er ókunnur þeim rannsóknum, sem hann kann að hafa gert í sambandi við sjávarútveginn, og hefi því enga ástæðu til að álíta, að þær muni vera lítils virði. En um hinar aftur á móti, sem snerta landbúnaðinn, get jeg sagt það, að jeg hefi kynt mjer þær rækilega, og er þá víst sannast að segja, að flest það, sem hann hefir uppgötvað á því sviði, hefir áður verið kunnugt gömlum íslenskum bændum, þó ekki hafi verið mikið um það skrifað. Jeg hefi t. d., frá því fyrst að jeg fór að ganga að slætti, notað orf, sem stóð í hlutfalli við minn líkamsvöxt, eins og hann vill vera láta. Með þessu vil jeg þó alls ekki halda því fram, að G. F. hafi ekki lagt alla alúð við þessar rannsóknir sínar. En ef hv. Alþingi vill láta hann halda áfram að gefa sig eingöngu að vinnuvísindunum, þá gæti jeg miklu betur felt mig við, að það væri gert að sjerstöku starfi, en ekki látið standa í neinu sambandi við háskólann. Því þótt lögin eftir orðum sínum bindi embættið aðeins við próf. G. F., þá þætti mjer ekki ótrúlegt, að hv. þm. Dala, ef hann lifði það, að próf. G. F. fjelli frá eða færi úr embættinu, eða sumum öðrum, þætti nauðsyn bera til þess að skipa það öðrum manni í hans stað.

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Nd., föstudaginn 29. febr., var framhaldið 1. umr. um frv.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg sje, að háttv. þm. Dala. (BJ) er hjer ekki viðstaddur, en ef hann er einhversstaðar hjer nærri, svo hægt sje að ná í hann, óska jeg, að það sje gert. Hann var að andmæla þessu frv. í byrjun þessarar umr. og fór all-geist að vanda. Það er vani hans, þegar mál eru til umræðu, sem hann er andstæður, að hann fer geist og hirðir ekki um ástæður. Ræða hans kom alls ekki við aðalefni þessa máls, sem jeg nefndi og taldi vera höfuðatriði þessa máls: getu landsmanna eða gjaldþol annarsvegar, embættis- og starfsmannahald landsins og nauðsyn þessa embættis hinsvegar. Af ræðu háttv. þm. Dala. hefði mátt ætla, að jeg hefði ráðist að þessum heiðursmanni, sem þetta mál snertir. Og hann sagði beinlínis, að vjer flm.

þessa frv. hefðum flutt það af vondum hvötum.

Ræða hans frá upphafi til enda var eintómt illindaraus og getsakir um varmensku í garð okkar flm. þessa frv. Hvað gefur honum rjett til að haga þannig orðum sínum, veit jeg nú ekki. En honum má vera nóg, að hann veit sig hafa hreinan skjöld. Hann mun aldrei verða kvaddur til að svara fyrir gerðir okkar flm. þessa máls. Vjer frábiðjum okkur alla íhlutun hans.

Hv. þm. Dala. hefir nú setið á 15 eða 16 þingum alls, og hann hefir ætíð leikið þar þennan sama leik. Áheyrendur, sem heyrt hafa munnsöfnuð hans, geta því borið um það, aðrir, sem ekki hafa átt kost á að hlýða á hann, geta lesið þetta í þingsögunni. Að þessu leyti virðist ekki vera um neina framför að ræða hjá þessum háttv. þm. — Hv. þm. var að tala um tilraunaskepnu fyrir prófessorinn í vinnuvísindum, en af öllum tilraunaskepnum, mun þessi „þingskepna“ vera best fallin til rannsóknar fyrir þennan háttv. prófessor.

Þá skal jeg í fáum orðum víkja að þeim örfáu atriðum, þar sem ræða hv. þm. Dala snerti málefnið, sem hjer er til umræðu. Jeg skal reyna að vera eins stuttorður og mjer er unt. Því að ef jeg ætti að eltast við allar fjarstæður hv. þm., mundi fara til þess alt of langur tími. Annars býst jeg við því, að málefnið, sem hjer er til umr. græði lítið á þessum umræðum okkar hv. þm. Dala., eins og þeim nú er komið. En hv. þm. Dala. ræður nú, í hvaða tón talað er. Þó skal jeg geta þess, að jeg mun sem allra minst víkja í umr. að prófessor G. F. Jeg vil ekki láta hann gjalda þess, þó að formælandi hans — það mun eiga að skoða hv. þm. Dala. svo — kunni ekki að haga orðum sem siðuðum manni sæmir.

Það mun nú vera í þriðja sinni, sem hv. þm. Dala. segir æfisögu próf. Guðmundar Finnbogasonar hjer á Alþingi, svo hún ætti að fara að verða mönnum kunn. Mintist hann á umbætur þær, sem prófessorinn hefði gert á vinnubrögðum í landinu. Jeg hygg nú, að atvinnurekendur þeir, sem hann drap á, viti fult svo glögt, hversu miklar þær eru. Þær eru áreiðanlega ekki miklar eða mikilvægar. Enda var varla mikils að vænta. Próf. G. F. hefir alls ekki stundað neina slíka vinnu, og auk þess er hann of bundinn við önnur störf á afar óhentugum stað — háskólanum — til þess að nokkurt gagn gæti orðið að þessari starfsemi hans.

Prófessor G. F. hefir lagt stund á, árum saman, alt annað en það, sem að verklegum vinnubrögðum lýtur. Hann stundaði í mörg ár háskólanám, og síðan mest fengist við fyrirlestrastarfsemi o. þ. h. Til þess að hann hefði getað gert nokkrar umbætur á vinnubrögðum (verklegum athöfnum), hefði hann þurft að starfa alt öðruvísi og á öðrum stað. Jeg hygg það sje enganveginn rangt gagnvart próf. G. F., þó maður segi, að árangur af störfum hans í þágu bættra vinnubragða hafi orðið sára-lítill. Hv. þm. Dala. sagði, að eftir vinnubrögðum okkar flm., eins og þau lýstu sjer í þessu frv. okkar, mætti ætla, að við flm. þessa frv. vildum, að sjómenn færu upp í sveit til að temja hesta, en landkrabbar gerðust sjómenn. Þetta dæmi hv. þm. Dala. átti að sýna, hve fjarstætt það væri að taka próf. G. F. frá háskólanum, auðvitað vegna nauðsynar á starfsemi hans við háskólann í þágu umbóta á almennum vinnu-

brögðum í landinu. En þessi röksemdaleiðsla háttv. þm. Dala. er harla bágborin. Prof. G. F. hefir kynt sjer þessi vinnuvísindi af erlendum bókum, en ekki stundað líkamlega vinnu, síðan þá að hann var á unga aldri. Jeg býst við, að flestir muni vera á mínu máli um það, að þegar þannig er nú ástatt um þessa starfsemi, þá sje ekki neitt tiltökumál, þó lítils árangurs sje að vænta í þessu efni, enda munu þeir, er almennum vinnubrögðum í landinu eru kunnugastir, telja býsna litlar umbætur hafi orðið. En jafnvel þótt prof. G. F. hefði eitthvað gert í þessu efni, er högum vorum nú svo komið, að við höfum ekki ráð á að láta hann fást við þessi störf lengur. En það var annað starf, sem próf. G. F. hafði sjerstaklega búið sig undir og varið til þess löngum tíma og var styrktur af opinberu fje til þess. Hann átti að kynna sjer fræðslustarfsemi helstu menta-þjóða, aðallega alþýðufræðsluna, og átti að gera tillögur um fyrirkomulag þeirra mála hjer á landi. Nú mætti ætla, að til þessa starfa hefði hann einmitt verið vel fallinn, sökum þekkingar sinnar á því máli og mikils undirbúnings, og jeg er heldur ekki að segja, að tillögur hans, hvað þetta snertir, sjeu ekki að mörgu leyti góðar. En hvað segir hv. þm. Dala. um þessar tillögur? Hann segir, að allar tillögur hr. G. F. um þau mál og núgildandi fræðslulög, sem mestmegnis eru hans verk, sjeu hreinasta fjarstæða og eigi alls ekki við hjer á landi. Hv. þm. Dala. leggur ekki mikið upp úr þessum tillögum hr. G. F. og telur, að þar hafi meiriháttar mistök orðið á, en einmitt til þessa starfa hafði G. F. undirbúið sig allrækilega.

Háttv. þm. Dala. taldi það svik af hálfu landsins, ef það segði embættismanni upp stöðu sinni. Jeg ljet það í ljós, að til væru störf, fyrir þennan mann, sem hann væri vel fallinn til að gegna, sökum þekkingar sinnar og allrar mentunar, og sem hann vel mundi geta tekið við, og þó ekkert sje tekið fram um þetta í þessu frv., gat jeg um þetta í framsöguræðu minni. Það er svo að sjá, að háttv. þm. Dala. líti svo á, að ef Alþingi einusinni hefir stofnað eitthvert embætti, megi ekki leggja það niður aftur, því þá væri það brigðmælgi eða svik gagnvart viðkomandi embættismanni. Ef svo væri, mundi sama gegna um hvaða starfsmann sem væri, er sagt væri upp stöðu. Það tæki þá alveg eins til þeirra manna, sem einhverskonar starfsemi hafa með höndum og þurfa á verkafólki að halda. Nú er það augljóst, að enginn einstaklingur gæti haldið áfram neinni starfsemi í þessu landi, ef ekki mætti segja neinum upp vinnu, sem atvinnurekandi hefir einhverntíma þurft á að halda. En sje einstökum atvinnurekanda heimilt að segja upp vinnu verkafólki sínu, þá hefir þjóðfjelagið sama rjett til að segja embættismönnuum upp starfa. Og sist ættu almennir verkamenn, er fyrir starfsmissi verða, að vera betur færir til að sjá sjálfum sjer borgið en embættis- eða starfsmenn landsins. Jeg veit ekki betur en ríkið skifti sjer meira af undirbúningi embættismanna undir æfistörf þeirra en almennings, með námsstyrkjum og ýmsu fleira. Þegar svo að náminu loknu að ríkið veitir þeim einhvern starfa, en ástæður breytast svo síðar að þeirra er ekki lengur þörf, eða meira gagn verður að vinnu þeirra við önnur störf en upphaflega var ákveðið, þá eiga það að kallast svik,

ef mönnum er sagt upp eða fluttir í annan stað. Þetta finst mjer hálf-bágborin röksemdaleiðsla. Það er og undarlegt, ef þessir menn ættu að vera ver settir til að sjá sjer farborða, af því að þeir hafa búið sig undir eitthvert ákveðið starf og notið máske mikillar mentunar, en fátækir, mentunarlausir almúgamenn. Þá þætti mjer sem nokkurum skugga brigði á mentamál þjóðarinnar og hennar lærðu menn. Jeg hygg heldur eigi, að þetta sje almenn skoðun mentamanna, sem hv. þm. Dala. hefir haldið fram, þótt það kunni að vera skoðun hans sjálfs, síst í þessu máli, þar sem til er annað starf, ekki óhliðstætt því, sem hann hafði áður, handa þessum manni.

Háttv. þm. Dala. sagði, að próf. G. F. hefði siglt erlendis og numið hjá mörgum helstu menningarþjóðum þessarar álfu. Þá er því til að svara, að það hafa fleiri menn en hann siglt til annara landa og leitað sjer þar frama og mentunar, án þess að þeir hafi krafist framfærslu af þjóðinni á eftir. Tómas Sæmundsson sigldi líka suður í lönd til að kynna sjer mentun og menningu annara þjóða og verklegar framkvæmdir þeirra, en þegar hann kom heim aftur, gerðist hann prestur í sveit. Hann hugði, að hann gæti best unnið fyrir þjóðina með því að gerast fyrirmynd og foringi hennar, eins í verklegum framkvæmdum sem mentamálum, yfir höfuð því, sem henni mátti best að gagni koma. (**BJ:** Var hann ekki guðfræðingur?) Jú, en hann fór upp í sveit og starfaði þar, en heimtaði ekki, að stofnað væri handa sjer sjerstakt embætti, alveg óþarft.

Annars verð jeg að segja það, að ef margir embættismenn hjer á landi væru hjer sömu skoðunar sem hv. þm. Dala., þá yrði þess ekki langt að bíða, að þeir kæmust á sama stig og dýrategund sú við Amason-fljótið í Suður-Ameríku, sem maurfluga nefnist. Húsbændurnir á heimilunum þar eru svo værukærir, að þeir nenna sjálfir ekkert að gera. Þeir láta vinnumennina ekki einasta viða að á allan hátt, heldur og mata sig, því þeir geta ekki einu sinni borðað hjálparlaust, og drepast úr hungri, þótt maturinn sje settur fyrir þá, ef þeir eru ekki mataðir. Eg segi þetta ekki af því að jeg ætli, að þessu sje þannig farið um embættismenn landsins, heldur út af því, sem hv. þm. Dala. hefir nú haldið fram í ræðum sínum, að það hefir litið svo út sem hann telji embættismann ófæran um að bjarga sjer, ef honum er sagt upp stöðu sinni. Þesskonar aumingjaskapur er ekki frambærilegur.

Hv. þm. Dala. sagði, að fjárhagsörðugleikar landsins væru orðnir illviljuðum mönnum að skálkaskjóli. Jeg vil í því sambandi minnast eins atriðis, sem kom fyrir eitt sinn áður, er við áttum sæti hjer í hv. deild. Hann bar þá fram frv. um að landið skyldi taka að láni 20 miljónir króna til fossakaupa. Má nokkuð sjá á þessu, að ekki hefir hann þá talið fjárhag landsins erfiðan. En á því sama þingi var flutt till. um að veita bláfátækum barnamanni 500 kr. árl. styrk um tvö ár. Þessum fátæka manni hafði verið vísað frá starfi fyrirvaralaust að kalla, án þess unt væri að sjá, að minsta kosti með nokkurri vissu, að hann hefði verðskuldað það. En hv. þm. Dala. var ekki hissa á að drepa þessa tillögu. Honum gengu ekki þá til hjarta vonir foreldranna og barnanna. Jeg hefði ekki tekið þetta dæmi, ef hv. þm. hefði ekki gert orð á því, að þetta væri

aðeins ókindarskapur af okkur flm., að vera að hreyfa þessu máli. Við værum með því að gera tilraun til að skaprauna foreldrum og vinna börnum tjón, og ýmislegt fleira af því tæi. En þegar maður minnist dæmisins, sem jeg gat um áðan, þá lítur úr fyrir, að það sje ekki sama, hvert foreldrið eða barnið er hjá hv. þm. Dala. Ef það nú er brennimark á okkur flm. að hafa borið þetta frv. fram, þá mun það ekki síður vera brennimark á hv. þm. Dala., gerðir hans í þessu máli, sem jeg nefndi. Væri það og lítill skaði, þótt menn með þannig löguðum brjóstgæðum ættu ekki sæti á Alþingi.

Hv. þm. kvað aðra höfuðástæðu til þessa frv. vera fávisku og heimsku. Jeg skal ekki fara langt út í það mál, en vil þó enn minna á eitt atriði, sem gerðist á þinginu 1922. Þessi sami hv. þm. (BJ) flutti þá frv. þess efnis, að gjöld þau, sem landsmenn greiddu í ríkissjóðinn, skyldi goldið í gullkrónum, þ. e. eftir verðgildi þeirra. Með því hefðu gjöld manna til hins opinbera orðið svo há, að það hefði verið öllum þorra almennings algerlega um megn að rísa undir því, nú um 200 kr. á hvert mannsbarn í landinu. Það má vera, að hv. þm. (BJ) hafi þá flutt frv. með það fyrir augum, að það yrði ekki samþ., að það hafi átt að vera nokkurskonar löðrungur á þá menn í þinginu, sem helst vildu spara. En það hefði þá mátt ætla, að sá maður, sem þykist öllum öðrum vitrari og betri í þinginu hefði ekki gert fjármál landsins að fíflskaparmáli.

Forsætisráðherra (SE): Jeg skal ekki hætta mjer langt inn í þann eilífa eld, sem hjer virðist vakinn. Þegar þetta embætti var stofnað, greiddi jeg atkv. gegn því. En jeg lít svo á, að nú, þegar það hefir eitt sinn verið stofnað og veitt á nafn, þá sje ekki fært, vegna virðingar þingsins, að leggja það niður að svo stöddu. Öðru máli væri að gegna, ef eitthvert embætti losnaði, sem þessu væri skylt. Þá væri gott, ef þáverandi stjórn færi þess á leit við þennan mann, að hann tæki við því embætti.

Jeg skal svo ekki fara lengra inn á þetta mál, en vil aðeins bæta því við, að jeg álít, að hjer sje um mjög góðan mann og starfhæfan að ræða.

Bjarni Jónsson: Jeg er svo vel settur nú, að jeg þarf fáu að svara viðvíkjandi efninu sjálfu, og þær fáu efnisaths., sem jeg þarf að gera, get jeg átt tal um við þann hv. þm., sem mjer er ljúfast að ræða við þá hlið málsins; jeg á þar við hv. 2. þm. Eyf. (BSt). Hann sagði, að þetta embætti hefði verið stofnað með tilliti til þessa manns. Þetta er nákvæmlega rjett. Embættið var stofnað í því skyni, að þessi maður færi ekki af landi brott og til Danmerkur, og með þetta fyrir augum var það einmitt bundið við hans nafn. Það var einmitt stofnað sökum þess, að Alþingi skildi þá, að þegar maður hefir varið helming ævi sinnar til þess að búa sig undir ákveðið lífsstarf, þá er það enginn sparnaður að láta þessa krafta hans fara forgörðum eða falla í skaut öðrum þjóðum. Því hefir þessi siður verið tekinn upp, eins og rjett er af svo fátækri þjóð, að ríkissjóður stuðli að því, að þessir vísindamenn, sem til eru á hverjum tíma, fái tækifæri til að starfa að áhugamálum sínum, án þess að stofnuð sjeu að staðaldri sjerstök embætti. Jeg skal t. d.

taka Ólaf Daníelsson. Það hefði átt að fara þannig að með hann. Hann er maður með sjerstaklega mikla hæfileika á sínu sviði, sem koma þó að litlum notum, sökum þess, að mestur hluti starfsorku hans fer til tímakenslu. Við eigum völ á nægum mönnum til að annast þá kenslu svo í lagi sje, en hitt er eigi jafnvíst, að við á hverjum mannsaldri eigum völ á slíkum stærðfræðingi. En það er svo oft um þessa þjóð sem um Gyðingana forðum, að hún þekkir ekki sinn vitjunartíma. En það verð jeg að taka fram, að stofnun þessa embættis í hagnýtri sálarfræði var til lofs því þingi, sem það gerði.

Háttv. 2. þm. Eyf. hjelt því fram, að háskólinn hjer væri stofnaður með þeim hætti, að sameinaðir hefðu verið embættaskólarnir og svo bætt við heimspekisdeildinni. Leit hann svo á, að embættadeildirnar væru höfuðatriðin. Það er að vísu gott, en því má þó ekki gleyma, að heimspekisdeildinni var ætlað að bera uppi nafn Jóns Sigurðssonar, og má því eigi afrækja hana með öllu. Það var og ávalt tilætlunin, bæði hjá mjer og mörgum öðrum, að háskóli landsins yrði annað meira en tómur embættaskóli. Fyrir okkur vakti það, að hann yrði jafnframt vísindastofnun. Og þarna bauðst tækifæri að ná í færan vísindamann í þessari grein, og þingið skildi það og bætti honum við deildina.

Jeg rakti það síðast, að ekki væri hægt að segja þeim manni, sem er vel lærður heimspekingur, að hætta við sín vísindi eða leggja hann upp í bókaskáp. Auk þess veit jeg ekki til þess, að það embætti sje nú laust, sem menn eru að ræða um. Er undarlegt að ætla sjer að fara með gamla og gegna embættismenn landsins eins og afsláttarhross og ráðstafa embættum þeirra á þennan hátt, án þess þeim hafi dottið í hug að segja af sjer. Annars er hitt aðalatriðið, að þessum manni hefir verið lofað þessu embætti, og því má ekki rifta.

Jeg skal ekki vefengja, að hv. 2. þm. Eyf. kunni vel að fara með orf og ljá. En jeg býst við, að honum sje eins og mjer kunnugt um fjölda manna, sem aldrei hafa lært að búa í hendurnar á sjer. Er ýmist orf eða ljár af skakkri lengd eða of stutt eða langt á milli hæla. Þótt nú G. F. gerði eigi annað en mæla orf og ljá hv. 2. þm. Eyf. — sem jeg samkvæmt orðum hv. þm. geri ráð fyrir, að sjeu í besta lagi — og hjeldi síðan fyrirlestra og brýndi fyrir mönnum að fara eins að og hann, þá væri það eitt afarmikils virði. Því að það veltur ekki á neinu, hver fyrst finnur bestu aðferðina, en á hinu ríður mikið að breiða út þekkinguna á henni, svo að sem flestir fái notið hennar. Og það er einmitt þessi hliðin á starfi G. F., sem gerir það svo mikilsvert, að hann vekur meir en nokkur annar almennan áhuga á verklægni.

Hugsum okkur, að einhver hefði stungið upp á því í tíð Torfa í Ólafsdal, að hann yrði settur á laun í því skyni að hann reyndi að bæta vinnuaðferðir. Það hefði sjálfsagt þótt nokkuð mikil fjarstæða þá. En ætli það myndi ekki kveða við annan tón nú, er menn hafa sjeð, hvaða gagn ljáblöðin hans Torfa hafa gert íslenskum bændum? En það er hjer sem víða, að menn eiga erfitt með að meta rjett störf sinna samtíðarmanna. — Jeg tók þetta sem dæmi til þess að sýna, að það er oft lítið, sem getur gert ómetanlegt gagn heilum atvinnuvegi.

Að því er snertir sjávarútveginn, þá skal jeg geta þess, að eitt fjelag hjer

hefir nú ráðist í að byggja allstóra veiðistöð eftir fyrirmælum G. F. Ef hún reynist vel, þá kann það að koma upp úr kafinu, að hann hafi þar komið fram með hlut á borð við ljáina hans Torfa. Hver treystist yfirleitt til að segja um eitthvað, sem nýtt er og óreynt, að þetta verði aldrei barn í brók? Hversvegna á endilega að slá niður alla möguleika, áður en þeir eru byrjaðir? Jú, nú hefir hv. 2. þm. Árn. (JörB) svarað á þann hátt, að það sje gert til að s p a r a. Hann er kominn að þeirri undarlegu niðurstöðu, að landið sje of fátækt til þess að það megi vinna sjer gagn. Þarna er fjármálamaður! Hann furðaði sig á því, að jeg hefði nú í þriðja sinn sagt æfisögu þessa manns, og kvað það ekki koma málinu við. Jeg talaði bara um manninn, sem á að slátra, og væri undarlegt, ef hann kæmi ekkert málinu við. Hann kvartaði um það, hve harðorður jeg væri, og vildi ekki láta mig tala svo hastarlega til hv. 2. þm. Árn. En það er ekki jeg, sem dæmi hv. þm. Það eru verk hans, sem dæma hann svo hart, að hann mun hjer eftir aldrei reisa höfuð sitt á Alþingi.

Já, svo kom rothöggið. Háttv. þm. (JörB) sagði, að Guðm. Finnbogason hefði fengist við alþýðufræðslu; mæli jeg ekki gegn því, en hinsvegar get jeg ekki fallist á þá rökskýring, að þjóðin geti tekið embættismenn sína hvenær sem er úr stöðu sinni og skipað þeim að vinna hvaða verk sem er. (**JörB**: Hafði hann ekki búið sig undir fræðslumálastarf?) Hann bjó sig undir að verða heimspekingur, en ekki það, að búa til barnaskóla, og það er honum ekki lagið. Hefir hann gert stórar yfirsjónir í mentamálatillögum sínum, þótt hann sje ágætur heimspekingur. Já, jeg get meira að segja sagt: eins vel og mjer er við hann sem heimspeking, eins illa er mjer við hann í þeim málum.

Jeg vil að hver maður fái að njóta hæfileika sinna; jeg vil ekki, að sjómaðurinn sje settur til að temja hesta, en landkrabbinn látinn róa á sjó.

Háttv. þm. (JörB) telur það ekki svik að ganga á orð sín, finst ekkert að því, þótt Alþingi hafi sagt við einhvern mann: Jeg hefi með lögum sett á stofn embætti við háskóla minn, sem þú átt að gegna hjeðan í frá, en komi svo eftir 1—2 ár og segi við þann sama mann: Farðu, farðu, farðu, jeg vil ekki nýta þig til neins! Þetta er ekki orðhákshátturr? En í Dölunum gæti þessi háttv. þm. (JörB) heyrt vísuna:

> Hafðu ekki á þjer heldra snið
> höfðingja, sem brosa,
> en eru svona aftan við
> æru manns að tosa.

Svo þykjast menn gera velgerningar, við að bjóða þessum mönnum, sem reka á, hitt og þetta, eins og frv. nokkur, sem komið hafa fram í háttv. Ed., sýna, t. d. það, að gera Guðm. Finnbogason að forstöðumanni landsbókasafnsins, en láta hann þó jafnframt halda áfram kennarastarfi sínu. Mig undrar mest, að þeir skuli ekki gera hann að kennara við sjómannaskólann, og láta hann um leið vera formann á nokkrum fiskibátum.

Nú er hin brýnasta þörf á afarduglegum manni við landsbókasafnið, því sakir þess, hve menn hafa verið bráðir á að spara þar alt mannahald, hefir safnast fyrir ógrynni af bókum, sem marga menn verður að fá til að koma lagi á. Nú vilja menn taka heimspeking og segja við hann: Komdu nú öllu í lag. Nei, þetta er sami sparnaðurinn og æf-

inlega, sá, að spara krónuna og kasta milljónunum. Það er sú almenna fjárhagsspeki hjer. En háttv. þm. heyra bergmálið af sínum eigin sparnaðarræðum á þingmálafundunum, og þora því ekki annað en gera einhvern skollann, hversu vitlaust sem það er. — Háttv. þm. (JörB) hjelt langa ræðu um uppeldi mentamanns, fanst það liggja í augum uppi, að hann gæti tekið við öðru embætti á efri árum. Reynslan hefir sýnt, hversu vel það gefst. Eins þótti honum skrítið, að menn gætu ekki haft ofan af fyrir sjer, þó þeim væri velt úr embætti á gamals aldri. Sannleikurinn er sá, að flestir gætu valið arðvænlegri stöðu, því þjóðin hefir alla tíð svelt þjóna sína, og varla er sá embættismaður til, sem ekki hefir dáið gjaldþrota.

Honum láðist aftur á móti að geta þess, sparnaðarmanninum, að þjóð og þing eyðileggur allan þann styrk, sem það hefir látið í tje til þess að menta þessa menn, ef það setur þá að loknu námi til að rækja eitthvað annað en þeir lærðu til. Til hvers er t. d. að láta læknanema njóta gjafkenslu, ef svo þingið setur hann að náminu loknu við bátasmíði. Ef það segir við hann fullnuma: Farðu, góði minn, og smíða báta! Það er tískan.

Þá er eitt til marks um sannleiksást háttv. flm.; það var reikningur hans yfir nemendafjölda heimspekisdeildarinnar. (**JörB:** Hann var eftir árbókunum.) Jeg vissi það vel, hve þekking hans ristir djúpt, því í árbókunum er ekki talinn nema örlítill hluti af nemendatölunni. Hann veit ekki einusinni, hvað forspjallsvísindi er. Í þeim fræðum hafa 158 tekið próf. Ennfremur heyrir grískan mín til heimspekisdeildarinnar. Hana þekkir hann ekki, veit ekki, að menn úr laga- og málfræðisdeild hafa sótt tíma í henni, auk guðfræðinganna. Í fyrstu var ekkert próf í henni lögskipað, og þeir, er þá lögðu stund á hana, eru því ekki taldir með, en 27 hafa tekið próf í grein þeirri. Ekki mintist hann á almennu fyrirlestrana, sem Guðmundur Finnbogason heldur, ekki síður en hinn heimspekiskennarinn, fyrir fólkið. Hafa þeir þó stundum þótt dágóðir.

Jeg ætla að minnast á það, áður en jeg gleymi því, að háttv. þm. (JörB) talaði fagurt um það ódæði, að jeg hefði neitað manni nokkrum um eftirlaun. Satt var það, en sjaldan hefir mjer verið brigslað um að vera naumur á fje, en gott var, að það kom einusinni fram líka. Sannleikurinn var sá, að jeg var ekki sannfærður um sakleysi mannsins í máli hans, og vildi því ekki með atkvæði mínu neyða stjórnina til að gjalda honum laun, væri hann þeirra ekki verður. Fús hefði jeg greitt atkv. með styrk handa honum.

Undarlegt er það með sparnaðar- og bjargráðamenn þingsins. Þeir sjá ekki nema þennan eina mann. Þeir koma ekki einusinni auga á heila skóla. Því koma þeir ekki fram með frv. í þá átt að leggja niður kennaraskólann, já, alla barnaskóla og hvern kennara. Því ekki að slátra þeim, þó þeir hafi búið sig undir sjerstakt starf eins og þessi vísindamaður. Það munaði um þann sparnað. Og háttv. flm. (JörB) gæti sjálfsagt fært rök fyrir því, hversu barnafræðslan er ljeleg. Hann þekkir hana.

Háttv. þm. (JörB) talaði um maurflugur og var mjög djúpskygn á þeirra hætti. Hann sagði, að embættismenn háskólans og þessa lands þyrftu eins og þær að láta færa sjer matinn. Sjálf-

ur er hann eitt af grófgerðum vinnudýrum þeirrar stjettar.

En hvað sem fyrverandi „heimastjórnarmaður", hvað sem fyrverandi sjálfstæðismaður, hvað sem fyrverandi jafnaðarmaður og hvað sem núverandi ótímamaður, háttv. 2. þm. Árn. (JörB), segir, kemst hann ekki út úr því, að þetta frv. er af fávisku og illvilja gert. Jeg vil nú vera honum svo velviljaður að ætla, að $^9/_{10}$ sjeu af fávisku, en $^1/_{10}$ af illvilja — getur hann svo reiknað, hvað eftir er.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Það hefir satt að segja lítið nýtt komið fram í málinu við þessar umræður, eins og við var að búast. Má óhætt telja hina síðari ræðu hv. þm. Dala. hóflegri en þá fyrri. Hefði verið ósköp auðvelt að ræða þetta mál, án þess að öllu því væri blandað inn í, sem orðið er, en á því á hann sök. Það er altaf hægt verk að reyna að klóra yfir og snúa út úr því, sem sagt er, eins og háttv. þm. Dala. gerði nú. Háttv. þm. kvað mig ekki hafa sýnt, hver sparnaðarmaður jeg væri. Jeg hefði ekki sýnt sparnað í öðru en þessu máli. Háttv. þm. (BJ) fer þar með ósannindi; sýna það þingskjölin, og það veit hver sá, sem fylgst hefir með málunum.

Tölu nemenda heimspekisdeildarinnar tók jeg úr árbókunum, og tók það fram, að auk þeirra, er jeg taldi, hefði einn kennarinn haft það verk með höndum að undirbúa nemendur annara háskóladeilda undir próf í forspjallsvísindum. Þarf ekki hv. þm. (BJ) að hreykja sjer af því, að hann viti þarna betur. Er það hálfaumingjalegt að ætla sjer að bjargast við tóman útúrsnúning og ósannindi á Alþingi. En það er ekki meira en það sem tíðkast hjá hv. þm. (BJ), og myndi jeg gefa honum meira minni og skilning heldur en hann hefir, ef það væri á mínu valdi, því að jeg hefi raun af honum.

Ræða hans var aðeins góð lýsing á sálarástandi hans; er honum það ekki sjálfrátt, og verður því að fyrirgefast og maður að hegða sjer eftir því, og mun jeg reyna að gera það framvegis.

Jeg er búinn að drepa á þau atriði, sem hv. þm. (BJ) fetti fingur í, og sje ekki ástæðu til að fjölyrða um þau frekar. En viðvíkjandi þeim eftirlaunum, sem hann var að tala um að hefði átt að veita þessum manni, sem jeg nefndi, þá voru það alls engin eftirlaun, sem um var að ræða. Það var aðeins styrkur. Háttv. þm. getur sjeð þetta í þingtíðindum, sem jeg hefi hjer fyrir framan mig. Það átti að koma á 15. gr. fjárl. Hv. þingm. segir, að hann hafi ekki vitað nema að þessi maður hafi átt sök á því, að honum hafi verið vikið frá, og hann hafi þessvegna verið á móti. En jeg verð nú að segja, að fyrst hann ekki vissi að maðurinn hafði gert eitthvað fyrir sjer, hefði farið betur á því, að háttv. þm. hefði verið með styrknum til þessa manns, en það gerði hann ekki, heldur varð hann til að fella hann. Jeg fyrir mitt leyti vil heldur, að jafnvel þó að maðurinn máske að einhverju leyti hefði unnið til þess að vera vikið frá starfanum, að þá væri ekki kona hans og börn látin gjalda þess. En hv. þm. lítur nú öðruvísi á það mál, þegar það er ekki kona og börn embættismanna. Það er hans göfugmenska.

Um þakklæti þjóðarinnar við embættismenn sína ætla jeg ekki að tala. Hann metur það eftir því sem hann er maður til. Hann sagði, að hún svelti

alla embættismenn; tel jeg það ekki svaravert.

Hv. þm. drap á sparnaðinn, sagði, að jeg vildi spara eina krónu af hverjum 1000. Ef aðeins er tekið tillit til þessarar einu till., þá er það rjett, en svo oft má spara 1 kr., að 500 kr. spöruðuðust af hverjum 1000. En ef aldrei er byrjað, verður heldur aldrei neinn sparnaður. Það var á hv. þm. að heyra, að sú skylda hvíldi á þjóðinni að sjá hverjum lærðum manni farborða, en slíkt mundi henni um megn. Annars mótmæli jeg því algerlega, að þjóðinni beri nokkur skylda til þess. Hv. þm. (BJ) drap á, að hver ætti að starfa að því, er hugur hans hneigðist helst að. Já. Best væri, að hver maður væri á rjettum stað, að allir góðir starfskraftar fengju að njóta sín þar sem þeim væri hentast, en fátæk þjóð verður oft að sætta sig við að skipa mönnum í annað rúm en þeir kusu helst. Verður hver að sníða sjer stakk eftir vexti.

Sje jeg ekki ástæðu til að gera það frekar að umræðuefni, er hv. þm. (BJ) sagði. Að þetta væri jafnmikill sparnaður og að svelta hundraðasta hvern hund annan hvern dag, má hann sjálfur flagga með, sjer til ánægju.

Bjarni Jónsson: Mjer þótti hv. þm. (JörB) standa sig vel að flytja engar harmatölur eða kjökuryrði. En býst við, að hv. þdm. þyki nú nóg komið. Vildi jeg óska eftir nafnakalli, þegar frv. verður nú borið upp, hvort það eigi að ganga til 2. umr. Jeg vildi óska þess, að það yrði þegar felt, svo enginn blettur yrði á þinginu, og það, sem þegar er gert, gæti gleymst.

Ásgeir Ásgeirsson: Þar sem óskað hefir verið eftir því, að nafnakall verði viðhaft, verð jeg að lýsa afstöðu minni til málsins. Jeg, og víst margir fleiri, óska þess ekki, að frv. sje afgreitt í þeirri mynd, sem það nú hefir, en vilja þó gjarnan láta vísa því til nefndar. Vildi jeg þá óska, að því verði vísað til mentmn., en ekki til allshn., því mjer virðist sem það snerti mentamálin öllu meir en fjárhaginn. Býst jeg við, að flestir sjeu sammála um, að eitthvað megi spara með þessu móti, en leggi hinsvegar kapp á, að Guðmundur Finnbogason verði í engu minkaður. Margir óska þess, að hann hafi virðing eina af máli þessu. Því er það mjög óheppilegt, að menn skuli verja hann með þeim hætti, sem gert er. Að gera flm. þær getsakir, að þeim gangi aðeins blóðþorsti og ofsóknarhugur til að bera fram frv., er þeim, er slíkt mæla, sjálfum til hneisu, en um leið er Guðmundi Finnbogasyni gerður bjarnargreiði.

Mörg störf eru það, sem ríkið þarf að láta vinna og Guðmundur Finnbogason er vel fallinn til að rækja, og ætla jeg, að vel megi finna þá lausn á málinu, sem bæði sparnaðarmenn og prof. G. F. mega vel við una. Jeg hafði ætlað mjer að bera fram annað frv., þar sem farið væri fram á, að embætti prof. G. F. væri sameinað fræðslumálastjóraeða landsbókavarðarstarfinu, þá er annarhvor ljeti af störfum. En jeg áleit heppilegra, að nefnd athugaði fyrst frv. og kæmi síðan fram með þær till. eða aðrar, er bestar þættu. Jeg óska þess, Guðmundar vegna, að málið verði nú vel afgreitt með þeim hætti, svo það gangi ekki aftur á hverju þingi, eins og verið hefir.

En því vildi jeg sameina þessi embætti, sem jeg hefi nefnt, að G. F. er

höfundur fræðslufyrirkomulags þess, sem nú er, og fræðslumálastjórinn skipaður eftir hans tillögum. Sje það meining hv. þm. Dala., að það sje hið versta verk, sem G. F. hefir unnið í fræðslumálum, þá gerir hann (BJ) minna úr G. F. en nokkur annar. Ef G. F. hefir með tillögum sínum um fræðslumál, sem hann hefir sjerstaklega kynt sjer, valdið milljóna tjóni, eins og hv. þm. Dala. (BJ) virðist telja, hvers má þá af honum vænta í vinnuvísindum, sem hann hefir að mörgu leyti ljeleg skilyrði til að stunda. Andleg störf hafði G. F. ætlað sjer, en ekki verkleg. Alkunnugt er það, að G. F. ætlaði sjer að verða heimspekingur, en ekki býst jeg þó við, að neinn, nema hv. þm. (BJ), ætli, að síldarútvegur á Siglufirði og sláttur upp í sveit sjeu heimspekiefni. Það er fjarstæða að vera að fjargviðrast út af því, að reka eigi G. F. frá því, sem hann jafnan hafi ætlað sjer að vinna — að verið sje að skera úr honum hjartað. Það er svo fjarstætt, að hjer er einmitt honum ætlað að vinna þau störf, sem hann bjó sig sjerstaklega undir og hefði valið sjer að lífsstarfi, ef hann hefði verið sjálfráður um það. Heppilegt væri, að G. F. hefði fyrirlestraskyldu við háskólann jafnframt fræðslumála-eða bókavarðarstarfseminni. Það er ekki að búast við, að heimspekisdeild vor sje jafnauðug og samskonar deildir við aðra háskóla. Nemendur eru ekki svo margir, að hægt sje að kosta fjölda af kennurum, en til að bæta úr því, mætti fela helstu fræðimönnum, sem andlegum embættum gegna hjer í bæ, nokkuð af kenslunni. Hefði bæði háskólinn og þeir gagn af því. Háskólanum bættust kenslu- og starfskraftar, gæti náð þeim tilgangi sínum að vera framar öðrum háskólum í íslenskum fræðum, og embættismennirnir sæktu og þangað líf og fjör, svo meira gagn yrði að þeirra sjerstaka embættisstarfi.

Jeg skal ekki ræða nánar um málið að þessu sinni, en gera það að tillögu minni, að frv. verði vísað til mentmn., í þeirri von, að það verði á síðan afgreitt á þann veg, sem bæði Alþingi og Guðmundur prófessor Finnbogason mega vel við una, og að girt verði fyrir, að þetta verði eilift þrætumál, er gangi aftur á hverju þingi.

Bjarni Jónsson: Það er að vísu á móti öllum þingreglum, að jeg fái að gera enn stutta athugasemd, en þessi ræða hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) kemur eftir dúk og disk. Jeg býst við, að Guðmundur Finnbogason verði honum þakklátur fyrir þann stuðning, sem þessi hv. þm. hefir nú veitt honum. Aftur á móti vona jeg, að jeg hafi ekki gert Guðmundi Finnbogasyni skömm og vansæmd í vörn minni fyrir hann, að minsta kosti ekki í augum hv. þm. Jeg hygg, að þeir skilji, að það var jeg, sem talaði, en ekki Guðmundur Finnbogason. Ef hv. þm. vilja refsa mjer fyrir framkomu mína í þessu máli, geta þeir gert það í næsta máli, því að þar er um mig að ræða. Telji þeir vörn mína ósóma, skellur hann á mjer einum. En hinsvegar mun minnisstæður stuðningur hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) við Guðmund Finnbogason. Aðalinntakið í varnarræðu hans var það, að nú væri rjett að skera hann, svo að hann yrði ekki drepinn seinna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: KlJ, MG, MJ, MT, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, HK, IngB, JAJ, JK, JS, JÞ, JörB.
nei: BJ, JakM, JBald, BSv.

Frv. vísað til allshn. með 17 : 5 atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr.

---

12. Biskupsembættið.

Á 4. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um sameining prófessorsembættis í guðfræði við háskóla Íslands við biskupsembættið (þmfrv., A. 28).

Á 6. fundi í Nd., föstudaginn 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg þarf ekki mörg orð til þess að fylgja þessu frv. úr garði, því það er enginn nýr gestur hjer í hv. deild. Eins og hv. deildarmönnum mun kunnugt, hefir oftar en einusinni komið fram frv. þess efnis að spara útgjöld ríkisins á þessum lið.

Á þinginu 1891 kom Skúli heitinn Thoroddsen fram með frv. þess efnis að leggja niður biskupsembættið. Vildi hann láta fela prófastinum í Kjalarnesþingum að gegna störfum hans. Það frv. var felt þá á þinginu. Í fyrravetur kom svo stjórnin fram með frv. þessa efnis. Var það svipuð leið, sem hún valdi, — að fela vígslubiskupum og próföstum störf biskups. Þetta frv. var borið fram í Nd. og náði ekki heldur fram að ganga. Skal jeg gjarnan taka það fram, að jeg myndi ekki hafa treyst mjer til að aðhyllast þessa leið og fella biskupsembættið niður. Því hjer er óneitanlega um að ræða elsta, virðulegasta og söguhelgasta embætti landsins.

Sú leið, sem jeg hefi valið, er að fela biskupinum kenslustörf við háskólann, og á þann hátt að spara þar kennarakrafta. Hallaðist allshn., sem hafði málið til meðferðar í fyrra, á þá sveifina, að sparnaðinum yrði hagað á slíkan hátt. Er sú hugmynd ekki heldur nein ný bóla, því á þinginu 1903 fluttu þeir Lárus H. Bjarnason og sjera Magnús Andrjesson frv. þess efnis, að sameina biskupsembættið og forstöðu prestaskólans. Sætti málið mjög rækilegri meðferð í Nd. Í nefnd þeirri, sem hafði það til meðferðar, voru, auk þessara tveggja manna, sjera Eggert Pálsson, Jóhannes Jóhannesson og Pjetur Jónsson. Varð nál. einróma og svo vel rökstutt, að jeg vildi gjarnan, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp úr því lítinn kafla þar segir svo:

„Þegar nú litið er til þess, að í biskupsembættið mun æfinlega hjer eftir eins og hingað til verða skipaður einhver færasti maðurinn meðal guðfræðinga landsins, þá teljum vjer það engum efa undirorpið, að honum væri ekki ofvaxið að gegna ásamt biskupsembættinu forstöðuembætti prestaskólans, ef hann væri laus við öll þau framangreind skristofustörf, er vjer viljum

leggja frá biskupsembættinu.“ Hjer er vitnað til stiftsyfirvaldastarfa og fleiri, sem nú er lögð niður. Hjer segir enn:

„Störf hans yrðu varla til muna meiri eða erfiðari en nú, en þau yrðu honum geðfeldari. Þá yrði starfsemi hans meir vísindaleg og fræðandi, og sú vinna yrði honum ánægjulegri en að vera neyddur til að verja mestum hlutanum af tíma sínum til að rita embættisbrjef og eiga við skýrslur og önnur slík skrifstofustörf.

Alls eigi verður það heldur talið ósamboðið t i g n biskupsdæmisins, að hann eigi einhvern þátt í að fræða prestsefnin og búa þau undir stöðu þeirra. Hann gæti varla annað veglegra og mikilvægara starf unnið. Og það er augljóst, að á þann hátt gæti hann helst haft góð áhrif á nemendur prestaskólans. Þá yrði hann gagnkunnugur nemendunum, og milli hans og þeirra gæti myndast náið vinsemdarsamband, er dagleg umgengni og viðkynning skapar.

Þessi kunnugleiki biskupsins á prestsefnum og prestum væri þýðingarmikill yfir höfuð, og meðal annars sjerstaklega þá, er hann ætti að gera tillögur við brauðaveitingar.“

Málið kom svo til umr. í Nd. og var samþ. með 18 : 3 atkv., en síðan felt í Ed.

Jeg hefi sárafáu við þetta ítarlega nál. að bæta. Jeg skal þó taka það fram, að störf biskups eru nú talsvert minni en þá, er þetta mál var á döfinni. Jeg vil einnig minna á það, að þegar fyrirrennari núlifandi biskups tók við embætti, þá óskaði hann þess að hafa kennarastörf á hendi jafnframt í prestaskólanum.

Jeg hefi látið þetta vera mitt fyrsta skref hjer á hv. Alþingi, sökum þess, að jeg er talsvert kunnugur biskupsstarfinu. Jeg kyntist því þau ár, sem jeg var á skrifstofu biskups, og veit því með vissu, að sparnaður þessi er mætavel framkvæmanlegur.

Að endingu vil jeg svo geta þess, að jeg ætla mjer ekki að halda fast í einstöku atriði frv., heldur vera fús til samkomulags, ef aðeins höfuðatriðið nær fram að ganga.

Vænti jeg svo, að frv. gangi óhindrað til 2. umr., og legg það til, að því verði vísað til hv. allshn.

Magnús Jónsson: Jeg skal ekki teygja tímann með því að tala lengi að sinni. Þó langaði mig til að hreyfa nú þegar andmælum gegn þessu máli.

Hæstv. forsrh. (SE) sagði í fyrra, er frv. kom fram um að leggja niður biskupsembættið, að ekki hefði verið kyrt um embættið síðustu árin. Það lítur sannarelga út fyrir, að hv. Alþingi ætli að sjá um, að svo verði áfram. Málið er nú borið fram í nokkuð annari mynd en það var í fyrra, en í raun rjettri er munurinn þó ekki eins mikill og virðist fljótt á litið. Því þó að svo sje að orði komist í frv., að biskupi skuli falin kensla við háskólann, þá býst jeg við, að raunin yrði sú, að starfið yrði í vitund almennings kent við háskólakensluna, því þar kæmi daglega til að bera meira á þessum manni heldur en á biskupsskrifstofunni. Myndu menn því alment líta svo á, að þar væri háskólakennari, sem hefði aukreitis á hendi biskupsstörf, vígslur og vísitasíur.

Jeg er því mótfallinn þessu frv. af sömu ástæðum og í fyrra. En svo bætist auk þessa við enn ein ástæða, og hún er sú, að með þessu yrði að breyta

háskólalögunum. Þar er sem sje skýrt ákveðið, að kennaraembætti við háskólann skuli ekki breyta, án þess að hafa fyrst leitað álits hlutaðeigandi háskóladeildar. Er þar um að ræða mjög þýðingarmikið atriði, sem sjerhver háskóli leggur mikið upp úr. Því þetta er einmitt sá varnarmúr, sem háskólarnir hafa reist um vísinda- og kenningafrelsi sitt. Hjer er um að ræða beina árás á það frelsi. Biskupinn er vegna stöðu sinnar mjög bundinn, að því er trúarmál snertir — ef til vill á margar lundir einhver ófrjálsasti maðurinn í landinu. Hann verður að haga sjer mjög varlega í þeim sökum, vegna hagsmuna kirkjunnar, og sýnir reynslan það ljóst, hve skoðanafrelsi hans eru settar ríkar skorður. Skal jeg t. d. geta þess, að Einar Árnórsson hefir komist svo að orði í einu rita sinna, að biskup yrði að vera evangelisk- lútherskur, þ. e. hann hefði ekki trúarbragðafrelsi, nema víkja úr stöðu sinni, og mun öllum finnast það eðlilegt. En hvers virði er nú kenningarfrelsi fyrir háskólann? Sumir menn ætla, ef til vill, að það sje ekki mikils virði. En svo er ekki. Sýnir sagan þetta ljósast. Það hafa verið þeir tímar, að menn máttu ekki halda því fram, að jörðin snerist, og lá við dauðarefsing. Jeg minnist þess nú, hvernig Björn heitinn Ólsen komst að orði í hinni ágætu ræðu sinni við setningu háskólans. Háskólinn var þá barn þjóðarinnar, þótt hann væri lítill. Fáum mun hafa komið það til hugar þá, að móðirin myndi nokkrum árum síðar fara að hyggja á það að bera þetta barn sitt út. Af því að margt er svo gullvel sagt í þessari ræðu B. M. Ólsens, þá langar mig til þess, með leyfi yðar, hæstv, forseti, að lesa upp örfáar setningar. Þar segir svo:

„Reynslan hefir sýnt, að fullkomið rannsóknarfrelsi og fullkomið kenslufrelsi er nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að starf háskóla geti blessast. Á miðöldunum voru oft háskólar settir á stofn við biskupsstóla eða klaustur, og gefur að skilja, að klerkavaldið, sem rjeð slíkum stofnunum, var þröskuldur í vegi fyrir frjálsum vísindaiðkunum. Síðar, einkum eftir reformationina, settu konungar eða aðrir stórhöfðingjar oft háskóla á stofn og lögðu fje til þeirra. Þóttust þeir því hafa rjett til að leggja höft á rannsóknarfrelsi og kenslufrelsi háskólanna, og hafði það hvervetna hinar verstu afleiðingar. Frjáls rannsókn og frjáls kensla er eins nauðsynleg fyrir háskólana og andardrátturinn er fyrir einstaklinginn."

Þetta sagði Björn Ólsen um kenningar- og rannsóknarfrelsi háskólans, og talaði hann þar af mikilll reynslu og þekkingu á því efni. Þessu rannsókn- ar- og kenningarfrelsi álít jeg stofnað í hættu, verði þetta frv. samþykt, ekki síst, ef það fyrirkomulag helst óbreytt, að biskup verði kjörinn af prestum. Má þá búast við, að sú stefna, sem í svipinn er ríkust og mest bolmagnið hefir, komi sínu biskupsefni að og setji hinum nýkjörna biskupi um leið strangar skorður um það, hvað hann skuli kenna.

Hv. flm. (TrÞ) vitnaði í nál. meirihl. allsherjarnefndar í fyrra, þar sem drepið er á, að fela megi biskupi kenslu nokkra í háskólanum. Þar sem jeg var í þessum meirihluta, skal jeg nú gera grein fyrir, hvað fyrir honum vakti.

Í nál. allshn. í fyrra segir svo, með leyfi hæstv. forseta: — „Þá hefir nefndin athugað það, hvort ekki mundi vera unt að fela biskupi kenslu nokkra í guðfræðideild háskólans. Felst meirihluti nefndarinnar á, að það sje vel gerlegt, en er þó ekki sammála um, hversu víðtækt það ætti að vera, enda getur ekki komið til mála að bera slíkt fram í sambandi við það frv., sem hjer er um að ræða, heldur yrði til þess að gera breyting á háskólalögunum, og lætur nefndin því útrætt um það mál.“

Jeg get sagt fyrir mig, að jeg sje ekkert til fyrirstöðu því, að biskup taki þátt í kenslunni í guðfræði, og þá helst, að kennimannleg guðfræði (pastoraltheologi) verði tekin undan deildinni og falin biskupi. Þetta er gert víða. Kennimannleg guðfræði, svo sem barnaspurningar, ræðugerð o. fl., er yfirleitt ekki talin heyra til háskólanámi og guðfræðilegum vísindum. Það er ekki talið rjett að neyða þá menn til að læra þetta, sem einungis vilja verða kandidatar í guðfræði, en ætla ekki að gegna prestlegum embættum. Hjer á landi hefir þessa ekki verið þörf, því að yfirleitt hefir það verið takmark guðfræðinemenda að verða prestar að loknu námi. Málið horfir öðruvísi við, ef þetta er ekki gert til þess að fækka guðfræðikennurum í sparnaðarskyni, heldur í þeim tilgangi, að biskup geti kynst prestsefnum á þennan hátt. Þó er jeg ekki viss um, að þörf sje á þessari breytingu.

Hv. flm. (TrÞ) gat um, að biskupsstörfin væru lítil. Jeg er ekki jafnkunnugur honum um þessi störf, þar sem jeg hefi aldrei verið starfsmaður hjá biskupi, en svo hafa þau komið mjer fyrir sjónir sem þau geti verið mikil eða lítil, eftir því sem verkast vill. Skrifstofuhald er vafalaust ekki svo sjerlega umfangsmikið. En um önnur störf hans má sjálfsagt segja svipað sem um hákólakenslu, að þau geti verið eins mikil og honum sýnist sjálfum. Það er hægt að komast sæmilega af án þess að leggja mikla vinnu í þau, en þau aukast, eftir því sem meiri rækt er við þau lögð. Á sama hátt mætti eins spyrja um, hvort það væri mikið verk að vera bóndi. Menn geta búið vel, og hafa ýmsir búið vel, þó að þeir drepi aldrei hendi í kalt vatn, og þó getur búskapurinn fengið mönnum ærið að starfa, ef þeir vilja stunda hann af kappi.

Það er trúa mín, að meðan hjer er lögboðin þjóðkirkja, geti umsjón hennar verið ærið verk fyrir biskup, jafnvel þó að honum væri ekki ætluð nein skrifstofustörf, svo sem nú er, og að hann geti unnið vel fyrir biskupskaupi sínu, meðan menn annars leggja nokkuð upp úr þessum málum. Annars hefi jeg stundum furðað mig á afstöðu Alþingis til kirkjumála. Það er eins og það hafi stundum viljað fara bil beggja og styðji kirkjuna aðeins með hangandi hendi. En eins og nú er komið þessum málum, er ekki nema um tvent að velja, afnema þjóðkirkjuna með öllu, ef menn telja hana einskisverða, eða gera sæmilega til hennar og halda hana í heiðri. Fer það eftir skoðunum hvers eins á gildi trúarbragða fyrir þjóðina, hvorn hann vill upp taka. En jeg skil ekki afstöðu þeirra manna, sem sneiða vilja utan af kirkjunni, reita eitt og eitt hár úr ham hennar, eins og þetta frv., og önnur lík, fara fram á.

Flm. (Tryggvi Þórhallson): Jeg þarf ekki að gera nema fáar athugasemdir

við ræðu hv. 4. þm. Reykv. (MJ). Skal jeg þá fyrst mótmæla því, er hv. þm. sagði, að með þessu skipulagi yrðu biskupsstörfin aukastörf og biskupsembættið hyrfi í raun og veru. Frv. leggur til að leggja niður prófessorsembættið, en ekki biskupsembættið. Jeg hygg, að biskupsembættið verði aðalstarfið eftir sem áður, vegna sögu þess og þeirrar virðingar, sem jafnan hefir verið borin fyrir því. Það er og misskilningur, að breyta þurfi lögum háskólans í nokkru, þó að þetta fyrirkomulag verði tekið upp. Prófessorsembættið verður beinlínis lagt niður og biskup annast kennsluna sem aukakennari, en verður ekkert háður háskólanum.

Þá talaði hv. þm. margt um nauðsyn háskólans og kenningar- og rannsóknarfrelsi. Jeg er algerlega sammála honum í því efni og hinum frægu ummælum Bjarnar Ólsens. En hitt get jeg með engu móti samþykt, að biskup sje ófrjálsasti maður landsins, og að háskólinn myndi missa kenningarfrelsi sitt, þó að þessi „ófrjálsi" maður annaðist þar kenslu. Mjer þykir hv. þm. skjóta hjer yfir markið og gera of lítið úr sjálfum sjer og samkennurum sínum, ef hann er hræddur um, að þeir muni þá draga dám af biskupi og glata kenningarfrelsi sínu. En jeg vil einnig mótmæla þeim ummælum, að biskupinn sje ófrjálsasti maður landsins. Vjer höfum átt þá biskupa, og þá ekki allfáa, er hafa sýnt það ljóslega, að þeir hafa ekki talið embætti sitt það haft á sjer, að þeir þyrðu ekki að láta skoðanir sínar í ljósi.

Hv. þm. gat þess, að biskup mætti vel hafa á hendi kenslu í kennimannlegri guðfræði, og það var einmitt þetta, sem jeg hafði sjerstaklega í huga. En ef þessu er ljett af ekki umsvifameira kenslustarfi en sem nemur um klukkustundarkenslu á dag, þá mánuði, sem kent er, tel jeg af því geta leitt, að þann kennarastól mætti leggja niður.

Hv. þm. kvað biskupsstörfin geta verið eins mikil eða lítil og verkast vildi. Þetta get jeg fallist á. En þá vil jeg spyrja: Ef auka þarf biskupsstörfin, liggur þá ekki beinast við að gera það á þann hátt, að hann taki meiri þátt en áður í undirbúningi prestsefna undir lífsstörf þeirra. Jeg hygg, að í þessu efni muni flestir geta tekið undir álit þingnefndarinnar fyrir 11 árum, sem jeg mintist á.

Þó að það komi ekki þessu máli við, skal jeg víkja að því, er hv. þm. kallaði mig stuðningsmann hæstv. stjórnar. Jeg skil ekki, hvaðan honum kemur sú vitneskja. Jeg hugði, að hv. þm. mundi fullkunnugt um, að þótt jeg telji mig að nokkru leyti stuðningsmann stjórnarinnar, er jeg alls ekki stuðningsmaður hæstv. forsrh. (SE).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 : 1 atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr.

---

13. Einkasala á áfengi.

Á 8. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi (þmfrv., A. 43).

Á 10. fundi í Nd., fimtudaginn 28. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., laugardaginn 1. mars, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Frv. þetta á þskj. 43 hefi jeg leyft mjer að bera fram, ásamt hv. 2. þm. Árn. (JörB). Gerum við það í þeirri von, að því byrji betur að þessu sinni en þegar það kom fram á síðasta þingi. Það er að uppistöðunni sama frv. sem þá, en af því hafa verið sniðnir nokkrir þeir agnúar, sem þá þóttu á því vera. Auk þess hefir frv. verið aukið frá því í fyrra, og á jeg þar við breytinguna á 7. gr. laga frá 1921, um einkasölu á áfengi.

Það er von mín, að þó erfitt eigi uppdráttar ýms þau frv., sem fara fram á fækkun embætta eða sameiningu opinberra starfa, þá taki það síður til þessa frv., sem ekki hróflar við neinum erfikenningum um helgi embætta. Áfengiseinkasalan er ung stofnun og væntanlega eru starfsmenn hennar ekki ráðnir til langs tíma, nema forstjórinn. Uppsögn annara starfsmanna hennar ætti ekki að koma illa við neinn.

Öllum má ljóst vera, að þessi tvöfaldi verslunarrekstur ríkisins, tóbaks- og olíuverslun annarsvegar og vínverslun hinsvegar, er mun kostnaðarsamari en hann þyrfti að vera, ef hann yrði lagður undir eina stofnun. Því var að vísu haldið fram á síðasta þingi, að þessi vínverslunarrekstur væri svo umfangsmikill og svo mikið fje, sem í honum lægi, að það væri að minsta kosti afsakanlegt, jafnvel sjálfsagt, að gera hann að sjerstakri starfsgrein. Þessvegna er rjett að taka það fram, að meðan landsverslun hafði á hendi sölu á nauðsynjavörum, var það miklu umfangsmeiri verslunarrekstur en nú mundi verða, þó vínversluninni yrði bætt við hana.

Í greinargerð frv. er bent til mannahaldsins við áfengisverslunina, og þó jeg hafi ekki ítarlegar upplýsingar fyrir hendi um þetta atriði, þá mun þó fara nærri, að um 13 fastir starfsmenn sjeu nú við skrifstofu, búð og birgðastöð hennar, og auk þess nokkrir aðstoðarmenn með breytilegum launakjörum. Telst mjer svo til, að ekki sje of hátt reiknað, að kaup allra þessara manna nemi 100 þús. kr. á ári. Hinsvegar eru við landsverslun 11 fastir starfsmenn, og þó er þar um mun fleiri og margbreytilegri afgreiðslu að ræða, þar sem hún hefir viðskifti við allflesta kaupmenn og kaupfjelög á landinu, en áfengisverslunin skiftir á hinn bóginn aðeins við útibú sín og almenning hjer í Reykjavík. Er það því bersýnilegt, að hún ætti ekki að þurfa að hafa fleiri starfsmenn fasta. En hvað sem um það kann að vera, er það augljóst, að kostnaðurinn við afgreiðsluna og allan rekstrinn yrði mun minni, ef þessi stofnun væri samtengd aðalverslun ríkisins. Nú er líka sú breyting á orðin síðan í fyrra, að vörubirgðir áfengisverslunarinnar hafa verið fluttar í Nýborg, birgðahús landsverslunar, og ætti því að liggja beinast við, að afgreiðsla beggja deildanna færi fram af sömu mönnum. Hvorki er hægt, nje heldur nauðsynlegt að svo komnu, að koma með nákvæma eða sundurliðaða áætlun um þann sparnað, sem af þessu myndi leiða, en miklar virðast mjer líkur til, að hann myndi nema ⅓ af launum fastra starfsmanna beggja stofnananna, sem

nú munu vera 24, en gætu sennilega nægt 16. Jafnvel þótt mannahald sparaðist aðeins að ¼, þá væri mikið unnið.

Auðvitað mál er það, að með þessu móti yrðu einhverjir sviftir atvinnu sinni, eða atvinnuvon, en jeg geri ekki ráð fyrir, eftir því sem upplýst var á síðasta þingi, að samningar við þá sjeu því til fyrirstöðu, að hægt sje að segja þeim upp, því fæstir þeirra munu ráðnir til langs tíma, og væntanlega geta þeir náð í atvinnu annarsstaðar við þjóðþarfara starf.

Að lokum skal jeg geta þess, að brtt. okkar flm. frv. við 7. gr. l. frá 1921 er sprottin af því, að við höfum, eftir fengnum upplýsingum, komist að þeirri niðurstöðu, að sú undanþága frá álagningu á áfengi til lyfja, sem nefnd lög gera, er svo lítilfjörleg ívilnun fyrir sjúklinga þá, sem víns neyta eða lyfja með vínanda eftir læknaráði, að nær engu skiftir um verð þeirra. Bæði er það, að flestir nota mjög lítið áfengi í lyfjablöndun, og þó einhverjir notuðu t. d. 1 lítra til lyfja á ári, þá munar álagningin þar sáralitlu. Hinsvegar hefir það sýnt sig, að ríkissjóður bíður mikinn halla af undanþágunni, þar sem hann fyrir hennar sakir afhendir læknum og lyfjabúðum alt áfengi án álagningar, hvort sem það svo er notað til lyfja eða ekki. Mjer hefir verið tjáð, að áfengiseinkasalan afhendi lyfjabúðunum vínanda fyrir 8 kr. lítra hvern, en þær munu aftur selja hann út fyrir 16 kr. til iðnaðar, og ef til vill nokkru dýrara til annara notenda. Og það mun vera á allra vitorði, að talsvert af vínanda þeim, sem læknum og lyfjabúður er afhentur til notkunar í lyf, fer alt aðrar leiðir. Jeg vil ekki koma með neinar ágiskanir um það, hvað þetta nemi miklu, en svo rífleg er skömtun vínanda til lækna, að sumir þeirra telja um of. Er þar vitanlega að ræða um nokkrar þúsundir lítra, sem ríkissjóði ber að njóta tekna af.

Jeg þykist þá ekki þurfa að taka fleira fram um þetta að sinni, en vil mælast til að málið sje látið ganga til fjhn. Það á þar heima, þótt því reyndar væri vísað til allshn. á síðasta þingi.

Bjarni Jónsson: Jeg skal taka það fram, að jeg er enginn sjerfræðingur í þeim greinum, sem hjer eru nú til umræðu, þó hv. flm. sjeu það máske, og vænti jeg því, að hv. þm. fyrirgefi mjer það, ef jeg segi eitthvað óviturlegt.

Eitt undrast jeg, sem hv. flm. (SvÓ) tók fram í ræðu sinni, það, að hann kvartaði yfir því, hvað niðurskurðurinn mætti mikilli mótspyrnu hjer á hinu háa Alþingi. Jeg kalla það ganga vel, þar sem nýlega hefir verið samþ. í þessari hv. deild með 24 : 4 atkv. að svíkja loforð sjálfs þingsins og undirskrift konungs. Mjer finst, að hann (SvÓ) ætti að geta verið ánægður í hjarta sínu með þau afrek.

Og ljós vottur þess, hvernig komið er, er þetta, að nú á að nema burt þá tryggingu, sem fólki er veitt í því, að lyfjabúðir hafi sæmileg lyf.

Þetta er læknamál, og lá áður undir landlækni; hafði hann eftirlitið á hendi, og gekk þá alt vel. Síðan var starf þetta fengið í hendur sjerstökum lyfjafræðing, og var því þar náttúrlega vel borgið og ekki ótryggilegar. En nú á að gera sjer hægt fyrir og leggja eftirlitið undir forstjóra landsverslunar. (SvÓ: Nei!) Jú. — Þetta er góður vottur þeirrar menningarstefnu, sem nú

virðist ríkja í þessari háttv. deild. Það gæti þá vel verið, að ýmsum verði að minnast orða Einars Þveræings um konungaskifti „at þeir eru újafnir, sumir góðir, en sumir illir.“ Það hefði þá verið óþarfi af stjórninni að skipa sjerstakan eftirlitsmann, í stað þess að fela forstjóranum alt á hendur. Sjúklingar hefðu þá átt undir honum, hvort lyfin væru góð og rjett keypt. Hvað það snertir að hafa lyfjafróðan mann til aðstoðar í landsverslun, þá gæti jeg hugsað, að til væri sá lyfjafræðingur, er liti svo stórt á sig, að hann vildi ekki láta skipa sjer að vera undirtylla í landsverslun. Hitt er auðvitað það rjetta, að greina að eftirlitið og vínverslunina, og er sjálfsagt að gera það, þó það sje ekki í anda þessarar nýju menningarstefnu.

Jeg ætla ekki að fara langt inn á einstök atriði. Þó vil jeg benda nefnd — sem jeg býst við að verði mentamálanefnd, úr því hin málin fóru til allshn. — á það, að rjett sje, að eftirlitsmaðurinn hafi með höndum stórsölu, en kaupmenn hafi útsölu og borgi vissa upphæð í ríkissjóð í staðinn. Mundi ríkissjóður hafa langtum meira upp úr þessu en því svarar að spara laun tveggja til þriggja embættismanna. Annað ynnist líka með þessu: þá þyrfti ríkissjóður ekki að festa eins mikið fje í veltu, er varan væri ekki útveguð fyr en kaupandi hefði beðið um hana og trygging fyrir borgun eftir tvo til þrjá mánuði. Þetta fyrirkomulag er að öllu betra og tryggara. Það er blátt áfram búhnykkur, og er furða, að jafn-mannmargt þing skuli ekki hafa dottið ofan á þetta. Þá væri rjett að draga úr áhættu ríkissjóðs af tóbakssölunni, gefa hana frjálsa öllum, sem vildu, en taka gróðann í hækkuðum tolli. Mundu menn þá fá ódýrara tóbak og borga ánægðir tollinn. En ríkissjóður losnaði við áhættu og þyrfti ekki að festa fje sitt, en fengi þó meiri tekjur. Jeg bendi hv. nefnd á þetta, ef hún vildi viðhafa svona gamaldags aðferðir í stað þessara nýju.

Þess má líka geta, að núverandi eftirlitsmaður hefir stofnað rannsóknarstofu, þar sem hann reynir efnasamsetningu lyfja, svo menn geti verið öruggir um, að þau sjeu rjett blönduð og hafi rjett gæði. Jeg skal ekki segja, nema forstjóri landsverslunarinnar kunni að fara með þessi áhöld. En annars mætti setja lyfjafræðing fyrir landsverslunina, og þá aftur kaupmann eða verslunarfróðan mann til þess að hafa á hendi eftirlitið.

Þetta eru almennir skraddaraþankar, sem jeg læt í ljós um leið og jeg þakka flm. fyrir þetta nýja mentafrvumvarp.

Forsætisráðherra (SE): Eins og kunnugt er, var líkt frv. borið fram á síðasta þingi og þá athugað í nefnd. Jeg skýrði þá frá því, að engir samningar hefðu verið gerðir við starfsmennina, nema þriggja ára samningur við forstjórann, sem útrunninn mun í ár, einmitt vegna þess, að stjórnin hefði viljað gefa þinginu kost á því að koma öðru fyrirkomulagi á verslunina, ef svo sýndist. Enn hafa heldur ekki verið gerðr neinir samningar, og stendur spursmálið því opið. Jeg geri ráð fyrir, að málið fari í nefnd, og mun jeg ekki frekar ræða það á þessu stigi, ef ekki gefst sjerstakt tilefni til þess. Þó vil jeg benda á eitt atriði. Í 2. gr. frv. er heimilað að leggja 25—70% á alt áfengi, sem flyst til landsins. En eftir gildandi lögum má sama sem ekkert leggja á það áfengi, sem ætlað er til lyfja. Á þessu hafa lyfjabúðirnar grætt alveg óskap-

lega. Hinsvegar vildi stjórnin ekki lækka verðið, er ný lyfjaskrá var samin, af ótta við, að þá yrði meira drukkið. En þessi hækkun er rjettmæt, því það eru ekki sjúklingar, heldur lyfjabúðirnar, sem á þessu hafa grætt. Er því mjög æskilegt, að heimilað verði að leggja einnig á það áfengi, sem ætlað er til lyfja.

Flm.(Sveinn Ólafsson): Jeg vildi segja örfá orð út af skraddaraþönkum hv. þm. Dala. (BJ). En svo nefnir hann þessar síðustu villukenningar sínar. Hann vill reyna að hafa meira upp úr vínsölunni, með því að hafa hana frjálsa og fá hana í hendur hverjum sem hafa vill. Kalla mætti þetta búmannlegt, en varla mundi hann vinsæll, enda hagnaður ríkisins tvísýnn af slíku, og almenningshagur þó enn tvísýnni. Líta auk heldur ýmsir svo á, að einkasalan sje víðtækari en ástæða er til. Líkt má segja um tóbakseinkasöluna, sem hann lagði til að yrði skilin frá landsverslun og lögð niður. Hygg jeg, að fáir fallist á það, að tekjur ríkisins af tóbakssölunni mundu nást með hækkuðum tolli, því hætt er við, að þá ykist launverslun að stórum mun, er tóbakið hækkaði í verði við tollaukann, sem auk þess yrði svo lagt á af kaupmönnum. (**MJ:** Hvernig er það nú á Austurlandi?) Um það get jeg vísað hv. þm. til veðurskeytanna í dag. Háttv. þm. Dala. lagði ennfremur áherslu á það, að ef frv. þetta næði fram að ganga, myndi eftirlitið verða lakara með lyfjabúðunum. Veit jeg ekki, á hverju þetta er bygt, því eins og allir sjá, er gert ráð fyrir því í frv., að eftirlitsmaður verði áfram við sitt starf. Landstjórninni er sjálfrátt eftir frv. að skipa eftirlitsmann með lyfjabúðum og áfengiskaupum þeirra, en einnig að láta hann leiðbeina um áfengiskaup landsverslunar. Nái breyting þessi fram að ganga, getur eftirlitið orðið greint frá einkasölunni, ef verkast vill, en enganveginn burtu kipt. Annars hygg jeg, að þetta eftirlit lyfjabúða, 1 eða 2 tíma einu sinni á ári, sje fremur þýðingarlítið og ekki margra peninga virði. Reyndar hygg jeg þetta eftirlit best komið hjá landlækni, eins og áður var, eða heilbrigðisráði því, sem kæmi í hans stað, ef embættið legðist niður. Annars sje jeg ekkert á móti því, að eftirlitsmaður vinni tvent í einu: líti eftir lyfjabúðum og útvegi lyf og leiðbeini landsverslun um áfengiskaup. Sje jeg ekki, að með því sje gert neitt lítið úr honum eða að hann þurfi að firtast af því.

Þá voru þessar upplýsingar hv. þm. Dala. um rannsóknarstofu eftirlitsmannsins. Sje hún nauðsynleg vegna eftirlitsins, er sjálfsagt, að henni verði haldið áfram. Enda mun eitthvað líkt hafa verið hjá landlækni, meðan eftirlitið var hjá honum, og mun verða hjá hverjum, sem það hefir með höndum.

Magnús Guðmundsson: Jeg vildi aðeins minna á það, að á þingi 1921 flutti jeg frv. um einkasölu á áfengi, þar sem gert var ráð fyrir, að ríkissjóður hefði tekjur af innfluttu áfengi til lyfja. Það gleður mig, að hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir skift um skoðun síðan, því þá fanst honum mesta ósvinna að ríkið græddi á sjúklingum. En lyfjabúðirnar máttu selja á 16 kr. það, sem þær fengu á 8. Mjer þykir vænt um, að hv. þm. (SvÓ) er nú kominn á þá skoðun, er jeg hafði þá, en hann mælti þá á

móti. Það er vafalaust, að ríkissjóður gæti haft mikinn hag af þessu, og væri þetta fje betur komið hjá honum en hjá lyfsölunum. En það er synd 1. þm. S.-M., að þetta hefir gengið rangt til i þrjú ár.

Um sameining á þessum tveimur verslunum, þá tel jeg það langrjettast, svo framarlega sem ekki sjeu neinir samningar við þá, sem við áfengisverslunina eru, sem geri það ómögulegt. Jeg þekki ekki þá samninga. Það er sagt, að forstöðumaður vínverslunar sje ráðinn til þriggja ára, fyrir 15. þús. kr. á ári. Jeg man ekki, hvað langt er síðan. Hæstvirt núverandi stjórn gerði þann samning. (**Forsrh., SE:** Hæstv. fyrv. stjórn benti á manninn.) En hún rjeð hann ekki, og jeg hefi oft vitað menn ráðna til styttri tíma en þriggja ára.

Annars er leiðinlegt, að háttv. flm. hafa ekki reiknað út tekjuaukann af þessu frv. Jeg skil ekki, að hann verði minni en 1—200 þús. kr.

Forsætisráðherra (SE): Jeg barðist á sínum tíma gegn stofnun þessa embættis, og leit svo á, að eftirlitið með lyfsölubúðunum mundi framvegis vera hjá landlækni. Ráðningartími Mogensens er rjett útrunninn, og var ekki við að búast, að hann rjeði sig fyrir styttri tíma, þar sem hann varð að hætta við lyfsölubúð sína á Seyðisfirði. Ef sameiningin þætti ráðleg, þá væri því ekkert til fyrirstöðu, að hún væri gerð nú. Það mundi og engu skifta, þó greiða þyrfti Mogensen ½ ár laun eða svo, því vitanlega verður hann að fá laun fyrir allan ráðningartímann, en sameiningin yrði væntanlega ekki komin í kring, þó gerð yrði, fyrr en sá tími væri útrunninn.

Jakob Möller: Háttv. aðalflm. hefir gert það að tillögu sinni, að frv. verði vísað til fjhn. Jeg get fallist á, að það sje rjett, og tel heppilegt, að það fari þegar til þeirrar nefndar. Gefur það tilefni til þess, að nefndin athugi, hvaða afstöðu beri að taka til ríkisverslunar yfirleitt. Jeg segi því ekkert um afstöðu mína til frv., þó jeg greiði atkv. með því til 2. umr.

Af ræðu 1. þm. Skagf. (MG) þykist jeg sjá, að það sje ekki vilji meirihl. að draga úr ríkisverslun, og er þá vitanlega álitamál, hvort ekki sje rjett að sameina.

Með þessu vildi jeg aðeins gera grein fyrir atkv. mínu.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Hv. 1. þm. Skagf. (MG) ljet þau orð falla, að mjer hefði verið að kenna undanþága álagningar á áfengi til lyfja á þingi 1921. En jeg held, að ef einhverjum ætti að kenna um hana, þá sje það allsherjarnefndir þess þings. En þar átti jeg þá ekki sæti. En eftir þeim upplýsingum, sem nefndunum voru gefnar af lyfjafróðum mönnum og fulltrúum lyfjabúðanna hjer, munu þær hafa horfið að þessu ráði að hafa áfengi til lyfja undanþegið álagningu. Á þetta fjelst jeg, en vissulega var ekki meiningin, að áfengi til iðnaðar slyppi við álagningu, nje það áfengi, sem hefir — því miður — lent á óleyfilegum stöðum og orðið lyfjabúðum og læknunum sumum að fjeþúfu. Það er framkvæmd þessarar undanþágu, sem hneyksli hefir valdið, en ekki ákvæðið sjálft.

Jeg tek ekki nærri mjer að játa, að jeg hefi skift um skoðun í þessu atriði málsins frá 1921, af því að jeg sje, að framkvæmd þess hefir leitt til mis-

brúkunar og tjóns fyrir ríkissjóð. Af reynslunni verðum vjer allir að læra, og það er ekkert sjerstaklegt fyrir mig.

Þessvegna er það líka út í hött talað hjá hv. 1. þm. Skagf., að skaði ríkissjóðs á sölu vínandans til lyfjabúða og lækna brenni á baki mjer. Sök á þeim skaða, ef um sök gæti verið að ræða, hvílir vitanlega á þeim þingmeirihl., sem lögin samþykti 1921, og fyrst og fremst á allsherjarnefndunum, sem rjeðu meðferðinni að lokum.

Fyrir því er þetta olnbogaskot hv. 1. þm. Skagf. ófyrirsynju og óþarft.

Háttv. sami þm. kvartar yfir því, að við flm. hefðum ekki reiknað út upphæðir þær, sem mundu sparast við þetta frv., ef það yrði að lögum. Jeg tók það fram, að okkur hefði vantað gögn til þess, og því ljetum við okkur nægja að benda á helstu sparnaðaratriði. Í greinargerð frv. eru líkur leiddar að því, að sparast geti ⅓ mannahalds beggja einkasölugreina, og er þar því nokkur áætlun um sparnaðinn. Hinsvegar brast okkur og brestur upplýsingar um það, hve mikið áfengi er afhent læknum og lyfjabúðum án álagningar og getum því ekki áætlað að svo komnu, hve miklu nemur álagning þess áfengis, ef upp verður tekin. En með vissu vitum við þó, að hjer er að ræða um talsverða upphæð, og jafnvel alvarlega misbrúkun á lyfjaáfengi.

Upplýsingar um þetta o. fl., sem máli skiftir, hlýtur væntanleg nefnd að útvega, og má álítast hennar verkefni.

Magnús Torfason: Jeg ætla að byrja með því að taka upp orð háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), um að nefndin taki þetta mál til betri meðferðar, því ekki mun af veita. Einnig ætla jeg að taka það fram, þessum sama hv. þm. til íhugunar, að jeg er ánægður yfir því, að hann hefir tekið sinnaskiftum í þessu máli, og að jeg tel hann hafa vaxið af því. En þessar breytingar skilst mjer vera þannig vaxnar, að margt þurfi fleira athugunar við en sameining verslananna. Yfirleitt hefir áfengisverslunin og ráðstafanir, sem gerðar hafa verið henni viðvíkjandi, verið talsvert athugaverðar, en þar sem jeg býst við, að frv. verði vísað til nefndar og jeg geri ekki ráð fyrir að eiga sæti í þeirri nefnd, þykir mjer rjett að taka fram nokkur atriði nefndinni til íhugunar.

Að því er þetta mál snertir, verð jeg að minna á lög frá 4. apríl 1923, um undanþágu frá lögum frá 1917, um bann gegn áfengi; voru þetta ekki fyrstu lögin, sem gefin voru út um þetta efni, heldur lög frá 31. maí 1922, og tilskipun gefin út sama dag. Þau lög áttu ekki að gilda lengur en til næsta Alþingis, og fjellu þau þá niður að sjálfsögðu og þar með tilskipunin, sem gefin var út samkvæmt þessum lögum, og þá vitanlega reglugerð, sem bygð var á þessari tilskipun. Nú hefi jeg ekki við lauslega athugun getað orðið var við, að nokkur reglugerð, gefin út eftir lögunum frá 4. apríl 1923, hafi verið samin. Spyr jeg því hjer með hæstv. forsrh. (SE) um, hvort slík reglugerð hafi verið sett. — Nú þar sem jeg fæ ekki svar um þetta, verð jeg að ganga út frá, að svo sje ekki, og ef svo er, að engin reglugerð sje til, er ekkert til, sem lagagildi hefir um þetta. Nú skal jeg ekki fara lengra út í þessar sakir, en tek það aðeins fram, að jeg tel það hepni, að engin reglugerð er til sem stendur, þar sem jeg álít, að ástæða sje til að breyta ýmsu

í gömlu reglugerðinni (frá 18. júlí 1922). Þar er ákveðið, að stofna skuli áfengisverslanir í kaupstöðum, en það álít jeg að fari í bág við lög frá 11. nóv. 1899, um sölu og verslun áfengra drykkja. Samkvæmt þeim lögum, sem ekki hafa verið enn upphafin, hvorki með bannlögunum frá 1909 eða 1917, má hvergi setja á stofn verslun með áfengi, nema leyfi bæjarstjórnar komi til. Get jeg því ekki betur sjeð, en að þetta sje beinlínis brot á 2. gr. þessara laga frá 1899. Enn er í sömu lögum, 7. gr., það ákvæði, að áfengisveitingar mega hvergi eiga sjer stað, nema meirihl. kaupstaðarbúa samþykki þær. Einnig með þessu ákvæði reglugerðarinnar eru nefnd lög brotin. Þegar næsta reglugerð verður samin, þarf að breyta þessu, og því fremur sem jeg tel alls óvíst, að meira muni seljast af víni, þó þessar verslunarholur verði stofnaðar úti um landið. Það má haga því svo til, að menn kaupi vínin samt. Það hlýtur að leggjast talsverður óþarfakostnaður á þessar vínverslunarholur eða milliliði og gerir það að verkum, að vínin verða of dýr, en almenningur vill ávalt fá dropann sem ódýrastan. Það er algilt lögmál, að því ódýrari sem dropinn er, þess meira er drukkið.

Annað atriði, sem jeg álít sje óþarft, er seðlaríið. Jeg álít þessa seðlaútgáfu algerlega óþarfa, en til mikils kostnaðarauka og fyrirhafnar. Það er enginn vafi á því, að mikið af hinum alóþarfa kostnaði, sem hefir orðið við vínverslunina, stafar frá seðlunum. Á þessa seðla eiga menn að rita skriflega yfirlýsingu, að viðlögðum drengskap, um að viðkomandi kaupi vínin aðeins til eigin neyslu. Jeg álít þetta fyrirkomulag alveg óþarft. Það er þarfleysa að láta menn gefa drengskaparyfirlýsingar að nauðsynjalausu. Það mun vera svo, að þeir, sem vandari eru að virðingu sinni, fái aðra til að fara fyrir sig til áfengiskaupanna, af því þeir vilja ekki undirrita vottorðið. Er auðvelt að fá nóga menn af götunni fyrir lítið verð til þessara hluta. Jeg er þessu máli hvergi gerkunnugri en í Árnessýslu; þangað voru sendir yfir 3 þús. seðlar, til þess að allir gætu fengið, sem hafa vildu, nema ef vera skyldi örvasa gamalmenni og hvítvoðungar. Jeg sendi dálítið af þessum seðlum út um hjeruð, en nú nýlega hefi jeg fengið vitneskju um, að enginn maður úr Árnessýslu hafi beðið um þessa vínseðla. Þó mun enginn vafi á því, að talsvert af vínum hefir komist austur þangað. Á þessu er illmögulegt fyrir lögreglustjóra að hafa gát. Menn geta hafa skrifað undir þessar yfirlýsingar hjer syðra, og yfir höfuð er á ýmsa vegu hægt að fara í kringum þetta. Það er því augljóst, að seðlar þessir hafa alls ekki náð tilgangi sínum. Þetta heit er líka tilgangslaust. Sje framið brot á áfengislögunum, þá á að hegna fyrir það, og þar sem það eykur ekkert á hegninguna, þótt drengskaparheiti hafi verið traðkað, hafa seðlarnir alls enga þýðingu. Sje seðlaríinu slept, verður og óþarfi að hafa vínsölu annarsstaðar en í Reykjavík. Er jeg sannfærður um, að ekki mundi verða minna keypt fyrir þá sök, áfengið ódýrara og meiri hagnaður af versluninni.

Þá er annað ákvæði í þessari reglugerð, sem jeg tel einskisvert. Í 7. gr. er svo kveðið á, að enginn megi kaupa meira en 10 lítra á mánuði; menn fara í kringum þetta eins og þeir ætla sjer. Það eru tiltölulega fáir menn, sem kaupa vín að staðaldri, svo það er altaf

hægt að fá nóga til þess að kaupa fyrir sig, en ákvæðið getur orðið til þess, að menn úti um land geta síður pantað vin frá Reykjavík. Upphaflegum tilgangi sínum getur það aftur á móti ekki náð. Það var þetta, sem jeg vildi sjerstaklega benda hv. nefnd á að taka til rækilegrar athugunar; og þó sjerstaklega það, að gömul og góð landslög sjeu ekki brotin að óþörfu.

Forsætisráðherra (SE): Hv. 1. þm. Árn. (MT) leit svo á, að reglugerðin frá 1922 væri ekki í gildi ennþá, þar sem lög þau, sem hún væri bygð á, væri fallin úr gildi, en þar til er því að svara, að lögin frá 1923 eru alveg eins og lögin frá 1922, að því undanskildu, að síðari lögin eru ekki bundin við neinn ákveðinn tíma. Jeg skoða þessa aðfinslu sem hreint „juristeri", sem ekki muni hafa neina praktiska þýðingu. Að lögin frá 1899 sjeu ennþá í gildi, tel jeg meira en vafasamt. (**BL:** Þau hafa altaf verið í gildi.) (**Atvrh., KlJ:** Fjellu með bannlögunum.) Háttv. 1. þm. Árn. (MT) álítur væntanlega, að þau hafi verið vakin upp með undanþágunni frá bannlögunum, en þar skjátlast honum.

Að því er seðlana snertir, þá voru þeir ætlaðir til að draga úr vínaustrinum. Jeg held, að þeir hafi komið að einhverju gagni. Sama er að segja um 10 lítra ákvæðið. Jeg geri ráð fyrir, að hv. nefnd taki einnig þetta ákvæði til athugunar. En því má ekki gleyma, að bæði seðlarnir og aðrar takmarkanir reglugerðarinnar voru viðleitni af stjórnarinnar hálfu til þess að takmarka vínnautnina í landinu; en það verk er ákaflega mörgum erfiðleikum bundið. Jeg hefi gert fleiri tilraunir í þessa átt, t. d. reynt að takmarka áfengi það, sem læknar hafa til umráða, og sömuleiðis áfengi lyfjabúðanna, en það er miklum erfiðleikum bundið. Jeg hefi farið talsvert lengra í því efni en ráðunautar mínir hafa lagt til, því jeg hefi skilið vilja þingsins þannig, að reynt skuli að hafa hemil á áfengisnautninni eftir föngum.

Bjarni Jónsson: Jeg heyrði það á ræðu hv. flm. (SvÓ), að ást hans á ríkissjóði og viðleitni hans til þess að auka tekjur ríkissjóðs náði ekki lengra en að bindindinu. Þó að það sje í lögum, að vín megi flytja inn í landið, má ríkissjóður ekki hafa tekjur af því. Hann vill vera barnfóstra landsmanna og ætlar sjer að sjá um, að þeir drekki ekki of mikið. Önnur fjármálaregla hans er sú, að spyrja aldrei, hvort rjett sje og skynsamlegt eða ríkissjóði í hag, — nei, í þessari tíð, er það ekki hagur ríkissjóðs — ekki tekjuauki ríkissjóðs, sem hann hugsar um, nei, heldur er það hegðun fjöldans. Þar er hugur hans allur. Eftir þessu hygg jeg, að fleiri hafi tekið en jeg. Þegar talað er um að stofna til einhvers tekjuauka ríkissjóði til handa, segir hann, að hagur fjöldans stefni ekki að því. Þetta sje fjöldanum í óhag. Þetta er þá allur sparnaðurinn! Þetta sparnaðarhjal er því aðeins til þess gert að laða að sjálfum sjer hug fjöldans, kjósendanna, til þess að mæla með sjálfum sjer við næstu kosningar. (**SvÓ:** Er það ekki fjöldinn, sem ræður? **JÞ:** Jú við kosningar!)

Magnús Guðmundsson: Mjer skildist það á háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að hann teldi það olnbogaskot til sín, að jeg benti á skoðanaskifti hans síðan á þinginu

1921. Jeg gerði það alls ekki í þeim tilgangi, að hann hefði óvirðing af því. Það gleður mig einmitt, að hann er kominn á mína skoðun í þessu máli síðan, og jeg virði hann að meira fyrir, enda hefir hann og gengist mannlega við því. Háttv. þm. (SvÓ) var frsm. nefndar þeirrar, er um þetta mál fjallaði á því þingi, og það var fjárhagsnefnd en ekki allsherjarnefnd, eins og hann ljet í veðri vaka. Nú sjer hann, að það munar engu á lyfjaversluninni, þó ríkissjóður taki ágóðann af vínandanum, en fyrrum taldi hann ósæmilegt að ríkissjóður græddi á vínanda, þar sem hjer væri bannland. Hefir honum því líka snúist hugur síðan í þessu efni. (SvÓ: Já, óviðeigandi að græða á sjúkingum!) Það kemur alls ekki sjúklingum við, hvað sje óviðeigandi í bannlandi eða ekki. Jeg segi þetta alls ekki til að ámæla hv. 1. þm. S.-M., því nú erum við sammála.

Viðvíkjandi orðum hv. 1. þm. Árn. (MT) lýsi jeg mig samþykkan honum í því, að bæði seðlaútgáfan og drengskaparvottorðin sjeu óþörf. Aftur á móti get jeg ekki sagt hið sama um skoðun þessa hv. þm. á því, að lögin frá 1899 sjeu enn í fullu gildi (MT: Aldrei fallið úr gildi!), eða ekki verið feld úr gildi og nú komin á aftur. Um þetta má að vísu deila, en jeg held því fram, að þau lög hafi fallið niður með bannlögunum.

Magnús Torfason: Að því er snertir orð hæstv. forsrh. (SE), þá vil jeg taka það fram, að jeg lít svo á, að þar sem reglugerðin gamla hefir ekki verið endurnýjuð eftir að lög 4. apríl 1923 voru sett, þá sje hún í raun rjettri fallin úr gildi og því engin hegningarákvæði til á þessu sviði. Myndi það og fljótt koma í ljós, ef slík mál færu til dóms, að dómarar litu sömu augum á það mál. Að því er snertir lögin frá 1899, hvort þau sjeu úr gildi numinn, þá vil jeg vitna til 22. gr. í lögunum 1909. Þar segir svo:

„Með lögum þessum eru numin úr gildi þau ákvæði laga nr. 26, 11. nóv. 1899 og önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi." Hjer sjest það greinilega, að þau lagaákvæði í l. 11. nóv. 1899, sem ekki koma í bága við lögin frá 1909, eru bráðlifandi eftir sem áður. Eins stendur í 23. gr. bannlaganna frá 1917. Sú grein hljóðar svo:

„Með lögum þessum eru numin úr gildi öll þau lagaákvæði, er koma í bága við þau." Jeg get ekki komist að annari niðurstöðu en þeirri, að þau lagaákvæði, sem menn deila á um hjer, hafi verið lifandi eftir 1909, enda notuð til ársloka 1915. Síðan hefir ekki þurft á þeim að halda, til þess undanþágulögin gengu í gildi. Þau hafa með öðrum orðum bara sofið.

Jeg skal annars taka það fram, viðvíkjandi þessu ákvæði um 10 lítra, að því fer fjarri, að jeg kæri mig um meiri vínaustur út um landið. Jeg virði þvert á móti þá viðleitni hæstv. stjórnar að reyna að hafa hemil á Bakkusi. En hinu verð jeg að halda fram, að þeir, sem hafa samið reglugerðina, hafa ekki farið eins kænlega að og æskilegt væri. Er full þörf á því að gera verslunina einfaldari og brotaminni, því ilt er, að þessi tekjulind ríkissjóðsins sje þurausin af of miklu mannahaldi við rekstrinn.

Forsætisráðherra (SE): Jeg skal, út af þessum ágreiningi um lögin frá 1899, geta þess, að bráðum fæst hæstarjett-

ardómur í því máli. Kona nokkur hjer í bænum, sem hafði vínsöluleyfi eftir gömlu lögum, tók, ekki fyrir alllöngu síðan, að veita hjer vín. Stjórnin ljet höfða mál á móti henni og var það dæmt í undirrjetti á þá leið, að hún hefði enga heimild til vínveitinga. Hefir stjórnin því stuðning þarna í nýfeldum dómi. Annars þýðir ekki að deila lengur um þetta hjer, því vel má bíða, þar til hæstirjettur leggur úrskurð sinn á málið. En fastlega býst jeg við því, að hæstirjettur líti eins á málið.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Jeg vildi aðeins skjóta því fram, út af orðum hv. 1. þm. Skagf. (MG), sem reyndar er áður fram tekið, að jeg var alls ekki í þeirri nefnd, sem að lokum rjeð vínveinkasölunni til lykta 1921, og því ekki frsm. hennar. Hann hefir því skotið fram hjá markinu. Annars held jeg, að hann sje einn þeirra, sem kenna má um undanþágu álagningarinnar.

Jeg man ekki til þess, að hv. þm. (MG) legðist neitt fast á móti undanþágunni, og mun hafa fallist á hana mótstöðulítið eða mótstöðulaust. Hitt er eðlilegt, að jeg og aðrir, sem af fenginni reynslu hafa sjeð, að þetta undanþágufyrirkomulag er óheppilegt og hefir verið misbrúkað, sjeum fúsir á að hafna því.

Jeg verð enn að halda því fram, að sú sjerstaka ásökun til mín, frá hv. 1. þm. Skagf., vegna meðferðar laganna 1921, sje órjettmætt olbogaskot. — Blindskotinu frá hv. þm. Dala. (BJ) ætla jeg ekki að svara.

Magnús Guðmundsson: Jeg vildi aðeins, út af orðum hv. 1. þm. S.-M., benda á það, að nú er nákvæmlega sama bannið og 1921, svo þetta getur ekki rjettlætt skoðanaskiftin. Þarf ekki annað en lesa þingtíðindin frá þeim tíma, til þess að sjá þetta. Annars geri jeg ekki svo lítið úr þeirri yfirsjón, sem hjer er um að ræða, því hún hefir nú í þessi ár, sem liðin eru síðan, munað ríkissjóðinn ½ miljón króna, og eins og jeg sagði áðan er það synd, sem fyrst og fremst brennur á baki þess hv. þm. (SvÓ), þar sem hann var framsögum. þeirrar nefndar, sem lagði móti þessari tollun. Undrar mig stórum, að hann skuli neita því, að málið var í fjárhagsnefnd 1921 og hann framsögum. Þingtíðindin sýna þetta, og þau liggja hjer fyrir framan mig.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., mánudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 43, n. 448, 450 og 454).

Frsm. 1. hl. (Ágúst Flygenring): Eins og sýnilegt er af þingskjölunum, þá hefir nefndin ekki getað orðið á sama máli um frv. þetta. 1. hluti nefndarinnar getur eftir atvikum fallist á 2. gr. frv., en um 1. gr. þess er öðru máli að gegna. Getum við ekki fallist á, að hún nai fram að ganga, því við sjáum ekki, að það leiði til nokkurra hagsbóta að leggja forstöðu vínverslunarinnar undir forstöðumann olíuverslunarinnar. Höfum við leitað álits landsverslunarforstjórans, og hefir hann ráðið frá þessari sameiningu. Telur hann sitt fólk hafa meir en nóg að gera, og vill sjálfur ekki taka

þetta að sjer. Yrði því að ráða nýjan mann til að hafa forstöðu vínverslunardeildarinnar á hendi, ef hún ætti að flytjast undir forstjóra svonefndrar landsverslunar, og þó sá maður yrði undir umsjón landsverslunarforstjórans, þá er það ljóst, að peningalega myndi ekki vinnast mikið á við þetta. Því verður heldur ekki gengið fram hjá, að það krefur alt annarar þekkingar að hafa á hendi verslun með vín eða verslun með steinolíu, og það er barnaskapur að setja slíkt undir sömu stjórn. Með þeirri þekkingu, sem forstjórar þessara verslana, hvor um sig, hafa til að bera, hika jeg meira að segja ekki við að segja, að þetta sje ógerningur. Er vínverslunin líka út af fyrir sig svo stórt fyrirtæki, að tæplega er hægt að sameina það öðrum verslunarrekstri, nema til óhags og spillis. Við viljum því ekki, 1. hluti nefndarinnar, fara að hrófla við vínversluninni eins og stendur. En þegar breyting verður á forstöðu vínverslunarinnar, þá teljum við sjálfsagt að fá hana í hendur manni, sem sjerþekkingu hafi á þessu sviði og geti haft á hendi umsjón með lyfjakaupum apótekanna, ef slíkur maður er þá fáanlegur, en annars teljum við sjálfsagt að ráða sjerstakan mann til þess.

2. hluti nefndarinnar hefir lagt það til, að málið verði lagt á vald hæstv. stjórnar, til þeirrar skipunar, sem hún telur heppilegasta. Ef breyting verður gerð á núverandi fyrirkomulagi, þá verður stjórnin að skipa því á þann hátt, sem henni best þykir, líklega til þess er þing kemur næst saman. En jeg hygg, að aldrei muni fást neinn sæmilegur árangur, ef að endilega og ófrávíkjanlega einn og sami maður á að veita þessum verslunum forstöðu. Það er svo gagnólíkt að hafa með höndum verslun með steinolíu og verslun með vín, að ólíklegt er, að hægt sje að fá mann, sem sje jafn-vel hæfur til hvorttveggja, og síst, að hann hafi þá lyfjaþekking í viðbót, a. m. k. sem stendur, og kæri sig þá um það að hafa þetta hvorttveggja eða alt með höndum.

Jeg legg því á móti því, að þetta frv. verði samþykt, eins og það liggur fyrir. En jeg mæli með því, sem stendur í 2. gr. frv., að tollur á öllum vínanda, sem inn flyst, verði hækkaður hæfilega, eins og 2. gr. gerir ráð fyrir.

Jeg mun svo ekki fjölyrða meira að sinni. En jeg vona, að deildin líti á málið einkum frá praktiskri hlið, og sjái, að með þessu frv. er ekkert unnið.

Frsm. 3. hl. (Jakob Möller): Jeg sje það, að hv. frsm. 2. hluta fjárhagsnefndar er ekki viðlátinn, svo það verður væntanlega ekki skoðað sem framhleypni af mjer, þó jeg, sem 3. og minsti hluti nefndarinnar, skjótist fram fyrir hann.

Eins og hv. þdm. hafa nú kynt sjer, þá hefir það atvikast þannig, að jeg einn í fjhn. er því fylgjandi, að sú sameining ríkisverslananna fari fram, sem þetta frv. leggur til.

Hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) vildi ekki kannast við það, fyrir hönd 1. hluta fjhn., að nokkur sparnaður geti af þessu frv. orðið. Jeg geri nú ráð fyrir því, ef jeg hefði látið þessi orð falla, að þá hefði verið sagt, að þetta væri vanaviðkvæðið, þegar talað væri um sameining embætta. En í þessu tilfelli er það augljóst, að um stórfeldan sparnað er að ræða. Ef það er sparnaður að sameina landsbókavarðar- og þjóðskjalavarðarembættin, þar sem það kemur

ekki til mála að blanda söfnunum saman á neinn hátt, nje gera sameiginlega afgreiðslu, heldur aðeins að setja einn mann yfir bæði söfnin, þá er sparnaðurinn enn augljósari hjer, þar sem nota má sömu skrifstofur og sömu afgreiðslu fyrir verslanir ríkisins. Skrifstofustörfum er svo háttað, að þó menn hafi yfirdrifið að gera einn daginn, þá hafa þeir kanske lítið að starfa hinn. En því stærri sem skrifstofurnar eru, því jafnari er vinnan. Þetta er viðurkent, enda eru stórar verslanir ódýrari í rekstri, hlutfallslega, en hinar smærri. Það er því furða, að nokkur maður, hvað þá maður, sem nákunnugur er verslunarrekstri, skuli leyfa sjer að halda sliku fram, að hjer geti ekki verið um neinn sparnað að ræða. Hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) fer heldur ekki lengra en það, að hann segir, að ef til vill muni eitthvað geta sparast á skrifstofuhaldi. En það er vitanlega ekki það eina, sem spara má á. Það er lafhægt að sameina forstöðu verslananna og fá hana í hendur einum manni.

Jeg vil nú vekja athygli hv. þdm. á einu atriði í nál. 1. hluta fjhn. í þessu máli. Þar segir svo:

„Fari svo, að breyting verði á forstöðu þessarar verslunar, teljum við sjálfsagt að skipa í þá stöðu hæfan mann, er hafi nokkra fagþekkingu í allri meðferð og geymslu vínfanga og hafi auk þess góða almenna verslunarþekkingu."

Þetta er auðvitað rjett. En hvað er á móti því, að maður, sem hefir slíka þekkingu, veiti einnig tóbaksversluninni forstöðu? Ef maður, sem er hæfur landsbókavörður, er að sjálfsögðu hæfur þjóðskjalavörður, þá ætti að vera auðsætt, að maður, sem hefir sjerþekking á meðferð vína og er gæddur almennri verslunarþekkingu, ætti engu síður að vera hæfur til að taka að sjer forstöðu þessara tveggja verslunarfyrirtækja. Eðlismunur starfanna er ekki meiri hjer, heldur minni, því fyrir utan það að vera gæddur almennri verslunarþekkingu og vera tryggur og dyggur maður, sje jeg ekki að útheimtist neitt til þess að stjórna tóbaksversluninni. Jeg skal játa, að til þess að stjórna vínversluninni þurfi öllu meiri sjerþekkingu. Nú eru þar ráðnir menn, sem enga sjerþekkingu hafa, svo ekki er úr háum söðli að detta, hvað þetta snertir. Því þó þeir sjeu búnir að vinna þarna eitt til tvö ár, þá mun sjerþekking þeirra ekki alldjúp enn orðin, svo þó þeirra misti við, þá mundi mega fá fulteins hæfa menn í þeirra stað.

Því er borið við, að báðir forstjórarnir leggi á móti sameiningunni. Jeg játa það, að nefndin gerði menn á fund þeirra beggja til þess að biðja þá að segja sitt álit, og töldu þeir báðir sameininguna óheppilega. Þetta er eðlilegt. Hver forstjóri kýs að hafa minna starf og ábyrgð heldur en meira. Jeg sje því enga ástæðu til þess að taka þetta til greina. Síst sje jeg ástæðu til þess að taka meira tillit til slíkrar umsagnar þessara verslunarforstjóra en til umsagnar hæstarjettardómaranna um það mál, sem þá snerti. Jeg verð líka að segja, að það er miklu viðurhlutameira fyrir landið, ef rasað er að því að gera breytingar á hæstarjetti. En ef Alþingi er nokkur alvara með það að gera sitt ítrasta til þess að spara, þá veit jeg ekki hvað liggur nær en að spara á verslunarrekstri ríkisins.

Jeg fæ ekki sjeð, að hægt sje með nokkrum sanni að bera því við, að vínverslunin og tóbaksverslunin sjeu svo

fjarskildar, að ekki sje hægt að reka þær í sameiningu. Það er kunnugt, að fjölmörg firmu út um heim reka þessa verslun sameinaða í stórum stíl. Jeg játa, að það gegnir nokkuð öðru máli um steinolíuna, svo ef greina ætti verslunarreksturinn að, þá er eðlilegt, að steinolían yrði skilin frá. Nú er steinolíuverslunin rekin af sama forstjóra og tóbaksverslunin, og talar enginn um það að greina þær sundur. Ef menn óttast það, að olíubragð komi að vínunum, ef vínverslunin og olíuverslunin eru reknar af sama forstjóra, þá ætti vindlunum í rauninni ekki að vera búin minni hætta af olíunni. Annars er það um steinolíuverslunina að segja, að hún er mjög einföld, eins og hún nú er rekin, þar sem hún er bundin föstum samningi, og störfin við hana meira verkstjórnarstörf en verslunarstörf.

Jeg tel engan vafa á því, að með sameiningu þessara verslana er auðgert að spara á launum forstjóranna ca. 15 þús. kr., og jeg er heldur ekki í vafa um það, að spara má stórfje á skrifstofuhaldinu.

Hv. frsm. 1. hl. (ÁF) hafði það eftir forstjórunum, að menn hjá þeim ynnu eins og hægt væri og yrði engu á þá bætt, svo ef sameining yrði, þá kæmi hún ekki fram í öðru en því, að alt yrði flutt undir eitt þak, en hver hjeldi sínu verki. En það er sá ljóður á þessum upplýsingum, að þær eru bersýnilega rangar. Öllum hv. þdm. er nú kunnugt, að einn aðalmaðurinn á skrifstofu vínverslunarinnar var tekinn þaðan nýlega, án þess að manni væri bætt í hans stað. Og stuðningsmenn hæstv. stjórnar hafa fagnað því, hvað henni hafi þarna tekist að færa saman. Þarna mátti aðalmaðurinn á skrifstofunni missa sig, þrátt fyrir yfirlýsing forstjórans. Nú eru enn fleri menn á skrifstofu landsverslunar, og gæti vel verið eins ástatt þar. Trúi þeir, sem trúa vilja, að ekki mætti einhverju bæta á allan þann fjölda. Að minsta kosti er auðsætt, að gjaldkerastarfið við báðar verslanirnar er ekki meira en það, að einn maður gæti gegnt því, ef þær yrðu sameinaðar. Hjer eru þá enn allhá starfsmannslaun, sem spara má. Þá er jeg sannfærður um það, að ekki þarf nema einn aðalbókara. Bókfærslan er ekki meiri en það, að einn maður getur haft eftirlit með henni. Jeg er því ekkert hræddur við að fullyrða, að hjer megi spara tvöfalda fúlgu á við það, sem búist hefir verið við að spara á hæstarjetti með fækkun dómaranna. Jeg sje ekki, hvernig þeir menn, sem verja gerræðið gegn hæstarjetti með því, að það sje sparnaður, fara að því, að afsaka það að spara e k k i hjer. Þessu beini jeg ekki til nefndarinnar, því hún er yfirleitt því máli mótfallin. En það eru aðrir háttv. þdm., sem þetta gera. Jeg skil ekki, hvernig þeir ætla að verja það að spara ekki það, sem hægt er að spara á þessum verslunarrekstri, þar sem er þó um mjög mikinn sparnað að ræða og ríkinu alveg að skaðlausu.

Það var sjálfsagt engin tilviljun, að hv. frsm. 1. hl. (ÁF) talaði aðallega um vínverslunina og steinolíuverslunina. En um tóbaksverslunina talaði hann ekki fremur en hún væri ekki til. Hv. þm. (ÁF) hefir líklega mint, að frv. mitt um afnám hennar hafi gengið fram. En svo var nú ekki. Tóbakseinkasalan var sett á vetur, að minsta kosti þetta kjörtímabilið. Og þó hún standi ekki lengur, þá er ófært að ætla að hindra sameining verslana ríkisins með

þeirri viðbáru, að hún muni verða lögð bráðlega niður.

Jeg gat um það við 1. umr. þessa máls, að mín afstaða til þess færi mjög eftir því, hvað ráðið yrði nú um framtíð þessara fyrirtækja. Og ef tóbaksverslunin yrði niður lögð, þá sje jeg ekki ástæðu til þess að sameina vín- og olíuverslunina. En nú hefir þingið sýnt það, að það vill ekki leggja tóbakssöluna niður. Og jeg tel því sjálfsagt, meðan tóbaks- og vínsalan er rekin af ríkinu, þá sje sú verslun rekin í einu lagi. Og það er vitanlega alveg eins auðvelt að leggja tóbakssöluna niður síðar, þó hún sje komin undir einn hatt með vínversluninni. Það er engin fyrirstaða fyrir þingið, ef það vill koma því í framkvæmd.

Að endingu vil jeg geta þess um forstjórana, að þó svo færi, að hvorugur þeirra treysti sjer til þess að reka þetta stærra fyrirtæki, þá er það engin ástæða móti framgangi málsins. Því auðvelt mun að fá nóga menn til þess að taka að sjer forstöðuna. Og mín till. um sameining verslananna er alls ekki bundin við þessa menn, og því alveg á valdi hæstv. stjórnar að laga þetta í hendi sjer. Eins og nú er kunnugt, er ráðningartími forstjóra vínverslunarinnar bráðum á enda. En forstjóri landsverslunar mun hafa uppsegjanlegan samning með venjulegum fyrirvara.

Svo mikill sparnaðarandi hefir rikt hjer, að jeg geri ráð fyrir því, að deildin sjái sjer ekki annað fært en að samþykkja frv. óbreytt. Annars sýnir hún illa, hvern hug hún hefir á sparnaði yfirleitt.

Frsm. 2. hl. (Jörundur Brynjólfsson): Þess hefði mátt vænta, að jeg hefði getað orðið samferða hv. 3. þm. Reykv. (JakM) í þessu máli. Og svo er líka í raun og veru, að jeg er sömu skoðunar um það, að meiri sparnaður er að því að sameina þessar verslanir en reka þær sína í hvoru lagi. En jeg býst við því, að hv. deild fari nærri um það af nál., af hvaða ástæðum jeg hefi kosið að vera með 2. hl. fjhn. í þessu máli.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefir fjhn. þríklofnað í þessu máli. Þrír hv. nefndarmenn vilja enga sameiningu, tveir vilja gefa hæstv. stjórn heimild til þess að sameina verslanirnar, og hefi jeg fallist á breyting þess efnis á frv. því, sem við hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) flytjum. Loks vill einn nefndarmanna, hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að frv. verði samþykt óbreytt.

Ástæðan til þess, að jeg kýs heldur að gefa þessa heimild, er sú, að jeg taldi meiri líkur til þess, að hún næði fram að ganga, heldur en frv. óbreytt. En jeg get lýst yfir því, að ef brtt. verður feld, þá mun jeg greiða atkv. með frv.

Hæstv. stjórn hefir nú lýst yfir því, að hún mun gera sitt ítrasta til þess að draga úr kostnaði við mannahald og koma samræmi á kaupgjald við þessar stofnanir og aðrar stofnanir hins opinbera. Jeg er sammála háttv. 3. þm. Reykv. (JakM), að mikill sparnaður mundi verða að því að sameina ríkisverslanirnar. Það gæti verið til fyrirstöðu, að húsrúm það, sem landsverslun nú hefir til umráða, sje tæplega nógu stórt, eftir þeim upplýsingum, sem forstjóri hennar ljet nefndinni í tje. En jeg held nú, að ef viljinn er góður, þá geti sameiningin orðið, húsrúmsins vegna.

Jeg vænti þess, að hv. deild vilji fremur fallast á brtt. okkar 2. hl. nefndarinnar, heldur en till. 1. hl., því sam-

kvæmt gildandi lögum getur ríkisstjórnin ekki sameinað þessar stofnanir, nema breyting sje á gerð. En treysti hæstv. stjórn sjer til þess að framkvæma sameininguna eftir brtt. okkar hv. 1. þm. S.-M., ef hún yrði samþ., þá vona jeg, að hún fái fylgi fremur till. 1. hl. nefndarinnar. En þar næst kýs jeg, að frv. gangi óbreytt fram. En hvað sem ofan á verður, þá vænti jeg, að hæstv. stjórn geri sitt til þess að koma betri skipun og samræmi á kaupgjald og vinnubrögð við þessar stofnanir en nú er, svo sem hún hefir áður lofað þinginu.

Frsm. 1. hl. (Ágúst Flygenring): Jeg gat þess, að ástæður okkar, 1. hl. nefndarinnar, væru praktiskar.

Jeg býst við, að hv. 3. þm. Reykv. (JakM) geti orðið sammála okkur um það, að tóbaksverslunin sje ekki stofnun, sem ætlast sje til að standi um aldur og æfi, heldur einskonar tilraun. Sama er um olíuverslunina, að því leyti, að hún er aðeins bundin við þann vissa tíma, sem um er samið. Sjáum við því enga ástæðu til að fara að hrófla við henni, heldur láta þann forstjóra, sem hefir stjórnað henni, halda áfram, en ekki taka þar nýjan mann. Enda yrði sparnaðurinn ekki eins mikill eins og hv. 3. þm. Reykv. vill vera láta, þar sem forstjóri landsverslunar yrði að taka mann til að hafa á hendi forstjórn áfengisverslunarinnar, og yrði góður maður til þess starfs ekki fenginn fyrir minna en venjuleg verslunarstjóralaun. Yrði þá aðeins einhver lítilfjörlegur sparnaður við skrifstofuhaldið, og þó vafasamur. En eins og forstjóri landsverslunar tók fram, yrði það æði óþægilegt að setja nýja menn í störfin.

Það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um að mannahald og mannaþörf færi ekki mest eftir verslunarveltu, heldur eftir tölu viðskiftapóstanna, brjefaskiftum og fjölda afgreiðslna, játa jeg að sje satt. Nú hefir forstjóri landsverslunar sagt mjer, að hann ljeti haga störfum þannig, að þegar mestar væru annirnar, væri brjefaskriftunum og öðru safnað saman, eða látið bíða, það sem bið þyldi, og svo leyst af hendi, þegar um hægðist, svo að altaf lægi nægilegt starf fyrir, og fjöldi fólksins væri því alls ekki miðaður við þá starfsþörf, sem er, þegar mest þarf að gera, heldur við það raunverulega verkefni, sem fyrir hendi lægi allan ársins hring. Vinnur hann sjálfur og skrifstofustjórinn mjög oft fram yfir 6 og hitt fólkið sína 7 eða 8 tíma daglega.

Forstjóri áfengisverslunarinnar kvartar sáran yfir því, að af sjer hafi verið tekinn maður til afgreiðslunnar í útsölunni, sem hann hafi alls ekki mátt missa frá störfum á skrifstofunni, ef hann eigi að halda öllu þar í þeirri reglu, sem nauðsynlegt sje.

Það er því augljóst, að í augnablikinu getur aldrei orðið mikill sparnaður að þessari sameiningu. Og tóbaksverslunina vil jeg alls ekki binda ríkinu fastar en er, jeg tek hana ekki til greina, því hún á og þarf að leggjast niður. Jeg er alveg viss um það, að þó að ekkert verði frekar gert við málið, þá mun hæstv. stjórn gera sitt besta til að spara við þessar stofnanir. Og þegar samningurinn við forstjóra áfengisverslunarinnar er út runninn, gerir hún auðvitað nýjan samning, annaðhvort við hann eða annan hæfan mann, sem hún kann að fá til starfsins.

Um forstjóra landsverslunarinnar er það að segja, að hann er þeirri verslun

kunnugastur allra manna, hefir verið forstjóri hennar frá byrjun og verið með í að búa til samninginn um olíuna — og vil jeg lofa honum á sínum tíma að skila því af sjer svo sem hann hefir best tök á og ekki hrófla við stofnuninni, að svo komnu, á neinn hátt.

Tóbakið er tilraun, og aðeins tilraun, og annað eða meira vil jeg ekki að sú verslun verði. En jeg er ekkert í vafa um það, hvernig sú tilraun fer, því að jeg veit það fyrirfram, að tóbaksverslun, sem önnur verslun, verður hagfeldust og arðvænlegust í höndum einstaklinga.

Sveinn Ólafsson: Jeg verð að segja það, að mjer þykir hv. fjhn. hafa legið lengi á frv. þessu. Er nú komið fast að þinglausnum og um það 6 vikur frá framkomu frv., svo að mjer finst hæpið, að þetta frv. geti orðið afgreitt, og það því fremur sem nefndin er þríklofin og fylgist ekki að um að koma því fram. En þar sem mjer finst þó ekki vonlaust um framgang málsins, vil jeg styðja að því, að það fái sem fljótasta afgreiðslu og komist verði að einhverri skynsamlegri niðurstöðu um það hjer í hv. deild. Verð jeg að halda fram frv. óbreyttu, eins og við flm. þess gengum frá því.

Þar sem 1. og 2. hl. nefndarinnar leggja til, að breytingar verði á frv. gerðar, má telja tvísýnu á því, að það verði afgreitt, og sje jeg mjer ekki fært að ganga að neinu leyti að till. þeirra eða styðja þá hluta. 3. hl. nefndarinnar er mjer sammála um frv., og honum hlýt jeg að fylgja.

Jeg þarf annars ekki að svara háttv. frsm. 1. hl. (ÁF) miklu, því að hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefir tekið það ómak að mestu leyti af mjer. En jeg verð þó að benda á það, að í áliti þessa nefndarhluta er ein alveg röng fullyrðing, sem nefndin síðan byggir á og ályktar eftir. Er það þar, sem sagt er, að í frv. standi, að setja skuli lyfjafróðan mann forstjóra landsverslunar til aðstoðar um kaup á lyfjum og hjúkrunargögnum. Þetta stendur alls ekki í frv., heldur, að landsstjórnin skuli hafa heimild til að skipa þennan mann. (ÁF: Það er ekki hægt að komast hjá því.) Auðvitað verður ekki hjá því komist, að sjerfróður maður annist þetta, en það gæti alveg eins verið landlæknir eins og sjerstakur lyfjafræðingur. Og það vakti einmitt fyrir okkur flm. frv., að halda opinni leið fyrir stjórnina, ef henni sýndist svo, til að fela landlækni, eða síðar heilbrigðisráði, þetta starf, en leggja niður þetta sjerstaka embætti eftirlitsmannsins.

Hv. 1. nefndarhl. leggur mikla áherslu á það, að forstjóri vínverslunar þurfi að hafa sjerþekkingu um meðferð og sölu vína. Jeg skil það ekki, að mikla sjerþekkingu þurfi til að kaupa inn vín. Og eins og hv. 3. þm. Reykv. tók rjettilega fram, hygg jeg, að núverandi forstjóri vínverslunarinnar hafi alls ekki haft slíka þekkingu, er hann tók við starfi sínu. Þá þekkingu, sem hann hefir í því efni, hefir hann þá fengið af reynslunni, þann tíma, sem hann hefir veitt versluninni forstöðu. Væri skift um forstjóra, mundi eftirkomandi hans standa svipað að vígi og smátt og smátt afla sjer hinnar nauðsynlegu þekkingar. Geri jeg líka ráð fyrir því, að ef það skipulag kæmist á, sem frv. gerir ráð fyrir, þá mundu einhverjir þeir menn, sem nú vinna í vínversluninni,

halda sama starfi, og reynsla sú, sem fengin er, því alls ekki glatast, heldur koma að tilætluðum notum í landsversluninni.

Hv. 2. nefndarhl. greinir ekki svo mjög á við mig. En þó hefi jeg tvent að athuga við breytingartillögu hans við 1. gr. Fyrst það, að með henni er gert ráð fyrir, að sjerstakt embætti verði stofnað fyrir mann, sem hafi á hendi innkaup á lyfjum og hjúkrunargögnum, en þar með er lokað þeirri leið, að landlækni, eða heilbrigðisráði, verði falið starfið. Hitt er það, að þessi breyting kemur ekki vel heim við lögin frá 1921 um einkasölu á áfengi. Í brtt. er talað um, að þá er samningur við forstjóra áfengisverslunarinnar sje á enda o. s. frv. En í lögunum er ekki gert ráð fyrir neinum slíkum samningi, og kemur þetta því eins og skrattinn úr sauðarleggnum og styðst ekki við neitt ákvæði laganna að framan. Býst jeg við því, að ef till. yrði samþykt, þá yrði að breyta fyrirsögn frv. og kalla það frv. til laga um breytingu og viðauka við lög o. s. frv.

Annars skal jeg ekki fjölyrða meira um þetta, þar sem hv. 3. þm. Reykv. hefir tekið annað það fram um málið, sem um það þurfti að segja. Og læt jeg hjer við sitja.

Jón Auðunn Jónsson: Þetta frv. er komið fram í sparnaðarskyni. En jeg og hv. meðnefndarmenn mínir í 1. hl. erum sannfærðir um það, að enginn sparnaður sje að því, þegar til framkvæmdanna kemur. Hinsvegar er það víst, að fækka má þrem mönnum í vínversluninni, tveim á skrifstofu — spjaldskrármanninum og öðrum til — og einum á birgðastöð, og jafnframt þremur frá landsverslun, skrifstofustjóra og tveim öðrum.

En það, sem vakir sjerstaklega fyrir okkur, er það, að þótt fyrirkomulaginu yrði breytt, þá þyrfti eftir sem áður að hafa sjerfróðan mann til að kaupa inn lyf og hjúkrunargögn, meðan landið hefir þau innkaup á hendi. Vilji þingið aftur á móti breyta lögunum í þá átt, að hætt verði við útvegun lyfja og hjúkrunargagna og landlækni falið eftirlit með lyfjabúðum, er alt öðru máli að gegna. En eins og nú er, sjáum við ekki, að við það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í frv., sparist meira en ef stjórnin fækkar starfsmönnum eins og framast er unt. Auðvitað mætti fá lyfjafræðing fyrir minna kaup en forstjóri áfengisverslunar hefir nú, en þar sem litið er á þetta sem fjárhagsmál, þá verðum við að athuga þá hliðina jafnframt, sem að versluninni — sem arðberandi fyrirtæki — snýr. Hv. frsm. 1. hl. (ÁF) hefir lýst því mjög greinilega, hvað tap ríkissjóðs getur orðið stórkostlegt, ef ekki er lögð fylsta rækt við rekstur verslunarinnar, og að núverandi forstjóri sje að breyta fyrirkomulagi á innkaupum o. fl., sem aflaga hefir farið í rekstrinum, og að af því megi vænta mikils tekjuauka fyrir ríkissjóð, án þess neysla á vínum aukist.

Jeg skildi ekki hv. 3. þm. Reykv. (JakM), þar sem hann sagði, að hann mundi hafa orðið á móti sameiningu þessara stofnana, ef tóbakseinkasalan hefði verið lögð niður. Þá finst mjer einmitt, að frekar hefði getað komið til mála sameining, þar sem starfið hefði orðið mun umfangsminna.

Mjer finst full ástæða til að leggja upp úr því, sem forstjórar þessara

stofnana segja, meðan ekki er sannað, að það sje rakalaust.

Það má vel vera, að forstjóri landsverslunar gæti haft á hendi innkaup á vínum, þó hann auðvitað skorti alla sjerþekkingu til þess, en lyfin yrði þó sjerfróður maður að kaupa inn. Þar sem við höfum leyft innflutning á þessum vínum, tel jeg sjálfsagt að ná sem mestum tekjum af vínversluninni í ríkissjóð og reka verslunina eins og tóbaksverslunina, á þann hátt, að ríkissjóður hafi góðan hagnað af. Nú hefir sá maður, sem veitir vínversl. forstöðu, fengið þekkingu og reynslu í starfinu, og hygg jeg, að verslunin sje best komin í hans höndum.

Frsm. 3. hl. (Jakob Möller): Jeg tók ekki til athugunar till. hv. 2. hl. nefndarinnar, þar sem hv. frsm. þess hl. (JörB) hafði þá ekki gert grein fyrir till. En nú hefir hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) tekið af mjer ómakið. Jeg gat ekki fallist á till. hv. 2. hl., þar sem þær draga úr sparnaðinum með ákvæðinu um sjerstakan mann til innkaupa á vínum, lyfjum og hjúkrunargögnum. Jeg lít svo á, að verslun ríkisins með lyf og hjúkrunargögn sje ekki til neinna bóta fremur en önnur ríkisverslun, og mætti leggja hana niður. Verði frv. samþykt, hefir stjórnin heimild til þess, ef henni sýnist.

Það sem hv. frsm. 2. hl. (JörB) sagði, um að forstjóri landsverslunar hefði talið verslunina hafa húsrúm í minsta lagi, ef af sameiningu yrði, virðist benda á, að forstjórinn haldi, að allar vínbirgðirnar verði fluttar upp í landsverslun. En fólki fjölgaði aðeins við borðin á skrifstofunni, og yrði þó færra en samanlagt er nú í áfengis- og landsverslun. Gjaldkerinn yrði t. d. sá sami, yfirbókarinn sá sami o. s. frv. Held jeg líka, að forstjórinn hljóti að fara nærri um þetta, en hitt er auðvitað, að hann kærir sig ekki um að bæta á sig störfum og ábyrgð.

Hv. þm. N.-Ísf. vildi gera mikið úr áliti forstjóranna, meðan ekki hefði sannast, að þeir færu með rangt mál. En reynslan hefir einmitt sannað það, og fullkomnari sönnun en hún er alls ekki til.

Háttv. frsm. 1. hl. (ÁF) sagði, að það væri aðallega af praktiskum ástæðum, að hann væri á móti sameiningu vínverslunar ríkisins við tóbakseinkasöluna. En hverjar eru þá þessar praktisku ástæður? Núverandi forstöðumaður vínverslunarinnar er bráðum búinn að vera út þann tíma, sem hann var ráðinn til, og þessi sparnaður getur því komist í framkvæmd á næsta ári við sameiningu þessara tveggja stofnana. Menn mega sannarlega vera þakklátir fyrir að fá tækifæri til að samþykkja sparnað, sem getur komið til framkvæmda á næstu árum, hvað þá heldur strax á næsta ári. Sparnaðurinn við hæstarjett kemst alls ekki í framkvæmd á næstu árum, þó það verði samþ., og eru þó mjög margir hv. þdm. ákafir í því, að það nái að verða að lögum, vegna sparnaðarins við það. Það er meira að segja vansjeð, að sá sparnaður komist í framkvæmd á næstu 10 árum, og yfirleitt getur hvert þing ekki samþykt annan sparnað en þann, sem kemur fyrst til framkvæmda á næsta ári, en alls ekki fyrir yfirstandandi ár, vegna þess, að fjárlögin eru jafnan afgreidd fyrirfram fyrir hvert ár. (**ÁF:** En það verða þó að vera einhverjar vörur til, til þess að versla með). Það er gert ráð fyrir, að

ekki verði heft innkaup á vínum, næstu árin að minsta kosti. Nema þessar „praktisku“ ástæður háttv. frsm. (ÁF) sjeu þær, að bíða eftir því, að samningur ríkisstjórnarinnar við forstöðumann vínverslunarinnar renni út þann 1. jan. 1925, og ráða síðan annan mann í hans stað, t. d. til 3 ára, og leyfa Alþingi þá fyrst að fara að ræða um sparnað í þessu efni? Það væri máske vit í því? Nei, einmitt þessar „praktisku“ ástæður heimta það, að þessu sje ráðstafað nú á þessu þingi, en eigi látið bíða þangað til erfiðara verður um. Núverandi forstöðumaður vínverslunarinnar verður auðvitað látinn enda út sinn samningstíma; það hefir aldrei verið ætlast til annars, en svo er spurningin, hvað þá taki við. Það er um það, sem nú skal tekin ákvörðun.

Háttv. frsm. 1. hl. (ÁF) sagði, að það væri undir öllum kringumstæðum nauðsynlegt, að sjerfræðingur veitti vínverslluninni forstöðu. Hvaða sjerfræðingur í vínum var til, þegar vínverslunin var stofnuð? Eða hvaða sjerfræðingur hefir veitt tóbaksversluninni forstöðu? En nú vill einmitt svo til, að frá næstu áramótum er hægt að fá sjerfróðan mann í báðum þessum verslunargreinum til þess að veita þessum stofnunum báðum forstöðu. Það er hægt að fá mann, sem hefir til að bera sjerfræðiþekking í báðum þessum greinum, sem er margfalt sjerfróðari en báðir núverandi forstjórar, með þeirra 2 ára reynslu. Og þetta er sameinað í einum og sama manni. Mundi því eigi vera hagur í sameiningu þessara beggja ríkisstofnana? Það mælir sem sagt alt með þessari sameiningu, úr því það á að vera að því að halda þessum verslunarrekstri áfram. (ÁF: Hver segir það?) Það segir þingið, sem hefir ákveðið að halda þessum stofnunum uppi. Háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) var hissa á ástæðum mínum og taldist ekki skilja, hversvegna jeg væri þessari sameiningu meðmæltur, er jeg hefði sagt, að jeg mundi ekki hafa stutt hana, ef tóbakseinkasalan hefði verið lögð niður. En þetta er þó afarskiljanlegt. Hefði tóbakseinkasalan verið lögð niður, var ekkert eftir til þess að sameina vínverslunina við. Hefði þá komið til mála að sameina steinolíu- og vínverslanirnar, skal jeg játa, að jeg sá síður ástæðu til þess. En olíuverslunin er einmitt nú mjög í óvissu, hvað um hana verður, en annars útheimtist ekki verslunarþekking til þess að sjá um það fyrirtæki, sem er þrælbundið með föstum samningi. Það er verkstjórn ein og annað ekki. Verslunarstjórn kemur þar ekki til greina. En ef að ríkið á að vera að því að reka ýmiskonar verslun, er enginn vafi á því, hvernig þeim verslunarrekstri á að haga. Það á að taka sjer til fyrirmyndar verslunarrekstur einstakra manna, þau fyrirtæki, sem best er stjórnað. Jeg er ekki í vafa um það, að ef einstakur maður hefði á hendi tóbaks- og vínverslanir, mundi hann reka þær með sameiginlegri skrifstofu og forstjóra. Þessari reglu á ríkið að fylgja, ef það á annað borð vill vera að basla við þetta.

Forsætisráðherra (JM): Jeg verð að vera þeirrar skoðunar, að heppilegast sje að hafa áfengisverslunina að öllu leyti sjerstaka, bæði vegna hinnar almennu verslunar með vín, og ekki síst vegna þess áfengis, er ætlað er til lyfja og lækninga. Þó get jeg ekki sagt, að það sje beint neitt á móti því, að land-

stjórnin hafi heimild til að ráðstafa þessu á einhvern hátt öðruvísi en nú er.

2. gr. er mikið til bóta að því leyti, að þetta gefur ríkissjóði talsverðar tekjur, án þess að lyfin þurfi að verða verulegum mun dýrari fyrir almenning. Jeg skal svo ekki orðlengja þetta meir, en mjer fanst rjett að taka þessar fáu aths. hjer fram.

Magnús Jónsson: Þegar maður athugar þessi þrjú nál. fjhn., mætti vel ætla, að þetta mál væri orðið alveg að sjerstöku flokksmáli í þinginu Menn hafa vandlega skifst í þessu máli eftir flokkum, og það jafnvel svo, að einn af flm. frv. í nefndinni, sem þó mætti ætla, að vera mundi með frv. óbreyttu, fylgir flokksmönnum sínum að málum og skrifar undir nál. þeirra með þeim. Jeg er því hálfsmeykur um, að jeg sje að fremja einhverja goðgá, þegar jeg, sannfæringar minnar vegna, verð að lýsa því yfir, að jeg get enganveginn fylgst með flokksmönnum mínum í þessu máli, og skal jeg nú gera grein fyrir því.

Mjer finst það vera fjarri því, að gerð sje full grein fyrir því í nál. 1. hl., eða í framsöguræðu hans, að það verði enginn sparnaður að þessu. Það var t. d. upplýst við umræðurnar um fyrirspurnina um starfsmannahaldið við ríkisverslanirnar, að forstöðumaður vínverslunarinnar, sem þó aðeins var ráðinn upp á 15 þús. kr. laun á ári, hefir fengið greiddar 18 þús. kr. árlega. Þetta munu vera þau allrahæstu embættislaun í öllu ríkinu, og er líklegt, að þau megi þó spara, hvað sem öðru líður. Já, þetta eru áreiðanlega hæstu embættislaun á landinu, því að bankastjórarnir hafa þó ekki nema 15 þús. kr. fastar. Er það þá enginn sparnaður, ef þessi forstöðumannslaun verða spöruð? En það má áreiðanlega spara þau að mestu leyti. Jafnvel þótt ráðinn yrði einhver cand. pharm. til einhverra starfa þarna, færi þó aldrei svo, að hann æti upp meir en helming þessara forstöðumannslauna, og munar samt talsvert um sparnaðinn. Já, „öðruvísi mjer áður brá," þegar ekki mátti nefna, að samþ. yrði 1000 kr. mismunur, þar sem áttu í hlut forstöðumaður og aðstoðarmaður við þjóðskjalasafnið. En um þetta, dýrasta embættið í landinu, á ekkert að muna. Nei, það má ekki minnast á, að það megi missast, þó það sje fullsannað, að það sje nær óþarft. Einn mjög merkur læknir sagði nýlega við mig, að þetta forstöðumannsembætti, að því er til lyfjaútvegunar kæmi, væri hreinasta „húmbúg." Störf hans væri mjög lítið notuð, aðeins lítið eitt af læknum úti um land, en það mætti eflaust fá þetta leyst af hendi fyrir miklu minni útgjöld úr ríkissjóði. Annars undrar það mig mjög, hvað mikið menn vilja leggja upp úr orðum forstöðumanna þessara verslana. Það er annars æði-hart, þegar orð og tillögur háskólaprófessora og hæstarjettardómara er að engu haft, þá skuli hlaupið upp til handa og fóta, ef einhver verslunarstjóri segir eitthvað. Það liggur nærri að segja, að það sje 10-falt meiri trygging fyrir því, að dómstjóri hæstarjettar, eða prófessor við háskólann segi óhlutdrægt frá stofnunum sínum en þessir verslunarstjórar, að þeim ólöstuðum þó. En það liggur svo ólíkt til grundvallar fyrir vali þessara manna. Hæstarjettardómarar eru beinlínis valdir með það fyrir aug-

um, að þar sjeu menn, sem ekki halli rjettu máli í neinu, en forstöðumenn verslana eiga að veljast með dugnað í verslunarrekstri fyrir augum. En sá dugnaður getur meðal annars birst í því, að þeir standi fast með sínum stofnunum. Það er talað mikið um þá sjerþekkingu, sem þessir menn hafi aflað sjer, og að allmikla sjerþekkingu þurfi til þess að veita vín- og tóbaksverslun forstöðu. En það er nú eins og það er tekið. Jeg mundi hafa haldið, að þessi fræði væru mjög fljótlærð. Jeg mundi t. d. treysta mjer til að setja mig sæmilega inn í þetta á 2—3 mánuðum. Það var eitt sinn settur lærður maður fyrir verslun hjer í bænum, og það liðu ekki nema örfáar vikur frá því hann tók við þeim störfum, þangað til hann var kominn í tölu þeirra manna, sem langfróðastir þóttu um þær vörutegundir á öllu landinu. Menn halda til dæmis, að það þurfi engan tíma til að átta sig á tugum þúsunda af skjölum og bókum í söfnum, en það, að rótast í tóbaki og vínflöskum, á að vera svo mikill galdur, að til þess þurfi mann með 1500 kr. mánaðarlaunum. Þetta held jeg þó, að sje eitthvað í áttina að vera fjarstæða. En þá er enn eftir ein ástæða, sem mælir móti sameiningunni, en jeg held þó, að ekki hafi verið nefnd ennþá. Þegar rætt var um niðurlagningu tóbakseinkasölunnar, var hún feld, ekki svo mjög af því, að menn væru svo ginkeyptir fyrir því að halda þessum verslunarrekstri áfram, heldur var það ekki talið tímabært ennþá að leggja einkasöluna niður, vegna þess, að enn væri ekki fengin nóg reynsla um hana, og málið enda ekki nægilega undirbúið. Jeg fyrir mitt leyti var þessu ekki samþykkur. Jeg mundi ekki hafa hlífst við að greiða atkvæði með niðurlagningu einkasölunnar þegar í stað, og auk þess býst jeg við, að áður en næsta þing kemur saman, hafi ýmsum þessum ástæðum þá verið rutt úr vegi, svo einkasalan verði lögð niður á næsta þingi. Það er nú upplýst, að forstöðumaður vínverslunarinnar er ekki ráðinn lengur en til næstu áramóta, og þá þykir mjer ólíklegt, að stjórnin hlaupi til að ráða þegar aftur mann til 3 ára, eins og hv. 3. þm. Reykv. (JakM) gerði því skóna til. En ef nú tóbakseinkasalan á að leggjast niður á næsta þingi, þá mætti segja, að óhyggilegt væri að rugla verslununum saman núna, því að þá væri erfiðara að ná sparnaðinum við niðurlagninguna fullkomlega. Það væri ekki svo auðvelt að segja, hvað af starfskröftunum heyrði til tóbakinu og hvað víninu. En jeg er ekki svo viss um, að sá góði málstaður sigri á næsta þingi, að tóbakseinkasalan verði lögð niður, og því get jeg eigi verið á móti þeim sparnaði, sem nást mundi með sameiningu verslananna. En jeg er sannfærður um, að þetta er eins mikill sparnaður og hvað annað, sem hjer hefir verið borið fram í sparnaðarskyni. Það, sem hjer ræðir um að spara megi, er eitt af allra dýrustu embættum. Það er ekki verið að sýta yfir því, hvort þúsund kr. þurfi meira eða minna, eða hvort komast megi af með prófessor eða dósent í einhverri fræðigrein við háskólann. Nei, hjer er um miklu feitari bita að ræða. Hann er meira en á við prófessor með heilan dósent á bakinu, eða dómstjóra hæstarjettar með einhverju hrafli af háskólamönnum í ofanálag. Jeg verð að taka undir það, sem sagt er í nál. mentmn. um háskólalögin, að það yrði þinginu til lítils sóma, þó það sparaði við háskólann, nema það

sýndi alvarlega viðleitni í því að spara á öllum sviðum. Jeg öfunda ekki þá menn, sem greiða atkvæði á móti þessum sparnaði, en með ýmsu öðru, sem hjer hefir verið fram flutt, þegar þeir verða spurðir um það af kjósendum sínum, hvað þeir vilja gera við landsverlunina, þegar þannig hefir verið sparað við háskólann og hæstarjett.

Þegar jeg nú greiði atkvæði með frv., er það af því, að jeg ber fult traust til núverandi stjórnar, að hún muni, ef hún situr áfram við völd, sem jeg vona að hún geri, greiða vel úr þeirri flækju, sem af þessari sameiningu verslananna kann að hljótast, ef tóbakseinkasalan verður lögð niður. Mun því sparnaðurinn við sameininguna samt geta komið að fullum notum, og er því máske ekki ástæða til þess að gera of mikið úr þessu óhagræði.

Ásgeir Ásgeirsson: Það er nú þegar búið að taka margt af því fram, sem jeg hafði ætlað mjer að gera að umtalsefni, og get jeg því verið stuttorður. Jeg nota tækifærið til þess að láta ánægju mína í ljós við háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) yfir því, að hann vill þó ekki leggja fje til höfuðs landsverslunninni. Jeg minnist þess, að þegar hjer lá fyrir þessari hv. deild frv. um breytingu á háskólalögunum, að í nál., sem því fylgdi frá mentmn., gerði hún það að skilyrði, ef það frv. yrði samþ., að Alþingi sýndi fulla alvöru í því að spara alstaðar, sem því mætti við koma. Þá afgr. mentmn. og hv. deild það frv., án þess að taka tillit til mótmæla alls háskólans, sem eindregið var öllum breytingum á lögunum mótfallinn. Nú, þegar heyrist kurr í einhverjum verslunarstjóra ríkisins, verður eyra Alþingis einkennilega þunt, og þá vantar háttv. þm. ekki skilninginn, en þó að mótmæli komi frá háskólanum eða hæstarjetti, heyrir enginn eða skilur. Það er að vísu búið að taka þetta fram áður, en jeg endurtek þetta samt, vegna þess, að þetta er minn skilningur á þessum málum — að með samþykt breytingarinnar á háskólalögunum og ef, eins og vænta má, hið sama verður uppi með hæstarjett, hafi Alþingi skuldbundið sig til þess að samþykkja þetta frv., eða að minsta kosti þessi háttv. þingdeild. Slíkur sparnaður og sá, sem hjer um ræðir, á ávalt að ganga fyrir. Á þessu á að byrja undan öllu öðru. Skrifstofukostnaður ríkisstofnana hefir útnað svo út, að undrun sætir, án þess að nauðsyn sjáist til þess, og getur því þessi sparnaður engum orðið að meini. Verði þetta frv. felt, sem jeg þó vona að ekki komi til, er það eingöngu af því, að óvinir landsverslunarinnar vilja láta hana blæða sem mestu fje sjer til ólífis, en ekki af því að hugsað sje um hag ríkissjóðs. En mjer er ánægja að sjá það, að 3. þm. Reykv. (JakM), vill ekki leggja fje til höfuðs landsversluninni.

Frsm. 1. hl. (Ágúst Flygenring): Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) sagði, að þess hefði hvergi verið getið, að tóbakseinkasalan, sem enn hjeldi áfram við hliðina á öðrum ríkisverslunum, gæti sameinast vínverslun, sem vitanlega væri þó hugsanlegur sparnaður, meðan hún ekki væri lögð niður.

Það er satt, þess var ekki getið í nál. 1. hl., en jeg tók þetta fram í framsöguræðu minni. Það er einnig af þessum ástæðum, vegna hagsmuna ríkissjóðs, að við viljum ekki, að þessi samsteypa eigi sjer stað. Jeg álít vínversl-

unina framtíðarverslun, en tóbakseinkasöluna ekki. Væri það því að tjalda til einnar nætur að steypa vínversluninni saman við tóbakseinkasöluna, sem vonandi á ekki eftir að standa nema eitt ár eða svo; enda væri það hið mesta óráð. Hitt tel jeg frágangssök, og býst við að flestir telji, að blanda saman vínversluninni og steinoliusölunni eins og á stendur, sem vitanlega verður að vera í höndum þess sama manns, sem nú hefir hana á höndum, meðan samningarnir standa, sem um þetta hafa verið gerðir. En þess er heldur ekki svo langt að bíða, vonandi, að þessi olía verði gefinn frjáls. — Þá er aðeins tóbaksatriðið, sem alt ruglið er um.

Það eina, sem gera þarf, er að ráðstafa forstöðumensku vínverslunarinnar fyrir næstu áramót, þegar samningar núv. forstjóra er út hlaupinn. Það verður að vera, að voru áliti, sjerstaklega vel valinn maður, sem vit hefir á þeim hlutum. Það þýðir lítið að setja þessi störf í hendur skóara eða skraddara, eða jafnvel þó það væru svokallaðir „lærðir menn.“ Þó að lítið hafi verið gert úr þeirri þekkingu, sem til þessa útheimtist, er það nú samt svo, að þetta útheimtir allmikla verslunarþekkingu og fagþekkingu, þótt ekki þurfi sjerstakan skólalærdóm til þessa. Vitanlega er æskilegt, að núverandi forstjóri vínverslunarinnar haldi áfram, og að stjórn vorri takist að semja við hann á ný. Þessar verslanir eiga að vera reknar eins og einstakra manna fyrirtæki, sem allra best eru rekin.

Um sjerstakan lyfjafræðing sje jeg ekki ástæðu til að tala frekar. Viðvíkjandi því atriði er auðvelt að gera ráðstafanir seinna, ef með þarf og breyting verður. En það, sem jeg legg aðalhersluna á, er það, að ekkert af þessu er hægt að binda saman, sem ófrávíkjanlega reglu. Hefir það verið tekið fram áður. Hjer er fyrst og fremst um það að hugsa, hvað hagkvæmast sje, þegar að því kemur, að breyta þarf. Ætti öllum að vera það nokkurnveginn ljóst, að lítill sparnaður er að því að setja tvær verslanir saman, þegar máske verður ekki nema um svo sem eitt ár að ræða, máske ekki svo lengi. Í þessu máli virðast menn missa sjónar á kringumstæðunum.

Frsm. 3. hl. (Jakob Möller): Jeg get vel tekið undir það, að úr því landsverslun sje einu sinni höfð, þá sje sjálfsagt að reka hana sem haganlegast. Um hitt verður deilt, hvernig það megi best verða. Því hefir ekki verið mótmælt, að kostnaðurinn yrði minni með því að sameina verslanirnar. Og það ætti að vera auðvelt að fá mann með meiri sjerþekkingu til að hafa forstjórn þessa á hendi. Við höfum þegar sótt útlending til forstjórnar vínversluninni. Ef ekki væri völ á íslenskum manni, sjerfróðum um vín- og tóbaksverslun, þá væri þó vafalaust hægt að fá hann frá útlöndum. Hinsvegar er jeg ekki í vafa um það, að hjer er völ á ýmsum mönnum, sem fullkomlega væru færir til að taka forstöðu þessa fyrirtækis að sjer, og mundu fást til þess fyrir ekki meira en helming þess kaups, sem nú er greitt í því skyni, eða ca. 15 þús. kr. Sparnaður ætti líka að geta orðið á skrifstofuhaldinu. Nú sem stendur fer það fram í tveim húsum. Og þó forstjóri landsverslunarinnar efist um það, að sögn hv. 1. hl. nefndarinnar, að hægt sje að flytja það saman, þá er það eðlilegt, því hann er á móti sameiningunni

yfirleitt. Efi hans í þessu efni er því í sjálfu sjer góð og gild játning. Er knýjandi ástæða til að taka ákvörðun um þetta nú, þar sem nú liggur fyrir að ráða forstjóra við vínverslunina. Og jeg efast um, að hægt sje að fá góðan mann til að taka hana að sjer til skemri tíma en þriggja ára. Hæstv. forsrh. (JM) hefir nú lýst afstöðu sinni til þessa máls með þeirri furðulegu yfirlýsingu, að ekki sje hagnaðar að vænta af sameiningunni. Hinu áleit hann ekki þörf á að gera grein fyrir, á hverju hann bygði þá skoðun sína. Aftur á móti hefir hann lagt það til að skerða hæstarjett, þó játað sje, að öryggi rjettarins með því sje haggað. Verð jeg að segja, að þetta er sorglegur samanburður á afstöðu sama manns til tveggja mála. En auðvitað er ekki mitt að dæma um, hvað hann telur sjer sæma. En kunnugt ætti honum að vera um, að spara mætti að minsta kosti húsnæði vínverslunarinnar, sem hann leigir henni sjálfur.

Að lokum vil jeg taka undir það, að jeg öfunda ekki hið háa Alþingi af þeim orðstír, sem það fær, ef það legst á móti þessum sparnaði, eftir allar þær ráðstafanir, sem það hefir gert og ætlar að gera til niðurskurðar á mentunar- og menningarstofnunum í landinu.

Björn Líndal: Jeg vil ekki láta hjá líða að minnast á, hvernig þessar umræður hafa snúist. Þær hafa nær eingöngu fjallað um skrifstofukostnaðinn og launakjörin á þessum verslunarskrifstofum ríkisins, en á hitt hefir lítið verið minst, hvernig verslanirnar hafa verið reknar. Hjer er þó um fyrirtæki að ræða, sem veltur á miljónum, og er ekki lítið upp úr því að leggja, að góð verslun, hagkvæm og heppileg, sje gerð. Og það skal jeg fúslega láta í ljós, að jeg hefi ekki mikla trú á því, að verslun með vín sje vel borgið í höndum þeirra hinna sömu, sem gert hafa fyrir hönd landsins samning um steinolíuna. Jeg get því ekki fallist á sameininguna. Er líka á það að líta, að vínverslunin, ein af þessum verslunargreinum, er sú eina þeirra, sem ekki verður skoðuð sem bráðabirgðaráðstöfun. En mjer þykir hætt við, að erfiðara verði að losna við hinar landsverslunargreinarnar, ef áfengisverslunin verður sameinuð þeim.

Frsm. 3. hl. (Jakob Möller): Það er ekki rjett, að engin áhersla hafi verið lögð á það, hvernig verslunin væri rekin. Jeg gerði það einmitt í ræðu minni áðan. En einmitt við sameininguna fær stjórnin ástæðu til að athuga þetta og rannsaka, hvernig þeir menn, sem nú eru við þennan verslunarrekstur, eru til þess fallnir að hafa hann á hendi. Og jeg legg áheslu á það, að stjórnin er vitanlega ekkert bundin við það, að halda núverandi forstjóra landsverslunarinnar. Stjórninni er skylt að fela þá forstöðu einhverjum manni, sem hún treystir fullkomlega, því að gagnvart þinginu er það vitanlega ríkisstjórnin, sem ábyrgðina ber á þessum verslunarrekstri. Henni er innan handar að skifta um menn, ef henni virðist þess vera þörf. Geri hún það ekki, tekur hún auðvitað um leið á sig ábyrgðina á þeim mönnum, sem nú eru þar.

Klemens Jónsson: Jeg hafði ekki hugsað mjer að taka til máls, en eitt atriði í ræðu hv. þm. Ak. (BL) hefir neytt mig til þess.

Hann tók svo til orða, að hann gæti

ekki treyst þeim mönnum, sem gert hefðu steinolíusamninginn, til þess að fara með vínverslunina. Ef ásökun á að felast í þessum ummælum, þá eru þau algerlega órökstudd. Og geti hv. þm. (BL) sýnt með nokkru móti fram á, að steinolíusamningurinn sje landsmönnum óhagstæður, þá vil jeg fastlega s k o r a á hann að gera það. Það er ekki nóg að kasta fram sleggjudómum, það verður að sanna þá.

Sigurjón Jónsson: Jeg vil aðeins taka undir orð hv. þm. Ak. (BL) um steinolíusamninginn. Er mjer vel kunnugt um, að verslunin með steinolíu hefir þótt mjög óhagstæð landsmönnum. Býst jeg við, að ekki verði of mikið af því sagt. Væri máske við annað tækifæri hægt að fara betur út í það mál, en hjer er ekki tími til þess. Þó vildi jeg ekki láta hjá líða að koma með þessa athugasemd, einkum þar sem mjer er ljóst, að jeg er miklu bærari um að dæma um þetta atriði heldur en hv. 2. þm. Rang. (KlJ).

ATKVGR.
Brtt. 450 feld með 15 : 8 atkv.
1. gr. samþ. með 15 : 7 atkv.
2. gr. samþ. með 21 : 1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 : 3 atkv.

— - —

Á 59. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 3. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., fimtudaginn 1. maí, var frv. aftur tekið til 3. u m r. (A. 43, 497).

Frsm. 1. hl. (Ágúst Flygenring): Jeg hefi komið hjer fram með dálitla brtt., sem er í því fólgin, að ef ekki gefst kostur á hæfum manni til að taka að sjer bæði vínverslunina og lyfjasöluna, þá geti stjórnin falið forstjóra landsverslunarinnar vínverslunina og skipað sjestakan mann til að annast lyfjasöluna og þau störf, sem henni fylgja. Núverandi forstjóri landsverslunarinnnar hefir nú lýst yfir því, að hann telji það talsverðum erfiðleikum bundið að hafa saman vínsöluna og lyfjasöluna. Kveðst hann hafa skipað svo störfum við landsverslunina, að enginn sparnaður myndi að verða, að þessu tvennu yrði demt þangað.

Þessi brtt. mín er til þess fram komin að ráða bót á þessu, ef svona færi. En jeg skal þó taka það fram, að hjer er ekki um neitt sjerstakt kappsmál að ræða frá minni hálfu.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer er sjerstaklega ant um að fá 2. gr. þessa frv. samþ., því hún felur í sjer töluverðan tekjuauka fyrir ríkissjóðinn, sem unt er að fá, landsmönnum svo að segja að óþægindalausu. En jeg er hræddur um forlög frv. í Ed. með 1. gr., eins og hún er nú orðuð. Þótti mjer því slæmt, að ekki skyldi ná fram að ganga brtt. hv. 2. þm. Rang. (KlJ), sem fól í sjer heimild fyrir ríkisstjórnina. Eins og stendur, þá álít jeg, að það verði til að greiða fyrir málinu, að samþ. verði brtt. á þskj. 497, því jeg býst við, að frv. verði fremur samþ. óbreytt í hv. Ed., ef hún kemst með.

Annars vil jeg vekja athygli á því, að þessi brtt. er ekki rjett fram borin á þskj., og vona jeg að hæstv. forseti

athugi þetta og lagi, þá er að því kemur.

Sveinn Ólafsson: Þessi brtt. á þskj. 497 er fram komin á síðustu stundu, og hefir því ekki gefist neinn tími til að athuga hana. Þó má sjá það fljótlega, að ef hún verður samþ., þá er um leið burt fallinn mergurinn málsins í frv. þessu. Eftir verður þá aðeins þetta atriði, sem felst í 2. gr frv., um að heimila álagningu á vínanda til lækna og lyfjabúða, sem ætti að gefa ríkissjóði talsverðar tekjur. Ef þessi viðauki við 4. gr. laganna frá 1921 verður samþ., sem hv. flm. vilja koma að, þá liggur það í hlutarins eðli, að ekkert verður úr sameiningunni eða sparnaði á mannahaldi, því að þetta á að vera bundið við það, að ekki fáist hæfur maður til að annast vínverslunina. En það er ekki allra minsta ástæða til að efast um, að hæfur maður fáist, og þá er sameiningin um leið úr sögunni. Og þar með er líka mergurinn málsins einnig úr sögunni.

Hv. flm. brtt. (ÁF)kallar þetta litla breytingu á frv.; jeg kalla þetta aftur á móti mikla breytingu, og svo róttæk er hún, að hún ónýtir að mestu frv., ef samþ. verður. Hv. flm. brtt. vildi halda því fram, að litið sem ekkert myndi sparast, þótt sameiningin næði fram að ganga. Það hefir þó verið bent á það með skýrum rökum, að ef þessar tvær skrifstofur ríkisverslunar verða sameinaðar, þá sparast þó í mannahaldi að minsta kosti einn aðalbókhaldari og einn fjehirðir, auk nokkurra ódýrari starfsmanna. Það er því með öllu rakalaus staðhæfing, að engan sparnað leiði af sameiningunni. Hæstv. fjrh. (JÞ) tók þetta nokkuð frá annari hlið. Hann vildi gera hv. Ed. að grýlu í augum vorum, og kvað hana myndu granda frv., ef það kæmi til hennar í þessari mynd, sem það er í nú. Jeg fyrir mitt leyti vil ekki gera hv. Ed. slíkar getsakir. Jeg býst við, að hún muni hallast að því, því að hún hefir í öðrum málum sýnt, að sparnaðarviðleitnin er engu síður rík hjá henni en hjer í Nd. Vil jeg því til stuðnings benda á það, að það frv., sem nú var verið að ljúka við hjer, um fækkun dómara í hæstarjetti, kom einmitt fram í þeirri hv. deild. Jeg vil því greiða atkvæði með þessu frv. eins og það er nú, í því trausti, að hún vilji einnig hjer styðja að sparnaðarmáli, sem er miklu sjálfsagðara og eðlilegra en sparnaðurinn á hæstarjetti. Hitt tel jeg eyðileggingu málsins, ef brtt. á þskj. 497 verður samþ., og frv. þannig limlest.

Frsm. 3. hl. (Jakob Möller): Jeg hefi hálfgert ógeð á því að vera að berjast fyrir sparnaðarráðstöfunum, eftir að hæstv. stjórn hefir notað atkvæði sín hjer í deildinni til þess að koma fram málamyndasparnaði með því að rýra hæstarjett. Jeg þykist þess líka fullviss, að hvernig sem frv. þessu reiðir af, þá muni hæstv. stjórn reyna að sjá svo um, að sparnaðurinn verði sem minstur.

Afleiðingin af því, ef þessi till. verður samþ., er sú, að sameiningin, sem frv. gerir ráð fyrir, nær þá ekki fram að ganga, og sá sparnaður, sem af því leiddi, kemst ekki á. Og þó má vafalaust ná á þennan hátt hálfu meiri sparnaði heldur en með frv. því, sem áðan var samþykt hjer, um skerðing á hæstarjetti. Og hv. þd. á það við sjálfa sig, hvort hún neitar að spara 40 þús. kr. á sameining verslana ríkisins, en samþykkir á hinn bóginn að spara 20

þús. kr. á því að rýra hæstarjett þjóðarinnar. Í till. þessari er gert ráð fyrir þeim óhugsanlega möguleika, að ekki verði kostur á manni, sem geti tekið að sjer vínverslunina. Þetta getur engum dottið í hug, að ekki muni kostur á vel færum manni til þessa starfa. Þeir eru vitanlega mýmargir til. Sem sagt: þetta tilfelli, sem till. gerir ráð fyrir, getur alls ekki komið fyrir. En þar með er líka girt fyrir þann möguleika, að sameiningin fari fram, því ef hæstv. stjórn á kost á hæfum manni til þess að veita vínversluninni forstöðu, þá m á ekki leggja hana undir landsverslun, eftir þessari till. Enda leggjast háttv. flm. hennar (ÁF og HStef) eindregið á móti sameiningunni. Þeir vilja komast hjá því, að hjer verði sparaðar 40 þús kr. En við fyrri umr. sýndi jeg ljóslega fram á, að sparnaðurinn af frv., ef fram gengi, mundi að minsta kosti nema því. Jeg skal ekki beina þessu svo mjög til hv. 1. flm. (ÁF). En mig furðar alveg á hv. 2. flm. till. (HStef), sem er nýbúinn að greiða atkvæði með fækkun dómara í hæstarjetti í sparnaðarskyni, sem hann mun engar þakkir hljóta fyrir, hvorki í sínu kjördæmi nje annarsstaðar.

Halldór Stefánsson: Þetta frv. er einkum stutt með því, að af því verði svo mikill sparnaður, ef það verði samþykt. En jeg held, að þessi sparnaður sje mestur í ímyndun þeirra, sem þetta staðhæfa. Þeir segja, að hjer sje ekki um annað að ræða en sameiningu vínverslunarinnar við landsverslun, og á þessu byggja þeir sparnaðarreikning sinn. En þetta er rangt. Þessu fylgir bæði lyfjaverslun og lyfjaeftirlit. Og það er þetta, sem gerir það óhugsandi, að fela forstöðuna einum manni. Þetta hafa hv. flm. frv. (SvÓ og JörB) sjeð, því þeir vilja láta skipa sjerstakan mann, sem hafi með höndum lyfjaverslunina og lyfjaeftirlitið, undir yfirstjórn forstjóra landsverslunar. En jeg hygg, að flestir muni sjá, hve fráleitt það er að setja þennan sjerfræðing undir eftirlit forstjórans. Þannig sparast sem sje enginn maður, því þá þarf, ef ekki á að breyta lögunum um lyfjaverslun ríkisins, að halda lyfjafræðingnum. Munar þá því einu, hvort hann verður sjálfstæður starfsmaður, ábyrgur sinna gerða, eða undirmaður landsverslunarforstjórans. Það má vel vera, að á þann hátt mætti spara ofurlítil laun, en það yrði svo óverulegt, að ekki tekur tali. Þessi maður þarf að líkindum — hvort sem hann heitir forstjóri eða undirtylla — að hafa sjerstaka skrifstofu. Og ef starfsmennirnir á skrifstofum ríkisverslananna hafa hvort sem er nægilegt að gera, þá sparast lítið við það, hvort þeir vinna á einni skrifstofu eða tveimur. Það eru auk heldur meiri líkur til þess, að ósparnaður yrði af því að hafa aðeins eina skrifstofuna, því starfsmennirnir yrðu þá fyrir því meira ónæði í starfi sínu, er þeir yrðu að gegna óskyldum störfum, og við það, sem fleiri menn eiga þá erindi á skrifstofuna. Annars er það fleira, sem fyrir mjer hefir vakað með þessari brtt. Jeg sje ýmsa annmarka á sameiningunni. Hver verslunin um sig er svo stórt viðskiftafyrirtæki, að það er nóg starf fyrir einn mann að veita þeim forstöðu, hvorri um sig. Störfin alveg óskyld, því þó segja megi, að taka megi vínverslunina út úr og sameina hana landsverslun, þá er eðlilegra, úr því að þarf að reka lyfjaverslun, þá sje vínverslunin látin fylgja henni, til þess að jafna fyrirtækin.

Jeg geri ráð fyrir því, að meðhaldsmenn frv. beri fyrir sig ýmsar ástæður. Fyrir flestum mun sparnaðurinn aðalatriðið, en jeg hefi nú sýnt, á hve litlum rökum það er bygt. En fyrir nokkrum mun vaka það, að þeir vænta þess, þegar slengt er saman svo óskyldum störfum, sem hjer er um að ræða, þá muni ýmislegt fremur fara aflaga og gefast höggfæri á fyrirtækinu og ganga betur að fá það lagt niður. Að minsta kosti mun þetta vaka fyrir þeim, sem jafnan hafa verið og eru andvígir verslunarrekstri ríkisins, svo sem háttv. 3. þm. Reykv. (JakM). Hinum, sem raunar eru landsversluninni fylgjandi, vil jeg þá benda á það, að þessi mun og verða afleiðingin af samþykt frv.

Frm. 3. hl. (Jakob Möller): Háttv. 1. þm. N.-M. (HStef) þverneitar því, að nokkur sparnaður geti orðið á sameining áfengisverslunarinnar og landsverslunar, því það sje ekki sparnaður að láta sömu menn vinna á 2 skrifstofum, þó það sje að nafninu til undir einum forstjóra. Honum er ómögulegt að skilja það, að skrifstofan á ekki að vera nema ein. Dettur hv. þm. (HStef) virkilega í hug, að þau firmu, sem versla með fjölda vörutegunda, hafi sjerstaka skrifstofu fyrir hverja? Nei, vitanlega ekki. Þau hafa aðeins eina skrifstofu fyrir allar sínar vörutegundir. Og aðalsparnaðaratriðið í þessu máli er það, að hafa ekki nema eina skrifstofu fyrir verslanir ríkisins. Þá mætti komast af með einn aðalgjaldkera í staðinn fyrir tvo nú, einn aðalbókara í stað tveggja, og þannig mundu sparast tveir dýrir menn, auk eins forstjóra. Þá sagði háttv. þm. (HStef), að sparnaðurinn yrði að engu, úr því að það þyrfti lyfjafræðing við verslunina eftir sem áður. — Í fyrsta lagi er ekki víst, að þess þurfi. Stjórninni er það í sjálfsvald sett. En þó fenginn yrði lyfjafræðingur að versluninni, þá má samt spara hjer allmikið. Eins og kunnugt er, þá hefir forstjóri vínverslunarinnar 18 þús. kr. í árslaun. En enginn vafi er á því, að hægt er að fá mann með lyfjafræðiprófi fyrir laun, sem eru að minsta kosti einum hæstarjettardómaralaunum lægri en það. Þar sparast þá samt 10 þús. kr. Og þar við bætist, að það er alls ekki skylda að hafa lyfjafræðing, aðeins kveðið svo á, að stjórnin geti skipað slíkan mann, ef henni þykir þurfa. En þó hún gerði það, og jeg ætla að gera ráð fyrir því, að hún geri það, þá mun auðvelt að fá lyfsalasvein fyrir jafnvel heldur minna en hæstarjettardómaralaun. Jeg held, að slíkum mönnum sje ekki borgað mikið betur en það. Þá er sá sparnaður, sem verður af sameining skrifstofanna. Þar er fyrst að telja ávinning af því að hafa húsnæði, ljós og hita á einum stað. Jeg get trúað, að það mundi nema álíka miklu, eða á borð við hæstarjettardómaralaun. Þá er sparnaður í mannahaldi, einkum yfirmanna. Það má eflaust komast af með einn yfirgjaldkera og einn yfirbókara. Skifting starfanna er sjálfsögð á svo stórri skrifstofu, og þarf ekki að valda neinum ruglingi. Slíkt er altítt og verður ekki vefengt. Sparnaðaráætlun mín er því síst of há.

Hv. 2. þm. N.-M. (HStef) var að gefa það í skyn, að jeg fylgdi þessu frv. af illum hug til landsverslunar, jeg vildi hana feiga. Háttv. þm. má halda hvað sem hann vill um það. Jeg mun ekki um það deila við hann. En jeg vil

deila við hann um hin praktisku atriði málsins, hvað auðsætt er að gæti sparast með þerri tilhögun, sem um er að ræða. Þegar andmælin eru ekkert annað en gjammandi fullyrðingar, þá býst jeg ekki við, að mikið þýði að eyða orðum móti þeim. En það er von mín, að slík andmæli sjeu lítils virði í augum allra sanngjarnra manna móti rökstuddum dæmum þess, sem spara má. En ef hið háa Alþingi vill ekki úrskurða málin eftir slíkum gögnum, þá býst jeg við því, að ýmsum þætti niðurstaðan verða af handahófi.

Hæstv. fjrh. (JÞ) hafði þá ástæðu að færa gegn frv., að hv. Ed. mundi ekki vilja fallast á það. Jeg get ekki fallist á að taka slíka mótbáru til greina, því hjer í hv. Nd. hafa engin rök verið færð móti málinu, sem geri það skiljanlegt, að meirihluti hv. Ed. geti orðið því mótfallinn. Hæstv. stjórn hefir líka sýnt þingríki sitt mjög ljóslega í meðferð hæstarjettar, og jeg skil ekki í öðru en henni muni geta tekist að koma þessu frv. gegnum hv. Ed., ef hún vill. En kanske hún vilji drepa það í Ed. Mjer verður að segja, að ef henni er ekki meira um sparnaðinn gefið en það, að hún beiti áhrifum sínum til þess að drepa þetta mikla sparnaðarmál, eftir að hafa spilt hæstarjetti í sparnaðarskyni, þá er henni ekki vorkunn, þótt henni veitti örðugt að fá fje milli handanna — hún á það þá sannarlega ekki skilið.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefir ekki neina ástæðu til þess að ætla, að stjórnin leggi á móti þessu frv. Þvert á móti. Jeg hefi lýst því yfir, fyrir mitt leyti, að mjer er áhugamál, að 2. gr. frv. sje samþykt. Um hina gr. frv. skiftir ekki eins miklu máli, enda ýmsir óánægðir með hana. Og ummæli mín, sem hv. 3. þm. Reykv. gat um viðvíkjandi brtt., eru á því bygð, að jeg tel meiri líkur til þess, að frv. gangi þannig fram. En þó alls ekki vonlaust.

Hvað hitt snertir, að stjórnin eigi ekki skilið að fá tekjuauka, þá veit jeg, að hv. þm. (JakM) kann svo vel að greina milli stjórnar og ríkissjóðs, að hann gat vel sparað sjer þau ummæli. Því hversu illa sem hann treystir stjórninni, þá veit hann, að ríkissjóður hefir fulla þörf á þeim tekjum, sem hann getur fengið.

Halldór Stefánsson: Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði, að með frv. þessu væri um það eitt að ræða, að sameina áfengisverslunina og landsverslun. Jeg veit ekki, hvort hann talar þannig í ógáti eða af yfirlögðu ráði, að nefna alls ekki lyfjaverslunina og lyfjaeftirlitið. En jeg vil skjóta því til hv. flm., hvort það hafi verið þeirra ætlun að afnema lyfjaverslunina og lyfjaeftirlitið. Jeg hygg, að það hafi engum komið til hugar, og vísa um það einnig til þeirra umr., sem um frv. urðu í nefndinni, enda segir hjer í þessu frv., að skipa megi lyfjafróðan mann til eftirlits með lyfjaversluninni. Og hjá því verður vitanlega heldur ekki komist. Og þá er hjer ekki um annan mun að ræða en þann, hvort sá maður skuli heita forstjóri eða undirtylla. Jeg benti áður á það, að þessi sjerfróði maður yrði að líkindum að hafa sína eigin skrifstofu. En hinsvegar þó skrifstofurnar væru sameinaðar með einhverjum sparnaði, þá yrði meiri verktöf á einni stórri skrifstofu en tveim minni. Jeg sagði ekki, eins og hv. þm. (JakM) vildi hafa eftir mjer

að enginn sparnaður gæti að frv. orðið. Mín orð voru þau, að hann yrði lítill, og við það get jeg staðið. Hv. 3. þm. Reykv. sagðist ekki mæla af illum hug til landsverslunar. Jeg skal ekki fullyrða um það. Jeg ætla ekki að segja annað en það, að hann væri henni mótfallinn, og það er alkunnugt. Það er aðeins hans vonda samviska, sem lætur hann misskilja orð mín.

Þá var hv. þm. (JakM) að blanda hjer inn í skoðunum mínum í öðru máli. Hann telur, að jeg muni hafa fylgt því af líkum skoðunum og hæstv. forsrh. En það voru líka færðar aðrar ástæður í því máli, þar sem öryggi rjettarins var talið fyllilega jafntrygt, þó frv. gengi fram, og með þeim skilningi samþykti jeg lögin um hæstarjett.

Frsm. 1. hl. (Ágúst Flygenring): Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) staðhæfir, að sparnaður verði að sameiningu landsverslunar og vínverslunar. Meðal annars heldur hann, að mikið sparist við það, að aðalbókarinn verði aðeins einn. En jeg vil benda honum á, að flestir skrifstofumenn munu ekki eingöngu vinna eitt starf, heldur hvað sem fyrir kemur; svo mun það að minsta kosti vera hjá öllum verslunum einstakra manna og fjelaga. Nú vinna þrír menn á hverri skrifstofu, og eftir sameininguna verða þeir 6, svo að sparnaðurinn er enginn.

Hv. 3. þm. Reykv. benti á, að húsnæði sparaðist. Það kann að vera rjett. En mundi afgreiðsla ganga betur en áður, þegar vín og olía yrði hvort við hliðina á öðru? Forstjóri vínverslunar hefir á hendi talsverða bókfærslu auk venjulegra framkvæmdarstjórastarfa, sem jeg hýst við, að forstjóri landsverslunar vildi ógjarnan taka á sig. Yrði þá að skipa deildarstjóra, og hygg jeg, að ekki þætti henta að velja hann af verri endanum, og ef þar væri um færan mann að ræða, mundi hann krefjast hárra launa.

Við viljum yfirleitt ekki hrófla við verslununum, þar sem við lítum svo á, að þar sje aðeins að tjalda til einnar nætur. Og þar sem það er sýnilegt, að ekkert sparast við slíka sameiningu, sem hjer er í ráði, síst svo um muni, þá finnum við enga ástæðu til breytinga, og þar sem búast má við, að störfin verði ekki eins vel leyst af hendi, ef sameinað er og vanrækslur geti frekar átt sjer stað, þá álítum við af þeirri ástæðu, að ekki beri að breyta. En jeg get vel skilið það, að þeir sem vilja binda þessar verslanir sem fastast ríkinu, vilji sameina þær, þeir, sem á allan hátt vilja styðja að framtíðar ríkisverslun í ýmsum greinum. En við lítum svo á, sem erum í 1. hl. nefndarinnar, að við þennan ríkisrekstur sje best að losna sem fyrst, en viljum aftur á móti ekki veikja tryggínguna fyrir því, að landið hagnist eitthvað á versluninni, meðan það hefir hana með höndum, meðan hún verður að standa, og á jeg þá aðallega við olíuverslunina. Álítum við, að þessar stofnanir, vínverslun og olíuverslun, sjeu best komnar í þeirra höndum, sem eru þeim kunnugastir og hafa þegar sýnt sig sem trúa starfsmenn.

Sveinn Ólafsson: Háttv. 1. þm. G.-K. (ÁF) heldur fast við það, að enginn sparnaður í mannahaldi verði við sameining þessara stofnana. Er það furðulegt, að hann skuli í sífellu berja höfðinu við steininn, þar sem hjer er um jafnaugljóst mál að ræða og þetta er.

Þessar stofnanir eru alls ekki stærri

en það, að engin ástæða er til að ætla, að þær verði ekki reknar með jafnmiklum hagnaði, þó að þeim stjórni aðeins einn maður. Og jeg lít á það sem fjarstæðu eina, að ekki verði sparnaður við að hafa skrifstofuhaldið í einu lagi. En um þetta tel jeg ekki nauðsyn að eyða fleiri orðum. Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefir sannað og sýnt, að hjer getur og á að vera mikil sparnaðarvon.

Jeg lít svo á, að þessar verslanir velti ekki svo miklu fje, að ofætlun sje einum manni að hafa á hendi gjaldkerastörfin. Þarna er t. d. alls ekki um meiri veltu að ræða en í bankaútibúunum, og þar nægir einn gjaldkeri. (**ÁF:** En menn við þessar verslanir vinna að fleiri störfum.) Já, þeir hafa auk þess mörg ritstörf og önnur verk á hendi.

Mjer virtist hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) gera ráð fyrir, að frekar yrði misferli á rekstrinum, ef stofnanirnar væru undir hendi eins manns. Jeg veit ekki á hverju það er bygt. Nú á þessum vetri hafa orðið misferli á rekstri vínverslunarinnar, þótt sjerstök væri. Þau hafa ekki orðið nein í landsverslun, auk heldur ekki, þegar hún var miklu stærri en nú. Jeg lít svo á, að slíkt þurfi alls ekki frekar að koma fyrir, þó að af sameiningu verði. En vitanlega getur það altaf borið við, ef eftirlitsmennirnir eru ekki nægilega glöggir eða samviskusamir.

Þá er talað um það, að með þessu sje aðeins tjaldað til einnar nætur, af því að landsverslun verði bráðlega lögð niður. Þetta getur verið eðlilegt frá þeirra sjónarmiði, sem vilja landsverslunina feiga, en frá sjónarmiði okkar flm. frv. liggur það ekki fyrir. Við viljum með þessu gera reksturinn ódýrari og einfaldari, svo að ríkið geti haft af stofnununum svo mikinn arð sem efni eru til.

Annars sje jeg ekki ástæðu til að elta ólar við fullyrðingar þeirra manna, sem mæla á móti þessu frv. Þeir staðhæfa aðeins, en rökstyðja ekkert og sannfæra því engan.

Frsm. 3. hl. (Jakob Möller): Jeg stend nú upp til þess að bera af mjer ákærur. Og það kynlega við þessar ákærur virðist mjer vera það, að þær koma úr tveim áttum og eru með öllu ósamhljóða.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) ber mjer það á brýn, að jeg vilji landsverslun feiga, af því að jeg er meðmæltur þessu frv. Hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) heldur því aftur á móti fram, að jeg sje með frv. af því, að jeg vilji binda stofnanirnar landinu ennþá fastar. Býst jeg ekki við, að neinn lái mjer það, þó að jeg verði að líta svo á, að þessar ákærur geti varla haft við full rök að styðjast báðar tvær. Annars vildi jeg minna hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) á, að hann er tæplega rjetti maðurinn til þess að segja: v i ð, sem viljum leggja niður ríkisverslun. Jeg minnist þess, að þegar atkvæðagreiðsla fór hjer fram um tóbaksverslunina, þá var hann hvergi nærri. Nú vill hann ekki á nokkurn hátt hrófla við þessum fyrirtækjum ríkisins, ekki einu sinni að þær sjeu sameinaðar og reynt að draga úr rekstrarkostnaðinum. En jeg vil minna á það, að meðan landsverslunin var umfangsmesta verslun landsins, datt engum í hug að greina hana sundur í margar verslanir eða hafa fleiri en eina skrifstofu. Mundi líka engum kaupmanni detta í hug að hafa margar skrifstofur, þó að hann verslaði með fleiri vörutegundir en eina, og síst jafnhagsýnum manni og 1. þm. G.-K. Enda vita menn það, að flestar verslanir á landi hjer versla með fleiri en eina vöru-

tegund, en hafa hver um sig að eins eina skrifstofu.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) tók sjer fyrir hendur að færa rök að því, að ekki væri unt að losna við lyfjafræðinginn. En heldur hv. þm. (HStef), að lögin um lyfjasöluna og lyfjabúðaeftirlitið sjeu það á annan veg en önnur lög, að þeim verði ekki breytt eða þau numin úr gildi? Samkv. frv., eins og það nú er, má lyfjaverslunin leggjast niður, og jeg fyrir mitt leyti sje ekkert eftir henni. Lyfjabúðaeftirlitið má fela landlækni eins og áður.

Hv. sami þm. (HStef) talaði um það, að skrifstofur stórra fyrirtækja væru tiltölulega mannfrekari en skrifstofur smærri reksturs. Þetta er hv. þm. auðvitað vorkunnarmál fyrir sakir skorts á þekkingu á þessum málum, en fjarstæða er það.

Afstöðu hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) get jeg alls ekki skilið, og jeg veit, að fleirum en mjer hlýtur að veitast örðugt að skilja hana. Hann segist ekki vilja sameina stofnanirnar, af því að hann vilji, að þær verði sem fyrst lagðar niður. En hversvegna má ekki spara sem mest við rekstur þeirra, meðan þær eru við líði? Því að sparnaður er sameiningunni samfara; það höfum við hv. 1. þm. S.-M. glögglega og ómótmælanlega sýnt fram á.

Háttv. þm. (ÁF) talaði um það, að tóbaksverslunin mundi bráðlega lögð niður. Hvað hefir hann fyrir sjer í því? Jeg veit það eitt um það mál, að afnám hennar hefir verið felt hjer í deildinni, og jeg býst við því, að hún fái að standa óhreyfð til næstu kosninga. Það er því með öllu óhætt að gera þá stórkostlegu byltingu „um húsnæði o. fl.“, sem hann var að fjargviðrast um. En mjer dettur nú í hug, hvort það muni nú ekki einmitt vera þessi húsnæðisbylting, sem stendur mest í hv. þm.

Frsm. 1. hl. (Ágúst Flygenring): Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) þótti það undarlegt, að jeg skyldi hafa greitt atkvæði með frv. um að leggja niður tóbakseinkasöluna, en væri andvígur þessu frv. Vildi hann bera mjer á brýn, að jeg væri hlyntur landsverslun og ríkisrekstri. Þessu vísa jeg aftur heim til föðurhúsanna, því að jeg er hvenær sem er reiðubúinn að greiða atkv. með því, að þessar ríkisstofnanir verði lagðar niður. Annars hefi jeg áður tekið glögglega fram um afstöðu mína í málinu, og læt jeg vera að svara öðru í ræðu hv. þm. (JakM).

ATKVGR.

Brtt. 497 feld með 12 : 10 atkv.

Frv., óbreytt, samþ. með 16 : 4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 60. fundi í Ed., föstudaginn 2. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 43).

Á 62. fundi í Ed., mánudaginn 5. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., þriðjudaginn 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 43).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Fjármálaráðherra (JÞ): Viðvíkjandi 2. gr. frv., sem fjallar um fjármál, vildi jeg einungis geta þess, að nú er ekki heimilt að leggja neitt á áfengi það, sem ætlað er til lyfja, en þessi grein fer fram á, að því ákvæði verði breytt.

Jeg hefi leitað upplýsinga hjá forstjóra áfengisverslunarinnar um það, hvernig fjárhagshlið þessa máls snýr við. Hann segir, að hún fari mikið eftir því, hvort svo naumt sje skamtað áfengi til lyfja sem nú er gert. Segist hann hafa gert till. um skömtunina til lyfjabúða, en landlæknir um skömtunina til lækna.

Að vísu segir hann, að ekki hafi verið fallist á þessar till. sínar og landlæknis, heldur hafi aðeins verið leyfð skömtun ca. helmings þess, sem þeir gerðu ráð fyrir.

En hann álítur, að þessi skömtun geti ekki staðist til lengdar, og miðar því útreikninga sína við það, að framvegis verði farið eftir till. þeirra landlæknis og hans um skömtunina.

Þá áætlar hann tekjuauka ríkissjóðs skv. þessari grein um 120 þús. kr. á ári, ef að álagningin yrði 33%, en greinin heimilar 25—75% álagningu. — Segir hann, að ekki verði hjá því komist, að lyf þau, sem áfengi er notað í, hækki eitthvað við þessa ákvörðun, en sú hækkun verður ekki í hlutfalli við þá hækkun, sem frv. að öðru leyti hefir í för með sjer.

Mjer þótti rjett að skýra hv. þdm. frá þessu áliti forstjórans, svo að þeir geti haft það í huga, þegar þeir taka afstöðu til frv.

Jeg skal aðeins bæta því við, að ríkissjóði er full þörf allra þeirra auknu tekna, sem hv. þm. þykir fært að aflað verði á þennan hátt.

Jónas Jónsson: Jeg er sammála hæstv. fjrh. (JÞ) um það, að ekkert sýnist á móti því, að ríkissjóður fái meiri tekjur af þeim lyfjavínanda, sem notaður er í landinu, en verið hefir hingað til.

Frumástæðan fyrir því, að svo lítið var upphaflega lagt á þennan vínanda, var sú, að sjúkdómum landsmanna myndi ekki svo varið, að líklegt væri, að neysla þessara lyfja yrði mikil.

En síðan hefir það komið í ljós, að heilsufar okkar Íslendinga er þannig, að tiltölulega mjög mikið af vínanda þarf til þess að hressa okkur með.

Þó að ekki sje rjett að leggjast yfirleitt á sjúka menn með skattaálögun, þá munu kringumstæður margra þeirra, sem þessi lyf nota mest, vera þannig, að ekki sje ástæða til að hafa mikið samviskubit, þó að frv. þetta nái fram að ganga

1. gr. frv. er í samræmi við meðferð þingsins á öðrum málum. Það var tilviljun, sem olli því, að þessar tvær greinar verslunar ríkisins voru aðskildar. Mun það meðfram hafa stafað af því, að lögin um sjerstakan áfengissöluforstjóra voru komin áður en afnám bannlaganna var samþ. í þeirri mynd, sem það nú er.

Þessi sjerstaka forstaða áfengiseinkasölunnar er landinu mjög dýr. Laun forstjórans — kr. 18000 — eru hæstu embættislaun, sem greidd eru hjer á landi, að fráskildum launum bankastjóranna, og er þannig heimtað, að hann sje töluvert duglegri starfsmaður en sjálfir ráðherrarnir.

Jeg geri ráð fyrir því, að ein ástæða þess, hversu frv. þetta fjekk mikinn stuðning í hv. Nd., muni vera sú, að með því sje ríkissjóði aflað tekna, bæði með því að selja lyfjaáfengið dýrara

en hingað til, og svo með því að spara — og það ekki alltítið — á forstöðu áfengiseinkasölunnar.

ATKVGR.

1. gr. feld með 8 : 6 atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 542).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Jónas Jónsson: Mjer kom nokkuð á óvart þessi sundurstykkjun á frv., sem gerð var við 2. umr. Jeg bjóst ekki við, að jeg þyrfti að tala meira um málið en jeg gerði þá, af því jeg bjóst við, að það væri ærleg meining hv. deildar að láta það ganga fram til sparnaðar fyrir landið. Þvert á móti hefir stjórnarflokkurinn undirbúið að koma í veg fyrir framgang þess. Finst mjer það ekki illa viðeigandi, að þeir menn, sem hafa staðið á móti því að fella niður þetta 18 þús. kr. embætti, fái tækifæri til að gera hreint fyrir sínum dyrum, æfi sig í því að koma hreint fram fyrir sína kjósendur. Það, sem fyrst vekur eftirtekt manns, er hið fádæma hneyksli, sem komið hefir fyrir í áfengisverslun ríkisins nú nýlega, sem vitanlega er ekki hægt að neita, að forstöðumaður hennar ber siðferðislega ábyrgð á, þó hann sje ekki sjálfur valdur að því. Manni verður á að spyrja: Hvaða rjettur er til í þessu landi, ef hinir „konservativu“ í Ed. grípa fram í fyrir Nd., sem var búin að ákveða að lækna kyrlátlega þetta hneykslismál? Mjer datt ekki í hug að vekja umræðu um ágalla áfengisverslunarinnar við 2. umr., af því jeg gerði ráð fyrir, að Íhaldsflokkurinn hugsaði eins hjer og í hv. Nd., að rjett væri að legga niður þessa stofnun sem sjálfstætt fyrirtæki. Ef á að halda hlífiskildi yfir þessari óþörfu en rándýru stofnun, get jeg vel skilið hv. 1. landsk. (SE), að honum þyki ekki viðeigandi að spara á stofnunum svo sem háskóla og hæstarjetti. Þessi áfengisverslun er orðin fræg fyrir það, að þar starfa tiltölulega fleiri og miklu dýrari menn en í nokkurri annari grein ríkisrekstrarins. Forstöðumaður ber ábyrgð á þessu, þó hann hafi ekki beint ráðið alla mennina, þá hefir hann látið hlutlausar miður heppilegar ráðstafanir tveggja forsætisráðherra. Hvað svo? Sjóðþurð í versluninni, sem stendur undir yfirumsjón þessa manns. Hjer í hv. deild á sæti dómari bæjarins, sem hefir haft málið til meðferðar og sennilega kunnugri flestum öðrum um, hvað komið hefir fyrir. Ofan á þetta alt á að láta stofnunina halda áfram, ekki nóg að hafa mann upp á 18 þús. til að gegna embætti þessu, ekki nóg, að undir hans umsjón eru margfalt dýrari menn en venjulega gerist, — ofan á þetta má bæta sjóðþurð, upp á nærfelt 30 þús. Samt á alt að halda áfram óbreytt. Jeg býst við því, að forstöðumaðurinn sje saklaus af því að hafa dregið sjer peninga, og vil jeg ekki kasta steinum að honum í því efni, allra síst á undan rannsókn. En hann á engu síður að fara á þessu máli, alveg eins og I. C. Christensen ljet af stjórn í Danmörku, er uppvíst varð um þjófnað Albertis.

Úr því þetta hneyksli hefir komið

fyrir, er það spursmálslaust óhjákvæmilegt að hreinsa til í áfengisversluninni. Þjóðin hefir enga ástæðu til að þola slíkt lengur. Nú hefir hv. Nd. gefið tilefni til að láta eðlilega breytingu gerast.

Jeg óska að gefa þeim 8 hv. þingmönnum, og þó sjerstaklega dómara Reykjavíkur, tækifæri til að gera grein fyrir því, hvernig þeir treystast til að koma fram fyrir kjósendur landsins eftir að hafa greitt atkvæði um þetta mál eins og þeir hafa gert.

Forsætisráðherra (JM): Um sjóðþurðina ætla jeg ekki að tala neitt hjer í hv. deild; það væri ekki rjett gert. Málið er tekið til opinberrar rannsóknar, ekki einungis á venjulegan hátt, heldur tekinn sjerstakur rannsóknardómari til að rannsaka málið út í æsar; það er of snemt að kveða upp dóminn áður en rannsókn er lokið. (**JJ:** Peningana vantar!) Hygg jeg, að málið sje tekið til full-forsvaranlegrar rannsóknar. Peningana vantar, það er alveg rjett; þessvegna hefir verið skipuð ekki einungis rannsókn, heldur sakamálsrannsókn. Hefði alt verið í lagi, þá hefði enga rannsókn þurft. Það er ómögulegt að segja, hvernig í þessu liggur; rangt að fara að dæma, hvar sök er, fyr en rannsókninni er lokið.

Hvað snertir landsverslun, hefir því verið haldið fram, að leggja skyldi áfengisverslunina undir hana, en um það eru skoðanir mjög skiftar.

Jeg hygg, að háttv. 5. landsk. geti ekkert um það borið, hvort þeir eru fleiri en hinir, sem vilja hlaða meir undir landsverslunina en gert hefir verið. Jeg hygg, að þeir sjeu miklu færri. En hvernig kjósendur annars dæma um þessa hluti yfirleitt, það sjest síðar. Hvað sem um það annars er, þá verður nú að láta slag standa.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg þarf litlu við það að bæta, sem hæstv. forsrh. (JM) hefir sagt. Eins og hann gat um, hefir sjerstakur rannsóknardómari verið skipaður í málið. (**JJ:** Hvað heitir hann? — **Forsrh. JM:** Björn Þórðarson.) Eftir því sem upplýstist meðan jeg hafði málið til meðferðar, var ekki hægt að beina neinum grun eða tortryggni í garð forstjórans.

Það eina, sem jeg þarf að segja hjer, er það, að jeg finn ekki neina ástæðu til að festa landsverslun meira en orðið er. Jeg get fullvissað hv. 5. landsk. (JJ) um það, að jeg er í fullu samræmi við vilja minna kjósenda, þegar jeg vil ekki gera forstjóra áfengisverslunarinnar að undirtyllu hjá forstjóra landsverslunarinnar. Ætti að sameina þessi tvö verslunarfyrirtæki ríkisins í eitt, myndu Seyðfirðingar telja forstjórastöðu þess fult eins vel skipaða af forstjóra áfengisverslunarinnar og af forstjóra landsverslunarinnar.

Jónas Jónsson: Ennþá er lítið um svörin hjá Íhaldsflokknum. Í fjárlögum hafa menn verið að klípa af 100—500 kr., af ýmsum liðum, eða felt slíkar upphæðir niður. Var feldur í hv. deild með ráði og vilja hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) liður upp á 100 kr. eftirlaun til barnakennara nokkurs, sem búinn var að starfa dyggilega í 35 ár. Þeir hinir sömu sparnaðarmenn, sem unnu þetta afrek, sjá ekkert grand í mat sinum þar sem eru 18 þús. kr. handa dönskum lyfsala. Jeg tel það alveg eðlilegt, að þessir 8 hv. þm. hafa ekki komið með eina einustu röksemd til varnar

þessari óhæfilegu eyðslu; jeg tel það ekki röksemd, þó hv. þm. Seyðf. vilji ekki festa landsverslun. Meðan áfengisverslun er rekin af ríkinu er hún landsverslun. Aðeins vill hv. þm. Seyðf. ekki festa landsverslun, sem er heiðarlega rekin, vill ekki trúa þeim manni, sem stýrt hefir stærstu „forretningu“ hjer á landi, manni, sem jafnvel megnustu andstæðingar hans hafa aldrei dirfst að tortryggja á nokkurn hátt.

Það er dálítið hart að heyra það borið fram af dómara í Reykjavík, að þegar starfsmaður landsins hefir verið svo óheppinn að láta stela út úr höndunum á sjer 30 þús. kr., sem enginn veit hvort nokkurntíma finnast — þá megi ekki tala um að setja fyrirtæki það, er sá maður stýrir, undir umsjón annars manns, sem staðið hefir óaðfinnanlega i stöðu sinni. Mjer þykir vænt um, að þingtíðindin eru enn þá prentuð, til þess að borist geti út um landið ómurinn af rjettvísinni í Reykjavík, eins og hún kemur fram í þessum orðum.

Merkilegt er, að rannsókn þessa þjófnaðarmáls var fyrst fengin í hendur kornungum manni, sem ekki hefir aðra reynslu að baki en að hafa að nafni til verið ritstjóri eins hins ómerkilegasta blaðs, sem út hefir verið gefið hjer á landi. Það vakti ekki sjerlega virðingu fyrir rjettarfari Reykjavíkur, að maður var tekinn úr pólitiskri flugumensku til þess að fást við rannsókn á þessu máli. Það gleður mig, ef satt er, að nú sje kominn í starfið ráðsettur maður, sem þjóðin hefir ástæðu til að bera traust til.

Hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) hefir með atkvæði sínu stuðlað að því að hrekja einn af okkar færustu og frægustu vísindamönnum af landi burt. Sami hv. þm. rjettir glaður upp hendina til þess að fá haldið í forstjóra áfengisverslunarinnar, með 18000 kr. launum og 30 þús. kr. sjóðþurð.

Jeg hefi þær upplýsingar eftir einum af mönnum Íhaldsflokksins, að nú muni von á því, að margt skipist betur um innkaup áfengisins! Nú verði ekki lengur keypt „kemiskt“ tilbúin vín frá Danmörku, heldur verði þau keypt beint frá Spáni. En þetta er enn til áfellis Mogensen. Þrátt fyrir háu launin hefir hann keypt „ógegta“ vín handa drykkjulýð landsins.

Það var rjettilega orðað hjá hæstv. forsrh. (JM), að hjer yrði að „láta slag standa.“ Hjer á ekki að hugsa eða reikna með forsjá, heldur láta tilviljunina eina ráða, eins og í áhættuspili.

Fer hjer sem svo oft áður, að launin eru hækkuð, þegar starfið minkar, og nú er gert ráð fyrir því, að yfirumsjón smásölunnar á áfenginu sje ljett af forstjóranum.

Hv. þm. Seyðf. mælti þau dýrmætu orð, að hann vildi ekki festa landsverslunina, en hann vill festa áfengisverslunina og forstjóra hennar við hana, og verður þó ekki öðruvísi á hana litið en verslun landsins, þótt hún hafi reynst illa með núverandi fyrirkomulagi. En þm. (JóhJóh) vill ekki festa þá landsverslun, sem gefið hefir og er líkleg til að gefa landinu í framtíðinni miklar tekjur og spara landsbúum mikið fje í innkaupum. Hið fyrra á við tóbakið. Hið síðara við olíuna. Veitir henni forstöðu fyrv. forseti sameinaðs þings, maður, sem allir verða að viðurkenna fyrir dugnað og hagsýni í þjónustu landsins.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg hefi ekki

sagt neitt um að festa áfengisverslunina eða núv. forstjóra hennar við hana. Ráðningartími núv. forstjóra er útrunninn um næstu áramót. Þó vil jeg, að svo stöddu, ekki láta lögákveða að leggja forstjórn áfengisverslunarinnar undir forstjóra landsverslunarinnar. (**JJ:** Af því að ekki er stolið þar! — **BK:** Rannsókninni í áfengisversluninni er enn ekki lokið.)

Forsætisráðherra (JM): Eins og drepið hefir verið á hjer í deildinni, er í ráði að breyta bráðlega um fyrirkomulag áfengissölunnar. Verður smásölunni svo fyrir komið, að ríkissjóður hefir ekki minstu áhættu af smásölu. Heildsalan hefir verið rannsökuð nákvæmlega, og hefir engin óregla fundist þar. Annars er mál þetta undir rannsókn, og sje jeg því ekki ástæðu til þess að fara frekar út í það nú. (**JJ:** Ber ekki forstjórinn ábyrgð á rekstri verslunarinnar?) Málið er undir rannsókninni komið. Heyrist mjer ekki einusinni hv. 5. landsk. bera neina óráðvendni á forstjórann.

Viðvíkjandi innkaupum vína vil jeg geta þess, að langt er síðan farið var að kaupa þau frá Spáni.

Hvað laun forstjóra áfengisverslunarinnar snertir, minni jeg á, að maðurinn var tekinn úr ábatasamri stöðu og var ráðinn aðeins til stutts tíma.

Jeg sagði, að það yrði að láta slag standa, hvernig háttv. þm. tækist að verja aðgerðir sínar í þessu máli gagnvart kjósendum. Þetta er jeg fús til að endurtaka.

Jóhann Jósefsson: Það virðist hafa komið ónotalega við hv. 5. landsk. (JJ), að meirihl. hv. deildar vill ekki ákveða með lögum, að öll kaup á vínum og vínverslunin yfir höfuð skuli lögð undir forstjóra landsverslunarinnar.

Er nærri því broslegur sá fítonsandi, sem hleypur í hv. þm. yfir þessu. Það er enganveginn sannað eða sýnt, að forstjórn vínverslunarinnar yrði, þegar til lengdar ljeti, betri á þann hátt sem farið er fram á í frv., heldur en hún er nú. Jeg skal ekki verja það, að það er kostað alt of miklu til útsölu vína; fyrirkomulagið gerir það m. a. að verkum; að sumu leyti er það til að fyrirbyggja misbrúkun, og alt hefir hjálpast að til að gera stofnunina dýra. En að það sje í raun og veru heppilegast að breyta til þannig, að setja þetta alt undir forstjóra landsverslunarinnar, sem er svo ákaflega æskilegt að dómi hv. 5 landsk. (JJ) og þeirra, sem honum fylgja að máli, get jeg ómögulega álitið.

Þegar við lítum á það, að forstjóri landsverslunar stendur fyrir innkaupum og útsölu á allri steinolíu, sem landið notar, og öllu tóbaki, þá sýnist það ærið verkefni fyrir einn mann að hafa forstjórn verslunar á þessum vörutegundum. Í sjálfu sjer er það vafamál, hvort það væri betra og heppilegra frá almennu sjónarmiði að íþyngja landsverslun með allra handa viðbótum. (**JJ:** En þeir, sem vilja einn ráðherra?) En frá sjónarmiði hv. 5. landsk. (JJ) lítur þetta öðruvísi út, því hann vildi sennilega láta hana hafa margar aðrar vörur til einkaverslunar. (**JJ:** Hverjar?) Jeg geri ráð fyrir, að það væri ekki móti hans skoðun, að hún hefði fiskverslunina með höndum.

Það getur verið vafamál, hvað langt eigi að ganga í því að draga saman undir eins manns forstöðu, eða eina stofnun, ríkiseinkasölu á vörum í jafnlitlu þjóðfjelagi og okkar. Þessvegna er frá

sjónarmiði þeirra manna, sem ekki vildu samþ. 1. gr. frv., ekkert sjerstakt að athuga við það fyrirkomulag, að sjerstakur forstjóri sje fyrir vínverslununni. Við höfum nú einusinni traust á því, að stjórnin ráði við og kunni að skipa þessum málum, og við greiðum atkv. samkv. því og treystum henni til að koma á þeim umbótum, sem þarf, þó stofnunin sje ekki lögð undir forstjóra landsverslunar. Er þetta á engan veg sagt til að bera brigður á, að hann sje í alla staði heiðarlegur maður, svo sem hv. 5. landsk. hefir tekið fram.

Af því það var dregið inn í umræðurnar, að landsverslun með steinolíu hefði haldið verði þeirrar vöru niðri, mjög mikið, að mjer skilst, þá kemst jeg ekki hjá því, sjerstaklega af því, að það er atriði, er miklu máli skiftir sjávarútvegshjeruð, og þar á meðal mitt kjördæmi, að láta uppi það álit mitt, að jeg tel ákaflega mikið vafamál, að landsverslun hafi tekist að halda verðinu niðri. Jeg hefi ekki haft ástæðu til þess að rannsaka neitt til hlítar, hvernig markaðsverðið í heild hefir verið. En það er atriði, sem má rannsaka og ætti að rannsaka, því það skiftir mjög miklu máli, hvort fullyrðingar hv. 5. landsk. (JJ) um það, að verðinu á steinolíu sje í raun og veru haldið niðri með ríkiseinokun, eru rjettar eða ekki. Þetta er mál, sem þyrfti, vegna útvegsins, gaumgæfilega að athuga. En jeg get ekki að svo komnu máli talið það sannað, að verðinu hafi verið haldið svo mikið niðri, að telja megi, að núverandi fyrirkomulag sje það heppilegasta, sem verið geti á versluninni með steinolíu. Eins og mönnum er kunnugt, hefir verðið á steinolíu hjer á landi hækkað stórkostlega síðan í fyrra.

Það var vegna staðhæfinga hv. 5. landsk. (JJ) um að landsverslunarfyrirkomulagið hefði haldið niðri olíuverðinu, að jeg sá ástæðu til að gera þær athuasemdir þessu viðvíkjandi, sem jeg nú hefi gert, og jeg held því fram, að það sje ekki hægt að telja það sannað, að verðið hafi orðið lægra fyrir einkasöluna, heldur sje það enn opið spursmál, sem þurfi rannsóknar við.

Jónas Jónsson: Jeg ætla að snúa aths. mínum að hv. þm. Vestm. (JJós), því að öðrum hv. þm., sem hjer hafa talað, hefi jeg þegar svarað. — Háttv. þm. (JJós) gerði tilraun til að verja þá afstöðu sína, að vilja halda við einu allradýrasta embætti landsins, með því að ekki væri rjett að reka svo stór fyrirtæki undir einni stjórn sem landsverslun yrði, ef 1. gr. frv. hefði verið samþykt. Jeg vil minna hv. þm. (JJós) á það, að hann hefir áður greitt atkvæði hjer í hv. deild, ásamt öðrum flokksbræðrum sínum, með því að hafa aðeins einn ráðherra yfir öllu landinu. Hvort heldur nú hv. þm. (JJós) að sje erfiðara, að veita forstöðu verslun með olíu og tóbak, og svo þó að áfenginu yrði bætt við, eða að stjórna öllu landinu? Jeg veit, að hv. þm. (JJós) er svo kunnugur víða erlendis, að hann hlýtur að vita, að landsverslunin með tóbak, olíu og áfengi handa öllu Íslandi er dvergvaxið fyrirtæki í samanburði við það, sem gerist um verslun hjá stórþjóðum.

Afstaða meirihl. hv. deildar verður enn erfiðari, þegar þess er gætt, að landsverslunin hefir gengið vel undir stjórn núverandi forstjóra, en áfengisverslunin aftur á móti illa undir stjórn forstjóra hennar, því eins og jeg hefi bent á, þá ber hann siðferðilega ábyrgð

á þeim óhöppum, sem fyrir verslunina hafa komið. Eftir þessar almennu, en óverjandi hugleiðingar hv. þm. Vestm. (JJós), um að sjerstakan forstjóra þurfi fyrir hvorri þessari smáverslun ríkisins, þá notaði hann tækifærið til þess að koma með aðdróttanir um, að ekki væri alt í lagi í steinolíueinkasölunni, og til þess að draga það í efa, að hún hafi haldið niðri olíuverðinu.

Jeg vil skjóta þessu máli til æðra dómstóls en hv. þm. Vestm. (JJós), sem ekkert segist hafa rannsakað þetta mál. (**JJós:** Jeg sagðist ekki hafa rannsakað það til fullnustu.) Það sýndi sig, að hann hefir ekkert rannsakað málið og að dómar hans um það eru fullkomnir sleggjudómar. Hinn æðri dómstóll í þessu máli er fiskiþingið. Það á að hafa — og hefir — betri aðstöðu en allur almenningur til þess að rannsaka þetta mál, og hefir rannsakað málið. Og niðurstaða fiskiþingsins var sú, að það lýsti ánægju sinni yfir því, hve vel olíuverslunin hefir verið rekin í höndum M. Kristjánssonar. Fiskiþingið rak frá forsetastöðu Fiskifjelagsins þann mann, sem mest hefir unnið að því að ófrægja steinolíueinkasöluna. Þessi var dómur fulltrúa þeirrar stjettar, sem mest á undir steinolíuversluninni, og þá er hart, að háttv. þm. Vestm. (JJós) skuli dirfast að koma fram fyrir hv. deild og byggja á því, sem hann vildi hafa rannsakað, en hefir ekki gert.

En við skulum líta örlítið aftur í tímann. Hver hafði steinolíuverslunina með höndum áður en einkasalan komst á? Það var Standard Oil. Það fjelag hefir haft í þjónustu sinni marga hjerlenda menn, sem vitanlega vinna nú á móti einkasölunni. Það hefir og spent greipar sínar yfir ýms blöð í Ameríku og á væntanlega vingott við blöð, sem gefin eru út hjer á landi, en ekki má tala um í þessari hv. deild, vegna þess, að það kynni að koma nokkuð óþægilega við samviskuna hjá Íhaldsliðinu. En þau blöð eru allra blaða vísust til þess að breiða náðarfaðm sinn yfir háttv. þm. Vestm. (JJós), ef hann skyldi bjóða sig fram til þings oftar, og þakka honum þannig í verkinu fyrir að tortryggja landsins eigin bjargráðafyrirtæki.

Jóhann Jósefsson: Það er enganveginn rjett hjá hv. 5. landsk. (JJ), að jeg hafi notað tækifærið til aðdróttana um rekstur landsverslunarinnar. Það voru aðeins staðhæfingar hans, um að einokunarverslunin hafi haldið niðri steinolíuverðinu, sem jeg vildi, og vil enn mótmæla. Það er enn órannsakað mál, en er mjög mikilvægt, og þarf að rannsaka til hlítar, hvort þetta fyrirkomulag hefir orðið sjávarútveginum að liði eða ekki. Jeg fæ ekki betur sjeð en að mál þetta megi ræða með rósemi og gætni, og finst mjer því einkennilegt, hversu mjög hv. 5. landsk. (JJ), sem ekkert er við þessa verslun riðinn, hefir orðið æstur út af ummælum mínum. (**JJ:** Mjer gremst vitleysan.) Það er satt, að Standard Oil var orðið illa þokkað meðal landsmanna, enda mun það vera aðalástæðan fyrir því, að einkasalan er þó ekki ver þokkuð en raun er á, að hún tók við af Standard Oil. (**JJ:** Er þm. ekki útibússtjóri landsverslunarinnar í Vestmannaeyjum?) Jú, eða rjettara sagt það firma, sem jeg á í, er það. En það hindrar í engu, að jeg segi hjer skoðun mína á olíueinkasölu eða einkasölu yfirleitt — eins og öðrum málum. Það getur hv. 5. landsk. (JJ) reitt sig á.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á lokafundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 542), en var ekki tekið til meðferðar.

---

14. Bannlagabreyting.

Á 21. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breytingar á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi (þmfrv., A. 103).

Á 23. og 25. fundi í Nd., dagana 14. og 17. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., miðvikudaginn 19. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg skal stuttlega víkja að undirbúningi þessa máls.

Eins og af greinargerðinni sjest, þá hefir Stórstúka Íslands fjallað að mestu um frv. þetta. Hafa unnið að því þeir hr. Einar H. Kvaran, Pjetur Halldórsson og Pjetur Zophoníasson, og hefir frv. þetta verið borið undir framkvæmdarnefnd Stórstúku Íslands.

Að því er kemur til tilefnis frv., þá er þess ekki langt að leita. Eins og mönnum er kunnugt, þá gekk þingið í fyrra frá löggjöf, sem segja má að kipt hafi fótum undan bannlöggjöf vorri, og er auðsætt, að þessari miklu breytingu hlaut að vera samfara nauðsynin á rækilegri endurskoðun áfengislöggjafarinnar, og eru breytingar þær, sem hjer er farið fram á, einmitt þær, sem bæði bannmenn og lögreglustjórar hafa sjeð af reynslunni, að eru nauðsynlegar. Jeg skal taka það fram, að þær eru margar hinar sömu sem þær, er fram voru bornar á þinginu 1921 af hv. 4. landsk. þm. (JM), sem þá hafði stjórnarforystu á hendi, en allshn. svæfði málið. Aðaltilgangurinn með frv. er í stuttu máli að koma í veg fyrir, að sjálf löggjöfin hindri, að þjóðin geti komið vilja sínum fram og framfylgt löggjöf sinni.

Í öðru lagi horfir málið öðruvísi við en áður, þar sem ríkið hefir nú tekjur af áfengisverslun, og áfengislögbrotin þar af leiðandi einnig svik við ríkissjóðinn. Það er því ný hvöt um heppilega löggjöf, og vænti jeg, að allir, bæði bannmenn og andbanningar, geti þá orðið sammála um það, hversu nauðsynlegt sje, að eftirlitið verði sem tryggast.

Í þriðja lagi er jeg sannfærður um það, að almenningsálitið krefst þess, að þeim einu lögum, sem sett hafa verið með alþjóðaratkvæðagreiðslu, verði sem dyggilegast eftir fylgt, og það er enginn vafi á því, að þjóðin mun dæma valdhafana mjög mikið með tilliti til þess, hvernig þeir fara með þetta mál. Hingað til hefir sá dómur stundum verið allþungur og því mikils um vert, að úr því verði bætt nú og löggjöfin verði svo úr garði gerð, að hægt verði að hafa alt eftirlit sem tryggast.

Það leikur ekki á tveim tungum, að drykkjuskapur hefir aukist mjög mikið síðan undanþágan frá bannlögunum var veitt, og það ekki einungis vegna þeirra Spánarvína, sem inn hafa verið flutt, heldur alls þess áfengis, sem flýtur í

kjölfar þeirra. Og þjóðinni er það nógu þungbært og nógu mikil minkun í því að hafa orðið að láta erlenda þjóð beygja sig og grípa inn í löggjöf sína, þó hún þurfi ekki að horfa á, að mikið af áfengi sje svikið inn í landið.

Jeg er heldur ekki í einum vafa um það, að meirihluti þjóðarinnar hugsar sjer að koma á hjá sjer aftur fullkominni áfengisbannlöggjöf. Því verðum við líka að gera alt, sem í okkar valdi stendur, til þess að halda þjóðinni sem minst sýktri af áfengisnautn, svo hún verði sem best búin undir algert bann.

Jeg tel ástæðulaust að fara út í einstakar greinar frv. við þessa 1. umr. Margt af því, sem þar er, er áður rannsakað og viðurkent, og treysti jeg hv. allshn. vel til að ganga sem best frá frv. En til þeirrar nefndar vænti jeg, að málið verði látið ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., föstudaginn 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 103, n. 424 og 459).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Áfengisauglýsingar.

Á 21. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um bann gegn áfengisauglýsingum (þmfrv., A. 104).

Á 23. og 25. fundi í Nd., dagana 14. og 17. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., miðvikudaginn 19. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Mjer dettur í hug í sambandi við þetta mál, sem hjer liggur fyrir, ræða hins mikla mælskumanns, Ciceros, sem hann hjelt til varnar Sixtusi Rosciusi, manni, sem kærður var fyrir að hafa drepið föður sinn. Hann tekur það fram, að engin ákvæði um föðurmorð hefðu verið til í grískum lögum, svo ólíklegt hefði það þótt, að slíkir glæpir yrðu drýgðir.

Eitthvað hið sama mætti víst segja um áfengisauglýsingar. Það má merkilegt teljast, að þær voru ekki strax bannaðar, en það sýnir aðeins, hve sjálfsagt mönnum hefir fundist, að til þess kæmi ekki, að þær yrðu nokkurntíma birtar hjer, eftir að bannlögin voru sett. En reynslan hefir sýnt oss annað. Nú mora blöðin af áfengisauglýsingum, þær eru festar upp á götunum, og þær eru jafnvel birtar í ritum opinberra stofnana, svo sem í símaskránni.

Jeg býst ekki við að þurfa að vera margorður um þetta mál, svo ljóst er það. Aðeins eitt vil jeg þó minna á, sem er, að þó þjóðin hafi verið neydd til þess að slá af bannlöggjöf sinni í bili, til bjargar atvinnuvegum sínum, þá hefir hún ekki breytt um þá skoðun sína, að áfengisnautnin sje skaðleg, og því fordæmir siðferðismeðvitund hennar það, að liðið skuli vera að halda víni að mönnum opinberlega.

Og að lokum þetta eitt.

Ef til þess kæmi, að einhverjum dytti í hug, að þetta frv. mitt væri fram komið af öfund við þau blöð, sem hafa tekjur af áfengisauglýsingum, og þar sem mitt blað, „Tíminn“, hefir ekki haft

neinar slíkar auglýsingar, þá vil jeg taka það fram, að frv. þetta er fyrst ogfremst fram komið að tilhlutun Stórstúku Íslands, og í öðru lagi hefir mjer borist mikið af áfengisauglýsingum, en hefi jafnan neitað þeim um rúm.

Að síðustu vil jeg óska, að mál þetta fari til allshn.

Jón Kjartansson: Jeg stend ekki upp til þess að mótmæla frv. þessu, en jeg hygg, að þeir, sem að því standa, hafi ekki farið rjetta leið. Það er nefnilega augljóst, að þetta er ekki löggjafarefni, heldur getur stjórnin sett ákvæði um þetta inn í reglugerð um áfengissöluna, enda er það ríkið sjálft, sem hjer á hlut að máli, því það hefir einkasölu á áfengi. En mjög er hætt við því, að þetta ákvæði yrði brotið og það af sjálfri ríkisstjórninni, sem er skylt að hafa vín til sölu, því vafasamt er, í hversu víðri merkingu „auglýsingar" skyldu takast. Undir auglýsingar (propaganda) geta t. d. heyrt áletranir á flöskunum sjálfum, tilkynningar um vörumerki í Lögbirtingablaðinu og Stjórnartíðindunum o. fl.

Það var aðeins þetta, sem jeg vildi benda hv. flm. (TrÞ) á, að frv. er óþarft í sjálfu sjer, og nokkurt ósamræmi í því, t. d. refsingin. Annars er þetta ekki neitt stórmál í mínum augum, og býst jeg ekki við, að það hafi mikla þýðingu, hvorki til nje frá.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vona, að hv. þm. V.-Sk. (JÞ) verði bráðum kunnugri blaðamenskunni en halda má að hann sje nú, eftir orðum hans að dæma. Það er nefnilega svo, að þó ríkið reki áfengissöluna, þá er það ekki ríkið, heldur firmun, sem birta auglýsingarnar, enda eru það þau, sem sjá sjer hag í því að vekja eftirtekt á vörum sínum. Þá skal jeg gefa þær upplýsingar, að þetta frv. er samið af Stórstúku Íslands og sniðið eftir löggjöf Bandaríkjanna. Einnig myndi jeg geta látið allshn. hafa útdrætti úr löggjöf Svía og Finna um þetta efni, ef hún æskir þess.

Jakob Möller: Jeg skal strax taka það fram, að mjer finst mál þetta vera mjög hjegómlegt. Ekki af því, að jeg er blaðamaður. Jeg veit raunar ekki, hvað blað hv. flm. (TrÞ) hefir fengið mörg tilboð um áfengisauglýsingar, en fæ vel skilið, að þetta hafi meiri þýðingu fyrir það blað, sem er vikublað og hefir lítið af auglýsingum, heldur en dagblöð. En fyrst ríkið á annað borð getur verið þekt fyrir að hafa ágóða af vínsölu, þá finst mjer ástæðulaust af því að hneyxlast svo mjög á auglýsingunum. Og þó jeg sje auðvitað trúaður á mátt auglýsinganna, þá hygg jeg varla, að þær hafi mikil áhrif á drykkjuskapinn. Það er alveg víst, að þeir kaupa vínin, sem í þau langar, án tillit til þess, hvort þau eru auglýst eða ekki. Og þó Bandaríkin leggi bann við vínauglýsingum hjá sjer, þá er það alt öðru máli að gegna. Þar er sem sje fullkomið bann, og væri því hjákátlegt að hugsa sjer áfengi auglýst þar. Hjer horfir málið öðruvísi við. Þau vín, sem auglýst eru, eru frjáls verslunarvara og landið ekki bannland, hvað þau snertir. Frá mínu sjónarmiði er því það, að hneyxlast á auglýsingum, hreinasti barnasjúkdómur, sem löggjafarvaldið getur varla verið að taka mikið tillit til.

Hitt var rjett, sem hv. flm. (TrÞ) tók fram, að það eru auðvitað firmun sjálf en ekki ríkisverslunin, sem auglýsa, til þess að fá sínar tegundir útbreiddar.

Jón Kjartansson: Jeg hygg, að hv. flm. (TrÞ) hafi hlotið að misskilja orð mín. Það er enganveginn hugsun mín, að ríkið þyrfti endilega að auglýsa sjálft, heldur muni það vera aðrir, sem senda auglýsingarnar í blöðin. En eins og frv. þetta er orðað, mun fleira en auglýsingar í blöðum ná þar undir, t. d. get jeg hugsað, að vörumerki á flöskum, tilkynningar um vörumerki o. fl. nái þar undir. Annars sýnist mjer eins og hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að þetta sje ákaflega ómerkilegt mál, og þar á ofan algerlega óþarft að setja lög um það, þar sem stjórninni er innan handar að koma í veg fyrir auglýsingarnar með einu litlu viðbótarákvæði í reglugerð, samkv. heimild í lögunum sjálfum, um undanþágu frá bannlögunum.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Það var víst hv. 3. þm. Reykv. (JakM), en ekki ritstjóri Vísis, sem áðan var að tala um auglýsingar. En hvað sem um það er, þá get jeg frætt hann um það, að þjóðin er hneyxluð yfir því, að ríkið skuli leita tekna af áfengissölu. Og jeg veit, að hv. þm. (JakM) er eins vel kunnugt og hverjum öðrum um það, að þjóðin hefir aðeins orðið að láta kúgast af okkur sterkari þjóð til að slá af löggjöf sinni og í því efni goldið fátæktar sinnar. Að hún gerði það ekki með ljúfu geði er litlum vafa bundið.

Þá treysti jeg hv. þm. V.-Sk. (JK) til að koma í veg fyrir, að stjórnin geri sig brotlega í þessum efnum, með flöskuumbúnaði og slíku. Veit jeg, að hann mun fúslega leggja sína lögvisku fram til að bæta úr slíkum annmörkum, þegar málið kemur til nefndarinnar.

Að lokum skal jeg enn taka það fram, að það stendur eins á með okkur sem með Bandaríkin og Finna, að þjóðinni er áfengið á móti skapi, og því eigum vjer að hegða oss eins og þær gagnvart áfengisauglýsingunum.

Jakob Möller: Jeg þyrfti víst helst að halda dálítinn fræðandi fyrirlestur um auglýsingar fyrir hv. þm. Str. (TrÞ). Að jeg hafi mikla trú á auglýsingum og telji þær þýðingarmiklar fyrir verslun og viðskifti þarf jeg auðvitað ekki að taka fram. En jeg hygg samt ekki, að þær geri alment mikið til þess að meira sje keypt af einhverri vöru en ella væri, nema um nýjar vörutegundir sje að ræða. En þar sem um fleiri tegundir sömu vöru, svo sem t. d. kaffis, er að ræða, þá getur oltið að nokkru á auglýsingum, hver tegundin mest er keypt.

Auglýsingar eru ákaflega þýðingarmiklar. En kaffi, t. d., er ekki auglýst af því, að hjer eða annarsstaðar sje fjöldi manna, sem ekki veit, að kaffi er til. Eins eru vínauglýsingarnar ekki til þess að auglýsa það, að hjer fáist vín, heldur til þess að halda fram gæðum sjerstakra tegunda. Frá bannlagasjónarmiði má okkur vera alveg sama, hvort þeir, sem neyta víns, drekka Dows eða Bodega. Ef vínsalarnir vilja kosta til auglýsinga, þá gerir það okkur hvorki til nje frá. Það verður ekki drukkið einni flösku meira af portvíni fyrir þá sök, en ef til vill dálítið meira af einni

tegund heldur en annari. Auglýsingar skifta því engu máli frá þessu sjónarmiði, og alveg þýðingarlaust að banna þær. — Jeg geri ráð fyrir því, að hv. þm. Str. skilji mig, þó hv. ritstjóri Tímans geri það ekki.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., föstudaginn 2. maí, var frv tekið til 2. umr. (A. 104, n. 442 og 444).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Þingfararkaup alþingismanna.

Á 6. fundi í Nd., föstudaginn 22. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna (þmfrv., A. 30).

Á 8. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Kjartansson): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv., því það nægir að mestu að vísa til greinargerðar þeirrar, sem frv. fylgir; eins og sjá má á henni, þá eru það 2 efnisbreytingar, sem hjer er um að ræða. Önnur er fólgin í því að fella niður dýrtíðaruppbótina á dagpeningum þingmanna. Á Alþingi 1922 kom fram frv., sem fór í sömu átt hvað þetta snertir, en var feld í Nd. með jöfnum atkv., eða 13 : 13.

Háværar raddir streyma nú alstaðar frá um nauðsynina á því að draga úr gjöldum ríkissjóðsins eins og frekast er unt. Á yfirlitinu, sem hæstv. fjrh. (KlJ) gaf hjer nýlega yfir fjárhagsástandið, munu flestir sjá, að þessar háværu raddir eru rjettmætar og á rökum bygðar. Og þegar vjer höfum yfirfarið fjárlagafrv. það, sem hæstv. stjórn hefir nú lagt fyrir þingið fyrir árið 1925, verðum vjer enn sannfærðari um þá brýnu nauðsyn, að draga sem mest úr gjöldum ríkissjóðs. Þar er ekki gert ráð fyrir neinum verklegum framkvæmdum, heldur eru fjárlögin einungis lögfestar tölur. Verður þessvegna að keppa að því, að fá ríflegan tekjuafgang á fjárlögunum, svo hægt verði að snúa sjer sem fyrst að framfaramálunum.

Dýrtíðaruppbót til alþingismanna hefir undanfarið numið því, sem hjer segir.

1920	kr.	20966.40
1921	—	70738.24
1922	—	38273.04
1923	—	29260.80

Yfirstandandi ár mundi hún koma til að nema um 20 þús. kr., og má af þessu sjá, að hjer mundi ekki svo lítið sparast.

Hin efnisbreytingin, sem frv. þetta fer fram á, er fólgin í því, að fastsetja ferðakostnað alþingismanna, þannig, að sett sje hámark ferðakostnar úr hverju kjördæmi.

Það hefir sýnt sig, að breytingin, sem gerð var á þessu með lögum nr. 36, 28. nóv. 1919 hefir ekki orðið til bóta. Hafa síðan komið fram ákaflega háir ferðakostnaðarreikningar frá ýmsum þingmönnum. Skal jeg nefna dæmi frá síð-

ustu árum um ferðakostnaðinn úr nokkrum kjördæmum:

Árið 1920 var ferðakostnaður úr Rangárvallasýslu 707 kr., frá Eskifirði 545 kr., úr Árnessýslu 610 kr.

Árið 1921 var ferðakostnaður úr Rangárvallasýslu kr. 770.50, úr Árnessýslu 242 kr., úr V.-Skaftafellssýslu 1488 kr.

Að ferðakostnaðurinn úr V.-Sks. var svo hár þetta ár, stafar þó af því, að þáverandi þm. lagðist veikur um þetta leyti og varð flutningurinn því miklu dýrari en ella.

Árið 1922 var ferðakostnaður úr Rangárvallasýslu 480 kr., úr V.-Skaftafellssýslu 964 kr.

Árið 1923 var ferðakostnaður úr Rangárvallasýslu 357 kr., úr V.-Skaftafellssýslu 1285 kr.

Virðist ferðakostnaðurinn hjer varla ná nokkurri átt, og yfirleitt er auðsætt, að hjer er að meira eða minna leyti um handahófsreikning að ræða. Er það mjög óheppilegt, að þingmenn sjálfir skuli gefa þjóðinni slíkt fordæmi og gæta ekki meiri sparnaðar en raun ber hjer vitni. Er að sjálfsögðu heppilegast að setja með lögum fastan hámarkskostnað úr hverju kjördæmi, svo sem frv. þetta fer fram á. Auðvitað myndu verða gerðar undanþágur, þegar tafir eða aðrar ríkar ástæður yrðu til að hefta för þingmanna og gera ferð þeirra dýrari, og mætti þá auðveldlega bæta þeim þann aukakostnað á næstu fjárlögum. Jeg skal taka það fram, að ferðakostnaður sá, sem frv. gerir ráð fyrir, er úr flestum kjördæmum miðaður við skipaferðir. Það má vel vera, að áætlunin sje heldur knífin sumstaðar, t. d. til Seyðisfjarðar, en það getur sú nefnd, sem um málið fjallar, auðveldlega lagað. — Jeg vil þó einnig benda á það, að ferðakostnaðurinn er reiknaður svo lágt með það fyrir augum, að þingmenn fá dagpeninga sína allan þann tíma, sem ferðalagið stendur yfir.

Með því að jeg heyri, að hv. 3. þm. Reykv. (JakM) kveður sjer hljóðs, og jeg býst við, að hann taki nú sem fyr að hreyfa andmælum gegn launalækkun þessari, þá skal jeg nú þegar bæta því við, að jeg gæti fallist á þá málamiðlun, líkt og átti sjer stað á þinginu 1922, þannig, að dýrtíðaruppbótin væri ekki öll feld þegar, en ákveðin, þegar dýrtíðaruppbót yfirleitt verður tekin til meðferðar. Jeg gæti fallist á slíka málamiðlun til samkomulags, en helst kysi jeg þó, að frv. yrði samþ. óbreytt.

Sveinn Ólafsson: Jeg vil byrja á því að þakka hv. flm. fyrir að hafa komið fram með þetta frv. Má líta á það sem einstakan vott fórnfýsi og sjálfsafneitunar, þótt tvímælis orki um kostina. Því það er auðsætt, að ef þetta verður að lögum, þá verða þm. ekki matvinnungar, ekki nærri skaðlausir af þingferðum eða þingsetu, þeir, sem úr fjarlægum hjeruðum eru. Þeim er því ætlað hjer að færa fórnir. Skal jeg fyrir mitt leyti ekki skorast undan því. En hitt dettur mjer ekki í hug að halda, að 12 kr. dagkaup nægi fyrir öllum daglegum útgjöldum hjer í bænum, að minsta kosti ekki á meðan sú dýrtíð ríkir, sem nú er. Hv. flm. virðist annars hafa skilið það rjett, að fórnfýsin verður að byrja hjá þingmönnunum sjálfum, ef sparnaðarstefnan á að hafa tilætluð áhrif. En þótt jeg sje háttv. flm. sammála um efni frv., að þessu leyti, þá er jeg ekki samþykkur meðferð þeirra á efninu og niðurröðun fórnanna og er jeg viss um,

að hægt verður að finna rjettlátara fyrirkomulag. Svo lítur út eftir frv. sem þessa fórn eigi aðallega að færa bændur þeir, sem á þingi sitja, og með því er bændum gerð torveldari þingsetan en öðrum, og hygg jeg þó, að sá hafi tæpast verið tilgangur flm. Því það liggur í augum uppi, að þeir, sem að koma til bæjarins, geta ekki komist af með jafnlítið fje og þeir, sem þar eru búsettir. Það virðist því rjett að taka upp regluna frá 1912, að gera mun á kaupi aðkomuþingmanna og þeirra, sem búsettir eru hjer í Reykjavík. Einnig væri rjett að taka nokkurt tillit til þess, hvort sá, sem hlut á að máli, tekur samtímis laun úr ríkissjóði fyrir annað starf eða embætti, eða nýtur á annan veg styrks af almannafje. Takmörkunin verður að vera sem næst rjettum hlutföllum og sanngjarnleg. Fyrir því hefi jeg leyft mjer, ásamt hv. þm. Str. (TrÞ), að koma fram með brtt. við 1. gr. frv. Sú till leitar að þessu meðalhófi, sem jeg hefi nú drepið á, gerir mun á kaupi þingmanna búsettra hjer í bæ og þeirra, sem jafnhliða þingfararkaupi njóta fjár af almannafje og hinna, sem ekki njóta þess. Skal jeg annars ekki tala neitt frekar um þá brtt. við þessa umr. málsins, en geri ráð fyrir, að hún fylgi frv. til nefndar. Jeg vil annars minna á það, að það kaup, sem hjer er ráðgert, 12 kr. daglega, er mun lægra er þær 12 kr., sem lögin 1912 ætluðu þingmönnum, og liggur það í lággengi krónunnar íslensku. Hún var gullgeng 1912, en nú er hún vart meira en 46—48 aura virði, metin gegn gulli. Þessvegna er þetta ráðgerða þingfararkaup bersýnilega lægra en kaup óbreyttra verkamanna nú um stundir. En jeg tek það aftur fram, að jeg er fús til að fórna fje á þennan veg, ef kvöðinni er sanngjarnlega jafnað niður á alla þingmenn, og mun því styðja frv., ef fram gengur till. okkar hv. þm. Str.

Jeg vil svo, áður en jeg sest niður, víkja með fáum orðum að niðurskiftingu ferðakostnaðarins. Jeg hefi ekki gert neina brtt. við þá gr., en það er þó ekki af því, að ekki sjeu misfellur á henni. Skal jeg t. d. taka, að ef ferðum til þings verður hagað sem hingað til, að hefja þingferðir með skipi syðst á Austfjörðum norður um land, þá nær engri átt að áætla ferðakostnað úr Suður-Múlasýslu minni en úr Norður-Múlasýslu, því þegar farið er norður um land, verður sú ferð eðlilega lengri og dýrari úr syðri sýslunni en þeirri nyrðri. Það virðist líka skjóta nokkuð skökku við, að ferðakostnaður úr Vestur-Skaftafellssýslu er áætlaður hæstur á landinu, eða 400 kr. Engin Rómsganga er þaðan til Rvíkur, og áður var ferðakostnaður úr Norður-Múlasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu lagður að jöfnu. En þetta eru alt minni háttar atriði, og er hægðarleikur fyrir nefndina að lagfæra það. Annars vil jeg að lokum minna á það, að hjer verður að viðhafa alla gát, þegar stefnt er til sparnaðar á kostnað einstakra manna, að ekki sje einum ofboðið, en öðrum ívilnað. Vegna þessarar hættu er áðurnefnd till. fram komin.

Jakob Möller: Það var misskilningur hjá hv. flm. (JK), að jeg stæði nú upp í því skyni að mótmæla frv. þessu. Jeg var að vísu á móti líku frv. árið 1922, en það var alveg sjerstök ástæða, sem þá kom til greina, því frv. var þá borið fram í sambandi við frv. um afnám dýrtíðaruppbótar embættismanna, en jeg var því mótfallinn, að hún yrði af-

numin eða lækkuð. Hefði samþ. þess frv. verið skoðuð sem yfirlýsing til embættismanna ríkisins frá þinginu, að það ætlaðist til þess að þeir gæfu eftir uppbótina. Hefði það verið sama og víta kröfu þeirra um dýrtíðaruppbót, og vildi jeg ekki láta það spyrjast, að Alþingi gerði sig sekt í slíku.

En það var annað, sem gerði það, að jeg kvaddi mjer hljóðs að þessu sinni. Hv. flm. (JK) komst svo að orði um ferðakostnað þingmanna, að ekkert vit væri í lengur að hlíta handahófsreikningum þeirra. Það var þetta, sem jeg gat ekki látið standa ómótmælt, að þm. væri brugðið um handahófsreikninga. Jeg hefi einu sinni átt sæti í þeirri nefnd, sem um þá reikninga á að fjalla. Get jeg borið vitni um það, að það voru skýrir og óvefengjanlegir reikningar, sem þm. lögðu fram það ár. Voru þeir sundurliðaðir og fylgiskjöl öll óaðfinnanleg. Jeg vil ekki með þessu segja, að þeir reikningar hafi allir verið hæfilega háir. Jeg geri ráð fyrir, að þm. hefðu getað ferðast á ódýrari hátt, en reikningarnir eru rjettir engu að síður og því engir handahófsreikningar. Jeg vildi hreyfa þessum andmælum af því, að hjer er ekki einasta borin sök á þm. þá, sem hlut eiga að máli, heldur og einnig á þingfararkaupsnefnd þingsins. Og þótt jeg hafi ekki nema einusinni átt sæti í þeirri nefnd, þá vildi jeg mótmæla slíkum áburði, ekki einasta fyrir hönd þeirra manna, sem þá áttu sæti í henni, heldur og líka þeirra þingmanna, sem hana hafa skipað á undanförnum þingum.

Einn reikning mintist hv. flm. (JK) á, frá þm. V.-Sk. 1921, Gísla sýslumanni Sveinssyni. Jeg þori að fullyrða, að hann hafi ekki reiknað með kostnað við legu sína hjer í Reykjavík. Hann gaf reikninginn með það fyrir augum, sem það hefði kostað hann heilbrigðan að fara heim hið hraðasta eftir þinglausnir. Það má því að nokkru leyti kalla þennan reikning handahófsreikning, en auðvitað var heimferðarreikningur tilsvarandi heimanferðarreikningi Og yfirleitt eru reikningar þingmanna þannig úr garði gerðir, að þeim fylgja fylgiskjöl fyrir hvern eyri, svo að ekki kemur til mála, að þingmenn fjefletti ríkissjóð með því að draga sjer fje á þennan hátt. Hitt er annað mál, hvort þingmenn ferðist altaf eins ódýrt og auðið er.

Annað atriði kom mjer einnig til að taka til máls, þar sem hv. flm. (JK) lagði til, að málinu yrði vísað til allshn. Jeg býst við, að hann telji þetta fjárhagsmál, og á frv. því að sjálfsögðu að fara til fjhn. Til þeirrar nefndar var málinu og vísað 1922. Jeg skal fyrir mitt leyti láta það afskiftalaust, læt aðra ráða um það. (JK: Jeg get vel fallist á, að frv. sje vísað til fjhn.)

En nú vil jeg skjóta því til hv. flm., hvort þeir vilji ekki ganga lengra. Ef þeim þykir ekki fært að fyrirskipa þingmönnum að vinna kauplaust, mætti ákveða með lögum að borga fæðiskostnað þeirra á hæfilega dýrum matsölustað, ennfremur sjá þeim fyrir gistingu á sæmilegu gistihúsi, svo sem Hjálpræðishernum. Það gæti jafnvel komið til mála að stofna sameiginlegt mötuneyti fyrir þingmenn, og horfir alt þetta til sparnaðar.

Það er ekkert nýmæli að ákveða þingmönnum ferðakostnað. Svo hefir áður verið gert, en frá því verið horfið aftur. Það þótti ekki annað fært en að láta þingmenn gefa reikninga, enda geta ýms atvik legið til þess, að ferðir

verði mönnum dýrari en unt er að sjá fyrir. Fyrir þetta mætti girða með því að setja í lög, að þingmenn skuli fluttir í pósti fyrir ákveðið burðargjald, eða láta póstsjóð sjá um flutninginn, þinginu að kostnaðarlausu.

Bjarni Jónsson: Fyrir nokkrum árum var þingfararkaupið hækkað, og minnist jeg þess, að við hv. þm. N.-Þ. (BSv) greiddum þá atkvæði gegn þeirri hækkun. Hafði jeg þá í skimpingum við þingmenn, að þeir ljetu sjer ant um að skara eld að sinni köku, en væru því naumari við aðra. Um þessa hækkun var kveðið:

Tekjuaukann tóku þeir,
töldu mikinn sigur.

Jeg er því albúinn að greiða atkvæði með því, að þetta verði aftur fært til hins fyrra horfs. Hinsvegar er jeg einnig algerlega samþykkur tillögum hv. 3. þm. Reykv. (JakM), bæði um að setja á stofn þing-mensa og um flutning þingmanna í pósti, enda er það auðsær sparnaður. Jeg vil og leyfa mjer að benda væntanlegri nefnd á eitt mikilsvert atriði. Jeg sje það, þegar jeg athuga reikningana, að kostnaðurinn við þingsetu mína er ekki nema þriðjungur móts við kostnað þeirra þingmanna, sem lengst eiga að, því vil jeg spyrja nefndina, hvort henni muni ekki þykja tiltækilegt að stinga upp á, að mönnum, búsettum utan Reykjavíkur, verði bannað að bjóða sig fram til þingsetu. Við það er sparnaðurinn einnig augljós.

Flm. (Jón Kjartansson): Jeg hefi lítið að athuga við ræðu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Brtt. hans fara fram á að gera greinarmun á þingfararkaupi þingmanna utan Reykjavíkur og þeirra, sem búsettir eru hjer. Jeg skal ekki segja, nema þetta sje rjettmætt, og getur væntanleg nefnd tekið það til íhugunar. En það er ekki allskostar rjett, að þingsetan hljóti jafnan að verða þeim ódýrari, sem búsettir eru hjer í bænum, því að margir þeirra leigja mjög dýrt húsnæði.

Að þingfararkaupið verði lægra eftir frv. en lögunum frá 1922 er alveg rjett. En jeg gat þess áðan, að jeg væri fús á að fara miðlunarleið, ef þetta þætti ósanngjarnt gagnvart þingmönnum, miðað við þóknun annara starfsmanna ríkisins. Hitt get jeg ekki fallist á, að ekki sje rjett að ákveða hæstan ferðakostnað úr Vestur-Skaftafellssýslu. Svo sem jeg gat um, er ferðakostnaðurinn alstaðar miðaður við sjóleiðina, nema úr hjeruðunum á Suðurlandi. Úr Vestur-Skaftafellssýslu verður ekki miðað við sjóleiðina, en það er ljóst, að miklu kostnaðarsamara er að ferðast landveg. Það kann og að vera ástæða til að hækka eitthvað ferðakostnaðinn úr Austur-Skaftafellssýslu, ef þingmaðurinn býr það vestarlega, að hann á hægra með að komast landveg. Þar sem hv. þm. (SvÓ) taldi ekki rjett að gera mun á Múlasýslum í þessu efni, er því til að svara, að eftir lögunum frá 1912 er einnig áætlaður hærri ferðakostnaður frá Norður-Múlasýslu, enda geta þingmenn þar átt lengra til skips en í Suður-Múlasýslu.

Þá skal jeg gera nokkrar athugasemdir við ræðu hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Hann vildi bera brigður á, að þeir reikningar, sem þingmenn hafa gefið undanfarin ár, hafi sumir verið handahófsreikningar. Jeg býst nú við, að ef hv. þm. ætlaði að ferðast á sinn eigin kostnað til Þorlákshafnar, þyrfti

hann ekki 610 krónur báðar leiðir. En mjer skilst, að þegar menn fara ferðir á kostnað ríkissjóðs, eigi þeir að miða við, hvernig þeir mundu ferðast fyrir sinn eigin reikning. Það er sanngjarnara en þessir handahófsreikningar.

Jeg hefi athugað marga þingfararkaupsreikninga, og eru engin fylgiskjöl með mörgum þeirra, heldur einungis reikningur frá þingmanninum. Með öðrum eru fylgiskjöl fyrir allri reikningsupphæðinni, og verður þingfararkaupsnefndinni því ekki álasað, þó að hún ávísi þeim reikningum. En yfirleitt verður þingfararkaupsnefndin ekki ásökuð fyrir það, þótt hún samþykki reikningana, því hún hefir oftast litil tök á að rannsaka þá. Jeg hefi hjer fyrir framan mig ritgerð eftir hæstv. atvrh. (KlJ), þar sem hann telur marga reikningana algera handahófsreikninga.

Þá mintist hv. 3. þm. Reykv. (JakM) á reikning þm. V.-Sk. 1921. Sje það rjett, að það sje ekki vegna veikinda þingm., að reikningurinn var svo hár þá, er því meiri nauðsyn á að fastákveða þingfararkaupið, því að það munu allir sjá, að 1488 kr. eru ekki sanngjarn reikningur fyrir ekki lengri ferð. En jeg veit um hitt, að það er vegna veikinda þm., að reikningurinn varð svo hár.

Eins og jeg gat um, er það aðalástæða vor flutningsmanna, að miða beri við, hvað hæfilegur ferðakostnaður sje þessar leiðir. Jeg tel það ekki sæmilegt að gera gys að þessari viðleitni okkar. Þá getum vjer alveg eins hætt við að ákveða kaup þingmanna, en greitt það, sem þeir geta eytt. Lofa þeim að gera reikninga eftir eigin geðþótta og láta þingfararkaupsnefnd ekki úrskurða þá, heldur einungis ávísa þeim.

Magnús Jónsson: Mig furðar, að hv. flm. brtt. skuli ekki hafa farið fram á, að þær mættu verða til umræðu ásamt frv. Brtt. var útbýtt í dag, og þarf því afbrigði til þess að mega ræða þær. En þær gefa einnig tilefni til margra hugleiðinga.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði, að eftir þessu frv. mundu þeir þingmenn, sem búa lengst frá Reykjavík, vafalaust bíða halla á ferðakostnaðinum. Jeg er því sammála, að þetta muni geta orðið alltilfinnanlegt og að utanbæjarþingmenn muni ekki geta komist af með kaup það, sem frv. ákveður. Þetta er aðalatriðið, eins og jeg benti á, þegar þetta mál var til umræðu á þingi 1922. Það má nota fögur orð um að þingið ætti að byrja á að spara við sjálft sig, en því verður ekki neitað, að þetta stefnir til þess að meina efnalitlum mönnum þingsetu. Þó að menn berjist í bökkum, geta þeir samt haft áhuga á opinberum málum, en með þessu yrði þeim mönnum ef til vill meinað að gera það á þann hátt, er flesta langar til, sem sje að sitja á þingi þjóðarinnar og ráða málum hennar þar til lykta. Þetta er alvarlegt mál og ekki til þess fallið að leika sjer að, til þess að fá lófaklapp fyrir, eins og fyrir fagran sjónleik.

Þetta mál snertir Reykjavík minst, og gat jeg því mótmælt þessu með betri samvisku en margir aðrir. Jeg er enn þá sama sinnis, að ekki megi koma til mála, að þingmenn utan af landi þurfi að gefa með sjer.

Það hefir verið minst óátalið á brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og hv. þm. Str. (TrÞ), þó að þær liggi ekki fyrir til

umræðu nú, og vil jeg því leyfa mjer að víkja að einu atriði í þeim, sem mjer virðist varhugavert. Þó að brtt. virðist koma verst niður á þeim, sem búa í Reykjavík, einkum embættismönnum, þá er þó að vissu leyti verið að mæla með þeim til þingsetu. Það væri ekki lítið, sem þá mætti spara með því, að þjóðin kysi einungis embættismenn í Reykjavík á þing. Menn eru að tala um að spara með því að leggja niður nokkur launalítil embætti eða stytta þingið um nokkra daga, en það er lítill sparnaður hjá því, ef komast mætti alveg hjá að gjalda nokkurt þingfararkaup. Í kosningabaráttu milli embættismanns í Reykjavík og bónda í sveit gæti það ráðið ekki litlu um úrslitin, að þingseta annars mannsins væri 1—2 þús. kr. ódýrari á ári hverju.

Jeg vil biðja menn að athuga þetta vel. Það má mikið um það deila, hve mikið hnoss almennur kosningarrjettur og kjörgengi er, og skal jeg ekki leggja neinn dóm á það að sinni, en meðan því er slegið föstu, að kjörgengi skuli vera sem allra almennast, er óviðurkvæmilegt að vera eins og að laumast með kuta aftan að því. Mjer finst, að menn megi ekki kasta slíku fram alveg athugunarlaust.

Forseti (Pjetur Ottesen): Þar sem brtt. á þskj. 47 hafa verið dregnar inn í umræðurnar, skal jeg geta þess, að samkvæmt 22. gr. þingskapanna komast þær ekki að fyr en við 2. umr. og liggja því ekki fyrir að þessu sinni.

Jakob Möller: Það má um það deila, hvort ferðakostnaðarreikningarnir sjeu yfirleitt handahófsreikningar. Ef svo er skilið, að kostnaðurinn sje handahófskostnaður, má það ef til vill til sanns vegar færa. En því held jeg fast fram, að jeg man ekki betur en að fylgiskjöl hafi fylgt öllum reikningunum, sem þingfararkaupsnefndin 1920 úrskurðaði. Um reikningana síðan er mjer ókunnugt, en jeg vil benda hv. flm. á, að flokksbróðir þeirra, hv. 1. þm. Reykv. (JÞ) hefir átt sæti í nefndinni síðan, og geta þeir spurt hann, hvort hann hafi úrskurðað slíka handahófsreikninga. Jeg tel nefndina bregðast skyldu sinni, ef hún úrskurðar og ávísar handahófsreikningum, er henni virðast ósanngjarnir.

Þetta frv. er í raun rjettri ásökun til allra þingmanna, að þeir sjeu ekki heiðarlegir menn. Ekki einungis þeir, sem gefa reikninga til þess að draga sjer stórfje. heldur og einnig hinir, sem úrskurða reikningana. Þetta er óhæfa. Til þess ber brýn nauðsyn, að fyrir því sje gert ráð sem sjálfsögðum hlut, að á þingi sitji ekki aðrir en heiðarlegir menn. Það verður að vera krafa frá sjálfsbjargarmeðvitund þjóðarinnar, að fulltrúar hennar sjeu ekki óheiðarlegir. Annars hefir þingið mist tilverurjett sinn, og er þá sjálfsagt að leggja það niður. Ef þingið þarf að verjast svo ágengni sjálfs sín, að ferðakostnað þurfi að ákveða með lögum, má það lengi leita að aðferð til að koma í veg fyrir, að þingmenn geti einhverja smugu fundið til þess að draga sjer fje.

Það liggur í augum uppi, að ógerningur er að fastákveða kostnað við þingsetu og ferðir til þings, þegar af þeirri ástæðu, hve gildi peninga er reikult, og allra síst má lögfesta kaup, sem er í raun og veru lægra en þegar það var 6 kr. Ef til þess er ætlast, að þingmenn fái kostnað sinn endurgoldinn, verður

að greiða hann eftir reikningi og treysta því, að þingmenn sjeu heiðarlegir menn og gefi ekki ranga reikninga.

Þar sem sjerstaklega hefir verið dregginn inn í umræðurnar ferðakostnaður þm. V.-Sk. 1920, skal jeg geta þess, að sá þingmaður hefir vafalaust ferðast þá á sama hátt sem hann er vanur fyrir eigin kostnað. Jeg hefi átt tal við hann um þennan reikning, og kvaðst hann jafnan ferðast um sýsluna á þennan hátt. Hann er heilsuveill og getur því ekki ferðast á sama hátt og þeir, sem fullhraustir eru, og sjest af þessu, að ekki er auðið að ákveða jafnan ferðakostnað fyrir alla. Þeir þingmenn, sem eru svo hraustir, að þeir geta gengið norðan úr landi, geta auðvitað ferðast ódýrara en aðrir, en það er ekki unt að gera þá kröfu til allra þingmanna, að þeir komi gangandi, ef til vill norðan af Langanesi, og klofi snjó um hávetur yfir fjöll og firnindi. Jeg skoða þetta ekki sem fjárhagsatriði, heldur sem hreint og beint kjaftshögg á Alþingi.

Flm. (Jón Kjartansson): Það voru fyrstu orð hv. 3. þm. Reykv. (JakM), og hin síðustu, sem komu mjer til að standa upp. Hv. þm. kvað frv. vera ásökun á hendur þm., að þeir væru ekki heiðarlegir, og taldi það ennfremur kjaftshögg á Alþingi. Þessu vil jeg mótmæla, og tel algerlega óviðeigandi að slá slíku fram. Annars minnist jeg þess, að þessi sami hv. þm. flutti á síðasta þingi, ásamt öðrum, frv. um mjög mikla hækkun á launum manna, sem að nokkru leyti má telja starfsmenn ríkisins, sem sje bankastjóranna við Landsbankann, og í greinargerð fyrir því frv. er það talið varhugavert, að þessir menn hafi of lág laun, því að það geti „leitt til skaðræðis fyrir bankann og þjóðfjelagið."

Jeg vil því ennþá taka það fast fram, að í frv. þessu liggur alls engin aðdróttun, hvorki til hv. þm. eða þingfararkaupsnefndar. Þau ummæli hv. 3. þm. Reykv. (JakM) verða því að teljast mjög óviðeigandi og vítaverð. Fyrir oss, flm. frv., vakti það, að ekki væri nema eðlilegt, að þingið setti ferðakostnaðinn fastan, og telji menn sig hafa ástæðu til að reiðast því, þá gætu hinir sömu vist helst felt sig við það að afnema dagpeninga, en greiða þingfararkaupið líka eftir reikningi.

Tryggvi Þórhallsson: Orð hv. þm. V.-Sk. (JK), þau, að hinn hái ferðakostnaður fyrirrennara hans hefði stafað af veikindum hans, mega ekki vera ómótmælt. Í þeim getur legið bein aðdróttun um fjárdrátt. Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) upplýsti raunar, að þetta væri rangt, en jeg tel þessi orð hv. þm. (JK) svo óviðeigandi og ósæmileg, að hann geti ekki látið hjá líða að biðja hv. deild afsökunar á þeim.

Brtt. eru ekki til umr. nú, en jeg get lýst yfir því, að jeg mun greiða atkv. á móti frv. þessu, ef brtt. mín og hv. 1. þm. S.-M. nær ekki fram að ganga. Með því viljum við ráða bót á því órjettlæti, sem utanbæjarþingmenn eru beittir með frv. og sem jeg þykist vita, að hv. flm. þess hafi ekki ætlast til að ætti sjer stað.

Loks vil jeg senda mínum kæra vini, hv. þm. Dala. (BJ) ofurlítið skeyti. Hann gat þess nefnilega, að kostnaðurinn við sig væri ⅓ minni en við aðkomumenn. Í þeim útreikningi átti hann vist aðeins við kostnaðinn við að kom-

ast til þings. En gaman væri að heyra, hvort hann kemst að sömu niðurstöðu, þegar hann reiknar saman allan þann kostnað, sem af dvöl hans hjer á þingi flýtur.

Bjarni Jónsson: Á að skilja hv. þm. Str. (TrÞ) svo, að hann vilji setja lög um það, hverjar tillögur þm. megi koma með um fjárveitingar og fjárhag landsins?

Jakob Möller: Einn hv. þm. mintist, í sambandi við þetta mál, á frv. mitt frá í fyrra, um launakjör starfsmanna Landsbankans. En það, sem út af því var leitt, var alt saman bygt á misskilningi á tilvitnuðum orðum. Aðalástæðan fyrir launahækkuninni var það, að ófært væri að láta menn í svona ábyrgðarmiklum stöðum sæta lægri launum en annarsstaðar gerist á viðskiftasviðinu, vegna þess, að stofnunum ríkisins væri nauðsynlegt að hafa bestu menn í þjónustu sinni, en til þess að það væri trygt, yrðu þær að greiða eins hátt kaup og annarsstaðar gerðist. Annars get jeg játað, að hvað greinargerðina fyrir frv. snertir, þá man jeg ekki, hvernig hún var orðuð; hún var samin af hv. þm. N.-Ísf.; en jeg get fullyrt, að það vakti alls ekki fyrir okkur, sem að frv. stóðum, að bankastjórarnir, ef þeir byggju við lægri launakostinn, færu að grípa til fjár bankans þessvegna, heldur einungis það, að gera bankann samkepnisfæran, hvað það snerti að fá sem besta og hæfasta menn í sína þjónustu. Fleira held jeg að ekki sje þörf að taka fram viðvíkjandi þessu atriði.

Jón Kjartansson: Hv. þm. Str. (TrÞ) hljóp upp áðan, eins og svo oft áður þessa fáu daga, sem þingið hefir setið. En alt, sem hann sagði viðvíkjandi ræðu minni, var bygt á herfilegum misskilningi. Jeg tók það einmitt fram, að hinn hái ferðakostnaður fyrv. þm. V.-Sk. hefði stafað af sjúkdómi hans, sem hefði valdið því, að hann gat ekki hagað ferðalagi sínu öðruvísi. Og svo vel þekki jeg sýslumann V.-Sk. persónulega, að mjer hefði síst komið til hugar að væna hann þess að gefa of háa ferðareikninga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 41., 42. og 43. fundi í Nd., dagana 3., 4. og 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., þriðjudaginn 8. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 30, 41, 47, n. 185 og 188).

Fjármálaráðherra (JÞ): Nefnd sú, sem um þetta mál hefir fjallað, fjárhagsnefndin, hefir klofnað í þrjá hluta, og eru jafnmargir menn í báðum stærri nefndarhlutunum, þ. e. 3, en einn varð í nefndinni frv. mótfallinn að öllu leyti. Það hefir fallið í minn hlut að vera frsm. þessa hluta fjhn., sem í nál. 185 er kallaður 1. hl. fjhn., og þarf jeg ekki miklu við að bæta það, er í nál. stendur. Dagpeningar alþingismanna hafa verið, alt til ársins 1912, 6 kr. á dag, en þá voru þeir hækkaðir upp í 8 kr. fyrir þm. búsetta í Rvík, en 10 kr. á

dag fyrir utanbæjarþingmenn. Árið 1919 voru dagpeningar alþingismanna hækkaðir upp í 12 kr. á dag, fyrir alla þm. jafnt, en þá var og jafnframt ákveðið, að greiða skyldi á þá dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og dýrtíðaruppbót er greidd á laun opinberra starfsmanna ríkisins, og við þetta stendur enn. Eins og getið er um í nál. á þskj. 185, þótti þessum hluta nefndarinnar rjett að fallast á þá stefnu, sem frv. ber vott um, að því leyti sem það miðar í sparnaðaráttina; er þar nokkur lækkun á útgjöldum ríkissjóðs, sem stafar af niðurfærslu þingafararkaupsins. Frv. þetta vill ákveða dagpeninga þm. 12 kr. á dag, án dýrtíðaruppbótar, en gerir ráð fyrir að fella úr gildi ákvæðin um dýrtíðaruppbót. Þessum hluta nefndarinnar, sem jeg tilheyri, þótti varhugavert að fastákveða kaup þingmanna, þegar alt verðlag er jafnbreytilegt og nú er. Við álítum, að þetta gæti orðið til þess, að ef dýrtíðin minkaði eitthvað eða hyrfi alveg, gæti svo farið, að þetta fastákveðna kaup þm. yrði óeðlilega hátt. Þessum hluta nefndarinnar þótti því rjettara að hverfa aftur að gamla grundvellinum frá 1912, og lækka kaupið niður í 8 og 10 kr. á dag; síðari upphæðin á við þm, sem ekki eru búsettir í Rvík. Nú hefir úr annari átt, frá háttv. þm. Mýra. (PÞ), komið fram brtt. við frv., þess efnis, að gera þann mun á þm., að utanbæjarþingmenn fái 15 kr. á dag. Eins og dýrtíðaruppbótinni er nú varið, mundu dagpeningar þm., samkv. till. þessa hluta nefndarinnar á þskj. 185, verða sem næst því, sem frv. fer fram á, að því þó viðbættu, að brtt. hv. þm. Mýra. (PÞ) yrði samþ. Dagpeningarnir yrðu þá, að viðbættri dýrtíðaruppbót, líðlega 12 kr. fyrir þm. búsetta í Rvík, en rúmar 15 kr. fyrir utanbæjarþingmenn.

Það er auðvitað algert álitamál, hvað menn vilja láta ákveða í þessu efni, og jeg ætla ekki að halda neina sjerstaka ræðu, hvorki með þessari nje annari upphæð, því jeg tel það mundi verða þýðingarlaust. Jeg býst við, að hv. þdm. geti gert þetta upp við sjálfa sig, alveg án nokkurrar leiðbeiningar frá öðrum, hvaða ákvæði þeir helst vilja aðhyllast um dagpeninga sjálfra sín.

Annað aðalatriði þessa frv. var hámark ferðakostnaðar alþingismanna úr hverju hjeraði. Nefndin athugaði þetta, en komst að þeirri niðurstöðu, að vegna hins óstöðuga verðlags á öllum hlutum sá hún sjer ekki fært að halda inn á þessa braut. Það verður naumast sagt, að skipaferðir og fargjöld með skipum kringum landið sje svo fastákveðið, að sanngjarnt sje að miða við það ferðakostnað þm. úr fjarlægum landshlutum. Þetta þykist jeg vita, að sje öllum hv. þm. svo ljóst, að ekki þurfi að fara mörgum orðum um það; t. d. nemur það talsverðu um ferðakostnað úr Suður-Múlasýslu, hvort heldur farið er suður eða norður um landið. Sama gegnir um ferðakostnað þm., sem verða að fara landveg. Það verður ókleift að gera skynsamlegar eða sanngjarnar áætlanir um þennan hlut. Ef sanngirni fengi að ráða í öllum tilfellum, yrði það líklega fremur til þess að hækka en lækka ferðakostnaðarreikninga, en það mun þó ekki vera tilgangurinn með þessu frv. Nefndin sá því ekki annan kost vænni en að láta það haldast, sem nú er, og samkv. því er brtt. á þskj. 185 borin fram.

Frsm. 2. hl. (Sveinn Ólafsson): Það

þykir engin nýlunda hjer á þingi, að nefnd klofni, og svo hefir fjhn. farið í þessu máli. En það, sem nýlundu sætir, er það, að nefndin hefir klofnað þannig, að hvorki hefir getað orðið til meiri- eða minnihluti úr 7 manna nefnd Hæstv. fjrh. (JÞ) gat þess, að nefndin hefði klofnað í 3 hluta, en hjer liggi fyrir aðeins tvö nál., sem nefnd eru nál. nr. 1 og nál. nr. 2. Fljótt á litið virðist nefndin því hafa klofnað þannig, að 3½ maður sje í hvorum nefndarhluta. (**JakM:** Jeg frábið mjer, að verða skift á milli nefndarhlutanna; jeg fylgi hvorugum að málum!) Það má vel vera, — en þegar borin eru saman þessi tvö nál., er það ekki ýkjamikið, sem á milli ber. Báðir nefndarhlutarnir eru sammála um það, að ekki verði skift um til bóta með því að taka upp fastákveðna ferðapeninga fyrir þingmenn, í stað þess að greiða ferðakostnaðinn eftir reikningi. Hefir hæstv. fjrh. (JÞ) gert ljósa grein fyrir því, á hverju þetta er bygt. Báðir nefndarhlutarnir vilja því halda sjer við gildandi lög um þetta. En um dagpeninga ber nefndarhlutunum nokkuð á milli. Hvorugur getur aðhylst frv., sem ekki er von, en um kaupgjaldsupphæðina er meginsmunur lítill hjá nefndarhlutunum, og hvortveggi vilja gera nokkurn mun á dagkaupi þm. búsettra í Rvík og aðkominna. Aftur á móti kemur stefnumunurinn fram í því, að 1. nefndarhluti vill ákveða lægra kaup með dýrtíðaruppbót, en vjer hinir litlu hærra og án uppbótar. Viljum vjer líta svo á, að þetta sje bráðabirgðaráðstöfun, sem þó sje full-forsvaranleg, meðan það harðæri helst, sem nú er, og takmarka verður allar greiðslur úr ríkissjóði. Yfir höfuð lítur nefndin svo á, hvort sem miðað er við nál. nr 1 eða nál. nr. 2, að kaupið sje það allra lægsta, sem verið geti, og því aðeins sje forsvaranlegt að láta þessi ákvæði gilda, að sparað sje á öllum sviðum, þar sem unt er að koma því við. Það er hugboð mitt, að allur almenningur muni líta svo á, að ekki sje forsvaranlegt, að þm. sitji við þau sultarlaun, að þeir verði að leggja fje með sjer sjálfir meðan þeir sitja á þingi, en nær því mun þó stappa, eftir till. vorum, og reyndar bersýnilega eftir frv., þegar litið er til utanbæjarmanna.

Hvað sem ofan á verður af þessu, hvort heldur það verður till. flm. frv. eða till. annarshvors nefndarhluta, getur varla hjá því farið, að þessu verði breytt aftur áður en langt um líður, og verður þetta þá aðeins stundarráðstöfun.

Jeg skal ekki fjölyrða frekar um það, sem nefndarhl. muni bera á milli, enda bera nál. það með sjer, en jeg verð að fara örfáum orðum um brtt. á þskj. 47, frá hv. þm. Str. (TrÞ) og mjer, er hún að því leyti samstæð stefnu háttv. flm. frv., að hún miðar við lágmark frv. um aðkomumenn, en fer mjög fjarri stefnu þeirra í öðru.

Eftir frv. kemur niðurfærsla kaupsins harðast niður á bændum og launalausum aðkomumönnum. En við teljum það ranglátt og viljum láta alla fórna nokkru hlutfallslega. Þessvegna viljum við draga enn frekar úr þingfararkaupi þeirra manna, sem sitja í opinberum embættum hjer í bænum, eða hafa styrk af opinberu fje á annan hátt, og hafa því ekki sömu þörf fyrir þennan eyðslueyri og hinir, sem lengra eru að komnir og engra annara launa njóta af opinberu fje. Þegar slík takmörkun er gerð, sem hjer er stefnt að,

þá er það í alla staði óviðeigandi að láta hana koma þyngst niður á mönnum úr hinum fjarlægari hjeruðum. Og til þess að koma í veg fyrir það órjettlæti, er till. okkar hv. þm. Str. (TrÞ) fram borin.

Fleira býst jeg ekki við að þurfa að taka fram, enda geri jeg hvort sem er ráð fyrir, að hv. þm. hafi þegar ákveðið, hvernig þeir haga atkvæðum sínum í þessu máli.

Jakob Möller: Jeg hygg, að eg sje heilastur í þessu máli, og mótmæli því, að nefndarhlutarnir skifti mjer á milli sín, eins og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) vildi gera. Er jeg andvígur báðum hlutunum. Mín skoðun er sú, að þar sem þingfararkaupið er ákveðið af sama þingi sem laun embættismanna, alment, þá sje að sjálfsögðu fult samræmi þar í milli; en við samanburð sjest það, að þingfararkaupið er líka meðal-embættislaunum, og virðist það ekki ósanngjarnt. Nú er það svo, að í ráði er að embættismannalaunalögin verði tekin til endurskoðunar á *næsta þingi, og sje jeg ekki neina* ástæðu til að fara að taka þessa starfsmenn ríkisins út úr nú. Og það er ljóst, að fyrir menn, sem hjer dvelja utan heimilis síns, þá eru þeir síst ofhaldnir af því kaupi, sem þeir fá nú. Skilst mjer, að það sje engin niðurlæging fyrir þingið, þó það haldi því fram, að þessir verkamenn landsins, þingmennirnir, sjeu verðir launa sinna. Þess verður að gæta, að verði þingfararkaupið lækkað að mun, þá mundi það óhjákvæmilega skerða kjörgengi manna. Ef menn yrðu að kosta sig að meira eða minna leyti til þingsetu, þá gætu aðeins efnamenn kept um þingsætin. Og það tel jeg mjög óheilbrigt og andstætt eðli okkar stjórnskipulags, að meina á þennan hátt nokkrum manni að vinna að þessum störfum. Hvað fjárhaginn snertir, þá er þetta auðvitað hjegómamál, þó talið sje, að sparnaðurinn yrði ca. 10—15 þús. kr. á ári, þá sjá allir, hverja þýðingu það hefir fyrir fjárhaginn, þegar þess er gætt, að útgjöld ríkisins eru um 8 milj. kr. árlega.

Annars er jeg ekki svo skapi farinn, að jeg geti vel talað um þetta hjegómamál í alvöru. En óhræddur er jeg um að sæta ákúrum fyrir afskifti mín af því, þó sumir hv. þm. kunni að halda, að þeir geti með þessu hækkað sig ofurlítið í almenningsálitinu.

Jón Kjartansson: Sem aðalflm. þessa máls vil jeg ekki láta hjá líða að greina frá afstöðu minni til þessa máls nú, eftir að það er komið úr nefnd. Skal jeg þá strax lýsa yfir því, að jeg tel mig geta aðhylst 1. hl. nefndarinnar á þskj. 185. Aftur hefir enginn hluti nefndarinnar getað fallist á þá stefnu frv., að fastsetja hámark ferðakostnaðar. Telur öll nefndin heppilegra að fyrirskipa ekkert með lögum um það efni. En eins og jeg lýsti við 1. umr., hefir það stundum viljað brenna við, að ferðakostnaðarreikningar hafa verið of háir, og tel því, að það hefði verið rjett að fastsetja hámark við þá.

Jeg tel 1. hl. nefndarinnar vera sanngjarnastan í till. sínum. Hann vill færa þingfararkaupið niður í hið fyrra horf, en hafa það misjafnt, eftir því, hvort þm. eru búsettir hjer í bæ eða utan. Hygg jeg þetta rjett vera, en láta svo dýrtíðaruppbótina haldast.

Mjög óheppilegar tel jeg till. 2. hl. um þingkaup manna, sem eru á eftirlaunum eða biðlaunum, og ósanngjarn-

ar eru þær, þegar þess er gætt, hve þau laun eru lág hjer á landi. Og illa myndi þetta líka reynast í framkvæmdinni.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) getur sjer þess til, að við flm. viljum með þessu vera að koma okkur í mjúkinn hjá almenningsálitinu. Slíkri aðdróttun þarf jeg í raun og veru ekki að svara. Það vita allir, að nú í þinginu er óvenjumikil alvara í þá átt að takmarka öll útgjöld eins og unt er, og þegar grípa verður til þess að skerða háskóla okkar og hæstarjett, þá getur varla talist viðeigandi að segja um þá menn, sem að þessu standa, að þeir geri það í þeim tilgangi að græða í almenningsálitinu. Hitt tel jeg vafalaust, að þetta þing í heild muni græða í áliti vegna framkomu sinnar í hinum alvarlegu málefnum þjóðarinnar, og er það ekki nema rjett og er góðs viti.

Vona jeg svo, að ekki þurfi langar umræður um málið úr því sem komið er, og vænti jeg, að hv. þm. sjeu tilbúnir að greiða atkvæði.

Pjetur Þórðarson: Jeg skal kannast við það, að strax, þegar jeg sá frv. þetta, þá varð mjer ljóst, hvern veg jeg myndi snúast við því. En mjer leist svo á, að jeg myndi vera nokkuð einn um skoðun mína, og því hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt. á þskj. 41, til að bæta ofurlítið úr skák fyrir mönnum utan af landi, sem frv. kom þyngst niður á. Jeg er nefnilega þeirrar skoðunar, að það sje mjög vanhugsað og tæplega gerlegt að áætla dagkaup þm. svo lágt, að einungis þeir geti sótt þing, sem annaðhvort eiga hjer heima eða eru svo efnum búnir, að þeir geti greitt með sjer úr eigin vasa. Þarf jeg væntanlega ekki að skýra nánar, hvað jeg á við. — Nú aftur á móti, þar sem hv. 1. hl. nefndarinnar hefir komist að líkri niðurstöðu og jeg, hvað snertir mismun á dagpeningum þm., sem heimili eiga í bænum, og þeirra, sem eru aðkomandi, þá leyfi jeg mjer að taka till. mína aftur, því hún er þá orðin þarflaus.

Frekari grein fyrir þessum afskiftum mínum af málinu býst jeg ekki við að þurfa að gera, en mun greiða atkv. móti því að lokum.

Jón Baldvinsson: Mjer er nær að halda, að þetta frv. og brtt. við það sje fremur til þess að sýnast fyrir kjósendum, heldur en að til þess sje ætlast, að þær nái fram að ganga á þessu þingi. Eins og þegar hefir verið minst á, þá verða launalögin bráðlega endurskoðuð, og þá virðist liggja beinast við að taka líka til athugunar þingfararkaup alþm., og geta þeir þá verið eins vondir við sig eins og þeir vilja. En sem sagt: Það er gott fyrir þá hv. þm., sem þannig eru gerðir, að hoppa fyrir framan kjósendur og segja: Sjáið þið, hvað við göngum nærri sjálfum okkur!

Auðvitað nær það ekki nokkurri átt að ætla sjer að fastsetja ferðakostnað úr hinum ýmsu kjördæmum. Það er alt annar ferðakostnaður t. d. frá Hafnafirði heldur en frá Útskálum, þó hvorttveggja staðirnir sjeu í sama kjördæminu. Yfirleitt er sami loddaraskapurinn í kringum alt þetta mál, eins og þegar flokkarnir eru að keppast um að breyta stjórnarskránni og drepa svo alt í sameiningu. Fer væntanlega eins með þetta.

Hlægileg er líka till. um að draga af þingfararkaupi þeirra, sem lifa á eftirlaunum og biðlaunum. Ef t. d. einhver hefir samkv. 18. gr. fjárl. c. 130 kr. í

eftirlaun — og slíkar fjárhæðir finnast þar — sem með dýrtíðaruppbót gerir því sem næst 200 kr., þá er það tæp króna á dag, sem ríkissjóður græddi af slíkum mönnum. Þetta er því ekkert nema fálm út í loftið.

Eigi að fara eftir því, hverjir eru best efnum búnir til að geta setið á þingi, þá er það auðvitað, að efnaðir þm. geta eins komið utan af landi og tapað engu meir á þingsetu sinni en hjer búsettir menn. Því verður alt jafnrangt eftir sem áður, þó sú breyting yrði gerð að ákveða þingfararkaup þm. búsettra í Reykjavík lægra en hina, sem heimili eiga utan bæjar.

Að öllu athuguðu verður ekki annað sjeð en hjer sje sami skrípaleikurinn að gerast eins og með stjórnarskrána. Hv. þm. finna þörf til að rjettlæta sig fyrir kjósendum sínum og gefa tilefni til að láta kjósendur landsins dást að sparnaðaráhuga sínum og sjálfsafneitun.

Fjármálaráðherra (JÞ): Sumir hv. þm. hafa viljað setja þetta í samband við endurskoðun launalaganna, en það er ekki rjett. Þingfararkaupið er ákveðið með sjerstökum lögum og ekkert samband milli þess og launa embættismanna, nema að dýrtíðaruppbótin er hin sama. Dreg jeg líka í efa, hvort þessi fyrirhugaða endurskoðun muni ná til annars en dýrtíðaruppbótarinnar.

Það hefir áreiðanlega aldrei verið litið svo á, að þingfararkaupið væri ætlað þm. til framfærslu þeim og fjölskyldu þeirra. Það mun jafnan hafa verið gengið út frá því, að þeir stunduðu aðra atvinnu til framfærslu heimili sínu, og hvort sem það er í þjónustu ríkisins eða ekki.

Því, sem sagt var um leikaraskapinn í sambandi við þetta mál, leyfi jeg mjer að vísa til baka. Við breytingar þær, sem 1. hl. nefndarinnar vill gera, myndi sparast 10—15 þús. kr. hvert þing, en brtt. 2. hl. ganga enn lengra. Það er annars einkennilegt, hvað ýmsum gengur jafnan erfitt að skilja, að slíkar upphæðir geti munað nokkru fyrir ríkið, þar sem útgjöld þess sjeu 8—9 milj. kr. Jeg vil þó benda þessum mönnum á, að útgjöld ríkisins hafa á síðari árum hækkað úr 2 milj. kr. upp í 10 milj. Upphæð á upphæð ofan hefir verið bætt við, og þó fæstar hafi verið svona stórar, þá hefir þó útgjaldabagginn smámsaman hlaðist upp af vaxandi tölum þessara smáu upphæða. Og ef menn vilja færa þetta í lag, þá eru ekki önnur ráð fyrir hendi en labba niður þann stiga, þrep fyrir þrep, sem menn hafa gengið upp, taka lækkunarupphæðirnar, hvar sem hægt er að fá þær, og leggja niður þann hugsunarhátt, að ekkert muni um smáupphæðir. Því verður held jeg ekki sagt um þessa till., að hún sje fram komin af leikaraskap. Hún er það minsta kosti ekki af hálfu þeirra hv. þm., sem vilja spara sem mest á öllum sviðum.

Jeg vil endurtaka það, sem jeg sagði áður, að jeg teldi vel sæmilegt að launagrundvellinum frá 1912 væri haldið, að viðbættri dýrtíðaruppbót. Annars er erfitt fyrir mig, eins og aðra þá hv. þm., sem búsettir eru hjer í Reykjavík, að gera till. um kaup utanbæjarmanna. Jeg verð samt að halda mjer við það, að 1. hl. hafi sýnt fulla sanngirni, að minsta kosti á móts við hv. 2. hl., því samkv. till. hans yrði þingkaupið 10—12 kr. á dag að meðtalinni dýrtíðaruppbót, og það tel jeg of langt

farið í niðurfærslunni. Álít jeg, að till. okkar 1. hl. rati meðalhófið.

Enga sanngirni tel jeg í því, að starfsmenn ríkisins eigi að hafa nokkra sjerstöðu í þessu efni. Fyrst og fremst þurfa þm. að hafa einhverjar aðrar tekjur til að geta framfært sig og fjölskyldu sína, og í öðru lagi er á það að líta, að starfsmönnum ríkisins er yfirleitt lakar launað en öðrum, sem vinna við önnur sambærileg einkafyrirtæki. Því er ekki rjett að takmarka fremur þingfararkaup þeirra manna, sem eru í þjónustu ríkisins, heldur en hinna, sem vinna annarsstaðar.

Jakob Möller: Jeg ætla ekki mikið að segja, kvaddi mjer hljóðs til að vara hv. þm. V.-Sk. (JK) við. Jeg held, að það sje hættulegt, ef hann ætlar sjer þegar að fara að lifa í þeirri gleði, sem það muni valda kjósendum, ef með þessu móti yrðu sparaðar 10—15 þús. kr. Jeg er gróflega hræddur um, að gleðin muni verða minni en hann kann að búast við. Jeg veit ekki, hvort hann hefir gert samanburð á fjárlögunum, sem nú er búið að samþ. hjer í deildinni, og fjárlögum fyrri þinga, en ef hann hefir gert það, hefir hann sjeð, að þrátt fyrir alt sparnaðarhjalið, nurlið og niðurskurðinn á því, sem helst horfir til menningar hjá þessari þjóð, þá er þó sparnaðurinn ekki nema rjett ½ milj. króna. Og, vel að merkja, sá sparnaður stafar að langmestu af því, að dýrtíðaruppbót er áætluð lægri en áður og verklegar framkvæmdir feldar niður. Hitt er alt hverfandi, sem til sparnaðar horfir, og því verður gleðin sjálfsagt ekki mikil, enda þótt þessar 10. þús. kr. væru sparaðar. Nei, þessir menn, sem fyrir kosningar voru að „rass-skella“ landið fram og aftur með sífeldu sparnaðartali, en sem svo ekkert hafa sparað, verða óefað vonsviknir, þegar þeir finna kjósendur aftur og verða spurðir að: Hvað hafið þið sparað?

Jeg verð annars að segja það, að þrátt fyrir ræðu hæstv. fjrh. (JÞ) og ummæli hans um leikaraskap, vil jeg hafa leyfi til að gera mjer mínar hugmyndir um það, hvað sje leikaraskapur hjer á þingi. Jeg vil hafa leyfi til að slá því föstu, að það hafi verið leikaraskapur, hvernig farið var með stjórnarskrármálið í hv. Ed. Þar var fyrst barist af ákafa um lítilsverða breytingu (fækkun ráðherra), en þegar það nægði ekki til að eyða frv., þá var einn maður úr íhaldsflokknum fenginn til þess að greiða atkv. með efnisbreyting, til þess síðan að hafa átyllu til þess að fella frv.

Hversvegna var þessi leikaraskapur? Af því að hv. þm. voru búnir að fara um land alt og lofa að spara þingkostnaðinn annað hvert ár. Íhaldsflokkurinn gat komið frv. í gegnum háttv. Ed. án þess að landskjörið yrði lagt niður, en hann ljet samþ. þá breytingu, til þess að frv. yrði felt. Jeg skal ekki frekar deila um, hvort þetta er leikaraskapur eða ekki. — Kjósendurnir skera úr um það.

Jeg segi ekki, að það sje af leikaraskap, að hv. þm. V.-Sk. (JK) ber þetta fram — jeg þekki hann ekki að slíku persónulega — en í heild sinni verð jeg að skoða það leikaraskap af þinginu að burðast með slíkan málamyndasparnað, sem hjer ræðir um. Jeg varð hissa, þegar hæstv. fjrh. (JÞ), sem er frsm. 1. hl., fór að gera grein fyrir því, hversvegna útgjöld ríkisins hefðu vaxið úr 2 milj. upp í 8 á fáum árum, og sagði það hafa komið smátt og smátt við

samþ. svona smáupphæða. Hann veit sjálfur, að þetta er fjarri sanni. Útgjöldin hafa aukist af alt öðru, fyrir miklu stærri upphæðir. Jeg get t. d. tekið einn lið, sem eitt árið varð 400 þús. kr. hærri en áætlað var, hækkaði úr 30 þús. upp í 440 þús. (**Fjrh., JÞ:** Hvaða liður er það?) Þ. e. barnafræðslan. Og það eru margir liðir, sem líkt er að segja um. Hvað hafa ekki útgjöldin til læknaskipunarinnar margfaldast. Útgjöldin til prestastjettarinnar, dýrtíðaruppbótin o. s. frv. Nei, ef ekki hefði verið nema um svona smáupphæðir að ræða, þá hefðu ekki útgjöldin vaxið um 6 milj. kr. á fáum árum. Það eru ekki smáupphæðirnar, sem bjarga landinu — síður en svo.

Það var rangt hjá hæstv. fjrh. (JÞ), að þessi ákvæði um þingfararkaup stæðu ekki í neinu sambandi við launalögin. Jeg veit vel, að það eru ekki sömu lögin, en hvorttveggja voru sett á sama þingi og komu fram frá sömu nefnd, og sömu ákvæðin látin gilda um dýrtíðaruppbótina. Eru þau því í fullu samræmi, enda liggur það í hlutarins eðli, að svo á að vera.

Hvort endurskoðun launalaganna verður víðtæk eða ekki, veit jeg eigi, en hitt er mjer kunnugt um, að þegar farið er fram á að bæta eitthvað kjör þeirra, sem verst verða úti og bágast eiga, þá er þeirri endurskoðun altaf barið við, þá er ekki sparað að slá á þá strengi, að sú enduskoðun sje yfirvofandi og ekki megi bæta þessum mönnum neitt fyr en henni sje lokið, ekki taka þá út úr.

Nú — hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að þingfararkaupið hefði aldrei verið til þess ætlað, að hægt væri að framfleyta fjölskyldu af því. Það má vel vera, en þess verður að gæta, að þegar það var upphaflega ákveðið, þá voru alt aðrar kringumstæður en nú eru, og eftir því sem tímar hafa liðið, hefir mönnum orðið það ljóst, að ef allir menn ættu að geta notið þess rjettar, að sitja á þingi, þá væri kjörum vissra manna svo háttað, að þingfararkaup þeirra yrði að geta framfleytt fjölskyldu. Að öðrum kosti væri stórum hluta landsbúa bolað frá þingsetu. Vitanlegt er það, að flestir hv. þm. vinna að öðrum störfum, sem þeir hafa lífsuppeldi sitt af. En það er óhugsandi, að þeir gegni þeim yfir þingtímann, nema fá þá annan mann í stað sinn, og það kemur vitanlega í sama stað niður, hvort þeir þann tíma verða af launum sínum eða borga honum þau.

Svo er það, ef þingfararkaupið nú er athugað og borið saman við það, sem það var upphaflega, þegar það var 6 kr., þá er stórt álitamál, hvort það er raunverulega hærra nú. Og enginn vafi er á því, að 6 kr. þá voru meira virði en grundvallarkaupið er nú. 12 krónur jafngilda ekki 6 gullkrónum. En auk gengismunarins kemur verðfall gullsins til greina, en það nemur eins miklu og dýrtíðaruppbótin, svo sem sjá má af verðskýrslum hagstofunnar. Eða með öðrum orðum, dýrtíðin er miklu meiri en samsvarar gengislækkuninni. Og því er það, ef mönnum var ekki fyrrum ætlað að lifa af þingfararkaupinu, þá verður þeim ekki fremur ætlað það nú.

Tryggvi Þórhallsson: Það er ákaflega þægileg aðstaða, þegar tveir flokkar eigast við í þinginu, að vera í þriðja flokknum, sem engin teljandi áhrif getur haft á gang málanna, og standa upp með mikilli vandlætingarsemi, kasta hnútum á báða bóga og þykjast vera að bjarga

landinu. Það er ósköp þægilegt að sitja þar, sem engin ábyrgð hvílir á, og lasta hina, sem eftir aðstöðu sinni verða að bera ábyrgðina. Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefir notað sjer þessa aðstöðu vel og óspart skemt sjer og öðrum með steinköstum til beggja aðalflokkanna. Hann talaði um leikaraskap — og það var gaman að sjá hann leika, því þetta ljek hann vel. Jeg ætla mjer nú ekki að taka upp þykkjuna fyrir Íhaldsflokkinn, hefi ekki gert það og mun vart gera. En það var eitt atriði í ræðu hv. þm. (JakM), sem hann kallaði leikaraskap af beggja hálfu, Framsóknarflokksmanna og Íhaldsmanna, sem jeg vil drepa á. Jeg vil halda því ákveðið fram, að hvað viðvíkur stjórnarskrármálinu í hv. Ed., þá sje alls ekki hægt að bregða Framsóknarflokksmönnum um leikaraskap. Stærsta atriðið í því máli var að fá þing aðeins annaðhvert ár. Og því var margyfirlýst og það þrásinnis boðið af Framsóknarmönnum, að allar aðrar brtt. skyldu feldar niður, nema þessi eina, sem leiddi af sjer stórfeldan sparnað. En þegar sjeð var, að samkomulag náðist ekki um þetta og búið var að skjóta mörgum fleygum inn í málið, bar Framsóknarflokkurinn fram aðra brtt., sem horfði líka til sparnaðar, en hafði þau áhrif, að Íhaldsflokkurinn drap frv.

Jeg vil aftur mótmæla því, að Framsóknarmenn hafi haft nokkurn leikaraskap frammi í því máli.

Jón Kjartansson: Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) er alveg sjálfráður um sínar skoðanir á leikaraskap og jeg læt hann um þær.

En jeg vildi leiðrjetta misskilning, sem blandað hefir verið inn í þetta mál og snertir stjórnarskrármálið í hv. Ed. Það er vitanlegt, að það var ekki flokksmál í Íhaldsflokknum, hvort afnema skyldi landskjörið eða ekki, enda gátu sumir af þeim flokki fallist á það í hv. Ed. Sama var og um sum hjeruð, þar sem Íhaldsmenn voru kosnir. Það var t. d. samþ á þingmálafundi í Vestur-Húnavatnssýslu að leggja til, að landskjörið væri afnumið. Hverjir hafa átt sök á því, að frv. var felt í Ed., er ekki staður nje stund að ræða hjer nú; það bíður síns tíma, og verður eflaust gert á öðrum stað.

ATKVGR.

Brtt. 17, sbr. 188, 1, feld með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, HStef, IngB, JS, JörB, KlJ.

nei: PÞ, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BL, JakM, JAJ, JBald, JK, JÞ, MG, MJ, MT, BSv.

BSt greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (BJ, HK) fjarstaddir.

Brtt. 185, 1 (ný 1. gr.) samþ. með 19 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, IngB, JAJ, JK, JS, JÞ, JörB, KlJ, MG, MT, PO, SigurjJ.

nei: JakM, JBald, PÞ, SvÓ, TrÞ, BSv.

MJ greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (BJ, HK) fjarstaddir.

Brtt. 41 tekin aftur.

— 185, 2, sbr. 188, 2 (ný 2. gr.) samþ. með 15 : 6 atkv.

— 185, 3, sbr. 188, 3 (3. gr. falli burt) samþ. með 19 : 1 atkv.

4.—5. gr. (verða 3.—4. gr.) samþ. með 18 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 : 7 atkv.

Á 47. fundi í Nd., fimtudaginn 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 328).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 : 6 atkv og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 328).

Á 47. fundi í Ed., laugardaginn 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr.

---

17. Þingsköp Alþingis.

Á 40. fundi í Ed., föstudaginn 4. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915 (þmfrv., A. 299).

Á 42. fundi í Ed., mánudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti (HSteins): Jeg vil benda á það, að þetta frv. er stórgallað, og gæti þessvegna verið ástæða til að vísa því frá. Í byrjun 1. gr. stendur:

„Fjárveitinganefnd neðri deildar skal skipuð í lok hvers þings, fyrir það þing, er halda skal næst á eftir."

Þarna er ekki tekið fram, hvort sameinað þing eigi að kjósa í fjárveitinganefnd eða aðeins neðri deild. En 2. málsgrein hljóðar svo:

„Nú fara fram almennar kosningar til Alþingis, og skal þá skipað í fjárveitinganefnd neðri deildar með hlutbundnum, skriflegum eða símuðum kosningum allra þingmanna, sbr. 17. og 48. gr."

Hjer er farið fram á kosningu af hálfu allra þingmanna. Ef samræmi á að vera hjer á milli, virðist mega draga þá ályktun, að allir þm. eigi að kjósa í nefndina, jafnvel þó að þingkosningar hafi ekki farið fram. Verður ekki annað sagt en að það ríði í bág við stjórnarskrána. Hún gerir ráð fyrir, að hver deild kjósi í nefndir innan deildarinnar, en ekki sameinað þing.

Annar aðalgallinn er sá, að ætlast er til, að nefndin sje kosin áður en þingmenn eru orðnir starfshæfir, áður en þeir hafa unnið eið að stjórnarskránni, áður en kjörbrjef þeirra eru prófuð, áður en þingmenn eru orðnir þinghæfir.

Þessir gallar gera það að verkum, að frv. er algerlega óaðgengilegt eins og það er. En í því trausti, að bæta mætti úr göllunum í nefnd, vil jeg leggja til, að frv. verði umræðulaust vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 299, n. 411).

Frsm. (Jónas Jónsson): Um 1. brtt. er það að segja, að eftir skoðun okkar flm. og meirihl. allshn., þá er hún til mikils sparnaðar. Undir venjulegum kringumstæðum tekur það fjvn. Nd. langan tíma að ljúka störfum sínum. Í fyrra voru liðnar 8 vikur af þingtímanum, þegar nefndin skilaði áliti sínu. Enda verður það oftast svo, að þegar nefndin hefir lokið störfum sínum, þá er svo áliðið þingtímans, að fjárlögunum verður að hroða af á stuttum tíma. Sjerstaklega á þó fjvn. Ed. örðuga aðstöðu í þessu efni. Sakir þess, hve lengi Nd. hefir fjárlögin til athugunar, þá fær Ed. ekki nema örstuttan tíma til þess að gera athugasemdir sína við þau og rannsóknir. Er sá tími svo stuttur, að hann er algerlega ófullnægjandi, hversu vel sem nefndin starfar, sjerstaklega vegna þess, að á meðan fjvn. Nd. fæst við fjárlögin, þá veit fjvn. Ed. ekkert um meðferð hinnar nefndarinnar á fjárlögunum. Jeg man ekki betur en að þessi hugmynd sje upprunalega frá fyrverandi forseta þessarar hv. deildar, Guðm. Björnsyni, landlækni. Fyrir honum vakti það, að bæta aðstöðu Ed. við að vinna að fjárlögunum. Við flm. reyndum að leysa það óleysanlega, að láta fjárveitinganefnd koma saman á undan þingi eftir nýjar kosningar. Við fjellum því frá því, en meirihl. allshn. samþykti breytinguna, eins og hún er nú. Fyrirkomulag það, sem um er að ræða, á þó ekki að ná til þinga fyrst eftir nýjar kosningar. Við álítum, að hægt væri að koma þessu fyrirkomulagi við í 3 skifti af 4, með núverandi skipulagi. Með þessu móti kæmu fjárlögin mjög fljótt til umræðu í Nd., og væri mikið við það unnið, þar eð það er oftast látið ráða um lengd þingtímans, hvenær fjárlögin eru tilbúin. Við flm. álítum, að ef hægt verði að koma fjárlögunum 6 vikum fyr inn í þingið en hingað til, þá muni það flýta þinginu svo vikum skiftir. Jeg veit það, að einn nefndarmanna, hv. 1. þm. Rang. (EP) lítur svo á þessa breytingu, að með henni fái fjvn. meira vald en ef hún starfar samhliða þinginu. Held jeg, að það sje ekki rjett. Fjvn. halda fundi sína út af fyrir sig og byggja starf sitt á þeim skjölum og skilríkjum, sem fyrir liggja. Jeg tel það, að menn sjeu að heimsækja nefndina, illan sið, sem ætti að afnema. Nefndin ætti sem mest að líta á þær tölur og þau skjöl, sem fyrir henni liggja, en ekki þær persónur, sem hlut eiga að máli. Þar sem ætlast er til, að kosið verði í nefndina með hlutfallskosningu, þá ættu allir flokkar að geta notið sín þar, og þeir, sem það vilja, geta snúið sjer til nefndarinnar skriflega. Nefndin breytist því ekkert við þetta, og þó að svo væri, þá er þó nokkuð vinnandi til þess, að stytta þingtímann að mikum mun.

Um hina till., að hafa sjerstakan ræðustól í hvorri deild um sig og takmarka ræðutímann, er það að segja, að þær miða báðar í sömu átt og 1. till., að stytta þingtímann. Að hafa ræðustól tíðkast víða erlendis, enda er það álitið nauðsynlegt þar, sem þingmenn eru margir. Einn af nefndarmönnunum hefir litið svo á, að þetta ætti fremur við í Nd. en í þessari hv. deild, og má það vel vera. Meirihl. nefndarinnar hefir þó lagt til, að brtt. þessi verði samþ.,

þar eð hann lítur svo á, að það verði til þess að fækka ræðunum og þannig stytta þingtímann. Till. gengur því í sömu átt og 1. till.

Að því er síðustu till. snertir, um að stytta ræðutímann, þá má vera, að sumum hv. þm. finnist koma vel á vondan, að jeg mæli með henni. En jeg sætti mig fullkomlega við það að vera skorinn niður sem aðrir, þó að jeg hinsvegar noti frelsið í þessum efnum eins og aðrir, meðan það er. Það hefir læknir einn í bænum bent mjer á það, að við værum ekki róttækir í þessum till. okkar. Sagði hann mjer, að á allsherjar læknafundum erlendis mættu menn ekki tala lengur en ¼ úr klukkustund.

Jeg skal játa það, að jeg tel ekki miklar líkur til, að þetta verði samþykt í þetta sinn. Og þó að það verði samþ. í þessari hv. deild, þá er nú svo áliðið þings, að það vinst sennilega ekki tími til að koma því í gegnum hv. Nd. á þessu ári. En að því leyti sem málið skýrist nú, flýtir það fyrir því á næsta ári.

Eggert Pálsson: Eins og háttv. frsm. (JJ) gat um, þá erum við samdóma um það, að teljast megi til bóta að nota sjerstakan ræðustól fyrir þingmenn í hvorri deild. Þær umbætur hafa tvær hliðar. Önnur er sú, að menn standa síður upp að óþörfu til þess að tala, ef þeir þurfa að fara upp í ræðustólinn til þess. Hin hliðin er sú, að liggi mönnum eithvað á hjarta, þá fer betur á því, að ræðumenn hafi góða aðstöðu við flutning ræðanna, því það fer óneitanlega ekki vel um þá, eins og nú er, þar sem þeir verða að standa við þessi lágu borð og halda á blöðum sínum. Því ef þeir leggja þau frá sjer, þá geta þeir engin not haft af þeim. Sje ræðustóll notaður, þá eru blöðin það nærri, þó menn leggi þau frá sjer, að auðvelt er að hafa not af þeim. Að því er síðustu breytinguna snertir, að takmarka ræðutímann, þá er hún einnig tvímælalaust til mikilla bóta. Það sýnir sig oft, að hinar löngu ræður, sem haldnar eru í þinginu, eru til þess eins að eyða að óþörfu tíma þingsins. Menn verða að játa það, að þegar haldnar eru klukkutímaræður, þá eru allir orðnir þreyttir á að hlusta á þær, nema ræðumaður sjálfur. Má sjá þess ljós merki í hv. Nd., þar sem eigi er ótítt, að borð og bekkir sjeu að mestu leyti tómir undir löngum ræðum. Enda ætti mönnum ekki að verða skotaskuld úr því að koma vel fyrir máli sínu á ½ kl.stund. Og sjerstaklega munu menn, er þeir vita, að ræðutíminn er takmarkaður, vanda meira ræður sínar bæði að hugsun og framsetningu.

Aftur á móti er jeg ekki sammála hv. frsm. (JJ) um 1. gr. Hann gat þess í ræðu sinni, að jeg áliti, að með þessari breytingu skapaðist nokkurskonar yfirþing, og er það rjett, að jeg lít svo á. Held jeg, að þm. þeir, sem í þessar nefndir verða kosnir, verði í augum almennings að einskonar æðri verum. Og þar sem þeir með þessu sitja í raun og veru lengur á þingi en aðrir þm., þá er þar með myndaður einskonar þrepstigi í þingmenskunni. Tel jeg það mjög óheppilegt. Álít jeg, að allir þm. eigi að vera jafnir í þessu efni.

Ennfremur yrði þessi breyting mjög óhentug í framkvæmdinni, aðallega af tveimur ástæðum. Önnur er sú, að ef kjósa á fjvn. á þinginu áður, þá verður því tæplega við komið, sakir stærðar

landsins og strjálbygðar, að ná nefndarmönnunum hingað suður í tæka tíð, sjerstaklega ef í nefndunum sætu einhverjir þeir menn, er heima eiga á útkjálkum landsins. Mundi þetta leiða til þess, að meira yrði litið á það við valið, að nefndarmenn væru búsettir í Reykjavík eða nágrenni hennar, heldur en á það, hverjir hæfastir væru. Er augsýnilegt, að skipagöngur verða ekki svo tíðar í nánustu framtíð, að hægt verði að flytja alla fjvn.menn til Reykjavíkur 14 dögum áður en þing kemur saman. Þeir nefndarmenn, sem ekki kæmust nægilega snemma sjóleiðis, yrðu því að leggja það á sig að fara landveg, ef til vill langa og erfiða leið.

Hin ástæðan á móti breytingunni er sú, að með henni er útilokað, að þingmenn geti haft áhrif á nefndina um málefni sín, þar eð hún á að hafa lokið störfum sínum áður en þing kemur saman. Og hvað það snertir, að hafa áhrif á nefndirnar, þá er það mjög óviðeigandi að útiloka þm. frá því, úr því aðrir geta átt óhindrað tal við þær. Finst mjer, að það ætti þá algerlega að banna alt viðtal við þær. En væri sú regla tekin upp, þá þyrfti ekki að breyta lögum og þingsköpum til þess að vinna tíma, því jeg hygg, að mestur tími fjárveitinganefndanna fari í samtal við menn.

Svo kem jeg að höfuðgalla þessarar till., en hann er sá, að það er ekki hægt að framkvæma hana altaf á sama hátt. Þegar nýjar kosningar eru í vændum, yrðu menn að búa við alt annað fyrirkomulag en hin árin, og er það mjög óviðfeldið og viðrinislegt.

Jeg hefi svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en skal taka það fram, að þó að brtt. þessi verði ekki samþ., þá tel jeg hinar tvær til mikilla bóta. Mun jeg því fylgja frv., ef 1. gr. þess er feld.

Sigurður Eggerz: Jeg skal leyfa mjer að taka það fram strax, að jeg mun greiða atkvæði á móti þessum brtt. Er aðalástæðan sú, að jeg er ákveðinn á móti 1. gr., sem gengur bersýnilega í þá átt að mynda hjer nokkurskonar yfirþing, eins og rjettilega var tekið fram af hv. 1. þm. Rang. (EP). Leiddi það til þess, að fjvn. færi að seilast inn á þau svið þingsins, sem eru fyrir utan starfssvið hennar. Enda hefir bólað á slíkri tilhneigingu hjá nefndinni nú á þessu þingi, þar sem hún hefir verið að koma með till. um fræðslumál, sem vitanlega voru svo óhentugar, að þær voru feldar. Það er auðvitað mál, að fjármálaþræðirnir liggja til allra mála þingsins, en til þess eru nefndir skipaðar, að þær rannsaki og geri till. hver á sínu takmarkaða sviði.

Um aðrar brtt., sjerstaklega ræðustólinn, skal jeg taka það fram, að jeg sje enga ástæðu til þeirrar nýbreytni hjer, enda þótt slíkt tíðkist erlendis. Það má vel vera, að menn veigri sjer við að fara upp í ræðustólinn, nema nauðsyn sje til, og er það auðvitað. En ástæðan til þess, að jeg er á móti þessu, er sú, að jeg vil sem minstu breyta á þessu sviði. Enda álít jeg, að fyrirkomulagið sje fullsæmilegt eins og það er. Finst mjer yfirleitt bóla um of á breytingagirni á Alþingi á síðustu árum. Vildi jeg í því sambandi áminna Íhaldsflokkinn um það, að vera íhaldssamur, þar sem um er að ræða hið gamla og góða, en þessa virðist mjer ekki gæta mikið hjá greindum flokki.

Hvað 3. gr. snertir, þá skal jeg geta þess, að jeg efast um að svo mjög sje

við hana sparað. Jeg held, að þeir menn sjeu fáir, sem halda framsöguræðu lengur en í klukkutíma, það kynni þá helst að vera frsm. fjárveitinganefndar, en hann má líka tala lengur samkvæmt frv. Eins býst jeg við, að það sje ekki oft, sem aðrir þm. tala lengur en ½ klukkustund.

Annars er jeg á móti allri þessari breytingagirni, sem hjer er verið að skipa í öndvegið. Ekkert er hjer heilagt. Hjer er sjálfsagt að breyta öllu, hæstarjetti, Alþingi, háskólanum. (**EÁ**: En stjórnarskránni!) Stjórnarskránni líka. (**JJ**: Þá er sendiherrann!) Já, við eigum svo sem ekki að vera að ómaka okkur með því að ráða okkar utanríkismálum. Okkar aðalstofnanir eru einskonar æti, sem hinir breytingargjörnu kjá stöðugt yfir. Auðsætt er nú, að ef hæstarjetti verður breytt í hreppsnefndaráttina, þá þarf strax á næsta þingi að lagfæra hann. Og mun jeg gera það sem í mínu valdi stendur til þess að lagfæra hann.

Jóhann Jósefsson: Frv. þetta, sem við háttv. 5. landsk. höfum tekið að okkur að flytja, er borið fram í því skyni að spara tíma þingsins. Eins og háttv. meðflm. minn gat um í ræðu sinni, höfum við í upphafi verið of ákafir í þessu efni, en hv. deild hefir tekið með velvild móti frv. og metið tilganginn, og er jeg henni þakklátur fyrir það.

Hv. 1. þm. Rang. (EP) var ósammykkur því, að fjvn. starfaði þannig, að aðrir þm. sjeu ekki nálægt til þess að hafa áhrif á till hennar. Má vel vera, að það sje ekki að öllu leyti það besta, og að einhverjar till. fjvn. yrðu öðruvísi, ef aðrir þm. væru á staðnum. En að það verði til mikils baga, þó fjvn. geri sinar fyrstu till. án þess að þingmenn sjeu við hlið hennar sem ráðgjafar, held jeg að þurfi ekki að óttast. Nefndin getur alls ekki frekar kallast yfirþing, þó hún starfi með þessum hætti. Í fyrstu gr. frv., um það, hvernig störfum fjvn. skuli hagað, felst aðalsparnaðurinn. Hv. 5. landsk. (JJ) hefir lýst þessu, og það er álit fjölmargra háttv. þm. Á þessu þingi hefir ekki verið sjerstök ástæða til að kvarta um óeðlilega seinkun fjárlagafrv. En margir þeirra, sem lengi hafa átt sæti á háttv. Alþingi, hafa talið, að undanfarið hafi fjvn. Nd. lengt setu þingsins um of, og tímasparnaður yrði við það, að nefndin væri búin að gera sitt frv. úr garði að mestu leyti, þegar þing kæmi saman.

Mjer skildist á hv. þm. (EP), að verði frvgr. breytt, eins og lagt hefir verið til, áliti hann, að frv. sje þar með eyðilagt, því þetta fyrirkomulag geti aðeins gilt þau ár, sem kosningar fara ekki fram. Get jeg ekki fallist á þessa röksemd. Þó ekki væri hægt að spara á öllum þingum, er bót að breytingunni, enda mundi það vera fleira, sem leiddi til sparnaðar með þessari tilhögun.

Háttv. 1. landsk. (SE) kvaðst vera á móti öllum breytingum. Getur verið, að þetta sje meining hv. þm., en jeg skil ekki þá „logik“ að setja sig á móti öllum breytingum á hverju sem er, ef ekki er hægt að mótmæla, að þær miði til bóta.

Af því hv. 5. landsk. (JJ) er ekki ennþá kominn í íhaldsflokkinn, þá verð jeg að taka til mín orð hv. 1. landsk. (SE) í garð þess flokks, að það sæti ekki á þeim mönnum að koma fram með breytingar yfir höfuð. En það er ekkert athugavert við það, að maður úr íhaldsflokknum komi fram með breyt-

ingu, sem hefir sparnað á fje þjóðarinnar í för með sjer, því sparnaðurinn er eitt af stefnuskrármálum þess flokks — jafnvel þó breytingin sje á sjálfum þingsköpunum. Eftir röksemdafærslu 1. landsk. (SE) ætti aldrei að breyta til um neitt, jafnvel þó augljóst væri, að breytingin yrði til bóta. Ekki skal jeg öfunda hv. þm., ef hann ætlar að taka þá föstu afstöðu til allra mála yfir höfuð. Ef menn eru á móti till., sem fara í endurbótaáttina, einungis af því, að þær eru breytingar á því fyrirkomulagi, sem er, þá duga ekki rök. Hvort ástæða til breytingar er knýjandi eða ekki, er oft álitamál, en það get jeg sagt hv. 1. landsk. (SE) um þetta frv., að það fer ekki fram á að raska í neinu þeim „prinsípum", sem jeg veit að hann ber mest fyrir brjósti. Ætti þessvegna hv. þm. að geta fylgt frv. okkar. Vil jeg einnig vona, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja frv., með þeim breytingum, sem hv. allshn. hefir gert á því.

Sigurður Eggerz: Það er rjett hjá hv. þm. Vestm. (JJós), að það er ekki hægt að komast hjá ýmsum breytingum oft og tíðum; en það eru viss undirstöðuatriði, sem þjóðfjelagið hvílir á, sem má ekki breyta í snarkasti. Ef maður lítur til Englands, rekur maður sig á ýmsa gamla og í sjálfu sjer broslega siði, bæði á þinginu og í hæstarjetti og víðar. En jafnvel þessum broslegu siðum er ekki breytt. Svo mikil helgi er um þessa staði. Erlendis dettur engum manni í hug að fara að rjúka í að breyta hæstarjetti, þó að komi fjárhagsörðugleikar, eða slátra háskólanum. En hjer er það sjálfur Íhaldsflokkurinn, sem hamast á þessum stofnunum. Svo er margt skrítið á þessu landi.

Frsm. (Jónas Jónsson): Jeg þarf ekki að taka til mín ásakanir til Íhaldsflokksins fyrir breytingagirni. En jeg vildi benda á það, að okkar aðstaða hjer á landi er svo sjerstæð, og hinsvegar, að við erum ung þjóð og höfum margt að læra. Jeg geri ekki ráð fyrir, að við sjeum enn búnir að finna hin heppilegustu tök í stjórnarfari voru. Vil jeg minna á það — þó það mál liggi ekki fyrir nú — að það er búið að leita að sameiginlegum kjördegi fyrir þjóðina með logandi ljósi í mörg ár, reynt vor, sumar og haust og vetur. Endanlega lausnin verður líklega sú, að hafa tvo kjördaga, sumar og vetur, laga sig eftir staðháttum. Það væri óverjandi að vilja nú ekki hliðra til með kjördaginn, en álíta það spjöll að breyta uppteknum sið og útiloka fjölmarga kjósendur frá að njóta rjettar síns. Alveg eins verðum við að þreifa okkur áfram með fyrirkomulag þingsins á ýmsan hátt. Við höfum alt of lítið lært af Englandi, móður parlamentanna. Við höfum fengið okkar fyrirkomulag frá París, gegnum Berlín og Kaupmannahöfn. En við hefðum gert rjettast í því að sníða okkar þing eftir enska þinginu. Eins og flestum mun kunnugt er þar nær því ómögulegt að koma fram þingmannafrv. Enginn einstakur maður getur haft áhrif á fjármálin, nema gegnum sinn eigin flokk. En stjórnin, með meirihluta þingsins á bak við, ræður öllum fjármálum og löggjöf. Við höfum fengið okkar þing, án þess það væri mótað verulega eftir fyrirmynd þinganna. Erum við vissir um, að engu þurfi að breyta? Er ekki óráð að vilja ekki athuga það? Í þessu efni veit maður aldrei, hvenær maður hefir náð fylsta stigi námsins.

Hv. 1. þm. Rang. (EP) vil jeg svara því, að því fer fjarri, ef við lítum til reynslu Englendinga, að þessi tilhögun með fjvn. mundi verða til skaða, heldur mundi það auka íhaldið. Fjvn. mundi ekki verað eins undir áhrifum flokksmanna sinna, sem reyna að hafa peninga út úr fjárhirslunni.

Við skulum athuga ástæður eins og þær eru nú. Hv. 1. þm. Rang. (EP) er stuðningsmaður hæstv. stjórnar. Í sjálfu sjer er rangt, eins og alment er álitið, að Jón Jónsson og Pjetur Pálsson sjeu í nefndinni. Það eru f l o k k a r n i r, sem eru í nefndinni. Meira að segja er hv. 1. þm. Rang. (EP) í meirihl. fjvn. Nd., af því hann er í stjórnarflokknum. Þannig er með fastri flokkaskipun hverjum þm. trygður rjettur eins og hann kæmi sjálfur til skjalanna. Mjer fanst hv. þm. miða við gamaldags skipun, eða að engir flokkar sjeu til í þinginu. En þar sem flokkaskifting hefir verið lengi í þingum, hverfa einstaklingarnir inn í hópinn. Þetta á því betur við sem flokkarnir mótast betur í sinni aðstöðu til málanna í heild.

Sigurður Jónsson: Það hefir máske litið að þýða að halda langa ræðu. Það virðist augljóst, að mál þetta nái ekki fram að ganga á þessu þingi, svo skiftar skoðanir eru um það í hv. deild. Fyrir mitt leyti get jeg ekki fallist á frv. eins og það liggur fyrir. Má taka fram viðvíkjandi 1. gr., að það mun að líkindum verða lítill tímasparnaður að því, að þessi fasta nefnd komi saman 14 dögum fyrir þing. Þessi nefnd myndi trauðla losna við einstaklingsaðsókn þingmanna í Reykjavík og utan af landi. Auk þess hefir ekki verið sýnt fram á, að það yrði gert auðvelt, að þingmenn lengra að ættu kost á að mæta hjer, svo nefndarmenn myndu frekar verða valdir úr Reykjavík og grendinni.

Jeg hygg það væri til bóta, ef hægt væri að koma ræðustól fyrir í deildinni.

Mjer þykir ólíklegt, að á nokkru þingi sje takmarkað málfrelsi á þann hátt, sem frv. ræðir um. Það mun ekki vera svo á Englandi. Get jeg alls ekki verið með því. Hugsum okkur þetta í framkvæmdinni. Jeg hygg, að forseti myndi í síðustu lög taka þann sið að stöðva menn, kanske í miðri ræðu, á vissri mínútu. Að minsta kosti kærði jeg mig ekki um það.

Eggert Pálsson: Það voru nokkur orð út af ræðu hv. 5. landsk. (JJ). Jeg vil álíta, að það sje ekki mögulegt að framkvæma þessa nefndarkosningu þau árin, sem þingkosning fer fram. Hvað hitt snertir, ef flokkaskifting væri mjög ákveðin og fjárlög gerð samkvæmt flokkaskiftingu, eins og í enska þinginu, má segja, að ekkert sje að því að finna. Þá stæði á sama, hvort Pjetur eða Páll ætti sæti í fjvn. Hjá okkur er ekki til ákveðin flokkaskifting. Þingið hefir undanfarið verið bygt upp úr ósamstæðum flokksbrotum. Þau hafa slegið sjer saman eitt árið og myndað stjórn, en klofnað sundur aftur á næsta þingi. Væri þinginu skift í tvær ákveðnar stefnur, væri kanske hægt að koma þessu við; en eins og nú stendur, er það ómögulegt. Viðvíkjandi því, að gömlu flokkarnir, Heimastjórnarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn, hafi verið fjármálaflokkar, þá get jeg sem gamall heimastjórnarmaður lýst því yfir, að í þeim flokk voru fjármál yfirleitt aldrei gerð að flokksmáli. Hinsvegar mun það hafa komið fyrir, að Sjálfstæðisflokk-

urinn gerði fjármál að flokksmáli, en einmitt líka þessvegna klofnaði hann. Jeg get þessvegna tæplega viðurkent það, að sama fyrirkomulagið hvað snertir fjvn. eigi sama rjett á sjer hjer og í enska þinginu. Grundvöllurinn er ekki sá sami. Og þá hlýtur líka byggingin, sem reist er á þeim grundvelli, að verða önnur.

ATKVGR.

Brtt. 411, 1 feld með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, IP, JJós, JóhJóh, JM, JJ.

nei: SJ, BK, EP, GÓ, IHB, SE, HSteins.

Einn þm. (HSn) fjarstaddur.

1. gr. tekin aftur.

Brtt. 411, 2 (ný 2. gr., verður 1. gr.) samþ. með 8 : 3 atkv.

— 411, 3 (ný 3. gr., verður 2. gr.) samþ. með 9 : 2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 : 2 atkv.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 468).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7 : 1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 59. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 468).

Á 60. fundi í Nd., fimtudaginn 1. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 : 1 atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr.

---

18. Kosningar til Alþingis.

Á 4. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 28, 3. nóv. 1915 (þmfrv., A. 26).

Á 6. og 7. fundi í Nd., dagana 22. og 23. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., föstudaginn 29. febr., var frv. enn tekið til 1. u m r.

Flm. (Bjarni Jónsson): Frv. þetta flutti jeg á þingi í fyrra, en þá náði það ekki fram að ganga. En jeg vænti, að nú muni fara á annan veg. Frv. hvílir á þeirri grundvallarskoðun, að kjósendum sje rjett að nota kosningarrjett sinn. En hitt sje rangt, að Alþingi sjái ekki um, að önnur lög hefti ekki þann rjett. Þess verður vel að gæta, að rjettur kjósanda er hinn æðsti rjettur, og þingi þjóðarinnar, sem fer með drottinvaldið á voru landi, er skylt að tryggja hann. En með þeim kosningalögum, sem nú gilda, er kjósendum gert ómáttugt að sækja kjörfund, sem settur er á hádegi og svo ef til vill lokið eftir skamma stund. Allir, sem þekkja til í sveitum, vita, að þetta er alveg ófæra.

því á vetrarkjördegi er allra veðra von, og auðvitað, að ekki geta allir komist í einu að heiman. Það er ekki hægt að fara frá sjúklingum og börnum, eða fjenaði, svo að enginn sje eftir til að gæta. Hjer verður því að finna aðra aðferð, sem ekki hafi slíkan rjettindamissi í för með sjer. Virðist það vera einfaldast og rjettast, að lengja kosningatímann, svo heimilin geti skift sjer til kosnanna. Mundu þrír dagar verða nógur tími. Þó mundi geta brugðið út af því um þá, sem yfir sjó eiga að sækja.

Hv. þm. N.-M. (ÁJ og HStef) hafa komið fram með frv., sem fer í þá átt að fjölga kjörstöðum og minka kjörsvæði, og er það að vísu endurbót, þótt mín tillaga sje fullkomnari. Þá vil jeg drepa á eitt atriði, sem rjett er að taka upp, hvort frv. sem samþ. verður. En það er, að sömu reglur skuli gilda um kosningar í eyjum og nú gilda um skip. Þeir, sem á eyjum búa, eiga alveg undir veðri, hvort þeir geta sótt kjörfund. Jeg get nefnt dæmi úr mínu kjördæmi, svo sem Rauðseyjar, Rúfeyjar og Akureyar. Þurfa menn, sem í eyjum þessum búa, að sækja langan sjóveg til kjörstaðar, svo sem hjeðan upp á Akranes. Og verður til þess mjög að sæta veðri, því mikið er í húfi, að menn komist til baka óhindrað, því aldrei má vanta bát eða bátshöfn til þess að bjarga fjenaði eða vitja læknis, ef þörf gerist. Er raunar sama og að tekinn sje kosningarrjettur af þessum mönnum. Eins og hv. þm. Barð. (HK) er kunnugt, komast menn úr eyjum oft alls ekki á kjörfundi. Þetta gildir um allar eyjar á Breiðafirði, Æðey, Vigur og fleiri eyjar.

Jeg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni. En jeg beiðist þess, að það verði látið ganga til allshn., að lokinni umr., og komist þar í pottinn ásamt næsta frv. Það er höfuðatriði, að kjósendur geti neytt rjettar síns. Hitt varðar minnu, hvernig því verður fyrir komið.

Lýk jeg svo máli mínu, og óska jeg, að frv. gangi til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr.

---

19. Stjórnarskrárbreyting.

Á 3. fundi í Ed., þriðjudaginn 19. febr., var útbýtt:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920 (þmfrv., A. 22).

Á 5. fundi í Ed., föstudaginn 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Þetta frv. og frv. hv. 4. landsk. (JM) komu svo að segja jafnsnemma fram og var útbýtt samtímis. Mætti því segja, að hjer væri verið að bera í bakkafullan lækinn, og það því fremur, að telja má víst, að þau gangi bæði til sömu nefndar, fari bæði í sömu bræðsluna.

Jeg mun ei þurfa að gera ítarlega grein fyrir frv. þessu nú. Aðalatriði þess er hið sama og frv. hv. 4. landsk. (JM), það, að þingum verði fækkað. Á

það leggjum við flm. aðaláhersluna. Hitt eru mest orðabreytingar, sem leiðir af þessari aðalbreytingu. Þó felst í frv. ein efnisbreyting önnur, sem jeg vik að síðar. En þess get jeg strax getið, og henni mun ekki haldið til streitu, ef sýnt verður, að það spilli framgangi málsins.

Þegar um er að ræða stjórnarskrárbreytingu, þá eru tvær leiðir til. Önnur er sú, að breyta litlu, hin að gera gagngerðar breytingar.

Sumir merkir stjórnmálamenn þessa lands, t. d. landlæknir Guðm. Björnson, vilja, að skipuð verði nefnd, sem taki stjórnarskrána til rækilegrar athugunar. Má telja víst, að það leiddi til gagngerðra breytinga. En við vitum, hversu erfitt mun að fá samþykki þjóðarinnar til slíks, jafnvel um breytingar, sem efalaust væru til bóta, t. d. að fækka þingmönnum um helming eða svo. Við það myndi allur kostnaður við þinghald minka að stórum mun, og mjög ólíklegt, að störf þingsins yrðu að nokkru ver af hendi leyst. En þessi breyting rekur sig á metnað kjördæmanna, sem um langan aldur hafa átt fulltrúa í þinginu og vilja ekki missa þá. Jeg nefni þetta sem dæmi þess, að erfitt mun að koma í gegn breytingum á stjórnarskránni, sem að raska mjög þeim formum, er hingað til hafa staðið.

Þesvegna höfum við flm. þessa frv., einskorðað okkur að mestu við þá breytingu, sem vitanlegt er, að mikill meirihluti þjóðarinnar vill, sem sje, að reynt verði að komast hjá þinghaldi annaðhvert ár.

Menn segja nú, að enda þótt ákvæðið sje, að þing skuli aðeins heyja annaðhvert ár, þá verði ekki komist hjá aukaþingi hitt árið. En jeg er alveg sammála hv. 4. landsk. (JM) um það, að þó að slík aukaþing þurfi að halda við og við, þá verði kostnaður við þau miklu minni en við regluleg fjárlagaþing, og er jeg þó ekki eins bjartsýnn og hann á, að aukaþing muni alveg sparast, einkum þegar jeg lít á reynsluna eftir 1910. En hugsun okkar flm. frv. er sú, að ástæða sje til að fella niður þing annaðhvert ár, þegar mögulegt er. Þessa breytingu höfum við á oddinum og munum fúsir á að teygja okkur langt til samkomulags um aðrar breytingar, til þess að koma henni fram.

Eina efnisbreyting frv. okkar, önnur en fækkun þinga, er sú, að ráðherrar sjeu tveir, en ekki þrír. Þessi breyting er bygð á því, að vel er hugsanlegt að komast af með þessa tölu. Síðasta ár verður ekki betur sjeð en að þetta fyrirkomulag hafi gefist heldur vel. Ráðherrarnir hafa aldrei verið báðir fjarverandi í einu; og enginn árekstur orðið, svo menn viti.

Sparnaður verður aldrei mikill við þessa ráðstöfun, en þó laun eins ráðherra, og er það meira en nú er, því núv. atvrh. mun fá einhverja aukaþóknun fyrir að fara með fjármálin líka.

Jeg skal ekki fara nú út í samanburð á því, að hafa tvo ráðherra, og svo hinu, að einungis verði einn ráðherra og með honum landritari. En því vil jeg sjerstaklega skjóta til hv. 4. landsk. (JM), að jeg hygg, að við flm. frv. verðum tilleiðanlegir að falla frá þessari breytingu — og láta ákvæðið um þrjá ráðherra standa, ef það mætti gefa aðalbreytingu okkar betri byr í seglin. Því það er ekki að öllu leyti auðvelt að vera í senn með því að fækka þingum

— og veikja stjórnina að mun milli þinga. Að svo mæltu leyfi jeg mjer að óska þess, að frv. verði vísað til allshn., að lokinni umr.

Jón Magnússon: Jeg skal taka það fram, að auðvitað geri jeg ekki allar þær breytingar, sem felast í mínu frv., að svo miklu kappsmáli, að jeg vilji þar fyrir fórna aðalbreytingunni: fækkun þinga og ráðherra. En mjer þykir rjett að geta þess nú þegar, að jeg tel mjög mikils um vert, að landritaraembættið gamla verði stofnað á ný.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki sjerstaklega um þetta frv., en felst í nál. í stjórnarskrármálinu á þskj. 115. — Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Bygðarleyfi.

Á 16. fundi í Ed., fimtudaginn 6. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um bygðarleyfi (þmfrv., A. 85).

Á 18. fundi í Nd., laugardaginn 8. mars., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Ástæðurnar fyrir því, að jeg hefi flutt þetta frv., eru aðallega tvær, sem jeg mun nú gera nánari grein fyrir.

Fyrri ástæðan er sú, að jeg er sannfærður um, að sá mikli fólksstraumur, sem nú hefir lengi átt sjer stað úr sveitunum til kaupstaðanna, og að sjónum yfirleitt, sje ekki til neinna þjóðþrifa, hvorki hvað snertir efnahag þjóðarinnar og því síður andlega menning hennar.

Jeg álít, að okkar góða og gamla sveitamenning standi fyllilega jafnfætis bæja- eða kaupstaðamenningunni. Eins og nú er komið málum, þá er orðið of fátt fólk í sveitunum. Þar eru ótal möguleikar og ótal verk að vinna. Þar gæti áreiðanlega miklu fleira fólk lifað góðu og sjálfstæðu lífi en nú er. En fólkið vill af ýmsum ástæðum þyrpast að sjónum, til kaupstaðanna og veiðistöðvanna. Skemtanafýsn og tálvonir um uppgripagróða eiga mestan þátt í því. Nú eru víða í sveitunum mörg heimili, þar sem eru hjónin ein með börnum og ef til vill gamalmennum, og ekki annað vinnandi fólk. Þegar svo börnin komast yfir fermingu, þá fara þau til kaupstaðanna og draga þá oft foreldra sína með sjer. Nú virðist svo sem í kaupstöðunum sje fólkið orðið of margt. Að minsta kosti er kvartað yfir atvinnuleysi í kaupstöðum og sjóþorpum, sem jeg get ekki skilið að stafi af öðru en því, að annaðhvort sjeu atvinnuvegirnir, sem þar eru reknir, reknir á skökkum grundvelli, eða þá að fólkið sje of margt, samanborið við þá eðlilegu atvinnumöguleika, sem fyrir hendi eru. Jeg gæti best trúað, að báðar þessar ástæður, sem nú voru tilfærðar, ættu sök á atvinnubrestinum. Eins og kunnugt er, hafa á síðari tímum þotið upp stór atvinnufyrirtæki við sjóinn, sem hafa dregið að sjer fjölda fólks. Þessi atvinnu-

fyrirtæki eru rekin ýmist af einstökum mönnum eða fjelögum, og án allrar tryggingar um það, að þau geti altaf haldið áfram að starfa. Þarna safnast svo fólk að. Og þegar svo slíkur stóratvinnurekstur fer á höfuðið, eða hættir af öðrum ástæðum, þá stendur þar eftir fjöldi fólks alveg atvinnulaust.

Frv. þetta er fram komið til þess að reyna að draga ögn úr þessu öfugstreymi, sem jeg álít, að sje hjer á ferðum, frá sjónarmiði menningar og þjóðþrifa þessa lands. Jeg veit að vísu, að þó þetta frv. yrði að lögum, þá mun það ekki fá breytt eða stöðvað þennan straum með öllu, enda er það ekki tilgangurinn. En það mun hamla straumnum nokkuð, leggja ofurlitlar hindranir í veginn. Jeg tel víst, að bæjar- og sveitarfjelög, sem liggja að sjó, muni nota þá heimild, sem frv. mitt fer fram á að þeim sje gefin, til þess að synja um bygðarleyfi, einkum þegar atvinnuleysi væri á þeim stöðum eða stæði fyrir dyrum.

Önnur ástæðan, og um leið aðalástæðan fyrir flutningi frv., er sú hætta, sem jeg álít, að framfærsluhjeruðum, bæði sveitar- og bæjarfjelögum, stafi af innflutningi fólks, einkum nú, síðan sveitfestistiminn var styttur ofan í 4 ár. Jeg gat áður um stór atvinnufyrirtæki, sem draga að sjer fjölda fólks og hætta svo alt í einu. Þegar svo er komið, er fjöldi af þessu fólki búið að vinna sjer sveitfesti á stöðunum. Og geta allir sjeð, hvílík hætta vofir þá yfir hlutaðeigandi sveitarfjelagi af auknum hreppsþyngslum. Jeg þekki vel til í einu sveitarfjelagi, sem liggur að sjó. Þar er síldarverksmiðja, og nálægt henni er vaxið upp þorp, þar sem sumt af því fólki byggir, sem vinnur við síldarverksmiðjuna. Með öðrum orðum: Fólk, sem þarna hefir þyrpst saman, lifir að nokkru leyti á þeirri atvinnu, er síldarverksmiðjan veitir. Ef nú verksmiðjan hættir að starfa, eða þá — sem hefir komið fyrir — að hrúgað er þangað útlendu verkafólki — hvað tekur þá við? Sumt fólkið tekur aðra atvinnu; en enginn efi er á, að margt færi blátt áfram á sveitina. Jeg álít, að ef þetta kæmi fyrir eftir 4 ár, er þetta fólk hefir unnið sjer sveitfesti samkvæmt nýju lögunum frá í fyrra, þá mundi þessu sveitarfjelagi nóg boðið. Það mundi ríða því að fullu. En ef þau tryggingarákvæði yrðu sett, sem hjer er farið fram á, þá gæti þetta sveitarfjelag og önnur útilokað að einhverju leyti þá menn, sem mest hætta virtist stafa frá, mestu óreiðumenn, o. s. frv.

En það er ekki aðeins, að þessi hætta steðji að þeim sveitarfjelögum, sem liggja að sjó. Jeg þekki líka vel til í sveitarfjelagi, sem liggur til fjalla. Því stendur mikil hætta af því, að utanaðkomandi fátæklingar vinni sjer þar sveitfesti.

Sveitarstjórnir hafa löngum átt í brösum út af fátækraframfærinu og reynt óspart að velta byrðunum hvort á annað, og neytt til þess ýmsra bragða — svipað og á sjer stað milli ríkja. — Hreppstjórnir eru oft í þessu efni mestu stjórnvitringar.

Meðan sveitfestitíminn var 10 ár, þá var það jafnvel ekki dæmalaust, að efnuð sveitarfjelög legðu stund á að eignast minni jarðir í öðrum hreppum, í því skyni að setja þangað fátæklinga, sem þau vildu losa sig við, og láta þá vinna sjer þar sveit. Nú, þegar sveitfestitíminn er ekki orðinn nema 4 ár, þá er enn meiri ástæða fyrir sveitar-

stjórnir að leita þessa bragðs, og hættan vex að því skapi fyrir þau sveitarfjelög, sem minni máttar eru.

Jeg hefi nú tekið dæmi af tveim sveitarfjelögum. Annað liggur við sjó, hitt ekki. Báðum er jafnnauðsynlegt að fá þessi tryggingarákvæði lögleidd. Og jeg hygg, að líkt sje ástatt víða um land. Nú vill ef til vill einhver segja, að önnur leið sje beinni en að koma með þetta frv., sem sje — að færa sveitfestitímann aftur upp í 10 ár, til þess að fyrirbyggja slík brögð. En þá leið datt mjer alls ekki í hug að fara. Þrátt fyrir það, þó jeg telji nauðsynlegt að svona löguð tryggingarákvæði fylgi styttingu sveitfestitímans, þá álít jeg það alveg rjett, út af fyrir sig, að stytta hann. Jeg skal ekki nú fara lengra í það mál, en jeg tel það hafa verið rangt í fátækrafyrirkomulaginu, að fæðingarhreppur, sem ef til vill hefir ekki notið manns neitt, skuli skyldur að taka við framfærslu hans, ef þörf gerist. Stytting sveitfestitímans miðar til þess, að síður verði hætta á þessu. En jafnframt verður sú trygging að fylgja, sem frv. fer fram á, og yfirleitt mun hún vera nauðsynleg, meðan fátækralögin eru þannig, að ætlast er til þess, að sveitarfjelög annist framfærslu þurfamanna, en ekki þjóðfjelagið í heild.

Mörgum mun finnast, að þetta frv. gangi nokkuð nærri athafnafrelsi manna. Það er nokkuð hart að mega ekki flytja hvert á land sem maður vill. En það verður að gæta að því, að hitt er þó enn harðara, fyrir framfærsluhjeruðin, að hljóta, hvort sem þau vilja eða ekki, að taka við hvaða óreiðumanni sem er; og þar með er framfræðsluhjeraðinu lögð sú skylda á herðar að annast þennan mann og alla hans fjölskyldu til æfiloka, ef þörf gerist, er hann hefir unnið sjer þar sveitfesti. Það er rjett og eðlilegt, að sveitarfjelagið hafi nokkurt atkvæði um það, hvort það vilji taka á sig þessa skyldu. Jeg get heldur ekki sjeð, að ákvæði sem þetta sje nokkuð einstakt í löggjöf okkar nje annara þjóða. Jeg skal minna á það, að ekki getur hvaða útlendingur sem er komið hingað og haft sama rjett og íslenskir borgarar hafa. Hjer á jeg við lög um íslenskan ríkisborgararjett. Hjer er að vísu nokkuð ólíku saman að jafna — og þó hliðstæðu að nokkru leyti. — Sveitarfjelagið er sjerstakt fjelag. Og eins og ríkið veitir ríkisborgararjett, eins á sveitarfjelagið að hafa rjett til þess að ákveða sjálft, hvaða utanaðkomandi menn eigi að fá sama rjett og innfæddir sveitarbúar. Jeg játa, að mjer er það ljóst, að gallar muni vera á þessu frv., hvað form snertir. En jeg vona þó, að ef hið háa Alþingi á annað borð vill aðhyllast stefnu frv., þá sjeu þeir gallar ekki meiri en svo, að þá megi laga í nefnd og meðferð málsins yfirleitt í þinginu.

Jeg mun svo ekki tala meir um frv. að sinni. En aðeins taka það fram, að ef þau ákvæði, sem hjer ræðir um, ná ekki fram að ganga, þá verður, að jeg álít, að gerbreyta fátækrafyrirkomulaginu. Annars gæti farið svo, að lítil sveitarfjelög og þau framfærsluhjeruð, sem mikill fólksstraumur er til, t. d. við sjóinn, komist í hrein og bein þrot áður en varir.

Jeg leyfi mjer svo að leggja til,, að frv. verði vísað til 2. umr., að þessari lokinni, og til allshn.

Björn Líndal: Jeg get vel skilið hv. flm. og það, sem fyrir honum vakir.

Hann vill reyna að stöðva straum fólksins til sjávarins, sem hefir verið miklu meiri en góðu hófi gegnir þessi síðari ár. Jeg er samdóma honum um það, að það sje æskilegt, að úr honum sje dregið. En jeg álít þá leið ekki tiltækilega, sem þetta frv. bendir til. Jeg held, að hv. flm. hafi naumast gert sjer grein fyrir því, hve frv. hans gengur nærri persónulegu frelsi manna. Annars hefði hann ekki komið fram með það. Jeg get því alls ekki greitt því atkvæði mitt. Og skal jeg nú með örfáum dæmum leiða rök að þessu.

Eigi maður jörð í öðru sveitarfjelagi og vilji taka hana sjálfur til ábúðar, þá getur hreppsnefnd bannað honum að setjast á sína eigin jörð. Þá hefir maður ekki leyfi til að fá sjer vinnumann úr annari sveit, nema hreppsnefnd samþykki, nje heldur að taka til sín sjúkan vandamann á heimili sitt. Jeg vil taka það skýrt fram, að jeg vil ekki ofurselja mitt sjálfstæði í hendur hreppsstjórnar. Jeg vil sjálfur ráða því, hvaða fólk jeg hefi á mínu heimili.

Jeg hefi annars ekkert á móti því, þó þetta frv. komist í nefnd. En jeg vona, að það komist ekki lengra.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Jeg skal játa, að það, sem hv. þm. Ak. (BL) mintist á, hafði jeg líka hugsað um, og fundist það mæla mest á móti frv. En eins og jeg lýsti áðan, þá álít jeg það ekki minni höft á frelsi, og það fleiri manna, sem sveitarfjelögin verða fyrir, er þau eru skyld að taka við hverjum óreiðumanni sem er, og verða svo að sjá honum farborða, ef á þarf að halda. (BL: Það er ekki skerðing á persónufrelsi, aðeins aukin gjaldabyrði.) Svo há geta þessi gjöld orðið, að menn missi sitt persónulega frelsi. Menn gleyma því oft, að það hvíla önnur gjöld á þjóðinni en þau, sem til ríkisins ganga. Sum sveitarfjelög eru að örmagnast undir þeirri byrði, sem fátækraframfærið leggur þeim á herðar.

Hv. þm. Ak. (BL) taldi hart, ef hann ætti jörð í öðru sveitarfjelagi, að geta ekki ráðstafað henni sjálfur. Eða fengið það vinnufólk, sem honum sýndist, án leyfis hreppsnefndar. Jeg geri ráð fyrir því, að sveitarstjórnir mundu beita ákvæðum þessara laga frjálslega. En þeir, sem ekki hafa trú á því, hafa þá annan veg en þann að vera á móti frv. Þeir geta komið með breytingartillögur við frv., sem fela í sjer ákvæði um það, hvenær sveitar- og bæjarstjórnir megi beita lögunum.

Jeg hafði í fyrstu hugsað að bera frv. fram þannig, að þeir, sem ættu tiltekna eign, eða gætu sannað, að þeir hefðu tryggingu fyrir sæmilegum árstekjum o. s. frv., væru undanþegnir því, að þurfa að fá bygðarleyfi. En svo þótti mjer þó rjettara að koma ekki með annað en hugsunina um sjálfa trygginguna. En nánari ákvæði yms gætu svo komið við meðferð málsins hjer. Get jeg því sjálfur vel greitt breytingartillögum við frv. atkvæði, ef þær koma fram síðar og miða til bóta.

Hákon Kristófersson: Jeg verð að segja, að jeg get ekki tekið undir með hv. þm. Ak. (BL) í þessu máli. Þegar lögin um stytting sveitfestitímans voru samþykt, þá bjóst jeg við, að ekki mundi langt að bíða eftir frv. sem þessu. Mjer þykir leiðinlegt, að hv. þm. Ak. (BL) skuli hafa þá ótrú á hlutaðeigandi stjórnarvöldum, að þau muni beita

valdi sínu ómannúðlega. Hvað það snertir, að það sje hart fyrir einn bónda að fá ekki að ráða til sín vinnumann eftir sinni vild, þá kemur það vitanlega ekki fyrir, að það sje bannað, nema ef viðkomandi bóndi vildi taka inn í hreppinn mann, sem líklegt væri að yrði hreppsfjelaginu til þyngsla. Eftir því sem jeg hefi best vit á, eftir að hafa lesið frv., þá sje jeg ekki, að það feli í sjer nein ákvæði, sem ástæða sje til að vera hræddur við. Svo góða tiltrú hefi jeg til sveitarstjórnanna, sem með lögin fara. En hitt er víst, að það horfir til vandræða fyrir ýms bygðarlög, ef fólk heldur áfram að streyma þangað takmarkalaust.

Jeg hefi svo engu við þetta að bæta. Tel það aðeins illa farið, ef þetta frv. gengur ekki fram í einhverri þeirri mynd, sem takmarki innflutning fólks til ýmsra bygðarlaga. Jeg býst við, að málinu verði vísað til nefndar. Það verður þá hlutverk nefndarinnar að breyta frv. svo sem ástæða þykir til. En hitt tel jeg illa við eiga, ef það kæmi svo ekki frá henni aftur, eins og komið hefir fram hjá einum hv. þm., að heppilegt væri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 56., 61. og 63. fundi í Nd., dagana 26. apríl, 2. og 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 85, n. 432, 498).

Forseti tók málið af dagskrá, og var frv. ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Fátækralagabreyting.

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 14. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við og breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905 (þmfrv., A. 118).

Á 26. fundi í Nd., þriðjudaginn 18. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Á síðustu þingum hafa komið fram ýmsar tillögur til breytinga á ákvæðum fátækralaganna frá 10. nóv. 1905, í samræmi við þá skoðun, sem nú mun almennt vera orðin ríkjandi, að menn eigi ekki að gjalda þess eða missa mannrjettindi sín, þó þeir geti ekki bjargað sjer og fjölskyldu sinni áfram án hjálpar sveitarinnar, þegar erfiðir tímar eru eða óhöpp ber að höndum.

Ekki verður annað sagt en nokkrar breytingar hafi líka orðið á fátækral., sem fara í mannúðlegri átt, en flestar þeirra ná mjög skamt. Helstar eru þær, sem ná til veikra manna, þeirra, sem samkvæmt læknisráði verða að fara á sjúkrahús. Einnig má í þessu sambandi nefna berklavarnarlögin. Í þessu frv. er gengið lengra. Þar er skrefið stigið fullt og það ekki látið varða rjettindamissi, þó menn fyrir sakir vanheilsu eða annara óviðráðanlegra atvika neyðist til að leita á náðir bæjar- eða sveitarfjelags.

Þess er rjett að minnast, að á síðari árum hafa gefist alvarlegar ástæður til breytinga á fátækralögunum. Á jeg þar við atvinnuleysið, sem á síðari tímum hefir gert vart við sig, og það á svo alvarlegan hátt, að mörgum manni hefir af þeim sökum verið meinað að halda

lífi í sjer og sínum án utanaðkomandi hjálpar. Þetta atvinnuleysi er ekki mönnunum sjálfum að kenna, og þó þeir vildu brjótast í einhverju til að sjá sjer fyrir atvinnu, þá er hvergi fje að fá til að koma slíku af stað. Og þar sem mikill hluti atvinnutækjanna er látinn liggja ónotaður tímunum saman, þá sýnist ekki vera ósanngjarnt, þó eigendur þeirra leggji nokkurn skerf til bæjarsjóðs handa atvinnulausum mönnum, þar sem megnið af atvinnuleysinu má teljast þeim að kenna. Og virðist því varla rjett að svifta menn kosningarjetti og öðrum mannrjettindum fyrir þær sakir.

Þess má geta, að nýmæli er það, að skuldir, vegna styrks, er veittur hefir verið eftir þessum lögum, fyrnist. Jeg held það sje enginn kostur fyrir sveitarfjelögin að burðast með skuldir, sem þau ef til vill fá aldrei greiddar. Og heldur ætti það að ýta undir menn að bjarga sjer yfir örðugleikana, er þeir vissu, að allur ávinningur af starfi þeirra væri ekki bundinn fyrirfram vegna styrks, sem þeir hafa orðið svo ólánssamir að þurfa á að halda. Slíkum mönnum þarf fremur að hjálpa yfir örðugleikana en draga þá niður með slíku móti.

Þá hefði jeg talið þá hugmynd hafa talsvert til síns máls að gera alt landið að einu framfærsluhjeraði. Togstreitan milli hreppanna um þessi efni er ekkert skemtileg, nje heldur öll þau undanbrögð, sem reynt er að hafa í frammi, og sem enn meira ber á eftir að sveitfestistíminn hefir verið styttur. Og óþarfa og óheppilega röskun á högum manna hlýtur það líka að hafa í för með sjer, þegar þeir eru rifnir upp og sendir á sína sveit, ef þeir þurfa á styrk að halda, þó ekki sje nema um stundar sakir. Hefi jeg að vísu ekki gert neina uppástungu um þetta í frv. mínu, en ekki efast jeg um að viðunandi fyrirkomulag mætti finna, sem rjeði bót á þessu.

Fleira mun jeg ekki taka fram að sinni, nema mjer gefist tilefni til þess. Fel jeg svo hv. deild frv. mitt á þskj. 118, og vænti þess, að því verði lofað að ganga til allshn., að umr. þessari lokinni.

Bernharð Stefánsson: Jeg býst ekki við að greiða atkvæði með frv. þessu út úr deildinni, eins og það liggur fyrir, en get þó tekið undir margt, sem hv. flm. (JBald) sagði, t. d. það, að hart sje að svifta menn borgaralegum rjettindum, þó þeir hafi neyðst til að leita sjer sveitarstyrks, vegna atvika, sem þeim eru óviðráðanleg. En það, sem mjer finst aðallega vanta í frv., er það, að trygt sje, að menn geti ekki, í skjóli þessara laga, lagt árar í bát í lífsbaráttunni og kastað áhyggjum sínum upp á sveitarfjelagið. Skal jeg í þessu sambandi benda á tvö dæmi.

Samkvæmt frv. þessu er það ekki talinn sveitarstyrkur, sem veittur er vegna ómegðar. En sá styrkur er þar talinn veittur vegna ómegðar, sem þeim er veittur, er hefir 3 eða fleiri framfærsluskyld börn. En nú má það engum teljast ofvaxið, sem heilbrigður er, að sjá fyrir 3 börnum. Því gæti þetta ýtt undir menn að leita til sveitarinnar að þarflausu, ef ekki væru sjerstök tryggingarákvæði, sem hömluðu því.

Sá stykur er heldur ekki talinn sveitarstyrkur samkv. frv., og veldur ekki

rjettindamissi, sem veittur er sökum atvinnuskorts. En hverjar eru markalínur þess, sem teljast skal atvinnuskortur? Myndi það ekki geta heyrt undir atvinnuskort, að menn vildu ekki vinna? Fyrir þessu álít jeg ekki næga grein gerða í frv., en tel varfærni í þessu efni mjög nauðsynlega.

Þá mintist hv. flm. (JBald) á það, að heppilegt myndi vera að gera landið alt að einu framfærsluhjeraði. Að það væri allra hluta vegna rjettlátast, get jeg fallist á, en slíkt fyrirkomulag myndi án efa reynast dýrara.

Þó jeg þannig geti ekki fylgt þessu frv., eins og það liggur fyrir, þá vil jeg að lokum mæla með því, að það verði látið ganga til 2. umr. og til nefndar, því það hefði víst ekki verið vanþörf á að endurskoða alla fátækralöggjöf vora, og má vera, að athugun þessa frv. í nefnd yrði til að flýta því máli, svo að næsta þing geti tekið ákvarðanir í því efni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, IngB, JakM, JBald, JK, JörB, KlJ, MJ, MT, PÞ, BSv.

nei: ÁF, HStef, HK, JAJ, JS, JÞ, MG, PO, SigurjJ.

Þrír þm. (ÁJ, BJ, BL) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., mánudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 118, n. 229 og 244).

Frsm. meirihl. (Jón Kjartansson): Eins og þskj. bera með sjer, þá hefir allshn. ekki getað orðið á eitt sátt um málið. Leggur meirihl. til., að frv. nái ekki fram að ganga.

Eins og hv. þm. sjá, gerir frv. ráð fyrir svo stórfeldum breytingum á fátækralögunum, að varla getur talist verjandi að leggja þann kostnað, sem sú breyting myndi hafa í för með sjer, á sveitarfjelögin, og síst, ef ekkert væri fundið í staðinn til að ljetta undir með þeim. Það er enginn vafi á því, að miklu fleiri myndu leita á náðir sveitarinnar en nú gera, ef fátækrastyrkur hefði engan rjettindamissi í för með sjer. Sjerstaklega myndu margir komast undir c-lið frv. Og þó kanske mætti finna ráð til að hjálpa sveitarfjelögunum til að bera byrðarnar af þessu, svo sem með víðtækum tryggingum, þá er það svo stórt mál og vandasamt, að engin tiltök eru til að afgreiða það, nema eftir mikinn og ítarlegan undirbúning.

Jeg skal játa, að tveir liðir brtt., b og d, eru þannig, að jeg hefði mikla tilhneigingu til að fallast á þá. En þar sem búast má við, að innan skamms tíma verði öll fátækralöggjöfin tekin til endurskoðunar, þá er í sjálfu sjer ástæðulaust að fara að gera þær breytingar nú. Finst meirihl. nefndarinnar rjett að láta þær því bíða.

Það er vitaskuld, að rjettindamissir fyrir þeginn sveitarstyrk kemur oft og tíðum ósanngjarnlega niður á sumum mönnum. En svo er um alla löggjöf, sem almenning snertir, að hún kemur misjafnlega niður á mönnum, og verður ekki fyrir það sneitt. Hjer verður að líta á málið frá sjónarmiði heildarinnar, og því verður þetta misrjetti ekki bætt, nema eitthvað það ráð sje fundið, sem bæti úr því ranglæti og þeim

þyngslum, sem sveitarfjelögin bíða við breytinguna. Þetta vil jeg biðja háttv. deild að athuga, áður en hún ræður það af að gera stórfeldar breytingar á fátækralögunum.

Út í einstakar greinar frv. virðist ekki vera ástæða til að fara frekar, þar sem meirihl. nefndarinnar, eins og jeg tók fram í upphafi, leggur til, að frv. verði felt alt.

Frsm. minnihl. (Jón Baldvinsson): Það ætlar að ganga erfiðlega að koma fram breytingum á fátækralögunum, þó flestir hinsvegar viðurkenni, að þær sjeu rjettmætar. Þegar til þess kemur, að þær á að samþykkja, þá fara menn að nota allskonar undanbrögð, svo sem að þeir sjeu að bíða eftir að lögin öll verði endurskoðuð o. s. frv. Jeg játa fúslega, að frv. á þskj. 118 gengur langt í því efni að reyna að koma í veg fyrir, að menn missi rjettindi sín vegna þess, að þeir af óviðráðanlegum ytri orsökum hafa neyðst til að leita hjálpar af sveit sinni. En þetta álít jeg einmitt kost á frv. Vil jeg þó taka það fram, að jeg gerði mig ánægðan með það, þó það næði ekki alt fram að ganga í einu, ef nokkur hluti þess yrði samþ., og því hefi jeg fallist á, til samkomulags, að gera brtt. við frv., og er þær að finna á þskj. 244. Jeg vil taka það fram, að misprentast hefir 1. brtt. við b-liðinn, þar sem falla eiga burtu orðin: „eða vottorð tveggja skilvísra manna“, og auk þess orðin: „þar sem ekki næst til læknis“. Vil jeg biðja hæstv. forseta að taka tillit til þessa við atkvgr.

Jeg held nú, að þegar búið væri að samþ. brtt. þær, sem eru á þskj. 244, að fella niður c-liðinn, og úr b-liðnum, þá sje ekki mikið eftir, sem menn geti amast við að gangi fram. Auk þess feld niður 2. og 3. gr. frv., sem sjálfsagt verða þá að bíða betri tíma. Og eðlilega hefir hv. frsm. meirihl. (JK) ekkert á móti frv. Hann viðurkennir fyllilega rjettmæti þess, en það er nú svo, sem stundum áður, þegar til alvörunnar kemur, að menn ýmist setja fyrir sig afleiðingarnar eða vilja bíða eftir því, að löggjöfin verði endurskoðuð. Skil jeg þó satt að segja ekki þá aðstöðu að vilja ekki grípa tækifærið til að ráða bót á þeim agnúum, sem menn sjá og viðurkenna að eru á lögunum. Það, sem hv. frsm. meirihl. (JK) fann að c-lið 1. gr., var það, að hann væri of víðtækur, og er það satt, að hann gengur langt. Og þó það sje, eins og jeg áður tók fram, kostur í mínum augum, þá verður sá liður þó líklega ekki með í frv., til þess að það spilli ekki fyrir öðrum greinum þess, sem annars væri lífs auðið. Jeg vil því mælast til, að hv. forseti beri upp í fernu lagi 1. gr. frv. C-liður kemur þá eftir brtt. og sömuleiðis a-liðurinn.

Það er náttúrlega svo, að lög ganga ekki altaf jafnt yfir, en það er ætíð verið að reyna að stíla þau þannig, að sem fæstir verði hart úti. En hjer er um það að ræða, að ekki eingöngu fáir einstaklingar, heldur mörg þúsund manns, heill hópur manna, verður hart úti, og sýnir það ranglæti það, sem felst í ákvæðum þessara laga.

Jeg vænti því, að 1. gr. fái að minsta kosti að standa, með þeim breytingum, sem gert er ráð fyrir á þskj. 244, og þá er frv. orðið svo fjarskalega sanngjarnt, að það getur ekki lengur verið neinn þyrnir í augum þeirra manna, sem engar stórfeldar breytingar vilja gera.

Frsm. meirihl. (Jón Kjartansson): Aðeins örfá orð út af ræðu hv. frsm. minnihl. (JBald). Aðalatriðið fyrir mjer var, að eitthvað þyrfti að koma í staðinn fyrir þessar breytingar, sem trygði sveitarsjóðina fyrir þeirri stórfeldu útgjaldaaukning, sem ákvæði þessa frv. hljóta að hafa í för með sjer fyrir þá. Þetta veit hv. þm. (JBald) og hlýtur að viðurkenna, og á þetta atriði lagði jeg alla áhersluna.

Frsm. minnihl. (Jón Baldvinsson): Hv. frsm. meirihl. (JK) drap á það bæði áðan og núna, að sveitarsjóðirnir yrðu að fá einhverja tryggingu í staðinn.

Jeg veit nú ekki, hver munur er á því fyrir sveitarsjóðinn í sjálfu sjer, hvort menn missa mannrjettindi við að þiggja af sveit eða ekki. Jeg hygg, að sveitarsjóðirnir muni reyna, eftir því sem þeir frekast geta, að halda uppi atvinnu handa mönnum, svo þeir þurfi ekki að leita eftir peningastyrk, enda er það stórhagur fyrir sveitarsjóðina að halda uppi fátækrahjálpinni á þann hátt.

Það er auðvitað sjálfsagt að koma á fót tryggingum, en það er nú svo, að það hefir verið leitað í því skyni til þingsins ár eftir ár, en ekki fengist neitt fram. Menn hafa þá þóst þurfa að athuga málið svo nákvæmlega, og dregið málið þannig frá þingi til þings, sem sagt, hlaupið í sömu skúmaskotin og þeir, sem nú vilja komast hjá breytingum á fátækralögunum. Og þannig myndi enn fara, þó nauðsynlegt væri að koma á tryggingum, sem ljettu á sveitarsjóðunum, að þær tilraunir myndu stranda á sömu mótbárunum og bornar eru fram gegn þessu frv., að málið sje ekki nógu rannsakað, þó það hafi legið fyrir mörgum þingum. Hv. frsm. meirihl. (JK) er því að slá sjálfan sig og þá, sem honum fylgja, með þessari athugasemd.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer finst frv. það, sem hjer ræðir um, svo illa orðað, að örðugt, ef ekki ómögulegt væri að samþ. það, þó maður gæti gengið að efninu.

Í a-lið 1. gr. er kveðið svo á, að sveitarstyrk skuli ekki telja þann styrk, sem maður fær, er hefir fleiri en 3 heimilisföst börn framfærsluskyld. Það á víst að skiljast svo, að börnin skuli vera á heimili framfæranda, því einhversstaðar hljóta börnin altaf að vera heimilisföst. En nú sje jeg ekki, hver munur er á, að barnið sje á heimili framfæranda eða annarsstaðar, þar sem honum er kanske alveg eins dýrt að hafa það þar.

Nú ef kona á í hlut, þá er ekkert skilyrði um, að barnið sje heimilisfast hjá henni. Hvaða samræmi er nú í þessu? Í b-lið stendur, að maður, sem fær styrk sakir vanheilsu, sem gerir hann ófæran til vinnu um lengri eða skemri tíma, skuli ekki teljast til sveitar. Hjer er ekkert ákvæði um tímann, svo maður, sem hefir verið veikur í 1—2 daga á heimild til að fá styrk, án þess að það sje talinn fátækrastyrkur. Þetta er í raun og veru hrein vitleysa, og svona ákvæði eru algerlega óhæf í lögum. Í c-lið er styrkur, sem veittur er vegna atvinnuskorts, þegar sveitar- eða bæjarfjelagið getur ekki vísað manni á atvinnu, ekki talinn sveitarstyrkur. En það er altaf hægt að vísa mönnum á atvinnu einhversstaðar og einhversstaðar. Og eigi það að nægja, að sveitarfjelag-

ið segi við manninn: Farðu og vinn þú þar og þar, eða: Farðu til Ameríku; þar er nóg atvinna, þá er þetta ekkert nema leikur. Auðvitað verður atvinnan að vera þar, sem maðurinn getur fært sjer hana í nyt.

Um d-liðinn hefi jeg fátt að segja. Eftir honum eiga í rauninni allir, sem eru fullra 60 ára, heimting á, að þeim sje veitt frítt uppihald án þess að það teljist sveitarstyrkur. Þetta er kanske sanngjart og er til í lögum sumstaðar annarsstaðar, en eg er hræddur um, að slíkt kynni samt að verða notað nokkuð að óþörfu. Og þó ekki væri nema vegna þessa eina ákvæðis frv., mundi jeg eiga erfitt með að samþ. það.

En sem sagt. Það er svo hroðvirknislega gengið frá frv. af hálfu hv. flm. (JBald), að það virðist bein sönnun þess, að hann hafi búist við, að það myndi ekki ná fram að ganga. Og eins og það er nú, er alls ekki hægt að samþ. það.

Frsm. minnihl. (Jón Baldvinsson): Ef það, sem hæstv. atvrh. (MG) hefir á móti frv., kæmi af góðum hug, hefði hann getað borið fram brtt. við það til bóta. En mjer virðist sem honum sje mest umhugað um að snúa út úr frv. algerlega að óþörfu.

Hvað 1. lið snertir er auðvitað átt við, eins og orðanna hljóðan bendir til, mann, sem hefir þessi börn heimilisföst. Því bæði koma menn oft börnum sínum fyrir annarsstaðar, kanske alveg frítt, og hinsvegar geta þessi börn verið komin undir berklaveikislögin eða 77. gr. fátækralaganna, og fengið þannig styrk án rjettindamissis. Hjer er einmitt miðað við venjulega fjölskyldu, þ. e. 5 manna fjölskyldu, sem hefir börn sín heima, og jeg fæ ekki sjeð, að orðalagið sje neitt varhugavert eða óskiljanlegt, eins og hæstv. atvrh. (MG) virðist halda. Það er líka mjög eðlilegt, að munur sje gerður á karlmanni og konu, því konan á venjulega miklu erfiðara með að sjá fyrir einu barni en karlmaður fyrir tveimur. En auðvitað merkir orðið „heimilisföst" sama í báðum tilfellum og á við bæði, þó hæstv. atvrh. (MG) ætlaði að snúa út úr þessu.

Þá mintist hæstv. atvrh. (MG) á hina liðina, sjerstaklega á c-liðinn, og taldi, að samkv. honum nægði að vísa fjölskyldunni á einhverja atvinnu, hvort sem hún væri henni að gagni eða ekki. Ef til vill mætti skilja þetta svo, ef litið er á það sem lagakrók, en jeg ímynda mjer, að hann sem ráðherra myndi varla fallast á þennan skilning. Jeg efast um, að hann myndi líta svo á, að manni væri vísað á atvinnu, þó sagt væri við hann: Farðu upp að Elliðakoti eða austur yfir heiði, þar er sjálfsagt eitthvað handa þjer að gera. Nei, þetta var, eins og hitt, tómur útúrsnúningur. En það skaust þó þarna upp það sanna hjá hæstv. atvrh. (MG), það, sem hann að líkindum telur meinabótina á öllu atvinnuleysinu í landinu. Hann vildi láta segja við mennina: Farðu til Ameríku, við höfum ekkert brúk fyrir þig á þessu landi. Þetta er víst hans skoðun.

Jæja. Jeg býst nú ekki við, að hæstv. atvrh. hafi sannfært menn um, að þetta frv. sje ófært til að verða að lögum, enda verða ekki margir lögfræðingar til að fylgja krókaleiðum hans í þessu efni.

Bjarni Jónsson: Jeg held, að það sje svartur blettur á sögu löggjafar vorrar, að enn stendur í stjórnarskránni, að

menn missi mannrjettindi sín, ef þeir verða styrkþegar fyrir fátæktar sakir, þetta kemur svo illa niður á mörgum mönnum, að allir rjettsýnir menn verða að játa, að mein sje að búa við slíkt. En nú er ekki vel gerlegt að hlaupa í það að breyta stjórnarskránni fyrir svo lítið ákvæði, og því er reynt að komast í kring um það, með því að bera fram breytingar með almennum lögum, sem bæta úr þessu. Hefi jeg á undanförnum þingum flutt frv. í líka átt og þetta fer.

Nú skilst mjer, að málinu sje í óefni komið, ef hæstv. atvrh. (MG) og hv. flm. (JBald) fara að þreyta kappræður og gerast ósáttir út af orðalagi frv. En jeg skildi svo hæstv. atvrh. (MG), að hann myndi fylgja málinu, ef orðalagið væri nógu skýrt. Nú er það aldrei nema kostur á lögum, að þau sjeu sem skýrast orðuð og svo ótvíræð sem verða má, og hv. flm. getur ekki talið það neina skemd á frv., þó því yrði breytt þannig, að orðalagið yrði sem skýrast. Mjer finst því, að hann og hæstv. atvrh. (MG) geti komið sjer saman um að orða frv. eins og hæstv. atvrh. telur fullnægjandi, þar sem aðalatriðið er, að komist verði í kringum þetta ákvæði, að menn missi mannrjettindi sín sakir fátæktar.

Jeg ætla ekki að tala um einstakar gr. frv., en legg þetta eitt til, að annaðhvort fái nú frv. að fljóta áfram og þessi samvinna um orðalagið eigi sjer stað fyrir 3. umr., eða þá, að það verði nú tekið út af dagskrá og lagað.

Jeg hefði ekki ætlað og vildi ógjarnan að kappræður um orðalag yrðu til þess að leggja stein í götu þessa máls. Mjer er sagt, að söngvarar kunni illa ósamkvæmni í söng og skáld ósamræmi og smekkleysum í skáldskap, og mjer er líka sagt, að rjettlátir menn uni illa ósamræmi og ranglæti í löggjöfinni, en það á sjer stað hjer, með því að setja skammarblett á þá menn, sem þurfa að leita styrks vegna fátæktar. Jeg veit, að við teljum það ekki skammarblett á þeim; við höfum of margir verið fátækir til þess að gera það. En stjórnarskráin, hún gerir það með því að taka af þeim mannrjettindi fyrir slíkt. Úr því verður að bæta.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) tók illa athugasemdum mínum og taldi þær ekki sprottnar af góðum hug. Hann um það. Jeg held fast við, að frv. hans er mjög illa orðað. Eða getur hann sagt mjer, hvernig á því stendur, að maður, sem á 4 börn, þar af 3 heima en eitt utan heimilis á meðgjöf, á engan rjett á styrk, en annar, sem á 4 börn heima, á að fá styrk, án þess að þurfi að teljast til sveitarstyrks. Hvaða sanngirni er í þessu? Það eru engin rök hjá hv. þm. (JBald) að segja, að jeg brúki hjer lagakróka, heldur á hann að færa rök að sanngirni þessara ákvæða.

Jeg spurði hann, hvort það væri nóg að vísa mönnum á atvinnu hvar sem vera skyldi, og kom þá upp úr dúrnum, að því er mjer skildist, að atvinnan þyrfti að vera innan hrepps eða sveitar, því hann sagði, að ekki nægði að vísa mönnum hjeðan úr Rvík, upp í Elliðakot eða austur í Árnessýslu. En ef svo er, er hv. þm. (JBald) þá það barn að vita ekki, að þetta verður að taka fram í lögunum? Annars verð jeg nú að telja, að það væri full-forsvaranlegt að vísa mönnum hjer í Reykjavík á atvinnu t. d. upp í Mosfellssveit, og

að þeir, sem ekki hirtu um að færa sjer hana í nyt, ættu skilið að missa rjettindi við það að þiggja styrk í staðinn.

Þetta, sem hv. þm. (JBald) var að slá fram út af ummælum mínum um atvinnu í Ameríku, sýndi mjög áþreifanlega, hve frv. hans er illa orðað, því hann gat ekki mótmælt orðum mínum nema með útúrsnúningi.

Hv. þm. nefndi ekki ákvæðið um menn, sem veikir hafa verið í lengri eða skemri tíma. Treysti sjer sjálfsagt ekki til að færa nein rök fyrir því.

Jeg vildi annars gjarnan vinna að breytingum á orðalagi frv. með hv. flm. (JBald), ef okkur skilur ekki of mikið á, hvað efnið snertir. En jeg er hræddur um, að svo kunni að vera, og er því ekki viss um, að ráðleggingin frá hv. þm. Dala. (BJ) komi að gagni. Hv. þm. Dala. var að tala um, að ótækt væri að líta svo á, að fátækt setti nokkurn skammarblett á menn. Jeg held það líka, en hinsvegar tel jeg það skammarblett á mönnum að nenna ekki að leggja neitt á sig til þess að verða ekki handbendi annara.

Bjarni Jónsson: Það er eftir lögunum talin skammarblettur á mönnum að vera fátækir, því að þau leggja við sliku það, sem kallað er ignominia í rómverskum lögum, það er, að menn missi rjettindi sín fyrir þær sakir. Hitt er rjett, að sumir eru fátækir fyrir leti og slóðaskap, en það er hart að láta skömm þeirra líka lenda á hinum, sem þrátt fyrir dugnað sinn geta ekki komist af.

Frsm. minnihl. (Jón Baldvinsson): Mjer þótti hæstv. atvrh. (MG) miklu betri í seinni ræðu sinni. Skildist mjer nú sem honum þætti jeg ekki ganga nógu langt með frv. Þar sem maður, sem ætti 3 börn heima en 1 annarsstaðar, nyti ekki þessara ákvæða.

Um það, að vísa mönnum á atvinnu, hjelt jeg því einu fram, að ekki nægði að gera það alment, heldur, að það þyrfti að benda mönnum á ákveðna atvinnu, sem þeir gætu fengið, hvort sem hún væri í hreppnum eða ekki.

Eftir þeirri yfirlýsingu, sem hann gaf síðast, virðast mjer góðar vonir um að koma málinu sæmilega fram, því hæstv. atvrh. (MG) bauðst til að vinna með mjer að heppilegum orðabreytingum. Vil jeg nú á móti sýna honum vináttu og spyrja hann, hvort málið eigi þá að fara til 3. umr. nú breytingalaust, eða hvort ekki sje rjettara að taka það út af dagskrá nú þegar, svo við getum unnið að breytingunum áður en til atkvgr. kemur. Teldi jeg það heppilegra, því jeg þykist fullvis um, að frv. nái fram að ganga, ef við getum orðið sammála um breytingarnar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg segi það sama og hv. frsm. minnihl. (JBald), að mjer fanst mikill munur á seinustu ræðu hans og þeim fyrri. Nú kyssir hann mig og kjassar, en áður var að heyra sem jeg væri versti fjandi frv.

Nú finst honum, að jeg muni vera á móti frv., af því það færi ekki nógu langt. Það sagði jeg ekki. Jeg bað hv. frsm. (JBald) aðeins að sýna fram á sanngirnina í einu ákvæðinu. Hann reyndi ekki að gera það. Hvað snertir annan lið, sem jeg spurði um, svaraði hann engu. Treysti sjer víst ekki að bera í bætifláka fyrir hann.

En þó að jeg sjái, að endurbæta þarf

frv., má hv. þm. ekki halda, að jeg ætli að taka að mjer þennan krakka hans. Jeg skal segja honum, hverju jeg tel að þurfi að breyta, en hann verður sannarlega úr því að sjá fyrir króganum sínum sjálfur. Jeg þykist vita, að frv. sje dauðadæmt, en jeg hefi sagt það sem jeg sagði, til þess að benda á, að hv. þm. (JBald) hefir hjer borið fram alveg vanhugsað og mjög ógreinilega orðað frv., sjálfsagt í því trausti, að það yrði felt. Þessari aðferð vildi jeg venja þingmanninn af.

Umr. frestað.

Á 61. og 63. fundi í Nd., dagana 2. og 5. maí, var frv. tekið til f r h. 2. u m r. (A. 118, n. 229 og 244, 482).

Forseti tók málið af dagskrá.

Í lok 63. fundar, þá er forseti hafði lýst dagskrá næsta fundar, kvaddi 2. þm. Reykv. (JBald) sjer hljóðs.

Jón Baldvinsson: Jeg vil aðeins mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki á dagskrá næsta fundar, sem á að vera í kvöld, 4. málið á dagskránni í dag, sem er frv. til l. um viðauka við og breytingu á fátækralögunum 10 nóv. 1905.

2. umr. þess máls var frestað á dögunum, af því hæstv. atvrh. (MG) ljet í ljós, að hann væri fús til að ræða og vinna að brtt. að frv. Nú er komin fram brtt., sem hann er að minsta kosti samþ., hvað orðalag snertir, og vænti jeg því, að málið fái að koma á dagskrá.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vildi aðeins leiðrjetta lítið eitt það, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði. Það er rjett, að jeg hefi hjálpað til að færa brtt. í sæmilegt form, en þar með er ekkert sagt um afstöðu mína til þessa máls. Mjer sýnist meiningarlaust að hefja nú umræður um þetta mál, sem sýnilegt er, að ómögulegt er að koma fram á þessu þingi. Og hv. þm. eru nú önnum kafnir við að búa sig af stað og hafa því öðru að sinna en gagnslausum umr.

Forseti (BSv): Jeg vil benda hv. 2. þm. Reykv. (JBald) á það, að krefjast má þess, að mál, sem forseti hefir ekki tekið á dagskrá, sje á hana tekið, ef 6 þm. krefjast þess skriflega og gera till. um ákveðna dagskrá, og skal í byrjun næsta fundar greiða atkv. um þá till. umræðulaust. Skal jeg nú bíða þess, að hv. þm. (JBald) safni undirskriftum undir þá till., ef hann æskir þess. (**JBald:** Það má fara bónarveg til forseta). Víst er svo, að bónarleið má fara til forseta í þessu efni, en jeg er sammála hæstv. atvrh. (MG) um það, að þýðingarlaust muni vera að taka þetta stórmál til umr. nú þegar, þegar þm. eru á förum. Og jeg get bætt því við, þó að það snerti ekki þingsköp, að venjulegast vill teygjast alllengi úr umr. um sveitarstjórnarmál, og því minni ástæða til að ætla, að hægt sje að ljúka þessum umr. nú á skömmum tíma.

Jón Baldvinsson: Jeg vil nú samt fara fram á það við hæstv. forseta (BSv), að hann taki þetta stórmál á dagskrá. Því er jafnlangt komið og hinu stórmálinu, sem nú var verið að samþ. til 3. umr., og jeg sje ekki ástæðu til að fresta þessu máli frekar en því. Hinsvegar get jeg búist við, að hv. þm. sjeu svo óðfúsir til að hlaupast á brott af þingi, að þeir verði tregir til að undirskrifa till. um

að taka málið á dagskrá. En jeg vænti þess, að hæstv. forseti lofi þessum tveim málum að fylgjast að.

Forseti (BSv): Jeg kannast við það, að hjer er um stórmál að ræða, en sá er munurinn á þessu máli og því, sem nú er verið að afgreiða, að því síðarnefnda mun allur þingheimur fylgja því nær einhuga, en svo er ekki um hitt. En auðvitað getur deildin neytt valds síns til þess að taka málið fyrir á næsta fundi, og haft um það langar umræður, en slíkt tel jeg gagnslaust, þar sem ekki mun hægt að afgreiða það á þessu þingi. Tek jeg málið því ekki á dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSv): Mjer hefir borist frá nokkrum hv. þm. svohljóðandi áskorun:

„Undirritaðir þingmenn skora hjer með á hæstv. forseta Nd. Alþingis að skjóta á nýjum fundi í deildinni í dag, að loknum fundi þeim, sem hefst kl. 5 síðdegis, og taka sem fyrsta mál á dagskrá þess fundar frv. til laga um viðauka við og breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905 (118, n. 229 og 244, 482) til frh. 2. umr.

Alþingi 5. maí.

Jón Baldvinsson, Jakob Möller, Jörundur Brynjólfsson, Tryggvi Þórhallsson, Bjarni Jónsson, Klemens Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson."

Jeg mun fara að áskorun þessari og skjóta á fundi þegar að loknum þessum fundi. Verður þá leitað atkvæða um, hvort þetta mál verði tekið á dagskrá, samkv. 43. grein þingskapa, og í öðru lagi lýst dagskrá fundar á morgun.

Á 65. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (BSv): Eins og deildinni er kunnugt, hefir mjer borist áskorun frá sjö þm. um að taka hjer sem fyrsta mál á dagskrá **frv. til laga um viðauka við og breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905** (118, n. 229 og 244, 482) til frh. 2. umr., og vil jeg bera undir atkvæði hv. deildar, hvort málið skuli nú tekið á dagskrá.

ATKVGR.

Felt að taka málið fyrir með 15 : 9 atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Bankavaxtabrjef.

Á 24. fundi í Nd., laugardaginn 15. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um útgáfu 5. flokks (serie) bankavaxtabrjefa í veðdeild Landsbankans (þmfrv., A. 126).

Á 26. fundi í Nd., þriðjudaginn 18. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Kjartansson): Jeg skal lofa því að þreyta menn ekki með langri framsöguræðu, þar sem áliðið er orðið.

Fyrir ekki löngu síðan kom fram frv. í þessari hv. deild, sem fór í líka átt og þetta frv., sem miðaði að því, að land-

búnaðurinn gæti fengið hagkvæm lán í Landsbankanum. Það er frv. á þskj. 87, frá hv. þm. Str. (TrÞ). Hafði jeg þá skrifað þetta frv. mitt, en stöðvaði það í bili, af því að jeg hjelt, að hitt kynni að leysa úr málinu. En er jeg hafði athugað nánar frv. hv. þm. Str. á þskj. 87, ákvað jeg að láta þetta frv. koma fram líka. Því mjer virtist frv. á þskj. 87 þannig úr garði gert, að það kynni að vera erfiðleikum bundið, að það næði fram að ganga. Skal jeg þó ekki fullyrða neitt um það, fyr en hv. nefnd hefir skilað áliti sínu. En mjer þótti leiðinlegt, að málið þyrfti að stranda á því, að frv. hv. þm. Str. þætti ekki aðgengilegt, og hefi því komið fram með frv. þetta á þskj. 126, ef hv. nefnd kynni að kjósa það frekar.

Þetta frv. á þskj. 126, um útgáfu nýrra bankavaxtabrjefa, sem eingöngu eru ætluð landbúnaðinum, er að mestu samið eftir lögunum frá 1913 um 4. flokk veðdeildar Landsbankans. Aðeins er í 1. gr. upphæðin lækkuð úr 5 milj. kr. niður í 2½ milj. kr. og framlag ríkissjóðs minkað um helming. Eins er í 6. gr. frv. ætlast til þess, að lána megi aðeins gegn veði í jarðeignum og graslendum.

Svo er og 9. gr. breytt frá því, sem er í lögunum frá 1913, þannig, að tíminn er styttur, — lánin megi ekki standa lengur en 25 ár. Sumum kann ef til vill að þykja þetta stuttur tími, en þess ber að gæta, að þetta frv. er aðeins bráðabirgðaráðstöfun til hjálpar landbúnaðinum, þar sem vitanlegt er, að bændur geta nú engin lán fengið. Er það í þessu efni líkt og frv. hv. þm. Str. Jeg býst hinsvegar við, að þessi leið, um veðdeildarlán fyrir bændur, verði ekki framtíðarleiðin, sem farin verður.

Það kann og að vera, að skiftar skoðanir komi fram um það, hvort þetta sje aðgengilegt, þegar litið er á það, að bankavaxtabrjef 4. flokks hafa fallið allmikið í verði og seljast nú ekki fyrir hærra verð en 70—75 kr. hvert 100 kr. brjef. En það fall er ef til vill sök bankans, vegna þess, að hann hefir ekki lagt nógu mikla rækt við að halda brjefunum í hærra verði.

Því er mælt svo fyrir í frv. þessu, að bankinn kaupi brjef 5. flokks fyrir ákveðið verð, eða með ekki meiri afföllum en hæst 6—10%, og er með því girt fyrir það, að brjefin falli óhæfilega í gildi. Er það sannfæring mín, að veðdeildarbrjefin sjeu tryggustu verðbrjefin, sem við eigum, og er ilt til þess að vita, að þau falli niður úr öllu valdi fyrir mistök þeirrar stofnunar, sem með þau fer.

Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um frv. Vonast jeg eftir, að það gangi hljóðalaust gegnum þessa umr. og verði að henni lokinni vísað til hv. landbn., sem athugi það í sambandi við frv. hv. þm. Str.

Jeg skal geta þess, að það vantar í frv., hvenær það gangi í gildi, og vænti jeg þess, að hv. landbn. vilji bæta við nýrri grein aftan við 23. gr., ef hún vill veita frv. lið sitt.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg skal þegar í upphafi máls míns taka það skýrt fram, að mjer dettur ekki í hug að leggjast á móti frv. þessu. Þvert á móti þykir mjer vænt um hugsun þá eða tilraun, sem liggur því til grundvallar, þá, að reyna að ráða bætur á þörf landbúnaðarins á hagkvæmum lánum.

En það kemur fram í greinargerð frv., eins og í ræðu hv. flm. (JK), að

lagt er til, að þessi leið sje fremur farin en sú, sem jeg bendi á í frv. mínu á þskj. 87. Að þeirri hlið málsins einni vil jeg örlítið víkja.

Vil jeg þá fyrst taka það fram, að mjer er kunnugt um — og jeg hygg það ekkert launungarmál — að enn stendur ca. 1 milj. kr. eftir í 4. flokki veðdeildar Landsbankans, og geri jeg ekki ráð fyrir að bankinn vilji lána út á ný brjef fyr en þessi deild er búin; kæmi því þessi 5. deild ekki strax til framkvæmda.

Jeg skal nefna annað. Jeg hef athugað það — þar sem jeg er yfirskoðunarmaður Landsbankans — og mjer er víst óhætt að skýra frá því, þá hefir, að Skeiðaáveitunni undanskilinni, aðeins 1/10 hluti upphæðar lánanna úr þessum 4. og síðasta veðdeildarflokki Landsbankans gengið til landbúnaðarins, 9/10 hafa farið til húseigna í Reykjavík og öðrum kauptúnum. Jeg vil benda á þetta, að veðdeildarfyrirkomulagið hefir ekki reynst landbúnaðinum betur en svo, að langmestur hlutinn hefir gengið til kauptúnanna, enda eru lánin dýr og með miklum afföllum.

Þá er farið fram á það í frv. háttv. þm. V.-Sk. (JK), að lánstíminn sje styttur, en landbúnaðinum ríður á að fá sem lengst og hagkvæmust lán, enda er það alviðurkent, að hin tryggustu lán eiga að fá að standa í lengstan tíma.

Jeg hygg líka, að hv. flm. (JK) hafi verið of vægur í kröfum fyrir hönd landbúnaðarins með frv., og það er það eina, sem jeg hefi á móti því. Það kemur meðal annars fram í greinargerðinni, þar sem svo segir, — með leyfi hæstv. forseta —: „og þess vænst, að bankinn geti keypt brjef hans af lántakendum eftir hendinni, með ekki meiri afföllum en hæst 6—10%."

Það er ákaflega hætt við því, að Landsbankinn treysti sjer ekki til að kaupa brjefin við hærra verði en gangverði, og get jeg því ekki sætt mig við það fyrir hönd landbúnaðarins, að ekki sjeu meiri skorður reistar við verðfallinu en að „þess sje vænst", að fyrir það verði tekið.

Eins og jeg tók fram, þá hefi jeg þó mest við það að athuga, að lánstíminn er svo stuttur, því fyrir mjer er það aðalatriðið, að hann sje sem lengstur, svo lánin sjeu sem tryggust.

En að lokum legg jeg enn áherslu á það, að jeg er ekki á móti frv., en skýt því aðeins til hv. landbn., að hún taki það frv., sem henni virðist bæta betur úr þessari brýnu þörf, sem nú er á því, að landbúnaðurinn fái góð lán.

Flm. (Jón Kjartansson): Jeg vil taka það fram — ef það annars skyldi valda misskilningi — að jeg legg ekkert kapp á að frv. mitt sje fremur valið en frv. hv. þm. Str. Jeg legg það aðeins á vald hv. landbn., hvort þeirra hún velur, er hún að sjálfsögðu hefir leitað álits Landsbankans um málið.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Str. sagði, að enn stæði eftir ein miljón kr. í 4. flokki og frv. mitt væri því ekki tímabært, verð jeg að segja það, að það er ekki rjett. Mikið af þessari miljón stendur fast í varasjóði, og eins tekur það nokkuð mikinn tíma að koma á þessum 5. flokki, og veitir því ekki af, að lögin komist strax á.

Þá tók sami hv. þm. (TrÞ) það fram, að aðeins hefði 1/10 af 4. flokki gengið til landbúnaðarins. Er það satt. En jeg tók það fram, að þessi 5. flokkur ætti

allur að ganga til hans, og má þá verja því, sem eftir verður af 4. flokki, til húsakaupa. Það má vel vera, að þetta sje ekki nægilegt fyrir landbúnaðinn, enda er það aðeins bráðabirgðaráðstöfun, eins og frv. hv. þm. Str.

Hvað snertir það, sem hv. þm. (TrÞ) þykir of vægt orðað, þá er því til að svara, að það er reglugerðaratriði, sem ráðherra mun setja, og ber í þeirri reglugerð að kveða fastar að.

En sú var ætlun mín með frv. þessu að koma í veg fyrir, að samþykt yrðu pappírslög, sem að engu gagni koma, eins og t. d. lögin um Ríkisveðbankann. Og er jeg hræddur um, að svo yrði um frv. hv. þm. Str. Landbúnaðurinn hefir lítið gagn af slíkum lögum.

Tryggvi Þórhallsson: Það er aðeins örstutt athugasemd.

Mjer þykir vænt um að heyra, að ekki mun eins langt á milli okkar hv. flm. (JK) og lítur út fyrir að vera.

En jeg vil sjerstaklega benda á eitt atriði. Hv. flm. tók það skýrt fram, að það tæki langan tíma að koma 5. flokki á stofn, og þýðir það það, að þetta kemur ekki strax að gagni, eins og brýn þörf er á. Aftur á móti er með frv. mínu gengið út frá því, að lögin komist í framkvæmd þegar á þessu ári. Ef til vill má kalla frv. mitt pappírslög, en það er þó tekið fram, að það skuli þegar á þessu ári lögð fram ¼ milj. kr. og lán veitt, ef trygging er fram boðin. En þetta frv. hv. þm. V.-Sk. (JK) er lagt í hendur stjórnarinnar, og ræður hún, hvenær hún gefur út reglugerðina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 17. shlj. atkv.

Á 56., 61. og 63. fundi í Nd., dagana 26. apríl, 2. og 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 126, n. 437).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Gengisskráning.

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 27. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um gengisskráningu (þmfrv., A. 225).

Á 36. fundi í Nd., laugardaginn 29. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 31. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Jeg hafði ætlað mjer að innleiða þetta mál með nokkrum orðum, en þar sem svo stendur á, að slíta á fundi svo að segja samstundis, þá verð jeg að sleppa flestu, sem jeg hafði ætlað mjer að segja.

Jeg skal taka það fram, að við flm. þessa frv. teljum okkur ekki hafa með því fundið upp neitt kynjalyf, sem geti komið peningamálum þjóðarinnar í gott horf á svipstundu og eitt út af fyrir sig. Heldur er frv. aðeins einn hlekkur í langri keðju af ráðstöfunum, sem gera þarf.

Hjer á þinginu hefir nú töluvert verið rætt um gengismálið, í sambandi við

önnur mál, og flestir hafa lokið upp einum munni um það, að gengisfallið væri þjóðarböl, þó rödd hafi að vísu komið í gagnstæða átt. En hvað sem um það má segja, þá eru víst allir sammála um það, að sífeldar breytingar á genginu sjeu mjög óheppilegar.

Ástæðurnar til þess, að frv. þetta er fram komið, eru teknar fram í greinargerðinni, og skal jeg ekki endurtaka það, sem þar er sagt. Ekki skal jeg heldur fullyrða neitt um það, hvort ráðstafanir þær, sem frv. ætlast til að gerðar verði, koma að fullum notum. En þetta er þó tilraun, sem sjálfsagt er að gera. Þingið má ekki lengur láta reka á reiðanum með þetta mál. Jeg lít svo á, að í sjálfu sjer sje það siðferðisleg skylda ríkisins að sjá um, að pappírspeningar þeir, sem það lætur gefa út eða leyfir að gefa út, sjeu í fullu gildi. Á hverjum Íslandsbankaseðli stendur, að bankinn greiði handhafa gegn seðli þessum upphæð þá, sem seðillinn hljóðar upp á, í gulli. Ríkið hefir að vísu í bili veitt bankanum undanþágu frá að innleysa seðlana, en það dregur ekki úr skyldu ríkisins í þessu efni, heldur þvert á móti.

Að vísu gerir enginn það, sem hann getur ekki, ríki og bankar ekki frekar en aðrir. En það, sem hægt er að gera í þessu efni, má ekki láta undir höfuð leggjast. Og minna má það áreiðanlega ekki vera en að fastar reglur sjeu settar um það, hvernig gengið er skráð, og virðist þá sú tilhögun, sem stungið er upp á í frv., vera eðlileg, að trúnaðarmenn þeirra, er þetta mál skiftir mestu, hafi þar hönd í bagga, með öðrum orðum, fulltrúar frá hinum tveimur verslunargreinum, samvinnuverslun og kaupmannaverslun og svo bönkunum.

Jeg hafði ætlað mjer að segja ýmislegt fleira um þetta mál, en þar sem fundartíminn er liðinn, verð jeg að sleppa því. Vil jeg leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjárhagsnefndar og að því verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, en nefndin flutti frv. um sama efni, á þskj. 516. — Frv. var því ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Gjaldeyrisnefnd.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um gjaldeyrisnefnd (þmfrv., A. 289).

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Flm. (Klemens Jónsson): Vjer höfum leyft oss að koma fram með frv. þetta, sem aðallega gengur út á, að skipuð sje 5 manna gjaldeyrisnefnd. Jeg þarf ekki að lýsa ástandinu eins og það er. Gengið fellur jafnt og þjett, og hvenær verður það stöðvað? Þó

þetta sje einstökum mönnum til góðs, enda alkunnugt, að þeim er ant um að halda því við, eða að minsta kosti, að krónan stigi ekki fljótt eða taki stór stökk, þá er hitt vitanlegt, að þetta gengishrun liggur nú eins og mara á þjóðinni, og verður þó verra síðar.

Af því stafa þær álögur, er nú er verið að leggja á þjóðina, tvenn skattalög, önnur um 25% gengisálagning á ýmsa tolla og 20% verðtollur. Þetta hlýtur að valda dýrtíð í landinu og kemur svo hart niður á fátæklingum landsins, að vafasamt er, hvort þeir fái undir því risið. Það er því brýn nauðsyn að finna einhver ráð til þess að stöðva gengisfallið, en það nægir ekki, heldur verður að finna ráð til þess að hækka krónuna.

Það eru víst allir sammála um það, að ekkert eitt ráð sje einhlítt til að ráða bót á þessu, og verður því að grípa til allra þeirra ráða, sem vænlegust þykja. Eitt ráðið, er hefir verið lagt til, er, sem kunnugt er, verslunarhöftin. Sannfæring margra manna er sú, að þau muni hafa fullkominn verslunarjöfnuð í för með sjer, og gengið við það hækka. Með aðflutningsbanni eykst sparnaður í landinu, og auk þess má þá gera ráð fyrir frekari framleiðslu í landinu og betri hagnýting á eigin afurðum, til að mynda í klæðaburði, mataræði o. s. frv.

En sem sagt, alt þetta er ekki einhlítt. Það er alkunnugt, að ýmsir útflytjendur hafa lagt fyrir sig gengisbrask nú upp á síðkastið. Menn hafa braskað með gjaldeyri í stað þess að leggja hann inn í bankana, eins og hefði átt að vera. Jeg veit, að þetta tíðkast hjer í Reykjavík, hvernig sem annarsstaðar er. Þeir hafa haldið andvirði afurðanna og selt það kaupmönnum, sem aðeins hafa um það hugsað að ná í útlent fje, hvað sem það kostar. Þeim má standa alveg á sama, því þeir leggja alt á vöruna og meira til. Þetta hefir haft veruleg áhrif á gengishækkunina, auk þess sem það hefir aukið eyðsluna í landinu og dregið mjög úr kaupgetu manna. Bankarnir, sem er það nauðsynlegt að hafa „control" með og helst að ráða yfir öllum erlendum gjaldeyri, hafa staðið alveg varnarlausir gagnvart þessu braski og bauki.

Bankarnir hafa því oft hreyft því, að eitthvað þyrfti að gera til að stemma stigu fyrir þessu, og flestir, ef ekki allir stærri útflytjendur hafa líka sjeð og viðurkent þörfina til þess, og mjer er kunnugt um, að þeir hafa hugsað sjer að taka málið í sínar hendur, mynda sjálfir eigin gjaldeyrisnefnd. Þó ekkert hafi orðið úr því, virðist óumflýjanlegt að skipa þessu máli með lögum, að skipa sjerstaka gjaldeyrisnefnd, er sje svo samansett, að vissa sje fyrir því, að hana skipi þeir einir menn, er bera fult skynbragð á málið. En að öðru leyti verður stjórnin að hafa framkvæmd þessa máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, en nefndin flutti frv. um sama efni, á þskj. 516. — Frv. var því ekki á dagskrá tekið framar.

25. Sparisjóðir.

Á 22. fundi í Nd., fimtudaginn 13. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um sparisjóði (þmfrv., A. 108).

Á 24. fundi í Nd., laugardaginn 15. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Torfason): Eins og getið er um í greinargerðinni, þá er raun sögu ríkari, að misfellurnar á stjórn sparisjóða hjer á landi hafa verið bæði margar og miklar. Hefir það og verið mjög í hámælum haft síðustu árin. Jeg hafði því búist við því, að hæstv. stjórn hefði borið fram frv. á þessu þingi til að taka í taumana hjer, og býst jeg við, að ýmsir fleiri hafi vænst þess sama. Má vera, að hæstv. stjórn hafi þótt ástæða til að bíða með þetta, þar til skipaður væri eftirlitsmaður með bönkum og sparisjóðum, til þess að hún gæti heyrt till. hans í þessu máli. En jeg hefi nú ekki haft eins mikla þreyju til að bíða með þetta eins og hæstv. stjórn, og hefi jeg því borið fram þetta frv., enda tel jeg mjer það ekki síður skylt en öðrum.

Skal jeg svo fylgja þessu frv. úr hlaði með nokkrum orðum og skýra málið með því að drepa á nokkur atriði úr sögu þess.

Á þinginu 1913 var fyrst borið fram frv. þessa efnis. Hafði landritari og bankastjóri Landsbankans gert það úr garði, og gekk það út á það að takmarka útlán sparisjóða gegn lausatryggingum og svo að stofna til eftirlits með sparisjóðum. Þetta voru aðalatriði frv. Frv. gekk fram í Ed., dálitið skemt, en þegar það kom hingað í deild, þá var það skemt, og síðan felt með 3 atkv. mun. Á þinginu 1914 kom aftur fram stjfrv. sama efnis. Það var samþ. í þessari deild, en varð svo seint fyrir, að það dagaði uppi í Ed. og var vísað til stjórnarinnar með rökstuddri dagskrá. Að lokum kom það svo enn fram á þinginu 1915, og varð þá að lögum. En þá var upphaflega frv. svo rúið og rakað, skinið og bert, að það hjekk varla saman á horgrindinni. Öll tryggingarákvæðin voru tröllum gefin. Áyextirnir af þessum lögum urðu líka eftir því sem til var stofnað, því ekki hefir verið unt að koma nokkurstaðar auga á þá, jafnvel þótt leitað væri með smoggeislum. Nú býst jeg við, að margur muni spyrja, hvernig það hafi getað skeð, að lögin fengu slíka útreið. Jú, það er skiljanlegt. Þessi ár voru veltiár. Menn voru búnir að gleyma gersamlega áföllunum, sem þjóðin hafði fengið 1908 og árin þar á eftir, og sáu ekkert nema gróða og gengi. Skal jeg t. d. taka, að í umr. um málið kom það fram, að sparisjóðir voru skoðaðir sem gróðafyrirtæki, sem stofnað væri fyrir lánveitendur. Líka kom það fram á þessum þingum, að þorskur væri ágæt trygging, þótt hann væri ennþá á tvöþúsund faðma dýpi. Þá þótti mönnum og goðgá, að farið væri að stofna til nokkurs kostnaðar af eftirliti með sparisjóðunum. Öðru máli gegnir, hvort þetta var afsakanlegt.

Alþjóðareynsla hafði sýnt og sannað, að tæplega yrðu settar nógu styrkar tryggingar fyrir sparisjóðsfje. En Íslendingar voru vaxnir upp úr slíkum barnalærdómi.

Aðrar þjóðir höfðu að baki sjer mörg hundruð ára reynslu í notkun víxla og

sjálfsskuldarábyrgða, er þær komust loks að þessari niðurstöðu.

Íslendingar höfðu þá 10 ára reynslu. Og önnur eins gáfuþjóð þurfti eftir svo langt nám ekki að binda sig við slíkar kerlingakreddur; sjálfskuldarábyrgðir og víxlar gátu ekki farið oss að voða. Það er alþjóðakenning, að fyrsta skylda sparisjóða sje að vernda eigendur fyrir tapi. Hún var í vorum augum forngripur, sem best var geymd í elstu deildinni hjá Matthíasi. Nei, við töldum okkar fyrstu skyldu vera þá, að láta engan lausagopa fara synjandi frá sparisjóðsdiskinum.

Aðrar þjóðir litu svo á, að hafa þyrfti sjerstakt eftirlit með sparisjóðunum. Við vorum algerlega hafnir yfir það. Ill meðferð á landsfje, að offra 1200 kr. í slíkan hjegóma! Þetta nægir til að sýna stefnuna þá. Það voru auðvitað nokkrar raddir, sem þá mótmæltu, en þær voru kæfðar. Í hóp þeirra var prófessor Eiríkur Briem, sem mesta þekkingu hefir haft allra landsmanna á sparisjóðsmálum, en fjármálaspekingar þeirra tíma þóttust hafa annað að hugsa en hlusta á viðvaranir hans og annara, sem lengra sáu, kölluðu það karlanöldur. Þetta eru vitanlega engar afsakanir. Eina afsökunin, sem hægt er að finna þessum þingum til varnar, er sú, að þau vissu ekki, hvað þau voru að gera.

Nú líta menn öðruvísi á þetta mál. Benda lögin um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum greinilega í þá átt. Og það var fyrir þá sök, að jeg hafði djörfung til þess að bera fram þetta frv.

Jeg hefi tekið upp í frv. öll tryggingarákvæðin frá 1913 og auk þess bætt nokkrum við, sem menn ættu nú að safa í slíkum lögum. Eru þar meðal annars sett ákvæði, sem ákveða hámark útlánsvaxta. En með því er skotið loku fyrir það, að sparisjóðsholur, sem sjúga svo að segja blóðið úr landsmönnum, geti orðið að svindilbraskbönkum.

Síðustu tímar hafa kent mönnum mikið í þessum efnum, og vænti jeg þess, að hv. deild taki þessu frv. vel, ef henni er á annað borð alvara með það að tryggja viðskiftin og starfrækslu peningastofnananna hjer á landi. Er það mikils virði, ef stöðva á gengi krónunnar. Vona jeg því fremur, að þessu máli verði tekið vel, þar sem nú hefir nýlega verið lýst yfir því, að orðin sjeu greinaskifti í fjármálum landsins.

Vænti jeg því svo, að mál þetta megi ganga til 2. umr.

Jón Sigurðsson: Jeg vildi ekki láta þetta frv. fara svo til 2. umr., að jeg hefði ekki gert við það nokkrar aths., sem væntanleg nefnd geti tekið til athugunar.

Þungamiðja frv. er að breyta sparisjóðunum þannig, að þeir verði einskonar fasteignaveðbankar. Í því er tekið fram, að ⅔ af innistæðu sparisjóðanna skuli bundinn í fasteignalánum, veðskulda- og ríkisskuldabrjefum. Nú er því svo háttað, að margar jarðir eru bundnar veðdeildinni, og sennilega ennþá fleiri Ræktunarsjóðnum, og síðast en ekki síst má geta þess, sem betur fer, að margir bændur þurfa ekki að binda fasteignir sínar veðböndum. Þetta ákvæði frv. getur því auðveldlega orðið til þess, að sparisjóðirnir geti ekki komið út fje sínu, en verði að sitja með það vaxtalaust eða senda það burtu í bankana, þótt stórmikil þörf væri í hjeraðinu fyrir peningana, með öðrum lánskjörum.

— Hjer er því hvorttveggja í senn verið að gera sparisjóðunum, en þó enn frekar viðkomandi hjeraðsbúum, stórógagn. Það er því meira en vafasamt, að þetta ákvæði 13. gr. sje til bóta.

Í sambandi við þetta er ástæða til að taka til athugunar aðra spurningu, sem fyrir liggur. Er rjett að sníða sparisjóðunum með lagaákvæðum svo þröngan stakk, að þeir geti ekki hjálpað almennri viðskiftaþörf hjeraðsbúa? Hingað til hafa sparisjóðirnir í nokkrum hjeruðum vaxið jafnt og þjett, jafnhliða reksturfjárþörf almennings, og hafa því getað bætt úr nauðsynlegum fjárþörfum hjeraðsbúa, og á þann hátt stutt að jöfnum og eðlilegum framförum, en það er meira en sagt verður um sum nýlegri bankaútibúin, sem hafa orðið til að steypa heilum hjeruðum í skuldafen. Ef nú yrði breytt svo til, að sparisjóðirnir yrðu nokkurskonar fasteignabankar, þá væri þessi viðleitni þeirra um leið stórlömuð. Það myndi reynast svo, að þegar menn sjá, að sparisjóðirnir geta aðeins hjálpað á þennan eina veg, þá snúa menn bakinu við sparisjóðunum og heimta, að sett verði á stofn ný bankaútibú og sparisjóðunum steypt saman við útibúin. Jeg tel þetta illa farið, enda mun það hafa reynst fremur illa, er hjeruðin kasta frá sjer varasjóðum sparisjóðanna í bankaútibúin og þar með allri von um að hafa peningastofnun innan hjeraðs, er beri sjerstaklega fyrir brjósti hagi og framfarir hjeraðsins. Þetta sýnist mjer að muni verða ein af afleiðingum frv., með öðrum orðum, að kyrkja þennan vísi til banka, sem ýms hjeruð hafa nú komið á fót hjá sjer.

Þá talaði hv. frsm. (MT) um starfsemi sparisjóða á síðustu árum og um ógætilegar lánveitingar þeirra og skakkaföll af lánum, en þetta hefir svo óvíða komið fyrir, að sparisjóður hafi ekki kunnað sjer hóf og sokkið í skuldir, að telja má nálega einsdæmi hjer með sparisjóð Árnessýslu, sem frsm. mun hafa haft í huga. Er og vonandi, að þeim lærist það af reynslunni að fara nægilega varlega í sakirnar hjer eftir, þótt ekki sje gripið til slíkra örþrifaráða sem hjer er gert ráð fyrir.

Háttv. flm. (MT) talaði um sparisjóðsstjórnirnar sem braskara, og að sparisjóðirnir væru okurholur. Þessu mótmæli jeg sem algerlega röngum áburði yfirleitt, því þótt miklar misfellur hafi orðið á stjórn og rekstri eins sparisjóðs, gefur það flm. engan rjett til að fara svo þungum orðum um stjórnir sparisjóða alment. Þvert á móti held jeg því fram, að stjórnendur sparisjóðanna eigi lof en ekki ámæli skilið í þessum efnum.

Að endingu skal jeg taka það fram, að jeg sje ekki betur en að þing og stjórn hafi nú gengið sæmilega frá því að tryggja sparisjóðina enn betur en verið hefir, með því að skipa eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum. Ætti því síður að vera þörf á að grípa til slíkra örþrifaráða sem hjer er um að ræða.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg hefi ekki miklu að svara.

Hvað því viðvíkur, að farið er fram á að takmarka fje, sem lánað er út á sjálfskuldarábyrgð og víxla, þá var það ákveði í lögunum 1913, og hefði betur farið, að það hefði þá strax verið samþykt, þótt einstöku sparisjóðir hafi

komist klaklaust af, af því þeim var stjórnað af sjerstaklega góðum mönnum, en kongarnir hafa jafnan verið misjafnir.

Hv. 2. þm. Skagf. (JS) var hræddur um, að þetta frv. myndi kyrkja sparisjóðina og þeir kæmu ekki út fje sínu, en það er gert ráð fyrir, að þeir kaupi bankavaxtabrjef og ríkisskuldabrjef, ef ekki er pláss fyrir sparisjóðsfjeð gegn fasteignaveði innan sýslunnar, en þar sem svo er ástatt, eru menn sjerstaklega vel stæðir og þurfa lítið á víxlum og ábyrgðum að halda. Eins var hv. þm. (JS) móðgaður af því, að jeg hafði nefnt okurholur. En það er bara blár og ber sannleikur. Jeg held, að Landsbankinn hafi aldrei gefið nema 5% vexti af sparisjóðsfje, og það um stuttan tíma, venjulegast 4½%, en sumir sparisjóðir hafa leyft sjer að keppa við Landsbankann og gefið 6% vexti. Og þetta kapp hefir einmitt gert það að verkum, að þeir hafa farið á hausinn. Vitanlega dettur mjer ekki í hug að bera sparisjóðum það yfirleitt á brýn, að þeim sje stjórnað eins og okurholum, en þeir 4 sparisjóðir, sem jeg er kunnugastur, hafa gefið 6% í vexti, og eru útlánsvextirnir auðvitað því hærri, en slíkt fyrirkomulag bendir til svindilbrasks.

Jeg er ekki kunnugur sparisjóðum norðanlands, nema hvað um einn þeirra er sagt, að honum sje vel stjórnað. En þessi ákvæði koma ekki við þá sjóði, sem vel er stjórnað, og þar sem hagur manna er góður, en þegar hagurinn er vondur, þá reynir fyrst á lögin, og eru þau til þess gerð að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í hann, en fara ekki að eins og 1913, þegar sagt var: „Við skulum láta reynsluna skera úr," eða með öðrum orðum, stefnan var þá að láta barnið drukna áður en brunnurinn væri byrgður.

Jón Sigurðsson: Hv. flm. (MT) neitaði því ekki, að lögin gætu komið illa við, og sparisjóður gæti neyðst til að setja fje sitt í eitthvað annað, eða flytja burt úr hjeraðinu. Það er í raun inni möguleiki, að hann kaupi bankavaxta- eða ríkisskuldabrjef, en hart er það, að kaupa þau fyrir 4½—5½% vexti, þegar yfirdrifin þörf er á víxlum eða sjálfskuldarábyrgðum heima í hjeraði.

Jeg þekki enga sparisjóði, sem eru okurholur; þeir eru víst aðeins til í Árnessýslu, og sömuleiðis eru víst 6% innlánsvextir hvergi til, nema ef þeir eru þar.

Mjer sýnist alveg óhætt að vísa til reynslunnar, því sparisjóðir hafa nú starfað frá 1870—80, og mjer er ekki vitanlegt, að til hafi viljað nema eitt óhapp — þó stórt sje — í Árnessýslu, og sje jeg enga ástæðu til að ætla, að svo muni fara um alla aðra sparisjóði. Mjer finst frv., eins og það nú liggur fyrir, vera besta ráðið til að eyðileggja sparisjóðina, sem eru nytsemdarstofnanir og lyftistöng fyrir framkvæmdir í hjeruðunum, og gera þá alháða bönkunum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr.

26. Berklavarnir.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 1. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki (þmfrv., A. 266).

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Flm. (Klemens Jónsson): Jeg hefi tvisvar haft tækifæri til þess í þessari hv. deild að skýra frá því, að jeg hefi samið frv. til laga um breyting á berklaveikislögunum og afhent það formanni fjhn. (JÞ), en að það hefði horfið. Var síðan lýst eftir því bæði af mjer og honum. Nú er það komið til skila; reyndist hjer sem oftar, að það var of vandlega geymt, því það fanst í skáp hv. fjhn.

Þó er þetta frv., sem hjer liggur fyrir, ekki það frv., því það fanst svo seint, að hæstv. fjrh. (JÞ) hafði þegar látið semja þetta frv. En það er nálega samhljóða hinu frv., að einu atriði undanskildu, og að tilhlutun hæstv. fjrh. ber jeg frv. fram.

Jeg hefi undir umr. um fjárlögin bent á það, að kostnaðurinn við berklalögin er að verða þjóðinni algerlega ofvaxinn. Ætla jeg ekki að endurtaka það, sem jeg hefi um það sagt fyrir nokkrum dögum og er sjálfsagt öllum þm. í fersku minni. Mun jeg því láta mjer nægja mjög stutta framsögu að þessu sinni.

Berklaveikislögin frá 1921 eru ekki gömul, en hafa þó reynst afardýr í framkvæmdinni. Því eins og þau eru orðuð, náðu þau hjer um bil til allra berklaveikissjúklinga, sem á heilsuhæli hafa farið. Í vetur voru t. d., eins og jeg hefi áður getið um, aðeins 10 sjúklingar á Vífilsstöðum, sem ekki nutu styrks úr ríkissjóði. Lögin eru sem sagt svo orðuð, að óhjákvæmilegt er fyrir stjórnina að úrskurða, að dvalarkostnaður sjúklinganna á spítölum greiðist úr ríkissjóði.

Hjer er farið fram á breytingu á lögum þessum. Fyrst og fremst skal sjúklingurinn sjálfur greiða kostnaðinn, ef hann getur, annars sveitin. Þetta virðist sjálfsagt. Það er svo í öllum slíkum tilfellum, þegar menn verða fyrir óhöppum af veikindum eða öðrum orsökum, þá lendir það fyrst á þeim sjálfum, ekki aðeins heilsutjónið, heldur og fjártjónið. En þegar þá þrýtur fjeð, verður fyrst að leita til annara, þ. e. sveitar- og bæjarsjóða og ríkissjóðs.

Í þessu frv. er farið fram á að leggja legukostnaðinn fyrst og fremst á sjúklingana sjálfa, eftir megni, en því næst að skifta honum niður á ríkis- og sveitarsjóð, þannig, að hvor greiði ⅖ hluta hans. Ríkissjóður hefir hingað til greitt ⅗, og varð sá kostnaður ekki undir 350 þús. kr. undanfarið ár. Á þessum þrem mánuðum, sem liðnir eru af þessu ári, er búið að greiða liðugar 77 þús. kr. í þessu skyni, svo alt bendir á það, að kostnaðurinn verði ekki minni í ár.

Hinn áætlaði styrkur á fjárlagafrv., 100 þús. kr., hefir nú verið hækkaður upp í 200 þús. kr., eftir till. hv. fjvn.,

og skilst mjer, að hún vilji með því gefa í skyn, að hún sjái ekki ríkissjóði fært að fara lengra í þessu efni, og verður það, sem á vantar, að koma annarsstaðar frá, líklega samkv. þessu lagafrv., sem nefndinni var kunnugt um. Sýnist mjer því hv. fjhn. vera sammála bæði fyrv. stjórn og núv. stjórn um það, að breyta þurfi lögunum, því að kostnaðurinn sje nú ríkissjóði um megn.

Raunar má það sama segja um sýslu- og bæjarsjóði, að þeir eru að sligast undir þessum gjöldum, að minsta kosti er svo hjer í Reykjavík. Virðist því ekki óeðlilegt, að öðruvísi væri skift niður.

Það var ákveðið með sjerstökum lögum frá 1923, hver gjöld sýslufjelaganna mættu mest vera til þessa. Er þeim ákvæðum haldið í lögum þessum.

Annars vil jeg taka það fram, að það er mín persónulega skoðun, að þótt þessi lög sjeu ekki gömul, þá sjeu þau ein af þeim mörgu lögum, sem þarfnast bráðra endurbóta. Því þótt mætir menn sætu í nefndinni, sem sett var til að undirbúa málið, og jeg telji vafalaust, að þeir hafi gert það svo vel sem föng voru á, þá virðist mjer kenna dálitillar fljótvirkni, sem þarf að endurskoða sem fyrst. Skýt jeg þessu til hæstv. stjórnar, því vitanlega er það alveg á hennar valdi. En heyrst hafa ýmsar raddir í þessa átt.

Það er aðeins ein breyting á þessu frv. frá því, sem var í mínu frv. Hún er sú, að framlag af opinberu fje skuli aðeins greiðt til þeirra sjúklinga, sem hafa smitandi berkla. Hefir þetta atriði verið borið undir landlækni og er hann því samþykkur, eftir því sem jeg hefi heyrt. Verði þetta ákvæði samþ., falla sjúklingar, sem ekki hafa smitandi berklaveiki, undir ákvæði hinna almennu berklalaga.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um málið. Leyfi jeg mjer að æskja þess, að því verði, að þessari umr. lokinni, vísað til allshn.

Jakob Möller: Jeg hefi ekki fengið tækifæri til að kynna mjer þetta frv., svo sem þyrfti, til að hafa rökstudd andmæli gegn því. En mjer dylst það ekki, að stefna þessa frv. gengur í þveröfuga átt við berklalögin frá 1921. Stefna þeirra laga var að reyna af öllum mætti að vinna bug á berklaveikinni. Stefna þessa frv. er sú, að ljetta byrðinni sem mest af ríkissjóði. Þetta tvent getur ekki samrýmst. Því meiri kostnaður sem lendir á sjúklingunum, því erfiðari verða framkvæmdir í þessu máli. Það var meining laganna frá 1921 að horfa ekki í kostnaðinn, þótt miklu væri til kostað, mundi það vega á móti því, ef hægt væri að bjarga mönnum frá berklaveikinni. En með þessu frv. er, eins og oftar, fremur hugsað fyrir hag ríkissjóðs en þjóðarinnar. Fyrst og fremst af þeirri ástæðu geri jeg ráð fyrir að vera á móti því.

Hv. flm. (KlJ) gat þess, að einhver atriði frv. hefðu verið borin undir landlækni. En jeg hefi ekki heyrt, að frv. í heild hafi verið borið undir þá menn, sem aðallega undirbjuggu berklavarnalögin. Að minsta kosti veit jeg um einn mann, sem undirbjó berklalögin 1921, sem nú alveg á síðustu stundu var ókunnugt um þetta frv. Jeg tel því málið ekki vel undirbúið, enn sem komið er, og legg til að skjóta því til nefndar þeirrar, sem áður undirbjó málið.

Flm. (Klemens Jónsson): Hv. 3. þm.

Reykv. (JakM) sagði, að þetta frv. gengi í þveröfuga átt við berklalögin frá 1921. En þau lög gengu einmitt í öfuga átt að því leyti, að þau gáfu öllum kost á ríkishjálp, hvort sem þeir þurftu hennar með eða ekki. Vegna þeirra ummæla hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að berklaveikisnefndinni hafi ekki verið kunnugt um þetta mál, skal jeg geta þess, að þetta frv. var sent landlækni fyrir nokkrum mánuðum, og lá lengi hjá honum, og geri jeg ráð fyrir, að allir nefndarmenn hafi átt kost á að sjá það þar, enda hefir mjer verið sagt, að svo hafi verið gert.

Jakob Möller: Jeg get fullyrt, að þetta er ekki rjett hermt, því að í morgun hringdi Magnús Pjetursson bæjarlæknir til mín og spurði mig, hvort frv. væri fram komið, og gat jeg ekki skilið það öðruvísi en svo, að hann vissi ekkert um það, þótt þetta kunni að vera misskilningur hjá mjer. En þar sem hv. þm. Rang. (KlJ) sagði, að berklalögin frá 1921 gengju í öfuga átt, er því til að svara, að berklavarnir eru fyrst og fremst hafðar vegna hinna heilbrigðu meðlima þjóðfjelagsins, en ekki vegna sjúklinganna sjálfra. Sjúklingarnir verða þess vegna fyrir ýmiskonar höftum og ófrelsi, og virðist ekki rjett að bæta ofan á það kostnaðinum, sem af veikinni leiðir, kostnaði, sem stofnað er til vegna annara fyrst og fremst. Það er heildin, sem er að verja sig, og hún á sjálf að bera kostnaðinn af þeim ráðstöfunum.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg var ekki viðstaddur meðan að umræður fóru fram, og veit því ekki, hvort minst hefir verið á eina mikilsverða breytingu, sem þetta frv. fer fram á frá núverandi skipulagi. Þessu frv. er aðeins ætlað að ná til þeirra, sem hafa smitandi berkla, og vitanlega er það vörnin gegn þeim, sem mestu máli skiftir fyrir heildina.

Jakob Möller: Þetta atriði, sem hæstv. fjmh. (JÞ) drap á, er í mínum augum algent aukaatriði, og því hafi jeg gengið fram hjá því. En það er stefna frv. yfirleitt, sem jeg er á móti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 56., 61. og 63. fundi í Nd., dagana 26. apríl, 2. og 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 266, n. 431).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Sjúkratrygging.

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um almenna sjúkratrygging (þmfrv., A. 420).

Á 56. fundi í Nd., laugardaginn 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., fimtudaginn 1. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Jón Sigurðsson): Jeg skal ekki þreyta menn á langri ræðu, en bara taka það fram, að þar sem þetta mál er svo seint flutt, þá er ekki við því að búast, að það komist út úr þinginu að þessu sinni; heldur er tilgangurinn sá, að glæða með þessu umr. um málið út um land. Því hefir að vísu verið hreyft nokkuð áður, en það er nú löngum svo, að meðan slík mál eru ekki fram komin í neinu ákveðnu formi, þá svífa umr. um þau að meira eða minna leyti í lausu lofti.

Jeg hefi ekki stuðst hjer við neina útlenda fyrirmynd, heldur miðað frv. eftir íslenskum staðháttum. Jeg hefi og borið mig saman um þetta við menn, sem einnig hafa áhuga á málinu, þar á meðal Kr. Linnet sýslumann, sem hefir gefið mjer margar góðar bendingar í þessu máli. Jeg geri að vísu ráð fyrir, að einhverjir hv. þm. muni sjá ljón á veginum hjer, sem annarsstaðar, en jeg er sannfærður um, að þetta mál er þess virði, að því sje gefinn gaumur, og ekki síst þar sem nú er búið að binda ríkissjóðnum þungan bagga með berklavörnunum.

Jeg skal geta þess, að sú áætlun, sem gerð er í greinargerðinni, er miðuð við það, sem ríkisfjehirðir hefir gefið upp fyrir árið 1923. Jeg býst þó við, að greitt verði allmiklu meira nú á þessu ári. Þar sem nú er áliðið dags, skal jeg sleppa því að fara frekar út í málið, enda er það skýrt allítarlega í greinargerð frv.

Jón Baldvinsson: Jeg tók ekki eftir, að hv. flm. (JS) hafi komið með neina till. um að vísa málinu til nefndar. (JS: Já, mjer láðist að stinga upp á því, að því yrði vísað til allshn.) Það er rjett hjá hv. flm. (JS), að við verðum að haga þessum málum eftir staðháttum hjer að mestu leyti, þótt gott gæti verið að hafa hliðsjón af fyrirkomulaginu hjá öðrum þjóðum. Í þessu frv. er annars tvent, sem jeg hefi einkum að athuga við. Annað er það, að hjer er um nefskatt að ræða, og hitt er, að menn eiga ekki óskoraðan rjett til framlags úr sjóðnum, heldur myndi verða að sækja um það til nefndar, sem með úthlutunina hefði að gera og sem úthlutaði af handahófi, nokkuð svipað eins og fátækrastjórnir úthluta nú úr ellistyrktarsjóðum. Það er þó einkum fyrra atriðið, sem jeg set fyrir mig, að hjer er um nefskatt að ræða. Þar sem gert er ráð fyrir, að fje úr þessum sjóði verði, meðal annars, varið til berklavarna, og þeim útgjöldum þá að mestu ljett af ríkissjóði, þá myndi þetta koma ranglátlegar niður heldur en eins og það er nú.

Í ríkissjóðinn greiða menn eftir því, hvort þeir hafa miklar eða litlar tekjur, en í þennan sjóð er gert ráð fyrir að allir greiði jafnt, fátækir sem ríkir. Þetta er í mínum augum agnúi. — Að öðru leyti virði jeg viðleitni háttv. þm. (JS), að hann hefir viljað bæta úr á þessu sviði, sem sannarlega er engin vanþörf. En á fyrirkomulagið felst jeg ekki. Það er aðeins einn sjóður, sem jeg get fallist á, að allir greiði þannig jafnt í, og það er ellistyrktarsjóðurinn. Um þennan sjóð er alt öðru máli að gegna. Ef aðalverkefni hans verður að taka að sjer berklavarnirnar fyrir ríkissjóð, þá verður aðstaða hinna fátæku þar með gerð talsvert verri en hún nú er.

Jeg geri ekki ráð fyrir, að þetta mál komist fram á þessu þingi, og verður

því nægur tími til síðar að koma fram með tillögur til breytinga. Vona jeg, að finna megi einhvern viðunanlegan grundvöll til að byggja á í þessu efni.

Flm. (Jón Sigurðsson): Það, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hafði einkum að athuga við frv. þetta, var, að hjer er um nefskatt að ræða. Svo er það í raun-inni um allar tryggingar. Hjá Norð-mönnum er þetta t. d. eins. Sá munur-inn er þar aðeins á, að það eru atvinnu-rekendurnir, sem leggja út fjeð, en halda því eftir af kaupi verkafólksins; það er því einungis fyrirkomulagsat-riði. Það, sem einkum vakti fyrir hv. þm. (JBald) var, að þetta kæmi rang-látlega niður. En þess er hjer að gæta, að þeir efnuðu greiða í þennan sjóð eins og þeir, sem fátækari eru, en aft-ur á móti eru líkur til, að þeir um langt skeið hafi sjálfir ekkert beint gagn af honum, því það liggur í hlutarins eðli, að slíkur sjóður yrði ekki svo aflögu-fær fyrstu árin, að búast megi við að allir geti fengið sjúkrastyrk, og þess verður sjálfsagt nokkuð langt að bíða, þangað til hann er orðinn svo stór. Hjer kemur því til að standa líkt á og með ellistyrktarsjóðina, sem þegar hafa gert stórgagn og hafa þegar forðað fjölda fólks frá sveitinni.

Þá kunni hv. þm. (JBald) því illa, að sjúklingar þurfi að sækja um styrk-inn, en jeg tel það mjög lítilfjörlegt at-riði, sem ekki getur skift miklu máli, en það er eðlileg afleiðing af því skipu-lagi, sem frv. gerir ráð fyrir. Í þessari nefnd, sem styrknum úthlutar, kemur hjeraðslæknir að sjálfsögðu til að eiga sæti, og er hann flestum mönnum kunnugri um ástand manna í þessu efni. Efast jeg ekki um, að þessi nefnd muni vinna sitt starf eftir bestu sam-visku, og er engin ástæða til að gera ráð fyrir hlutdrægni hjer, frekar en um aðrar styrkveitingar.

Þá kom hv. þm. (JBald) að einu af verkefnum frv., að ljetta með þessu berklavarnakostnaðinum af ríkissjóði og sýslusjóðunum, og mjer skildist, að honum þætti miður, hve mikið af fje sjóðsins gengi til þess. En jeg býst við, að hann sje nokkuð einstæður með þessa skoðun, enda væri það undarlegt, ef gengið væri fram hjá þessum hættu-lega og langvinna sjúkdómi, er slík lög væri sett, enda þótt mikið fje gangi til þess, þá verður þó nokkur afgagur til annara þarfa, og jafnframt ætlast til, að $^1/_{10}$ hluti af árlegum tekjum sjóðsins leggist við höfuðstólinn, og yrði hann þá eftir nokkurn tíma orðinn að miklu fjársafni, sem með tíð og tíma getur gefið meiri vaxtatekjur en sem því nemur, sem nú er varið til berklavarn-anna. Jeg skal nú ekki orðlengja þetta meira, en vona, að hv. deild láti frv. fara til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr.

---

28. Viðboð.

Á 42. fundi í Nd., föstudaginn 4. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um sjerleyfi handa Ottó B. Arnar til að reka viðboð (broadcas-ting) á Íslandi (þmfrv., A. 304).

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Jakob Möller): Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er flutt sem umsókn frá hlutaðeigandi manni. Málið er þannig vaxið, að hv. þm. hafa fengið glöggva hugmynd um, hvað um er að ræða, af greinargerð þeirri, sem frv. fylgir, og vil jeg ekki fara að tefja tímann að óþörfu með því að fara að lýsa því alment, hvað við sje átt. Að öðru leyti verður mál þetta best athugað í nefnd, og vænti jeg, að hv. deild leyfi því að fara til 2. umr. og til allshn. (BL: Til samgöngumálanefndar!) Það gæti auðvitað komið til mála að vísa því til samgmn.; geri jeg það ekki að neinu kappsmáli.

Jeg skal svo að endingu vekja athygli á því, að gert er ráð fyrir, að fyrirtækið komi ekki til framkvæmda fyr en 24 mánuðir eru liðnir. En auðvitað er til þess ætlast, að stjórnin veitir ekki þetta sjerleyfi fyr en fulltrygt er, að úr framkvæmdum verði.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil aðeins taka það fram, að jeg hefi ekkert á móti því, að mál þetta fari til allshn. En hv. nefnd vil jeg biðja þess að afgreiða málið ekki fyrri en jeg hefi talað við hana um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv og til allshn. með 17. shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., laugardaginn 3. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 304, n. 489).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Happdrætti.

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland (þmfrv., A. 409).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 : 1 atkv.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það er nú þegar orðið næsta áliðið fundartímans, og get jeg því vel fallið frá að tala langt mál að þessu sinni, enda teldi jeg að ýmsu leyti heppilegast, að aðalumræðurnar um það yrðu geymdar þar til málið kemur frá nefnd til 2. umr. Læt jeg mjer nægja að leggja til, að því verði, að þessari umr. lokinni, vísað til hv. fjhn.

Jakob Möller: Jeg skal strax taka það fram, að jeg get ekki fallist á, að mál þetta verði látið ganga umræðulaust til 2. umr. Jeg skal heldur ekki fara í neina launkofa með það, að jeg er því mót-

fallinn, að frv. nái fram að ganga, og helst ætti það alls ekki að komast í nefnd. Fyrst og fremst er það borið fram á mjög óviðeigandi hátt. Það er framkomið eftir þann tíma, sem í öndverðu var búist við að þingi yrði slitið, og hefir þurft að leita tvöfaldra afbrigða til þess að það hafi mátt koma til umræðu. Í öðru lagi var málið svo vaxið, að það er fyrst og fremst fyrir aðra menn en okkur. Það er fyrst og fremst fyrir þá útlendinga, sem hafa löngun til að braska með fje sitt í fjárglæfrum, og ætla nú að nota nafn Íslands, sem er auðvitað lítið þekt úti um heiminn, og stofna hjer til fjárhættuspils. Við getum auðvitað verið þakklátir fyrir hverja þá viðleitni, sem fer í þá átt að gera Ísland þekt að góðu, en jeg held, að orðrómurinn um þetta verði okkur hvorki til gagns nje sóma, heldur beinlínis til niðurlægingar. En hversvegna koma þeir til Íslands til að stofna til þessa fjárhættuspils? Það er af því, að þeir fá það ekki annarsstaðar. Það er að minsta kosti víða svo, að löndin líða ekki svona fyrirtæki hjá sjer, þrátt fyrir ágóðann, sem af þeim mætti hafa. Og það skal jeg viðurkenna, að laglega er hjer beitt á önglana, þar sem svo er ákveðið, að ágóðinn skuli renna til styrktar sjávarútvegi og landbúnaði. Það er svo sem engin furða, þó þorskurinn vilji gleypa við þessu, enda líst mjer svo á, að hann ætli að gera það. En jeg vildi þó, að hann gleypti þetta ekki svo, að hann fái ekki fyrst vitneskju um, hvað hjer er á seiði og hverskonar þessi beita er. Það er alveg víst, að það á ekki að fara að gefa Íslendingum neitt. Eða halda menn, að þeir, sem að þessu standa, ætli að fara að leggja skatt á menn hjer til þess eins að gefa okkur skattinn aftur? Jeg held, að við þurfum ekki á slíkri hugulsemi að halda. Að minsta kosti finst mönnum, að hið háa Alþingi hafi hingað til haft fulla einurð á að hækka skattana á borgurunum, án slíkrar aðstoðar. Það er mesti óþarfi að neyta nokkurra bakbragða í því efni. Fje þetta er auðvitað tekið úr vasa landsmanna, eins og aðrir skattar. Og enginn vafi er á því, að eins mikið selst hjer innanlands eins og tekjurnar af því verða fyrir ríkissjóð. En allur ágóðinn fram yfir þessi 10%, sem renna eiga til ríkisins, fer út úr landinu. Hreyfingin, sem á fjeð kemst með þessu móti, leitar út, en ekki inn í landið. Og synd væri að segja, að menn úti um lönd vanhagaði um tækifæri til að leggja fje í svona fyrirtæki. Allir muna að minsta kosti eftir Det Danske Kolonial Klasse-lotteri og enn fleiri slíkum, sem tilboðum rignir frá með hverjum pósti. Það má því búast við, að markaðurinn fyrir þetta fyrirtæki yrði lítill nema hjer, og þá sjá menn, hver hinn raunverulegi vinningur fyrir landið yrði af þessu. Og ekki yrði meira keypt erlendis fyrir það, að vinningarnir eru í íslenskum peningum, en það vita menn út um heim yfirleitt ekki hvað er, og geta tæplega leitað sjer upplýsinga um, þar sem íslenska krónan er vitanlega hvergi skrásett. Þegar Danir stofnuðu sitt „lotteri", ákváðu þeir að hafa vinningana í þektari mynt en þeirra peningar eru, frönkum, og er þó ólíku saman að jafna, hvað dönsk króna, þó hún sje ekki mikils metin, er þektari en íslenska krónan. Að öllu athuguðu verður ekki annað sjeð en að

með þessu fyrirtæki sje aðeins til þess ætlast að hafa fje af okkur, enda er það skýrt tekið fram, að leyfishafar megi selja leyfið hverjum sem er. Það var talað um „brask“ í sambandi við frv. það um stofnun nýs banka, sem jeg bar hjer fram á síðasta þingi. Það var óverðskuldað. Þar var að ræða um fyrirtæki, sem átti eingöngu að starfa fyrir landið og aðalágóðinn, ágóðinn af starfseminni, að renna til landsmanna sjálfra. — Þessir menn ætla ríkinu 10%, en sjálfum sjer aðalágóðann, hvort sem hann verður 20% eða meir. Nei! Jeg held, að við ættum að þakka þessum herrum fyrir gott boð og segja þeim að fara heim til sín.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) fanst það mjög vafasamt, hvort rjett vær að sýna frv. þessu þá virðingu að lofa því að fara til nefndar. Jeg skal ekki deila lengi við hv. þm. (JakM) um þetta, en læt mjer nægja að minna hann á, að þetta mál var borið fram á þinginu 1912 af ýmsum ágætum mönnum og fjekk þá að öllu þinglega afgreiðslu og var afgreitt sem lög frá Alþingi með miklum atkvæðamun. Jeg held því, að hv. deild geti vel sætt sig við að sýna því að minsta kosti þann sóma að lofa því að fara til nefndar nú, þegar það er lagt fyrir þingið í annað sinn. Í fyrra sinnið var málið hindrað af Dönum, og því engin ósvífni að hreyfa því aftur nú, ekki síst þar sem frv. er að öllu leyti betra nú fyrir ríkissjóðinn en það, sem samþ. var 1912.

Þá skal það tekið fram, að flm. rígbinda sig ekki við frv. og munu fúsir taka öllum þeim bendingum og þeim brtt., sem þeir sjá, að horfi til bóta. Og vilji menn t. d. fremur, að ríkið reki þetta happdrætti, þá er hægur nærri að koma með brtt. um það. Reynist svo, að salan verði mest innanlands, þá er auðvitað, að fyrirtækið á að vera innlent. En sje til hins ætlast, að salan verði mest erlendis, þá næst vafalaust betri árangur, ef leyfið er selt útlendingum. Það er af þessari ástæðu, að flm. hafa í frv. bundið sjerleyfið við einstaka menn, sem gert hafa tilboð.

Annars hafa engar mótbárur komið fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv., sem hann ekki gæti komið að í brtt. Og jeg get vel búist við því, að flm. yrðu talhlýðnari gagnvart þeim brtt. en hann máske grunar sjálfan. En að hjer sje nokkur beita á ferðinni til að veiða Íslendinga í hendur útlendinga, það er auðvitað fáránlegur misskilningur. Það er tilgangur flm. með frv., en ekki beita, að ágóðinn af fyrirtækinu renni til sjávarútvegs og landbúnaðar, og jeg efast um, að hv. 3. þm. Reykv. sje alvara, þegar hann gefur í skyn, að tilgangur flm. sje að svíkja landið í hendur útlendinga til þess að hafa fje út úr landsmönnum.

Að öðru leyti óskaði jeg í byrjun eftir því, að ekki yrði farið að stofna til langra umræðna nú við 1. umr., og held jeg enn við það, að aðalumræður megi alveg eins dragast til 2. umr. Hv. 3. þm. Reykv. hefir líka fært sönnur á það, því hann hefir ekki fært fram neitt í þessu máli, sem ekki mætti eins koma að við 2. umr.

Jakob Möller: 1. umr. er til þess að menn átti sig á stefnu málsins og geti gengið strax úr skugga um, hvort þeir muni hallast að henni eða ekki. Og frá því sjónarmiði talaði jeg áðan. Jeg get

nefnilega alls ekki fallist á, að stofnað verði til þessa fyrirtækis, hvorki sem ríkiseignar eða einstaklingseignar. Jeg er því mótfallinn, að ríkið sje að setja á laggirnar fjárglæfrafyrirtæki til ágóða fyrir sig og narra menn til að kaupa drættina, í þeirri von, að þeir fái vinninga, sem þeir væntanlega hljóta aldrei. Hjer er verið að narra menn til að láta stórfje af hendi, sem auðvitað rennur að mestu út úr landinu, og svo sitja menn eftir með sárt ennið. Það er því enn ósæmilegra og enn meira blygðunarleysi í því, að láta ríkið taka þessa starfsemi að sjer. Það verður heldur ekki skilið annan veg en sem beita, þessi 10%, sem renna eiga til landbúnaðar og sjávarútvegs. Ríkinu er innan handar að ná þessum skatti með öðru og heiðarlegra móti.

Ef tala ætti um breytingar, þá væri það helst að snúa hlutfallinu við, þannig, að ríkissjóður fengi 27% en leigutakarnir 10%. Því að ef á að brúka nafn landsins til þess — og það er vitanlegt, að þessir menn treysta sjer ekki til að koma á fyrirtækinu nema með því að nota nafn landsins — þá á landið líka að fá ágóðann. En eins og jeg hefi sagt, jeg skoða þetta mál svo, að hjer sje fyrst og fremst verið að hafa fje af landsmönnum, en ekki verið að gefa þeim neitt. Jeg er sannfærður um, að hjer standa engir menn að baki, sem vilja gefa okkur eitt eða neitt. Hinsvegar veit jeg vel, að fyrir háttv. flm. vakir það, að ríkissjóður fái með þessu móti álitlegar tekjur, en jeg er sannfærður um, að niðurstaðan verður sú, að landið tapar á þessu. Og hvað „lotterii“ alment viðvíkur, þá held jeg, að við ættum frekar að banna alt slíkt en stofna til þess.

Sigurjón Jónsson: Jeg held, að það væri öllu betra, að umræður um mál þetta væru látnar bíða, þangað til menn hafa sett sig vel inn í það. Mjer finst það koma skýrt fram, sjerstaklega hjá andmælanda þess, hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að hann og aðrir hafi ekki sett sig vel inn í málið.

Hið fyrsta, sem hann ber fram, er það, að við flm. göngum með þessu frv. erinda útlendra manna, til þess að þeir geti haft fje af landsmönnum. Jeg veit, að þegar hv. þm. (JakM) skoðar þetta með nákvæmni, þá fær hann ekki einu sinni sannfært sjálfan sig um, að það sje rjett, hvað þá aðra. Annars furðar mig á því, að hv. þm. (JakM) skuli leyfa sjer að slá sliku fram hjer í salnum. Í öðru lagi kemur hann fram með ýmislegt í málinu, sem er alls ekki rjett. Hann gerir t. d. ráð fyrir, að ágóði leigutakanna verði 20—30%. Þetta nær ekki nokkurri átt. Það er gert ráð fyrir 27% bráttóágóða í frv., en hv. þm. (JakM), og þm. yfirleitt, vita, að til hlutasala er minst reiknað 10—15%. Þegar þessutan er tekinn með símakostnaður og burðareyrir undir póst, skrifstofu- og stjórnarkostnaður, þar sem fjelagið hefir aðalaðseturstað sinn, þá sjá allir, að hagnaður leigutakanna verður lítill á móts við það, sem hv. þm. (JakM) hefir kastað fram. Hinsvegar er sjálfsagt, að menn geri sjer grein fyrir, fyrst því, hvað landsmenn geti látið af mörkum með þeirri hlutasölu, sem gert er ráð fyrir, og að hinu leyti, hve marga hluti verði að selja utanlands, til þess að ekki sje haft fje af landsmönnum. Við flm. höfum gert okkur grein fyrir þessu, hve mikið verði að selja utanlands til þess að fje hafist ekki af landinu, og við höfum komist að raun um,

að það er sáralítið. Og jeg veit, að hv. þm. (JakM) setur sig alveg inn í þetta atriði og önnur, þegar það er komið til væntanlegrar nefndar, sem hann á sæti í.

Það er annað atriði, sem enn hefir ekki verið minst á, en hefir hrint þessu máli mest á stað, það eru þau hlutakaup, sem þegar hafa átt sjer stað og ómögulegt er hjá að komast. Við flm. höfum athugað það mjög vel, bæði áður en við komum á þing og eins nú á þingi, og okkur er ljóst, að mikið fje fer út úr landinu á þennan hátt, svo mikið fje, að það er verulega tilfinnanlegt fyrir þjóðina. En við flm. álitum, er við höfðum hugsað málið, að ekki væri hægt að taka fyrir kaup eða sölu þessara erlendu hluta, nema með því að koma á fót innlendu fyrirtæki, sem fullnægt gæti kauplöngun og kaupgetu fólks í þessu efni. Og það mun sannast, að það verður ekki hægt á annan hátt.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg skal ekki tefja þessa umræðu með langri ræðu, og jeg hafði ekki tekið til máls, ef umræður hefðu ekki verið vaktar af öðrum. En bæði af því, að hv. flm. þessa máls eru margir mætir menn, og hinsvegar af því, að jeg verð að vera á móti frv., eins og hv. 3. þm. Reykv. (JakM), þá þykir mjer rjett að gera örlitla grein fyrir afstöðu minni þegar við þessa umr. En jeg tek það fram, að jeg ætla ekki að gera neinn hvell út af því, heldur að komast af með sem fæst orð.

Jeg er á móti frv. af þeirri ástæðu fyrstri, að hjer er að ræða um einkaleyfi handa útlendingum. En mín skoðun er sú, að þingið hafi, því miður, alt of oft á undanförnum árum lagt sig of flatt fyrir útlendum mönnum, er þeir sóttust eftir rjettindum, með því að veita þeim leyfi til að reka hjer hitt og þetta. Oftast hefir sú raun orðið á, að þingið hefir verið gabbað, þau fríðindi, sem boðin voru á móti, hafa aldrei verið látin af hendi og árangurinn enginn orðið. Venjan er sú, að Alþingi hefir ginið við önglinum, sem þessir útlendu menn hafa að því rjett, en ekkert hefir orðið úr veiðinni. Hitt er ekki vafa bundið, að þegar útlendingar koma þannig, þá er það ekki af neinni ást til landsins, heldur aðeins í þeirri von að geta hagnast á því. Og jeg get tekið undir með Magnúsi sál. Stephensen: Quiquid id est, timeo Danaos et dona ferentes.

Og við höfum fulla ástæðu til að segja þetta, þegar útlendingar koma og bjóða slík fríðindi.

Þetta er fyrsta ástæðan til að jeg ætla, að við eigum ekki að bregða við í hvert skifti, sem útlendingar rjetta að okkur beituna.

Í öðru lagi er jeg á móti þessu máli af því, að hjer er verið að stofna óþrifnaðarstofnun.

Jeg játa, að hv. flm. gengur gott eitt til; er þeir vilja útrýma þeim happdrættum, sem nú eru. Því mikið fje gengur á þann hátt úr landi, og vitanlega kemur lítill hluti þess aftur. En jeg segi, ef slíku má útrýma á þennan hátt, þá má alveg eins útrýma því með öðru móti, því, að banna alt happdrætti, bæði útlent og innlent.

Í þriðja lagi er jeg á móti þessu máli, af því það er ilt afspurnar og mun spilla áliti okkar út um heim. Okkar land er nú lítt kunnugt út í heimi, en það er frægt af fortíðinni. En stór auglýsing

myndi það vera um okkur nú, ef þetta gengi fram, sem hjer er gert ráð fyrir, að hlutirnir sjeu seldir um víða veröld. Jeg segi, að það sje leiðinleg auglýsing um Ísland, að menn, sem ekki gátu komið slíku við annarsstaðar, fóru til sögueyjarinnar norður í haf til að reka það þar. Því vitanlega leita þessir menn hingað af því, að þröngt er um að stofna til slíks erlendis.

Fjórða og síðasta ástæðan til þess að jeg er á móti þessu máli er sú, að eins og það er ilt afspurnar út á við, eins er það til óþrifnaðar innanlands. Það er bæði rekið af útlendingum og er óheilbrigt og óheilnæmt í sjálfu sjer. Það elur upp í mönnum þá skoðun, að hepni en ekki iðni og ástundun hjálpi mönnum áfram. Jeg get ekki hugsað mjer, að það verði nokkurntíma til nokkurra þjóðþrifa.

En þó að jeg líti svona á málið, frá mínum bæjardyrum, þá er jeg síður en svo að kveða upp þungan dóm yfir hv. flm. Jeg veit, að þeir vilja ekki stofna til fjárglæfra, heldur ætla sjer að safna fje til góðra fyrirtækja á þennan hátt. En jeg sje ekki, að sá tilgangur náist.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 3 atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr.

---

30. Verðtollur á fyrirliggjandi vörubirgðum.

Á 40. fundi í Ed., föstudaginn 4. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um sjerstakan verðtoll á nokkrum fyrirliggjandi vörubirgðum (þmfrv., A. 300).

Á 42. fundi í Ed., mánudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Jónas Jónsson): Eins og hv. deildarmenn mun reka minni til, gat jeg þess í umr. um verðtollinn, að komið gæti til mála að færa hann einnig yfir á þær vörubirgðir, sem fyrirliggjandi væru í landinu, af hinum tollskyldu vörum. En þar sem hæstv. fjrh. (JÞ) hefir ennþá ekkert svar gefið viðvíkjandi þessu atriði, taldi jeg rjett að láta frv. það, sem hjer liggur fyrir, koma fram. Því að það er önnur leiðin af tveimur, sem fara þarf í þessu máli. Fyrsta hugsanlega leiðin er sú, að stjórnin geri nú þegar ráðstafanir til að halda niðri verðinu á hinum fyrirliggjandi vörubirgðum. En önnur sú, sem frv. þetta fer fram á, að hinn sami verðtollur verði einnig látinn ganga yfir þær vörubirgðir, sem til eru af þeim vörutegundum, sem tollur þessi nær til, þegar lögin gengu í gildi.

Jeg skal strax játa, að jeg tel fyrri leiðina æskilegri, að reynt yrði að halda verðinu niðri á vörunum, og gegn því eru það engin rök, sem sumir háttv. þm. hafa viljað halda fram, að verðið á fyrirliggjandi birgðum myndi ekki

verða hækkað í skjóli verðtollsins, því að altaf má um það deila fram og aftur, hvort vörurnar hafi verið hækkaðar eða ekki. En eftir allri verslunarvenju má fullkomlega gera ráð fyrir, að allar fyrirliggjandi vörubirgðir, sem tollur þessi nær til, verði hækkaðar, að því er honum nemur, þegar lögin eru alment farin að verka.

Þar sem nú ekki bólaði á neinu frá hæstv. stjórn í þá átt að halda verðinu niðri, taldi jeg skyldu mína að koma fram með þetta frv.

Þá hefir því verið haldið fram, að erfitt myndi fyrri verslunarhús, sem ættu sinn helminginn af hvoru, gömlum og nýjum vörubirgðum, að gera mun á verði þeirra, en jeg hygg, að það sje auðvelt, með þeirri leið, sem frv. fer fram á, og þó að ýmsir óttist, að ef sú leið verður farin, þá þurfi að endurgreiða einhverjum toll þennan, þegar lögin ganga úr gildi. En ekkert beint samband er á milli í þessum efnum. Það eru ekki sömu menn, sem eiga birgðir nú og kunna að eiga. Þá geta það orðið alt aðrir menn. Er þetta því út af fyrir sig engin ástæða.

Jeg tel nú rjett, að máli þessu verði vísað til nefndar, að umræðunni lokinni, og þá vitanlega til fjhn.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg mun hafa getið þess í umr. um verðtollinn, að því er snertir þetta atriði, að halda verðinu niðri á hinum fyrirliggjandi vörubirgðum, eða að leggja gjald á þær, að jeg sem fjrh. myndi síst verða á móti því, ef þingið sæi sjer fært að ganga inn á hina síðarnefndu braut. En enn sem komið er hefir ekki verið hægt fyrir stjórnina að gera neinar ráðstafanir til að halda verðinu niðri á hinum fyrirliggjandi vörubirgðum, þar sem legið hefir fyrir þinginu að láta verðtollinn ná einnig til þeirra. En jeg skal geta þess, að aðgæsla hefir verið höfð á því, hvort hinar stærri verslanir hjer hafi hækkað vörubirgðar sínar, síðan innflutningsbannið og verðtollurinn gengu í gildi, og hefir reynst, að þær hafi ekki hækkað. Um þetta er vitanlega ekki hægt að segja í hverju einstöku tilfelli, en eins og jeg tók fram, hafa hinar stærri verslanir ekki hækkað birgðir sínar.

Háttv. flm. (JJ) gerði ráð fyrir, að frv. þessu yrði vísað til nefndar, og er jeg ekkert á móti því. Skal jeg því fylgja þingsköpum og ræða ekki einstakar greinar þess nú, heldur geyma það til 2. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg hjelt, að hæstv. fjrh. (JÞ) myndi nota tækifærið til þess að skýra þinginu frá, hvað hann ætlaði að gera til þess að halda vöruverðinu niðri, ef frv. þetta yrði ekki samþykt. Þar sem þurfa mun ný lög til þess að skipa verðlagsnefnd, vil jeg óska að fá nánari skýrslu frá honum um þetta atriði, því að vel gæti komið til mála, að jeg tæki frv. þetta aftur, ef jeg fengi áreiðanlegar upplýsingar frá hæstv. stjórn um það, að hún ætlaði að gera ráðstafanir til að halda niðri verðinu á hinum fyrirliggjandi vörubirgðum. Fái jeg þær ekki, læt eg frv. mitt halda áfram.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg er ekki viðbúinn að svara spurningu háttv. flm. nú, og allrasíst þar sem það heyrir ekki undir mig, heldur hæstv. atvrh. (MG), en hann er nú bundinn við umr. í Nd. Annars er yfirleitt ekki hægt að

krefjast þess, að stjórnin geti svarað svona fyrirspurnum fyrirvaralaust. En jeg held, að hún hafi heimild til að að gera það, sem þurfa þykir í þessu máli, en öðru máli er að gegna, hve hægt verður að framfylgja því. Annars vil jeg fyrir mitt leyti ekki gefa tilefni til þess, að flm. taki frv. aftur.

Flm. (Jónas Jónsson): Þar sem hæstv. fjrh. (JÞ) getur ekki að svo stöddu gefið neina von um, að gerðar verði ráðstafanir til að halda niðri verðinu á fyrirliggjandi vörubirgðum, finst mjer engin ástæða til að draga frv. til baka á þessu stigi málsins. En hafi stjórnin heimild til að gera ráðstafanir í þessu efni, og gera eitthvað í þá átt, er altaf hægt fyrir hana að komast að samkomulagi við mig, um að taka frv. þetta aftur.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr.

---

31. Vörutollur (frv. JS og PO).

Á 6. fundi í Nd., föstudaginn 22. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll (þmfrv., A. 32).

Á 8. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er enginn nýr gestur í þinginu. Eins og flestum hv. þm. mun kunnugt, þá lá það fyrir í fyrra, og var þá samþ. hjer í hv. deild með nokkrum breytingum. Síðan fór það til Ed., en dagaði þar uppi í nefnd.

Enda þótt nú mörgum hv. þm. muni síðan í fyrra vera kunnugt um ástæður þær, er við flm. bárum þá fram fyrir því, þykir mjer alt að einu hlýða að láta nokkur orð fylgja því úr garði nú, sjerstaklega þar sem nokkrir nýir þm. eiga hjer sæti.

Eins og öllum er vitanlegt, þá var það styrjöldin mikla og fjárkreppa sú, er af henni leiddi, sem fyrst kendi þjóðunum fyrir alvöru, hversu mikil nauðsyn var á því fyrir þær að búa sem mest að sínu og vera sjálfum sjer nógar í sem flestum greinum. Því hafa flestar þjóðir lagt meiri áherslu á það að styðja og vernda innlenda framleiðslu en áður þektist, og það jafnvel þær þjóðir, sem minst hirtu um það fyrir stríðið. Aðalleiðin, sem farin hefir verið í þessu skyni, hefir verið sú, að reyna að bægja erlendum þjóðum frá innlenda markaðinum, til þess að láta heimamarkaðinn njóta hans sem best. Í þessu sambandi þarf ekki annað en minna á ullartollinn í Ameríku og kjöttollinn í Noregi og nýlega las jeg um það í dönskum blöðum, að Danir væru í þann veginn að breyta tollalöggjöf sinni og færa hana út, og svo leit jeg til, að sumar íslenskar vörutegundir myndu falla þar inn undir, svo sem selskinn, dúnn og fleira. Afleiðing alls þessa verður sú, að þjóðirnar hrekjast land úr landi með vörur sínar, og höfum vjer Íslendingar þegar fengið á því að kenna, og sitjum vjer nú yfir einu slíku máli. Það liggur því

í augum uppi, að oss er það lífsnauðsyn að nota sem best markaðinn í okkar eigin landi, og ekki verður þá heldur annað sagt en að það sje óeðlilegur innflutningur, að vjer skulum fá frá útlöndum árlega mikið af þeim vörutegundum, sem mest er framleitt af eða hægt að framleiða í landinu sjálfu, svo sem kjöt og fiskur ýmiskonar, o. m. fl., og gjalda við okurverð. Á það er líka að líta, að erlendar þjóðir gera oft mikið til þess að styðja framleiðslu sína til þess að bola framleiðslu annara landa úr vegi, og mun ekki alveg dæmalaust, að erlendum þjóðum hafi á þann hátt tekist að gereyðileggja innlenda framleiðslu. Þær vörutegundir, sem þannig eru styrktar af því opinbera, er auðvitað hægt að selja mjög lágu verði, og því er samkepnin oft örðug við þær. Af þessu tvennu, sem jeg nú hefi nefnt, höfum vjer fengið að reyna hið fyrra, en máske ekki ennþá hið síðara. En mál er samt komið til að hyggja að, hvar vjer stöndum og hvernig vjer erum búnir undir það, að mæta þessari hættu. Og sorglegur sannleikur er það, að ekki verður annað sjeð en vjer sjeum mjög lítið viðbúnir. Vjer höfum ennþá allar dyr opnar og fáar þjóðir sýna atvinnuvegum sínum slíkt kæruleysi, nema kanske Englendingar, og er þó ólíku saman að jafna.

Mín skoðun er nú sú, að vjer verðum að veita atvinnuvegum vorum meiri vernd; í fyrsta lagi til þess að vernda markaðinn heimafyrir fyrir innlenda framleiðslu, í öðru lagi til þess að standast samkepni við þá erlenda framleiðslu, sem stuðnings kann að njóta frá hinu opinbera, og í þriðja lagi, sem er vel þess vert að sje athugað, nefnilega til þess að hjálpa nýjum atvinnurekstri á fætur. Þetta tel jeg höfuðástæðurnar fyrir því, að rjett sje að fara þessa leið, og í þá átt er þessu litla frv. ætlað að miða.

Mín skoðun var sú, að best væri að fara gætilega af stað í þessu og taka með fyrst í stað það allra nauðsynlegasta. Einnig get jeg búist við því, að ýmsum þyki það orka tvímælis, hvort tiltækilegt sje, að leggja verndartoll á niðursoðna mjólk. Það mun hafa mætt talsverðri mótspyrnu á þinginu í fyrra, en við flm. frv. höfum samt tekið hana upp, þar sem vjer vildum gjarnan leita úrskurðar þingsins um hana. Er það líka kunnugt, að fjelag nokkurt í Borgarfirði mun komið vel á veg í því að undirbúa niðursuðu mjólkur, en hinsvegar fer, eins og allir vita, stórfje árlega fyrir þessa vörutegund út úr landinu.

Þá get jeg enn búist við því, að einhverjir, sem eru á móti innflutningshöftum, leggist á móti frv. En þegar betur er aðgætt, geta menn sjeð, að það ætti ekki að hamla framgangi þessa máls. Eins og allir menn vita, má altaf eiga von á því, að flóð komi eftir fjöru, og frv. þessu, ef það nær að verða að lögum, er einmitt ætlað að stemma stigu fyrir því flóði, sem jeg þykist viss um að verði, þegar fyrirhuguðum innflutningshöftum verður ljett af.

Annars vil jeg ekki fara frekar út í einstaka liði frv. nú, þar sem jeg lít svo á, að langar umræður eigi ekki við og sjeu óþarfar við 1. umr.

Að lokum vil jeg vænta þess, að hv. deild láti frv. ganga til fjhn.

Ágúst Flygenring: Jeg vil aðeins skjóta því að þeirri hv. nefnd, sem

væntanlega fær frv. þetta til meðferðar, að taka þyrfti upp í frv. ákvæði um það, að sumar vörutegundir, sem endurfluttar yrðu inn í landið, svo sem kjöt o. fl. yrðu þá fluttar inn tollfrítt. Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að ræða frv. þetta frekar á þessu stigi málsins.

Jón Baldvinsson: Jeg skal ekki verða langorður um þetta frv. að þessu sinni. Eins og sumir hv. þm. eflaust muna, þá lagði jeg fast á móti frv., er það kom fram í fyrra, og mun eg gera svo ennþá. Ástæðurnar hafa lítið breyst síðan, og vænti jeg þess fastlega, að hið háa Alþingi sjái sóma sinn í því að afgreiða ekki lög sem þessi.

Sumar af þeim vörutegundum, sem eftir frv. þessu á að leggja háan verndartoll á, mega einmitt heita lífsnauðsynjar fyrir fólk í sjávarþorpunum, og eins og ástandið er nú, ætti að fara varlega í það að íþyngja því fólki frekar en orðið er með nýjum álögum og tollum. Og tæplega getur það heldur heitið verndartollur, tollurinn, sem eftir frv. á að leggja á niðursoðna mjólk, þar sem engin framleiðsla á henni er í landinu enn sem komið er og undirbúningi í þá átt víst mjög skamt komið.

Hv. frsm. talaði um kæruleysi okkar í því að vernda atvinnuvegina og líkti oss í því við Englendinga. Jeg vil ekki fara að mótmæla þessu, sem hann sagði um þá, en tæplega held jeg, að Englendingar sjeu kallaðir fyrirhyggjuminni um sína atvinnuvegi en aðrir, og fyrir okkur væri það ekki leiðum að líkjast, og hafa þeir þó aldrei þurft á verndartollum að halda. — Annars virðist nú slík skæðadrífa af tollhækkunum vera í aðsigi, að ekki veiti af að fara varlega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 : 1 atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr.

---

32. Vörutollur (frv. TrÞ).

Á 8. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um sjerstakan vörutoll (þmfrv., A. 51).

Á 10. og 13. fundi í Nd., dagana 28. febr. og 3. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

33. Síldarbræðsla.

Á 8. fundi í Nd.. þriðjudaginn 26. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um síldarbræðslu (þm.-frv., A. 49).

Á 10. og 13. fundi í Nd., dagana 28. febr. og 3. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

34. Lestagjald af útlendum vöruflutningaskipum.

Á 8. fundi í Nd.. þriðjudaginn 26. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um sjerstakt lestagjald af útlendum vöruflutningaskipum (þm.-frv., A. 50).

Á 10. og 13. fundi í Nd., dagana 28. febr. og 3. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

35. Hafnarlög Vestmannaeyja.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 30. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913 (þmfrv., A. 488).

Á 59. fundi í Ed., fimtudaginn 1. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni bæjarstjórnarinnar í Vestmannaeyjum.

Eins og kunnugt er, er svo ákveðið í lögum nr. 60 frá 1913, að gera skuli höfn í Vestmannaeyjum, og undanfarið hefir verið unnið að hafnargerð þar. En það verk á samt sem áður langt í land með að verða fullkomið, því ekki er búið að fullgera öll þau mannvirki, sem nauðsynleg eru, og þau, sem þegar eru komin, eru langt frá að vera tryggilega gerð. Verkið hefir yfirleitt gengið mjög illa, og það er ekki hægt að kenna það náttúruöflunum einum, heldur líka mönnum þeim, sem staðið hafa fyrir framkvæmd verksins.

Það hefir einkent þessa hafnargerð að alt, sem þar hefir verið gert, hefir verið gert af of veikum viðum. Verktakinn hefir gert sjer mikið far um að hafa sem minst í alt borið, og hafa garðarnir við það orðið ótraustari en áætlað hefir verið, og hafa áætlanir þó síst verið of öruggar. Nú er þessu verki svo komið, að tveir skjólgarðar hafa verið gerðir, og þó er annar þeirra ekki fullger. Það er það eina, sem gert hefir verið fyrir það mikla fje, sem varið hefir verið til þessarar hafnargerðar. En þó er ekki nema hálfsögð hrakfallasaga þessa fyrirtækis, því í vetur kom það í ljós, að báðir þessir skjólgarðar eru að gefa sig, svo búast má við, að þeir verði að mjög litlum notum, ef ekki verður hægt að gera við þá í sumar. Þó er bæjarsjóður Vestmannaeyja kominn í stórkostlegar skuldir við verktakann, firmað Monberg í Kaupmannahöfn, og verður því að leggja feiknahá gjöld á bæjarbúa til þess að geta staðið í skilum með þær skuldir.

Í lögunum frá 1913 eru taldir upp nokkrir tekjustofnar, sem bæjarsjóðinum er heimilt að nota til byggingar og viðhalds hafnarvirkjanna. Þessir tekjustofnar hafa flestir verið notaðir, og þó eru tekjurnar ekki meiri en svo, að þær nægja varla til daglegra útgjalda við höfnina. Og það er von, að svo sje, því það er varla mögulegt að leggja mikil gjöld á skip fyrir að nota þessa ófullkomnu höfn.

Nú hefir bæjarstjórnin óskað eftir að fá heimild til þess að leggja á lóðargjald og nota þau til hafnargerðarinnar. Jeg skal í því sambandi geta þess, að lóðargjöld til bæjarsjóðs eru nú tekin af lóðum í kaupstaðnum samkvæmt bæjarstjórnarlögunum, og er því hjer um nýjar álögur að ræða.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta frv. nú, en vona, að hv. deild lofi því að ganga óhindruðu í gegnum deildina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr.

---

36. Byggingalög.

Á 22. fundi í Ed. þriðjudaginn 18. mars, var útbýtt:

Frv. til byggingalaga (þmfrv., 164).

Á 24. fundi í Ed., fimtudaginn 20. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Þetta frv. er að vísu borið fram af allshn., en eins og tekið er fram í greinargerðinni, er það borið fram eftir tilmælum mínum. Stendur mjer því næst að gera hjer grein fyrir því.

Eins og hv. þm., sem áttu sæti í deildinni í fyrra, muna, kom þá fram frá hv. 5. landsk. frv. um nokkurskonar yfirbygginganefnd. Þessu frv. var þá vísað til stjórnarinnar, og sendi hún það til húsameistara ríkisins og beiddist álits hans og væntanlegra brtt., er hann kynni að óska að gera á því. Varð húsameistari við þessum óskum stjórnarinnar og sendi stjórninni umsögn sína um þetta mál, en gat þess í greinargerðinni, að hann hefði í smíðum nýtt frv. til byggingalaga fyrir kaupstaði utan Reykjavíkur. Sendi hann stjórninni frv. þetta nú nokkru eftir nýár, og lagði hún það síðan undir álit skiplagsnefndar kaupstaðanna. Hefir hún rætt það á 16 fundum og gert við það smávægilegar breytingar. Hefir nefndin samið greinargerð við það og segir þar í, að hún telji lög þessi mjög nauðsynleg og mæli með því, að frv. verði lagt fyrir þingið.

En þar eð frv. þetta var svo umfangsmikið, taldi jeg ómögulegt að síma það alt til konungs, og taldi heldur ekki fært að bíða með það eins lengi og þurft hefði, ef það hefði verið sent út til konungs til þess að fá samþykki hans til að leggja það fyrir þingið. Snjeri jeg mjer til allshn. og bað hana um að bera málið fram, og varð hún vel við því.

Mig brestur þekkingu í þessu máli til þess að dæma um það, og veit jeg, að svipað er ástatt um flesta hv. þm. En þar sem málið hefir verið svo óvenjulega vel undirbúið og íhugað af skipulagsnefnd, sem er skipuð hinum færustu mönnum á þessu sviði, tel jeg það a. m. k. í öllum aðalatriðum mjög vel fallið til þess að verða að lögum. Jeg tel víst, að með þessu frv. muni nást tilgangur frv. í fyrra á þskj. 316. — Þetta frv. nær ekki til Reykjavíkur, heldur aðeins til annara kaupstaða landsins, sem hafa 500 íbúa eða fleiri. Að vísu eru til lög frá 1905 um byggingarsamþyktir, og samkv. þeim hafa verið gefnar út nokkrar reglugerðir fyrir einstaka kauptún, sem nú falla úr gildi. Gilda því þessi lög fyrir alla kaupstaði og sjávarþorp, sem hafa tiltekinn mannfjölda.

Vil jeg ekki fjölyrða frekar um þetta, en er ekki kunnugt, hvort allshn. hefir athugað frv. nógu vel, eða hvort hún muni óska þess, að því verði aftur vísað til sín.

Jón Magnússon: Jeg vil lýsa yfir því fyrir hönd allshn., að hún óskar þess, að frv. sje aftur vísað til sín til athugunar.

Atvinnumálaráðherra (KIJ): Jeg legg til, að frv. verði vísað til allshn., að þessari umr. lokinni.

Forseti (HSteins): Þetta mál er svo umfangsmikið, að jeg tel sjálfsagt að vísa því til allshn. til frekari athugunar og legg til, að umræðu þessari verði frestað.

ATKVGR.

Frv. vísað til allshn. með 12 shlj. atkv. og umr. frestað.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Fræðsla barna (frv. JJ).

Á 6. fundi í Ed., þriðjudaginn 26. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 59, 22. nóv. 1907, um fræðslu barna (þmfrv., A. 46).

Á 7. fundi í Ed., fimtudaginn 28. febr., var frv tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Ed., föstudaginn 29. febr., var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Flm. (Jónas Jónsson): Þetta frv. er, eins og greinargerð þess ber með sjer, borið fram í því skyni að fella niður embætti, sem koma má fyrir á ódýrari hátt. Það er augljóst, að embætti fræðslumálastjóra er stofnað eftir útlendum fyrirmyndum, sem ekki eiga hjer við. Erlendis fara slíkir embættismenn um land alt og líta eftir kenslunni og leiðbeina, þar sem þörf er. En þetta embætti, sem stofnað var árið 1907, hefir vitanlega ekki slíka þýðingu hjer, og það því fremur, að skipaður var til að gegna því maður, sem þá var orðinn talsvert roskinn og lítt fær til mikilla vetrarferða. En jafnvel þó að ungur maður tæki við þessu em-

bætti, þá er óvíst og ólíklegt, að fengist hæfur maður, sem vildi vera á stöðugu vetrarferðalagi. Annar er sá ljóður á fyrirkomulagi embættis þessa, að sá, er gegnir því, er ekki ráðunautur stjórnarinnar, nema að því er nær til kennaraskólans og svo barna- og unglingaskóla. Væri sök sjer að hafa slíkan embættismann, ef hann hefði yfirumsjón með öllum fræðslumálum landsins, og gæti það frá vissu sjónarmiði verið gagnlegt, því að svo stendur einmitt á, að á dóms- og kirkjumálaskrifstofunni er enginn sjerfróður maður í þessum efnum, heldur eintómir „júristar". Jeg gæti hugsað mjer, að núverandi fræðslumálastjóri, sem er áhugamaður í þessum efnum, hefði getað haft áhrif til bóta á fleiri mentamál, ef verksvið hans hefði verið rýmra.

Það er meining mín, að um leið og embætti þetta er lagt niður, komi í staðinn nefnd 3 kenslufróðra manna, aðalkennara kennaraskólans, er gegni þeim aðalstörfum, er undir það falla nú. Ekki er gert ráð fyrir, að þessi nefnd fái neina borgun fyrir starfa sinn. Með þessu móti má spara heilt embætti, en þrátt fyrir það halda hinum sjerfræðilegu ráðleggingum, sem þessi embættismaður gefur.

Hvað líður gildi breytingarinnar að öðru leyti, þá má vænta þess, að hver einn, sem í nefndinni kynni að eiga sæti, verði jafnhæfur til þess starfa sem sá, er skipaður yrði fræðslumálastjóri, ef embættinu verður haldið við. Jeg þykist vita, að því verði hreyft, að talsverð skrifstofuvinna fylgi embætti þessu nú. Er því til að svara, að vel má vinna hana hjá ríkisfjehirði, og í stjórnarráðinu. Slíkir sjerfræðingar eiga að leggja á aðalráðin, en ekki vera önnum kafnir við skrifstofustörf, sem enga sjerþekkingu þarf til. Nú má segja, að þeir menn, sem ætlað er að taka sæti í nefnd þessari, sjeu ekki skyldir til að taka það að sjer endurgjaldslaust. En óhætt mun að treysta því, að þeir líti á þörf landsins í þessu máli, og það því fremur sem þeir hafa langt sumarfrí. Liggur því nærri, að þeim sje þetta siðferðilega skylt. Vel má vera, að frv. væri betur tekið, ef það væri svo orðað, að breytingin yrði þá fyrst, er mannaskifti verða í þessu embætti. En það er nærri aukaatriði, eins og hjer stendur á. Annars verð jeg að halda því fram hjer, sem áður, að þjóðfjelagið hefir í þessu efni engu minni rjett en einstaklingar til að skifta um starfsfólk.

Björn Kristjánsson: Jeg mundi ekki vera ótilleiðanlegur til að fella þetta embætti niður, en ekki fyr en núverandi embættismaður lætur af embætti sínu. Eins get jeg ekki fallist á að fela þessa aðstoð stjórnarráðsins einni sjerstakri skólastofnun, því þó jeg skoði skólastjórann við kennaraskólann einn af mætustu mönnum landsins, þá er hann orðinn svo við aldur, að búast má við, að hans njóti ekki lengi við í því embætti. Hinsvegar er engin trygging fyrir, að jafngóður skólastjóri verði við skólann framvegis, og sem njóti líks trausts.

Verði embætti þetta lagt niður, er ekki annað að gera en að afhenda stjórnarráðinu umsjá þess, og að lofa því að taka sjer aðstoð eftir hendinni, sem það vill kjósa og ber best traust til.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil aðeins kasta því fram, að jeg efast um,

að embættismaður sá, er hjer um ræðir, hafi rjett til biðlauna, ef embættið verður lagt niður, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Flm. (Jónas Jónsson): Út af aths. hv. 2. þm. G.-K. (BK) vil eg geta þess, að í frv. minu er ekki gert ráð fyrir, að fyrirhuguð nefnd hafi eftirlit með öðru en barna- og unglingaskólum.

Jeg get því ekki sjeð, að ef að menn eru færir um að búa kennara við þessa skóla undir æfistarf þeirra, þá geti þeir ekki eins gefið sjerfræðilegar bendingar um, hverjum skuli veita slíkar stöður. Jeg get hugsað mjer, að háttv. þm. (BK) hafi litið svo á, að frv. ætlaði nefndinni stærra starfssvið, en svo er ekki. Henni er aðeins ætlað að gera till. viðvíkjandi þeim skólum, sem eru hvort eð er tengdir kennaraskólanum. (**BK:** Þannig skildi jeg frv. líka.) Þá get jeg ekki sjeð, hvernig hv. þm. (BK) getur litið svo á, að nefndin verði ekki starfi sínu vaxin. Ef stjórnin á að snúa sjer til hinna og þessara í hvert skifti, eins og hv. þm. (BK) vildi vera láta, þá mun reynast erfitt að fá til þess menn án nokkurrar þóknunar, en þá er sparnaðurinn búinn að vera.

Jeg get verið samþykkur hæstv. forsrh. (SE) um það, að ef núv. fræðslumálastjóri á ekki rjett til eftirlauna, nema samkv. lögunum frá 1919, þá verði nokkuð hart að honum gengið. En þetta atriði vil jeg einmitt, að athugað verði í nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til mentmn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki. — Frv. var því aldrei tekið til 2. umr.

38. Lærði skólinn.

Á 4. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík (þmfrv., A. 25).

Á 6. og 7. fundi í Nd., dagana 22. og 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

39. Mannanöfn.

Á 4. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um mannanöfn (þmfrv., A. 27).

Á 6., 7. og 16. fundi í Nd., dagana 22. og 23. febr. og 6. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.